Hér með er auglýst, að ákveðið hefur verið að nota heimild 1. gr. laga nr. 96 14. maí 1940, um bráðabirgðatekjuöflun ríkissjóðs og jöfnunarsjóðs bæjar- og sveitarfélaga og innheimta á árinu 1941 gjöld þau, sem um er rætt í 3. og 4. gr. nefndra laga.

*Fjármálaráðuneytið, 2. janúar 1941.*

F. h. r.

**Magnús Gíslason.**

*Einar Bjarnason.*



## REGLUGERÐ

um breyting á hafnarreglugerð fyrir Vestmannaeyjakaupstað, nr. 70 30. ág. 1926.

### 1. gr.

Síðasta málsgrein 18. gr. reglugerðarinnar falli niður, en í staðinn komi ný málsgrein, svo hljóðandi:

Innlend skip og bátar undir 20 smál. nettó greiði ekki hafnsögugjald, nema þau noti aðstoð hafnsögumanns.

### 2. gr.

25. gr. sömu reglugerðar verði svo hljóðandi:

#### V ö r u g j a l d s k r á .

1. flokkur: Kornvörur, jarðepli, rófur, ís, hey, áburður, fóðurbætir, sago og kartöflumjöl.  
Gjald kr. 0.20 fyrir hver 100 kg.
2. flokkur: Kol, salt, ísvarinn kassafiskur, koks, mór og reiðingur.  
Gjald kr. 0.25 fyrir hver 100 kg.
3. flokkur: Fiskur upp úr salti.  
Gjald kr. 0.30 fyrir hver 100 kg.
4. flokkur: Fullverkaður saltfiskur, söltuð hrogn, ísvarinn og heilfrystur fiskur, ísvarin hrogn og fiskimjöl.  
Gjald kr. 0.50 fyrir hver 100 kg.
5. flokkur: Allar oliur og benzín, sement, eldfastur leir og steinn, gólflísar, þakhellur og efni til múrhúðunar.  
Gjald kr. 0.60 fyrir hver 100 kg.
6. flokkur: veiðarfæri og efni til veiðarfæra, fiskumbúðir, pokar og öll beita.  
Gjald kr. 0.80 fyrir hver 100 kg.
7. flokkur: Hraðfrystur fiskur flakaður, lýsi og sundmagi.  
Gjald kr. 1.00 fyrir hver 100 kg.
8. flokkur: Sykur, feitmeti, járn, vélar og vélahlutar, saumur, rúðugler, krossviður og þurr bein.  
Gjald kr. 1.70 fyrir hver 100 kg.
9. flokkur: Húsgögn og hljóðfæri.  
Gjald kr. 0.30 fyrir hvert ten.fet.  
Timbur. Gjald kr. 0.15 fyrir hvert ten.fet.
10. flokkur: Tómar tunnur. Gjald kr. 0.50 fyrir stykkið.  
Stórgripir. Gjald kr. 2.00 fyrir stykkið.  
Sauðfé. Gjald kr. 0.50 fyrir stykkið.  
Loðdýr. Gjald kr. 0.50 fyrir stykkið.
11. flokkur: Endursendar umbúðir, vín-, öl- og gosdrykkjakassar.  
Gjald kr. 0.50 fyrir hvert stykki.
12. flokkur: Allar aðrar vörur, sem gjald hefur verið tekið af eftir þyngd.  
Gjald kr. 2.50 fyrir hver 100 kg.

Reglugerð þessi er hér með sett samkvæmt lögum nr. 76 14. nóvember 1917 og 9 samkvæmt hafnarlögum fyrir Vestamannaeyjar, nr. 60 10. nóvember 1913, til að 4. jan. öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli. Reglugerðir nr. 57 26. júlí 1927 og nr. 27 9. marz 1934 falla jafnframt úr gildi.

*Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 4. janúar 1941.*

**Ólafur Thors.**

*Páll Pálmason.*

## REGLUR

10

9. jan.

### um hleðslu og eldsneytisforða skipa, er flytja ísvarinn fisk til Bretlands á ófriðartímum.

Samkvæmt lögum nr. 78 11. júní 1938, um eftirlit með skipum, eru hér með sett ákvæði um hleðslu og eldsneytisforða þeirra skipa, sem flytja ísvarinn fisk til útlanda.

#### 1. gr.

Öll íslensk skip, sem fara milli Íslands og annara landa, skulu að minnsta kosti hafa 23 cm hleðsluborð í vetrarferðum á tímabilinu frá 15. október til 1. apríl. Á öðrum tíma má hleðsluborð vera um 5 cm minna. Hleðsluborðið getur þó, samkvæmt ákvæðum nefndar þeirrar, er um ræðir í 5. gr., verið mismunandi eftir traustleika skipsins, smíðalagi og öðru, er lýtur að haffæri þess.

#### 2. gr.

Eldsneytisforði skips skal vera að minnsta kosti 50% meiri en hann þarf að vera til þess að sigla því til ákvörðunarstaðar við venjuleg (normal) siglingarskilyrði í vetrarferðum.

#### 3. gr.

Talstöðvar skipanna skulu hvert sinni reyndar áður en skipið fer frá landi í utanlandsferð. Skal umboðsmaður Landssíma Íslands á hverjum stað leysa talstöðvarnar úr innsiglium, meðan prófun þessi fer fram. Þegar prófað er út í loftnet, skal farið að eftir fyrirmyndum Landssímans.

#### 4. gr.

Áður en skip leggur úr höfn í ferð til útlanda, skal skipaskoðunarmaður eða annar maður, sem skipaskoðunarstjóri hefur falið eftirlit með framkvæmd þessara reglna, framkvæma skoðun á hleðsluborði og eldsneytisforða skipsins, og þegar fyrirmælum skoðunarmanns um hleðsluborð og eldsneytisforða er fullnægt, skal skipinu látið í té „ferðavottorð“, sem aðeins gildir fyrir þá ferð, sem það leggur upp í.

Ferðavottorðið skal gefið út af hlutaðeigandi skoðunarmanni og eftir fyrirmynd, sem skipaskoðunin lætur eftirlitsmönnum í té.

#### 5. gr.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið skipar 3 menn til að gera skrá yfir þau skip, er til greina kemur að fari frá Íslandi til Bretlands með ísvarinn fisk, og skal tilgreina í skránni hleðsluborð og minnsta eldsneytisforða, sem hverju skipi er ætlaður til ferðarinnar. Skal einn þessara manna tilnefndur af skipaskoðunarstjóra, annar af Landssambandi ísl. útvegsmanna og hinn þriðji af Slysavarnafélagi Íslands. Skrá þessa skal afhenda skipaskoðunarstjóra, og tilkynnir hann þeim, er eftirlitið annast, hvaða hleðsluborð og eldsneytisforða hverju skipi er skylt að hafa.

10

6. gr.

9. jan. Þegar afgreiða skal skip, frá síðustu höfn á Íslandi til utanlandssiglinga, skal sanna fyrir embættismanni þeim, sem afgreiðir skipsskjölin, að skipið fullnægi ákvæðum 1.—4. gr. þessara reglna.

7. gr.

Skoðunarmanni þeim, sem gefur út ferðavottorðið, ber þóknun fyrir starf sitt, og skal hún greidd af eiganda eða útgerðarmanni skipsins.

Þóknun þessi skal vera 10 kr. fyrir hverja skoðun, fari hún fram að degi til, það er frá kl. 8 til 19, á öðrum tíma 20 kr. Embættismaður sá, sem afgreiðir skipið, annast innheimtu gjaldsins, er hefur lögtaksrétt sem önnur opinber gjöld.

8. gr.

Reglur þessar öðlast gildi þegar í stað.

*Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 9. janúar 1941.*

**Ólafur Thors.**

*Vigfús Einarsson.*

11

9. jan.

## ERINDISBRÉF

fyrir skoðunarstjóra verksmiðju- og vélaeftirlits ríkisins.

Skoðunarstjóri má ekki hafa með höndum önnur störf óviðkomandi skoðuninni en þau, sem geta samrýmt embættisstarfi hans að dómi ráðuneytisins, og sem ekki skerða daglegan starfstíma.

Skoðunarstjóri skal ferðast um landið eftir því, sem ástæður leyfa og tími vinnst til og sjálfur skoða eftirlitsskyld fyrirtæki, sérstaklega þau, er vandamikla skoðun þarf á og sem ekki falla undir eftirlit aðstoðarskoðunarmanna. Enn fremur skal hann skoða fyrirtæki, er liggja utan hinna afmörkuðu umdæma. Hann skal og sjálfur, eftir því, sem tími vinnst til, sérstaklega skoða meiriháttar verksmiðjur bæði í Reykjavík og úti um land.

Skoðunarstjóri skal leiðbeina skoðunarmönnum við starf þeirra og sjá um, að þeir ræki starfið vel og samvirkusamlega.

Skoðunarstjóri veitir skrifstofu eftirlitsins í Reykjavík forstöðu og skal vinnutími þar vera svo sem ráðuneytið ákveður. Hann skal safna þar og vinna úr skýrslum aðstoðarskoðunarmanna og hafa umsjón og ábyrgð á öllu því, er varðar eftirlitið og framkvæmd þess, undir yfirstjórn ráðuneytisins. Skal hann sérstaklega gæta þess, að framfylgt sé ákvæðum laga og reglugerða, að því er snertir beinlínis öryggi starfsfólks í verksmiðjum.

Skoðunarstjóri skal árlega semja skýrslu um störf eftirlitsins, svo og aðrar þær skýrslur og tillögur í málum þessum, er ráðuneytið leggur fyrir hann að annast.

Skoðunarstjóri skal vinna að því að kynna almenningi allt markvert, er lýtur að hollustuháttum og öryggisbúnaði á vinnustöðvum.

Skrifstofukostnað og ferðakostnað vegna starfs síns fær skoðunarstjóri greiddan úr ríkissjóði samkvæmt fjárveitingu í fjárlögum.

*Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 9. janúar 1941.*

**Ólafur Thors.**

*Páll Pálmason.*

# ARÐSKRÁ

## fyrir veiðifélag Árneseinga.

12

10. jan.

Þessi skal vera arðskrá veiðifélagsins:

Nöfn jarða og vatnsfalla	Tala eininga
<b>Ölfusá:</b>	
Óseyrarnes með Flóagafllstorfu .....	550
Hallskot .....	5
Hraunshverfi .....	125
Arnarbæli með Ósgerði .....	175
Auðsholt .....	112
Auðsholtshjáleiga .....	45
Kaldaðarnes .....	120
Kirkjuferja og hjáleiga .....	140
Litla-Sandvík .....	343
Kotferja .....	374
Nabbi .....	86
Geirakot .....	86
Stóra-Sandvík I .....	86
Stóra-Sandvík II .....	86
Eyði-Sandvík .....	86
Stekkur .....	86
Björk .....	3
Þórustaðir .....	150
Árbær .....	250
Selfoss I .....	310
Selfoss II .....	310
Selfoss III .....	310
Laugardælar .....	310
Hellir og Fossnes .....	990
Laugabakkar .....	65
Tannastaðir .....	160
<b>Sog og Ásgarðslækur:</b>	
Alviðra .....	220
Torfastaðir I—II .....	30
Norðurkot .....	10
Miðengi .....	17
Bíldsfell og Tunga .....	180
Syðri-Brú .....	15
Ásgarður .....	140
Búrfell .....	12
Öndverðarnes (Þrastaskógur) .....	45
Öndverðarnes .....	35
<b>Hvítá (Fossá, Dalsá):</b>	
Skrúðvangur .....	90
Öndverðarnes .....	266
Snæfoksstaðir .....	50
Vaðnes .....	12
Hraunkot .....	3

12 10. jan.	Nöfn jarða og vatnsfalla	Tala eininga
	Arnarbæli I og II .....	278
	Kiðjaberg og Hestur .....	230
	Gíslastaðir .....	75
	Vatnsnes .....	10
	Hamrar I og II .....	80
	Stóra-Ármót .....	220
	Langholt I .....	50
	Langholt II .....	25
	Hallandi .....	25
	Oddgeirshólar með Höfða .....	160
	Austurkot .....	85
	Stóru-Reykir .....	5
	Litlu-Reykir .....	2
	Laugar .....	3
	Brúnastaðir I og II .....	10
	Hjálmholt með Hjálmholtskoti .....	10
	Árhraun .....	50
	Útverk og Miðbýli .....	70
	Fjall I og II .....	50
	Iða I og II .....	250
	Skálholt I og II .....	60
	Laugarás .....	85
	Höfði .....	20
	Bræðratunguhverfi .....	25
	Borgarholt og Borgarholtskot .....	2
	Bergstaðir .....	4
	Drumboddstaðir .....	4
	Einholt .....	2
	Gýgjarhóll og Gýjarhólskot .....	4
	Brattholt .....	2
	Auðsholt I—IV .....	124
	Hvítárholt .....	15
	Bryðjuholt .....	5
	Kópsvatn .....	25
	Gróf .....	10
	Skipholt .....	10
	Haukholt .....	10
	Foss .....	2
	Hlið .....	5
	Tungufell og Jaðar .....	15
	<b>Brúará og Hagaós:</b>	
	Sólheimar (Hverakot) .....	5
	Kringla .....	18
	Bjarnastaðir .....	5
	Þórisstaðir .....	2
	Reykjanes .....	4
	Mosfell .....	7
	Sel .....	12
	Hagi .....	52
	Böðmóðsstaðir .....	82
	Efstidalur I og II .....	4

Nöfn jarða og vatnsfalla	Tala eininga
Spóastaðir .....	13
Miklaholt .....	13
Syðri-Reykir .....	10
Efri-Reykir .....	6
<b>Fullsæll og Andalækur:</b>	
Tjörn .....	7
Brekka .....	12
Miðhús .....	3
Stekkholt .....	4
Úthlið .....	3
Hrauntún .....	3
Austurhlið og Stritla .....	3
<b>Tungufljót:</b>	
Hrosshagi .....	1
Torfastaðir .....	3
Reykjavellir .....	1
Stóra-Fljót .....	1
Brautarhóll .....	1
Fell .....	1
Fellskot .....	1
Vatnsleysa .....	4
<b>Litla-Laxá:</b>	
Efra-Langholtshverfi .....	6
Hrafnkelsstaðir .....	36
Flúðir .....	5
Grafarbakki .....	20
Ás .....	10
Hruni .....	35
Þverspyrna .....	12
Kluftir .....	8
Syðra Sel og Efra-Sel .....	20
Grafarhverfi .....	63
Reykjadalskot .....	25
Reykjadalur .....	6
Berghylur .....	30
<b>Stóra-Laxá:</b>	
Unnarholtshverfi .....	24
Syðra-Langholt I og II .....	24
Birtingaholt .....	20
Hrepphólatorfa .....	290
Sólheimar .....	70
Hörgsholt .....	40
Kaldbakur og Hrunakrókur .....	33
Eiriksbakki .....	15
Ósabakki .....	12
Reykir .....	10
Sandlækur og Sandlækjarkot .....	40
Skarð .....	70
Glóra og Hákolt .....	60
Hlíð .....	70
Laxárdalur .....	60

12

10. jan.

- 12 Félagssvæðið allt 10 þúsund einingar.  
10. jan. Félaginu er óheimilt að stunda silungsveiði, svo og hirða þann silung, sem kann að veiðast í laxveiðitæki félagsins, sbr. 3. gr. samþykktar fyrir veiðifélag Árnesinga frá 12. júní 1940.

Arðskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 61 23. júní 1932, um lax- og silungsveiði, til þess að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

*Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 10. janúar 1941.*

**Hermann Jónasson.**

*Vigfús Einarsson.*

- 13  
10. jan.

## REGLUGERÐ

um notkun loftskeytastöðva og talstöðva í íslenskum skipum.

Samkvæmt reglugerð 28. des. 1940 um notkun loftskeytastöðva og talstöðva í íslenskum skipum og breytingu á þeirri reglugerð 10. jan. 1941, gildir nú eftirfarandi reglugerð um sama efni:

Með tilliti til þess ástands, er nú ríkir, er hér með sett eftirfarandi reglugerð samkvæmt bráðabirgðalögum um fjarskipti frá 5. júlí 1940 og bráðabirgðalögum um radio-senditæki frá 17. ágúst 1940.

### 1. gr.

Í siglingum milli Íslands og Stóra-Bretlands eða samveldislanda þess, mega íslensk skip fyrst um sinn því aðeins hafa meðferðis loftskeytastöð eða talstöð, að stöðin sé þannig innsiglið af póst- og símamálastjórninni, að ekki sé unnt að nota senditækin án þess að brjóta innsiglið (lokunarinnsiglingun), en það má ekki gera nema í neyð. Póst- og símamálastjórnin getur þó veitt einstökum farþega- og flutningaskipum og eftirlits- og björgunarskipum undanþágu frá innsiglingun.

Við stendur Íslands mega íslensk fiskiskip ekki heldur nota loftskeytastöðvar nema í neyð, enda séu þær undir lokunarinnsigli póst- og símamálastjórnarinnar. Hins vegar mega þau nota talstöðvar sínar, ef þær hafa verið leystar úr lokunarinnsiglingun af póst- og símamálastjórninni, en verið innsiglaðar aftur þannig, að þær geta aðeins sent út frá sér á tveim tilteknum bylgjulengdum (bylgjulengdainnsiglingun). Þó mega þau aðeins nota talstöðvarnar samkvæmt þeim reglum og takmörkunum, sem póst- og símamálastjórnin setur þar um.

Með innsiglingun skal fylgja yfirlýsing (á ensku) þess, er innsiglaði, um hvernig innsiglið sé merkt, hvaða dag hafi verið innsiglað og hvernig sendirinn hafi verið innsiglaður. Yfirlýsing þessi skal færð inn í dagbók skipsins og undirrituð af þeim, er innsiglaði. Sá, sem leysir stöð úr innsiglingun, skal undirrita yfirlýsingu (á ensku) í dagbók skipsins, þar sem tekið skal fram, hvaða dag innsiglið hafi verið rofið, hvernig það hafi verið merkt, svo og ástæðuna fyrir því, að senditækin eru leyst úr innsiglingun.

### 2. gr.

Engir aðrir en þeir, sem leyfisbréf hafa til þess frá póst- og símamálastjórninni, mega stofna eða starfrækja radio-senditæki á Íslandi eða í íslenskri landhelgi, eða á íslenskum skipum eða öðrum farartækjum, eða hafa í vörzlum sínum radio-senditæki eða hluti, sem eru sérstaklega ætlaðir í slík tæki.

Enn fremur er bannað að breyta slíkum tækjum eða flytja þau úr þeim stað, **13** sem leyfisbréfið er miðað við, t. d. flytja þau í land til viðgerðar eða geymslu, 10. jan. nema skrifleg heimild eða ósk frá landssímanum komi til í hvert skipti.

## 3. gr.

Póst- og símamálastjórnin setur nánari fyrirmæli um notkun radio-sendi-tækja, eftirlit með þeim og annað, er þar að lýtur, og má ákveða sektir við broti gegn þeim fyrirmælum.

## 4. gr.

Brot gegn reglugerð þessari varðar sektum allt að 10000 krónum, nema þyngri refsing liggi við samkvæmt lögum. Enn fremur geta hlutaðeigendur átt á hættu, að í skipi, sem brot hefur verið framið í, verði stöðinni tafarlaust lokað, leyfisbréf og starfsskirteini afturkallað, og sé um alvarlegt eða ítrekað brot að ræða, að skipinu verði synjað um leyfi til siglinga til Bretlands og samveldis-landa þess.

## 5. gr.

Reglugerð þessi öðlast þegar gildi. Jafnframt fellur úr gildi bráðabirgða-reglugerð frá 30. september 1940 um notkun loftskæptastöðva og talstöðva í íslenskum skipum, svo og bráðabirgðareglugerð frá 16. október 1940 um breytingu á bráðabirgðareglugerð 30. sept. 1940.

*Atvinnu- og samgöngumálaráðherra, 10. janúar 1941.*

**Ólafur Thors.**

*Guðmundur Hliðdal.*

## AUGLÝSING

um breyting á reglum um fjörefnablöndun smjörlíkis frá 27. apríl 1935.

2. gr. regnanna orðist svo:

Í hverju grammi smjörlíkis skulu fyrst um sinn vera 4 alþjóðaeiningar af A-fjörefni og 1 alþjóðaeining af D-fjörefni, og er miðað við samþykkt nefndar Þjóðabandalagsins á fundi í Lundúnum 1931 um fjörefnaeiningar.

Breyting þessi er gerð með heimild í lögum nr. 61 28. janúar 1935, sbr. lög nr. 32 19. júní 1933, um tilbúning og verzlun með smjörlíki o. fl., og birtist til eftirbreytni öllum þeim, er hlut eiga að máli. Jafnframt er úr gildi felld auglýsing um sama efni frá 22. september 1936.

*Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 13. janúar 1941*

F. h. r.

**Vigfús Einarsson.**

*Páll Pálmason.*

14

13. jan.



15  
13. jan.

## REGLUGERÐ

### fyrir vatnsveitu Ísafjarðarkaupstaðar.

#### 1. gr.

Öll framkvæmdastörf, er vatnsveituna snerta, felur bæjarstjórn bæjarráði kaupstaðarins.

#### 2. gr.

Af öllum húsum í lögsagnarumdæmi kaupstaðarins, sem virt eru til fasteignaskatts, og vatni er veitt í eða úr næst til vatnsæða í götu, vegi eða opnu svæði, er lóð þeirra telst til, skal greiða vatnsskatt. Skatturinn skal lagður á eftir hinni lögskipuðu fasteignamatsvirðingu húsanna, að undanskildu virðingarverði lóðanna. Skattinn skal einnig greiða af virðingarverði fastra véla, sem í húsinu eru, ef þær eru vátryggðar ásamt því.

#### 3. gr.

Af öllum húsum í lögsagnarumdæmi kaupstaðarins, sem svo er ástatt um, sem um getur í 2. gr. reglugerðar þessarar, skal greiða vatnsskatt að upphæð  $1\frac{1}{2}$  af þúsundi.

#### 4. gr.

Fyrir öll önnur vatnsnot skal greiða sem hér segir:

- a. Fyrir vatn til skipa kr. 2.50 smál. við afhendingu. Þó sé aldrei greitt minna en kr. 3.00 fyrir fiskiskip og kr. 10.00 fyrir öll önnur skip.
- b. Fyrir vatn í sildar- og kjötpækil 5 aura fyrir hverja tunnu sildar eða kjöts.
- c. Fyrir vatn til saltfiskþvottar 15 aura á skpd.
- d. Fyrir vatn til fiskþvottar á nýjum fiski, frystihúsa og verksmiðjureksturs greiðist 50 aurar á smál. fyrstu 500 smál., 25 aura á smálest fyrir næstu 500 smálestir og úr því 10 aurar fyrir hverja smálest.
- e. Fyrir hvern vatnsmæli skal árgjald vera kr. 20.00.
- f. Fyrir vatn til þvotta á bílum greiðist kr. 1.00 í hvert sinn.

#### 5. gr.

Nú hrökkva ekki tekjur vatnsveitunnar fyrir gjöldum, og getur þá bæjarstjórnin ákveðið fyrir eitt ár í senn að hækka vatnsskatt þennan um allt að 20%.

#### 6. gr.

Gjalddagi á vatnsskatti húseigenda skal vera 1. júlí ár hvert, en á vatni til atvinnureksturs við lok hvers mánaðar. Vatn til skipa skal, eins og fyrr segir, greiða við afhendingu og einnig vatn til atvinnureksturs, sem starfar um stundarsakir. Vatnsskatt má taka lögtaki, og má gera lögtak í hinu skattskylda húsi, án tillits til eigendaskipta. Skatturinn nýtur lögveðsréttar í húseigninni næstu 2 ár eftir gjalddaga með forgöngurétti fyrir hvers konar sammingsveði og aðfararveði.

#### 7. gr.

Hverjum húseiganda ber að greiða allan kostnað við lagningu vatnsæða úr götulögnum bæjarins að húsvegg. Bæjarstjórnin löggildir menn, er hún telur hæfa, og svo marga, er henni þurfa þykir, til þess að leggja vatnsæðar þær, er vatnsveitan eða einstakir menn eiga að kosta, og setja þær í samband við vatnsæðar bæjarins, og séu þeir skyldir að hlíta vinnukauptaxta þeim, sem bæjarstjórnin kann að setja, og að öðru leyti fara eftir reglum þeim, er bæjarstjórnin setur. — Engir aðrir en þeir, sem þannig hafa fengið löggildingu, mega leggja æðar frá vatnsveitunni í hús eða um þau, eða gera breytingar á vatnsæðunum.

## 8. gr.

Skylt er hverjum húseiganda eða lóðareiganda að halda vatnsæðum sínum vel við og láta tafarlaust gera við þær, ef leki kemur að þeim, eða þær bila. Hann skal sérstaklega gæta þess að ekki frjósi í æðunum. Enginn má eyða vatni að óþörfu.

15

13. jan.

## 9. gr.

Bæjarráði, umsjónarmanni og löggiltum innlagningarmönnum er heimilt að fara um hús manna, þar sem vatnsæðar liggja, til þess að athuga þær og tæki þau og mæla, er sett eru í sambandi við þær. Ef þeim þykir útbúnaði að einhverju ábótavant, skal tafarlaust bæta úr því á kostnað eiganda.

## 10. gr.

Bæjarstjórninni er heimilt að loka vatnsæðum fyrir þeim, er vanrækja að gera við leka í pípum eða tækjum, sem í sambandi eru við þær, eða eyða vatni að óþörfu. Svo og fyrir þeim, sem ekki greiða vatnsskatt, efni, vinnu eða annað, sem vatnsveitan kann að leggja til um stundarsakir, á réttum gjalddaga. Fullan vatnsskatt ber einnig að greiða fyrir þann tíma, sem vatnsæðum er lokað.

## 11. gr.

Engum er heimilt án leyfis bæjarráðs eða þess, er bæjarráð felur umsjá með vatnsveitunni, að taka vatn úr brunahönum vatnsveitunnar.

## 12. gr.

Brot á reglugerð þessari varðar sektum allt að 500 krónum, nema þyngri refsing liggji við að lögum.

Reglugerð þessi, sem bæjarstjórn Ísafjarðar hefur samið og samþykkt, staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 15 20. júní 1923 til þess að öðlast þegar gildi, og fellur þá jafnframt úr gildi reglugerð nr. 103 26. október 1931, um notkun vatnsveitu og sölu vatns í Ísafjarðarkaupstað.

*Félagsmálaráðuneytið, 13. janúar 1941.*

**Stefán Jóh. Stefánsson.**

*Páll Pálmason.*

## REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð um fasteignaskatt á Ísafirði nr. 61 29. apríl 1939.

16

14. jan.

## 1. gr.

Skatturinn samkvæmt 2. gr. reglugerðarinnar lækki um 1,5% í öllum skattflokkum.

## 2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi þegar í stað.

Reglugerð þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 69 31. desember 1937 og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

*Félagsmálaráðuneytið, 14. janúar 1941.*

**Stefán Jóh. Stefánsson.**

*Páll Pálmason.*

17  
13. jan.

## REGLUGERÐ

um afnám reglugerðar frá 19. sept. 1940, um breyting á reglugerð nr. 50  
14. júní 1938, um gjaldeyrisverzlun o. fl.

1. gr.

Reglugerð frá 19. sept. 1940, um breyting á reglugerð nr. 50 14. júní 1938, um gjaldeyrisverzlun o. fl. er hér með felld úr gildi.

2. gr.

Þær vörur, sem taldar eru í 2. gr. nefndrar reglugerðar og komnar eru til landsins eða komnar í skip, sem á að fara til landsins þá er reglugerð þessi öðlast gildi, má þó flytja til landsins á sama hátt og meðan sú reglugerð var í gildi.

3. gr.

Reglugerð þessi öðlast þegar gildi.

*Viðskiptamálaráðuneytið, 13. janúar 1941.*

**Eysteinn Jónsson.**

*Torfi Jóhannsson.*

18  
16. jan.

## REGLUGERÐ

fyrir lyfjafræðingaskóla Íslands.

1. gr.

Stúdentspróf er skilyrði fyrir inntöku í skólann. Stúdentar úr máladeild eru þó því aðeins tækir sem nemendur, að þeir hafi lokið sams konar prófi í stærðfræði, eðlisfræði og efnafræði og krafizt er til stúdentsprófs í stærðfræðideild menntaskólanna. Stærðfræðideildarstúdentar, sem eigi hafa numið latínu, skulu innan árs frá upptöku í skólann ljúka prófi í latínu, er jafngildi fjórða bekkjar prófi í stærðfræðideild menntaskólans í Reykjavík í þeirri grein.

2. gr.

Lyfjafræðinám skiptist í tvo hluta:

- a. Verklegt og bóklegt nám í lyfjabúð, þar sem lyfjafræðinemi starfar sem nemandi, og lýkur þeim hluta námsins með fyrrihlutaprófi. Sá, er stentz það próf, öðlast lærdómstítilinn: *examinatus pharmaciae*.
- b. Vísindalegt nám í lyfjafræðingaskóla, sem skólanefnd Lyfjafræðingaskólans tekur gildan, og lýkur þeim hluta með lyfjafræðingaprófi. Sá, er stentz það próf, öðl-  
azt lærdómstítilinn: *candidatus pharmaciae*.

3. gr.

Rétt á að taka nemendur eiga þær lyfjabúðir einar, sem hafa á að skipa að minnsta kosti einum kandiðat auk lyfsalans. Síðan er krafizt eins kandiðats fyrir hvern nemanda, sem við er bætt. Skólanefnd getur þó veitt undanþágu frá þessu, ef svo stendur á. Engin lyfjabúð má hafa samtímis fleiri nemendur en þrjá.

## 4. gr.

Þær lyfjabúðir, sem á því eiga rétt og óska eftir að taka nemendur, sækja um það til skólanefndar. Umsóknir skulu komnar til forstöðumanns skólans fyrir 1. ágúst. 18  
16. jan.

## 5. gr.

Umsóknir um inntöku í skólann, ásamt stúdentsprófsvottorði, heilbrigðisvottorði og meðmælum um reglusemi og starfhæfni, sendast forstöðumanni skólans fyrir 1. ágúst.

## 6. gr.

Fyrir 20. ágúst ákveður skólanefnd, hverjir af umsækjendunum verði teknir í skólann og í hvaða lyfjabúð þeir skuli hefja nám. Auk þess semur hún við lyfsala um kjör nemenda og fylgist með því, að slíkir samningar séu haldnir.

## 7. gr.

Fyrstu sex mánuðir námstímans skoðast sem reynslutími. Að þeim tíma loknum er lyfsala heimilt að segja nemandanum upp vistinni, ef hann telur hann ófæran um að halda náminu áfram, enda tilkynni hann það skólanefnd skriflega.

## 8. gr.

Námstími til fyrrihlutaprófs er að jafnaði þrjú ár. Skólanefnd getur stýtt þann tíma allt að hálfu ári, ef í hlut eiga sérstaklega efnilegir nemendur.

## 9. gr.

Hætti nemandi námi, ber viðkomandi lyfsala að tilkynna það skólanefnd innan 14 daga. Sumarleyfi og styttri sjúkdómsforföll skal telja með námstíma, þó ekki lengur en einn mánuð hvert námsár. Tefjist lyfjafræðinemi frá námi vegna sjúkdóms eða annarra forfalla lengur en einn mánuð, ber að tilkynna það skólanefnd, og ákveður hún, hvort námstíminn lengist og hve mikið sökum slíkra forfalla. Tefjist lyfjafræðinemi frá námi vegna sjúkdóms eða annarra forfalla hálf tveimur árum eða lengur, þarf samþykki skólanefndar til þess, að nemandi geti haldið áfram námi.

## 10. gr.

Lyfsala er skylt að sjá um, að nemandinn eigi kost á að öðlast þekkingu þá og leikni, sem krafizt er til fyrrihlutaprófs, og bera þann kostnað, sem af náminu leiðir. Nemendum skal kenna sameiginlega, eftir því sem við verður komið, og skulu ráðnir til þess kennarar í samráði við skólanefnd.

## 11. gr.

Að námstíma loknum gefur lyfsali nemandanum námsskirteini, þar sem hann skýrir frá námsferli og hegðun nemandans, en kennarar láta í té yfirlýsingu um ástundun og framfarir, hver í sinni kennslugrein.

## 12. gr.

Fyrrihlutapróf skal haldið í apríl og október, og skulu þeir, sem óska að þreyta prófið, senda skriflega umsókn til forstöðumanns skólans fyrir 1. marz eða 1. september. Umsókninni fylgi:

- a. Námsskirteini, samanber 11. gr.,
- b. Vinnustofudagbók,
- c. Jurtasafn.

Hafi nemandinn stundað nám hjá fleirum en einum lyfsala, skulu þeir, hver um sig, láta í té skirteini fyrir þann tíma, sem hann hefir dvalið hjá þeim.

Í vinnustofudagbók skal skrá:

1. Sundurgreinda og eftir föngum rökstudda lýsingu á tilbúningi ekki færri en 35 galenskra samsetninga og ekki færri en 15 efnasamsetninga (kemiskra samsetninga), sem nemandinn hefur búið til á námstíma sínum samkvæmt verkefnaskrá, er skólanefnd gefur út.
2. Dagsetta skrá yfir verkefni þau, sem nemandinn hefur fengið til úrlausnar, og í þeirri röð, er hann hefur leyst þau, þar með taldar efnagreiningar og ákvarðanir samkvæmt lyfjaskránni og öðrum forskriftum. Lýsingin má ekki vera afrit af forskrift, heldur skal nemandinn skýra frá með eigin orðum, hvað hann hefur gert, og að svo miklu leyti sem unnt er. Hvers vegna hann hefur farið þannig að. Lýsing á efnasamsetningum skal hefjast á líkingum þeirra efnabreytinga, sem eiga sér stað, og hinum stökíometriska útreikningi. Því næst skal sýna uppleysanleik þeirra efna, sem fyrir koma. Er þess krafist, að nemandinn sé til hlítar leikinn í þessum útreikningum, og skal hann vera við því búinn, að nánar sé leit- að eftir því í prófinu.

Vinnustofudagbók skal hreinskrifa í bók með föstum blöðum í fjögurra blaða broti. Utan á bókinni skal vera miði með nafni nemandans. Setja skal blaðsíðutal í bókina og 4 cm. spássíu þannig, að hin ójöfnu blaðsíðutöl og spássían sé til hægri, hinar jöfnu tölur og spássían til vinstri.

Á fyrstu síðu skal standa nafn nemandans, svo og nafn lyfjabúðarinnar, þar sem vinnustofudagbókin var gerð, að viðbættu ártali og dagsetningu, er námstíminn hófst og er honum lauk. Á eftirfarandi síðum skal standa hvað á eftir öðru og í neðan-skráðri röð:

- a. Efnisyfirlit (með blaðsíðutali) yfir lýsingar á tilbúningi ekki færri en 35 galenskra samsetninga og ekki færri en 15 efnasamsetninga. Efnisyfirlitinu skal skipa eftir framangreindri verkefnaskrá og tilgreina við hverja samsetningu, að svo miklu leyti sem hennar er getið í skránni, hvert sé númer hennar þar.
- b. Lýsingar á tilbúningi ekki færri en 35 galenskra samsetninga og ekki færri en 15 efnasamsetninga, dagsettra í þeirri röð, sem þær voru búnar til.
- c. Dagsett efnisyfirlit í tímaröð yfir öll þau störf í vinnustofu, er leyst hafa verið af hendi á námstímanum.
- d. Svo hljóðandi yfirlýsing, dagsett og undirskrifuð af nemandanum: „Samsetningar þær, er greinir á . . . síðu í þessari bók, hefi ég sjálfur búið til, og sömuleiðis hefi ég sjálfur samið lýsingarnar. Vinnustofudagbókin er frá námstíma mínum í N. N. lyfjabúð.“
- e. Svo hljóðandi vottorð, dagsett og undirskrifað af lyfsala þeim, er gefið hefur nemanda námsskírteini: „Það vottast hér með, að ofangreind yfirlýsing er rétt.“ Ef svo ber undir, að vinnustofudagbók er gerð í tveimur eða fleiri lyfjabúðum, skiptist hún — að efnisyfirlitinu undanskildu — í tvo eða fleiri hluta, en hvorum um sig skulu fylgja ofangreind vottorð frá nemanda og lyfsala.

Bezt fer á, að allt sé skráð í eina bók. En ef svo er ekki, skal það greinilega tekið fram á fyrstu síðu í hvoru (hverju) hefti dagbókarinnar, en heildarefnisyfirlit skal vera í fyrra (fyrsta) heftinu.

#### 14. gr.

Í jurtaföfninu skulu vera minnst 125 tegundir jurta og þeirra á meðal helztu tegundir hinna merkustu ætta. Hver jurtt skal vera límd eða saumuð á stífa pappír-örk í arkarbroti.

Hverri tegund skal fylgja, að svo miklu leyti sem tók eru á, rót, blöð, blóm og aldin, og þar að auki þeir hlutar jurtarinnar, sem einkenna hana sérstaklega, t. d. rennlur. Sem dæmi skal nefna, að af þeim tegundum, sem blómstra á undan laufguninni, skulu vera tvö eintök, eitt með blómum og annað með blöðum.

Neðst til hægri á örkinu skal skrifa eða festa miða, þar sem á er letrað hið 18 íslenska og latneska nafn jurtarinnar, fundarstaður, jarðvegur, fundardagur, ártal 16. jan. og nafn finnanda (nemanda).

**Dæmi:**

Túnfífill.

Taraxacum officinale Web.

Öskjuhlið.

Mói.

17. júní 1935.

Pétur Pálsson.

Allar jurtir sömu ættar skulu lagðar lausar í kápu, rúmlega arkarstóra, og utan á skal rita í hornið til vinstri handar hið latneska nafn ættarinnar. Kápunum skal raðað eftir ættum, kynjum og tegundum í kassa, sem er þannig gerður, að aðra hliðina má leggja niður, en lokið fellur ofan yfir. Á báðum göflum kassans skal standa nafn nemandans. Efst í kassann skal leggja örku eða samanheftar arkir, þar sem á er ritað í eftirfarandi röð:

1. Nafn nemanda.
2. Nákvæm tala jurta í safninu.
3. Sú útgáfa Flóru, sem notuð hefur verið.
4. Skrá yfir nöfn þeirra ætta, sem eru í safninu, og undir hverri ætt nöfnin á þeim tegundum, sem eru af þeirri ætt, raðað eftir kynjum og tegundum.
5. Svo hljóðandi yfirlýsing, dagsett og undirrituð af nemandanum: „Ofangreindar jurtir eru í jurtasafni mínu. Hefi ég sjálfur safnað þeim og greint þær. Þeim er safnað á námstíma mínum í N. N. lyfjabúð.“
6. Svo hljóðandi vottorð, dagsett og undirritað af lyfsala þeim, er gefur út náms-skirteini nemandans: „Það vottast hér með, að ofangreind yfirlýsing er rétt.“
7. Ef svo ber undir, að nokkru af jurtunum er safnað á námstíma nemandans í lyfjabúð M. M.,
  - a. breytist síðasti hlutinn í yfirlýsingu nemandans í: „Þær jurtir, sem dagsett- ar eru fyrir ../.. 19.. eru frá námstíma mínum (../.. — ../.. 19..) í N. N. lyfjabúð. Þær, sem dagsettar eru eftir ../.. ../.. 19.. frá námstíma mínum (../.. — ../.. 19..) í M. M. lyfjabúð.“
  - b. bætist við vottorð N. N. lyfsala: „að því er tekur til jurtanna, sem safnað er á námstímanum í N. N. lyfjabúð“.
  - c. Vottorðið, sem hinn lyfsalinn, M. M., gefur þá út, á að vera dagsett og hljóða þannig: „Það vottast hér með, að nemandinn P. P. hefir á námstíma sínum í M. M. lyfjabúð safnað .....jurtum og sjálfur greint þær. Í jurtasafninu eru eftirfarandi tegundir: ....., „Skal líma vottorðið inn í dagbókina aftan við vottorð N. N.“

15. gr.

Skólanefnd annast, ásamt forstöðumanni skólans, undirbúning og tilhögun prófa og velur prófdómendur, sem skulu vera tveir í hverri námsgrein auk prófandans. Prófið er bæði verklegt og munnlegt.

1. Til verklega prófsins er heimtað:
  - a. **Afgreiðsla lyfseðla:** að afgreiða lyf eftir ekki færri en tveimur lyfseðlum og verðleggja lyf eftir ekki færri en fjórum lyfseðlum samkvæmt gildandi lyfja-verðskrá. Lyfseðlarnir skulu gerðir í samræmi við hinar almennu forskriftir og ákvarðanir, sem greindar eru í gildandi lyfjaskrá.
  - b. **Lyfjagerð:** að búa til í vinnustofu ekki færri en tvö samsett lyf eða auðveldar efnasamsetningar. Jafnframt skal dæma um vinnustofudagbók nemandans og spyrja hann út úr henni. Í verkefnaskrá þeirri, er skólanefndin gefur út, skal

18  
16. jan.

greina hæfilegan fjölda efnasamsetninga, er velja megi úr verkefni við próf í efnasamsetningu. Nemandinn verður að hafa þekkingu á öllum kvantitativum ákvörðunum efnasamsetninga þeirra, sem greinir í lyfjaskránni og tíðkanlegum forskriftum og getið er í þessum lið verkefnaskrárinnar. Þó er einungis krafizt basa- og sýrutitreringa. Þegar nemandi er ekki látinn gera titreringar sjálfur, verða honum fengnar niðurstöður þeirra, og á hann þá sjálfur að leysa af hendi nauðsynlega útreikninga. Við verklega prófið eru nemendum heimil afnot lyfjaskrárinnar.

- c. **Efnagreining:** Verklegt próf í efnagreiningu er fólgið í greiningu og rannsókn tveggja ónafngreindra, löggiltra (officinel) lyfja. Í verkefnaskrá þeim, sem skólanefndin gefur út, skal greina hæfilegan fjölda lyfja, er velja megi úr verkefni til efnagreiningar. Nemandinn skal vita grein á öllum prófunum, sem getið er í lyfjaskránni varðandi þau efni, er getur í þessum lið verkefnaskrárinnar. Af kvantitativum ákvörðunum er þó aðeins krafizt sýru- og basatitreringa.
2. Munnlega prófið skal haldið opinberlega, og er þar heimtað:
  - a. **Lestur lyfseðla á latínu og þýðing úr latneskri lyfjaskrá.**
  - b. **Þekking á lagaákvæðum:** á ákvæðum um stærstu skammta sterkra lyfja, á lögum um lyfjabúðir og lyfsala, á hinum ýmsu ákvæðum og reglugerðum um gerð og afgreiðslu lyfja.
  - c. **Lyflýsingafræði (pharmacognosi):** Að kunna deili á lögboðnum (officinel) lyfjum úr dýra- og jurtaríkinu, einkum ytri einkennum þeirra, uppruna þeirra og heimkynnum, og hver séu helztu efni þeirra.
  - d. **Grasafræði:** Auk almennrar þekkingar á byggingu og lífi jurtanna er þess krafizt, að nemandinn sé leikinn í greiningu jurta eftir Flóru Íslands, hafi auk þess þekkingu á fræðiorðum þeim, sem notuð eru við lýsingar jurta í lyfjaskránni og kunni deili á þeim jurtum, sem getið er í lyfjaskránni. Jafnframt skal dæma um jurtasafn nemandans og prófa hann í sambandi við það.
  - e. **Efnafræði:** Þekking á hinum helztu frumefnum og ólífrænum efnasamböndum, svo og þeim lífrænu efnasamböndum, sem helzt eru notuð til lyfja.
  - f. **Leikni í notkun áhalda:** Nemandinn skal færa sönnur á, að hann kunni góð skil á gerð og helztu notkun áhalda þeirra, sem notuð eru í lyfjabúð. Sömu leiðis, að hann þekki allar grundvallarreglur lyfjaskrárinnar um tilbúning samsettra lyfja.

Einkunnir skulu gefnar eftir einkunnakerfi Örsteds. Frá 7,50—8,00 er ágætiseinkunn, frá 6,00—7,50 fyrsta einkunn, frá 4,50—5,99 önnur einkunn. Sá, sem fær ekki 4,33 að meðaltali í verklega prófinu eða 4,50 í öllu prófinu, hefur ekki staðizt prófið

#### 16. gr.

Heimilt er nemanda, sem hefir ekki staðizt próf, að þreyta próf að nýju, þó eigi fyrr en að sex mánuðum liðnum, enda sýni hann námsskírteini, er sanni, að hann hafi stundað nám í lyfjabúð frá því, að honum fataðist prófið. Lyfsali sá, er gaf honum síðast námsskírteini, er skyldur að taka hann til náms, þar til næsta próf verður haldið. Standist nemandi ekki prófið í annað sinn, ber lyfsala ekki skylda til að sjá honum fyrir frekara námi.

Próf má eigi þreyta oftar en þrisvar sinnum.

#### 17. gr.

Prófskírteini skal gefið út og á það ritaðar prófeinkunnirnar í hverri einstakri námsgrein.

Forstöðumaður Lyfjafræðingaskólans skal undirrita skírteinið.

## 18. gr.

Nú hefur nemandi, sem lokið hefur fyrri hluta prófi við Lyfjafræðingaskólann, stundað nám í lyfjafræðingaskóla, sem skólanefndin hefur tekið gildan, og staðizt þar fullnaðarpróf, og skal honum þá gefið skirteini sem fullgildum lyfjafræðingi. Forstöðumaður Lyfjafræðingaskólans skal og undirrita það skirteini.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt lögum nr. 112 30. maí 1940 staðfestist hér með.

*Í heilbrigðismálaráðuneytinu, 16. janúar 1941.*

**Stefán Jóh. Stefánsson.**

*Gústav A. Jónasson.*

**S A M Þ Y K K T**

fyrir vatnsveitufélag Seltirninga.

## 1. gr.

Nafn félagsins er Vatnsveitufélag Seltirninga.

## 2. gr.

Heimili félagsins og varnarþing er í Seltjarnarneshreppi í Kjósarsýslu.

## 3. gr.

Verkefni félagsins er að sjá félagsmönnum fyrir nægu og góðu vatni, til heimilis- og búþarfa, iðnaðar og iðju, án orkunýtingar. Þessu takmarki hyggst félagið að ná með því:

1. að yfirtaka vatnsveitu þá, sem nú liggur um félagssvæðið;
2. að notfæra sér heimild í lögum nr. 46 20. júní 1923, 3. gr., og veita vatni um vatnsæðar frá Reykjavík um félagssvæðið;
3. að halda þessum vatnsæðum við og annast rekstur þeirra;
4. að semja við Reykjavíkurbæ um endurgjald fyrir vatnsnotin.

Vatnsveitufélagið hefur einkasölu á vatni til hverra þarfa, sem er á félagssvæðinu.

## 4. gr.

Eignir þær, sem taldar eru upp hér á eftir, taka þátt í félaginu:

Akrar, eign Tryggva Magnússonar.  
 Árnes, eign Björgúlfs Ólafssonar.  
 Ármannsfell, eign Skarphéðins Þórólfssonar.  
 Bjarg, eign Ísaks Vilhjálmssonar.  
 Breiðablik, eign Helga Eiríkssonar, db.  
 Egilsstaðir I, eign Stefáns Jónssonar.  
 Grænamýri, eign Ólafs Jónssonar.  
 Grund, eign Jóns A. Ólafssonar.  
 Höfn, eign Árna Friðrikssonar.  
 Helgafell, eign Sigurjóns Jónssonar.  
 Hof, eign Vinnufataverksmiðjunnar, h.f.  
 Ingjaldshóll, eign Þorsteinu L. Guðjónsdóttur.  
 Klöpp, eign Árna Böðvarssonar.  
 Kolbeinsstaðir, eign Eyjólf Kolbeins.  
 Lambastaðir, eign Arnórs Sigurjónssonar.



19  
21. jan.

Lundur, eign Erlends Einarssonar.  
Melshúsastöð, eign Kveldúlfs, h.f.  
Melshús, eign Thors Jensen.  
Oddi, eign Gunnars Sigurðssonar og Ingólfs Sigurðssonar.  
Skálavík, eign Björns Gottskálkssonar og Svavars Steindórssonar.  
Sólarhóll, eign Jóhannesar Birkiland.  
Sólberg, eign Jóns Björns Eliassonar.  
Skaptafell, eign Jóns Sæmundssonar.  
Stóri-Ás, eign Vinnufataverksmiðjunnar, h.f.  
Sæból, eign Páls Magnússonar.  
Sætún, eign Garðars Þorsteinssonar.  
Teigur, eign Steindórs Ingimundarsonar.  
Tjörn, eign Sigurðar Flygenring.  
Vegamót I, eign Einars Einarssonar.  
Vegamót II, eign Einars Einarssonar.  
Vellir, eign Haralds Erlendssonar.  
Þrúðvangur, eign Jóhannesar Ólafssonar.  
Þórsmörk, eign Hafliða M. Sæmundssonar, db.

Eigendur framan greindra eigna eru taldir félagar í vatnsveitufélaginu. Sérhver húseign á félagssvæðinu, sem njóta vill vatns úr vatnsæðum félagsins, skal leggja fram sem stofngjald kr. 160.00 — eitt hundrað og sextíu krónur —. Stofngjald þetta skal vera greitt fyrir 1. marz 1941. Sömu ákvæði gilda um innheimtu stofngjaldsins og innheimtu vatnsskatts, samkv. 22. gr.

Eftirtaldir eignir hafa þegar greitt stofngjaldið til vatnsveitu þeirrar, sem var á félagssvæðinu:

Akrar, Bjarg, Breiðablik, Grænamýri, Klöpp, Egilsstaðir, Kolbeinsstaðir, Lambastaðir, Melshús, Melshúsastöð, Oddi, Sólberg, Sæból, Skaptafell, Sætún, Stóri-Ás, Vegamót I, Vegamót II, Þórsmörk.

Auk þess hefur Grund greitt af stofngjaldinu kr. 50.00 og Teigur kr. 70.00.

#### 5. gr.

Nú óska nýir menn inngöngu í félagið og skulu þeir þá senda stjórn félagsins skriflega umsókn þar um. Telji stjórnin skylt, samkvæmt landslögum, að veita umsækjendum upptöku í félagið, getur hún gert það, ef þeir skuldbinda sig til að hlíta samþykktum félagsins og þeim sérstöku skilyrðum, er félagsstjórnin kann að setja umsækjendum. Að öðrum kosti skal stjórnin leggja umsóknir um upptöku í félagið fyrir félagsfund.

#### 6. gr.

Um úrsögn úr félaginu fer sem segir í 111. gr. vatnalaganna nr. 15 20. júní 1923.

#### 7. gr.

Lögmætir félagsfundir hafa æðsta vald í öllum félagsmálum með þeim takmörkunum, sem í samþykkt þessari getur. Félagssundur er lögmætur, þegar löglega hefur verið til hans boðað, án tillits til þess, hve margir sækja fundinn, nema öðruvísi sé sérstaklega ákveðið í samþykkt þessari.

#### 8. gr.

Aðalfundur félagsins skal haldinn innan félagssvæðisins í síðasta lagi fyrir lok marzmánaðar ár hvert. Skal stjórnin boða til hans með að minnsta kosti tveggja vikna fyrirvara. Dagskrá skal greina í fundarboði.

## 9. gr.

Aukafundi skal halda þegar stjórn félagsins þykir við þurfa, samkvæmt fundar-ályktun, eða þegar þess er krafizt af a. m. k. fimm félagsmönnum. Skal jafnframt kröfunni um fundinn skýrt frá því, í hvaða tilgangi fundarins er krafizt. Skal stjórnin þá boða fundinn innan 14 daga frá því krafan kom henni í hendur, eða geta félagsmenn gert það sjálfir. Aukafundir skulu haldnir á sama stað og boða til þeirra á sama hátt og til aðalfunda, sbr. 8. gr. Dagskrár sé getið í fundarboðinu, enda verður aðeins tekin ályktun um þau mál, sem nefnd hafa verið í fundarboðinu, nema að minnsta kosti  $\frac{1}{2}$  fundarmanna samþykki annað.

## 10. gr.

Hver félagsmaður hefur eitt atkvæði á fundum félagsins. Félagsmenn mega fela öðrum félagsmönnum að fara með atkvæði sin á fundum, en stjórnendur félagsins geta eigi farið með umboð fyrir aðra.

## 11. gr.

Aðaltillögur þær, sem koma eiga fram á félagsfundi, skulu vera til sýnis hjá formanni félagsins 3 dögum fyrir fundinn. Þó má gera undantekningar frá þessu á fundi með  $\frac{1}{2}$  greiddra atkvæða. Viðauka- og breytingartillögur við aðaltillögur, sem löglega eru fram komnar, má hera upp á fundinum sjálfum, þó félagsmönnum hafi eigi verið gefinn kostur á að kynna sér þær fyrir fund. Þrem dögum fyrir hvern aðalfund, skal reikningur félagsins fyrir hið liðna ár, ásamt athugasemdum endurskoðenda, svörum stjórnarinnar og tillögum endurskoðenda til úrskurðar, vera til sýnis fyrir félagsmenn hjá formanni félagsins.

## 12. gr.

Félagsfundi stjórnar fundarstjóri, sem fundurinn kýs, og kveður hann sér fundarritara. Fundarstjórinn sker úr öllu, sem snertir lögmati fundarins, ákveður form umræðna, meðferð mála á fundinum og atkvæðagreiðslur. Þó skulu þær fara fram skriflega, ef einhver fundarmanna krefst þess.

## 13. gr.

Á aðalfundi skulu tekin fyrir þessi mál:

- Stjórn félagsins skýrir frá gerðum sínum og framkvæmdum á liðnu starfsári, leggur fram til úrskurðar endurskoðaða rekstrarreikninga fyrir hið liðna ár og efnahagsreikning með athugasemdum endurskoðenda, svörum félagsstjórnar og tillögum til úrskurðar frá endurskoðendum.
- Kosin stjórn félagsins og endurskoðendur, samkvæmt ákvörðun samþykktar þessarar.
- Umræður og atkvæðagreiðslur um önnur mál, sem hafa verið borin upp löglega.

## 14. gr.

Afl atkvæða ræður úrslitum á félagsfundum. Þegar 2 eða fleiri fá jafnmörg atkvæði við kosning stjórnenda eða endurskoðenda, skal hlutkesti ráða. Samþykktum félagsins verður þó eigi breytt, nema á fundi, þar sem mættir eru a. m. k.  $\frac{3}{4}$  félagsmanna og breytingar samþykktar með  $\frac{3}{4}$  greiddra atkvæða á fundinum. Ef eigi sækja nógu margir slíkan fund, skal boða til nýs fundar innan 14 daga á sama hátt og segir í samþykkt þessari. Ræður sá fundur málinu til lykta með  $\frac{3}{4}$  greiddra atkvæða, án tillits til þess, hve margir félagsmenn sækja fundinn.

19

21. jan.

Rita skal í sérstaka gerðabók allar fundarsamþykktir og stutta skýrslu um annað, er gerist á félagsfundum. Fundargerðin skal lesin upp í fundarlök og borin undir atkvæði og undirskrifuð af fundarstjóra og fundarritara. Þessi fundarskýrsla skal vera full sönnun þess, er farið hefur fram á fundinum.

15. gr.

16. gr.

Stjórn félagsins skal skipuð 3 mönnum úr félaginu, sem aðalfundur kýs til eins árs í senn. Fyrsta stjórn félagsins sé kosin á stofnfundi. Tveir stjórnarmenn skulu kosnir til vara.

17. gr.

Stjórnin skiptir með sér störfum þannig, að einn sé formaður, annar gjaldkeri og þriðji ritari. Á fundum stjórnarinnar ræður afl atkvæða úrslitum. Stjórnin heldur fundi, þegar formanni þykir við þurfa, en auk þess er formanni skylt að boða til funda þegar annarhvor meðstjórnenda krefst þess. Það, sem gerist á stjórnarfundum, skal bóka í gerðabók félagsins og ritar stjórnin undir. Ályktanir stjórnarfunda eru því aðeins löglegar, að 2 stjórnendur að minnsta kosti séu á fundinum, enda séu þeir sammála um atriði það, sem ráða á fram úr. Stjórnin ræður öllum félagsmálum milli funda og getur skuldbundið félagið og eignir þess með ályktunum sínum og samningum, þar á meðal veðsett þær. Þó þarf samþykki allra stjórnarmanna til að veðsetja eignir félagsins. Stjórnin hefur umráð vatnsveitunnar og annast öll framkvæmdastörf, þar á meðal að sjá um lagningu vatnsveitunnar að öllu leyti, ákveða hvar og hvenær vatnsæðar skuli lagðar, semja um kaup á öllu efni og áhöldum til vatnsveitunnar og alla vinnu við hana. Félagisstjórnin hefur og vald til að taka lán fyrir vatnsveitufélagið og veðsetja eignir þess til tryggingar, svo sem fyrr segir. Gjaldkeri innheimtir vatnsskatt og allar aðrar tekjur félagsins og kvittar fyrir.

18. gr.

Félagisstjórnin setur þær reglur, sem hún telur við þurfa um notkun vatnsins og meðferð þess, svo og um meðferð á vatnsæðum og tilhögun húsaæða, efni í þær og vidd þeirra. Til þess að vatnsæð verði lögð frá aðalvatnsveitunni í hús, þarf skriflegt samþykki félagisstjórnarinnar og mega eigi framkvæma það starf né lögn húsaæða, breytingar eða aðgerðir á þeim, aðrir en þeir, sem löggiltir eru vatnsvirkjar, eða þeir, sem félagisstjórnin löggildir vatnsvirkja fyrir vatnsveitufélagið.

19. gr.

Félagisstjórninni eða eftirlitsmönnum, sem hún skipar, er heimilt að fara í hús félagsmanna til þess að athuga vatnsæðar og tæki þau, er sett eru í samband við þær. Nú þykir félagisstjórninni eða eftirlitsmanni útbúnaði ábótavant að einhverju leyti og skal þá félagsmaður tafarlaust bæta úr því á þann hátt og innan þess tíma, sem félagisstjórnin eða eftirlitsmaður leggur fyrir, að öðrum kosti getur félagisstjórnin látið framkvæma verkið á kostnað félagsmanns.

20. gr.

Félagisstjórninni er heimilt að loka vatnsæðum fyrir þeim, sem eigi greiða vatnsskatt á réttum gjalddaga, vanrækja aðgerðir samkv. 19. gr. eða eftir ítrekaðar áminningar eyða vatni að óþörfu eða nota það svo óþrifnaði valdi, hvort tveggja að dómi félagisstjórnar. Sama er og ef félagsmaður vanrækir að halda vatnsæðum sínum vel við, að álitu félagisstjórnar, vanrækir að gera við þær ef þær bila, eða hirðir ekki um að gæta þess að ekki frjósi í þeim. Fullan vatnsskatt ber að greiða einnig þann tíma, sem vatnsæðinni er lokað.

## 21. gr.

Starfsár félagsins og reikningsár er almanaksárið.

19

21. jan.

## 22. gr.

Til þess að standast kostnað þann, sem félagsskapurinn hefur í för með sér, skulu félagsmenn greiða vatnsskatt samkvæmt gjaldskrá, sem félagsstjórnin setur. Vatnsskattinn má taka lögtaki og skal hann tryggður með lögveðsrétti í hlutað-eigandi fasteign næstu 2 ár eftir gjalddaga með forgangsrétti fyrir hvers konar samn-ingsveði og aðfararveði. Gjaldalagi á vatnsskatti skal vera 1. nóvember ár hvert.

## 23. gr.

Aðalfundur kýs 2 endurskoðendur og 1 til vara, til eins árs í senn. Stofnfundur kýs fyrstu endurskoðendur og varaendurskoðanda. Fyrir lok janúarmánaðar ár hvert skal gjaldkeri hafa lokið við reikning félagsins undanfarið starfsár og afhent hann endurskoðendum.

Með útgjöldum skulu í reikningum taldar þær upphæðir til frádráttar á bókuðu eignaverði félagsins, sem félagsstjórn ákveður. Endurskoðendur skulu ljúka endurskoðuninni innan viku frá því reikningurinn kom þeim í hendur og afhenda hann formanni félagsstjórnar með athugasemdum sínum. Síðan skal félagsstjórnin svara tafarlaust athugasemdum endurskoðenda og endursenda endurskoðendum, sem gera tillögur til úrskurðar innan viku frá því þeir fengu svör stjórnarinnar og fá síðan formanni félagsins aftur reikninginn.

Endurskoðendur skulu jafnan hafa aðgang að öllum bókum, skjölum og sjóði félagsins til eftirlits.

## 24. gr.

Aðalfundur getur ákveðið að leggja í endurnýjunar- og varasjóð tekjuafgang félagsins að öllu eða nokkru leyti, og má félagsstjórnin eigi nota það sjóðfé nema með samþykki félagsfundar.

## 25. gr.

Brot á samþykkt þessari varða sektum allt að 500 krónum og renna þær í félagsjóð.

Með mál út af brotum á samþykktinni skal farið að hætti almennra lögreglu-mála. Sama og um brot á samþykkt þessari gildir um brot á reglum þeim, sem settar eru um einkarétt félagsins til vatnssölu.

## 26. gr.

Félagsmönnum er skylt að fara vel með vatnsæðar og önnur mannvirki félagsins og skulu skemmdir á þeim varða sektum allt að 500 kr., auk skaðabóta eftir almennum reglum.

## 27. gr.

Birta skal í Lögbirtingablaðinu auglýsingu á félagsins kostnað um stofnun þess og skal geta verkefnis þess, heimilisfangs, varnarþings, svo og hverjir séu í stjórn þess og ef breytingar verða á henni.

## 28. gr.

Um tillögur til að slíta félaginu fer eftir sömu reglum sem um breytingar á samþykkt þessari. Félaginu skal slíta samkvæmt ákvæðum 112. gr. vatnalaganna, nr. 15 20. júní 1923.

19 Fundur sá, sem ákveður að slíta félaginu, kveður og á um, hvernig ráðstafa  
21. jan. skuli eignum félagsins og borgun skulda. Jafnframt skal fara ftir fyrir mælum 113. gr. téðra laga, eftir því sem við á.

Samþykkt þessi staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum nr. 15 20. júní 1923, til að öðlast gildi 1. febrúar 1941 og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

*Félagsmálaráðuneytið, 21. janúar 1941.*

**Stefán Jóh. Stefánsson.**

*Páll Pálmason.*

20

21. jan.

## G J A L D S K R Á

fyrir vatnsveitufélag Seltirninga.

1. gr.

Af öllum húsum á vatnsveitusvæðinu, sem standa á lóð, er liggur að vegi eða opnu svæði, þar sem vatnsæðar liggja, svo og öðrum húsum, er fá vatn leitt úr vatnsveitu félagsins, skal greiða vatnsskatt árlega, er sé 5% — fimm af þúsundi — af fasteignamatsverði húsanna.

Auk þessa gjalds greiðir húseigandi 10 krónur árlega fyrir hvern vatnskranu utan húss. Þó skal vatnskranu í utan húss þvottahúsi undanþeginn gjaldi þessu.

2. gr.

Skattur fyrir verksmiðjur, baðhús, iðnaðarfyrirtæki og önnur atvinnufyrirtæki og aðra, er nota vatn til annars en venjulegra heimilisþarfa, skal venjulega ákveðinn með samningi við félagsstjórnina. Náist ekki samkomulag um upphæð skattsins, skal almennur félagsfundur ákveða hann, þó þannig, að það sé í samræmi við gildandi vatnalög.

3. gr.

Húseigandi ábyrgist vatnsskatt. Heimilt er honum að hækka leigu sem skatti eða skattaukningu svarar, þótt leigan hafi áður verið ákveðin.

4. gr.

Gjalddagi á vatnsskatti skal vera 1. nóv. ár hvert fyrir yfirstandandi almanaksár. Félagstjórnin getur samið um annan gjalddaga á vatnsskatti, samkvæmt 2. gr.

5. gr.

Vatnsskatt má taka lögtaki og skal hann tryggður með lögveðsrétti í hlutaðeigandi fasteign næstu 2 ár eftir gjalddaga, með forgangsrétti fyrir hvers konar samningsveði og aðfararveði.

Gjaldskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum nr. 15 20. júní 1923, til að öðlast gildi 1. febrúar 1941 og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

*Félagsmálaráðuneytið, 21. janúar 1941.*

**Stefán Jóh. Stefánsson.**

*Páll Pálmason.*

# HAFNARREGLUGERÐ

fyrir Seyðisfjarðarkaupstað.

21

22. jan.

## I. KAFLI

Takmörk hafnarinnar.

### 1. gr.

Seyðisfjarðarhöfn tekur yfir Seyðisfjörð vestan línu, sem hugsast dregin frá Grýtá í Borgartanga.

## II. KAFLI

Stjórn hafnarinnar.

### 2. gr.

Bæjarstjórn Seyðisfjarðarkaupstaðar hefur á hendi stjórn hafnarmálanna undir yfirumsjón Stjórnarráðs Íslands.

Hafnarnefnd annast framkvæmd hafnarmála og eftirlit með höfninni og hafnararmannvirkjum, sér um viðhald og umbætur á hvoru tveggja og stýrir öllum framkvæmdum, sem þar að lúta. Bæjarstjóri annast fjárhald og reikningsskil hafnar-sjóðs, en fé hans má verja til hvers konar hafnarbóta, uppskipunartækja og til hvers kyns mannvirkja, sem miða að því að greiða aðgang notenda að höfninni, bæði á sjó og landi. Dagleg störf vegna framkvæmda og eftirlits annast bæjarstjóri einnig, í samráði við hafnarnefnd. Bæjarstjórn er heimilt að ráða hafnarvörð. Skal það gert eftir tillögu hafnarnefndar, sem setur honum erindisbréf.

Hafnarnefnd er, auk bæjarstjóra, skipuð þrem mönnum, sem bæjarstjórn kýs jafnframt öðrum fastanefndum sínum og til sama tíma. Til aðstoðar þeim skulu vera svo margir starfsmenn, sem þurfa þykir.

## III. KAFLI

Um almenna reglu.

### 3. gr.

Hafnarnefnd sér um, að gætt sé almennrar reglu á höfninni og við hana. Er öllum skylt að hlýða boði hennar og banni tafarlaust og enn fremur þeirra starfsmanna, sem hún setur, til þess að gæta reglu.

Starfsmenn hafnarinnar skulu gæta allrar kurteisi í starfi sínu.

### 4. gr.

Skylt er að gæta allrar varúðar í meðferð elds og ljósa í skipum á höfninni. Í skipum, sem flytja eldfim efni, má ekki kveikja eld eða ljós, nema í eldavél skipsins og á ljóskerum. Tóbaksreykingar eru bannaðar á því svæði, sem unnið er að fermingu þeirra eða affermingu. Áliti hafnarnefnd, að hætta geti stafað af fermingu eða affermingu eldfimrar vöru, er henni heimilt að stöðva verkið, unz gerðar hafa verið nauðsynlegar varúðarráðstafanir.

Enn fremur má banna að sjóða tjöru, bik, fernisoliu og annað slíkt, sem eldhætta getur stafað af, í skipum á höfninni, svo og á landi hafnarinnar.

Skot við höfnina eða á henni eru stranglega bönnuð.

21

22. jan.

Seglfestu, eða öðru, sem valdið getur skemmdum, má hvergi kasta út á höfninni, og seglfestu má hvergi taka, nema með leyfi hafnarnefndar.

Bannað er að kasta fiskúrgangi eða öðrum óþrifnaði við hafnarbryggjur.

Við höfnina má ekki gera nein hafnarmannvirki, né breyta eða auka við þau hafnarmannvirki, sem nú eru, og ekki heldur fylla upp né dýpka út frá landi, nema leyfi bæjarstjórnar komi til, og gildir leyfið aðeins til eins árs, sé það látið ónotað.

#### IV. KAFLI

##### Um legu skipa og umferð þeirra á höfninni.

###### 6. gr.

Fiskiskip og önnur skip, sem ferma ekki né afferma, mega aldrei leggjast svo á höfninni, að tálmi fermingu eða affermingu annarra skipa og skulu þau í hvert skipti skyld að hlýða boðum hafnarnefndar eða starfsmanna hafnarinnar um það, hvar þau megi leggjast. Aldrei mega sliki skip liggja svo nærri bryggjum, að ekki sé nægilegt pláss fyrir önnur skip að komast að og frá.

Skipum eða bátum má ekki leggjast svo, að það hindri eða tefji umferð um höfnina, né þar sem sæsímanum er hættu búin af þeim.

Nú tegðast eigandi við að hlýða boðum hafnarnefndar eða starfsmanna hafnarinnar um að flytja skip sitt, bát eða strengi á höfninni, og getur þá hafnarnefnd látið gera það á kostnað hans.

###### 7. gr.

Í sérhverju skipi (að undanteknum skipum, sem hafa leyfi hafnarnefndar til þess að liggja mannláus í lægi á höfninni), skal jafnan vera einn maður að minnsta kosti, sem tekið gæti á móti skipunum starfsmanna hafnarinnar og framkvæmt þær, hvort heldur á að færa skipið eða gera eitthvað annað samkvæmt reglugerð þessari.

###### 8. gr.

Vélbátum, sem heima eiga í Seyðisfjarðarkaupstað, eða gerðir eru út þaðan og liggja við sérstök legugögn á höfninni, má ekki leggjast svo, að hindri eða tefji umferð um höfnina.

Hafnarnefnd skal ákveða, hvar og hvernig legufæri þeirra skuli lögð.

Enginn má flytja legugögn báts síns, nema með leyfi hafnarnefndar, en heimilt er eiganda að taka þau upp, án leyfis hennar.

###### 9. gr.

Ekki má festa skip við bólvirki eða bryggjur, nema við festarhringa eða festarstólpa. Festum skal þannig komið fyrir, að þær hindri sem minnst umferð á bryggjunni eða bólvirkinu. Þyki þess ekki nægilega gætt, má krefjast þess, að bætt sé úr tafarlaust.

###### 10. gr.

Ef skip lendir á grynningum eða sekkur, þar sem það, að álitu hafnarnefndar, tálmar greiðri notkun hafnarinnar, skal færa það brott svo fljótt, sem auðið er. Verði dráttur á því, getur hafnarnefnd látið færa skipið brott, á kostnað eigandans.

## V. KAFLI

## Um notkun hafnarbryggjana.

21

22. jan.

## 11. gr.

Venjulega er skipum heimilt að leggjast við bryggjur hafnarinnar í þeirri röð, sem þau koma. Þó skulu skip, sem sigla eftir fyrirfram ákveðinni, auglýstri ferða-áætlun og flytja póst, hafa að öðru jöfnu rétt til þess að leggjast að bryggju, þótt önnur skip liggja þar fyrir, og verða þau að vikja meðan áætlunarskipin eru afgreidd. Sams konar rétt hafa vélskip fram yfir seglskip. Sé fermingu eða affermingu skips ekki haldið áfram með hæfilegum hraða, að áliti hafnarnefndar, ber því að vikja frá öðrum skipum, ef hún krefst þess. Enn fremur getur hafnarnefnd vísað skipum frá bryggjunni, áliti hún það nauðsynlegt vegna veðurs eða annars. Ef ágreiningur rís, ræður hafnarnefnd í hverri röð skip komast að bryggju.

## 12. gr.

Ef nauðsyn ber til þess, að skipum, sem ferma eða afferma við bryggjur eða bólvirki, sé lagt hverju við hliðina á öðru, er heimilt að flytja farm þeirra skipa, sem utar liggja, yfir þilför hinna á bjálkabrúm. Svo er og skipshöfn og farþegum þeirra skipa, sem utar liggja, heimil nauðsynleg umferð um þilför þeirra skipanna, sem nær liggja.

## 13. gr.

Þegar lokið er fermingu eða affermingu, skal afgreiðslumaður eða skipstjóri, ef þörf gerist, láta ræsta bryggju þá eða bólvirki, sem notað hefur verið. Farist það fyrir, má hafnarnefnd láta gera það á þeirra kostnað.

## 14. gr.

Þeir munir eða vörur, sem affermdar eru eða láttnar í skip, mega ekki liggja á bryggju eða bólvirki og ekki annars staðar á landi hafnarinnar en á þeim stöðum, sem ætlaðir eru til geymslu, nema með sérstöku leyfi hafnarnefndar. Skal flytja brott vörur og muni jafnshjótt og hún krefst þess.

## VI. KAFLI

## Um geymsluskip og skip, sem lagt er í lægi.

## 15. gr.

Sérstakt leyfi hafnarnefndar þarf í hvert sinn, til þess að leggja megi á höfninni skipum, sem ætluð eru til geymslu eða lagt er í lægi, og skal leyfið bundið því skilyrði, að eigandi láti taka það upp eða sprengja það sundur, ef það sekkur, svo að það skemmi ekki höfnina, og sé því ekki fullnægt innan hæfilegs frests, getur hafnarnefndin látið gera það á kostnað eiganda. Hafnarnefnd ákveður í hvert sinn, hvar sliku skipi skuli lagt, hve traust legufærin skuli vera og hvernig þeim skuli vera fyrir komið. Nú sannar eigandi geymsluskipis með vottorði tveggja óvilhallra manna, sem útnefndir séu af hafnarnefnd, að skip hans sé svo þétt, að ekki stafi nein hætta af, hvað leka snertir, þótt það sé mannaust, þá er honum leyfilegt að leggja skipinu og láta það liggja, án þess að menn séu á því, á þeim tíma árs, þegar ekki verður heimtað ljós á skipum. Skyllt er eiganda að flytja skipið úr stað, ef hafnarnefnd krefst þess.

Ljós skulu tendruð á þessum skipum, þegar hafnarnefnd krefst.



21

22. jan.

16. gr.

Meðan skip liggur mannlaust á höfninni, skal ekki sjaldnar en vikulega fara út í það, til þess að líta eftir, hvort legufæri eða annað hafi haggazt eða bilað, og ef svo reynist, skal lagfæra það svo fljótt sem auðið er.

Hafnarsjóður ber enga ábyrgð á skipum þeim, sem lagt er í lægi á höfninni.

## VII. KAFLI

### Um lestargjald.

17. gr.

Öll skip, seglskip, gufuskip og vélskip, stærri en 12 smál. brúttó, hvort sem þau eru tóm, eða hlaðin vörum eða seglfestu, skulu greiða lestargjald (hafnargjald) í hvert sinn, sem þau leggjast við festar á höfninni. Undanþegin eru þó herskip, varðskip, björgunarskip, vitaskip ríkissjóðs, skip, sem hafa skirteini sem skemmtiskip, vísindaleg rannsóknarskip, skip, sem sanna fyrir sjórétti, að þau hafi orðið að leita hafnar vegna sjóskemmda, skip, sem eingöngu leita hafnar vegna veikinda, og skip, sem leita hafnar í þeim erindum að leggja, líta eftir eða gera við sæsimann.

- a) Skip, sem eru eign búsettra manna á Seyðisfirði og skrásett þar og ekki eru í millilandasiglingum, skulu greiða lestargjald einu sinni á ári, 50 aura af hverri brúttó smálest.
- b) Önnur innlend fiskiskip, 12—50 brúttó smálestir, greiða 10 aura af hverri brúttó smálest í hvert skipti, sem þau koma til hafnar.
- c) Skip, sem sigla eftir opinberum áætlunum, skulu greiða 5 aura af hverri nettó smálest, í hvert sinn sem þau leggjast á höfnina.
- d) Öll önnur skip, sem til hafnar koma, skulu greiða 10 aura lestargjald af hverri nettó smálest.

Ef skip liggur á höfninni lengur en 14 daga, skal það greiða hálfst lestargjald að nýju fyrir hverja 14 daga eða brot úr þeim. Hafi skip verið tekið á land til viðgerðar, telst sá tími ekki með, sem það stóð uppi, né heldur þegar skip liggja á höfn vegna þess, að hafis lokar henni.

## VIII. KAFLI

### Um bryggjugjald.

18. gr.

- a) Gjald af bryggju hafnarsjóðs:

Hvert skip, sem leggst við bólvirki eða bryggju, skal greiða bryggjugjald af nettóstærð skipsins, talið í heilum smálestum, en brotum skal sleppa. Gjaldið skal greiða fyrir hvern sólarhring eða hluta af sólarhring, 6 aura af hverri smálest. Skip, sem liggur við hlið annars skips, sem liggur við bryggju á höfninni, skal greiða hálfst bryggjugjald, samkvæmt framansögðu.

Varðskip, herskip, vísindaleg rannsóknarskip og skip, sem koma að bryggju aðeins til þess að taka vatn, eru undanþegin bryggjugjaldi.

- b) Gjald af bryggju einstaklinga:

Flutningaskip greiða hálfst bryggjugjald í hafnarsjóð.

Framangreindar reglur gilda einnig um þau skip, sem liggja við geymsluskip.

IX. KAFLI  
Um vörugjald.

21

22. jan.

## 19. gr.

Vörugjaldið skal greiða af öllum vörum og skepnum, lifandi og dauðum, sem fermdar eru eða affermdar á höfninni, með þeim undantekningum, sem getur um í næstu greinum.

## 20. gr.

Af vörum, sem samkvæmt farmskrá skipsins eru ákveðnar til umhleðslu og eiga því ekki að leggjast á land, nema um stundarsakir, greiðist aðeins hálf gjald.

Af vörum, sem settar eru á land og eiga að fara aftur með sama skipi, enda sé svo ákveðið í farmskrá, greiðist ekkert gjald.

## 21. gr.

Þessar vörur eru algerlega undanþegnar vörugjaldi:

- a) Umbúðir, sem endursendar eru, enda sé þess getið á farmskránni.
- b) Vistir og aðrar nauðsynjar skipa og báta til eigin notkunar, sem fluttar eru úr landi.
- c) Póstflutningur og venjulegur farþegaflutningur.
- d) Vörur, sem fluttar eru úr herskipi eða í herskip.
- e) Vörur og tæki til hafnarinnar og annarra fyrirtækja bæjarins.

## 22. gr.

Vörugjaldið skal reikna eftir máli eða þyngd með umbúðum. Brot úr gjald-einingu telst heil gjaldeining. Fara skal eftir farmskrá skipa við útreikning vörugjalds, og er skipstjóri skyldur að láta bæjarstjóra í té eftirrit af farmskrá skips hans. Sé engin farmskrá, skal skipstjóri gefa drengskaparvottorð um vörumagn, sem skip hans hefur fermt eða affermt. Þyki bæjarstjórn ástæða til, getur hann, hvenær sem er, látið ákveða vörumagnið á þann hátt, sem hann telur hentugast. Reynist vörumagnið meira en upp var gefið, greiðir skipið kostnaðinn.

Ef ýmsar vörutegundir eru í sömu umbúðum, skal reikna vörugjaldið eftir þeirri tegund, sem hæst gjald skal greiða af.

## 23. gr.

Vörur skal flokka til vörugjalds eftir því, sem vöruskrá tiltekur og gjald greiðast, eins og þar segir.

Ef vafi leikur á því, í hverjum flokki skuli telja einhverja vöru, úrskurðar bæjarstjóri, en úrskurði hans má áfrýja til hafnarnefndar.

## 24. gr.

## Vörugjaldskrá:

## A. Aðfluttar vörur:

1. flokkur: Gjald 10 aurar af hverjum 100 kg: Kol, salt, sement.
2. flokkur: Gjald 15 aurar af hverjum 100 kg: Alls konar óunnið járn, eldavélar, bárujárn, saumur, timbur, sem reiknað er eftir þyngd, legsteinar, eld-fastur leir, gólf- og veggflisar, eldfastir steinar, garðávextir.
3. flokkur: Gjald 20 aurar af hverjum 100 kg: Korn- og mjölvörur, kjöt, gufuvélar, benzínvélar, varahlutir til véla, tjara, bik, asfalt, asbest, kaðlar, pappi til húsagerðar, vatnsleiðslu- og miðstöðvarvörur, heyvinnuvélar, plógar, herfi, sykur, fóðurbætir, kalk, fræ, tilbúinn áburður, oliur og benzín til eldsneytis, til ljósa eða á mótora.

- 21 4. flokkur: Gjald 30 aurar af hverjum 100 kg: Bifreiðar og varahlutir til þeirra,  
22. jan. feiti og oliur til smjörlikisgerðar og sápugetar, strigi, tvistur, hessian, bindigarn.
5. flokkur: Gjald 10 aurar af hverjum 10 kg: Málningarvörur og efni til málninga, lakk, kitti, lím, gibs, veggfóður, hráefni til iðnaðar, svo sem sýrur, essensar, brennisteinn o. þ. h., hráefni til kaffibætisgerðar, kornvörur og óunnið kork, brauðvörur, kex, linoleum, gúmmi og gúmmivörur, pappír og pappírsvörur, blek, baðlyf, ljósaefni, svo sem vax, carbid, glycose o. þ. h., olúfatnaður, macaroni, útgerðarvörur, svo sem línur, önglar, net, nætur, lengdar- og hraðamælar til skipa.
6. flokkur: Gjald 15 aurar af hverjum 10 kg: Niðursuðuvörur, blikkvörur, tin, zink, hjólhestar og varahlutar til þeirra, seglgarn, umbúðagarn, ger og efni í það, olíuofnar, verkfæri, svo sem smíðatól, rekur, skóflur o. þ. h., vörur úr kopar, eir, messing, bronce o. þ. h., emalleraðar vörur, leirvörur, smávélar, svo sem þrjónavélar, saumavélar, skilvindur, smáiðnaðarvélar o. þ. h., hreinlætisvörur, svo sem þvottaefni, skó-, gólf- og húsgagnaáburður, gólfklútar, glervörur, ölgerðarvörur og hráefni til ölgerðar, burstavörur og efni til burstagerðar, smá járnvara (isekram), svo sem skrár og lamir, eldhúsáhöld, barnavagnar, dívanar og efni í þá, skóáburður, leður og leðurvörur, bókunarvörur, lyfjavörur, ávextir.
7. flokkur: Gjald 25 aurar af hverjum 10 kg: Rafmagnsvörur, kryddvörur, ljósmyndavörur, viðtaki, eldspýtur, smá hljóðfæri og tónvelaplötur, skrifstofuáhöld, vefnaðarvörur, klukkur, mælar og sínar, áttavítar, sportvörur, skot, skotfæri, sprengiefni, sælgæti, súkkulaði, kakaóduft, te, kaffi, kaffibætir, húsgögn, peningaskápar, jólatré, leikföng, sýnishorn o. þ. h.
8. flokkur: Gjald 100 aurar af hverjum 10 kg: Tóbaksvörur, tóbak, vín og spíritus.
9. flokkur: Gjald 4 aurar af hverju teningsfeti: Trjáviður, sem reiknast í teningsfetum.
10. flokkur: Gjald 10 aurar af hverju teningsfeti: Allar aðrar vörur, sem reiknast eftir rúmmáli.
11. flokkur: Gjald 5 aurar af hverju stykki: Tómar tunnur og föt.

#### B. Útfluttar vörur:

1. flokkur: Gjald 20 aurar af hverjum 100 kg: Ull, ullarvörur, hert skinn, sundmagi.
2. flokkur: Gjald 15 aurar af hverjum 100 kg: Síldarmjöl, fiskimjöl, lýsi.
3. flokkur: Gjald 10 aurar af hverjum 100 kg: Aðrar vörur, sem reiknast eftir þyngd.
4. flokkur: Gjald 25 aurar af hverri tunnu: Krydduð, sykursöltuð eða flött síld.
5. flokkur: Gjald 15 aurar af hverri tunnu: Kjöt.
6. flokkur: Gjald 10 aurar af hverri tunnu: Saltsíld.
7. flokkur: Gjald 2 aurar af hverju teningsfeti: Rjúpur og aðrar vörur, sem reiknast eftir rúmmáli.
8. flokkur: Gjald 50 aurar af hverju stykki: Hestar, nautgripir.
9. flokkur: Gjald 10 aurar af hverju stykki: Kindur.
- Lægsta gjald í öllum flokkum af að- og útfluttum vörum skal þó aldrei vera minna en 20 aurar, og aldrei tekið tvisvar gjald af sömu vöru. Hafnarnefndinni heimilast að undanþiggja vörugjaldi innlendar afurðir, sem fluttar eru að eða frá bænum í smærri stíl.

## X. KAFLI

## Um innheimtu og greiðslu hafnargjalda.

21

22. jan.

## 25. gr.

Bæjarstjóri sér um innheimtu allra tekna hafnarsjóðs.

## 26. gr.

Gjalddagi lestargjalda er, þegar skipið hefur lagzt á höfnina, gjalddagi bryggjugalda, þegar skip hefur lagzt við bryggju eða skip og gjalddagi vörugjalda, þegar skipið, sem vörurnar flytur, er komið á höfnina, ef um aðfluttar vörur er að ræða. Sé um útflutta vöru að ræða, fellur vörugjald af þeim í gjalddaga, þegar vörurnar eru komnar í skip.

Gjalddagi þeirra gjalda, sem eiga að greiðast einu sinni á ári, er 1. júlí.

## 27. gr.

Skipstjóri ber ábyrgð á greiðslu lestargjalds og bryggjugjalds. Ef enginn skipstjóri er á skipinu, ber eigandi þess ábyrgð á greiðslu gjaldanna.

Móttakandi ábyrgist vörugjald af aðfluttum, en sendandi af útfluttum vörum, auk þess skipstjóri, sé farmur skips ekki skráður.

Hafnarsjóður hefur haldsrétt í skipi fyrir lestargjaldi og bryggjugjaldi, en í vöru fyrir vörugjaldi, unz gjöldin eru greidd að fullu.

## 28. gr.

Öll gjöld samkvæmt reglugerð þessari má taka lögtaki.

## XI. KAFLI

## Ýmis ákvæði.

## 29. gr.

Um skaðabótaskyldu fyrir skemmdir á höfninni, mannvirkjum hennar eða áhöldum, fer eftir almennum lagareglum.

Ef samningum verður ekki við komið um skaðabætur fyrir skemmdir á höfninni, mannvirkjum hennar eða áhöldum, skulu þær ákveðast af þremur óvilhöllum, dómkvöddum mönnum. Hvorum aðila um sig er heimilt að krefjast yfirmats, en gera skal það áður en einn mánuður sé liðinn frá því að matsgerð var lokið. Yfirmat skal framkvæmt af fimm óvilhöllum, dómkvöddum mönnum. Kostnaðinn við yfirmat greiðir sá, sem þess hefur krafizt, ef matsupphæðinni verður ekki breytt honum í vil meira en 10%. Að öðrum kosti greiðir hinn aðili kostnaðinn.

## 30. gr.

Sá, sem hefur bakað sér refsingu eða skaðabótaskyldu fyrir brot á reglugerð þessari, má ekki fara burt úr höfninni meðan mál hans er óútkljáð, nema hann setji tryggingu, sem bæjarstjóri tekur gilda.

## 31. gr.

Enginn skipstjóri má vanta þess, að fá afgreiðslu fyrir skip sitt hjá lögreglustjóra, nema hann sanni, að hann hafi greitt gjöld þau, sem innheimtumaður hafnarinnar á að innheimta, svo og sektir og skaðabætur, sem honum ber að greiða.

## 32. gr.

Hverja þá skipun, sem samkvæmt reglugerð þessari má gefa skipi, skal gefa stýrimanni, ef skipstjóri er ekki í skipi, og ekki umboðsmaður hans. Ef stýrimaður

21 er fjarverandi, má gefa einhverjum öðrum af skipshöfninni skipunina, og er það 22. jan. jafngilt, sem skipstjóri hefði fengið skipunina sjálfur.

33. gr.

Brot gegn reglugerð þessari varða sektum allt að 400 krónur, nema þyngri refsing liggji við samkvæmt almennum lögum.

Sektirnar renna í hafnarsjóð Seyðisfjarðar.

34. gr.

Með mál út af brotum á reglugerð þessari skal farið sem almenn lögreglumál.

35. gr.

Reglugerð þessi öðlast þegar gildi, og er þá um leið úr gildi numin hafnarreglugerð fyrir Seyðisfjarðarkaupstað frá 17. maí 1916, svo og öll önnur ákvæði, sem kunna að fara í bág við reglugerð þessa.

Reglugerð þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 76 14. nóvember 1917 til þess að öðlast gildi 1. febrúar 1941, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

*Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 22. janúar 1941.*

**Ólafur Thors.**

*Páll Pálmason.*

22

25. jan.

## AUGLÝSING

um undanþágu frá ákvæðum reglugerðar, dags. 9. okt. 1940, um skyldu skipa og flugfara til að koma á tilteknar hafnir eða hafnarstaði, til þess að fá fyrstu og síðustu afgreiðslu hér á landi.

Á tímabilinu 25. janúar til 25. apríl þ. á., að báðum dögum meðtöldum, geta fær-eyisk skip, sem flytja frystan eða ísvarinn fisk til Bretlands, fengið fyrstu og síðustu afgreiðslu á Hornafirði.

Skipin mega enga farþega flytja.

*Fjármálaráðuneytið, 25. janúar 1941.*

F. h. r.

**Magnús Gíslason.**

*Einar Bjarnason.*

Staðfesting ráðuneytis Íslands á skipulagsskrá fyrir „Sjóð til verndar andlegu frelsi íslenzkra rithöfunda“, útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dóms- og kirkjumálaráðherra 27. janúar 1941.

Skipulagsskráin er þannig:

## SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Sjóð til verndar andlegu frelsi íslenzkra rithöfunda.

### 1. gr.

Sjóður þessi er stofnaður 23. marz 1940 af Halldóri Kiljan Laxness rithöfundi, í tilefni af úthlutun Menntamálaráðs á styrktarfé til rithöfunda, skálda og annarra listamanna árið 1940.

Stofnfé sjóðsins er kr. 1800.00.

### 2. gr.

Tilgangur sjóðsins er að vernda andlegt frelsi íslenzkra rithöfunda.

### 3. gr.

Höfuðstól sjóðsins má aldrei skerða, og skal jafnan ávaxta hann í sem tryggustum ríkisskuldabréfum. Allir vextir skulu lagðir við höfuðstólinn, unz hann er orðinn, ásamt gjöfum, er honum kunna að áskotnast, fullar kr. 50000.00. Eftir það leggst  $\frac{1}{4}$  vaxtanna við höfuðstólinn, en að öðru leyti skal þeim varið til styrkveitinga samkvæmt 4. gr., þegar um slíka styrkþega er að ræða, sem þar greinir.

### 4. gr.

Styrkja úr sjóðnum skulu njóta íslenzkir, starfandi rithöfundar, sem fengið hafa opinberan rithöfundastyrk, en síðan verið sviptir honum að meira eða minna leyti, að því er ætla má beinlínis eða óbeinlínis vegna skoðana sinna. Nú er um fleiri styrkþega en einn að ræða á sama ári, og skal þá skipta á milli þeirra úthlutaðri styrkuppþæð í réttu hlutfalli við þann styrk, sem þeir, hvor um sig, hafa verið sviptir. Aldrei má styrkveiting úr sjóðnum til rithöfundar nema meiru á ári en þeim styrk, er hann hefur verið sviptur.

Ef styrk er ekki úthlutað eitt ár eða fleiri eða  $\frac{3}{4}$  vaxtanna ekki að fullu, er heimilt að draga þann hluta vaxtanna saman til úthlutunar síðar.

Nú hefur um engan styrkþega verið að ræða í 10 ár samfleytt og má þá verja því fé, sem beðið hefur úthlutunar, til viðurkenningar einum eða fleiri íslenzkum rithöfundum, sem í ritum sínum þykja sérstaklega hafa talað máli andlegs frelsis.

### 5. gr.

Stjórn sjóðsins og úthlutun styrkja úr honum skulu annast 3 menn: Hinn fyrsti þeirra skal vera kennarinn í íslenzkri bókmenntasögu við Háskóla Íslands, annar tilnefndur af rithöfundadeild Bandalags íslenzkra listamanna, eða, ef það verður lagt niður, öðru félagi íslenzkra rithöfunda, er til þeirrar stofnunar telst svara, og hinn þriðji tilnefndur af hinum tveimur með sérstöku tilliti til þess, að hann sé kunnur að því að unna og halda í heiðri andlegu frelsi. Nú verður ekki samkomulag um þriðja mann, og skal þá skorið úr með hlutkesti.

### 6. gr.

Að öðru leyti skal sjóðurinn hlíta þeim almennu fyrirmælum, sem á hverjum tíma kunna að gilda og miða til tryggingar sem öruggastri varðveizlu opinberra sjóða og því, að þeir starfi samkv. skipulagsskrám sínum og sem næst vilja stofnendanna.

Leita skal staðfestingar konungs á skipulagsskrá þessari.

## REGLUR

### um samstarf ritstjórnar ríkisútgáfu námsbóka og fræðslumálastjórnar.

#### 1. gr.

Ráðherra gefur út, að fengnum tillögum fræðslumálastjóra og ritstjórnar, skrá yfir námsbækur þær, sem nauðsynlegar eru til þess, að uppfyllt verði ákvæði fræðslulaganna um það, sem krafist er til fullnaðarprófs. Jafnframt gera sömu aðilar tillögur um efni og efnismeðferð námsbókanna.

#### 2. gr.

Í hvert skipti, sem gefa þarf út námsbók, skal ríkisútgáfan gera fræðslumálastjóra aðvart. Hafi ekki komið fram óskir til ríkisútgáfu eða fræðslumálastjóra um breytingar á viðkomandi námsbók, má gefa hana út áfram, að öðrum kosti skal fræðslumálastjóri leita álits skólaráðs.

#### 3. gr.

Telji skólaráðið að gefa þurfi út nýja bók í einhverri lögboðinni námsgrein, skal það senda ríkisútgáfunni rökstuddar tillögur um það, ásamt kröfum sínum eða leiðbeiningum um efni og efnismeðferð bókarinnar.

#### 4. gr.

Verði um tvær eða fleiri ólíkar námsbækur að ræða í sömu námsgrein — eða ákveðnar og rökstuddar tillögur komi um að svo verði (sbr. 3. gr.) — skal ríkisútgáfan verða við þeim óskum, eins fljótt og ástæður leyfa.

#### 5. gr.

Ríkisútgáfan ræður, í samráði við fræðslumálastjóra, mann eða menn, til þess að semja námsbækur eða búa undir prentun. Skylt er að senda skólaráði öll handrit til álits og umsagnar.

#### 6. gr.

Ríkisútgáfan annast um útgáfu, frágang og útsendingu námsbókanna. Stærð upplaganna skal ákveðin í samráði við fræðslumálastjóra.

#### 7. gr.

Verði ágreiningur út af reglum þessum, sker kennslumálaráðherra úr.

Reglur þessar eru settar samkvæmt lögum nr. 82 23. júní 1936, um ríkisútgáfu námsbóka, lögum nr. 35 19. maí 1930, um fræðslumálastjórn og lögum nr. 19 7. maí 1928, um fræðslumálanefndir.

Reglur þessar staðfestast hér með.

*Í kennslumálaráðuneytinu, 27. janúar 1941.*

**Hermann Jónasson.**

*Gústav A. Jónasson.*

## REGLUGERÐ

25

28. jan.

### um skyldu til að halda eftir af kaupi upp í skattgreiðslur.

#### 1. gr.

Hafi skattgreiðandi, er tekur laun eða þóknun hjá öðrum, eigi greitt tekju- og eignarskatt sinn til ríkissjóðs að fullu, og sá tími er kominn, er krefjast má lögtaks til tryggingar greiðslunni, getur innheimtumaður skattsins skriflega gert þá kröfu til kaupgreiðanda, að hann haldi eftir af kaupi eða þóknun skattgreiðanda nægilegri fjárhæð til að greiða hinn vangoldna skatt, ásamt dráttarvöxtum og kostnaði.

#### 2. gr.

Til lúkningar greiðslum þeim, sem um ræðir í 1. gr., skal þó ekki haldið eftir meira en  $\frac{1}{5}$  af því kaupi eða þóknun, sem til útborgunar á að koma í hvert sinn, ef í hlut á skattgreiðandi, sem á fyrir heimili að sjá, en ella  $\frac{1}{3}$ .

#### 3. gr.

Kaupgreiðandi, sem fyrir hefur verið lagt á þann hátt, sem um ræðir í 1. gr., að halda eftir af kaupi eða þóknun, skal við næstu útborgun — þar með taldar hvers konar uppigreiðslur — kaups eða þóknunar og framvegis við útborganir, þar til hin umkröfðu gjöld eru að fullu greidd, draga af kaupi eða þóknun skattgreiðanda þann hluta þess, er heimilt er að halda eftir samkvæmt 2. gr., og skal hverri þeirri fjárhæð, sem þannig er haldið eftir, skilað innheimtumanni innan tveggja virkra daga frá hverjum útborgunardegi talið, og er sú greiðsla bindandi fyrir skattgreiðanda.

#### 4. gr.

Skattgreiðandi eða kaupgreiðandi mega ekki slíta vinnusamningi fyrir það eitt, að krafizt hefur verið, að skattur skuli greiddur af kaupi skattgreiðanda.

Ef kaupgreiðandi greiðir skattgreiðanda kaup eða þóknun án þess að halda eftir þeirri fjárhæð, sem áskilin er í reglugerð þessari, að haldið skuli eftir, eða hann greiðir eigi innheimtumanni, svo sem segir í 3. gr., fé, er hann hélt eftir, samkvæmt kröfu innheimtumanns, þá ábyrgist hann innheimtukröfuna sem eigin skuld að því leyti, sem hún var, eða hefði getað verið innheimt.

#### 5. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt 45. gr. laga nr. 6 9. júní 1935, um tekju- og eignarskatt, óðlast þegar gildi, og birtist hér með til eftirbreytni öllum, sem hlut eiga að máli.

*Fjármálaráðuneytið, 28. janúar 1941.*

**Jakob Möller.**

*Magnús Gíslason.*



26  
7. febr.

## AUGLÝSING

um breyting á erindisbréfi fyrir fiskimatsmenn, nr. 71 3. júlí 1933.

Fyrsti málsliður 5. gr. erindisbréfsins orðist svo:

Fyrir vinnu sína fá fiskimatsmenn ákveðið kaup um hverja klukkustund. Sé það miðað við almennt verkkaup, sem um er samið milli atvinnurekanda og verkamanna í þeim bæ eða héraði, sem fiskimatsmaður er búsettur í, eða það kaup, sem kann að verða lögboðið, að viðbættu 40% uppbót á hin almennu vinnulaun á hverjum tíma. Þetta kaup fá þeir fyrir alla vinnu við fiskimat, hvort sem það er við flokkun fisksins, umsjón með vigtun hans, útskipun, hleðslu eða annað.

*Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 7. febrúar 1941.*

**Ólafur Thors.**

*Páll Pálmason.*

27  
25. febr.

## REGLUGERÐ

um sérstakan tímareikning.

Samkvæmt lögum nr. 8 16. febrúar 1917, um heimild handa ráðuneytinu til ákvörðunar sérstaks tímareiknings, eru hér með sett eftirfarandi ákvæði:

Frá og með 2. marz 1941, þar til öðruvísi kann að verða ákveðið, skal hafa sérstakan tímareikning á Íslandi, þannig, að klukkan verði færð fram um eina klukku-stund frá svonefndum islenzkum meðaltíma.

Þetta kemur til framkvæmda þannig, að klukkan eitt eftir miðnætti eftir islenzkum meðaltíma aðfaranótt sunnudagsins 2. marz, færist klukkan fram um eina klukku-stund og verður tvö.

*Í dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 25. febrúar 1941.*

**Hermann Jónasson.**

*Gústav A. Jónasson.*

28  
25. febr. Staðfesting ráðuneytis Íslands, handhafa konungsvalds, á skipulagsskrá fyrir „Drykkjumannahællissjóð Jóns Pálssonar og Önnu Sigríðar Adolfsdóttur“, útgefin á venjulegan hátt að mandatun af dóms- og kirkjumálaráðherra 25. febrúar 1941. Skipulagsskráin er þannig:

## SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Drykkjumannahællissjóð Jóns Pálssonar og Önnu Sigríðar Adolfsdóttur.

1. gr.

Sjóðurinn er stofnaður af Jóni Pálssyni, fyrrv. bankagjaldkera, og konu hans, Önnu Sigríði Adolfsdóttur, til minningar um látna foreldra þeirra beggja, Pál hreppstjóra Jónsson, bónda að Syðra-Seli í Stokkseyrarhreppi, og konu hans, Margréti

ljósmóður Gísladóttur, sama staðar, og Kristinn Adolf Adolfsson, bónda og for- 28  
mann á Stokkseyri, og konu hans, Ingveldi Ásgrimsdóttur, sama staðar. 25. febr.

## 2. gr.

Sjóðurinn heitir Drykkjumannahælis sjóður Jóns Pálssonar og Önnu Sigríðar Adolfsdóttur.

## 3. gr.

Stofnfé sjóðsins er tilfallnir og tilfallandi vextir af 20 þúsund króna gjöf, er fyrrnefnd hjón gáfu með gjafabréfi 17. maí 1939, til þess að reisa drykkjumannahæli. Skulu allir vextir af gjöf þessari renna í sjóðinn, þar til gjöfin verður notuð til hælisyggingar. Enn fremur tekur sjóðurinn við gjöfum og áheitungum.

## 4. gr.

Sjóðurinn skal vera í vörzlum þeirrar deildar Stjórnarráðs Íslands, er heilbrigðismál heyra undir og ber að ávaxta fé hans á sem tryggilegastan hátt.

## 5. gr.

Höfuðstól sjóðsins má aldrei skerða. Leggja skal alla vexti við höfuðstólinn þar til hann er orðinn 10 þúsund krónur. Þegar höfuðstóllinn hefur náð þeirri upphæð má nota hálfa vexti til úthlutunar árlega, en þegar sjóðurinn er orðinn 50 þúsund krónur má úthluta úr honum  $\frac{3}{4}$  hlutum árlega í því skyni, er segir í 6 gr. En þegar sjóðurinn er orðinn 100 — eitt hundrað — þúsundir króna, má úthluta  $\frac{1}{10}$  — níu tiundu — hlutum vaxtanna.

## 6. gr.

Styrkir úr sjóðnum skulu einvörðungu notaðir til hjálpar bágstöddum konum og börnum manna þeirra, er í hælið kunna að fara, án þess þó að styrkveitingar þessar nokkru sinni eða á neinn veg dragi úr öðrum styrkveitingum eða framfærslu þeim til handa og veittar verða konum þessum og börnum annars staðar frá, t. d. nauðsynlegur sveitarstyrkur, sjúkrahjálparkostnaður, aukin atvinna, örorkubætur, eða annað því líkt, er þau kunna að eiga tilkall til samkvæmt lögum. Sjóðurinn tekur ekki til starfa fyrr en drykkjumannahælið hefur verið reist.

## 7. gr.

Komi til þess, vegna aukinnar menningar í landinu, að drykkjumannahælis sjóður teljist óþarfur, þá skal sjóður þessi, samkvæmt nánari ákvörðun stjórnar sjóðsins, renna til slysavarna á sjó eða landi og bera nöfn gefendanna.

## 8. gr.

Þegar sjóðurinn tekur til starfa, skal stjórn hans skipuð fimm mönnum: 1) Skrifstofustjóra þeirrar deildar stjórnarráðs Íslands, er heilbrigðismál heyra undir; 2) borgarstjóra Reykjavíkurbæjar; 3) einum manni kosnum af Stórstúku Íslands I. O. G. T.; 4) einum manni kosnum af Landsstórstúku Íslands I. O. O. F.; 5) lækni drykkjumannahælisins. Taka þeir sæti í stjórninni nú þegar og hafa íhlutun um það, hvar og hvenær hælið verður reist og aðalfjárhæðin (20 þús. krónurnar) skuli notuð. Meðan læknir hælísins er eigi ráðinn eða skipaður, tekur landlæknirinn yfir Íslandi sæti í stjórninni og heldur hann því sæti, unz læknir hælísins er ráðinn eða skipaður.

Stjórnin vinnur kauplaust.

## 9. gr.

Stjórn sjóðsins ber að halda gerðabók fyrir sjóðinn og færa í hana skipulagskrána, fundarsamþykktir, styrkveitingar og annað, sem varðar hag og rekstur sjóðs-

28 ins. Sjóðstjórninni ber enn fremur að færa bók yfir eignir sjóðsins, tekjur og gjöld  
25. febr. hans, og færa í hana ársreikninga sjóðsins.

## 10. gr.

Reikningsár sjóðsins skal vera almanaksárið, og skal reikningur gerður í marz-  
mánuði ár hvert og reikningurinn birtur í Lögbirtingablaðinu.

## 11. gr.

Leita skal konungsstaðfestingar á skipulagsskrá þessari og hún birt í B-deild  
Stjórnartíðindanna.

Reykjavík, 23. febrúar 1941.

Jón Pálsson.

Anna S. Adólfsdóttir.

29

4. marz

**REGLUGERÐ****um skemmtanaskatt í Bólstaðarhlíðarhreppi í Húnavatnssýslu.**

## 1. gr.

Samkvæmt lögum nr. 34 frá 22. nóvember 1918, sbr. lög nr. 30 19. júní 1922 og  
lög nr. 61 11. júní 1938, skal greiða skatt af skemmtunum fyrir almenning, öðrum  
en héraðsmótum ungmennafélaga, sem haldnar eru í Bólstaðarhlíðarhreppi og að-  
gangur er seldur að, og ekki eru undanþegnar skatti með lögum.

## 2. gr.

Þessar skemmtanir eru skattskyldar og flokkast þannig:

## 1. flokkur:

- a. Hljómleikar og söngskemmtanir.
- b. Sjónleikir.
- c. Kappleikir og íþróttasýningar, sem aðrir en áhugamenn taka þátt í.
- d. Fyrirlestrar og upplestrar.

## 2. flokkur:

- a. Dansleikir.
- b. Danssýningar.
- c. Loddara- og fjölleikasýningar.
- d. Aðrar almennar skemmtanir, sem aðgangur er seldur að og ekki eru taldar  
hér sérstaklega.

## 3. gr.

Af skemmtunum þeim, sem taldar eru í fyrra flokki, skal greiða 10% og 20%  
af skemmtunum í öðrum flokki. Ef skemmtun er margþætt, skal miða skattinn við  
þann þáttinn, sem hæst er skattaður.

## 4. gr.

Hreppsnefnd Bólstaðarhlíðarhrepps hefur eftirlit með að reglugerð þessari sé  
hlýtt, sér um innheimtu skattsins og er heimilt að hafa eftirlit með skemmtunum  
og sölu aðgöngumiða. Getur hún ráðið til þess sérstakan mann, er nefnist eftir-  
litsmaður skemmtana.

## 5. gr.

Hver sá, er halda vill skattskylda skemmtun, skal tilkynna oddvita eða eftir-  
litsmanni skemmtana, hvar og hvenær hún skuli haldin, og afhenda honum til  
stimpunar í tæka tíð alla þá aðgöngumiða, er nota á við skemmtunina.

Eigi síðar en þrem dögum eftir að samkomu er lokið, skal sá, er fyrir henni stóð, afhenda oddvita eða eftirlitsmanni alla ónotaða aðgöngumiða, og greiða um leið skatt samkvæmt 3. gr. af öllum þeim miðum, sem notaðir hafa verið. 29 4. marz

#### 6. gr.

Forstöðumaður skemmtunar ber ábyrgð á greiðslu skattgjaldsins. Ef fleiri en einn maður standa fyrir skemmtun, ábyrgist einn fyrir alla og allir fyrir einn, eða ef um félag er að ræða, þá allir stjórnendur þess á sama hátt.

#### 7. gr.

Skattatekjur samkvæmt reglugerð þessari renna til bókasafns hreppsins. Reikningar bókasafnsins skulu fylgja hreppsreikningum og endurskoðast og úrskurðast með þeim.

#### 8. gr.

Brot gegn reglugerð þessari varða sektum allt að 500 krónum. Sé brotinu þannig háttáð, að dreginn hafi verið undan skemmtanaskattur, skal sektin ákveðin sem svarar að minnsta kosti tíföldum skatti, sem undan var dreginn, þó aldrei yfir 1000 kr. Mál, sem kunna að risa út af brotum á reglugerð þessari, skal farið með sem almenn lögglumál.

Reglugerð þessi öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

*Í dómsmálaráðuneytinu, 4. marz 1941.*

**Hermann Jónasson.**

*Gústav A. Jónasson.*

## ERINDISBRÉF

30

12. marz

### fyrir skoðunarmann verksmiðja og véla í I. skoðunarumdæmi.

Starf skoðunarmanns skal einkum fólgið í því, sem hér greinir:

Hann skal ferðast um umdæmi sitt, eftir því sem skoðunarstjóri felur honum og skoða eftirlitsskyld fyrirtæki innan umdæmisins. Skal hann líta eftir því, að öllum fyrirmælum um öryggisbúnað og hollustuhætti á vinnustöðvum, sem krafizt er í lögum um eftirlit með verksmiðjum og vélum og reglugerðum, settum samkvæmt þeim, sé framfylgt. Hann skal leiðbeina iðnrekendum og öðrum, er slík mál varða, um allt það, er við kemur öryggi og hollustuháttum á vinnustöðvum.

Undir eftirlit hans heyra öll minni háttar eftirlitsskyld fyrirtæki, og vandalitlar skoðanir innan umdæmisins, þó með þeim undantekningum, sem skoðunarstjóri ákveður í einstökum tilfellum.

Hann skal starfa í náinni samvinnu við skoðunartjóra og vinna á skrifstofu eftirlitsins í Reykjavík, eftir því, sem honum kann að verða falið, og tími vinnst til. Í fjarveru skoðunarstjóra er hann fulltrúi hans og veitir þá skrifstofu eftirlitsins í Reykjavík forstöðu.

Hann telst fastur starfsmaður eftirlitsins og hefur föst laun fyrir starf sitt.

Hann skal undirrita drengskaparheit um, að hann vilji inna starf sitt af hendi samvizkusamlega.

*Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 12. marz 1941.*

**Ólafur Thors.**

*Páll Pálmason.*

31

12. marz

## ERINDISBRÉF

fyrir skoðunarmenn verksmiðja og véla utan I. skoðunarumdæmis.

Starf skoðunarmanna skal einkum fólgið í því, sem hér greinir:

Undir eftirlit hvers skoðunarmanns heyra öll eftirlitsskyld fyrirtæki innan umdæmis hans, að undanskildum þeim fyrirtækjum, sem nota eimkatla með meira en 6 m<sup>2</sup> hitaflæti, eða með samtals meira en 50 hö. aflvélar, þó með þeim undantekningum, sem skoðunarstjóri ákveður í einstökum tilfellum.

Skoðunarmaður skal ferðast um umdæmi sitt í samráði við skoðunarstjóra og skoða öll eftirlitsskyld fyrirtæki, sem undir eftirlit hans heyra innan umdæmisins, að jafnaði einu sinni á ári. Skal hann lita eftir því, að öllum fyrirmælum um öryggisbúnað og hollustuhætti á vinnustöðvum, sem krafizt er í lögum um eftirlit með verksmiðjum og vélum og reglugerðum settum samkvæmt þeim, sé framfylgt og leiðbeina iðnrekendum og öðrum, er slík mál varða, um allt, er við kemur öryggi og hollustuháttum á vinnustöðvum, hvort heldur er úti eða inni.

Ársfjórðungslega skal hver skoðunarmaður gefa skoðunarstjóra skýrslu yfir starf sitt. Einnig ber skoðunarmanni að vera umboðsmaður skoðunarstjóra og framkvæma skyndiskoðanir, sé þess óskað, til dæmis ef slys eða annað óvænt ber að höndum.

Fyrir starf sitt fær hver skoðunarmaður þóknun, sem nemur helmingi af skoðunargjöldum þeirra fyrirtækja, sem hann skoðar, samkvæmt gjaldskrá, eins og hún er á hverjum tíma.

Skoðunarmenn fá greiddan ferðakostnað úr rikissjóði samkvæmt reikningum, er ráðuneytið úrskurðar, og fæðispeninga á ferðum, samkvæmt ákvörðun ráðuneytisins.

Skoðunarmenn skulu undirrita drengskaparheit um, að þeir vilji inna starf sitt af hendi samvirkusamlega.

*Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 12. marz 1941.*

**Ólafur Thors.**

*Páll Pálmason.*

32

5. marz

## REGLUGERÐ

um happdrætti Háskóla Íslands.

1. gr.

Happdrætti háskóla Íslands er sjálfstæð stofnun í eigu háskóla Íslands. Heimili þess, aðalskrifstofa og varnarþing er í Reykjavík.

2. gr.

Stjórn happdrættis háskólans er í höndum þriggja manna nefndar, sem háskólaráð kýs til þess í lok hvers árs fyrir næsta ár á eftir. Stjórnarnefndin kýs sjálf formann sinn og skiptir á annan hátt störfum sín á milli. Nefndin heldur fundi, eftir því, sem þörf krefur, og eru þeir lögmætir, ef meiri hluti nefndarmanna er á fundi. Ályktanir nefndarinnar eru lögmætar, ef meiri hluti nefndarmanna er þeim samþykktur. Bókfæra skal gerðir funda, og gerðabók skal lesin og undirskrifuð í lok hvers fundar. Þóknun nefndarmanna ákveður háskólaráð.

## 3. gr.

Stjórnarnefnd ræður sér til aðstoðar framkvæmdarstjóra og annað starfslið, eftir því sem þörf er á. 5. marz

32

## 4. gr.

Til þess að skuldbinda happdrætti háskólans þarf undirskrift formanns stjórnarnefndar og framkvæmdarstjóra. Þó nægir undirskrift framkvæmdarstjóra eins til þess að ávísanir á inneign happdrættisins í banka séu gildar.

## 5. gr.

Háskólaráð kys árlega 2 endurskoðendur til þess að endurskoða reikninga happdrættisins. Þóknun þeirra er ákveðin af háskólaráði. Reikningsár happdrættis háskólans er almanaksárið.

## 6. gr.

Fjármálaráðuneytið skipar árlega fimm manna happdrættisráð, og skulu að minnsta kosti tveir þeirra vera lögfræðingar. Ráðuneytið skipar formann happdrættisráðsins, en ritara kys það sjálf. Fundi heldur það, eftir því sem þörf krefur, og eru þeir lögfræðingar á fundi, ef meiri hluti ráðsmanna er viðstaddur, enda sé a. m. k. tveir lögfræðingar á fundi, ef úrskurða á samkvæmt 15. gr. Ályktanir happdrættisráðsins eru lögfræðingar, ef meiri hluti þess er þeim samþykkur. Bókfæra skal gerðir funda, og gerðabók skal lesin og undirskrifuð í lok hvers fundar. Formaður fær 600 króna þóknun árlega og aðrir í happdrættisráðinu 400 kr. hver.

## 7. gr.

Stjórn happdrættisins skal, þegar ársreikningar eru tilbúnir og endurskoðaðir, senda happdrættisráði þá til athugunar, og skal jafnframt gefa því skýrslu um starfsemi happdrættisins á síðastliðnu reikningsári. Happdrættisráð hefur, hvenær sem er, aðgang að bókum og skjölum happdrættisins, og eru stjórnarnefnd og starfsmenn skyldir að veita því þá vitneskju um starfsemina, er þeir geta veitt og það óskar að fá. Verði happdrættisráð þess vart, að ákvæði laga nr. 44 19. júní 1933, eða reglugerðar þessarar sé brotin, skal það þegar í stað tilkynna það fjármálaráðuneytinu. Happdrættisráð hefur eftirlit með og úrskurðarvald um dráttu, eins og segir í 13. og 15. gr.

## 8. gr.

Happdrættið gefur út á hverju ári 25000 hluti í 10 flokkum. Vinningar í öllum 10 flokkum samanlögðum skulu vera 6000 og 30 aukavinningar að upphæð samtals kr. 1400000.00.

## 9. gr.

Gefnir eru út heilir, hálfir og fjórðungs hlutamiðar, og verður eigandi hálfis miða greiddur helmingur og fjórðungsmiða fjórðungur þeirrar fjárhæðar, sem unnizt hefur á miðann. Á hvern hlutamiða er prentuð tala (númer) frá 1 til 25000. Auk þess eru hálfu miðarnir merktir A eða B, en fjórðungsmiðarnir A, B, C og D. Heilir hlutamiðar eru bláir að lit, hálfir miðar gulir og fjórðungsmiðar rauðir. Á hvern miða skal prenta nöfn formanns stjórnarnefndar og framkvæmdarstjóra happdrættisins, en umboðsmaður happdrættisins, sem selt hefur miðann, skal rita á hann nafn sitt og heimilisfang. Ef menn kaupa hlutamiða, sem gildir fyrir alla drætti á sama ári (ársmiða), skal prenta aftan á miðann athugasemd þess efnis, og skal hún undirrituð með sama hætti. Enginn miði er gildur fyrr en umboðsmaður happdrættisins hefur ritað á hann nafn sitt, eins og áður segir.

## 10. gr.

Verð heilla miða er 8 kr. í hverjum flokki, hálfra miða 4 kr. og fjórðungsmiða 2 kr. Fyrir ársmiða skal greiða 80 kr. fyrir heilan hlut o. s. frv., en ef eigandi miða

32 vill gera hann að ársmiða, eftir að drættir, einn eða fleiri, hafa farið fram, skal hann 5. marz greiða fyrirfram fyrir þá drætti, sem eftir eru.

Ef menn vilja kaupa hlutamiða, eftir að drættir, einn eða fleiri, hafa farið fram, skal greiða fyrir hann, auk verðs miðans í þeim flokki, einnig samanlagt verð hlutarins í öllum flokkum, sem dráttur hefur áður farið fram í. Fyrir ársmiða, sem keyptir eru eftir að drættir eru byrjaðir og gilda frá söludegi til ársloka, skal greiða 80 kr. fyrir heilan hlut o. s. frv.

Umboðsmenn happdrættisins mega ekki selja hluti þessa öðru verði en hér er sagt, né heldur taka við ágóðahluta, né annarri þóknun, af vinningum, sem falla á þá hluti, sem þeir hafa selt. Hins vegar mega þeir krefjast aukagjalds, sem stjórn happdrættisins ákveður, af þeim viðskiptamönnum, sem óska eftir að fá hlutamiða eða vinningaskrár sent í pósti.

#### 11. gr.

Enginn má selja hlutamiða happdrættisins, nema umboðsmenn þess, er fá miðana beint frá skrifstofu happdrættisins, og er öll önnur verzlun með miðana bönnuð, að viðlögðum sektum, allt að 200 kr.

#### 12. gr.

Endurnýjun hlutamiða til næsta dráttar skal fara fram hjá þeim umboðsmanni, sem hefur ritað nafn sitt á miðann, og innan þess frests, sem greinir á miðanum. Um leið skal afhenda umboðsmanninum hlutamiða næsta flokks á undan.

Ef hlutamiði næsta flokks á undan hefur glatazt, getur eigandi hans sótt skriflega um það til stjórnar happdrættisins, að fá miðann endurnýjaðan, þó því aðeins að umboðsmaður happdrættisins votti samkvæmt hlutabók sinni, að hann hafi átt miðann og enginn annar hafi beiðzt endurnýjunar á honum, áður en fresturinn var liðinn. Fyrir endurnýjunarbeiðni skal greiða 1 kr.

Í upphafi hvers árs eiga menn kost á því að kaupa hlutamiða með sama númeri, sem þeir hafa haft næsta ár á undan, ef þeir snúa sér til umboðsmanns happdrættisins á þeim tíma, sem greinir á hlutamiðum 10. fl., og afhenda honum þann miða, þó því aðeins, að umboðsmaður hafi fengið það númer aftur frá skrifstofu happdrættisins.

Ef viðskiptamaður beiðist endurnýjunar á hlutamiða, hvort sem er milli flokka eða milli 10. fl. og 1. fl. næsta árs, áður en endurnýjunarfrestur er liðinn, en umboðsmaður hefur glatað miðanum eða afhendir hann ekki af öðrum ástæðum, er hann skyldur til að afhenda viðskiptamanni án endurgjalds og á eigin kostnað nýjan miða og standa happdrættinu skil á andvirði þess miða í öllum flokkum, sem þegar hefur verið dregið í. Ef umboðsmaður hefur ekki fleiri miða, skal hann endurgreiða viðskiptamanni á sinn kostnað verð miðans í öllum flokkum á undan.

#### 13. gr.

Daginn áður en dregið er í 1. flokki, skal leggja í hlutastokkinn 25000 miða, sem merktir eru tölunum 1 til 25000 og daginn áður en dregið er í hverjum hinna síðari flokka, skal leggja í hlutastokkinn jafnmarga miða, sem síðast voru úr honum dregnir og með sömu tölum, og skal þá einnig leggja í vinningastokkiinn miða, sem á eru prentaðir vinningar þeir, einn á hvern miða, sem draga skal um í það skipti samkvæmt vinningaskrá, er stjórn happdrættisins semur og happdrættisráð samþykkir fyrirfram fyrir ár hvert.

Miðana skal láta í stokkana að viðstöddum minnst 3 mönnum úr happdrættisráðinu, sem formaður kveður til þessa eftirlits, enda sé hér að lútandi ákvörðun formanns bókuð í neðangreinda dráttabók happdrættisráðs. Eftirlitsmenn þessir fullvissa sig um, að innsigli séu heil á hlutastokk, áður en í hann er látið og að rétt sé

látið í stokkana og innsigla þá síðan með innsigli ráðsins. Skal skýrsla um þetta rituð í téða dráttabók og undirskrifuð af öllum eftirlitsmönnum.

32  
5. marz

Við hvern drátt skulu vera staddir minnst 3 menn úr happdrættisráðinu. Skiptir formaður, með bókun í dráttarbók ráðsins, verkum milli meðlima þess. Skulu þeir hafa eftirlit með því, að þegar dráttur byrjar, séu innsigli heil á stokkunum, að dráttur fari rétt fram og að rétt séu lesnar og bókaðar tölur miðanna.

Í hverjum drætti eru dregnir jafnmargir miðar úr hlutastokknum sem vinningar eru í vinningastokknum.

Fer dráttur þannig fram, að fyrst er dreginn miði úr hlutastokknum og lesin upp tala miðans, sem síðan er afhentur eftirlitsmanni, er athugar, að rétt sé sagt til um töluna. Síðan afhendir eftirlitsmaður öðrum eftirlitsmanni miðann, er dregur hann á þráð, sem festur sé við spjald og innsiglaður með innsigli happdrættisráðs. Þriðji eftirlitsmaðurinn ritar jafnframt tölu miðans í þar til gerða dráttabók, lög-gilta af happdrættisráðinu.

Að þessu loknu er dreginn miði úr vinningastokk og er með hann farið á sama hátt sem fyrr segir, og skal sá miði þræddur á bandið næst eftir miðanum úr hluta-stokknum.

Miði sá, sem dreginn er úr hlutastokknum, hlýtur vinning þann, sem miðinn, er næst þar eftir er dreginn úr vinningastokk, segir til um.

Stjórn happdrættisins ræður menn til að draga úr stokknum og lesa upp tölu hlutamiða, og upphæð á vinningsmiðum. Einnig lætur stjórnin skrá tölur og vinn-ingaupphæðir í sérstaka bók og skal nota hana þegar gerð er vinningaskýrsla að loknum drætti.

Þegar dreginn hefur verið síðasti vinningsmiði í hverjum drætti, skulu eftirlits-menn innsigla þráðinn á annað spjald með innsigli happdrættisráðs.

Þegar að loknum drætti skulu eftirlitsmenn fullvissa sig um, að dregnir hafi verið allir miðar úr vinningastokk, að dregin hafi verið rétt tala hlutamiða og vinningsmiða og bera tölur miðanna saman við báðar gerðabækurnar, þar sem tölurnar eru skráðar. Að því loknu innsigla eftirlitsmenn hlutastokkinn með innsigli happdrættisráðs. Skulu eftirlitsmenn síðan rita í dráttabók happdrættisráðs yfirlýsing um, að dráttur hafi farið fram löglega og svo sem skráð hafi verið í bókina. Dráttabók skal síðan afhent formanni happdrættisráðs.

Eftir hvern drátt lætur happdrættið án tafar prenta skýrslu um vinningana, hvaða hlutamiðar hafi hlotið vinning og hve háan.

Skýrslan skal send öllum umboðsmönnum happdrættisins og vera þar til sýnis viðskiptamönnum.

#### 14. gr.

Um vinninga í 1. fl. skal dregið 10. marz ár hvert og síðan í hverjum flokki 10. hvers mánaðar, en í desember er heimilt að skipta drættinum og draga hinn 10. og 11. Ef dráttardag ber upp á helgidag, skal dregið næsta virkan dag.

#### 15. gr.

Ef ágreiningur ris um lögmati eða gildi dráttanna, meðan dráttur fer fram eða eftir að honum er lokið, skal skjóta honum til úrskurðar happdrættisráðs.

#### 16. gr.

Vinningar verða greiddir á þeim tíma, sem auglýstur er í vinningaskránni, á skrifstofu happdrættisins í Reykjavík, eða þar sem auglýst kann að verða í vinninga-skránni.

Sá, sem vinning hefur hlotið, skal snúa sér til þess umboðsmanns happdrættisins, sem hefur ritað undir miðann, og skal umboðsmaðurinn rita aftan á miðann vottorð



32 um, að hann hafi hlotið vinning og hve háan. Vinningurinn verður síðan greiddur  
5. marz gegn afhendingu hlutamiðans, og losnar happdrættið með því undan frekari greiðslu-  
skyldu, þó að aðrir kynnu síðar að sanna betra rétt til vinningsins.

Ef mótmæli koma fram gegn greiðslu vinnings til handhafa hlutamiðans, áður en greiðsla vinninganna hefst samkvæmt vinningaskránni, skal happdrættið leggja vinn-  
inginn í sparisjóð og afhenda síðan með áföllnum vöxtum þeim, sem með dómi eða á annan hátt sannar eignarrétt sinn á vinningnum. Ef aðilar hafa ekki innan þriggja mánaða frá því að mótmæli koma fram, komið sér saman um greiðslu vinningsins, greiðir happdrættið handhafa miðans vinninginn með áföllnum vöxtum, nema sannað sé fyrir stjórn happdrættisins, að mál sé þingfest um eignarrétt vinningsins.

Ef miði glatast, sem hlotið hefur vinning, getur eigandi hans snúið sér til happ-  
drættisstjórnar með beiðni um að fá vinninginn greiddan, enda votti umboðsmaður sá, sem seldi miðann, samkvæmt hlutabók sinni, að umsækjandi hafi keypt af honum miðann. Ekki verður slíkri beiðni sinnt, ef hún er ekki komin í hendur happdrættis-  
stjórnar innan 6 mánaða frá því að dregið var, enda hafi vinningurinn ekki verið greiddur gegn afhendingu miðans áður en beiðnin kom fram. Slíkri beiðni skal fylgja 1 kr. gjald.

#### 17. gr.

Allir vinningar verða greiddir án nokkurs frádráttar, þó þannig, að sá, sem vinn-  
ing hlýtur, er skyldur til þess að kaupa hlut jafnstóran (heilan, hálfan eða fjórðung) í öllum þeim flokkum, sem eftir eru á árinu, og verður andvirði hlutarins dregið frá vinningnum og gefinn út ársmiði fyrir. Ef vinningur fellur á ársmiða, verður ekki um neinn frádrátt að ræða.

Sá, sem hlýtur vinning í 10. flokki, skal þó skyldur til þess að kaupa hlut jafn-  
stóran hinum, sem hann vann á, í 1. flokki næsta árs, og skal kaupverðið dregið frá vinningnum.

Samkvæmt lögum um stofnun happdrættis fyrir Ísland skal ekki taka tillit til vinninga í happdrættinu við útreikning tekjuskatts eða aukaútsvars það ár, sem vinn-  
ingarnir falla.

Umboðsmönnum er bannað að svara fyrirspurnum, hvort heldur eru frá almanna-  
stofnun eða öðrum, um eigendur vinninga í happdrættinu, og skal beina öllum slík-  
um fyrirspurnum til stjórnar happdrættisins.

#### 18. gr.

Ef vinnings er ekki vitjað áður en 6 mánuðir eru liðnir frá drætti þess flokks,  
sem vinningurinn féll í, verður hann eign happdrættisins.

#### 19. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt lögum nr. 44 19. júní 1933 og breytingum á þeim lögum í lögum nr. 81 7. maí 1940 og bráðabirgðalögum frá 16. janúar 1941, öðlast þegar gildi. Jafnframt falla úr gildi reglugerð nr. 118 26. sept. 1933 og reglu-  
gerðir nr. 25 5. marz 1934 og frá 29. nóv. 1938, um breyting á þeirri reglugerð.

*Fjármálaráðuneytið, 5. marz 1941.*

**Jakob Möller.**

*Magnús Gíslason.*

## REGLUGERÐ

33

12. marz

### fyrir Stríðstryggingafélag íslenzkra skipshafna.

#### 1. gr.

Nafn félagsins er: Stríðstryggingafélag íslenzkra skipshafna. Hlutverk þess er að tryggja gegn dauða og örorku af völdum stríðsslysa skipshafnir á þeim íslenskum skipum, sem slíka tryggingu þurfa að kaupa.

#### 2. gr.

Heimili og varnarþing félagsins er í Reykjavík.

#### 3. gr.

Skylt er að tryggja skipshafnir allra þeirra íslenzkra skipa, er stunda millilandasiglingar. Einnig ber að tryggja skipverja á öllum íslenskum skipum, stærri en 12 smáesta, sem stunda fiskveiðar eða hvers konar flutninga við strendur landsins.

#### 4. gr.

Til tryggingar á skuldbindingum þeim, sem félagið tekur að sér, hefur það áhættufé, er nemur 600000 krónum. Af áhættufénu ábyrgist ríkissjóður 60%, váttryggingarfélögin: Brunabótafélag Íslands, Tryggingarstofnun ríkisins og Sjóvátryggingarfélag Íslands 10% hvert, og 10% eru lögð fram af eigendum skipa þeirra, sem tryggja skipshafnir sínar hjá félaginu. Ríkissjóður greiðir sinn hluta af áhættufénu jafnóðum og til þarf að taka. Váttryggingarfélögin innborga ekki sinn hluta áhættufjárins, en taka í þess stað hvert um sig þátt í skuldbindingum félagsins að einum tíunda hluta. Enginn þeirra, sem tekur þátt í félaginu, ábyrgist skuldbindingar þess að meiru en sínum hluta áhættufjárins. Útgerðarmenn skipa, sem ekki eru í millilandasiglingum, hafa hvorki rétt né skyldu til að leggja fram áhættufé.

#### 5. gr.

Stjórn félagsins er skipuð þrem mönnum. Einn er tilnefndur af ríkisstjórninni, og er hann formaður stjórnarinnar, annar tilnefndur af þeim skipaeigendum, sem lagt hafa fram áhættufé, en sá þriðji af váttryggingafélögum þeim, sem samkvæmt 4. gr. taka þátt í áhættunni. Stjórnin er kosin til þriggja ára í senn, og skiptir sjálf með sér verkum. Komi skipaeigendur eða váttryggingafélögin sér ekki saman um tilnefningu manna í stjórnina, skipar ríkisstjórnin þá.

#### 6. gr.

Félagið skal ekki taka í eigin ábyrgð dánartryggingu fyrir hærri upphæð en 275000 krónur alls á skipi í einni og sömu ferð í millilandasiglingum. Í siglingum og á fiskveiðum við strendur landsins, ákveður stjórn félagsins hámarksupphæðina í hvert sinn. Ef þessi upphæð nægir ekki til fyrirskipaðrar eða umsáminnar tryggingar á skipshöfninni, skal félagið þó taka það, sem á vantar, með því að endurtryggja það, enda sé endurtrygging fánæg hjá öruggu váttryggingafélagi.

#### 7. gr.

Útgerðarmenn allra íslenzkra skipa, sem samkvæmt lögum eða samningum eru skyldir til að tryggja skipshafnir sínar gegn dauða og örorku af völdum stríðsslysa, skulu tryggja þessa áhættu sína hjá félaginu að svo miklu leyti, sem félagið getur tekið hana að sér. Ef útgerðarmaður slíks skips hefur ekki verið með skipshöfn þess

**33** í tryggingu hjá félaginu og lagt fram áhættufé fyrir það, er félaginu heimilt að taka  
12. marz allt að 20% hærra iðgjald fyrir trygginguna en ella.

Nú lætur tryggingarskyldur útgerðarmaður farast fyrir að tryggja skipshöfn sína, og skal hún þá eigi að síður talin tryggð, og á stríðstryggingafélagið sömu kröfu á iðgjaldinu og trygging hefði farið fram samkvæmt lögum um stríðstryggingafélag íslenskra skipshafna nr. 37 12. febr. 1940. Vanræksla útgerðarmanns á því að tryggja skipshöfn sína varðar sektum allt að 100000 krónum.

#### 8. gr.

Iðgjöld ákveðast af stjórn félagsins í hvert sinn fyrir ákveðna ferð, eða um ákveðinn tíma eftir áhættunni eins og hún er á hverjum tíma, þegar trygging hefst eða er endurnýjuð, og með hliðsjón af því, hvað sams konar trygging kostar erlendis. Iðgjöldin hafa lögtaksrétt.

#### 9. gr.

Iðgjald sjómanna þeirra, er ekki stunda millilandasiglingar, en tryggðir eru samkvæmt 3. gr., reiknast eftir þeim tíma, sem sjómaðurinn er lögskráður til, og telst í vikum frá þeim degi, er hann kom í skiprúm, á sama hátt og iðgjöld til slysatryggingardeildar Tryggingarstofnunar ríkisins.

Um leið og lögskráning fer fram, skal skráningarstjóri gera sérstaka skrá yfir tryggingarskylda skipverja, hverja stöðu sem þeir hafa á skipinu. Útgerðarmaður greiðir skráningarstjóra iðgjöldin um leið og lögskráning fer fram.

Útgerðarmönnum skipa ber að greiða iðgjöld fyrir þá skipverja sína, sem ráðnir eru fyrir ákveðið kaup eða hluta af afla, en sé um að ræða sameiginlega útgerð allra skipverja, greiðast iðgjöldin af óskiptum afla skipsins.

#### 10. gr.

Lögreglustjórar á hverjum stað, í Reykjavík tollstjóri, eru umboðsmenn félagsins. Ber þeim í lok hvers mánaðar að greiða til félagsins öll innheimt iðgjöld í mánuðinum. Um áramót skulu þeir gera reikningskil eftir fyrirmælum félagsins og skal þeim lokið fyrir 1. marz ár hvert. Í innheimtulaun ber þeim 3% af greiddum iðgjöldum. Þar sem hreppstjóri hefur innheimtuna á hendi í umboði lögreglustjóra, gengur helmingur innheimtulaunanna til hans. Reikningsár félagsins er almanaksárið.

#### 11. gr.

Nú hefur félagið orðið fyrir svo miklu tjóni, að allur varasjóður þess og helmingur áhættufjárins er tapaður, og getur stjórn félagsins þá ákveðið að hækka iðgjöldin, eftir því sem nauðsyn krefur, þangað til jöfnuði er aftur náð.

#### 12. gr.

Af innborguðu áhættufé borgar félagið vexti. Stjórn félagsins ákveður vextina við lok hvers reikningsárs, og skulu þeir takmarkast annars vegar af innlánsvöxtum sparisjódsdeildar Landsbankans, en hins vegar af þeim vöxtum, sem félagið hefur raunverulega fengið af innborguðu áhættufé. Sé verulegur munur á innborguðu áhættufé, að því er snertir ávöxtun þess (t. d. á reiðu fé og verðbréfum), má gera tilsvarandi mismun við vaxtagreiðsluna.

#### 13. gr.

Heimilt er eigendum skipa, sem verða tryggingarskyld, eftir að félagið tók til starfa, að leggja fram áhættufé fyrir þau. Samanber þó 4. gr. Stjórn félagsins ákveður áhættufé í samræmi við áhættufé annarra skipa. Enda þótt framlagt áhættufé útgerðarmanna fari með þessu móti fram úr kr. 60000.00 skulu eigi vera nema 60000 krónur

af því í áhættu. Af framlögðu áhættufé hvers útgerðarmanns verður þá jafnstór hluti 33 í áhættu, eins og kr. 60000.00 eru af öllu því áhættufé, er útgerðarmenn hafa lagt fram 12. marz og eigi er endurgreitt. Falli niður skyldan til að tryggja hjá félaginu skipshöfn á skipi, sem lagt hefur verið fram áhættufé fyrir, má endurgreiða áhættufé þess skips, ef þess er óskað, að svo miklu leyti, sem ekki þarf að taka til áhættufjárins til greiðslu áfallinna slysabóta. Endurgreiðsla fæst þó ekki ef ætla má, að tryggingarskyldan falli aðeins niður um stundarsakir. Áhættuféð endurgreiðist ekki, þó að eigendaskipti verði á skipi, ef skylt er að tryggja skipshöfn þess eftir sem áður. En senda skal stjórn félagsins tilkynningu um eigendaskiptin, frá hvaða tíma þau gildi og hvort þau nái einnig til áhættufjárins. Tilkynningin skal vera undirrituð bæði af kaupanda og seljanda skipsins.

#### 14. gr.

Við úthlutun tekjuafgangs samkvæmt 8. gr. téðra stríðstryggingarlaga nr. 37 12. febrúar 1940 og 18. greinar þessarar reglugerðar, skal ekki tekið tillit til áhættufjár, sem endurgreitt hefur verið samkvæmt 13. gr. þessarar reglugerðar. Aðrir skipa-eigendur, sem lagt hafa fram áhættufé, taka þátt í úthlutun tekjuafgangsins í sömu hlutföllum og áhættufjárframlög þeirra nema, en taka skal einnig tillit til, hve langt er liðið síðan það var lagt fram.

#### 15. gr.

Reikningar félagsins skulu endurskoðaðir af hinni umboðslegu endurskoðun ríkisins.

#### 16. gr.

Þeim hluta tekjuafgangs, sem ekki fer til að greiða tekjuhalla frá fyrri árum, skal verja sem hér segir: Tekjuafgangurinn skal allur lagður í varasjóð, unz varasjóðurinn er orðinn 420000 krónur, eftir það skal leggja 50% af tekjuafganginum í varasjóðinn, unz hann er orðinn 840000 krónur, en 10% upp frá því. Af tekjuafgangi þeim, sem eftir er, þegar lagt hefur verið í varasjóð, svo sem vera ber, skulu tryggingatakar fá að minnsta kosti 50% sem uppbót (bonus), og skiptist hann milli þeirra í réttu hlutfalli við þau iðgjöld, sem þeir hafa greitt á árinu fyrir þann hluta tryggingarinnar, sem félagið hefur tekið í eigin ábyrgð. Þeim hluta tekjuafgangsins, sem þá er eftir, ráðstafar stjórn félagsins. Sé sá hluti tekjuafgangsins, sem kemur til úthlutunar sem uppbót (bonus), minni en 5% af iðgjöldum ársins fyrir þær tryggingar, sem félagið hefur tekið í eigin ábyrgð, getur stjórn félagsins þó ákveðið að greiða ekki uppbót (bonus) fyrir það ár, heldur yfirfæra upphæðina til næsta árs, enda yfirfærast þá til næsta árs allur sá tekjuafgangur, sem ekki er skylt að leggja í varasjóð. Ákvæði þessi ná þó ekki til ársreiknings fyrir árið 1940, en um hann fer eftir ákvæðum reglugerðar frá 1. marz 1940.

#### 17. gr.

Varasjóði félagsins skal varið til að greiða tekjuhalla, og má ekki skerða áhættuféð fyrr en varasjóðurinn er búinn.

#### 18. gr.

Verði félagið leyst upp, skal skipta varasjóði þeim, sem eftir kann að verða, þegar eignir þess og skuldbindingar hafa verið gerðar endanlega upp, milli tryggingartaka, sem eru áhættufjáreigendur, og þeirra, er lagt hafa til áhættuféð, og fer hlutur hvers um sig eftir því, hve afgangurinn er mikill, svo sem hér segir: Af fyrstu 210000 kr. fá tryggingartakar ekkert, af næstu 210000 krónum fá þeir  $\frac{1}{4}$  hluta, af næstu 420000 krónum fá þeir helming, en  $\frac{3}{4}$  af því, sem umfram er. Hlutur tryggingartaka skiptist milli þeirra í beinu hlutfalli við þau iðgjöld, sem þeir hafa greitt fyrir þann hluta trygginganna, sem félagið hefur tekið í eigin ábyrgð. Sá hluti, sem ekki fellur til

**33** tryggingartaka samkvæmt þessum reglum, fellur til þeirra, sem lagt hafa til áhættu-  
12. marz féð, — og eru útgerðarmenn þar með að sínum hluta, — og skiptist milli þeirra í sömu hlutföllum og áhættufjártillög þeirra nema.

## 19. gr.

Vátryggingarfélög þau, sem taka þátt í tryggingunni samkvæmt 4. gr., skulu greiða tryggingartökum uppbót (bonus) að  $\frac{3}{4}$  á móti þeirri uppbót (bonus), sem félagið greiðir samkvæmt 16. og 18. gr.

## 20. gr.

Til stríðsslysa telst hvers konar heilsutjón, sem er slys samkvæmt 7. gr. reglugerðar frá 21. febrúar 1939, um slysatryggingar (skyldutryggingar), og orsakast af hernaðarlegum aðgerðum, í stríði eða borgaraóeirðum.

## 21. gr.

Tryggingin gildir um ákveðið tímabil eða ákveðna ferð, eftir ástæðum. Tímabil reiknast frá hádegi þess dags, sem tryggingin hefst, og til hádegis þess dags, sem henni lýkur. Ferð reiknast, sé annars ekki getið í ábyrgðarskjali félagsins, frá síðustu höfn hér á landi til fyrstu íslenzkrar hafnar á heimleið.

## 22. gr.

Þegar slys ber að höndum, skal það tilkynnt vátryggingarfélaginu svo fljótt sem unnt er. Skal greina hvar, hvenær og hvernig slysið vildi til, hverjir hafi látizt og hverjir slasazt og aðrar þær upplýsingar, sem nauðsynlegar eru til að ákveða bótaskyldu tryggingarinnar. Slasaðir menn skulu leita læknis strax og kostur er.

## 23. gr.

Til grundvallar fyrir ákvörðun um örorkubætur skal leggja læknisvottorð um óvinnuhæfni eða örorku. Skal það gefið í því formi, sem vátryggingarfélagið ákveður og af tryggingaryfirlækni, ef til hans næst, annars af öðrum lækni, sem félagið tekur gildan. Heimilt er félaginu að láta læknisskoðun fara fram á ný, ef ástæða þykir til að ætla, að rangar eða ófullnægjandi upplýsingar hafi verið gefnar eða að heilsufar slasaða hafi breytt verulega frá því, að læknisskoðun fór fram. Sama rétt hefur slasaði í eitt ár.

## 24. gr.

Dánarbætur skulu greiddar í einu lagi og koma til úthorgunar eigi síðar en mánuði eftir að félagið hefur fengið fullnægjandi upplýsingar um lát tryggða. Örorkubætur greiðast í einu lagi, ef örorkan er metin 50% eða minni, annars má greiða þær sem lífeyri.

## 25. gr.

Rangar upplýsingar frá hendi tryggingartaka (útgerðarmannsins) skerða ekki rétt hinna tryggðu (sjómanna), en borga skal hann allt það tap, sem þær hafa bakað félaginu, og auk þess sæta sektum, allt að 100000 kr. Rangar upplýsingar frá hendi tryggða skerða ekki rétt hans, ef það sannast, að hann hafi óviljandi gefið rangar upplýsingar, enda greiði útgerðarmaðurinn það, sem vangoldið kann að hafa verið af iðgjaldinu. Sannist hins vegar, að hann hafi visvitandi gefið rangar upplýsingar félaginu til skaða, missir hann rétt sinn til bóta frá því. Í öðrum tilfellum skulu kröfur hans til bóta miðast við þau iðgjöld, sem goldin hafa verið fyrir hann.

## 26. gr.

33

Með mál út af brotum á þessari reglugerð skal farið sem almenn lögglumál. 12. marz

Reglugerð þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 37 12. febrúar 1940 og lögum nr. 66 7. maí 1940 til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli. Jafnframt eru úr gildi felldar reglugerðir útgefnar 1. marz 1940 og 24. desember 1940 um sama efni.

*Félagsmálaráðuneytið, 12. marz 1941.*

**Stefán Jóh. Stefánsson.**

*Páll Pálmason.*

## G J A L D S K R Á

34

fyrir eftirlit með verksmiðjum og vélum. 12. marz

Samkvæmt lögum nr. 72 7. maí 1940, um breyting á lögum nr. 24 7. maí 1928, um eftirlit með verksmiðjum og vélum, eru hér með sett eftirfarandi ákvæði:

## 1. gr.

Eigendur eða umráðamenn eftirlitsskyldra atvinnufyrirtækja skulu árlega greiða gjald í ríkissjóð fyrir skoðun á verksmiðjum, vinnustofum og vélum, svo sem hér segir:

### A. Eimkatlar:

1. flokkur: Gjald kr. 12.00.  
Brauðgerðarhúsakatlar og aðrir smákatlar með allt að 2 kg/cm<sup>2</sup> starfsþrýstingi.
2. flokkur: Gjald kr. 20.00.  
Eimhitaðir suðukatlar og suðupottar, reykhitadír forkatlar og yfirhitarar.
3. flokkur: Gjald kr. 25.00.  
Katlar með allt að 6 m<sup>2</sup> hitaflæti.
4. flokkur: Gjald kr. 30.00.  
Katlar, sem hafa frá 6—12 m<sup>2</sup> hitaflöt.
5. flokkur: Gjald kr. 40.00.  
Katlar, sem hafa frá 12—20 m<sup>2</sup> hitaflöt.
6. flokkur: Gjald kr. 50.00.  
Katlar, sem hafa frá 20—30 m<sup>2</sup> hitaflöt.
7. flokkur: Gjald kr. 75.00.  
Katlar, sem hafa meira en 30 m<sup>2</sup> hitaflöt.

### B. Aflvélar:

1. flokkur: Gjald á hvert hestafl kr. 0.75.  
Eimvélar, olíuhreiflar, vindvélar.
2. flokkur: Gjald á hvert hestafl kr. 0.50.  
Rafmagnshreiflar, vatnsvélar.
3. flokkur: Fyrir hverja varaafvlél, sem hefur meira en 30 hestöfl, greiðist kr. 5.00 og fyrir hverja varaafvlél, sem hefur minna en 30 hö., greiðist kr. 2.50.

34  
12. marz

Þó má gjald þetta ekki fara fram úr því, sem gjaldið hefði orðið, miðað við vélinu í notkun. Fyrir farandvélar greiðist sama gjald og fyrir fasta-  
vélar.

### C. Vinnuvélar:

1. flokkur: Gjald kr. 1.00.  
Hverfisteinar, einfaldar miðflóttaaflsdælar og tannhjóladaelar, sem nota allt að 2 hö., brjóstsykursvélar, gosdrykkjavélar, bókbandsvélar, fægivélar skósmiða, saumavélar, mjólkurhreinunarvélar, hræritæki í kerjum, gullsmiðafægivélar.
2. flokkur: Gjald kr. 1.50.  
Elti- og fægivélar í sítunarverksmiðjum, brauðgerðarvélar, skósmiðavélar, bulludælar, gerilsneyðingartæki, lokaðir mjólkurkælar, hnappagatavélar.
3. flokkur: Gjald kr. 2.00.  
Málmiðnaðarvélar, trésmiðavélar, dósalokunarvélar, blikksmiðavélar, þrjónavélar, miðflóttaafls- og tannhjóladaelar, sem nota meira en 2 hö.
4. flokkur: Gjald kr. 2.50.  
Eimknúnar dælar, einfaldir loftblásarar, reykbblásarar, kantþynningarvélar fyrir leður, rafknúnar vindur, mjólkurskilvindur, strokkar, smjör-elti- og skökuvélar.
5. flokkur: Gjald kr. 3.00.  
Pappírsskurðarhnifar, smáprentvélar, flutningssniglar allt að 5 m langir, sætindagerðarvélar, vökvaþrýstidælar, olíuþurðarvélar, dúkafægivélar.
6. flokkur: Gjald kr. 4.00.  
Vökvaþrýstipressur, hjámiðjuþrýstipressur, flutningssniglar yfir 5 m langir, niðursuðurvélar, sápuþurðarvélar, súkkulaðigerðarvélar, málgerðarvélar, stórviðarsagir, fataþvottavélar, gærurotunarvélar.
7. flokkur: Gjald kr. 5.00.  
Hraðprentvélar, sjálfvirkar prentvélar, sildar- og fiskimjölsvélar, sildarlýsishreinsivélar, ullarvinnsluvélar, dós- og flöskuþvottavélar, flöskuáfyllingarvélar, veltivélar (tromlur) í sítunarverksmiðjum, steinsagir, steinfægivélar, grjótmulningsvélar, flókagerðarvélar, tuskutætarar, hampvinnsluvélar, stórvélar í plötusmiðjum og járnsteypum.
8. flokkur: Gjald kr. 10.00.  
Skipadráttarvindur, skipadráttarvagnar fyrir allt að 100 smál. skip, einfaldir sveiflugálgar með allt að 25 ha aflvél (gjaldið reiknast auk aflvélargjalds), einfaldar lyftivindur, þrýstiloftþjöppur, lyftur fyrir allt að 100 kg burðarmagn.
9. flokkur: Gjald kr. 20.00.  
Skipadráttarvagnar fyrir skip frá 100 til 1000 smálestir, einfaldir sveiflugálgar með meira en 25 ha aflvél (gjaldið reiknast auk aflvéलगjalds), sjálfvirkar vörulyftur fyrir meira en 100 kg burðarmagn, farstólar í vörugálgum (krönum).
10. flokkur: Gjald kr. 25.00.  
Fastir og hreyfanlegir gálgar (kranar) til lyftingar og flutnings á vörum (gjaldið reiknast fyrir gálgann eingöngu fyrir utan gjald aflvéla og hreyfanlegra hjálpartækja), skipadráttarvagnar fyrir skip yfir 1000 smálestir, sjálfvirkar fólkslyftur.

**D. Frystivélar:**

1. flokkur: Gjald kr. 5.00.  
Frystivélar með allt að 10000 kgeal. afköstum.
2. flokkur: Gjald kr. 10.00.  
Frystivélar, sem hafa frá 10000 til 20000 kgeal. afköst.
3. flokkur: Gjald kr. 20.00.  
Frystivélar, sem hafa frá 20000 til 50000 kgeal. afköst.
4. flokkur: Gjald kr. 30.00.  
Frystivélar, sem hafa frá 50000 til 100000 kgeal. afköst.
5. flokkur: Gjald kr. 50.00.  
Frystivélar, sem hafa yfir 100000 kgeal. afköst.

**34**

12. marz

**E. Ýmsar vélar og tæki:**

Fyrir eftirtalin tæki greiðist sem hér segir: Gasframleiðslutæki til logsuðu kr. 10.00. Þrýstiloftþylki, sem hefur allt að 1 m<sup>3</sup> rúmtak kr. 10.00. Þrýstiloftþylki, sem hefur meira en 1 m<sup>3</sup> rúmtak kr. 15.00. Fyrir vinnuvélar, sem ekki eru nefndar í gjaldskránni, greiðist hlutfallslega eftir því, hve stór og margbrotin vélin er, frá kr. 1.00 til kr. 25.00.

**F. Vinnustofur án véla:**

Fyrir hverja eftirlitsskylda vinnustofu án véla, svo sem: Saumastofur, þvottahús, blikksmiðjur, netjagerðarstofur, seglasaumastofur o. s. frv. ber að greiða 7 aura fyrir hvern fermetra gólfplatar. — Fyrir viðtatumikil vinnuhús, þar sem tiltölulega fáir vinna að staðaldri, svo sem fiskþvottahús og opin vinnuskýli, ber að greiða 2 aura fyrir hvern fermetra gólfplatar.

**2. gr.**

Þegar fyrirtæki eða vél er skoðað í fyrsta sinn, bætast 10 af hundraði við skoðunargjaldið, og er það skrásetningargjald.

**3. gr.**

Skoðunargjald greiðist aðeins einu sinni á ári þó að skoðun fari fram oftár á árinu.

**4. gr.**

Heimilt er að senda eftirlitinu til umsagnar, uppdrátt af fyrirhuguðum breytingum eldra fyrirtækis eða fyrirkomulagi nýs fyrirtækis, án þess að greiða þurfi fyrir umsögnina.

Gjaldskrá þessi öðlast þegar gildi, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Jafnframt fellur úr gildi gjaldskrá nr. 31 28. apríl 1933 fyrir eftirlit með verksmiðjum og vélum.

*Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 12. marz 1941.*

**Ólafur Thors.**

*Páll Pálmason.*



- 35 Staðfesting ráðuneytis Íslands, handhafa konungsvalds, á skipulagsskrá fyrir  
12. marz „Barnaskólasjóð Ágústs Þórarinssonar og Ásgerðar Arnfinnsdóttur“, útgefin á venju-  
legan hátt að mandatum af dóms- og kirkjumálaráðherra 12. marz 1941.  
Skipulagsskráin er þannig:

## SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Barnaskólasjóð Ágústs Þórarinssonar og Ásgerðar Arnfinnsdóttur.

### 1. gr.

Sjóðurinn er stofnaður 6. september 1940, á gullbrúðkaupsdegi Ágústs Þórarinssonar, kaupmanns í Stykkishólmi, og frú Ásgerðar Arnfinnsdóttur, með gjöfum frá Stykkishólmsbúum. Stofnfé sjóðsins er 1020 krónur.

### 2. gr.

Sjóðinn skal ávaxta í Sparisjóði Stykkishólms og leggja jafnan við hann  $\frac{1}{4}$  hluta ársvaxta, en höfuðstólinn má aldrei skerða.

### 3. gr.

Þremur fjórðu hlutum ársvaxtanna skal verja til þess að viðhalda bókasafni því, er gullbrúðhjónin ánöfnuðu barnaskóla Stykkishólms eftir sinn dag, svo og til þess að auka það.

Framkvæmdir allar hér að lútandi hefur skólanefnd Stykkishólms á hendi.

### 4. gr.

Þegar sjóðurinn er orðinn að upphæð 5000 krónur, má verja  $\frac{1}{3}$  hluta þeirra vaxta, er til útborgunar koma, til verðlauna námfúsum og siðprúðum nemendum, að dómi kennara skólans og skólanefndar, þó aldrei fleirum en 2 á ári. Skólanefnd úthlutar.

### 5. gr.

Leita skal staðfestingar konungs á skipulagsskrá þessari, og hún birt í B-deild Stjórnartíðindanna.

36

## REGLUGERÐ

20. marz

um breyting á reglugerð um notkun loftskeytastöðva og talstöðva í íslenskum skipum frá 28. des. 1940.

Með tilliti til breyttra kringumstæðna, er hér með sett eftirfarandi reglugerð samkvæmt bráðabirgðalögum um fjarskipti frá 5. júlí 1940.

### 1. gr.

Fyrsta málsgrein 1. gr. reglugerðar um notkun loftskeytastöðva og talstöðva í íslenskum skipum frá 28. des. 1940, hljóði svo:

Í siglingum milli Íslands og Stóra-Bretlands eða samveldislanda þess mega íslensk skip fyrst um sinn því aðeins hafa meðferðis loftskeytastöð eða talstöð, að stöðin sé þannig innsiglið af póst- og símamálastjórninni, að ekki sé unnt að nota

senditækin án þess að brjóta innsiglið (lokunarinnsigliun), en það má ekki gera 36  
nema í neyð eða samkvæmt reglum, sem pósti- og símamálastjórnin setur. Pósti- og 20. marz  
símamálastjórnin getur veitt einstökum farþega- og flutningaskipum og eftirlits-  
og björgunarskipum undanþágu frá innsigliun.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast þegar gildi. Jafnframt fellur úr gildi reglugerð frá 10.  
jan. 1941, um breyting á reglugerð um notkun loftskiptastöðva og talstöðva í ís-  
lenzkum skipum, dags. 28. des. 1940.

*Atvinnu- og samgöngumálaráðherrann, 20. marz 1941.*

**Ólafur Thors.**

*Guðmundur Hlíðdal.*

## SÉRREGLUR

37

20. marz

**um notkun talstöðva í skipum, sem sigla milli Íslands og Stóra-Bretlands.**

Þeim íslenskum skipum, sem hafa talstöðvar, er fyrst um sinn — til aukins  
öryggis — heimilað að nota þær í siglingum milli Íslands og Stóra-Bretlands, svo  
sem hér segir:

1. Til allra nauðsynlegustu og stutturðustu samtala við þau önnur skip, sem þau  
sigla samflota við, til þess að geta haldið saman og vitað hvert af öðru. Þetta  
er þó nauðsynlegt að takmarka til hins ýtrasta.
2. Til þess að tilkynna öðrum skipum á sömu leið hættur, sem þau kunna að  
verða vör, svo sem tundurdufl, skipsflök o. s. frv.
3. Til þess að svara neyðarkalli annarra skipa, ef ástæða er til að ætla, að það  
megi verða til þess að bjarga eða hjálpa.

Í öllum framangreindum tilfellum skal geta þess í dagbók skipsins, að talstöðin  
hafi verið tekin til notkunar. Geta skal um stað og stund og við hvaða skip talað  
er, og helst tilfæra orðin, sem töluð eru. Sé um neyðarkall að ræða, skal í dagbók-  
inni auk þessa tilgreina nákvæmlega öll atvik þar að lútandi.

Skipin eru áminnt um að gæta fyllstu varúðar um þessa notkun talstöðvanna  
og takmarka hana eingöngu við allra brýnustu nauðsyn.

Að öðru leyti ber að fara eftir reglum um viðskipti talstöðva og loftskipta-  
stöðva í íslenskum skipum, útgefnum af pósti- og símamálastjórninni 28. des. 1940.

Pósti- og símamálastjórnin, 20. marz 1941.

**Guðmundur Hlíðdal.**

*Friðbj. Aðalsteinsson.*

## REGLUGERÐ

### um iðnaðarnám.

Samkvæmt lögum nr. 100 11. júní 1938, hefur atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið sett eftirfarandi ákvæði:

#### I. KAFLI

##### Um námstímann.

###### 1. gr.

Námstími iðnnema skal vera sem hér segir:

- A. 4 ár í þessum iðngreinum: Bakaraiðn, beykisiðn, bifvélavirkjun, blikksmiði, bókbandsiðn, feldskeraiðn, gaslagningu, gull- og silfursmiði, hárskera- og rakaraiðn, húsasmíði, húsgagnabólstrun, húsgagnasmíði, járníðnaði (eirsmiði, járnsmíði, ketil- og plötusmiði, málmsteypu, rennismíði, vélvirkjun), klæðskurði, kökugerð, leturgrefti, matreiðslu, málaraiðn, mótasmíði, múrun, myndskurði, pípulögn, prentiðn, prentsetjaraiðn, rafvirkjun, rafvélavirkjun, reiðtygja- og aktygjasmíði, skipa- og bátasmíði, skósmíði, steinsmiði, sútaraiðn, tágariðun, úrsmíði, vagnasmíði, veggfóðrun.
- B. 3 ár fyrir framreiðslumenn, hárgreiðslukonur, hattasaumara, ljósmyndara, netjara, prentmyndamótara, prentmyndaðökumenn og reiða- og seglasaumara.

###### 2. gr.

Á stöðum þar, sem ekki er unnt að hafa samfellda vinnu allt árið í einhverri iðn, og nemandinn getur fengið aðra atvinnu nokkurn hluta ársins, má dreifa náminu á fleiri ár, þó svo, að samanlagður mánaðafjöldi við námið samsvari þeim árafjölda, er að framan greinir. Þetta skal þó því aðeins gert, að hlutaðeigendur séu því samþykkir. Vinna við iðnnámið má þó aldrei vera minni en 6 mánuðir á ári.

###### 3. gr.

Iðnaðarmaður, sem lokið hefur námi og prófi í einhverri iðngrein, og vill gerast nemandi í annari iðngrein innan sama flokks (sbr. 13. gr.), skal ekki þurfa nema hálfan námstíma þeirrar iðnar. Geta skal í námssamningnum ástæðunnar til þess, að samið er um styttri tíma en venjulega. Sama gildir þótt viðbótar- eða framhaldsnámið fari fram á skólum og verkstæðum erlendis.

#### II. KAFLI

##### Um prófnefndir.

###### 4. gr.

Þá er nemandi hefur lokið iðnnámi, skal meistari hans snúa sér til formanns prófnefndar í iðninni á staðnum með beiðni um að nemandinn fái að ganga undir sveinspróf. Beiðninni, sem skal vera skrifleg, skal fylgja námssamningur nemandans, skírnavottorð, vottorð meistara hans um að hann hafi lokið verklegu námi og vottorð frá iðnskóla um að hann hafi staðizt lágmarkspróf iðnnema í bóklegum fræðum, svo og prófgjald það, er um ræðir í 9. gr. Sé prófnefnd í iðninni ekki til á staðnum, ber meistara hans að snúa sér til hlutaðeigandi lögreglustjóra um að fá skipaða prófnefnd.

## 5. gr.

38

Í prófnefnd skulu vera 3 samiðnaðarmenn, að jafnaði bæði meistarar og sveinar, starfandi í iðninni og séu þeir skipaðir af lögreglustjóra til þriggja ára í senn og jafnmargir til vara, séu þeir til á staðnum. Skulu þeir skipaðir að fengnum tillögum hlutaðeigandi iðnráðs, en iðnaðarmannafélags þar, sem iðnráð er ekki til, enda hafi þau áður ráðfært sig við hlutaðeigandi iðnfélög, séu þau til á staðnum, en annars við samiðnaðarmenn í iðnaðarmannafélaginu.

Nú er hvorki iðnráð né iðnaðarmannafélag á staðnum, og getur lögreglustjóri þá ráðfært sig við einhvern samiðnaðarmann á staðnum, um skipun prófnefndarinnar. Lögreglustjóri tilkynnir nefndarmönnum skipunina og sendir þeim jafnframt eitt eintak af þessari reglugerð. Nefndin velur sér sjálf formann, en tilkynna skal hún lögreglustjóra formannsvalið, þegar að því loknu.

Nú er skipaður prófnefndarmaður návenzláður eða skyldur iðnnema, er próf vill taka, eða hann er meistari hans, og skal hann þá ekki dæma um próf hans, heldur skal skipa annan mann í hans stað eftir sömu reglum, sem fyrr segir, ef ekki er til varamaður í prófnefndina. Aldrei mega tveir menn frá sama atvinnufyrirtæki vera prófdómendur samtímis.

## 6. gr.

Nú eru á einhverjum stað ekki til nógu margir samiðnaðarmenn í prófnefnd og er þá heimilt, að skipa menn úr svo skyldum iðngreinum í nefndina, að að nokkru leyti sé um samiðnaðarmann að ræða, t. d. úr einni grein trésmíða í prófnefnd í annarri, úr einni grein járníðnaðar í aðra, úr einni grein rafmagnsiðnaðar í aðra o. s. frv. Þó skal einn samiðnaðarmaður vera í hverri prófnefnd hið fæsta.

## 7. gr.

Nú er á einhverjum stað enginn samiðnaðarmaður annar en meistari próftaka, og skal þá prófið fara fram á öðrum stað innan sama lögsagnarumdæmis, þar sem samiðnaðarmenn eru fánlegir í prófnefnd. Nú er enginn slíkur staður til innan lögsagnarumdæmisins og skal þá prófið fara fram utan lögsagnarumdæmis próftaka, þar sem hentast er að fá prófnefnd. Þó má halda próf á þeim stað, þar sem námið fór fram, ef því verður við komið að prófnefnd komi þangað, enda sé það sameiginleg ósk meistara og próftaka.

## 8. gr.

Heimilt er í skyldum iðngreinum, sem sameiginlega gætu kallast samiðn, svo sem járníðnaður o. fl., að haga skipun prófnefnda þannig, að einn prófnefndarmaður, er sé formaður nefndanna, sé sameiginlegur fyrir allar hinar skyldu sérgreinir eða nokkrar þeirra, en auk hans skulu vera í hverri sérprófnefnd einn meistari og einn sveinn úr hlutaðeigandi sériðn.

## 9. gr.

Prófdómendur skulu fá greitt fyrir vinnutap, er þeir verða fyrir vegna prófsins, þó aldrei meira en 50 kr. alls fyrir hvern nemanda. Meistari próftaka greiðir 50 kr. prófgjald, er fylgir prófbeiðninni, kostar upphald nemanda og greiðir annan kostnað við prófið, að svo miklu leyti sem hann greiðist ekki af opinberu fé, enda á hann sveinsstykkið að prófi loknu. Þó má próftaki kosta prófið og eiga sveinsstykkið, ef hann óskar þess.

## III. KAFLI

## Um próf.

## 10. gr.

Prófið er:

- a. ákveðið smíði eða verk, samkv. 13. gr., er sýni kunnáttu nemandans í iðninni:
- b. vinna á verkstæði eða vinnustað, er sýni leikni nemandans, handlægni og vinnu-  
hraða, 2—6 klukkustundir;
- c. teikning, sbr. 12. gr.;
- d. munnlegt próf um handbrögð, efni, verkefni og vélar, er varða iðn hans.

## 11. gr.

Heimilt er iðnþingi, að setja reglur um munnlegt próf í einstökum iðngreinum eða öllum, enda hafi sérfélög í hlutaðeigandi iðnum haft tillögur um það til meðferðar áður.

## 12. gr.

Skylt er að gera teikningu að prófverkinu eða öðru verki svipuðu í þessum iðngreinum:

Beykisiðn, blikksmíði, bókbandi, feldskurði, gull- og silfursmíði, hattasaum, húsasmíði, húsgagnabólstrun, húsgagnasmíði, járníðnaði (eirsmíði, járnsmíði, ketil- og plötusmíði, málmsteypu, rennismíði, vélvirkjun), klæðskurði, kökugerð, leturgrefti, málaraíðn, mótasmíði, múrsmíði, myndskurði, netagerð, prentsetningu, rafvirkjun, rafvélavirkjun, reiðtýgja- og aktýgjasmiði, seglasaum, skipasmíði og bátasmíði, skósmíði, steinsmíði, tágariðun, úrsmíði, vagnasmíði, veggfóðrun.

Í öllum þessum iðngreinum, og enn fremur í pipulögn og gaslögn, skal próftaki sýna, að hann skilji teikningar og geti unnið eftir þeim.

## 13. gr.

Prófnefnd ákveður prófsefnið í samráði við lærimeistara. Hún ákveður hve langan tíma nemandi fær til prófsins, og hvernig umsjón með því skuli hagað. Til leiðbeiningar fara hér á eftir verkefni, sem hæf skulu teljast til prófs, eftir vali prófnefndar. Þótt tvö eða fleiri tölusettt verkefni séu tiltekin í sömu iðn, skal aðeins eitt lagt fyrir nemanda.

## 1. Brauðgerð og kökugerð.

- a. Í bakaraiðn leysi nemandi af hendi undirbúning brauðgerðar og sýni kunnáttu sína í almennri brauðgerð, svo sem með því að afgreiða pöntunarlista, sem prófnefnd hefur samið fyrir ákveðna tölu brauða, með tilliti til fjölbreytni þeirrar, er nauðsynleg má teljast í brauðgerðarhúsi á hverjum tíma. Enn fremur skal nemandi reyndur munnlega í ýmsu því nauðsynlegasta, er iðn hans varðar, eins og t. d. í því er lýtur að ofninum, lífrænni og ólífrænni gerjun, orsökum algengustu brauðgalla og vörnum gegn þeim o. fl.
- b. Kökugerðarmenn skulu undirbúa og fullgera „hátíðahorn“, rjómaköku (tertu), kransaköku, eða einhverja aðra tilsvarendi hlaðna köku (aufsatz), sem prófnefnd dæmir gilda samkvæmt teikningu. Skreyta möndludeigsköku (marcipan tertu) eða rjómaköku (tertu) eftir gerðri fyrirmynd. Gera blaðdeig (butterdeig) og gera úr því brauðkollur (postej), og sniðtigla. Gera vinarbrauðsdeig í ákveðna tölu vinarbrauða og annars, sem gert er úr slíku deigi. Enn fremur skal nemandinn gefa munnlegar skýringar um sykursuðu og ýmislegt annað, er iðn hans varðar.

**2. Bifvélavirkjun.**

38

29. marz

Nemandi skal:

- a. stilla legur á sveifarás og gera í þær oliurásir;
- b. stilla undirlyftuás og loka;
- c. stilla ganghjól;
- d. stilla rafkveikju;
- e. stilla bullubolta og hringi;
- f. stilla öxultengsl;
- g. stilla stýri;
- h. stilla fjögurra hjóla hemla og aðalhemla;
- i. finna gangtruflun í venjulegri bifvél;
- j. finna straumleka í rafmagnskerfi bifreiðar;
- k. rétta, bæta og logsjóða aurhlíf og bifreiðarhús;
- l. bora og slípa bullustrokk;
- m. lýsa gangskiptikassa og ganghjólum, vinnu þeirra og tilgangi;
- n. teikna rafmagnskerfi bifreiðar.

Nemandinn skal draga þrjú af framantöldum atriðum og leysa úr þeim verkefnum, er hann dregur. Enn fremur skal prófnefnd leggja fyrir hann spurningar um þau atriði, sem hann tekur ekki próf í á annan hátt.

**3. Blikksmíði.**

Nemendur skulu gera eitt af eftirfarandi verkefnum:

- a. kaffikönnu, litratæka, úr látúni eða eir;
- b. þakglugga úr zinkjárnri og þakrennu með horni, stút, niðurfalli, botnsstút og rennublöndun;
- c. ljósker á skip;
- d. kökumót eða ísmót;
- e. baðker úr zinki;
- f. skjalaskrin úr eiri, látúni eða zinki, eða annað, er prófnefnd tekur gilt, til að sýna leikni og kunnáttu nemandans.

**4. Bókband.**

Nemandi bindi 4 bækur 10 arka, 19 cm að stærð. Skal ein vera í hálfklæddu línbandi, ein í alklæddu línbandi, ein í almennu skinnbandi, með djúpri lögg og sléttum kili, og ein í vönduðu skinnbandi, með djúpri lögg og upphleyptu bindi. Enn fremur bindi hann eina bók, 10 arkir að stærð og 30 cm á annan veginn, í kálfskinnsband, með bogahornum, saumuðum á hendla (nótnabókarband). Tvær af bókum þessum skulu vera með almennri gyllingu á kili.

**5. Gaslögn.**

Við prófið skal nemandinn inna þessi verk af hendi: Bora gat á götuleiðslu, tengja hana við gasmæli, og fullgera tengslin eftir að lögnin hefur staðið í fullar 20 mínútur undir þéttireynslutæki. Enn fremur leggja gasleiðslu frá gasmæli að minnst þrem gaseldavélum eða baðofni, stilla gaseldavélar og bókunarofnsbrennara og slípa þollás. Uppdrátt af lögnum skal ávallt afhenda nemanda fyrir prófið.

## 38 6. Gull- og silfursmíði.

29. marz

Nemandi skal smíða:

- a. Úr gulli:
  1. armband,
  2. brjóstnál,
  3. hálsmen.
- b. Úr silfri:
  1. stokkabelti,
  2. koffur,
  3. sykurker,
  4. könnu,
  5. bikar,
  6. kökuspaða.

## 7. Hattasaumur.

Nemandi skal gera vetrarhatt og sumarhatt fyrir fullorðna og vetrarhatt og sumarhatt fyrir börn, eftir tízku þess tíma, er prófið er tekið á. Einn hattur skal saumaður eftir teikningu, er prófnefnd velur. Nemandi velur sjálfur allt efni í hattana.

## 8. Hárskurður og hárgreiðsla.

## a. Há r s k u r ð u r :

Nemandi skal sýna leikni í eftirfarandi atriðum:

1. Að klippa skipt og uppstandandi hár með skærum og vél og að klippa skegg eftir því, sem tízkan segir.
2. Að liða og greiða hár og skegg.
3. Að þvo og þurrka hár og að nudda hársvörð með höndum og rafmagni.
4. Að nudda andlit með höndum og rafmagni.
5. Að hjóldraga og brýna hníf og skæri, bera sápu á og raka mann. Skal einkum aðgætt, hvernig nemandi beitir hnífnum og hvernig hann stendur að verkinu.

## b. H á r g r e i ð s l a :

Nemandi á að liða hár með járnum, setja upp hár, leggja hár og klippa, snyrta andlit og snyrta hendur.

## 9. Húsgagnabólstrun.

Nemandi skal bólstra stól eða sófa með fjöðrum í sæti og baki. Einnig skulu armar vera bólstraðir, með eða án fjaðra. Léreft skal nota yfir bólstrið, en síðan skal klætt með húsgagnaáklæði. Léreft (shirting) eða önnur efni má og nota sem áklæði.

## 10. Járníðnaður.

Í járníðngreinum skal prófi háttáð sem hér segir:

## a. E i r s m í ð i .

Nemandi skal logsjóða eirpíputé, eir í eir, logsjóða látúnshné, kveikja saman eirpípu, logsjóða saman bronz, beygja eirpípu, kveikja stétt á eirpípu, kveikja gildan látúnsklampa á þunna látúnspötu, logsjóða saman látúnspötu eða annað svipað.

## b. J á r n s m í ð i .

Nemandi skal smíða eldverkfæri, eldfæri, mastursspennu með auga, eða eitthvað svipað.

## c. Ketil- og plötusmiði.

Nemandi skal smíða og merkja upp ketilbotn eða kjölplötu eftir gefnu máli og hnoða kúlu- og slétthnoð, logskera hnoð og plötur, þetta hnoð og plötubrún, logsjóða plötu, sýna að hann kunni að rafsjóða o. s. frv.

## d. Málmsteypa.

Nemandi skal móta samsett stykki með kjarna, bræða járn eða rauðmálm og steypa í tilbúinn mótakassa.

## e. Rennismiði.

Nemandi skal smíða og renna eftir teikningu laggarskrúfþoll og ró, hefла samhliða flöt á fleyg, renna skífu á ás o. s. frv.

## f. Vélvirkjun.

Nemandi skal steypa hvitmálm í leg, fella leg á ás, máta fleyg í fleygspor, logsjóða plötu, kveikja hólk á pípu, geira tönn, vinda gorm eða eitthvað þess háttar.

## 11. Klæðskurður og feldskurður.

## a. Í klæðskurði skal nemandinn teikna, sníða og sauma:

1. venjuleg jakkaföt á karlmann;
2. kjölföt á karlmann, handstungin;
3. viðhafnar stuttreyjuföt (smoking);
4. vetrarfrakka (ulster);
5. hálfjóðraðan og venjulegan frakka.

## b. Í feldskurði skal:

1. sauma vandaða skinnhúfu með fóðri og broti;
2. fóðra frakka með feldum úr heilum skinnnum og setja á hann skinnkraga;
3. sauma feldkápu úr 30 heilum skinnnum eða fleirum (nota skal aftursting við samsaum skinnanna);
4. sauma lausan loðkraga og loðstúku úr skunkskinnnum eða marðarskinnnum og fóðra hvort tveggja með rykkingum og skrautsaum. Í loðstúkunni skulu vera fleiri en eitt skinn, ef því verður við komið.

## 12. Leturgröftur.

Nemandi skal handgrafa 4 mismunandi leturgerðir á ýmsa muni, innsigli (með eiginhandarskrift, skrifletri eða prentlettri), dyraspjöld með lakki í stöfunum og 3 stálstimpla, einn með letri, annan með mynd og þriðja með skrauti (ornament).

## 13. Málun.

- a. Nemandi skal grunnmála, slétta (spatla) og mála húsgagn eða tréflöt  $1 \times 1,5$  m að stærð, með einum eða fleiri litum. Á þenna flöt máli nemandinn þrjár línur í mismunandi litum og breiddum, þannig, að fram komi rétthyrndir fletir. Prófflötinn skal gljálakka eða fága með móðublæ.
- b. Nemandi skal mála flöt (pappír strengdan á ramma)  $1 \times 1,5$  m að stærð, með ógljáðum oliulit eða oliumáli, faguðu með móðublæ, sem hér segir: Efri hluti flatarins málist með lit eftir sýnishorni, er nemandinn dregur í lokuðu umslagi. Neðri hlutinn málist með lit, er nemandinn velur sjálfur. Milli þessarra tveggja lita sé málaður 10 cm breiður borði með þriðja litnum. Á borðann skal mála skreytingu með oliulitum, og skal nemandinn samræma áður nefnda liti og skreytingu.
- c. Tréflöt,  $1 \times 0,6$  m að stærð, skal grunnmála, slétta (spatla) og mála. Á þenna flöt skal nemandinn mála tré- eða marmaralíkingu, lakka og fága með móðublæ.



38

29. marz

- d. Tréflöt,  $1 \times 0,5$  m að stærð, skal grunnmála, slétta (spatla), mála og lakka. Á þenna flöt skal nemandinn mála sýnishorn af spjaldletri, ekki minna en 25 bókstafi og tölustafi. Próftaki velur stafagerð, en prófnefnd ákveður texta.
- e. Á pappaspjald,  $0,4 \times 0,4$  m að stærð, skal mála með límlitum sömu liti og í grunnlitinn í verkefni 2.

#### 14. Matreiðsla og framreiðsla.

##### a. Matreiðslumenn.

Nemandi skal:

1. taka bein úr kjöti eða fiski (er kjötið og fiskurinn tölusett og nemandinn dregur eina tölu, og tekur bein úr því, er talan visar til);
2. útbúa fiskrétt og kjötrétt til morgunverðar (skal um þrjá rétti í hvoru að velja og dregur nemandinn sinn af hvoru);
3. skreyta kalda framreiðslu, sem nemandinn má búa til eftir vild, enda hafi hann sjálfur búið til réttinn hjálparlaust;
4. búa til tvær ídýfur, aðra heita en hina kalda, t. d. „mayonnaise“, „bernaise“ eða „hollandaise“;
5. gefa skriflega lýsingu á rétti (á matseðli) er prófnefnd tiltekur, hvað í honum sé og hvernig hann sé gerður;
6. skýra munnlega matseðil, súpu, fisk, millirétt, steik og ábæti. Dregur nemandinn einn réttinn og skýrir hvað í honum sé og hvernig hann sé gerður.

##### b. Framreiðslumenn.

Nemandi undirbúi og leggi á borð, þar sem framreiða skal kalda rétti (kalt borð) með tilheyrandi glösum og annast síðan framreiðsluna. Enn fremur skal hann undirbúa og leggja á borð, þar sem framreiða skal heitan samkvæmismat, með tilheyrandi glösum og annast síðan framreiðsluna.

#### 15. Múr- og steinsmíði.

##### a. Í múrsmíði skal nemandi:

1. múra upp  $1\frac{1}{2}$  steins múr með eins steins bindingu, 1,88 m langan og 1,25 m háan, bindinguna og öll 4 horn hennar skal slétthýða;
2. hlaða um dyr eða gluggaop og loka að ofan með hringboga, sporöskjuboga eða oddboga. Auk þess skal nemandi sýna leikni í að draga loftlista og skera saman horn, leggja gólf og veggflisar, og loks að blanda, leggja og binda járnbenta steinsteypu eftir uppdrætti.

##### b. Í steinsmíði skal nemandi:

1. höggva og fullgera áttstrendan girðingarstöpul með strendan topp;
2. höggva og fullgera millistein í legstein með holboga umhverfis að ofan;
3. gera legstein með slípuðum og gljáðum framfleti og inngreiptum, gylltum krossi.

#### 16. Myndagerð.

##### a. Ljósmyndagerð.

Nemandi skal taka myndir í myndastofu af mönnum og gömlum myndum, bæði við dagsljós og lampaljós, framleiða myndir á plötur, taka eftir plötum (kopiera) bæði á gasljóss- og dagsljósspappír, stækka mynd og fullgera, blélita ýmsar pappirstegundir og fullgera myndir. Heimilt er nemanda að leggja fram við prófið plötur og myndir frá námsárum sínum, sem hann sannanlega hefur gert sjálfur hjálparlaust, og er þá prófdómendum heimilt, að taka tillit til þeirra við prófið.

## b. Mynda mótun.

Nemandi skal grafa (ætse) mynd í málm, bæði með punktum (autotypia) og punktalaus (strikmynd), bæði með einum lit og allt að fjórum litum. Skal hann skila sýnishorni af myndinni ásamt málmplötu, tilbúinni til prentunar.

## c. Mynda taka.

Nemandi skal taka mynd (photographi) fyrir myndamótagerð (chliche), bæði með einum lit og allt að fjórum litum. Einnig skal hann yfirfara (copiera) myndina á zink, eir eða aðra málma.

38

29. marz

## 17. Netagerð.

Nemandi skal gera eftirlíkingu (Model) af botnvörpu, eða teikna og gera eftirlíkingu af síldarnót. Stærð eftirlíkinganna ákveða prófdómendur.

## 18. Pípulögn.

Nemandi skal inna af hendi þessi verk:

Setja upp að öllu leyti algeng hreinlætistæki í venjulegri íbúð, baðker, handlaug, salerni og eldhúsvask með öllum nauðsynlegum að- og frárennslispípum. Enn fremur sýni hann kunnáttu sína í miðstöðvarlagningu með því að leggja miðstöð í hús, með ekki færri en 10 ofna leiðslu. Enn fremur sýni hann kunnáttu sína við að logsjóða og logskera pípur og þetta lárétt samskeyti á 2½" og 4" steypujárnspípum, með hampi og blýi. Hann skal tinkveikja blý-, eir- eða látúns-pípur. Uppdrátt af lögnum skal ávallt afhenda nemanda fyrir prófið.

## 19. Prentið.

## a. Prentun.

Nemandi skal prenta hjálparlaust venjulega bókaörk í hraðpressu, ákveða hlutföll jaðra, síðuröðun, litarmagn og réttingu. Auk þess skal hann raða niður fjórum 8 bls. og tveimur 16 bls. örkum í tvennu lagi, prenta í fergipressu (diegelpressu) sjálfstæða auglýsingu, strikaform eða bréfhaus, prenta mynd (autotypi) á myndapappír. Myndina skal rétta með útskurði.

## b. Setning.

Nemandi skal setja venjulegt lesmál í að minnsta kosti 2 klst. samfleytt, eftir algengu, skrifuðu handriti, binda út og taka próförk, er hann svo leiðréttir, setja titilsíðu, auglýsingu og eitthvert eyðublað. Einnig skal setja töflu með að minnsta kosti tvískiptum haus. Brjóta um vélsett letur, 16 síður í 8 blaða broti.

## 20. Rafmagnsið.

## a. Rafvirkjanemar skulu:

1. leggja ljósalögn í tveggja hæða hús með tveim greinum og 10 lampastæðum með spjalði og lömpum, samkvæmt uppdraetti, er nemandi hefur gert, ásamt kostnaðaráætlun, og greinargerð fyrir því, hvers vegna ljósum er komið fyrir eins og sýnt er;
2. leggja vélalögn að 5 hestafla vél eða stærri fyrir 3-fasa riðstraum eða fyrir rakstraum, með að minnsta kosti 10 metra bugðóttri lögn með spjalði, ræsi, grunntengingu og viðtengingu rafvélarinnar við þá vél, sem hún á að knýja, eða er knúin af, t. a. m. ganga frá þeim, ef reimdráttur er notaður. Lögnin skal framkvæmd eftir uppdraetti, spennufall reiknað, vör ákveðin og kostnaður allur sundurliðaður;
3. leggja 50 metra jarðstreng með tengihólkum á báðum endum og 2 greinihólkum, með að minnsta kosti 10 kg af lakki, bræddu á hvern hólk til

jafnaðar, og skal strengurinn prófaður. Enn fremur leggja blýstrengslögn, með ekki færri en 3 greinidósum;

4. leggja ljósálögn frá spjaldi í vélskip, 20 smálestir að stærð eða meira og setja upp alla lampa;
  5. setja upp króka og klukkur, draga út vir (10—35 qmm.) og binda upp á einfaldri 1000 m loftlínu, svo og leggja eina heimtaug frá línunni í hús með inntaki í það;
  6. leggja hringingarlögn að öllu leyti með ekki færri en 5 tölum;
  7. leggja innanhússíma fyrir 3 talfæri að öllu leyti og gera grein fyrir miðstöðinni.
- b. Rafvéla virkjanemar skulu:
1. vefja snúð og sátur rafvéla, gera mælingar á vafi straumvendis og gera grein fyrir árangrinum, reikna út og gera ræsi fyrir rafvél;
  2. setja upp vélar í 10 hestafla olíuvélarstöð, eða 10 hestafla vatnsaflsstöð með lágspennu, tengja spjöld fyrir vélar og útiliggjandi línur, leggja allar lagnir í stöðinni og ganga svo frá öllu, að stöðin verðin reynd í góðum gangi;
  3. setja háspennutæki í 50 kw. spennistöð með straumrofa og teinrofa, ásamt tengingu við spennu báðum megin, tengja lágspennuspjald fyrir útiliggjandi línur, grunntengja stöðina, þurrka eða hreinsa olíuna, svo að spennirinn geti starfað öruggt;
  4. ganga frá straum- og spennumælum á 500 kw. háspennustöð.

## 21. Reiða- og seglasaumur.

Nemandi skal:

- a. taka mál af gaffalsegli á 60 smálesta skipi eða stærra, eða öðru segli jafn vandasömu, gera uppdrátt að því, skipta niður í dúka, sníða það og sauma í höndum með öllum rifgötum saumuðum (ekki „patent kósa“), laga það (afsetja) og sauma utan um það kantkaðal (ligtov), eins og við á;
- b. draga upp reiða á 60 smálesta skip eða stærra, ákveða gildleika viranna í reiða, búa reiðann til og gera grein fyrir, hvernig á að vinna verkið. Setja síðan reiðann upp og alla stagi, eins og við á. Enn fremur skal hann gera öryggisáhöld eftir nánari ákvörðun prófnefndar.

## 22. Reiðtygja- og aktygjasmíði.

Nemandi skal smíða:

- a. járnvirkjahnakk, ísaumaðan rósum;
- b. spaðahnakk með lafabófum;
- c. kragaaktygi;
- d. kvensöðul.

## 23. Skósmíði.

Nemandi skal:

- a. botna eina randsaumaða skó að öllu leyti;
- b. botna og sauma vatnsstígvél að öllu leyti.

## 24. Sútun.

Nemandi skal rota, súta, strá eða kasa og fullgera eina húð og tvö kálfsskinn (slétt, rauðsútuð), hvítsúta fjögur loðskinn, tvö af dílkum og tvö af öðrum dýrum (fínsútun). Í munnlegu prófi skal nemandi gera grein fyrir sýtunaraðferðum.

## 25. Tágarið.

Nemandi skal gera kórfa-hægindastól eða kistu úr grönnum tágum.

## 26. Trésmiði.

## a. B á t a s m í ð i.

Nemandi skal smíða:

1. smábát, fjögurra manna far;
2. skipsbát á togara.

## b. B e y k i s i ð n.

Nemandi smíði:

1. sívala tunnu;
2. sporöskjulagaðan kút;
3. sporöskjulagaðan bala;
4. sívala skipstunnu.

Nemandinn reikni út stærð ílátsins sem hann smíðar.

## c. H ú s a s m í ð i.

Nemandi skal smíða:

1. járnaða útidyrhurð í umgerð með spjöldum og rúðulistum;
2. stiga í venjulega íbúðarhæð, beinan eða snúinn;
3. hluta af geirapaki (Valme);
4. steypumót að: a) þakbrún með strikum, b) súlu með fótstalli og hausum, c) handriði á svalir eða tröppur með strikum og upphleyptum spjöldum ásamt stólpa;
5. skothurðir og koma þeim fyrir;
6. járnaða stofuhurð með spjöldum og umgerð;
7. þrisettan ytri og innri glugga;
8. eldhúsinnbúnað (skápa, borð og skúffur).

## d. H ú s g a g n a s m í ð i.

Nemandi skal smíða: Húsgagn með hurð og skúffu. Prófsmiðina skal gljábera eða gljáfægja. Sé hún ekki gljáfægð, skal nemandi færa sönnur á, að hann kunnir að gljáfægja. Gera skal rissmynd og hlutateikningu (Detail) að prófsmið.

## e. M ó t a s m í ð i.

Nemandi smíði mót að einhverjum mislaga (ósýmmetriskum) hlut, er sé samsettur úr þrem eða fleiri stykkjum, og tilheyrandi kjarnakassa.

## f. M y n d s k u r ð u r.

Nemandi skal skera:

1. hurðarspjald;
2. spegilfald;
3. myndfald;
4. hillufjöl;
5. stól;
6. skáp;
7. setubekk;
8. rafmagnslampa.

## g. S k i p a s m í ð i.

Nemandi skal smíða:

1. seglás;
2. mastur;
3. ljóra;
4. niðurgönguskýli;
5. lestarop með öllu, er því fylgir;
6. tréstýri á skip, járnað og að öllu fullgert og ásett;
7. tvingenga og járnaða akkerisvindu;
8. háglugga með umgerð (skylight);

38  
29. marz

9. stefni í skip eða bát og setja það í;
10. þróm, 30—40 fet, ásetta, og festa á meginþiljur (Waterboard);
11. ytri klæðningu, 30—40 fet, og sé nokkur hluti hennar með beygju.

### 27. Úrsmíði.

Nemandi skal:

- a. gagnskoða úr (Aftrækning);
- b. fódra við miðhjól (Centrumshjól) í plötu og stag;
- c. renna og setja steinlegur (steinfatningu) í plötu og stag;
- d. renna óróaás;
- e. setja inn tvöfalda gormfjöður;
- f. renna uppdráttarás.

### 28. Vagnasmíði.

Nemandi skal smíða:

- a. framhjól á fjórhjóraða kerru og setja möndulinn í;
- b. tvíhjóra kerru að öllu leyti.

Eitt ár af námstímanum skal nemandi vera við járnsmíði (eldsmíði).

### 29. Veggfóðrun.

Nemandi skal:

- a. sýna aðferðir við strigalögn súðarherbergis eftir ákvæðum prófnefndar;
- b. veggfóðra herbergi og kantsetja það, skreyta með veggfóðri og gera uppdrátt af skreytingunni og skal veggfóður valið í samráði við prófnefnd;
- c. dúkleggja með gúmmí eða gólfdukk (linóleum) beinan eða snúinn stiga með borða og gera uppdrátt af dúklögn með borðum (gúmmí eða linóleum) í herbergi.

14. gr.

Nú vill nemandi vinna annað verk eða gera annan grip, en prófnefnd hefur ákveðið og er þá prófnefnd heimilt að leyfa það, ef hún telur það sýna eins mikla kunnáttu nemanda í iðn sinni, og lærimeistari hans lýsir yfir því, að nemandi kunnir einnig að gera það verk, er prófnefnd hafði ákveðið.

15. gr.

Sveinspróf skal halda tvisvar á ári, þannig að þau byrji fyrri helming mánaðanna marz og september. Skal hlutaðeigandi lögreglustjóri auglýsa prófin með tveggja vikna fyrirvara. Umsóknir um próftöku skulu komnar til formanns prófnefndar fyrir 1. þess mánaðar, er próf skal fara fram í. Ef sérstaklega stendur á, má hlutaðeigandi lögreglustjóri, með samþykki prófnefndar, leyfa að próf fari fram á öðrum tíma, en ofan greinir.

16. gr.

### Eignir:

1. Skuldabréf fyrir lánum .....	kr. 611 193.56
2. Óhafinn styrkur .....	— 100 841.01
3. Áhöld .....	— 3 000.00
4. Viðskiptamenn .....	— 7 794.09

---

 Kr. 722 828.66

### Skuldir:

1. Útgefin skuldabréf í umferð .....	kr. 601 100.00
2. Búnaðarbanki Íslands .....	— 77 592.64
3. Óinnleystir vaxtamiðar .....	— 27 000.00
4. Varasjóður .....	— 17 136.02

---

 Kr. 722 828.66

54

### Rekstrarreikningur Nýbýlasjóðs 1940.

#### Tekjur:

1. Ríkissjóðsstyrkur .....	kr. 138 986.39
2. Lántökugjald og teikningar .....	— 671.50
3. Vextir af lánum .....	— 24 508.95

---

 Kr. 164 166.84

#### Gjöld:

1. Styrkveitingar .....	kr. 79 877.49
2. Rekstrarkostnaður .....	— 35 049.49
3. Þátttaka í kostnaði við teiknistofu .....	— 7 361.00
4. Afskrift af áhöldum .....	— 550.00
5. Vextir af skuld .....	— 8 189.64
6. Sölu kostnaður bréfa (afföll) .....	— 4 740.22
7. Vaxtamiðar .....	— 27 200.00
8. Lagt í varasjóð .....	— 1 199.00

---

 Kr. 164 166.84

Reykjavík, 6. janúar 1941.

#### NÝBÝLASJÓÐUR

Steingrímur Steinþórsson.

Björn Konráðsson.

Framanritaða reikninga Nýbýlasjóðs fyrir árið 1940 höfum við undirritaðir yfirfarið og borið saman við bækur sjóðsins, og reyndist hann vera réttur.

Reykjavík, 27. marz 1941.

Pétur Ottesen.

Sveinbjörn Högnason.

55

26. marz

### AUGLÝSING

um breyting á hafnarreglugerð fyrir Húsavíkurkaupún, nr. 121 7. des. 1935.

Í stað „5 aura“ í 27. gr. hafnarreglugerðarinnar skulu koma: 6 aura.

Reglugerðarbreyting þessi er hér með sett samkvæmt lögum nr. 38 19. júní 1933, til þess að öðlast gildi 1. apríl 1941, og birtist hér með til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 26. marz 1941.

Ólafur Thors.

---

 Páll Pálmason.

## Útkomið í A-deild Stjórnartíðindanna 1941.

*Lög um breyting á lögum nr. 6 9. janúar 1935, um tekjuskatt og eignarskatt, undirskrifuð af ráðuneyti Íslands, handhafa konungsvalds, 5. maí 1941, nr. 9.*

*Lög um stríðsgróðaskatt, undirskrifuð af ráðuneyti Íslands, handhafa konungsvalds, sama dag, nr. 10.*

*Lög um heimild fyrir rikissjóð til að taka 10 milljón króna innanrikislán, undirskrifuð af ráðuneyti Íslands, handhafa konungsvalds, sama dag, nr. 11.*

*Lög um breyting á lögum nr. 63 31. desember 1937, um tollheimtu og tolleftirlit, undirskrifuð af ráðuneyti Íslands, handhafa konungsvalds, sama dag, nr. 12.*

*Lög um viðauka við lög nr. 63 31. desember 1937, um tollheimtu og tolleftirlit, undirskrifuð af ráðuneyti Íslands, handhafa konungsvalds, sama dag, nr. 13.*

*Lög um breyting á lögum nr. 58 8. september 1931, um einkasölu rikisins á tóbaki, undirskrifuð af ráðuneyti Íslands, handhafa konungsvalds, sama dag, nr. 14.*

*Lög um afnám laga nr. 25 9. janúar 1935, um viðauka við lög nr. 75 27. júní 1921, um stimpilgjald, og afnám 2. gr. laga nr. 91 11. júní 1938, um breyting á þeim lögum, undirskrifuð af ráðuneyti Íslands, handhafa konungsvalds, sama dag, nr. 15.*

*Lög um breyting á lögum nr. 27 8. september 1931, er heimila ríkisstjórninni að flytja inn sauðfé til sláturfjárþóta, undirskrifuð af ráðuneyti Íslands, handhafa konungsvalds, sama daga, nr. 16.*

*Lög um breyting á lögum nr. 73 31. desember 1937, um gjaldeyrisverzlun o. fl., og lögum nr. 115 31. maí 1940, um breyting á þeim lögum, undirskrifuð af ráðuneyti Íslands, handhafa konungsvalds, 28. maí 1941, nr. 17.*

*Lög um sandgræðslu og heftingu sandfoks, undirskrifuð af ráðuneyti Íslands, handhafa konungsvalds, sama dag, nr. 18.*

*Lög um veiði, sölu og útflutning á kola, undirskrifuð af ráðuneyti Íslands, handhafa konungsvalds, sama dag, nr. 19.*

*Lög um breyting á lögum nr. 32, 14. júní 1929, um loftferðir, undirskrifuð af ráðuneyti Íslands, handhafa konungsvalds, sama dag, nr. 20.*

*Lög um breyting á umferðarlögum nr. 110 30. maí 1940, undirskrifuð af ráðuneyti Íslands, handhafa konungsvalds, sama dag, nr. 21.*

*Lög um breyting á bifreiðalögum, nr. 75 7. maí 1940, undirskrifuð af ráðuneyti Íslands, handhafa konungsvalds, sama dag, nr. 22.*

## **Bréf dómsmálaráðuneytisins til sýslumannsins í Skagafjarðar- sýslu, um að Holtshreppur verði sérstök dómþinghá.**

56

3. júní

Samkvæmt tillögum yðar, herra sýslumaður, í bréfi, dags. 24. febrúar s. l., og samþykkt hreppsnefndar Holtshrepps í Skagafjarðarsýslu, veitir ráðuneytið hér með samþykki sitt til þess að Holtshreppur verði framvegis sérstök dómþinghá með þingstað að Ketilási í Holtshreppi, enda annist hreppsnefndin um að jafnan verði til á hinum nýja þingstað hæfilegt húsnæði til þinghaldanna.

Þetta er yður hér með til vitundar gefið til leiðbeiningar og til frekari birtingar.

57

12. marz

## BRÁÐABIRGÐAREGLUR

um framleiðslu og sölu á rjómaís, með eða án bragðbætandi efna.

1. gr.

Allt ísfrauð (ískrem), sem selt er til neyzlu, skal vera rjómaís og innihalda að minnsta kosti 10% fitu.

2. gr.

Rjómi eða mjólk, sem í ísinn er notuð, skal vera gerilsneydd.

3. gr.

Öll tæki og efni, sem notuð eru til framleiðslunnar, skulu fullnægja ströngustu hreinlætiskröfum, sbr. 11. gr. reglugerðar um tilbúning og dreifingu á matvælum o. s. frv. nr. 49 15. júlí 1936. Nota skal einungis hreint salt og ís, tilbúinn úr venjulegu drykkjarvatni, til frystingar.

4. gr.

Húsakynni framleiðslunnar fullnægi ákvæðum ofannefndrar reglugerðargreinar um tilbúning og dreifingu á matvælum o. s. frv.

5. gr.

Starfsfólk skal vera hreinlegt og heilbriggt samkvæmt læknisvottorði.

6. gr.

Sala á rjómaís skal aðeins leyfð frá mjólkur- og brauðbúðum. Á viðurkenndum veitingastöðum má þó einnig selja rjómaís til neyzlu þar á staðnum. Þó getur heilbrigðisnefnd veitt undanþágu öðrum, ef þeir hafa áður framleitt og selt rjómaís, enda uppfylli þeir að öðru leyti sett skilyrði. Svo má og heilbrigðisnefnd leyfa sérstakar ísbúðir til bráðabirgða við einstök tækifæri, með sömu skilyrðum og að framan getur.

7. gr.

Heilbrigðisnefnd ákveður í hverju einstöku tilfelli, hvort viðunandi skilyrði séu fyrir hendi til framleiðslu og sölu ofangreindrar vöru. Skal hún um það efni meðal annars miða við gerlamagn vörunnar.

Bráðabirgðareglur þessar eru hér með settar samkvæmt lögum nr. 24 1. febrúar 1936, til að öðlast gildi 1. maí 1941.

Þetta birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

*Í heilbrigðismálaráðuneytinu, 12. marz 1941.*

**Stefán Jóh. Stefánsson.**

*Gústav A. Jónasson.*

## REGLUGERÐ

58

1. apríl

um breyting á reglugerð nr. 115 25. okt. 1938, um breyting á reglugerð nr. 61 14. júní 1933, um raforkuvirki.

1. gr.

Í 2. gr. falli niður úr fyrstu setningu e-liðs orðin: „á lágspennulínunni“ og úr síðustu setningu sama liðs orðin: „og hún þarf eigi að vera meiri en 2 m.“

2. gr.

Í 2. gr. bætist við e-liðinn á eftir tölulið 2 nýr töluliður, svo hljóðandi:

3. Símalínan sé úr viðurkenndum úteinangruðum vír, enda sé a) þverunarfak lágspennulínunnar ekki yfir 50 m að lengd og vírar hennar margþættir úr eir, brónsi eða járnri og eigi grennri en 16 mm<sup>2</sup>, eða b) þverunarfak lágspennulínunnar ekki yfir 30 m og vírar hennar úr eir, brónsi eða járnri og eigi grennri en 10 mm<sup>2</sup>. Lóðrétt fjarlægð milli símataugar og lágspennutaugar má ekki vera minni en 1/5 hluti fjarlægðarinnar frá þverunarstaðnum til næsta festipunkts lágspennutaugarinnar eða næsta festipunkts símataugarinnar, eftir því hvor er fjær. Hún má þó ekki vera minni en 0,5 m.

Reglugerð þessi er hér með sett samkvæmt lögum nr. 83 23. júní 1932, um raforkuvirki. Öðlast hún þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

*Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 1. apríl 1941.*

**Ólafur Thors.**

*Páll Pálmason.*

Staðfesting ráðuneytis Íslands, handhafa konungsvalds, á skipulagsskrá fyrir „Minningarsjóð Sveins Guðmundssonar, hreppstjóra á Akranesi, og Mettu Steinunnar Hansdóttur, f. Hoffmann, konu hans.“ útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dóms- og kirkjumálaráðherra 3. apríl 1941.

59

3. apríl

Skipulagsskráin er þannig:

## SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Minningarsjóð Sveins Guðmundssonar, hreppstjóra á Akranesi, og Mettu Steinunnar Hansdóttur, f. Hoffmann, konu hans.

1. gr.

Sjóðurinn er stofnaður af þeim hjónum Sveini hreppstjóra Guðmundssyni á Akranesi (f. 5. sept. 1859, d. 30. júlí 1938) og Mettu Steinunni Hansdóttur, f. Hoffmann, konu hans (f. 29. okt. 1848, d. 21. jan. 1934), og er stofnfé hans kr. 5000.00 — fimm þúsund krónur —, gjöf þeirra.

2. gr.

Markmið sjóðsins er:

1. Að styrkja sjúkraskýli á Akranesi til áhaldakaupa, eftir því sem læknaþeir, er þar starfa, telja nauðsynlegast á hverjum tíma, þangað til sjúkraskýlið er orðið svo fullkomið að lækningatækjum og öðrum útbúnaði, að dómi lækna, að tiltækilegt þyki að verja útborguðum vöxtum að nokkru samkvæmt 2. málsgrein.



- 59 2. Að styðja að endurbótum eða stækkun sjúkraskýlisins og, þegar fært þykir, að  
3. apríl 3. dómi læknanna, að létta undir rekstrarkostnað þess, eða styðja að bættum heilbrigðis- og hollustuháttum á Akranesi, eftir tillögum lækna og heilbrigðisnefndar.

## 3. gr.

Sjóðinn skal varðveita í aðaldeild Söfnunarsjóðs Íslands og skal helmingur vaxta árlega lagður við höfuðstól, en hinn helmingur vaxtanna greiðist stjórn sjóðsins til ráðstöfunar, eftir því sem segir í 2. grein.

## 4. gr.

Stjórn sjóðsins skipa undirritaðar dætur stofnenda hans, meðan tvær þeirra eru á lífi og eiga heima á Akranesi, en eftir það fer stjórn sjúkraskýlisins á Akranesi með stjórn sjóðsins.

Nú er stjórn sjúkraskýlisins óskipuð, er dætur sjóðstofnenda fá eigi haft sjóðstjórnina á hendi, og fara læknar á Akranesi þá með stjórn sjóðsins til bráðabirgða.

Stjórn sjóðsins skiptir sjálf með sér verkum.

## 5. gr.

Reikningsár sjóðsins er almanaksárið.

Hreppsnefnd Ytri-Akranesshrepps kýs tvo endurskoðendur reikninga hans.

## 6. gr.

Leita skal staðfestingar konungsvaldsins á skipulagsskrá þessari.

Petrea G. Sveinsdóttir.    Ingunn Sveinsdóttir.    Matthildur Sveinsdóttir.

**REGLUGERÐ**

**breyting á reglugerð nr. 75 22. maí 1939, fyrir bændaskólana að Hólum og Hvanneyri.**

## 1. gr.

15. gr. reglugerðarinnar orðist þannig:

Nemendum er skylt að ganga undir próf í öllum þeim námsgreinum, sem kenndar eru. Þó getur skólastjóri látið niður falla próf í söng og smíðum.

## 2. gr.

Reglugerð þessi öðlast þegar gildi.

Reglugerð þessi er hér með sett samkvæmt lögum nr. 26 13. janúar 1938 og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

*Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 4. apríl 1941.*

**Hermann Jónasson.**

*Gunnl. E. Briem.*

## AUGLÝSING

um breyting á hafnarreglugerð fyrir Hofsóskaupún,  
nr. 42 7. marz 1939.

61

4. apríl

Gjöld samkvæmt 16. gr. reglugerðarinnar innheimtist frá 1. maí 1941 og út það ár með 50% viðauka.

Ákvæði þessi eru hér með sett samkvæmt lögum nr. 24 13. janúar 1938, um hafnargerð á Hofsós og birtast til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

*Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 4. apríl 1941.*

**Ólafur Thors.**

*Páll Pálmason.*

Staðfesting ráðuneytis Íslands, handhafa konungsvalds, á skipulagsskrá fyrir „Minningarsjóð Bjargar Magnúsdóttur ljósmóður“, útgefin á venjulegan hátt ad man- 62  
datum af dóms- og kirkjumálaráðherra 8. apríl 1941. 8. apríl  
Skipulagsskráin er þannig:

## SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Minningarsjóð Bjargar Magnúsdóttur ljósmóður.

1. gr.

Sjóðurinn heitir Minningarsjóður Bjargar Magnúsdóttur.

2. gr.

Sjóður þessi er stofnaður af kvenfélagi Fellsstrandarhrepps á 30 ára starfsafmæli Bjargar Magnúsdóttur, sem ljósmóður í Fellsstrandarhreppi, 19. dag maímánaðar árið 1940, með nokkrum hluta fjár þess, er konur innan ljósmóðurumdæmisins færðu henni sem heiðursgjöf á starfsafmæli hennar.

3. gr.

Stofnfé sjóðsins er kr. 200.00 — tvö hundruð krónur — sem ávaxta skal í Sparisjóði Dalasýslu eða annarri tryggri peningastofnun landsins.

4. gr.

Markmið sjóðsins er, að styrkja sængurkonur búsettar í Fellsstrandarhreppi. Stækki ljósmóðurumdæmið út yfir hreppstakmörk sem nú eru, ná styrkveitingar úr sjóðnum aðeins innan þeirra takmarka, sem Fellsstrandarhreppur hefur nú.

5. gr.

Stjórn sjóðsins skipa: Lögskipuð ljósmóðir hreppsins, sem er sjálfkjörin og jafnframt formaður sjóðstjórnarinnar og tvær konur búsettar innan ljósmóðurumdæmisins, kosnar af kvenfélagi Fellsstrandarhrepps til þriggja ára í senn. Leggist kvenfélagið niður skal stjórnin kosin af konum búsettum í hreppnum. Engin kona

62 getur neitað að taka á móti kosningu eitt kjörtímabil, og svo aftur eftir jafnlangan tíma. Skylda ljósmóður umdæmisins er að sjá um, að stjórn sjóðsins sé á hverjum tíma fullskipuð.

6. gr.

Áskotnist sjóðnum einhverjar eignir, svo sem gjafir, áheit, eða á einhvern annan hátt, skulu þær eignir lagðar við höfuðstól sjóðsins, og lúta sömu lögum og reglum, sem þessi skipulagsskrá mælir fyrir.

7. gr.

Þegar sjóðurinn hefur vaxið svo, að ársvextir hans eru 40 kr., má fyrst veita fé úr sjóðnum, samkvæmt ákvæðum 4. greinar. Þó þannig, að aldrei má veita meiri upphæð á sama ári en nemur  $\frac{1}{2}$  ársvöxtum sjóðsins, þar til ársvextir hans eru fullar 80 krónur, þá má veita úr sjóðnum allt að  $\frac{3}{4}$  hlutum ársvaxtanna, en  $\frac{1}{4}$  hluti þeirra, skulu árlega leggjast við höfuðstólinn, þar til hann er fullar krónur 10000 — tíu þúsund krónur —, úr því má veita úr sjóðnum allt að  $\frac{1}{10}$  hluti ársvaxtanna. Þau ár, sem engin sængurkona sækir um styrk úr sjóðnum, eða stjórn hans álitur engan umsækjanda verðugan styrksins, leggjast allir ársvextir við höfuðstólinn. Höfuðstól sjóðsins má aldrei skerða.

8. gr.

Stjórn sjóðsins ber að halda gerðabók. Í gerðabókina skal færa inn skipulagsskrá þessa, allar fundargerðir stjórnarinnar, umsóknir um styrk úr sjóðnum, styrkveitingar og annað, er varðar hag og rekstur sjóðsins. Enn fremur allar eignir og ársreikninga yfir tekjur og útgjöld sjóðsins.

9. gr.

Reikningsár sjóðsins er almanaksárið. Skal stjórnin birta reikninga hans í Lögbirtingablaðinu eða því blaði, sem flytur stjórnarvaldaauglýsingar. Hreppsnefnd Fellsstrandarhrepps ber að kjósa tvo endurskoðendur reikninga sjóðsins á hverju ári og hafa eftirlit með, að skipulagsskrá þessari sé fylgt.

10. gr.

Leita skal konungsstaðfestingar á skipulagsskrá þessari, sem verður birt í B-deild Stjórnartíðindanna.

63

15. apríl

## REGLUGERÐ

### um fasteignaskatt til Siglufjarðarkaupstaðar.

1. gr.

Fasteignaskatt skal greiða í bæjarsjóð Siglufjarðar af öllum fasteignum á lög-giltri verzlunarlóð Siglufjarðar, svo sem fyrir er mælt í reglugerð þessari.

2. gr.

- a. Af venjulegum íbúðarhúsum með lóðum, túnnum og görðum 0,4%.
- b. Af íbúðarhúsum, sem í er verzlun, skrifstofur, vinnustofur, verkstæði o. fl. þess háttar, enn fremur af öllum fasteignum síldarverksmiðja ríkisins 0,7%.
- c. Af óbyggðum lóðum 2%.
- d. Af síldarsöltunarstöðvum, frystihúsum, verksmiðjum og öllum öðrum fasteignum en þeim, sem um ræðir í a-, b- og c-lið, með lóð, 1%.

## 3. gr.

63

Undanþegnar fasteignaskatti eru þær fasteignir, sem um ræðir í 4. gr. laga nr. 69 31. des. 1937.

## 4. gr.

Fasteignaskatt skal reikna af heilum hundruðum fasteignamatsverðs, en brotum úr hundruðum skal sleppt.

## 5. gr.

Skattur þessi fellur í gjalddaga 1. júlí ár hvert og falla dráttarvextir á samkv. lögum nr. 69 1937. Skatt þenna má taka lögtaki. Skatturinn hefur lögveð í fasteign þeirri, sem hann er lagður á, og gengur á undan öllum sammingsbundnum veðum í 2 ár frá gjalddaga að telja.

## 6. gr.

Með reglugerð þessari er úr gildi felld reglugerð um fasteignaskatt til Siglufjarð-arkaupstaðar frá 20. apríl 1938 og reglugerð um breyting á þeirri reglugerð frá 28. febrúar 1940.

Reglugerð þessi, sem bæjarstjórn Siglufjarðarkaupstaðar hefur samið og samþykkt, staðfestist hér með samkv. lögum nr. 69 31. des. 1937 til þess að öðlast gildi þegar í stað, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

*Félagsmálaráðuneytið, 15. apríl 1941.*

**Stefán Jóh. Stefánsson.**

*Páll Pálmason.*

## REGLUGERÐ

64

26. apríl

um breyting á hafnarreglugerð fyrir Akranes, nr. 118 30. desember 1937.

## 1. gr.

Eftirgreind hafnargjöld má innheimta með 50% álagi:

- a. Lestargjald, samkv. a-, b- og c-lið 14. gr.
- b. Vörugjald, samkv. 1.—12. flokki, 15. gr.
- c. Bryggjugjald, samkv. síðari málsg. 20. gr.

## 2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi 1. maí 1941.

Reglugerð þessi er hér með sett samkvæmt lögum nr. 64 8. september 1931 og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

*Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 26. apríl 1941.*

F. h. r.

**Vigfús Einarsson.**

*Gunnl. E. Briem.*

65  
29. apríl

## HAFNARREGLUGERÐ

fyrir Raufarhöfn.

### I. KAFLI

Takmörk hafnarinnar.

1. gr.

Raufarhöfn takmarkast af línu, sem dregin er úr norðausturhorni Raufarhafnarhöfða í Hólshöfðatá.

### II. KAFLI

Stjórn hafnarinnar.

2. gr.

Hreppsnefnd Presthólahrepps kýs 3 manna hafnarnefnd til 4 ára í senn, og hefur hún, undir yfirstjórn hreppsnefndar og yfirumsjón atvinnu- og samgöngumálaráðuneytisins, framkvæmd hafnarmála og eftirlit með höfninni. Sér um viðhald og umbætur á henni og eignum hennar, stýrir öllum framkvæmdum er henni lúta og annast fjárhald hafnarsjóðs, innheimtu og reikningsskil fyrir hönd hreppsnefndar.

3. gr.

Hreppsnefndin veitir fé úr sjóðnum til hafnarframkvæmda eftir tillögu hafnarnefndar, og ákveður hvernig hann skuli ávaxta, enda ber hún ábyrgð á innstæðum hans eins og öðrum eignum hreppsfélagsins.

Reikningar hafnarsjóðs skulu fylgja hreppsreikningum og endurskoðast og úrskurðast með þeim.

Öll gjöld samkvæmt reglugerð þessari má innheimta með lögtaki.

### III. KAFLI

Um almenna reglu.

4. gr.

Hreppsnefnd ræður hafnarstjóra, að fengnum tillögum hafnarnefndar.

Hafnarstjóri sér um að gætt sé reglu á höfninni og landi hennar. Er öllum skylt að hlýða boði hans og banni, og enn fremur þeirra starfsmanna, er hafnarnefnd setur til að gæta reglu. Þyki einhverjum sér óréttur ger af starfsmönnum hafnarinnar, getur hann kært það fyrir hafnarstjóra, en skipun starfsmannsins ber að hlýða þegar í stað.

5. gr.

Þeim, sem ekkert lögmætt erindi eiga, er bannað að dvelja á landi hafnarinnar, ef þeir með því teifa fermingu eða affermingu skipa eða önnur störf, sem þar eru framin.

6. gr.

Ekki má kasta seglfestu, ösku, kolum, eða neinu öðru sem valdið getur skemmdum á höfninni, né flytja það frá landi út í höfnina. Sama gildir og um sildar- og fiskúrgang, nema með leyfi hafnarstjóra,

## 7. gr.

Ekki má gera nein hafnarmannvirki við höfnina, né breyta þeim mannvirkjum, sem fyrir eru, og ekki heldur fylla upp né dýpka út frá landi, nema leyfi hreppsnefndar komi til.

65

29. apríl

## IV. KAFLI

## Um leigu skipa og umferð þeirra á höfninni.

## 8. gr.

Fiskiskip og önnur skip, sem ferma ekki né afferma, mega aldrei leggjast svo á höfnina, að tálmi affermingu annarra skipa, og skal þeim í hvert skipti skylt að hlíta boði hafnarstjóra eða starfsmanna hafnarinnar, um hvar þau megi liggja eða leggjast.

Aldrei mega skip leggjast svo nærri bryggjum, að eigi sé nægilegt pláss fyrir önnur skip að komast að eða frá. Skipum eða bátum má eigi leggjast svo, að þau hindri eða tefji umferð um höfnina.

Nú tregðast eigandi við að hlýða boði hafnarstjóra eða starfsmanna hafnarinnar, um að flytja skip sitt, bát eða strengi á höfninni, og getur þá hafnarstjóri látið gera það á kostnað og ábyrgð eiganda. Kostnaðinn má taka lögtaki.

## 9. gr.

Ekkert skip má skilja eftir mannaust á höfninni, nema með leyfi hafnarstjóra.

## 10. gr.

Ef skip lendir á grynningu eða sekkur, þar sem það að áliti hafnarstjóra tálmar greiðri notkun hafnarinnar, skal færa það burt svo fljótt sem auðið er. Verði dráttur á því, má hafnarstjóri láta færa skipið burt á kostnað eiganda, og er honum heimilt að láta selja skipið fyrir kostnaðinum, ef nauðsyn krefur. Kostnaðinn má taka lögtaki.

## V. KAFLI

## Um lesta- og ljósagjald.

## 11. gr.

Öll skip, er leggjast við festar innan takmarka hafnarinnar, þó með þeim undanþekningum, er síðar getur, skulu greiða hafnargjöld er hér segir:

- a. Skip, 8 smálesta og stærri, sem eru skrásett á Raufarhöfn og ekki eru í millilandasiglingum, skulu greiða hafnargjald einu sinni á ári, 50 aura fyrir hverja smálest.
- b. Innlend veiðiskip greiði 10 aura fyrir hverja smálest í hvert skipti er þau koma til hafnar, þó aldrei minna en 2 krónur.
- c. Öll önnur skip, sem til hafnarinnar koma, skulu greiða 20 aura fyrir hverja smálest. Þó er hafnarnefnd heimilt að lækka gjald þetta, eða fella burtu, ef sérstakar ástæður eru fyrir hendi.

Undanþegin þessu gjaldi eru þó herskip, varðskip, björgunarskip, skemmtiskip, skip, sem gerð eru út til vísindalegra rannsókna, og skip, sem leita hafna vegna sjóskemmda.

- d. Liggja skip lengur en 14 daga á höfninni í einu, skal það greiða lestagjald að nýju fyrir hverja 14 daga eða brot úr þeim. Hafi skipið verið tekið á land til aðgerðar, teltst sá tími ekki, sem það stóð uppi,

65

29. apríl

Öll skip, sem koma til hafnarinnar á tímabilinu frá 1. ágúst til 14. maí, skulu greiða ljósagjald þannig:

- a. Skip, sem getur um í 11. gr. a-lið, 3 krónur á ári.
- b. Skip, sem getur um í 11. gr. b-lið, greiði 2 krónur í hvert skipti, er þau koma til hafnar, þó ekki yfir 10 krónur á ári.
- c. Öll önnur skip greiði 1 eyri fyrir hverja nettó smálest í hvert skipti sem þau koma til hafnar, þó aldrei minna en 3 krónur.

12. gr.

## VI. KAFLI

## Um vörugjald.

13. gr.

Vörugjald skal greiða af öllum vörum og skepnum, lifandi og dauðum, sem fermdar eru og affermdar á höfninni, með þeim undanþágum, er um getur í næstu greinum.

14. gr.

Fyrir vörur skips, sem samkvæmt farmskrám eru atlaðar til umhleðslu, og eiga aðeins að leggjast á land um stundarsakir, greiðist aðeins hálf gjald.

Af vörum, sem settar eru á land og eiga að fara aftur með sama skipi, enda séu þær ákveðnar með farmskránni, greiðist ekkert gjald.

15. gr.

Þessar vörur eru algerlega undanþegnar vörugjaldi:

- a. Umbúðir, sem endursendar eru, enda sé þess getið á farmskrá.
- b. Vistir og aðrar nauðsynjar báta og skipa, sem flutt er úr landi.
- c. Póstflutningur og farangur ferðamanna.
- d. Vörur, sem fluttar eru úr herskipi (varðskipi) eða í herskip.

16. gr.

Vörugjald skal reikna eftir máli eða þyngd með umbúðum. Brot úr gjaldeiningu telst sem gjaldeining. Fara skal eftir farmskrám skipa við útreikning vörugjalds, og er skipstjóri skyldur að láta hafnarstjóra í té eftirrit af farmskrám skipsins. Sé engin farmskrá, skal skipstjóri eða formaður báts gefa drengskaparvottorð um vörumagn, sem skip hans hefur fermt eða affermt. Þyki hafnarstjóra ástæða til, getur hann látið hvenær sem er ákveða vörumagnið á þann hátt, sem hann telur hentugast. Reynist vörumagnið meira en upp var gefið, greiði skipið kostnaðinn.

17. gr.

## Vörugjaldskrá.

## A. Aðfluttar vörur:

1. flokkur: Gjald 15 aurar fyrir hver 100 kg kol, salt og aðrar vörur, er reiknast eftir þyngd og ekki er tekið sérstakt vörugjald af eða undanþegnar.
2. flokkur: Gjald 35 aurar af hverjum 100 kg olíum og benzíni.
3. flokkur: Gjald 5 aurar fyrir hverja tóma tunnu, uppsetta eða í stöfum.
4. flokkur: Gjald 10 aurar af tómfötum, uppsettum eða í stöfum.
5. flokkur: Gjald 2 aurar af hverju kg af kryddi.
6. flokkur: Gjald 1 eyrir af hverju kg af sykri til kryddsöltunar.
7. flokkur: Gjald 2 aurar af hverju teningsfeti af öllum vörum, er reiknast eftir rúmmáli.

**B. Útfluttar vörur:**

1. flokkur: 10 aurar fyrir hver 100 kg af saltfiski.
2. flokkur: Gjald 10 aurar fyrir hver 100 kg af isuðum fiski.
3. flokkur: Gjald 14 aurar fyrir hver 100 kg af frystum fiski.
4. flokkur: Gjald 14 aurar fyrir hver 100 kg af síldarmjöli og fiskimjöli, lýsi og öðrum vörum, er reiknast eftir þyngd og ekki eru undanþegnar vörugjaldi.
5. flokkur: Gjald 15 aurar fyrir hverja tunnu saltsildar.
6. flokkur: Gjald 30 aurar fyrir hverja tunnu af kryddsild, sykursaltaðri eða flattri.
7. flokkur: Gjald 2 aurar af hverju teningsfeti af vörum, er reiknast eftir rúmmáli.
8. flokkur: Gjald 10 aurar af hverri sauðkind.
9. flokkur: Gjald 1 króna fyrir hvern stórgrip.

## 18. gr.

Að svo miklu leyti, sem ekki eru í reglugerð þessari fastir gjalddagar á gjöldum, skal greiða þau áður en skipið fer úr höfn.

Gjalddaga fyrir ársgjöld ákveður hafnarstjóri.

## 19. gr.

Gjald fyrir vörur þær, er um getur í 17. gr., greiðir eigandi eða umboðsmaður hans á Raufarhöfn, og hefur hafnarsjóður haldsrétt á vörunum, unz gjaldið er greitt.

Ef margir eiga vörur með sama skipi, skal afgreiðslum. standa skil á greiðslunni.

Ef skip eða bátur hefur ekki farm sinn skráðan, ber skipstjóri eða afgreiðslumaður ábyrgð á greiðslu vörugjaldsins.

Vörugjald af vörum, sem koma til hafnar, fellur í gjalddaga þegar skipið, er vörurnar flytur, er komið á höfnina, og vörugjald af vörum, sem fluttar eru úr höfn, fellur í gjalddaga þegar vörurnar eru komnar í skip.

Öll gjöld samkvæmt þessari reglugerð renna í hafnarsjóð.

## VII. KAFLI

## Ýmis ákvæði.

## 20. gr.

Um skaðabótaskyldur fyrir skemmdir á höfninni, mannvirkjum hennar eða áhöldum, fer eftir almennum lagareglum. Ef samningum verður ekki við komið um skaðabætur skulu þær ákveðnar af 3 dómkvöddum, óvilhöllum mönnum. Hvorum aðila um sig er heimilt að krefjast yfirmats, en gera skal það áður en einn mánuður er liðinn frá því, að matsgerð fór fram.

Yfirmat skal fara fram af 5 dómkvöddum mönnum. Kostnað við yfirmat greiðir sá, er þess hefur krafizt. Ef matsupphæð verður eigi breytt meir en nemur 10% af hinni ákveðnu endurgjaldsupphæð, að öðrum kosti greiði hinn aðilinn kostnaðinn.

## 21. gr.

Enginn, sem bakað hefur sér refsingu eða skaðabótaskyldu fyrir brot á reglugerð þessari, má fara burt úr höfninni meðan mál hans er óútkljáð, nema hann setji tryggingu, er hafnarstjóri tekur gilda.

## 22. gr.

Enginn skipstjóri má vænta að fá afgreiðslu hjá lögreglustjóra eða umboðsmanni hans, nema hann með vottorði frá hafnarstjóra sanni, að hann hafi greitt gjöld þau, er innheimtumaður hafnarinnar á að innheimta, svo og sektir og skaðabætur, er hann á að greiða,



65

29. apríl

23. gr.

Hverja þá skipun, er samkvæmt reglugerð þessari má gefa skipum, skal gefa stýrimanni, ef skipstjóri er ekki á skipi og ekki heldur umboðsmaður hans. Ef stýrimaður er fjarverandi, má gefa einhverjum öðrum af skipshöfninni skipunina, og er það jafngilt og skipstjóri hefði fengið hana sjálfur.

24. gr.

Með mál út af brotum á reglugerð þessari skal fara sem almenn lögreglumál.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt lögum nr. 68 11. júní 1938, um hafnargerð á Raufarhöfn, til að öðlast gildi 15. maí 1941, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, er hlut eiga að máli. Jafnframt er úr gildi felld hafnarreglugerð fyrir Raufarhafnar-kaupþún frá 31. júlí 1931.

*Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 29. apríl 1941.*

**Ólafur Thors.**

*Páll Pálmason.*

66

2. maí

## AUGLÝSING

um staðfesting dóms- og kirkjumálaráðuneytisins á samþykkt um breyting á lögreglusamþykkt fyrir Vestmannaeyjar nr. 41 31. marz 1928.

Samkvæmt lögum nr. 1 3. jan. 1890, sbr. lög nr. 67 28. nóv. 1919 og lög nr. 88 11. júní 1938, um lögreglusamþykktir fyrir kaupstaðina, er hér með staðfest eftirrituð

### SAMÞYKKT

um breyting á lögreglusamþykkt fyrir Vestmannaeyjar.

1. gr.

Í stað orðanna „frá kl. 11½“ í 67. gr. komi: frá kl. 12.

2. gr.

Samþykkt þessi öðlast gildi þegar í stað.

Þetta birtist hér með til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

*Í dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 2. maí 1941.*

**Hermann Jónasson.**

*Gústav A. Jónasson.*

## SAMÞYKKT

67

13. maí

um forkaupsrétt Akureyrarkaupstaðar á hafnarmannvirkjum o. fl.

Samkvæmt heimild í lögum nr. 22 23. júní 1932, um forkaupsrétt kaupstaða og kaupfélga á hafnarmannvirkjum o. fl., hefur bæjarstjórn Akureyrarkaupstaðar gert eftirfarandi samþykkt:

Akureyrarkaupstað er áskilinn forkaupsréttur á lóðum dánarhús Ragnars Ólafssonar á Oddeyrartanga, norðan Gránufélagsgötu, vestur og norður á eignamörk Akur-eyrarbæjar og austur til sjávar, ásamt öllum sjávarréttindum.

Samþykkt þessi öðlast þegar gildi og gildir í 5 ár frá dagsetningu hennar að telja. Birtist hún hér með til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

*Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 13. maí 1941.*

**Ólafur Thors.**

*Páll Pálmason.*

## AUGLÝSING

68

14. maí

er varðar innheimtu tekju- og eignarskatts árið 1941.

Eftir afgreiðslu hinna nýju skattalaga hefur ráðuneytið ákveðið, að ekki skuli innheimtur 12% gjaldauki á tekju- og eignaskatt álagðan á árinu 1941, en heimild til að innheimta þenna gjaldauka er í 4. gr. laga nr. 96 14. maí 1940, og var gefin út um það auglýsing 2. janúar þ. á. að ákveðið hefði verið að nota heimildina.

Jafnframt hefur verið ákveðið að ekki skuli innheimtur 10% viðauki við eignaskatt, samkv. heimild í 1. gr. laga nr. 74 7. maí 1940, en auglýsing var gefin út um notkun þessarar heimildar 2. janúar þ. á.

*Fjármálaráðuneytið, 14. maí 1941.*

F. h. r.

**Magnús Gíslason.**

*Einar Bjarnason.*

## AUGLÝSING

69

17. maí

um breyting á samþykkt nr. 18 12. apríl 1921, um lokunartíma sölubúða í Vestmannaeyjakaupstað.

1. mgr. 2. gr. samþykktar um lokun sölubúða í Vestmannaeyjum frá 12. apríl 1921 orðist svo:

Alla virka daga skal sölubúðum lokað eigi síðar en kl. 7 e. h. og þær eigi opn-  
aðar fyrr en kl. 9 árdegis, þó með þeim undantekningum, að á tímabilinu frá 15. maí  
til 15. september skal þeim frá mánudegi til fimmtudags lokað eigi síðar en kl. 6 e. h.

69 Á föstudögum má á þessu tímabili hafa sölubúðirnar opnar til kl. 8 e. h., en loka skal 17. maí þeim á laugardögum kl. 12 á hádegi.

Brauðsölubúðir skulu opnar alla virka daga frá kl. 9 f. h. til kl. 7 e. h. og á sunnudögum frá kl. 9 f. h. til kl. 3 e. h. og frá kl. 6 e. h. til kl. 7 e. h.

Samþykkt þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 17 1. febrúar 1936 til að öðlast gildi þegar í stað. Jafnframt er úr gildi felld auglýsing nr. 39 1. júní 1938, um breyting á samþykkt nr. 18 12. apríl 1921.

*Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 17. maí 1941.*

**Ólafur Thors.**

*Páll Pálmason.*

70  
28. apríl

## REGLUGERÐ

um sölu á kolum.

Samkvæmt heimild í lögum nr. 36 12. júní 1939 er hér með sett eftirfarandi reglugerð:

1. gr.

Kolaverzlanir mega eigi selja meira magn af kolum til húsa (hitunar eða matgerðar) en sem svarar til mánaðarnotkunar, og eigi til annarra en þeirra, er venjulega skipta við þá. Hafi kolaverzlanin engin kol handa viðskiptamönnum sínum, en önnur kolaverzlan er á staðnum, gefur sú fyrrnefnda viðskiptamanni sínum vottorð um, að hann sé venjulegur viðskiptamaður hennar og tilgreinir mánaðarnotkun hans. Er öðrum kolaverzlanum heimilt að afgreiða kol gegn afhendingu þessa vottorðs.

2. gr.

Einstaklingum og stofnunum er bannað að kaupa kol nema fyrri birgðir séu þrotnar, og þá eigi meir en svo, að birgðir séu til eins mánaðar.

3. gr.

Á öllum þeim stöðum, sem verzlað er með kol, skal hlutaðeigandi dómari tilnefna einn mann til þess að vera eftirlitsmaður með kolaverzlan á staðnum. Hann skal og fylgjast með hvers konar ráðstöfun á kolabirgðum, þó þær séu ekki í höndum verzlana, og vera verðlagsnefnd til aðstoðar, þannig að afskipti hennar af verðlagi þessarar vöru gefi náð sem bezt tilgangi sínum. Kolaeftirlitsmaður getur bannað, að kol séu flutt burtu af því verzlunarsvæði, sem þau eru á. Kolaeftirlitsmaður skal gefa lögreglustjóra mánaðarlega skýrslu um allar kolabirgðir í hans umdæmi. Eftirlitsmaðurinn getur veitt undanþágu frá ákvæðum 1. og 2. gr. reglugerðar þessarar t. d. þar sem staðhættir eru þannig, að erfitt er um aðdrætti mánaðarlega. Efirlitsmaður skal halda gerðabók, þar sem skráðar eru allar þær undanþágur, sem gefnar eru. Áfrýja má ákvörðunum hans til skömmtunarskrifstofu ríkisins.

4. gr.

Hreppsnefndum, bæjarstjórnnum og kolaeigendum er skylt að aðstoða eftirlitsmanninn, eftir því sem þörf gerist, um upplýsingar um kolþörf, kolabirgðir o. s. frv. Skal kolaeftirlitsmanni heimill aðgangur að innkaupsreikningum, birgða- og viðskiptabókum kolaeigenda til þess að sannfæra sig um innkaup og ráðstöfun kola- birgða.

5. gr.

70

Kostnaður við eftirlitið, þar á meðal kaup kolaeftirlitsmanna, greiðist úr hlut-  
aðeigandi bæjar- eða sýslusjóði.

28. apríl

Rísi ágreiningur um kaup eftirlitsmanna skal það ákveðið af viðskiptamálaráðu-  
neytinu.

6. gr.

Brot gegn reglugerð þessari varða sektum allt að kr. 10000.00, og skal farið með  
mál út af þeim sem almenn lögreglumál.

7. gr.

Með reglugerð þessari er numin úr gildi reglugerð nr. 176 14. sept. 1939.

8. gr.

Reglugerð þessi öðlast þegar gildi.

*Viðskiptamálaráðuneytið, 28. apríl 1941.*

**Eysteinn Jónsson.**

*Torfi Jóhannsson.*

## REGLUGERÐ

71

um breyting á reglugerð nr. 50 14. júní 1938, um gjaldeyrisverzlun o. fl.

20. maí

1. gr.

1. mgr. 3. gr. reglugerðar nr. 50 14. júní 1938, um gjaldeyrisverzlun o. fl., hljóði  
svo:

Erlendis er eigendum íslenzkra skipa og annarra farartækja heimilt að láta af  
hendi sterlingspund, sem þeir fá í flutningsgjöld, fargjöld og önnur slík gjöld, sem  
þar eru innt af hendi, til greiðslu á skyldugreiðslum til skipverja og starfsmanna  
sinna erlendis og á öðrum nauðsynlegum kostnaði vegna afgreiðslu og veru skip-  
anna og farartækjanna erlendis, svo og nauðsynjum skipanna og farartækjanna þar  
til er þau koma hingað, en skylt er eigendum skipanna og farartækjanna að gera  
gjaldeyris- og innflutningsnefnd fullnægjandi grein fyrir öllum slíkum greiðslum. —  
Allan annan erlendan gjaldeyri, sem eigendur skipa og farartækja fá af framan-  
greindum ástæðum, skulu þeir afhenda bönkunum.

2. gr.

Upphaf 11. gr. reglugerðarinnar hljóði svo:

Eigendum íslenzkra veiðiskipa, sem selja afla sinn í sterlingspundum, skal  
heimilt o. s. frv.

3. gr.

Reglugerð þessi öðlast þegar gildi.

Þetta birtist hér með þeim, er hlut eiga að máli.

*Viðskiptamálaráðuneytið, 20. maí 1941.*

**Eysteinn Jónsson.**

*Torfi Jóhannsson.*

72  
31. marz

## AUGLÝSING

um breyting á reglum um áhættuflokkun og ákvörðun iðgjalda fyrir  
slysatryggingar, nr. 222 21. febrúar 1939.

Slysatryggingariðgjöld sjómanna í 7., 8. og 9. áhættuflokki skulu vera kr. 4.00 á viku frá og með 1. apríl 1941.

Ákvæði þessi eru hér með sett samkvæmt 2. kafla laga nr. 74 31. desember 1937, um alþýðutryggingar, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

*Félagsmálaráðuneytið, 31. marz 1941.*

**Ólafur Thors.**

*Páll Pálmason.*

73  
9. apríl

## REGLUGERÐ

um loðdýrarækt.

### 1. gr.

Landbúnaðarráðuneytið hefur yfirumsjón með allri loðdýrarækt í landinu. Skipar landbúnaðarráðherra til aðstoðar í þessu efni ráðunaut með sérþekkingu í loðdýrarækt, og skal hann hafa tekið fullnaðarpróf við landbúnaðarháskóla á Norðurlöndum, eða annan hliðstæðan skóla. Laun ráðunautar greiðast úr ríkissjóði og setur ráðuneytið honum erindisbréf.

Loðdýraræktarráðunautur hefur, í umboði landbúnaðarráðuneytisins, aðal-  
eftirlit með því, að farið sé eftir ákvæðum loðdýraræktarlaganna og reglugerðar þessarar.

Heimilt er ráðherra að fela Búnaðarfélagi Íslands umsjón með störfum loðdýraræktarráðunautar.

### 2. gr.

Loðdýr nefnast öll þau dýr, sem ræktuð eru eða alin vegna verðmætis skinnanna eingöngu eða aðallega, svo sem refir (*vulpes*), merðir (*mustelidae*), t. d. venjulegur mörður, sundmörður (*mink*), pekan, safali o. fl., otrar (*lutridae*), þvottahjörn (*procyon lotor*), hérar (*leporis*), t. d. venjulegir, hérar, kanínur o. fl., nútriur (*myopotamus coypu*), bjórar (*castoridae*), ikorni (*sciurus*) o. s. frv.

Verði ágreiningur um hvort einhver dýrategund, sem hér er ekki talin, skuli teljast til loðdýra eða ekki, sker landbúnaðarráðuneytið úr.

### 3. gr.

Loðdýrarækt og loðdýrabú nefnist, ef loðdýr eru haldin til tímgunar og uppeldis af ræktuðum stofni, en loðdýraeldi, ef loðdýr eru alin um stundarsakir vegna skinnaframleiðslu eingöngu eða aðallega. Loðdýragarðar nefnast girðingar og búr, sem loðdýr eru geymd í, en aðhald, þar sem þau eru höfð í ógirtum eyjum.

### 4. gr.

Hver sá, er stunda vill loðdýrarækt eða loðdýraeldi, hér á eftir nefndur leyfisbeiðandi eða leyfishafi, skal fá til þess leyfi hlutaðeigandi hreppsnefndar eða

bæjarstjórnar, sem hér eftir eru nefndir leyfisveitendur, enda hlíti leyfisbeiðandi í öllum greinum lögum og reglugerðum um loðdýrarækt og loðdýralánadeild.

73  
9. apríl

Heimilt er leyfisveitanda að synja um leyfi, en láta skal hann þá leyfisbeiðanda í té skriflegar ástæður fyrir synjuninni. Getur þá leyfisbeiðandi skotið máli sínu til landbúnaðarráðherra, en hann leggur fullnaðarúrskurð á málið, eftir að hafa leitað álits loðdýraræktarráðunautar. Þegar leyfi er veitt, skal leyfisveitandi þegar tilkynna það hlutaðeigandi hreppstjóra eða lögreglustjóra.

#### 5. gr.

Hreppur hver eða bæjarfélag er sérstakt leyfisumdæmi og leyfi samkvæmt 4. gr. gildir aðeins í því leyfisumdæmi, sem það er veitt í. Hreppstjórar í hreppum og lögreglustjórar í kaupstöðum skulu, hver í sínu umdæmi, vera trúnaðarmenn loðdýraræktarráðunautar í loðdýramálum og framkvæma eða láta framkvæma í umboði sínu, eftir fyrirmælum ráðunautarins, eftirlit með því, að hlýtt sé lögum um loðdýrarækt og ákvæðum reglugerðar þessarar. Hafi þeir sjálfir loðdýrarækt framkvæmir ráðunauturinn eftirlitið hjá þeim, eða skipar annan mann til þess.

#### 6. gr.

Leyfi skal veita á þar til gerð eyðublöð, er landbúnaðarráðuneytið gefur út og lætur hreppsnefndaroddvitum og bæjarstjórnnum í té endurgjaldslaust eftir þörfum. Þegar leyfisbréf er útfyllt skal það sýna:

- a. Fullt nafn og heimilisfang leyfishafa.
- b. Hvar í leyfisumdæminu á að reka búíð.
- c. Hvernig eign er háttað á búinu, s. s. sameign, samvinnufélag, hlutafélag einstaklingseign o. s. frv.
- d. Fyrir hvaða tegund loðdýra leyfið er veitt.
- e. Hvort geyma skal dýrin í loðdýragarði eða aðhaldi.
- f. Hver er gæzlumaður búsins.

#### 7. gr.

Þegar leyfisveitandi gefur út leyfisbréf, skal hann tafarlaust senda loðdýraræktarráðunaut afrit af því. Leyfisveitandi heldur skrá yfir öll þau leyfi til loðdýraræktar, sem hann veitir. Sömuleiðis skal ráðunautur halda skrá yfir öll þau leyfi til loðdýraræktar, er honum berast, flokkaða eftir leyfisumdæmum og sýslum.

#### 8. gr.

Nú hefur leyfisbeiðandi fengið leyfi hreppsnefndar til þess að reka loðdýrarækt í leyfisumdæminu. Skal hreppsnefndaroddviti þá, þegar búr og girðingar eru fullgerðar, þegar tilkynna það hreppstjóra eða lögreglustjóra í umdæminu og krefjast úttektar. Skal úttekt þá fara fram eins fljótt og við verður komið. Sé vörzlu að einhverju ábótavant, skal úttektarmaður krefjast lagfæringar á því, áður en dýr eru flutt í vörzluna. Þegar úttektarmaður hefur sannreynt, að búr og girðingar uppfylli öll fyrirmæli laga og reglugerða um loðdýrarækt, skal hann gefa leyfishafa viðurkenningu fyrir úttektinni og sendir úttektarmaður loðdýraræktarráðunaut afrit af viðurkenningunni.

Þegar leyfishafi hefur fengið viðurkenningu úttektarmanns fyrir því, að búr og girðingar eða aðhald séu í lögumstandi, er honum heimilt að taka loðdýr í vörzluna, en fyrr ekki.

Nú vanrækir leyfishafi eða þrjúzkast við að fullnægja kröfum hreppstjóra eða lögreglustjóra samkvæmt lögum og reglugerð þessari, um löglega vörzlu og varðar það sektum frá 200—4000 kr. Sektirnar renna í hlutaðeigandi hrepps- eða bæjarsjóð. Skal slík vanræksla þegar tilkynnt leyfisveitanda, sem þá ber að svipta

**73** leyfishafa leyfi til loðdýraræktar. Skjóta má slíku máli til landbúnaðarráðherra 9. apríl til endanlegs úrskurðar.

Sé loðdýragarður fluttur eða stækkaður, eða skipt um aðhald, innan sama leyfisumdæmis, gildir hið sama um úttekt og um töku dýra í vörzlu, sem að framan greinir.

Verði ágreiningur um úttekt, sker loðdýraræktarráðunautur úr þeim ágreiningi.

#### 9. gr.

Nú flytur leyfishafi bú silt í annað leyfisumdæmi og skal hann þá tilkynna það hreppstjóra eða lögreglustjóra í því umdæmi, sem hann flytur úr.

Hið sama útheimtis fyrir slíkan leyfishafa til þess að öðlast leyfi í öðru leyfisumdæmi, svo og fyrir nýjan eiganda bús, sem áður er veitt leyfi fyrir, sem um nýtt leyfi væri að ræða, samkvæmt 5.—8. gr. Leggist bú niður eða skipti um eigendur, skal tilkynna loðdýraræktarráðunaut breytinguna og afhenda honum leyfisbréfið.

#### 10. gr.

Fyrir úttekt á nýjum eða fluttum loðdýragörðum og á aðhaldi, ber leyfishafa að greiða úttektarmanni 10 — tíu— krónur. Sama gildir ef um stækkun er að ræða. Sé á sjó að fara til úttektar, getur úttektarmaður krafizt að leyfishafi leggi til farkost á sinn kostnað.

#### 11. gr.

Nú hafa loðdýr verið tekin í loðdýragarð eða aðra vörzlu að lokinni úttekt og skulu þá trúnaðarmenn loðdýraræktarráðunautar samkvæmt 5. gr., hafa vakandi auga á, að öruggri vörzlu sé vel við haldið. Ber þeim í því skyni, að skoða hvern loðdýragarð í sínu umdæmi, að minnsta kosti einu sinni á ári (aðalskoðun), á þeim tíma, er ráðunautur ákveður. Auk þess skulu trúnaðarmenn tafarlaust gera aukaskoðun á loðdýragörðum hver í sínu umdæmi, ef þeir fá grun um að áfátt sé um örugga vörzlu. Er hverjum manni skylt, er telur sig vera þess vísan að varzla sé ólögleg, að gera hreppstjóra eða lögreglustjóra aðvart um það. Í hvert sinn, er skoðun fer fram, skal skoðunarmaður semja nákvæma skýrslu um tölu allra dýra á búinu, og er eigandi búins, eða umráðamaður skyldur að gefa trúnaðarmanni fullkomna skýrslu um, hvað gert hefur verið af þeim dýrum, sem voru í búinu við síðustu skoðun, en eru nú horfin og sanna, með sö lureikningum eða skinum eða á annan hátt, hvernig dýrunum hefur verið ráðstafað. Ráðunautur lætur trúnaðarmönnum í té eyðublöð undir skýrslur þær, er hér um ræðir, og skulu þeir, að lokinni skoðun, senda ráðunaut skýrslurnar útfylltar. Fyrir aðalskoðun samkvæmt þessari grein, ber leyfishafa að greiða trúnaðarmanni, kr. 0.25 fyrir hvern fullorðinn ref og kr. 0.30 fyrir hverja fullorðna þrennd (trío) sundmarða, sem er í búinu þegar skoðun fer fram, þó aldrei minna en kr. 3.00 eða meira en kr. 25.00 fyrir hvert bú.

Fyrir aukaskoðun skal greiða eftir sömu reglu. Þó skal leyfishafi vera gjaldfrjáls fyrir aukaskoðun, ef hún reynist ástæðulaus og hefur farið fram vegna ástæðulausrar umkvörtunar eða kærur.

#### 12. gr.

Auk þess eftirlits með loðdýragörðum og aðhaldi, er að framan greinir, ber merkingamönnum Loðdýraræktarfélagss Íslands að vanda um, ef þeir verða þess varir, að varzla sé ekki lögmæt og tilkynna loðdýraræktarráðunaut, hvað þeir hafi fundið ábótavant og hvar.

## 13. gr.

73

9. apríl

Óheimilt er að geyma loðdýr öðruvísi en í fulltryggum loðdýragirðingum eða annari öruggri vörzlu (aðhaldi), sem loðdýraræktarráðunautur eða trúnaðarmenn hans taka fullgilda. Öll loðdýr skulu flytjast milli garða í öruggu búi eða kassa. Aldrei má flytja 2 fullorðin dýr í sama kassa án milligerðar og ekki meira en 2 yrðlinga, enda séu þeir ekki eldri en 3 mánaða. Kassarnir skulu vera vel gerðir, fulltraustir og hvergi ganga inn úr þeim naglar eða annað það, sem getur skaðað dýrin. Nokkur hluti af annari hlið kassans skal vera vírnet, (refanet, marðanet), þannig að nægileg loftræsting fái st fyrir dýrið og þægilegt sé að fóðra það gegnum netið. Innan á þetta net skal hengt vatnsilát, sem auðvelt er að fylla með vatni, án þess að opna kassann. Á kassanum skal vera lok nægilega stórt til þess að taka dýrið í gegn um op það sem lokið þekur. Skal því lokað með tryggum lás eða á annan öruggan hátt.

Ef loðdýr eru geymd í aðhaldi, er skylt að flytja þau í örugga vörzlu eða lóga þeim, hvenær sem hættu þykir á, að dómi hreppstjóra eða lögreglustjóra, að þau kunni að sleppa úr aðhaldinu, svo sem vegna ísalaga.

## 14. gr.

Hver sá, félag eða einstaklingur, sem fengið hefur leyfi til loðdýraræktar og tekið hefur dýr í vörzlu, skal þegar gerast félagi í Loðdýraræktarfélagi Íslands, eða öðru félagi loðdýraeigenda, er komi í þess stað, enda hafi landbúnaðarráðuneytið staðfest lög félagsins.

Brot gegn þessari grein skal varða missi leyfis til loðdýraræktar.

## 15. gr.

Heimilt er loðdýraræktarráðunaut að gera eða láta gera, undir eftirliti sínu, tilraunir með aðra gerð á vörzlu loðdýra en þá, sem lýst er í þessari reglugerð.

Fyrir loðdýr, sem haldin eru í loðdýragörðum, skal hafa tvöfalda vörzlu, þ. e. girðingar og búr.

Í loðdýragirðingu skal hafa galvaniserað vírnet, fest á girðingarstólpa með galvaniseruðum lykkjum (á tré stólpa) eða galvaniseruðum bindivír, klaufnögglum (splittum) eða teinum (á járnstólpa). Þar sem vírnet er notað í búr, skal það einnig vera galvaniserað og fest á grind með galvaniseruðum lykkjum eða með galvaniseruðum vír. Samskeyti neta skal vefja saman með galvaniseruðum bindivír.

Hornstólpa loðdýragirðinga skal eigi hafa grennri en  $10 \times 10$  cm og aðra stólpa eigi grennri en  $5 \times 10$  cm, ef tré stólpar eru, og sem þessu svarar að styrkleika, ef stólpar eru sívalir.

Séu járnstólpar úr vinkiljárn, T- eða I-járn notaðir, skal miðað við tré stólpana þannig, að álitast megi, að járnstólparnir hafi eigi minna viðnámsþol en hinir.

Þar sem vírnet eru skeytt saman, eða jaðrinum hleypt í jörðu niður í girðingum þessum, skal vefja þau vandlega saman með þjálum galvaniseruðum bindivír.

Hlið á loðdýragirðingum skulu eigi ótryggari vera, að öllum frágangi og gerð, en girðingin sjálf og lokuð með öruggum lás. Girðingarstólpar skulu vel festir í jörð og stagaðir niður eftir þörfum með sterkum galvaniseruðum vír, svo að öruggt þyki, að girðingin haggist ekki af veðrum, frosti eða annari áreynslu.

## 16. gr.

Að öðru leyti en að framan greinir, fer með gerð loðdýragirðinga eftir því hver loðdýr skal í henni geyma, þannig:



## a. Refir.

9. apríl

Hæð ytri girðingar skal vera að minnsta kosti 1,80 m, gildleiki netsins eigi minni en 1,65 mm og möskvavidd í mesta lagi 65 mm. Millibil milli stólpa mest 3 m.

Yfir girðingarnetinu sjálfu skal hafa loftskör úr samskonar neti, eigi mjórri en 0,40 m og þannig setta ofan á girðinguna, að skörin myndi sem næst 120° horn við hana innanverða, og sé skörin fest á stakar spækjur, sem eru traustlega festar við girðingarstólpana. Neðan við girðinguna skal festa aðra skör, jarðskör, úr sama efni og jafnbreiða loftskörinni. Skal jarðskörin grafin í jörð skáhalt innan við girðinguna. Standi refagirðing á klöpp, skal hlaða að henni grjóti, svo öruggt sé, að dýrin komist ekki undir hana.

Í stað ytri girðingar, sem að framan greinir, er heimilt, þar sem sérstakar ástæður (s. s. aðfenni) mæla með því, að dómi leyfisveitanda, að hafa forgarð fyrir framan inngang búranna og áfastan við þau. Forgarður þessi skal vera eigi mjórri en 1,25 m og jafn hár búrunum. Grind og vírnet skal vera með sama styrkleika og í búrunum, sbr. 17. gr. Í forgörðum þessum skal ávallt vera samfelld vírnet á alla vegu. Dyr skulu vera á öðrum enda forgarðsins og í þeim hurð með traustri loku fyrir. Séu notaðir forgarðar í stað lögmætrar ytri girðingar, skulu hreiðurkassar standa inni í búrunum en ekki utan við þau.

## b. Sundmerðir (minkar).

Í fyrsta lagi skal heimilt að hafa ytri girðingu um sundmarðabúr þannig: Hæð netsins skal vera að minnsta kosti 1,35 m.

Gildleiki vírsins skal eigi vera minni en 1,65 mm og möskvavidd í mesta lagi 26 mm. Millibil milli stólpa mest 2,5 m. Yfir þessu neti og fest við það með galvaniseruðum vír skal vera galvaniseruð járnplata, eigi mjórri en 0,45 m.

Hvort sem marðagirðing stendur á klöpp eða lausari jarðvegi, skal hafa vírnetsskör að neðan (jarðskör) úr samskonar neti og girðingin og eigi mjórri en 0,4 m. Skal hún grafin í jarðveginn skáhalt inn að. Standi girðingin á klöpp, skal raðað á hana grjóti þannig, að útilokað sé, að dýrin geti smogið undir girðinguna og þannig sloppið.

Í öðru lagi skal heimilt að hafa ytri girðingu um marðabúr þannig: Hæð netsins skal vera að minnsta kosti 1,60 m. Ofan við það á girðingarstólpana innanverða, skal negla borð eigi mjórra en 13 sm og eigi þynnra en 2½ sm. Skal vírnetið tryggilega fest við borðið með galvaniseruðum lykkjum. Ofan á þetta borð skal fest annað borð af sömu gerð og 13 sm breitt, og snúi það inn á við í girðinguna, lárétt eða lítið eitt rísandi.

Á innri rönd þessa skarborðs, skal vera galvaniseraður blikkrenningur, 20—25 sm breiður, negldur þannig, að hann myndi um 130° horn við neðanvert borðið. Vírnetið skal neglt á girðingarstólpana innanverða.

Að neðan skal búið um þessa girðingu eins og segir að framan.

## c. Þvottabirnir.

Hæð girðingarnetsins skal vera að minnsta kosti 2 m, gildleiki vírsins eigi minni en nr. 14 (2 mm) og möskvavidd í mesta lagi 52 mm. Millibil stólpa mest 2,5 m. Yfir girðingunni allri skal hafa vírnet af sömu gerð og skal því haldið uppi með stoðum og bitum eftir þörfum.

Undir girðinguna skal og setja vírnetsskör, úr sams konar neti og á sama hátt og undir refagirðingu í lausum jarðvegi, en eigi skal hún mjórri vera en 1 m.

## d. Kanínur.

Ytri girðingin skal vera að minnsta kosti 1 m á hæð og grafin í jörð skáhalt inn á við minnst 25 sm, eða búið þannig um með grjóti, að dýrin geti ekki grafið

sig út úr girðingunni. Gildleiki virsins skal eigi vera minni en 1,65 mm og möskva-  
viðd eigi meiri en 52 mm.

73

9. apríl

### 17. gr.

Búr fyrir þær loðdýrategundir, sem um getur í 16 gr. skulu háð þeim ákvörð-  
unum og takmörkunum er hér greinir:

#### a. Refabúr.

Refabúr mega vera laus eða föst og standa á jörðu eða stólpum. Skulu þau  
fest þannig niður, með stöngum eða á annan hátt, að öruggt megi teljast, að þau  
geti ekki fokið. Í refabúrum skal hafa grind úr tré eða vinkiljárni.

Trégrind má eigi grennri vera en sem svarar  $5 \times 10$  sm, en í þverslár og  
sperrur má hafa grennri viði. Sé grind úr járni skal hún hafa tilsvareandi burðarþol.

Á grindina skal strengja galvaníserað vírnet og festa á þann hátt, sem áður  
getur (16. gr.).

Vír í botnneti skal eigi vera grennri en 1,85 mm og möskvaviðd eigi meiri en  
41 mm ef netið hvílir á jörðu og eigi grennri en 1,65 mm og möskvaviðd eigi  
meiri en 26 mm ef netið er á lofti. Vír í hliðum skal eigi vera grennri en 1,85  
mm og möskvi eigi stærri en 41 mm. Vír í þaki skal vera eigi grennri en 1,65 mm  
og möskvaviðd eigi meiri en 50 mm. Hurð skal hafa á hverju búi úr sama efni  
eða öðru jafn tryggú. Séu hreiðurkassar við búrin skal þeim svo tryggilega lokað,  
að öruggt sé að dýrin komist ekki úr þeim. Milli búra skal eigi hafa minni bil  
en 0,75 m og eigi skulu þau standa nær ytri girðingu en 2 m frá henni. Betra er að  
ytri girðingin standi lengra frá búrunum, ef því verður við komið.

#### b. Marðabúr (minkabúr).

Marðabúr (minkabúr) skal vera úr trégrind og galvaníseruðu vírneti með  
áföstum hreiðurkassa. Trégrindin skal vera svo traust, að búrunum stafi eigi  
hætta af ofviðrum eða snjóþyngslum og þannig fest á jörðu, að þau geti ekki  
fokið. Vírnet í marðabúrum skal eigi vera grennra en 1,24 mm, ef möskvaviðd  
er 13 mm, en sé möskvaviðd 18 eða 26 mm skal vírinn vera eigi grennri en 1,65  
mm. Meiri möskvaviðd en 26 mm er ekki leyfð í marðabúr. Hreiðurkassar skulu  
vera úr plægðum viði eigi grenni en  $\frac{5}{8}$ ". Yfir þeim skal vera fellt trélok og undir  
því loki trégrind með vírneti, þannig að dýrin geti eigi sloppið þó trélökið sé  
tekið af kassanum. Dýra- og lokuumbúnaður skal vera þannig gerður, að þægi-  
legt sé að komast í búr og kassa, án þess að hætta sé á að dýrin sleppi út.

Þar sem snjóþyngsli eru svo mikil, að hætta er á því að ytri girðingar fenni  
í kaf og hætti þannig að vera örugg varzla, er loðdýraráðunaut heimilt að fyrir-  
skipa, að merðirnir skuli að vetrinum geymdir í sérstöku marðahúsi, sem er  
þannig gert, að tvöfalt öyrggi sé gegn því, að dýrin geti sloppið. Loðdýraræktar-  
ráðunautur ákveður gerð slíkra marðahúsa.

#### c. Þvottabjarnabúr.

Búrin skulu gerð úr sterkri trégrind með palli í botni, eigi viðaminni en úr  
venjulegum gólfborðum. Á grindina skal strengja vírnet, eigi grennra en 1,85  
mm og að möskvaviðd eigi meira en 26 mm. Festing vírnetsins á grindina og  
samskeyti vírnetsins skulu vera sérstaklega vönduð.

Hreiðurkassa skal hafa inni í búrinu. Hurðir allar skulu læstar með lás.

#### d. Kanínubúr.

Búr fyrir mæður má ekki vera minna en 80 sm langt, 75 sm breitt og 60 sm  
hátt fyrir ungdýr til 4 mánaða og sláturdýr 40 sm langt, 40 sm djúpt og 40 sm hátt.

**73** Borð í kössum mega ekki vera grennri en  $1\frac{1}{4}$  sm og plægð borð í gólfi, nema  
9. apríl vírnetsbotn sé í kössunum og skúffa undir.

## 18. gr.

Verði fluttar inn nýjar loðdýrategundir, sem ákvæði þessarar reglugerðar ná ekki til, skal loðdýraræktarráðunautur til bráðabirgða, ákveða gerð vörzlunnar, þangað til landbúnaðarráðuneytið setur um það reglur.

## 19. gr.

Bannað er að gera loðdýrum í loðdýragörðum eða aðhaldi ónæði, er eigendum verður tjón að, enda séu dýrin geymd a. m. k. 25 metra frá alfaraleið.

Aldrei er heimilt að fara í loðdýragarða, nema með leyfi eiganda eða umsjónarmanns.

Nú þarf að framkvæma eitthvert það verk í námunda við loðdýragarð, er mikill hávaði stafar af og skal þá hlutaðeigandi tilkynna það eiganda eða umsjónarmanni loðdýragarðsins með nægum fyrirvara, svo að svigrúm sé til nauðsynlegra varúðarráðstafana.

## 20. gr.

Nú eru brotin ákvæði 19. gr. og tjón hlýst af fyrir loðdýraeiganda og skal þá sá, er tjóninu veldur, greiða eiganda fullar bætur fyrir, eftir mati dómkvaddra manna, nema fullt samkomulag verði um bæturnar.

Sé brotið framið af ásetningi eða vítaverðu hirðuleysi, skal sá eða þeir, er tjóninu valda, auk þess greiða sektir samkvæmt 30. gr., nema þyngri refsing liggji við að lögum.

## 21. gr.

Komi upp sjúkdómar, er loðdýrum geti stafað hætta af, s. s. hundapest (distemper, staupe) eða aðrir næmir sjúkdómar, skal sá eigandi eða umsjónarmaður loðdýra eða hver annar, sem verður slíks var, tafarlaust tilkynna það hreppstjóra eða lögreglustjóra í umdæminu, en þeir tilkynna það þegar í stað loðdýraræktarráðunaut eða landbúnaðarráðuneyti. Ráðuneytinu er heimilt að gera þær ráðstafanir til að hefta útbreiðslu veikinnar, og útrýma henni, er það telur nauðsynlegar, og lög leyfa.

## 22. gr.

Sleppi loðdýr úr vörzlu, skal sá er vörzluna hefur, þegar gera gangskör að því að veiða dýrin Samtímis skal hann tafarlaust tilkynna hreppstjóra eða lögreglustjóra í leyfisumdæminu hvarfið, og varðar sektum frá 200—2000 kr. ef út af er brugðið.

Auk sekta samkvæmt framansögðu skal sá, er dýrin missir úr vörzlu, greiða skaðabætur eftir mati, ef sannanlegt tjón hlýzt af, nema sannað verði að skemmdarverkum óviðkomandi manna, eða öðrum óviðráðanlegum orsökum sé um að kenna, að dýrin sluppu. Nú hefur dýr, eitt eða fleiri, sloppið úr vörzlu og hvarfið verið tilkynnt samkvæmt fyrsta málslíð þessarar greinar, og skal þá hlutaðeigandi hreppstjóri eða lögreglustjóri tafarlaust tilkynna það loðdýraræktarráðunaut, og gera þeir þá í sameiningu ráðstafanir til þess að dýrunum verði náð, dauðum eða lifandi ef auðið er. Kostnað, er þessar ráðstafanir hafa í för með sér, greiðir sá, er dýrin voru í vörzlu hjá, hvort sem þau eru hans eigin eða tökudýr. Nú sannast, að umráðamanni dýranna var ekki um að kenna, að dýrin sluppu, og falla þá skaðabætur og kostnaður á þann, er fundinn verður sannur að sök, auk þess sem hann skal sæta sektum fyrir spellvirki, allt að 5000.00 kr., nema þyngri refsing liggji við samkvæmt öðrum lögum. Sannist ekki, hvaðan dýr hafa sloppið úr vörzlu, greiðir ríkissjóður kostnað þann, er um ræðir í þessari grein.

Sektir samkvæmt þessari grein falla í ríkissjóð.

## 23. gr.

73

9. apríl

Loðdýraræktarráðunautur hefur með höndum, án endurgjalds frá loðdýraeigendum, almenna fræðslu og leiðbeiningastarfsemi í loðdýrarækt. Ber honum að ferðast á milli loðdýrabúanna og ráðleggja mönnum um hinn daglega rekstur í loðdýragörðunum, og veita aðrar leiðbeiningar. Auk þess skal hann hafa skrifstofu, þar sem hann svarar skriflegum fyrirspurnum um loðdýrarækt, sem til hans berast og veitir munnlegar leiðbeiningar þeim, sem koma á skrifstofuna og óska slíkra upplýsinga.

Þegar Loðdýraræktarfélag Íslands lætur halda loðdýrasýningar, skal loðdýraræktarráðunautur vera dómari á þeim sýningum, þar sem því verður við komið. Verði því ekki við komið að ráðunauturinn sé dómari á sýningu, útnefni hann dómara í sinn stað.

Heimilt er Loðdýraræktarfélagi Íslands, í samráði við loðdýraræktarráðunaut, að tilnefna einn meðdómara á hverja sýningu. Félagið ákveður sýningarsvæði og sýningargjöld, og greiðir ferðakostnað og kaup allra dómara, nema loðdýraræktarráðunautar.

## 24. gr.

Allar tegundir loðdýra, sem haldin eru eða verða í loðdýrabúum hér á landi, skal merkja sérmerki eiganda, ef það er framkvæmanlegt. Loðdýraræktarfélag Íslands ákveður, í samráði við loðdýraræktarráðunaut, hverjar tegundir loðdýra skuli merktar og ættbókfærðar.

Hver loðdýraeigandi skal hafa skrásett sérmerki á loðdýrum sínum, þeim er merkt verða. Loðdýraræktarfélag Íslands, eða annað félag, er kemur í þess stað, skal annast um merkingarnar, og ákveða, í samráði við ráðunaut, hvernig haga skal framkvæmd þeirra. Félaginu er heimilt, ef aðalfundur þess hefur samþykkt það, að láta meta dýrin um leið og þau eru merkt, enda sé þá óheimilt að setja á, eða láta af hendi til lífs, önnur dýr en þau, sem metin eru söluhæf. Skal þá biðdæma þau dýr, sem ekki þykja söluhæf en dauðadæma og merkja sérmerki þau dýr, sem óhæf þykja til undaneldis.

Leyfilegt er eigendum biðdæmdra dýra, að ala undan þeim á sínu eigin bú, en dauðadæmd dýr skulu drepin fyrir næstu áramót.

## 25. gr.

Loðdýraræktarráðunautur setur reglur um merkingu loðdýra, í samráði við Loðdýraræktarfélag Íslands. Dýrin skulu merkt í bæði eyrun, ef því verður við komið, og skal mark í hægri eyra vera sérmerki eiganda, en mark í vinstra eyra einstaklingsmark dýrsins. Til þess að komist verði hjá sammerkingum skal Loðdýraræktarfélag Íslands halda fullkomna skrá yfir öll löggilt sérmerki eigenda og er óheimilt að taka upp sérmerki án samþykkis félagsins.

Nú leggur einhver niður löggilt sérmerki eða hættir að nota það og skal hann þá tilkynna það Loðdýraræktarfélagi Íslands.

Í vinstra eyra skal merkja með einum bókstaf og tölu frá 1 og upp eftir. Bókstafurinn er ársbókstafur, og sýnir hann aldur dýrsins, en talan sýnir nr. þess í búinu. Dauðadæmd dýr skal merkja með ör í vinstra eyra (ekki með bókstaf og tölu).

## 26. gr.

Kostnað við merkingarnar greiðir Loðdýraræktarfélag Íslands, eða annað félag, er kemur í þess stað, en heimilt er að taka merkingargjald af eigendum merktra dýra, og ákveður aðalfundur félagsins gjaldið ár hvert.

73

9. apríl

27. gr.

Merkingar loðdýra af þeim tegundum, sem ákveðið verður að merkja, skulu framkvæmdar árlega um land allt. Ákveður Loðdýraræktarfélag Íslands í samráði við loðdýraræktarráðunaut, á hvaða tíma merkingarnar skulu fara fram, og heldur skrá um öll hin merktu dýr.

Loðdýraræktarfélag Íslands ákveður stærð merkingarumdæma, og mega þau ekki vera stærri en það, að einn maður geti komist yfir að merkja á þrem til fjórum vikum. Ekki er félaginu heimilt að nota aðra merkingamenn en þá, er loðdýraræktarráðunautur viðurkennir sem hæfa til þess starfs.

28. gr.

Loðdýraræktarfélag Íslands skal láta halda fullkomna skrá yfir öll merkt dýr, og sérskrá yfir öll verðlaunadýr. Félagið ákveður í samráði við loðdýraræktarráðunaut, hvernig skrásetningunni skuli hagað, svo og hvenær tekin skuli vera upp ættbókarfærsla, og um tilhögun á henni.

Í ættbók má aðeins taka löglega merkt dýr og ekki er skylt, þó að samþykkt sé, að taka upp ættbókarfærslu, að bókfæra í ættbók önnur dýr en þau, er hlotið hafa fyrstu eða önnur verðlaun á loðdýrasýningum, sem haldnar hafa verið eða haldnar verða samkvæmt lögum og reglugerðum um loðdýrarækt, og dýr sem að dómi loðdýraræktarráðunautar eru verð fyrstu verðlauna, en ekki hefur gefizt kostur á að sýna á loðdýrasýningum. Loðdýraræktarráðunaut skal heimill aðgangur að öllum merkinga- og verðlaunaskráum félagsins og heimilt að taka afrit af þeim.

29. gr.

Ekki má flytja til landsins loðdýr, nema þau eða foreldrar þeirra hafi hlotið verðlaun á loðdýrasýningum, eða þau séu af viðurkenndu góðu kyni.

Hverju innfluttu dýri skal fylgja heilbrigðisvottorð dýralæknis á útflutningshöfn eða á útflutningsstað svo og vottorð um aldur þeirra.

Vottorð dýralæknis skal vera staðfest af lögreglustjóra á staðnum eða umboðsmanni hans.

30. gr.

Brot gegn reglugerð þessari, sem ekki er sérstaklega mælt fyrir um viðurlög við í greinunum hér að framan, varða 20—5000 króna sektum, er renna í sýslusjóð eða bæjarsjóð þar, sem brotið er framið.

Fara skal með mál út af brotum á reglugerð þessari sem almenn lögreglumál.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt lögum nr. 38 13. júní 1937 um loðdýrarækt og loðdýralánadeild, shr. lög nr. 94 14. maí 1940, til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum, sem hlut eiga að máli.

Jafnframt er úr gildi fallin reglugerð um sama efni sett 1. október 1937.

*Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 9. apríl 1941.*

F. h. r.

Vigfús Einarsson.

---

*Páll Pálmason.*

## Útkomið í A-deild Stjórnartíðindanna 1941.

*Bifreiðalög*, undirskrifuð af ráðuneyti Íslands, handhafa konungsvalds, 16. júní 1941, nr. 23.

*Umferðarlög*, undirskrifuð af ráðuneyti Íslands, handhafa konungsvalds, sama dag, nr. 24.

*Lög um ríkisstjóra Íslands*, undirskrifuð af ráðuneyti Íslands, handhafa konungsvalds, sama dag, nr. 25.

*Lög um breyting á lögum nr. 65 19. júní 1933, um varnir gegn því, að næmir sjúkdómar berist til Íslands*, undirskrifuð af ríkisstjóra 27. júní 1941, nr. 26.

*Lög um breyting á lögum nr. 32 3. nóv. 1915, um veitingu prestakalla*, undirskrifuð af ríkisstjóra sama dag, nr. 27.

*Lög um breyting á lögum nr. 66 19. júní 1933, um varnir gegn útbreiðslu næmra sjúkdóma*, undirskrifuð af ríkisstjóra sama dag, nr. 28.

*Lög um heimild fyrir ríkisstjórnina til að taka á leigu húsnæði i sveitum og kauplúnum o. fl.*, undirskrifuð af ríkisstjóra sama dag, nr. 29.

*Lög um fjarskipti*, undirskrifuð af ríkisstjóra sama dag, nr. 30.

*Lög um utanríkisráðuneyti Íslands og fulltrúa þess erlendis*, undirskrifuð af ríkisstjóra sama dag, nr. 31.

*Lög um breyting á lögum nr. 31 14. júní 1929, um Búnaðarfélag Íslands, og á lögum nr. 20 13. jan. 1938, um breyting á þeim lögum*, undirskrifuð af ríkisstjóra sama dag, nr. 32.

*Lög um breyting á lögum nr. 23 4. des. 1886, um prentsmiðjur*, undirskrifuð af ríkisstjóra sama dag nr. 33.

*Lög um breyting á sveitarstjórnarlögum, nr. 12 31. maí 1927*, undirskrifuð af ríkisstjóra sama dag, nr. 34.

*Lög um breyting á lögum nr. 12 1. febr. 1936, um búeikningaskrifstofu ríkisins*, undirskrifuð af ríkisstjóra sama dag, nr. 35.

*Lög um breyting á sjómanna lögum, nr. 41 19. maí 1930*, undirskrifuð af ríkisstjóra sama dag, nr. 36.

*Lög um breyting á lögum nr. 23 27. júní 1921, um vátryggingarfélag fyrir fiskiskip*, undirskrifuð af ríkisstjóra sama dag, nr. 37.

*Lög um breyting á lögum nr. 27 13. jan. 1938, um vátryggingarfélag fyrir vélbáta*, undirskrifuð af ríkisstjóra sama dag, nr. 38.

*Lög um breyting á lögum nr. 37 frá 19. maí 1930, um skráning skipa*, undirskrifuð af ríkisstjóra sama dag, nr. 39.

*Lög um breyting á lögum nr. 12 9. jan. 1935, um iðnlánasjóð*, undirskrifuð af ríkisstjóra sama dag, nr. 40.

*Lög um breyting á lögum nr. 21 14. júní 1929, um hafnargerð á Skagatrönd*, undirskrifuð af ríkisstjóra sama dag, nr. 41.

*Lög um breyting á lögum nr. 64 8. sept. 1931, um hafnargerð á Akranesi*, undirskrifuð af ríkisstjóra sama dag, nr. 42.

*Lög um breyting á hafnarlögum fyrir Ísafjörð, nr. 34 19. júní 1922*, undirskrifuð af ríkisstjóra sama dag, nr. 43.

*Lög um tannlæknakennslu við læknadeild háskólans*, undirskrifuð af ríkisstjóra sama dag, nr. 44.

*Lög um bæjarstjórn á Akranesi*, undirskrifuð af ríkisstjóra sama dag, nr. 45.

*Landskiptalög*, undirskrifuð af ríkisstjóra sama dag, nr. 46.

*Lög um breyting á 88. og 95 gr. almennra hegningarlaga, nr. 19 frá 12. febr. 1940*, undirskrifuð af ríkisstjóra sama dag, nr. 47.

*Lög um breyting á lögum nr. 44 19. júní 1933, um stofnun happdrættis fyrir Ísland, undirskrifuð af ríkisstjóra sama dag, nr. 48.*

*Lög um læknisvitjunarsjóði, undirskrifuð af ríkisstjóra sama dag, nr. 49.*

*Lög um gjaldeyrisvarasjóð og eftirlit með erlendum lántökum, undirskrifuð af ríkisstjóra sama dag, nr. 50.*

*Lög um breyting á lögum nr. 1 5. jan. 1938, um sildarverksmiðjur ríkisins, undirskrifuð af ríkisstjóra sama dag, nr. 51.*

*Lög um ráðstafanir til loftvarna og annarra varna gegn hættum af hernaðar- aðgerðum, undirskrifuð af ríkisstjóra sama dag, nr. 52.*

*Lög um heimild fyrir ríkisstjórnina til þess að kaupa jörðina Vatnsleysu í Viðvíkursveit og gera að prestssetri, undirskrifuð af ríkisstjóra sama dag, nr. 53.*

*Lög um breyting á lögum nr. 32 8. sept. 1931, um búfjárrækt, undirskrifuð af ríkisstjóra sama dag, nr. 54.*

*Lög um afla- og útgerðarskýrslur, undirskrifuð af ríkisstjóra sama dag, nr. 55.*

*Lög um viðauka við og breytingar á lögum nr. 74 31. des. 1937, um alþýðu- tryggingar, undirskrifuð af ríkisstjóra sama dag, nr. 56.*

*Lög um breyting á lögum nr. 45 31. maí 1927, um heimild fyrir dómsmálaráð- herra til þess að veita leyfi til veðmálastarfsemi í sambandi við kappreiðar, undir- skrifuð af ríkisstjóra sama dag, nr. 57.*

*Lög um landnám ríkisins, undirskrifuð af ríkisstjóra sama dag, nr. 58.*

*Lög um breyting á lögum nr. 61 23. júní 1932, um lax- og silungsvéiði, undir- skrifuð af ríkisstjóra sama dag, nr. 59.*

*Lög um greiðslu verðlagsuppbótar á styrk til héraðs-, gagnfræða- og húsmæðra- skóla, undirskrifuð af ríkisstjóra sama dag, nr. 60.*

*Lög um breyting á lögum nr. 39 28. jan. 1935, um breyting á lögum nr. 46 27. júní 1921, um afstöðu foreldra til óskilgetinna barna, undirskrifuð af ríkisstjóra sama dag, nr. 61.*

*Lög um breyting á lögum nr. 99 11. júní 1938, um fiskveiðasjóð Íslands, undir- skrifuð af ríkisstjóra sama dag, nr. 62.*

*Lög um heimild fyrir kaupstaði og hreppsfélög til að koma á þegnskylduvinnu, undirskrifuð af ríkisstjóra sama dag, nr. 63.*

*Lög um jarðakaup ríkisins vegna kaupsána og sjávarþorpa, undirskrifuð af ríkisstjóra sama dag, nr. 64.*

*Lög um húsmæðrafræðslu í kaupstöðum, undirskrifuð af ríkisstjóra sama dag, nr. 65.*

*Lög um heimild fyrir ríkisstjórnina til að selja jörðina Reykjarhól í Seylu- hreppi í Skagafjarðarsýslu, ásamt nýbýlinu Varmahlíð, undirskrifuð af ríkisstjóra sama dag, nr. 66.*

*Lög um breyting á lögum nr. 60 11. júní 1938, um húsmæðrafræðslu í sveit- um, undirskrifuð af ríkisstjóra sama dag, nr. 67.*

*Lög um breyting á lögum nr. 76 11. júní 1938, um byggingar- og landnámsjóð, og lögum nr. 58 8. sept. 1931, um einkasölu ríkisins á tóbaki, undirskrifuð af ríkis- stjóra sama dag, nr. 68.*

*Lög um sparisjóði, undirskrifuð af ríkisstjóra sama dag, nr. 69.*

*Lög um brytning á lögum nr. 64 23. júní 1932, um kirkjugarða, undirskrifuð af ríkisstjóra sama dag, nr. 70.*

*Lög um breyting á lögum nr. 36 16. nóv. 1907, um skipun sóknarnefnda og héraðsnefnda, undirskrifuð af ríkisstjóra sama dag, nr. 71.*

*Lög um breyting á lögum nr. 40 30. júní 1909, um sóknargjöld, undirskrifuð af ríkisstjóra sama dag, nr. 72.*

*Lög um söngmálastjóra þjóðkirkjunnar, undirskrifuð af ríkisstjóra sama dag, nr. 73.*

*Lög um friðun æðarfugls, undirskrifuð af ríkisstjóra sama dag, nr. 74.*

*Lög um varnir gegn útbreiðslu nokkurra næmra sauðfjársjúkdóma og stuðning til bænda, er biða tjón af þeim, undirskrifuð af ríkisstjóra sama dag, nr. 75.*

*Lög um breyting á lögum nr. 66 7. maí 1940, um stríðsslysaftryggingu sjómanna, undirskrifuð af ríkisstjóra sama dag, nr. 76.*

*Lög um breyting á lögum nr. 43 13. nóv. 1903, um vörumerki, undirskrifuð af ríkisstjóra sama dag, nr. 77.*

*Lög um breyting á lögum um Háskóla Íslands, nr. 21 1. febr. 1936, undirskrifuð af ríkisstjóra sama dag, nr. 78.*

## **Auglýsing frá ríkisstjórninni, birt í 19. tbl. Lögbirtingablaðsins 74 1941, um lokun Eiðisvíkur vegna hernaðaraðgerða Breta.**

9. apríl

Brezku hernaðaryfirvöldin hafa talið nauðsynlegt að loka mestum hluta Eiðisvíkur fyrir allri umferð, með því að þar verður framvegis rannsóknarstöð fyrir skip.

Takmörk hins lokaða svæðis við Eiðisvík eru þessi:

Að norðan lína, sem hugsast dregin milli nyrztu odda Viðeyjar og Geldinganes og er lína þessi merkt með duflum, auðkenndum með hvítum og rauðum rákum.

Að sunnan lína, sem hugsast dregin frá norðurenda hafskipabryggjunnar í Viðey í réttvisandi austur og er lína þessi merkt með duflum, auðkenndum með hvítum og rauðum rákum.

Samkvæmt þessu er öllum farartækjum bönnuð umferð á framan greindu svæði. Brezku hernaðaryfirvöldin hafa tilkynnt, að sérhvert farartæki, sem fer án leyfis flotaýfirvaldanna í Reykjavík inn á hið bannaða svæði, verði skotið í kaf.

## **REGLUGERÐ**

75

**um breyting á reglugerð nr. 159 18. sept. 1940.**

3. maí

### **1. gr.**

Á eftir orðunum „rúgbrauð og hveitibrauð“ í 1. gr. reglugerðar nr. 159 18. sept. 1940, komi tvíbökur.

### **2. gr.**

Á eftir 2. mgr. 8. gr. sömu laga komi ný málsgrein, svo hljóðandi:

Tvíbökur skal selja gegn afhendingu kornvöruseðla þannig, að fyrir 500 gr. af tvíbökum komi 500 gramma kornvöruseðill.

### **3. gr.**

Reglugerð þessi öðlast þegar gildi.

*Viðskiptamálaráðuneytið, 3. maí 1941.*

**Eysteinn Jónsson.**

*Torfi Jóhannsson.*



76  
7. maí

## AUGLÝSING

### um innköllun greiðslumerkja.

Með því að numin hafa verið úr gildi lög nr. 25 9. janúar 1935, er kváðu á um stimpilgjald af ávísunum og kvittunum, er fallin niður skylda til að stimpla þau skjöl með greiðslumerkjum.

Ónotuð greiðslumerki verða innleyst hjá sýslumönnum, bæjarfógetum og lög-  
reglustjórum og tollstjóranum í Reykjavík til 1. nóvember 1941.

*Fjármálaráðuneytið, 7. maí 1941.*

F. h. r.

**Magnús Gíslason.**

*Einar Bjarnason.*

- 77  
12. maí **Staðfesting ráðuneytis Íslands**, handhafa konungsvalds, á skipulagsskrá fyrir „Minningarsjóð um Jón Mýrdal“, útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dóms- og kirkjumálaráðherra 12. maí 1941.  
Skipulagsskráin er þannig:

## SKIPULAGSSKRÁ

### fyrir Minningarsjóð um Jón Mýrdal.

1. gr.

Sjóðurinn heitir Minningarsjóður um Jón Mýrdal.

2. gr.

Sjóðurinn er stofnaður af Hjalta Jónssyni skipstjóra, Reykjavík, bróður hans, með 500 króna gjöf.

3. gr.

Tekjur sjóðsins eru:

1. allir vextir og vaxtavextir af sjóðnum þar til hann er orðinn kr. 5000.00, en síðan hálfir vextir, og
2. gjafir til sjóðsins.

4. gr.

Sjóðurinn er eign Skógræktarfélags Íslands.

5. gr.

Sjóðurinn skal ávaxtast í aðaldeild Söfnunarsjóðs Íslands.

6. gr.

Tilgangur sjóðsins er að styrkja trjárækt og ef Skógræktarfélag Íslands fær framgengt áformum sínum um friðun lands í nágrenni Reykjavíkur til almenningsnota, þá skal verja  $\frac{1}{2}$  vöxtum sjóðsins, þegar hann er orðinn kr. 5000.00, til trjáræktar á því landi, en annars þar, sem stjórn Skógræktarfélags Íslands ákveður.

## 7. gr.

Reikning sjóðsins skal birta ásamt reikningi Skógræktarfélags Íslands í árs-  
riti félagsins. 12. maí

77

## 8. gr.

Leita skal opinberrar staðfestingar á skipulagsskrá þessari.

Staðfesting ráðuneytis Íslands, handhafa konungsvalds, á skipulagsskrá fyrir  
„Minningarsjóð um Guðmund Sigurðsson frá Ökrum“, útgefin á venjulegan hátt  
ad mandatum af dóms- og kirkjumálaráðherra 12. maí 1941. 12. maí

Skipulagsskráin er þannig:

## SKIPULAGSSKRÁ

### fyrir Minningarsjóð um Guðmund Sigurðsson frá Ökrum.

## 1. gr.

Sjóðurinn heitir Minningarsjóður um Guðmund Sigurðsson frá Ökrum.

## 2. gr.

Sjóðurinn er stofnaður af Hjalta Jónssyni skipstjóra, Reykjavík, tengdasyni  
hans, með 500 króna gjöf.

## 3. gr.

Tekjur sjóðsins eru:

1. allir vextir og vaxtavextir af sjóðnum þar til hann er orðinn kr. 5000.00, en síðan hálfir vextir, og
2. gjafir til sjóðsins.

## 4. gr.

Sjóðurinn er eign Skógræktarfélags Íslands.

## 5. gr.

Sjóðurinn skal ávaxtast í aðaldeild Söfnunarsjóðs Íslands.

## 6. gr.

Tilgangur sjóðsins er að styrkja trjárækt og ef Skógræktarfélag Íslands fær framgengt áformum sínum um friðun lands í nágrenni Reykjavíkur til almenningsnota, þá skal verja hálfum vöxtum sjóðsins, þegar hann er orðinn kr. 5000.00, til trjáræktar á því landi, en annars þar, sem stjórn Skógræktarfélags Íslands ákveður.

## 7. gr.

Reikning sjóðsins skal birta ásamt reikningi Skógræktarfélags Íslands í árs-  
riti félagsins.

## 8. gr.

Leita skal opinberrar staðfestingar á skipulagsskrá þessari.

79

13. maí

**SAMÞYKKT****um forkaupsrétt Akureyrarkaupstaðar á hafnarmannvirkjum o. fl.**

Samkvæmt heimild í lögum nr. 22 23. júní 1932, um forkaupsrétt kaupstaða og kauptúna á hafnarmannvirkjum o. fl., hefur bæjarstjórn Akureyrarkaupstaðar gert eftirfarandi samþykkt:

Akureyrarkaupstað er áskilinn forkaupsréttur á lóðum dánarbús Ragnars Ólafssonar á Oddeyrartanga, norðan Gránufélagsgötu, vestur og norður á eignamörk Akureyrarbæjar og austur til sjávar, ásamt öllum sjávarréttindum.

Samþykkt þessi öðlast þegar gildi og gildir í 5 ár frá dagsetningu hennar að telja. Birtist hún hér með til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

*Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 13. maí 1941.*

**Ólafur Thors.**

*Páll Pálmason.*

80

14. maí

**AUGLÝSING****er varðar innheimtu tekju- og eignarskatts árið 1941.**

Eftir afgreiðslu hinna nýju skattalaga hefur ráðuneytið ákveðið að **ekki** skuli innheimtur 12% gjaldauki á tekju- og eignarskatt álagðan á árinu 1941, en heimild til að innheimta þenna gjaldauka er í 4. gr. laga nr. 96 14. maí 1940, og var gefin út um það auglýsing 2. janúar þ. á. að ákveðið hefði verið að nota heimildina.

Jafnframt hefur verið ákveðið að ekki skuli innheimtur 10% viðauki við eignarskatt, samkv. heimild í 1. gr. laga nr. 74 7. maí 1940, en auglýsing var gefin út um notkun þessarar heimildar 2. janúar þ. á.

*Fjármálaráðuneytið, 14. maí 1941.*

F. h. r.

**Magnús Gíslason.**

*Einar Bjarnason.*

81

17. maí

**AUGLÝSING****um breyting á samþykkt nr. 18 12. apríl 1921, um lokunartíma sölubúða í Vestmannaeyjakaupstað.**

1. mgr. 2. gr. samþykktar um lokun sölubúða í Vestmannaeyjum frá 12. apríl 1921 orðist svo:

Alla virka daga skal sölubúðum lokað eigi síðar en kl. 7 e. h. og þær eigi opnaðar fyrr en kl. 9 árdegis, þó með þeim undantekningum, að á tímabilinu frá 15. maí til 15. september skal þeim frá mánudegi til fimmtudags lokað eigi síðar en kl. 6 e. h. Á föstudögum má á þessu tímabili hafa sölubúðirnar opnar til kl. 8 e. h., en loka skal þeim á laugardögum kl. 12 á hádegi.

Brauðsölubúðir skulu opnar alla virka daga frá kl. 9 f. h. til kl. 7 e. h. og á sunnudögum frá kl. 9 f. h. til kl. 3 e. h. og frá kl. 6 e. h. til kl. 7 e. h. 81  
17. maí

Samþykkt þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 17 1. febrúar 1936 til að öðlast gildi þegar í stað. Jafnframt er úr gildi felld auglýsing nr. 39 1. júní 1938, um breyting á samþykkt nr. 18 12. apríl 1921.

*Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 17. maí 1941.*

**Ólafur Thors.**

*Páll Pálmason.*

## AUGLÝSING

um breyting á tímaákvörðunum og kærufrestur, er um ræðir í IV. kafla laga nr. 6 9. jan. 1935, um tekjuskatt og eignarskatt. 82  
21. maí

Samkvæmt heimild í k-lið 4. greinar laga frá 5. maí 1941 um breyting á lögum nr. 6 9. jan. 1935, um tekjuskatt og eignarskatt, hefur ráðuneytið ákveðið, að tímaákvörðanir og frestir samkvæmt 36., 37. og 38. gr. laga nr. 6 9. jan. 1935 skuli breytast svo sem hér segir við álagningu tekju- og eignarskatts árið 1941:

### Utan Reykjavíkur.

Skattskrár skulu lagðar fram fyrir 1. júní þ. á. og skulu þær liggja til sýnis til 8. júní þ. á. á lögákveðnum stað.

Kærufrestur til undirskattanefnda skal vera til 8. júní þ. á.

Úrskurðir undirskattanefnda um kærur skulu felldir fyrir 15. júní þ. á.

Kærufrestur til yfirskattanefndar skal vera til 1. júlí þ. á.

Úrskurðir yfirskattanefnda skulu felldir fyrir 8. júlí þ. á.

Yfirskattanefndir skulu hafa lokið störfum sínum fyrir 8. júlí þ. á.

*Fjármálaráðuneytið, 21. maí 1941.*

F. h. r.

**Magnús Gíslason.**

*Einar Bjarnason.*

## FJALLSKILAREGLUGERÐ

fyrir hreppana vestan Hvítár og Ölfusár í Árnessýslu. 83  
27. maí

### I. KAFLI

#### Um upprekstur og vorsmölun.

##### 1. gr.

Allir fjáreigendur í hreppunum eru skyldir að reka allan fénað sinn til afreittar á sumrum nema nautgripi, tamin hross og fráfarðar ær. Þó er mönnum heimilt að hafa annan fénað heima, ef þeir hafa sauðhelda girðingu fyrir hann í sínu landi, eða ef nægur afréttur er ekki til. Hreppsnefnd getur veitt einstökum mönnum undanþágu frá þessari skyldu.

27. maí

2. gr.  
Ef fé er ekki rekið til afréttar, eða fé úr rekstri er skilið eftir í heimalöndum án ráðstöfunar, taka hlutaðeigandi bændur það til gæzlu og tilkynna það jafnframt hreppsnefnd sinni. Ráðstafar hún þá fénu. Rétt er að hún láti reka féð á réttan afrétt á kostnað þeirra, er féð skildu eftir, ef það hefur verið skilið eftir að nauðsynjalaus. Liggur sá reikningur undir úrskurð sýslumanns, og heimtir hann endurgjaldið af hlutaðeigendum, svo og ákveður sekt, ef þurfa þykir.

## 3. gr.

Þegar saman liggja afréttarlönd tveggja hreppa eða fleiri, og einn þeirra eða fleiri verða fyrir sérstökum ágangi á heimalönd sín eða afrétt frá hinum, þá skal sá hreppurinn eða þeir, er fyrir ágangi verða, eiga kröfurétt um að fram fari mat þriggja óvilhallra manna, skipaðra af sýslumanni, á bótum fyrir ágang, ef ekki tekst samkomulag. Skal matsmönnum greidd þóknun úr viðkomandi sveitarsjóðum.

## 4. gr.

Eigi má hreppsnefnd eða einstaklingar taka utanhreppsfénað til göngu í afréttarland sitt nema með samþykki þess eða þeirra hreppa, er aðliggjandi afréttarlönd eiga. Verði ágreiningur, sker sýslunefnd úr. Enginn má taka fénað til sumar- eða haustbeitar í heimaland sitt eða afrétt án leyfis hreppsnefndar. Þó gildir þetta ákvæði ekki um afgirt heimalönd eða innsveitífénað.

## 5. gr.

Lömb skulu setin að minnsta kosti tvo sólarhringa áður en þeim er sleppt á afrétt. Að öðru leyti hefur hreppsnefndin vald til að segja fyrir um, hvernig haga skuli rekstrum á afrétt, og um að reka það fé aftur til afréttar, er heim rennur að sumrinu. Hreppsnefndin ein má leyfa upprekstur utanhreppsfénaðar í afrétt hreppsins.

## 6. gr.

Hreppsnefndin hefur rétt til að afstýra yfirgangi á afrétt af utansýslugripum, sauðfé, nautpeningi og hrossum, sem heimildarlaust eru á afréttinn komnir, og hefur hún í því skyni vald til að fyrirskipa smölun á stærra eða minna svæði á afrétti og heimalöndum, þegar henni þykir þurfa.

## 7. gr.

Einn sé foringi fyrir hverjum rekstri. Hann skipar fyrir um alla nánari tilhögun á rekstri þeim, er honum er trúað fyrir, og sér um, að reglum þessum sé hlýtt og ber ábyrgð á því. Sérstaklega ber honum að sjá um, að rekstrinum sé hag-anlega dreift og ær látnar taka lömb sín.

## 8. gr.

Allir, sem jörð eða jarðarhluta hafa og búfjárhagar fylgja, skulu smala þá á vorum, þegar rýja þarf sauðfé eða reka það eða stóðhross í afrétt, allt eftir því, sem hreppsnefnd ákveður. Vanræki einhver slíka smölun, þá er nágrönnunum heimilt að smala landið og reka fénað í aðhald til sundurdráttar, en haga skulu þeir framkvæmdum svo, að landsnotanda verði sem minnst mein að, og aldrei má reka hans eigin fénað úr hagagirðingu, nema hann leyfi. Hreppsnefnd getur einnig látið smala landið á kostnað þess, er á að gera það.

## 9. gr.

83

Nú finnast sauðkindur, sem sloppið hafa úr heimahögum eða fjarri eiganda, órúnar, eða ómörkuð unglömb. Er þá finnanda skylt að handsama þær og koma þeim áleiðis til eiganda, ef hann er í nágrenni, að öðrum kosti rýja þær, ef tími er til þess kominn, og marka unglömb. Skal hann gera eiganda full skil á ull og grein fyrir marki og öðrum einkennum á hverri kind, er hann hefur rúið eða markað.

Geti finnandi eigi með vissu vitað, hver eigandi er slíkra kinda, ber honum að inna af hendi sömu skil við hreppstjóra í hreppi sínum. Hreppstjóri ráðstafar ull eins og öðru óskilafé.

Í ómakslaun fær finnandi allt að 50 aura fyrir að rýja kind og 1 krónu fyrir að marka lamb, ef eigi umsemst öðruvisi.

## II. KAFLI

### Um fjallskil.

## 10. gr.

Allir, sem jörð hafa til ábúðar eða umráða, og allir, sem hafa sauðfé og stóðhross undir höndum, eru skyldir til að inna af höndum fjallskil eftir fyrirmælum hreppsnefnda. Fjallskil skal leggja á sauðfé og stóðhross eftir tölu við fóðurskoðun, þar sem það er fóðrað að vetrinum, nema það sé rekið á annan afrétt og fjallskil gerð af því þar. Við niðurjöfnun fjallskila jafngildir 1 stóðhross 5 sauðkindum, og 3 kindur í sauðheldri girðingu í heimahögum, sbr. 1. gr., jafngilda 1 kind á afrétti. Heimilt er hreppsnefnd að leggja allt að helmingi alls fjallskilakostnaðar á landverð jarða eftir gildandi fasteignamati. Við niðurjöfnun skal þó fráskilja landverð, sem stafar af hlunnindum.

## 11. gr.

Hreppsnefnd hver skal sjá um, að fullkomin smölun á afrétti hreppsins fari fram á hverju hausti til fjallsafns og skilarétta. Hefur hreppsnefndin vald til að gefa um þetta efni þær reglur og fyrirskipanir, er hún telur hagkvæmar og nauðsynlegar til tryggingar vandlegri smölun. Sá, sem órétti þykist beittur, á rétt á að kæra málið fyrir hreppsnefnd og síðan sýslunefnd, en engu að síður er honum skylt að inna fjallskilin af höndum, þótt hann biði úrskurðar í máli sínu. Ef úrskurður gengur honum í vil, skal endurgjalda honum fjallskilin samkvæmt úrskurðinum. Hverjum þeim, sem ekki innir fjallskil af höndum samkvæmt fyrirlagi hreppsnefndar, skal skylt að greiða, sem nemur hálfum öðrum fjallskilum hans sjálfs, í fjallskilasjóð.

## 12. gr.

Hreppsnefnd boðar með fjallseðli 3 vikum fyrir fyrstu fjallsöfn, hvernig leitum skuli hagað og hverjir skuli fara í utansveitarréttir. Að afloknu fyrsta fjallsafni, skal réttað í Þingvallahreppi mánudaginn í 22. viku sumars, Laugardalshreppi þriðjudaginn, Grímsneshreppi, Selvogshreppi, Grafningshreppi og Biskupstungnahreppi miðvikudaginn í sömu viku, í Ölfushreppi fimmtudaginn í 23. viku sumars.

## 13. gr.

Hreppsnefndinni ber að ráða leitarstjóra, einn eða fleiri, við afréttarsmölun. Hefur hann, eða þeir, öll ráð og fyrirsögn á hendi á afréttinum, skipar í leitir og ræður sérhverju öðru, er smöluninni viðvikur, allt þangað til safnið er komið til almenningsrétta, og er leitarönnunum skylt að hlýða honum meðan á þessu stendur. Einnig skal hann sjá um, að leitir gangi ekki inn á annarra afrétti.

83

27. maí

## 14. gr.

Sérhver leitarmaður skal vera með fullri heilsu og fær um að gegna starfa sínum að álitni leitarstjóra og tveggja manna, sem hann kveður með sér, og vel útbúinn að hestum, matvælum, fatnaði, skóklæðum og tjaldrúmi. Hann hafi einnig duglegan fjárhund, ef þess er kostur. Skal haga svo til, að hinir markglöggustu, sem völ er á, séu sendir í utansveitarréttir.

Ef leitarstjóri með 2 tilkvöddum mönnum, sem bezt eru til fallnir, gerir einhvern fjallmann afturreka fyrir einhvern brest á því, sem áður er talið, eða fyrir óhlýðni, er að álíta sem hlutaðeigandi búandi hafi engin fjallskil gert, en skjóta má hann úrskurði leitarstjóra til hreppsnefndar til endanlegra úrslita.

## 15. gr.

Haga skal fjallgöngum svo, þar sem því verður við komið, að eigi verði misgöngur hreppa á milli. Skulu hreppsnefndir þær, sem hlut eiga að máli, koma sér saman um, hvernig því verði við komið. Einnig skulu leitarstjórar sjá um, að fé sé ekki látið að óþörfu of fljótt inn í gerði eða réttir.

## 16. gr.

Fjallskilasjóður skal vera í hverjum hreppi. Í hann skal renna andvirði óskilafjár, sem selt er í hreppnum, og allt það gjald, sem hreppsnefnd leggur á sauðfé, stóðhross og jarðarhundruð. Skal það gjald jafnan vera svo hátt, að nægi til afréttasmölnunar, réttaviðhalds og hirðingar fjár úr utanhreppsréttum o. fl.

Reikningur fjallskilasjóðs skal fylgja hreppsreikningi til sýslunefndar ár hvert, og vera endurskoðaður sem hreppsreikningurinn.

## III. KAFLI

## Um almenningsréttir.

## 17. gr.

Hreppsnefndin sér um, að almenningsréttum hreppsins með tilheyrandi dilkum sé vel við haldið, og heyri þar til eigi aðeins, að allir veggir þeirra séu stæðilegir um réttatímamann og nægilega háir, heldur einnig, að sauðheld grind sé í hverjum dildyrum og almenningsréttinni svo hagað, að eigi standi í henni vatn til óhægðar við fénaðarhirðingu. Við sérhverjar almenningsréttir skal utansveitarmönnum heimilt að fá að byggja sér dilk fyrir fé sitt. Nægilegt rúm þarf að vera í hverjum dilk til þess að enginn þurfi að hleypa út úr þeim fyrr en að afstöðnum réttum eða þegar hreppsnefndin, eða sá, sem í hennar umboði stjórnar réttahaldi, leyfir. Bygging á almenningsréttum og safngerðum, þar sem þau eru til, hvílir jafnt á öllum búendum hreppsins, og skal hún, ef hreppsnefnd skipar ekki öðruvísi fyrir, vera fullger næsta kvöld fyrir réttardag, og skal hreppsnefndin tafarlaust láta vinna verkið á þeirra kostnað, sem þá hafa ekki aflokið skyldu sinni. Drátt skal byrja þegar markljóst er. Skyllt er hreppsnefnd að senda svo marga menn í útréttir, að eigi þurfi að koma meir en 200 fjár á hvern mann til dráttar og rekstrar.

## 18. gr.

Heimilt er hreppsnefndum að hafa réttir til sundurdráttar sauðfjár á þeim stöðum, sem þykir bezt henta.

## 19. gr.

Hreppsnefnd skipar fyrir um innrekstur og réttahöld, ákveður hvenær réttum sé lokið, og gætir þess vandlega, að allt fari þar fram í sem beztri röð og reglu.

## 20. gr.

83

Vilji hreppsnefnd breyta til um réttastaði, þarf hún til þess samþykki meiri hluta búenda. 27. maí

## IV. KAFLI

## Um skilaréttir og eftirleitir.

## 21. gr.

Eftirleitir og byggðasöfn skulu fara fram svo tímanlega, að skilarétt verði haldin fyrir Selvogshrepp: 1. fimmtudaginn í 24. viku sumars, 2. fimmtudaginn í 26. v. s. Fyrir Ölfushrepp: 1. föstudaginn í 24. v. s., 2. föstudaginn í 26. v. s. Fyrir Grafningshrepp: 1. fimmtudaginn í 24. v. s., 2. fimmtudaginn í 26. v. s. Fyrir Þingvallahrepp: 1. þriðjudaginn í 23. v. s., 2. þriðjudaginn í 25. v. s. Fyrir Grímsneshrepp: 1. fimmtudaginn í 24. v. s., 2. fimmtudaginn í 26. v. s. Fyrir Laugardalshrepp: 1. miðvikudaginn í 23. viku sumars, 2. miðvikudaginn í 25. viku sumars. Fyrir Biskupstungnahrepp: 1. föstudaginn í 24. v. s., 2. þriðjudaginn í 25. v. s., 3. föstudaginn í 27. v. s. Til fyrstu skilaréttar skal auk sauðfjár smala nautum og hrossum og reka til rétta bæði úr afrétti og heimalöndum.

## 22. gr.

Fari einhverjir í eftirleit á afrétti viðkomandi hreppa að afloknum þeim eftirleitum, sem hreppsnefndir láta gera samkvæmt þessari reglugerð, fær finndi í fyrstu eftirleit 2 krónur fyrir hverja kind en 4 krónur í síðari eftirleit. Greiðist upphæðin úr fjallskilasjóði nema þegar um utanhreppsfénað er að ræða. Eftir seinustu skilarétt má enginn hafa óskil í fé sínu 14 dögum lengur. Skal hann hafa fært þau hreppstjóra innan þess tíma.

## 23. gr.

Byggðasöfnin skulu fara fram deginum á undan skilarétt og endranær, þegar hreppsnefnd ákveður. Hver og einn skal þá skyldur að smala heimaland sitt og að hlýðnast þeim fyrirskipunum hreppsnefndarinnar, er miða til tryggingar því, að vel sé smalað, og skal síðan allt óskilafé byrgt inni næstu nótt og rekið til almenningsréttá daginn eftir í tækan tíma.

Verði einhver uppvís að því, að smala heimaland sitt slælega í byggðasöfnum, hefur hreppsnefndin vald til að setja umsjónarmenn við smölun hans, eða láta aðra framkvæma hana, hvort tveggja á kostnað hins seka.

## V. KAFLI

## Um mörk sauðfjár og hrossa og markaskrár.

## 24. gr.

Hver maður skal einkenna fé sitt og þau hross, sem á afrétti ganga, með glöggu marki á eyrum. Soramarkað sauðfé skal vera hornamarkað, ef það er hyrnt.

Brennimörk og hrossamörk hreppanna eru þessi:

Hreppar:	Brennimörk:	Hrossamörk:
Selvogshreppur .....	A. 1.	Standfjöður fr.
Ölfushreppur .....	A. 2.	Tvö stig aft.
Grafningshreppur .....	A. 3.	Lögg fr.
Þingvallahreppur .....	A. 4.	Lögg aft.
Grímsneshreppur .....	A. 5.	Biti fr.
Biskupstungnahreppur .....	A. 6.	Biti aft.
Laugardalshreppur .....	A. 16.	Tveir bitar fr.



- 83 Allt sauðfé skal brennimerkt með hrepps-brennimarki á vinstra horni og hross á  
27. maí vinstra hóf, ef því verður við komið.  
Hrossamörk hreppanna eru á vinstra eyra.

## 25. gr.

Fé skal draga eftir mörkum. Markið helgar eiganda kind, nema sónnun komi fyrir að annar eigi. Úr öllum ágreiningi, sem risa kann út af vafamörkum, skera marklýsingamenn. Ef kind er með brennimarki eða hornamarki annars en þess, er eyrnamarkið á, skal sá talinn eigandi, sem á brennimarkið eða hornamarkið, og skal hann þá, ef eigandi eyrnamarksins krefst þess, gera grein fyrir, hvernig hann hefur eignast kindina. Kind, sem hefur eyrnamark eins, hornamark annars og brennimark hins þriðja, skal talin eign þess, sem brennimarkið á, þó skal hann, ef krafizt er, gera grein fyrir, hvernig hann hefur eignast hana.

## 26. gr.

Enginn má taka upp mikil særingamörk og mörk, sem vandi er að marka svo að auðþekkilæg séu. Þessi mörk eru: Afeyrt, netnál, hvathamrað, rifa í hálfan stúf, þrírifað, þristúfrifað, sýlt í stúf, tvísýlt í stúf, laufað og öllu afbrigði af því, blaðstúfrifað, geirrifað, geirstúfrifað, miðhlutað í sneitt, sýlriafað, tíglað og vaglriafað. Mörk þau, er bann er lagt við að taka upp, mega ekki ganga að erfðum, gjöfum eða kaupum og solum. Séu fleiri mörk en hér eru talin, sem sýslunefnd kynni að vilja hanna, skulu þau auglýst í markaskrá sýslunnar.

## 27. gr.

Sýslunefnd sér um að láta prenta markaskrá sýslunnar 6. hvert ár. Skal hver markeigandi koma marki sínu í hana og borga fyrir það, það sem sýslunefnd ákveður, en hver markeigandi fær ókeypis eitt eintak af markaskránni. Einnig skal sýslunefnd sjá um að nægilega mörg eintök af markaskránni séu send ókeypis til allra hreppstjóra í þeim sýslum, sem fjársamgöngur eru við.

Gjald það, sem sýslunefnd ákveður fyrir mörkin, skal ætíð vera svo hátt, að það nægi fyrir öllum kostnaði við söfnun marka og útgáfu markaskrárinnar. Ef afgangur verður þegar allur kostnaður er greiddur, skal hann borgast í sýslusjóð.

## 28. gr.

Sýslunefnd kys einn mann til 6 ára í senn, til þess að hafa umsjón með upptöku marka og búa markaskrána undir prentun.

Markaumsjónarmaður skal sjá um að mörk, sem tekin eru upp, séu hvorki eins né of lík þeim mörkum, sem til eru í sýslunni, eða í gildandi markaskráum nærliggjandi sýslna, sem fjársamgöngur eiga við Árnessýslu.

Vilji einhver taka upp nýtt mark á milli þess sem markaskrá er prentuð, skal hann tilkynna það umsjónarmanni og fá til þess leyfi hans. Að því fengnu skal hann láta prenta það á sinn kostnað í Lögbirtingablaðinu og er það þá fyrst heimilt til notkunar.

## 29. gr.

Þeir, sem nota mörk á sauðfé eða hross, sem ekki eru prentuð í markaskrá sýslunnar, svo sem þeir, sem hafa flutt inn í sýsluna eftir að markaskrá var prentuð, skulu lýsa mörkum sínum á fyrstu vorhreppaskilum eftir að þeir eru fluttir inn í hreppinn. Skal þá hreppsnefnd skrifa þau upp og sjá um, að þau verði bréflaga tilkynnt hreppstjórum í nálægum hreppum, bæði utan sýslu og innan, þar sem von getur verið fjár eða hrossa. Sé þetta vanrækt af markeiganda eða marknotanda, getur hann ekki krafizt bóta úr fjallskilasjóði, þótt fé hans og hross verði eftir í útréttum og falli á það kostnaður.

## 30. gr.

Sýslunefnd Árnessýslu skal leita samvinnu við sýslunefndir Gullbringu- og Kjósarsýslu, Mýra- og Borgarfjarðarsýslu, Austur- og Vestur-Húnavtanssýslu, Skagafjarðarsýslu og Rangárvallasýslu, um ráðstafanir til þess að afstýra sammerkingum á þeim svæðum, er fjársamgöngur geta komið fyrir á.

83

27. maí

## VI. KAFLI

## Um meðferð á óskilafénaði.

## 31. gr.

Kalineyrt og eyrnalaust fé og ómerkinga skal sérhver reka til almenningsrétta, bæði í fjallsöfnum og byggðasöfnum, og skal hreppsnefndin sjá um, að allt slíkt fé sé dregið í dilk sér. Haldi einhver slíku fé frá réttum eða dragi það sér og marki án leyfis hreppsnefndar með launung eða ofríki, hefur hann eigi aðeins fyrirgert hinni sömu kind, þótt móðir helgi sér á eftir, heldur skal hann og sæta sektum allt að 50 krónum. Leiða skal ær að dilkum og leyfa mönnum með öðru móti að sanna eignarrétt sinn með óbrigðulum einkennum, en eigi af fjárbragði einu saman. Í öllum hreppum fjallskilasvæðisins skal allt óskilafé, þar með talið allt fé, sem vafi leikur á hver eigi sakir sammerkinga, ómerkingar, kalineyrt og eyrnalaust, sem enginn getur helgað sér, þegar í fyrstu rétt selt við opinbert uppboð, fjallskilasjóði til tekna, og síðan á sama hátt í hverri skilarétt. Um eldri ómerkinga, er koma fyrir í fjallsöfnum, gildir hið sama sem um ómörkuð lömb.

Óskilafénað, sem finnst eða fram kemur eftir réttir, og verður ekki komið til eiganda, skal reka til hreppstjóra í þeim hreppi, er fénaðurinn fannst í, og skal hann að því búnu seldur við uppboð svo fljótt sem verða má.

## 32. gr.

Öll óskilahross, sem fyrir koma í fyrri skilarétt, skal þegar taka í gæzlu, og gefa þá þegar út lýsingu á þeim til allra þeirra hreppa, er líkindi kynnu að vera til að þau væru frá, og gæta þeirra til síðari skilaréttar, en selja þá það af þeim, sem enginn getur helgað sér, sem annan óskilafénað. Gæzlukaup fyrir hvert hross er 50 aurar um sólarhringinn, en hálfu minna fyrir folald, er fylgir móður.

## 33. gr.

Innan janúarmánaðarloka ár hvert skal hreppstjóri semja skýrslu um mörk, lit og önnur einkenni á óskilafénaði, er seldur hefur verið í hreppnum á næstliðnu ári, og senda hana einum manni, sem sýslunefnd hefur tilnefnt, en hann annast um að öll mörkin, ásamt samkynja mörkum úr eystri hluta sýslunnar, verði prentuð í einu lagi og í rétttri röð í Lögbirtingablaðinu fyrir lok febrúarmánaðar næsta á eftir.

## 34. gr.

Til næstu veturnótta á eftir á eigandi aðgang að verði seldra kinda en borgi allan löglegan áfallinn kostnað. Hafi þá enginn eigandi gefið sig fram, fellur andvirði í fjallskilasjóð þess hrepps, er óskilaféð var selt í. Hross hefur eigandi rétt til að helga sér til fardaga næstu á eftir og fá annað hvort verð þeirra eða þau sjálf, gegn því að borga allan áfallinn kostnað.

## 35. gr.

Til þess að geta sannað eignarrétt sinn á sauðfé, verður eigandi að hafa lögheimilt og augljóst mark. Gefi 2 eða fleiri sig fram sem eigendur að sama marki, er hreppstjóri eigi skyldur að afhenda kindina úr vörzlu eða greiða verð hennar eftir sölu, fyrr en einhver þeirra hefur löglega sannað eignarrétt sinn. Farið skal eftir

83 skrásettum eða auglýstum eyrna- og brennimörkum, en því aðeins eftir óskrásettum 27. maí og óauglýstum mörkum, að eigandi gefi skýringar um þau.

## VII. KAFLI

### Almenn ákvæði.

#### 36. gr.

Hverjum rekstri skulu fylgja nægilega margir menn, vandaðir, duglegir og vel útbúnir. En það telst nægileg tala, ef tveir menn reka allt að 100 fjár, 4 menn allt að 400 fjár, og séu fleiri menn eftir likri tiltölu, ef fleira fé er rekið í einum rekstri, en ekki mega þeir jafnframt hafa annað á hendi, ef ekki er betur mannað. Ekki mega að jafnaði vera færri en tveir rekstrarmenn, hvað fátt sem rekið er. Þó má einn maður reka, ef ekki eru reknað fleiri en 15 kindur, þó aðeins með samþykki hreppstjóra þess hrepps, sem reksturinn er úr, og þarf sá, er rekur, að geta sýnt leyfi frá honum, ef krafizt verður.

#### 37. gr.

Hvort sem rekstrarmenn eru fleiri eða færri, skal ávallt einn vera yfirmaður, er annist um, að þessum rekstrarreglum sé hlýtt, og ber hann ábyrgð á því gagnvart þeim, er kynnu að kæra, en hann á aftur aðgang að samrekstrarmönnum sínum, ef þeim er um að kenna. Þó hvílir ábyrgðin aðeins á hverjum einstökum rekstrarmanni, er brýtur, ef brotið er svo vaxið, að það heyri undir almenn hegningarlög.

#### 38. gr.

Allt fé í sölurekstrum skal vera merkt með ákveðnu rekstrarmarki, er sé svo glögg, að það sjáist tilsýndar í björtu, og svo traust, að það máist ekki af, þó að votviðri gangi.

#### 39. gr.

Reka skal fénað hægt og gætilega og eigi hundbeita og hafa áfanga ekki of langa. Á girtum og friðlýstum svæðum má eigi æja, heldur ekki í slægjulöndum fyrir eða um heyannir. Að öðru leyti er áning heimil hvar sem er í byggð eða óbyggð.

#### 40. gr.

Svo skal rekstrum haga, að sem minnstur bagi verði að á löndum þeim, sem um er rekið. Varast skal að rekstrum lendi saman við annað fé, ef hjá því verður komizt. Eigi má halda áfram með rekstra úr því að farið er að skyggja til muna, nema brýna nauðsyn beri til að ná í áfanga, og aldrei eftir að dimmt er orðið. Svo má og aldrei leggja upp með rekstra fyrr en markljóst er orðið.

#### 41. gr.

Nú ber svo til, að öðru fé lendir saman við rekstur. Skal þá stöðva reksturinn, ef á ferð er, en ella halda kyrru fyrir og eigi leggja aftur af stað með hann, ef í byggð er, fyrr en búíð er að rannsaka hann af 2 tilkvöddum skilríkum mönnum. Getur enginn skorazt undan slíkri rannsókn, er til þess er fær, og ber að gera það ókeypis, ef það tekur ekki yfir 2 klukkustundir. Ella ber rekstrarmönnum að greiða þóknun fyrir, eftir úrskurði sýslumanns, ef á greinir, en aðgang eiga rekstrarmenn með þá borgun að eigendum fjárins, ef þeim hefur ekki verið sjálfum um að kenna.

#### 42. gr.

Telja skal féð í rekstrunum, hvenær sem viðstaða verður svo, að fé dreifi sér nokkuð til muna, bæði þegar staðar er numið og haldið af stað aftur. Vanti þá fé í

reksturinn, skal gera aðvart um það á næsta bæ, sem að er komið, og biðja fyrir það sem vaná kann. En ef fleira fé er komið í reksturinn en honum á að fylgja, skal á næsta bæ, sem að er komið, rétta reksturinn, skilja það frá, sem að er komið, og sjá um að það komist í áttaga sína, eigendum að skaðlausu. 83 27. maí

## 43. gr.

Verði einhver sannur að því, að hafa tekið annarra fé í rekstur heimildarlaust, skal hann bæta það eigendum að fullu eftir samkomulagi eða eftir mati óvilhallra manna, sem sýslumaður tilnefnir, ef með þarf. Sannist það, að slíkt hafi verið gert ef skeytingarleysi, varðar það að auki sektum, 4—20 krónum fyrir hverja kind, sem þannig er tekin, þó eigi yfir 400 krónum, er gangi í sveitarsjóð þess hrepps, er land á þar sem brotið er framið, nema því aðeins, að brotið heyri undir almenn hegningarlög.

## 44. gr.

Um öll þau atriði, sem ekki er á minnzt í reglugerð þessari, en eru samkynja eða skyld að efni, ráða hreppsnefndir því, er snertir þeirra eigin sveitir, þó þannig, að ekki komi í bág við landslög né reglugerð þessa, né skerði rétt annarra sveitarfélaga. Hreppsnefndir skulu bera undir sveitunga sína atriði, er að þessu lúta og almenning varða, og ber þeim að taka sem mest tillit til óska almennings, ef á rökum eru reistar, en skera verða hreppsnefndir úr sjálfar, ef á greinir. Úrskurðum hreppsnefnda má skjóta til sýslunefndar, sem hefur yfirstjórn fjallskilamálanna í sínum höndum. Sýslunefnd ræður í þeim atriðum, er hagsmunir tveggja hreppa eða fleiri í sýslunni rekast á. Hún getur og leyft, að þessi mál, sem að lögum bera undir hana, séu lögð í gerð. Stjórnarráð ræður, ef í málum þessum greinir á við aðrar sýslur.

## 45. gr.

Brot gegn reglugerð þessari verða sektum, 4—400 krónum. Uppljóstrarmenn eiga heimtingu á  $\frac{1}{4}$  sektar, en hinn hlutinn rennur í sveitarsjóð eða fjallskilasjóð þess hrepps, sem brotið er framið í. Ef brotið er framið í afrétti, skal líta svo á, að brotið sé framið í þeirri sveit, sem á afréttinn. — Ef sveitarstjórn fær rökstuddan grun eða vitneskju um brot á reglugerðinni, kærir hún það tafarlaust fyrir sýslumanni, sem fer með það eins og lög og reglugerð þessi ákveða.

## 46. gr.

Mál, sem rísa út af brotum á reglugerð þessari, skal farið með sem almenn lög-reglumál.

## 47. gr.

Reglugerð nr. 72/1909 fyrir hreppana í Árnessýslu vestan Hvítár og Ölfusár um notkun afrétta, fjallskil, réttahöld, meðferð óskilafénaðar, grenjaleitir og refaveiðar, svo og reglugerðir nr. 105/1910, 62/1919 og 49/1920 um breytingar á þeirri reglugerð, eru úr gildi felldar.

Reglugerð þessi, sem sýslunefnd Árnessýslu hefur samið og samþykkt, staðfestist hér með samkvæmt 41. gr. sveitarstjórnarlaganna nr. 12 1927, til að öðlast gildi 1. ágúst 1941, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

*Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 27. maí 1941.*

**Hermann Jónasson.**

*Páll Pálmason.*

## AUGLÝSING

### um stimpilsektir.

Að gefnu tilefni er athygli almennings vakin á eftirgreindum ákvæðum laga nr. 75 27. júní 1921, um stimpilgjald:

„12. gr. Stimpilskyld skjöl, sem gefin eru út hér á landi, skulu stimplast áður 2 mánuðir séu liðnir frá útgáfudegi, nema eindagi sé fyrr, og þá fyrir eindaga. Ef aðiljar hafa eigi undirritað samtímis, telst fresturinn frá því er hinn fyrsti undirritaði. — Stimpilskyld skjöl, sem gefin eru út erlendis, skal stimpla á sama fresti og innlend skjöl, talið frá heim tíma, er skjal kom hingað til lands, og skal sá, er stimpla lætur, votta á skjalið, hvenær það var. Stjórnarráðið getur lengt frest þenna, ef sérstaklega stendur á.“

„45. gr. Ef stimpilskytt skjal er alls eigi stimplað, eða eigi nægilega stimplað, fyrir hinn tiltekna tíma, varðar það, ef eigi er öðruvísi ákveðið í lögum þessum, sektum, er nema hinu vantalda stimpilgjaldi fimmföldu, þó eigi undir 2 kr. Auk þess greiðist hið vantandi gjald.“

„46. gr. Útgefendur og móttakendur stimpilskyldra skjala bera, hvort sem þeir koma fram í eigin nafni eða sem umboðsmenn annarra, ábyrgð á réttri stimplun. Móttakendur skjala, sem ekki eru löglega stimpluð, geta leyst sig frá sektarábyrgð með því að láta á sinn kostnað stimpla skjalið innan mánaðar frá móttöku þess, eða ef greiðsludagur er fyrr, þá í síðasta lagi þann dag, eða ef greiðsludagur er liðinn, þá þegar eftir móttöku þess. Móttakandi skjals, sem þannig er ástatt um, þarf enn fremur til þess að losna við sektarábyrgð að tilkynna hlutaðeigandi yfirvaldi brot það, sem átt hefur sér stað á lögum þessum.“

„47. gr. Það varðar sektum, eigi undir 100 kr., að gefa rangar skýrslur um þau atriði, er máli skipta við ákvörðun stimpilgjalds. Sömu refsingu varðar, ef maður neitar ranglega að hafa skjal í vörzlum sínum, til þess að komast hjá stimpilgjaldi eða sekt.“

„49. gr. Nú er skjal dagsett rangt, eða stimplun þess, og varðar það sömu refsingu og segir í 47. gr. þegar þetta er gert til að leyna broti á stimpillöggjöfinni eða torveldu uppgötvun þess.“

Jafnframt er athygli opinberra starfsmanna vakin á eftirgreindum ákvæðum sömu laga:

„53. gr. Allir opinberir starfsmenn, þar með skiptaforstjórar, eru, að viðlagðri refsingu fyrir vanrækslu, skyldir til að hafa nákvæmar gætur á því, að lög þessi séu haldin, með því að athuga skjöl þau, sem þeir, starfs síns vegna eða á annan hátt, hafa með höndum eða sjá, og kæra til sekta, ef þeir komast eftir brotum. Eru þeir skyldir til, eftir því sem við verður komið, að sleppa eigi skjölum þeim, sem brotin eru risin af i hendur annarra en þeirra, sem málið heyrir undir að lögum. — Ákvæði þessarar greinar gilda jafnt um frumrit skjala, samrit og staðfest eftirrit, eftir því sem við getur átt, svo og ennfremur um óstaðfest eftirrit, þegar þau eru notuð þannig, að ætla má, að notandinn votti samræmi þeirra við frumritið, svo sem þegar eftirrit er lagt fram fyrir rétti eða fylgir umsóknum til stjórnarvalda, enda skal jafnan, er svo er ástatt, vera ritað á eftirritið, hvernig frumritið er stimplað.“

Jafnvel þótt ráðuneytið hafi heimild til að gefa eftir eða lækka stimpilsektir er ekki þess að vænta, að svo verði gert framvegis, nema fullar sannanir liggi fyrir um það, að aðiljum verði ekki gefið að sök brotið, sem sektirnar eru ákveðnar fyrir.

*Fjármálaráðuneytið, 29. maí 1941.*

F. h. r.

**Magnús Gíslason.**

*Einar Bjarnason.*

## REGLUGERÐ

85

3. júní

um breyting á reglugerð um nýbýli.

Í stað 2. mgr. 22. gr. reglugerðarinnar komi ný málsgrein svo hljóðandi:

Verðbréfin skulu gefin út í flokkum og skal hverjum flokki að jafnaði lokað áður en 5 ár eru liðin frá því hann var opnaður. Þó má gefa út bréf í sama flokki til lúkningar lánnum þeim, sem bráðabirgðaskuldabréf hafa verið gefin út fyrir, áður en flokknum bar að loka. Aldrei má vera meira í umferð af verðbréfum en nemur eignum nýbýlasjóðs í reiðu fé og útistandandi lánnum.

Reglugerð þessi er hér með sett samkvæmt lögum nr. 76 11. júní 1938, um byggingar- og landnámsjóð, til þess að öðlast þegar gildi. Að öðru leyti gildir reglugerð um nýbýli frá 23. nóvember 1936.

*Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 3. júní 1941.*

**Hermann Jónasson.**

*Páll Pálmason.*

## SAMÞYKKT

86

12. júní

fyrir Framræslu- og áveitufélag Staðarbyggðar.

1. gr.

Félagið heitir Framræslu- og áveitufélag Staðarbyggðar. Heimili þess og varnarþing er Öngulsstaðahreppur í Eyjafirði.

2. gr.

Félagssvæðið nær yfir eftirtaldar jarðir í Öngulsstaðahreppi: Munkaþverá (þrjú býli), Grýta, Uppsalar (tvö býli), Klauf, Syðra Laugaland, Ytra Laugaland, Hóll, Syðri Tjarnir, Háagerði, Ytri Tjarnir, Björk (tvö býli), Öngulsstaðir I og II (þrjú býli), Staðarhóll, og auk þess Kristnes og Kroppur í Hrafnagilshreppi (engjateigar austan Eyjafjarðarár).

3. gr.

Tilgangur félagsins er:

1. að annast framkvæmd og starfrækslu, framræslu og áveitu á engjalöndum þeirra jarða, sem taldar eru í 2. gr.;
2. að koma í veg fyrir landspjöll á engjum þessara jarða af völdum Þverár og Eyjafjarðarár;
3. að útvega og starfrækja, meðan á framkvæmdum stendur, skurðgröfu frá ríkinu, samkvæmt ákvæðum laga nr. 101 23. júní 1936, V. kafli, 35. gr.;

- 86 4. að útvega nauðsynlegt fé sem styrk og lán til að koma nauðsynlegum mannvirkjum í þessu sambandi í framkvæmd.  
12. júní

## 4. gr.

Félaginu stjórnar þriggja manna nefnd, kjörin á aðalfundi til þriggja ára. Gengur einn maður úr stjórn félagsins á hverju ári. Tvö fyrstu árin eftir hlutkesti og síðar í röð eftir starfsaldri ár hvert. Stjórnarnefndarmenn má endurkjósa.

## 5. gr.

Stjórnin kýs sér formann og gjaldkera og má sami maður eigi gegna þeim störfum báðum.

Formaður boðar til allra funda og stýrir þeim. Hann sér um bókun allra fundargerða.

Gjaldkeri sér um reikninga félagsins. Hann annast allar innheimtur og greiðslur eftir ávisunum formanns.

Stjórnarnefnd annast alla framkvæmd fyrirtækisins og starfrækslu þess milli aðalfunda. Hún sér um að árlega sé framkvæmt viðhald á mannvirkjum þeim, er félagið lætur gera, eða félagsmenn sjálfir hafa gert á einstökum jörðum í þágu áveitunnar.

Heimilt er félagsstjórn að ráða eftirlitsmann til eins árs í senn. Getur hún falið honum eftirlit með mannvirkjum félagsins, og viðhaldi þeirra, og sér hann þá einnig um skiptingu vatnsins til áveitu og starfrækslu áveitunnar.

Í nóvembermánuði ár hvert jafnar stjórnarnefnd niður öllum kostnaði, samkvæmt ákvæðum 8. gr.

Greiðslu fyrir störf sín fær stjórnarnefnd samkvæmt reikningi, sem samþykktur skal af aðalfundi.

## 6. gr.

Til aðalfundar skal boða með þriggja vikna fyrirvara, með skriflegu fundarboði, sem gangi milli félagsmanna. Aðalfundur heldur félagið fyrir febrúarmánaðarlok ár hvert. Aðalfundur er því aðeins lögmætur, að mættir séu á fundinum félagsmenn, er fara með  $\frac{1}{3}$  af atkvæðum allra lögbundinna félagsmanna, og sé þá talið eitt atkvæði fyrir hvert ábýli, samkvæmt 2. gr. Afl atkvæða ræður úrslitum mála á aðalfundi. Nú mæta ekki svo margir félagsmenn, að aðalfundur geti talið lögmætur og skal þá stjórn félagsins, innan hálf mánaðar, boða til nýs aðalfundar með skriflegu fundarboði, og er þá sá fundur lögmætur án tillits til þess, hve margir félagsmenn mæta.

Á aðalfundi leggur stjórnin fram endurskoðaða reikninga félagsins til samþykktar. Þar er kosin stjórn og tveir endurskoðendur. Aðalfundur tekur ákvarðanir um lántökur til framkvæmda verksins, ef þeirra vegna þarf að veðbinda jarðir á félagssvæðinu. Fyrir aðalfund skal lögð, meðan framkvæmd verksins stendur yfir, áætlun um það hver hluti verksins skuli unninn það ár, ásamt yfirliti um kostnað yfir það, og hvernig aflað verði fjár til að standast þær greiðslur.

Aukafund má halda þegar félagsstjórnin eða meira en helmingur félagsmanna álitur þess þörf og hafa sent skriflega beiðni um það til félagsstjórnar.

## 7. gr.

Á kostnað áveitufélagsins skal gera alla aðalframræslu- og áveituskurði og nauðsynlegar stíflur í þá og flóðgarðana. Enn fremur skal gera á kostnað félagsins þau mannvirki, sem nauðsynleg kunna að vera til vatnsstöðu- eða farvegsbreytinga vegna upptöku vatns til áveitu eða til verndar gegn landspjöllum. Framkvæmdum og fyrirkomulagi mannvirkja skal haga samkvæmt áætlunum og uppdráttum gerðum af Búnaðarfélagi Íslands og þeim viðaukum og breytingum, sem það

síðar kann að gera, enda verði þær samþykktar af aðalfundi eða lögmætum félags- 86  
fundi áður en verkið er hafið. 12. júní

## 8. gr.

Öllum árlegum kostnaði við framkvæmdir þær, sem í 3. og 7. gr. er getið, svo sem afborgunum og vaxtagreiðslum af stofnkostnaði, viðhaldskostnaði, endurnýjun mannvirkja, kostnaði við eftirlit og stjórn, skiptir stjórnin í nóvembermánuði ár hvert á allar jarðir, sem framræslan og áveitan nær til, eftir flatarmálsstærð þess lands, sem hags nýtur af verkinu. Hæfilegt tillit skal þó tekið til þess, ef einhverjar af jörðunum hafa sérstöðu gagnvart afnotum verksins og fer um það eftir hagnaðarmati þriggja óvilhallra, dómkvaddra manna. Gjaldskrá, er ákveður grundvöll að skiptingu framangreinds kostnaðar, skal send landbúnaðarráðherra til staðfestingar.

## 9. gr.

Stofnun félagsins, verkefni þess, heimili þess og varnarþing, hverjir séu í stjórn þess og ef breyting verður á stjórninni, svo og hverjir fari með prókúruumboð þess, skal birt í Lögbirtingablaðinu.

## 10. gr.

Stjórn félagsins hefur heimild til að taka lán handa félaginu til framkvæmda þeirra, sem það hefur með höndum (samanber þó ákvæði 6. gr. þessarar samþykktar og lög nr. 101 23. júní 1936, V. kafli, 36. gr.) og setja til tryggingar lánsfénu eða endurábyrgð þeirri, sem þurfa kann vegna lánsins, veðrétt í býlum þeim, sem eru talin í 2. gr.

Stjórnin sér um greiðslur þeirra lána, sem félagið tekur. Niðurjöfnuð gjöld hafa lögtaksrétt.

## 11. gr.

Rísi ágreiningur í félagsmálum innanfélags skal úr honum skorið með gerðardómi.

Gerðardómur skal skipaður þrem mönnum, skulu aðiljar tilnefna sinn manninn hvor, en oddamaður sé skipaður af Búnaðarfélagi Íslands.

## 12. gr.

Með brot á samþykkt þessari skal farið sem almenn lögreglumál, og geta þau varðað sektum frá 50—500 krónum, ef eigi liggur þyngrri hegning við að lögum. Sektir renna í sjóð félagsins.

## 13. gr.

Samþykkt þessari má breyta á lögmætum aðalfundi, ef  $\frac{2}{3}$  allra félagsmanna samþykkja breytinguna, enda komi staðfesting stjórnarráðs til.

## 14. gr.

Félagsskap þessum má því aðeins slíta, að eigi verði náð þeim tilgangi, sem félagið hefur sett sér, eða þeir örðugleikar reynast á, að ókleift þyki að halda félagsskapnum áfram, enda sé það samþykkt á lögmætum aðalfundi og  $\frac{4}{5}$  greiddra atkvæða séu með því, og samþykkj stjórnarráðs fáiast um félagsslit.

Samþykkt þessi staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum, nr. 15 20. júní 1923, til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

*Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 12. júní 1941.*

**Hermann Jónasson.**

*Páll Pálmason.*



## S A M Þ Y K K T

## fyrir Fiskræktar- og veiðifélagið Kolka.

## 1. gr.

Félagið heitir Fiskræktar- og veiðifélagið Kolka. Heimili þess og varnarþing er á Hólum.

## 2. gr.

Markmið félagsins er, að auka silungsveiði og koma til laxveiði á félagssvæðinu og arð af henni, með því:

1. að stunda laxa- og silungaklak ásamt friðun,
2. að reka laxveiði og silungsveiði fyrir alla félagsmenn, sameiginlega á einum eða fleiri stöðum ef henta þykir.

## 3. gr.

Félagið hefur umráð yfir öllum rétti til lax- og silungsveiði í þessum vötnum: Hjaltadalssá og Kolku og öllum þverám og lækjum, sem í þær falla. Félagsmenn eru allir ábúendur eða eigendur þeirra jarða, er land eiga að nefndum vötnum: Jarðirnar eru: Melstaður, Marbæli, Teigur, Kross, Stóragerði, Hliðarendi, Sleitustaðir, Sigtún, Smiðsgerði, Sviðningur, Saurbær, Skriðuland, Kolbeinsdalsafrett, Fjall, Unastaðir, Neðri-Ás, Efri-Ás, Brekkukot, Viðines, Hólar, Reykir, Hvammur, Hrafnhóll, Hlið, Kálfsstaðir, Kjarvalsstaðir, Nautabú, Ingveldarstaðir, Skúfsstaðir, Garðakot, Viðvík, Ásgarður, Kolkuós.

## 4. gr.

Óheimilt er öllum að veiða lax og silung í vötnum þessum nema með sérstöku og skriflegu leyfi félagsstjórnar. Skal þar tekið fram um veiðitíma og veiðitæki og með hvaða kjörum leyfið er veitt.

## 5. gr.

Heimilt er félagsstjórn að leigja ár á félagssvæðinu, eða hluta af þeim, einstökum mönnum eða félögum, til stangarveiði, ef sýnilegt þykir, að það sé hagur fyrir félagið. Þó má það leyfi eigi vera til lengri tíma en eins árs í senn nema lögmætur fundur samþykki og tekið hafi verið fram í fundarboði að slíkt veiðileyfi yrði til umræðu.

## 6. gr.

Nú tekur félagið upp sameiginlega veiði og getur það þá ráðið mann til að standa fyrir veiðinni. Hann nefnist veiðistjóri.

Veiðistjóri annast um framkvæmdir félagsveiðinnar. Ræður hann menn sér til aðstoðar eftir þörfum. Hann sér um verkun og sölu á veiðinni, og færir alla reikninga þar að lútandi, allt í samráði við félagsstjórn.

## 7. gr.

Félagið starfrækir laxa- og silungaklak á þeim stað eða stöðum, sem félagsstjórn velur í samráði við fiskræktarráðunaut. Kostnaði við það skal jafna á félagsmenn eftir þeim hlutföllum, sem arðskrá félagsins tiltekur. Klekja skal út minnst 100 seiðum fyrir hvern lax, sem veiðist á félagssvæðinu.

## 8. gr.

Stjórnina skipa 3 menn: formaður og tveir meðstjórnendur. Skulu þeir kosnir á aðalfundi til þriggja ára í senn. Ganga þeir úr stjórninni á vixl þannig: Formaður gengur úr eftir eitt ár, annar meðstjórnandi eftir hlutkesti eftir tvö ár. Síðan helst

sama röð. Enginn atkvæðisbær félagsmaður getur skorazt undan kosningu, nema lögmet forföll hamli, eða hann hafi verið 3 ár í stjórn.

87  
20. júní

#### 9. gr.

Stjórnin hefur á hendi umsjón með öllum framkvæmdum félagsins á milli aðalfunda. Hún ræður fasta starfsmenn og gerir við þá samninga um kaup og önnur kjör, enda samþykki lögmetur aðalfundur þá samninga. Hún hefur eftirlit með því að samþykkt félagsins sé hlýtt og má ráða menn sér til aðstoðar, þó án kostnaðar fyrir félagið.

Formaður er fulltrúi félagsins út á við og hefur yfirumsjón með störfum félagsins og fjárreiðum þess öllum. Afl atkvæða ræður úrslitum mála á félagsfundum.

#### 10. gr.

Aðalfund heldur félagið í janúarmánuði ár hvert. Aðalfundur er lögmetur, ef hann er boðaður skriflega með minnst þriggja daga fyrirvara og sé fundarefnið getið í fundarboði.

Nú er aðalfundur ekki lögmetur og skal þá boða til hans á ný með minnst þriggja daga fyrirvara, og er þá fundurinn ávallt lögmetur.

Á aðalfundi skýrir stjórnin frá störfum félagsins á liðnu starfsári, og leggur fram áætlun og tillögur um starfsemi þess á næsta ári. Þar leggur hún og fram endurskoðaða reikninga félagsins og úrskurðar fundurinn um þá. Aðalfundur kys stjórn og tvo endurskoðendur félagsreikninga. Hann kveður á um laun stjórnar og annarra starfsmanna félagsins. Afl atkvæða ræður úrslitum mála á fundum, nema um breytingu á samþykktum sé að ræða eða félagsslit.

#### 11. gr.

Aukafundi heldur stjórnin þegar henni þykir ástæða til eða ef  $\frac{1}{4}$  félagsmanna æskir þess og tilgreinir fundarefni.

#### 12. gr.

Reikningsár félagsins er almanaksárið. Skulu reikningar fullgerðir fyrir aðalfund og lagðir þar fram endurskoðaðir til úrskurðar.

#### 13. gr.

Arði af sameiginlegri veiði, svo og öllum gjöldum, er af starfsemi þess leiða, skal skipt niður á félagsmenn samkvæmt arðskrá, sem lögmetur fundur samþykkir og undirrituð er af  $\frac{2}{3}$  félagsmanna. Gildir hún til 5 ára í senn. Náist ekki samkomulag um nýja arðskrá, að þeim tíma liðnum, gildir gamla arðskráin áfram.

#### 14. gr.

Eigi má úthluta arði samkvæmt 13. gr. fyrr en eftir aðalfund. Verði útgjöld meiri en tekjur, skal jafna þeim niður á félagsmenn eftir þeim hlutföllum, er arðskrá ákveður.

#### 15. gr.

Brot á samþykkt þessari varða sektum frá 100—500 kr. og veiði eða andvirði hennar gerð upptæk og renni hvoru tveggja í félagssjóð.

#### 16. gr.

Samþykkt þessari verður ekki breytt, nema  $\frac{2}{3}$  mættra félagsmanna á aðalfundi samþykki breytinguna.

87

20. júní

Félaginu má slíta ef  $\frac{2}{3}$  félagsmanna samþykkja það á löglega boðuðum aðalfundi. Skuldum og eignum félagsins á þeim tíma skal jafna niður á félagsmenn eftir gildandi arðskrá.

17. gr.

Samþykkt þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 61 23. júní 1932 til þess að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

*Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 20. júní 1941.*

F. h. r.

Vigfús Einarsson.

*Páll Palmason.*

88

20. júní

## ARÐSKRÁ

fyrir Fiskræktar- og veiðifélagið Kolka.

Arður af veiði í fiskihverfi félagsins telst í 100 einingum, er skulu skiptast milli jarða á félagssvæðinu, eins og hér segir:

Melstaður .....	2	einingar.
Marbæli .....	1	—
Teigur .....	1	—
Kross .....	1	—
Stóragerði .....	2	—
Hlíðarendi .....	1	—
Sleitustaðir .....	2	—
Sigtún .....	1	—
Smiðsgerði .....	1	—
Sviðningur .....	2	—
Saurbær .....	4	—
Skriðuland .....	5	—
Kolbeinsdalsafreitt .....	9	—
Fjall .....	2	—
Unastaðir .....	5	—
Neðri-Ás .....	10	—
Efri-Ás .....	4	—
Brekkukot .....	1	—
Víðines .....	2	—
Hólar .....	10	—
Reykir .....	4	—
Hvammur .....	2	—
Hrafnhóll .....	2	—
Hlíð .....	3	—
Kálfsstaðir .....	4	—
Kjarvalsstaðir .....	2	—
Nautabú .....	1	—
Ingveldarstaðir .....	1	—
Skúfsstaðir .....	1	—
Garðakot .....	1	—

Viðvík .....	4 einingar.
Ásgarður .....	5 —
Kolkuós .....	4 —

88  
20. júní

Samtals 100 einingar.

Arðskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 61 23. júní 1932 til þess að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

*Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 20. júní 1941.*

F. h. r.

Vigfús Einarsson.

Páll Pálmason.

**REIKNINGUR**

89

árið 1940 fyrir Minnisvarðasjóð Hannesar Hafstein.

Höfuðstóll:

Eign frá fyrra ári samkvæmt birtum reikningi ..... kr. 411.45

Tekjur:

Vextir 1940 af bankainnstæðu ..... kr. 15.93  
Kr. 427.38

Eign í árslok 1940 ..... kr. 427.38

*Forsætisráðherrann, 11. janúar 1941.*

Hermann Jónasson.

**KANADASJÓÐUR**

90

til styrktar íslenskum námsmönnum.

Höfuðstóll:

Eign frá f. á. .... kr. 119494.68  
Aukning á árinu samkvæmt neðangreindum reikningi ..... — 150.16  
kr. 119644.84

I. Eignum sjóðsins er varið þannig:

1. Bankavaxtabréf ..... kr. 30800.00
2. Jarðræktarbréf ..... — 19200.00
3. Veðskuldabréf ..... — 54250.00
4. Kreppulánasjóðsbréf ..... — 8000.00
5. Innstæða í ávísanasparisjóðsbók við Landsbanka Íslands,  
nr. 2213 ..... — 10594.84

Kr. 122844.84

Flyt kr. 122844.84

## II. Skuld:

- |  |   |         |
|--|---|---------|
| 1. Úthlutaður en ógreiddur styrkur til Hans Andersen til framhaldsnáms í þjóðarétti og atvinnulöggjöf við háskóla í Kanada | — | 3200.00 |
|--|---|---------|

		Kr. 119644.84
--	--	---------------

## Tekjur:

- |                               |             |
|-------------------------------|-------------|
| 1. Vextir af bankavaxtabréfum | kr. 1540.00 |
| 2. — — jarðræktarbréfum       | — 1056.00   |
| 3. — — veðskuldabréfum        | — 3420.00   |
| 4. — — kreppulánasjóðsbréfi   | — 440.00    |
| 5. — — bankainnstæðu          | — 240.00    |
| 6. Dráttarvextir              | — 25.75     |

	Kr. 6722.66
--	-------------

## Gjöld:

- |   |             |
|---|-------------|
| 1. Námsstyrkur til Jóhannesar Bjarnasonar frá Reykjum í Mosfellsveit, til náms við háskóla í Kanada                             | kr. 3200.00 |
| 2. Úthlutaður en ógreiddur námsstyrkur til Hans Andersen, til framhaldsnáms í þjóðarétti og atvinnulöggjöf við háskóla í Kanada | — 3200.00   |
| 3. Greiddir áfallnir, en óhafnir vextir af keyptum veðskuldabréfum  | — 172.50    |

	Kr. 6572.50
--	-------------

*Forsætisráðherrann, 11. janúar 1941.*

**Hermann Jónasson.**

**REIKNINGUR**

**árið 1940 fyrir Berklavarnarsjóð Ólafs Halldórssonar konferensráðs, stofnaður samkvæmt erfðaskrá árið 1931.**

## Höfuðstóll:

Eign frá fyrra ári, samkv. birtum reikningi:

- |  |             |
|--|-------------|
| 1. Innstæða í sparisjóðsbók við Búnaðarbanka Íslands | kr. 1419.91 |
| 2. Hlutabréf í Eimskipafélagi Íslands h.f.           | — 200.00    |
| 3. Aukning á árinu, samkv. neðangreindum reikningi   | — 62.96     |

	Kr. 1682.87
--	-------------

## Tekjur:

- |   |           |
|---|-----------|
| 1. Vextir af bankainnstæðu                            | kr. 54.96 |
| 2. Arður af hlutabréfum í Eimskipafélagi Íslands h.f. | — 8.00    |

	Kr. 62.96
--	-----------

## Höfuðstóll í árslok 1940:

- |  |             |
|--|-------------|
| 1. Bankainnstæða                           | kr. 1482.87 |
| 2. Hlutabréf í Eimskipafélagi Íslands h.f. | — 200.00    |

	Kr. 1682.87
--	-------------

*Forsætisráðherrann, 11. janúar 1941.*

**Hermann Jónasson.**

## Útkomið í A-deild Stjórnartíðindanna 1941.

*Opið bréf, er stefnir saman Alþingi til aukafundar miðvikudaginn 9. júlí 1941, undirskrifað af ríkisstjóra 7. júlí 1941, nr. 79.*

*Lög um breyting á lögum nr. 29 9. jan. 1935, um eftirlit með sjóðum, er fengið hafa konungsstaðfestingu á skipulagsskrá, undirskrifuð af ríkisstjóra 9. júlí 1941, nr. 80.*

*Lög um breyting á lögum nr. 3 9. jan. 1935, um verkamannabústaði, og lögum nr. 58 8. sept. 1931, um einkasölu ríkisins á tóbaki, undirskrifuð af ríkisstjóra sama dag, nr. 81.*

*Lög um viðauka við lög nr. 73 31. des. 1937, um gjalddeyrisverzlun o. fl., undirskrifuð af ríkisstjóra sama dag, nr. 82.*

*Fjárlög fyrir árið 1939, undirskrifuð af ríkisstjóra sama dag, nr. 83.*

*Lög um breyting á lögum nr. 91 frá 14. maí 1940, um húsaleigu, undirskrifuð af ríkisstjóra sama dag, nr. 84.*

*Lög um prestssetur Staðarprestakalls á Reykjanesi, undirskrifuð af ríkisstjóra sama dag, nr. 85.*

*Fjárlög fyrir árið 1942, undirskrifuð af ríkisstjóra sama dag, nr. 86.*

*Lög um viðauka við lög nr. 84 6. júlí 1932, um bifreiðaskatt o. fl., undirskrifuð af ríkisstjóra sama dag, nr. 87.*

*Lög um girðingar til varnar gegn útbreiðslu næmra sauðfjársjúkdóma og heimild til samþykktu um fjárskipti, undirskrifuð af ríkisstjóra sama dag, nr. 88.*

*Lög um eyðingu svartbaks, undirskrifuð af ríkisstjóra sama dag, nr. 89.*

*Lög um veiting ríkisborgararéttar, undirskrifuð af ríkisstjóra sama dag, nr. 90.*

*Lög um samþykkt á ríkisreikningnum fyrir árið 1939, undirskrifuð af ríkisstjóra sama dag, nr. 91.*

*Lög um breyting á áfengislögum nr. 33 9. jan. 1935, undirskrifuð af ríkisstjóra sama dag, nr. 92.*

*Lög um heimild fyrir ríkisstjórnina til að innheimta ýmis gjöld 1942 með viðauka, undirskrifuð af ríkisstjóra sama dag, nr. 93.*

*Lög um heimild fyrir veðdeild Landsbanka Íslands til að gefa út nýja flokka bankavaxtabréfa, undirskrifuð af ríkisstjóra sama dag, nr. 94.*

*Lög um breyting á lögum nr. 37 12. febr. 1940, um stríðstryggingarfélag islenzkra skipshafna, undirskrifuð af ríkisstjóra sama dag, nr. 95.*

*Lög um breyting á lögum nr. 62 30. des. 1939, um tollskrá o. fl., undirskrifuð af ríkisstjóra sama dag, nr. 96.*

*Lög um ófriðartryggingar, undirskrifuð af ríkisstjóra sama dag, nr. 97.*

*Lög um heimild fyrir ríkisstjórnina til ráðstöfunar og tekjuöflunar vegna dýrtíðar og erfiðleika atvinnuveganna, undirskrifuð af ríkisstjóra sama dag, nr. 98.*

*Lög um gjalddeyrisverzlun o. fl., undirskrifuð af ríkisstjóra sama dag, nr. 99.*

*Opið bréf ríkisstjóra Íslands um þingslit, undirskrifað af ríkisstjóra sama dag, nr. 100.*

*Auglýsing um staðfestingu ríkisstjóra Íslands á þingsályktun 10. júlí 1941, um hverrend Íslands, undirskrifuð af forsætisráðherra 15. júlí 1941, nr. 101.*

*Bráðabirgðalög um viðauka við lög nr. 38 27. júní 1941, um breyting á lögum nr. 27 13. janúar 1938, um váttryggingarfélag fyrir vélbáta, undirskrifuð af ríkisstjóra 18. júlí 1941, nr. 102.*

*Bráðabirgðalög um breyting á lögum nr. 4 4. maí 1925, um viðauka við lög nr. 33 19. júní 1922, um fiskveiðar í landhelgi, undirskrifuð af ríkisstjóra sama dag, nr. 103.*

92  
9. júní

## SAMÞYKKT

um breyting á samþykkt um lokunartíma rakarastofa í Reykjavík,  
nr. 58 5. júní 1937.

1. gr.

Í 2. mgr. 2. gr. í stað orðanna „kl. 4½ síðdegis“ komi: kl. 4 síðdegis.

2. gr.

Í 3. mgr. 2. gr. í stað orðanna „og næst síðasta virkan dag fyrir aðfangadag til kl. 9 síðdegis“ komi: og einn dag á undan þeim degi þremur virkum dögum áður, til kl. 9 síðdegis.

3. gr.

4. mgr. 2. gr. orðist svo: Á tímabilinu 15. maí til 14. september skal á laugar-  
dögum, nema laugardaginn fyrir hvítasunu, loka stofunum kl. 2 síðdegis, og er þá  
jafnframt heimilt að hafa stofurnar opnar til kl. 8 síðdegis á föstudögum frá 14. maí  
til 13. september.

4. gr.

Í 2. mgr. 3. gr. í stað orðanna „kl. 2 síðdegis“ komi: kl. 1 síðdegis.

Samþykkt þessi, sem gerð er af bæjarstjórn Reykjavíkur, samkvæmt lögum nr.  
17 1. febrúar 1936, staðfestist hér með til þess að öðlast þegar gildi, og birtist til eftir-  
breytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

*Félagsmálaráðuneytið, 9. júní 1941.*

**Stefán Jóh. Stefánsson.**

*Páll Pálmason.*

93  
26. júní

## SAMÞYKKT

fyrir Veiði- og fiskræktarfélagið Leirvogsá í Kjósarsýslu.

1. gr.

Félagið heitir „Veiði- og fiskræktarfélagið Leirvogsá“. Heimili þess og varnar-  
þing er að Brúarlandi.

2. gr.

Starfssvæðið er Leirvogsárósar og Leirvogsá að Tröllafossi, ásamt ósum Köldu-  
kvíslar og Kaldakvísl að Tungufossi. Þar til heyra þessar jarðir: Veiðiréttindi Stefáns  
Þorlákssonar í Leirvogi, Viðines, Fitjakot, Varmidalur, Norður-Gröf, Þverárkot,  
Hrafnhólar, Skeggjastaðir, Minna-Mosfell, Mosfell, Hrisbrú, Leirvogstunga, Helga-  
fell, Varmá, Lágafell.

3. gr.

Tilgangur félagsins er:

- a. að auka laxgöngu í Leirvogsá með byggingu klakstöðvar, eða öflun laxaseyða  
á annan hátt, eyðingu veiðivargs, breytingar fiskvegjar og rennslisjöfnun með  
stíflu við Leirvogsvatn;
- b. að reka laxveiði á nefndu veiðisvæði með félagsstarfrækslu.

Heimilt er félaginu hvort heldur sem er, að leigja veiðina til stangaveiði eða  
veiða með sameiginlegum veiðitækjum, þar sem bezt hentar á félagssvæðinu.

## 4. gr.

Stjórn félagsins skipa þrjú menn: formaður, ritari og féhirðir, og skulu þeir kosnir til tveggja ára í senn. Eftir eitt ár frá stofnun félagsins skal einn maður ganga úr stjórn eftir hlutkesti, en síðan ganga úr stjórninni einn og tveir til skiptis. Stjórn skal kjósa skriflega á aðalfundi, svo og endurskoðendur félagsreikninga. Enginn löglegur félagsmaður getur skorast undan kosningu, nema lögmæt forföll banni eða hann hafi setið fjögur ár í stjórn. Á aðalfundi skal og kjósa varastjórn eftir sömu reglum.

## 5. gr.

Formaður hefur yfirumsjón með öllum störfum félagsins milli funda, boðar til þeirra og stýrir þeim. Hann er málsvari félagsins út á við og ber, ásamt allri stjórninni, ábyrgð á öllum fjarreiðum félagsins.

Á stjórnarfundum ræður afl atkvæða. Skytt er formanni að boða til fundar ef meiri hluti stjórnarnefndar óskar þess. Stjórnin fær þóknun fyrir störf sín samkvæmt reikningi, er aðalfundur úrskurðar.

## 6. gr.

Stjórnin boðar til aukafunda þegar henni þykir ástæða til eða ef  $\frac{1}{4}$  félagsmanna óskar þess út af ákveðnu fundarefni. Skulu þeir háðir sömu reglum um lögmæti og aðalfundur (sjá 9. gr.).

## 7. gr.

Stjórn félagsins er óheimilt að skuldbinda félagið með lántöku, er nota þarf til stofnkostnaðar þess eða nauðsynlegs rekstursfjár, nema það hafi áður verið samþykkt á löglegum félagsfundi.

## 8. gr.

Reikningsár félagsins er almanaksárið.

## 9. gr.

Aðalfundur hefur æðsta vald í öllum félagsmálum. Skal hann haldinn fyrir febrúarlok ár hvert. Skal hann boðaður skriflega með viku fyrirvara. En séu einhverjir aðilar búsettir í fjarlægð, skal boða þá með þriggja vikna fyrirvara.

Á fundinum leggur stjórnin fram endurskoðaða reikninga félagsins fyrir síðastliðið ár, skýrir frá störfum þess og leggur fram áætlun um starfstilhögun og starfrækslukostnað fyrir yfirstandandi ár. Þá skulu og kosnir tveir endurskoðendur til tveggja ára, er gangi úr sitt árið hvor. Afl atkvæða ræður úrslitum mála, nema þar sem öðruvísi er ákveðið í samþykkt þessari.

Aðalfundur er lögmætur ef helmingur félagsmanna er mættur. Sé fundur ekki lögmætur skal boða til hans á ný, og er hann þá lögmætur, sé löglega til hans boðað.

## 10. gr.

Félagsmenn bera ábyrgð á kostnaði þeim, er af rekstri félagsins leiðir, í hlutfalli við gjaldskrá þess, og taka eftir sömu reglum hlut í arði félagsins. Arður þessi eða kostnaður jafnast niður fyrir hvert ár. Gjaldskránni má aðeins breyta eftir sömu reglum og samþykktinni.

## 11. gr.

Gjalddagi á ársgjöldum félagsmanna samkvæmt gjaldskránni er fyrir aprilmánaðarlok. Gjöldin eru lögtakskræf.

## 12. gr.

Félagar eru allir þeir, er veiðirétt hafa á félagssvæðinu. Fer hver þeirra með eitt atkvæði á fundum félagsins, en sé um sameign fleiri að ræða, þá formaður þess félags.



93

26. júní

13. gr.  
Félagsmönnum og öðrum, er á félagssvæðinu búa, er óheimilt að hafa með höndum ádráttarnet fyrir lax eða silung, nema þeir sanni, að þau eigi að nota í vatni utan félagssvæðisins. Hafi félagið félagsveiði með höndum, skulu þau öll merkt merki félagsins.

Um veiði til klaks og vísindalegra rannsókna fer eftir gildandi lögum.

14. gr.

Brot gegn samþykkt þessari varða allt að 1000 kr. sektum, er renna í sýslusjóð, og öll veiðarfæri og veiði gerð upptæk.

15. gr.

Samþykkt félagsins verður aðeins breytt á aðalfundi ef  $\frac{2}{3}$  fundarmanna samþykkja breytinguna, sem sé birt í fundarboðinu.

16. gr.

Nú þykir æskilegt að slíta félagsskapnum og er það þá heimilt, ef tveir löglega boðaðir fundir, hvor eftir annan, samþykkja með  $\frac{2}{3}$  atkvæða félagsslitin. Skuldum og eignum félagsins á þeim tíma skal jafna niður á félagsmenn eftir gildandi gjaldskrá.

17. gr.

Það, sem ekki er tekið fram í samþykkt þessari, skal fara með eftir gildandi lögum.

Samþykkt þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 61 23. júní 1932 til þess að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

*Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 26. júní 1941.*

F. h. r.

Vigfús Einarsson.

Gunnl. E. Briem.

94

26. júní

## ARÐSKRÁ

fyrir Veiði- og fiskræktarfélagið Leirvogsá í Kjósarsýslu.

Arðinn ber að telja í 1000 einingum, er skiptist þannig:

Víðines .....	16 einingar
Fitjakot .....	104 —
Varmidalur .....	110 —
Norður-Gröf .....	85 —
Þverárkot .....	16 —
Hrafnhólar .....	144 —
Skeggjastaðir .....	144 —
Minna-Mosfell .....	22 —
(Stóra) Mosfell .....	16 —
Hrisbrú .....	85 —
Leirvogstunga .....	218 —

Helgafell .....	16 einingar	94
Varmá .....	10 —	26. júní
Lágafell .....	14 —	

Samtals 1000 einingar

Arðskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 61 23. júní 1932 til þess að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

*Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 26. júní 1941.*

F. h. r.

**Vigfús Einarsson.**

*Gunnl. E. Briem.*

## REGLUGERÐ

95

30. júní

**um breyting á reglugerð nr. 10 16. febr. 1929, um eftirlit með verksmiðjum og vélum.**

### 1. gr.

Aftan við fyrri málsgrein 2. gr. komi ný málsgrein, er orðist svo:

Hver sá, sem selur vél, hvort heldur er kaupmaður eða vélsmiðja, sem hefur smíðað hana, skal tilkynna skoðunarmanni sölu. Skal tilgreina smíðjuheiti, smíðarár og smíðanúmer vélar. Taka skal fram til hvers á að nota vélina og hve mörg hestöfl hún er, ef um aflvél er að ræða.

Ársfjórðungslega skulu rafmagnsveitur tilkynna skoðunarmanni hverjar breytingar verða á rafhreiflum, sem straum fá frá rafstöðinni. Tilgreina skal verksmiðjuheiti, stærð og númer hvers hreifils, sem settur er upp og tengdur við straumkerfi veitunnar eða tekinn niður.

Eigandi eða stjórnandi fyrirtækis skal þegar tilkynna skoðunarmanni allar þær breytingar, sem gerðar eru á fyrirkomulagi véla eða húsa fyrirtækisins. Enginn má taka í notkun nýuppsetta vél eða eldri vél, sem hefur verið færð úr stað eða breytt, nema hann hafi til þess fengið leyfi skoðunarmanns.

### 2. gr.

Aftan við 5. gr. komi ný málsgrein, er orðist svo:

Beitingu á línu og fiskþvottur framkvæmist á tímabilinu 1. nóv. til 1. apríl innanhúss eða í lokuðum skýlum. Á vinnustöðvum, þar sem því verður við komið án mjög mikils tilkostnaðar, skulu slíkar vinnustofur hitaðar, svo að frostlaust sé, og ylja þar vatn til fiskþvotta, svo að það sé ekki kaldara en 8° C. Vinnustofur til beitinga og fiskþvotta, sem gerðar eru eftir að ákvæði þetta gengur í gildi, skulu vera með umbúnaði til upphitunar á vinnustofu og þvottavatni.

### 3. gr.

Á undan síðustu málsgrein 10. gr. komi tvær nýjar málsgreinar, er orðist svo:

Á vinnustöðvum, þar sem verkamenn klæðast sérstökum vinnufötum, skulu vera læstir fataskápar.

Verkamönnum skal séð fyrir hæfilega mörgum þvottatekjum, þar sem svo hagar til, að verkamenn svitna mikið eða verða fyrir miklum óhreinindum vegna vinnunnar, skulu þeir eiga kost á heitu steypuþæði ef vinnustöðin hefur heitt vatn til umráða og baðumbúnaði verður komið fyrir án verulegs kostnaðar.

95

30. júní

## 4. gr.

Á eftir 11. gr. komi ný grein, sem verður 12. gr., er orðist svo:

Þar, sem gerð eru hús eða skýli fyrir verkafólk, svo sem sildarfólk, fiskimenn, verksmiðjufólk o. þvil., skulu þau og allur aðbúnaður og umgengni vera viðunandi að áliti skoðunarmanns, þannig að gætt sé hreinlætis, reglusemi og hollustuhátta. Að öðru leyti skulu þau fullnægja eftirfarandi skilyrðum.

1. Í svefnskálum skal hver maður hafa rúm fyrir sig, að minnsta kosti 1.80 m á lengd og 0.75 m á breidd. Á milli rúma skal ekki minna en 0.75 m, en liggja rúm samhliða hvort hjá öðru, skal þétt skilrúm milli þeirra. Kvenfólk skal hafa svefnklefa sérgreinda frá svefnklefum karla.

Leyfilegt er að gera rúmaraðir tvöfaldar, efri og neðri rúm, enda sé þá hæð undir loft ekki minni en 2.75 m og loftrými ekki undir 3.80 tenm. á mann.

Í svefnskála eða aðliggjandi matstofu, skulu vera nægileg þvottatæki til þess að skálabúar geti þvegið sér greiðlega, en sé engin vatnsveita eða afrennsli og þvottaskálar notaðar, skal hver skálabúi hafa sína þvottaskál og þurrku fyrir sig.

Í svefnskála eða á öðrum jafn hentugum stað, skulu vera lokaðir skápar eða aðrar hirzlar fyrir skálabúa, sem nægi brýnustu þörfum til fatageymslu o. þvil.

2. Borðstofa af einfaldri gerð skal gerð í sambandi við svefnskálann, svo stór, að minnsta kosti helmingur skálabúa geti borðað í senn.

3. Eldhús og búr skal fylgja hverjum skála, svo stórt að nota megi til allra brýnna þarfa.

4. Einfalt salerni skal fylgja hverjum skála, þannig gert og hirt að óþrifnaður stafi ekki af.

Ofn skal vera í hverjum skála, sem nægi til þess að hitastig sé ekki undir 10° C í svefnskála og matstofu. Þar skal og vera umbúnaður til hæfilegrar loftræstingar. Heimilt er að gera svefnskála og matstofu sem eitt herbergi ef hentugra þykir.

Verkafólki skal séð fyrir nægilegu og góðu neyzluvatni.

Heimilt er skoðunarmanni að gefa eiganda vinnustöðvar hæfilegan frest til þess að fullnægja hér settum skilyrðum.

## 5. gr.

Á eftir 39. gr., sem verður 40. gr., komi nýr stafliður og ný grein, sem verður 41. gr., svo hljóðandi:

D. Sala og uppsetning eimkatla og véla. 41. gr.

Seljandi vélar eða eimketils, hvort heldur um er að ræða ný tæki eða gömul, ber ábyrgð á því, að tæki þessi fullnægi að smíði og frágangi að öllu leyti kröfum þeim, sem eftirlitið gerir til öryggisbúnaðar.

Sá, sem setur upp eimketil eða vél eða tæki í sambandi við eimketil eða vél, ber ábyrgð á, að frágangur allur sé samkvæmt kröfum þeim, sem gerðar eru um öryggisbúnað.

Þeir einir hafa leyfi til að setja upp eimketil eða vél, sem eftirlitsskyld er og nokkur hætta getur stafað af, eða önnur slík tæki, eða standa fyrir slíku verki, sem til þess hafa hlotið viðurkenningu skoðunarstjóra vélaeftirlitsins.

## 6. gr.

Á eftir síðari málsgrein 45. gr., sem verður 47. gr., komi ný málsgrein, er orðist svo:

Í hverju fyrirtæki, þar sem 10 menn eða fleiri vinna saman, skulu verkamenn velja sér trúnaðarmann, sem viðurkenndur er af vinnuveitanda eða trúnaðarmanni hans. Skal trúnaðarmaður þessi í samráði við vinnuveitanda fylgjast með starfstilhögun í fyrirtækinu og líta eftir, að haldnar séu settar reglur um hollustuhætti og öryggisbúnað. Skulu menn þessir jafnan vera skyldir að gefa skoðunarmanni bend-

ingar um, hvað betur mætti fara og svara spurningum, sem hann kann að leggja fyrir þá í samandi við eftirlitið. 95  
30. júní

## 7. gr.

58. gr. falli burt, en í stað hennar komi ný grein, sem verður 60. gr., er orðist svo:

Hverjum eimkatli, sem vinnur með meira en 2.5 kg/cm<sup>2</sup> þrýstingi og hefur meira en 6 m<sup>2</sup> hitaflöt, skal fylgja skoðunarbók, sem gefin er út af eftirlitinu. Skal skoðunarmaður færa í bók þessa niðurstöður skoðunar.

Gæzlumaður ketilsins skal færa í bókina alla þá galla, sem hann kann að verða var á katlinum, hvernig bætt er úr þeim og annað, sem máli skiptir samkvæmt formi bókarinnar.

## 8. gr.

Greinatala reglugerðarinnar breytist samkvæmt framangreindu.

Reglugerð þessi er hér með sett samkvæmt lögum nr. 24 7. maí 1928 og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

*Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 30. júní 1941.*

**Ólafur Thors.**

*Páll Pálmason.*

## HAFNARREGLUGERÐ

fyrir Bolungarvíkurkaupún.

96

2. júlí

## I. KAFLI

## Takmörk hafnarinnar.

## 1. gr.

Takmörk hafnarinnar, er bein lína er hugsast dregin úr Ófærुकletti (innst á Stigahlíð) í Hólatá og ströndin innan þeirrar línu.

## II. KAFLI

## Stjórn hafnarinnar.

## 2. gr.

Hreppsnefnd Hólshrepps hefur á hendi stjórn hafnarmálanna undir yfirumsjón atvinnu- og samgöngumálaráðuneytisins. Hún kys úr sínum hóp, eftir hverjar hreppsnefndarkosningar, þriggja manna hafnarnefnd og er kjörtími hennar sami og hreppsnefndarinnar.

## 3. gr.

Hafnarnefnd hefur á hendi framkvæmd hafnarmálanna og eftirlit með höfninni, sér um viðhald og endurbætur hafnarinnar og annað þar að lútandi. Hún ræður hafnarstjóra og ákveður laun hans og setur honum erindisbréf undir yfirstjórn hreppsnefndarinnar.

## 4. gr.

Hafnarstjóri annast allar daglegar framkvæmdir í samráði við hafnarnefnd. Hann hefur á hendi fjárhald og reikningsskil hafnarinnar í umboði hafnarnefndar

96 og skulu ársreikningar hafnarinnar fylgja hreppsreikningi Hólshrepps og endur-  
2. júlí skoðast með honum.

### III. KAFLI

#### Um almenna reglu.

##### 5. gr.

Hafnarstjóri sér um að gætt sé reglu í höfninni og við hana. Er öllum skylt að hlýða boði hans og banni og enn fremur þeirra starfsmanna, er settir kunna að verða til þess að gæta reglu. Þyki einhverjum sér óréttur ger af starfsmönnum hafnarinnar getur hann kært það fyrir hafnarstjóra, en skipun starfsmanna ber að hlýða þegar í stað.

##### 6. gr.

Skyllt er að gæta allrar varúðar í meðferð elds og ljóss við höfnina og á henni. Einnig skal gætt fyllsta öryggis og varúðar við alla meðferð eldfimra og annarra hættulegra vara. Tóbaksreikningar eru bannaðar þar sem unnið er við þessa vöru.

Telji hafnarstjóri að hætta geti stafað af eða nægilegs öryggis ekki gætt við feringu eldfimra og hættulegra vara, getur hann stöðvað verkið unz úr hefur verið bætt.

##### 7. gr.

Öll skot á höfninni og við hana eru stranglega bönnuð. Þó getur hafnarnefnd veitt undanþágu til þess að skjóta seli eða hvali eða ef lóga þarf grip fljótlega.

##### 8. gr.

Ekki má kasta kjölfestu, ösku, fiskúrgangi né neinu öðru, er valdið geti skemmdum á höfninni innan hafnarbryggjunnar (brimbrjótsins), hvorki frá skipum eða úr landi. Hafnarstjóri segir til um, hvort kasta megi kjölfestu og öðru slíku innan takmarka hafnarinnar.

##### 9. gr.

Óheimilt er að láta fiskúrgang og annað, er óþrifum veldur, liggja á hafnarbryggjunni. Ekki má heldur safna neinu slíku í ílát eða á annan hátt til geymslu þar. Sé þessa ekki gætt, skal hafnarstjóri sjá um, að allt þess konar sé tafarlaust flutt burt á kostnað eiganda, og er það ásamt ílátum jafnframt upptækt og eign hafnarinnar. Kostnaðinn má taka með lögtaki.

##### 10. gr.

Ekki má gera bryggjur eða önnur mannvirki við höfnina nema með leyfi hafnarnefndar.

### IV. KAFLI

#### Um afnot af höfninni og hafnarbryggjunni.

##### 11. gr.

Skip, sem ekki er verið að afgreiða, mega ekki leggjast svo á höfninni að tálmi afgreiðslu annarra skipa og aldrei mega skip liggja svo nærri hafnarbryggjunni, að eigi sé nægilegt rúm fyrir önnur skip til að komast að henni og frá.

Skyllt er formanni eða skipstjóra eða umboðsmanni hans að flytja skip sitt og strengi þess þegar í stað til á höfninni eða við hafnarbryggjuna ef hafnarstjóri eða umboðsmaður hans skipar svo fyrir. Sé þessu ekki sinnt, getur hafnarstjóri látið gera það á kostnað og ábyrgð umráðamanns skipsins. Kostnaðinn má taka lögtaki.

## 12. gr.

Venjulega skal skipum heimilt að leggja að hafnarbryggjunni í þeirri röð, sem þau koma. Þó skulu skip, sem sigla eftir fyrir fram auglýstri áætlun ganga fyrir öðrum skipum. Sé fermingu eða affermingu skips eigi haldið áfram með hæfilegum hraða, að dómi hafnarstjóra, ber því að vikja fyrir öðrum skipum ef hann krefst þess. Rísi ágreiningur um, í hverri röð skip skuli leggjast að hafnarbryggjunni, sker hafnarstjóri úr.

## 13. gr.

Beri nauðsyn til, að skipum, sem ferma eða afferma við hafnarbryggjuna, sé lagt hverju við annars hlið, er heimilt að fytja farm þeirra, sem utar liggja, yfir þilfar hinna. Sama gildir um fólk og farangur þess.

## 14. gr.

Vörur, sem flytja á brott eða affermdar eru, mega ekki liggja á hafnarbryggjunni, svo að tálmi umferð eða afgreiðslu við hana. Engar vörur eða muni má geyma á hafnarbryggjunni um langan né skamman tíma, nema með leyfi hafnarstjóra.

## 15. gr.

Þegar fermingu eða affermingu er lokið, skal skipstjóri eða afgreiðslumaður láta ræsta bryggjuna ef þörf gerist. Farist það fyrir, skal hafnarstjóri sjá um að það sé gert á kostnað afgreiðslumanns eða skipstjóra.

## 16. gr.

Heimilt er heimabátum í Bolungavík, og öðrum er stunda sjóróðra þaðan, að slægja afla sinn á hafnarbryggjunni eftir því, sem við verður komið, án endurgjalds, þó svo að ekki hamli umferð við hana eða fermingu eða affermingu annarra skipa. Að lokinni aðgerð ber formanni að sjá um, að aflinn sé þegar fluttur á burt af bryggjunni og láta ræsta þann hluta hennar, sem notaður var. Farist það fyrir, ber hafnarstjóra að sjá um að það sé gert á kostnað formanns.

## V. KAFLI

## Um vöru- og hafnargjöld.

## 17. gr.

Hvert skip, sem leggst við festar innan takmarkalínu hafnarinnar skal í hvert sinn, eða í eitt skipti fyrir öll á ári hverju, greiða bryggjugjald, sem hér segir:

Árabátar (stórir og smáir), kr. 0.50 eða kr. 3.00 á ári.

Vélbátar, undir 5 brúttósmálestum, kr. 2.00 eða kr. 10.00 á ári.

Vélbátar, 5—12 brúttósmálestir, kr. 3.00 eða kr. 15.00 á ári.

Vélbátar, 12—30 brúttósmálestir, kr. 4.00 eða kr. 20.00 á ári.

Skip, 30 brúttósmálestir og þar yfir, 15 aura af hverri nettósmálest eða kr. 1.00 af nettósmálest á ári. Brot úr smálest reiknast sem heil. Gjaldið greiðist fyrir hvern sólarhring eða brot úr sólarhring er skipið liggur á höfninni. Þó skal það teljast ein viðkoma meðan skip, með hæfilegum hraða, eru fermd eða affermd, þó lengri tíma taki en sólarhring. Varðskip eru undanþegin hafnargjaldi. Enn fremur getur hafnarstjóri veitt skipi undanþágu frá hafnargjaldi, sem leggst á höfnina aðeins til þess að taka heimilisfasta Bolvíkinga eða skila þeim í land, enda hafi það þá ekki viðdvöl og hvorki skili öðrum flutningi né taki.

96

2. júlí

## 18. gr.

Skip, sem gerð eru út frá Bolungavík og eru eign húsettra manna þar, greiða hafnargjald einu sinni á ári, og er gjalddagi þess 1. júlí. Útgerðarmaður ber ábyrgð á gjaldinu. Önnur skip greiða hafnargjald áður en þau fara af höfninni. Kjósi skipstjóri að greiða ársgjald samkvæmt 17. gr., skal það gert á meðan skipið liggur á höfninni í fyrsta sinn á árinu, nema öðruvísi sé um samið við hafnarstjóra. Skipstjóri ber ábyrgð á greiðslu hafnargjaldsins og hefur hafnarsjóður haldsrétt í skipinu þar til gjaldið er greitt. Skipstjóri, sem fer úr höfn án þess að greiða gjöld, er honum ber, eða hann ber ábyrgð á hefur með því gerzt sekur um brot á reglugerð þessari.

## 19. gr.

Af öllum vörum og skepnum, sem fluttar eru úr skipi eða í innan hafnarinnar, svo og af afla þeirra báta, er gerðir eru út frá Bolungavík, skal greiða vörugjald samkvæmt gjaldskrá þeirri, er hér fer á eftir:

1. fl. Afli, hvers konar, sem er (þorskur, ýsa, lúða, koli, steinbítur, sild og smokkfiskur), 10 aura hver 100 kg.

2. fl. Skelfiskur, alls konar, 10 aura hvert mál.

3. fl. Frosinn fiskur, beitusild, smokkfiskur, saltfiskur, harðfiskur, fiskimjöl, gætur, skinn, ull, íslenzkar þrjónavörur, kornvörur, sykur, 20 aura hver 100 kg.

4. fl. Kol, salt, sement, steinrör, steptir steinar og þess konar, hey, mór, hörð fiskbein, 10 aura hver 100 kg.

5. fl. Olía, benzín, tjara, lýsi, kjöt, sild, gota, grænsápa, fernis, lýsiskvoða og aðrar vörur, sem fluttar eru á tunnum og ekki falla undir aðra flokka, 25 aura hver tunna eða fat.

6. fl. Tómar tunnur og föt, 5 aura hvert.

7. fl. Timbur og aðrar vörur, sem reiknast eftir rúmmáli, 5 aura hvert teningsfet.

8. fl. Nautgripir og hestar, kr. 1.00 fyrir hvern grip.

9. fl. Kindur, geitur og loðdýr, 20 aura hvert.

10. fl. Allar aðrar vörur, 50 kg og þar undir með umbúðum, 20 aura hvert stk.

11. fl. Vörur yfir 50 kg með umbúðum, 40 aura hver 100 kg.

12. fl. Aðkomuskip, er selja afla sinn til Bolungavíkur, eða leggja hann þar á land til verkunar, skulu greiða:

A. Af fiski alls konar, þar með sild, koli, og smokkfiskur, 10 aura hver 100 kg.

B. Af skelfiski, 10 aura af hverju máli.

## 20. gr.

Vörugjald samkvæmt 1. fl., tekst af óskiptum afla og greiðist þegar honum er skipt og ber útgerðarmaður ábyrgð á gjaldinu.

Vörugjald af öllum innflutningi greiðist af móttakanda og af útflutningi af sendanda og fellur í gjalddaga, þegar skipið, sem vöruna flytur, er komið á höfnina eða áður en það fer af henni.

Kaupandi eða umráðamaður afla aðkominna skipa, sbr. 12. fl., ber ábyrgð á vörugjaldinu. Afgreiðslumaður skipsins skal ávallt standa innheimtumanni skil á vörugjaldinu. Brot úr gjaldeiningu reiknast sem heil, þó skal aðeins greiða hálf gjald af því, sem ekki nær fimm kg þunga, og lægst vörugjald skal vera 10 aurar.

Leiki vafi á, í hvaða gjaldflokki skuli telja einhverja vöru, sker hafnarstjóri úr því.

Skip, sem hafa farm sinn skráðan, skal láta hafnarstjóra í té eftirrit af farm-skránni. Skipstjóri, sem ekki hefur farm sinn skráðan, skal þegar í stað gefa hafnarstjóra eða umboðsmanni hans skýrslu um innflutninginn, þegar hann er kominn í höfn, og um útflutninginn áður en hann lætur úr höfn. Sá, sem lætur þetta farast fyrir eða gefur rangar eða villandi upplýsingar um flutninginn, hefur með því gerzt

sekur um brot á reglugerð þessari. Skipstjóri þess skips, sem flytur óskráðar vörur, 96 ber ábyrgð á greiðslu vörugjaldsins og hefur hafnarsjóður haldsrétt á vörunum, 2. júlí unz gjaldið er greitt.

## 21. gr.

Undanþegnar vörugjaldi er: Póstflutningar, farþegaflutningur, vistir og aðrar nauðsynjar til skipa til eigin afnota.

## 22. gr.

Öll gjöld og sektir samkvæmt reglugerð þessari má taka lögtaki.

## VI. KAFLI

## Ýmis ákvæði

## 23. gr.

Sá, sem veldur skemmdum á höfninni, mannvirkjum hennar eða áhöldum, skal bæta það til fulls, eftir mati þriggja dómkvaddra manna ef ekki semur.

## 24. gr.

Brot gegn reglugerð þessari varða sektum allt að kr. 400.00 nema þyngri hegning liggji við samkvæmt almennum lögum. Sektirnar renna í hafnarsjóð Bolungavíkur

## 25. gr.

Með mál út af brotum á reglugerð þessari skal fara sem almenn lögreglumál.

Reglugerð þessi er hér með sett samkvæmt lögum nr. 74 14. nóvember 1917 til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni þeim, sem hlut eiga að máli. Jafnframt er úr gildi numin hafnarreglugerð fyrir Bolungavíkurverzlunarstað frá 10. febrúar 1930.

*Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 2. júlí 1941.*

**Ólafur Thors.**

*Vigfús Einarsson.*

## S A M Þ Y K K T

## um lokunartíma sölubúða í Þórshafnarkauptúni í Sauðanesshreppi.

## 1. gr.

Sölubúðum og sölustöðum í Þórshafnarkauptúni skal loka eftir því, sem ákveðið er í 2., 3. og 4. gr. samþykktar þessarar.

## 2. gr.

Alla virka daga skal sölubúðum, sölustöðum og vöruafgreiðslum lokað eigi síðar en kl. 7 síðdegis og eigi opnaðar aftur fyrr en kl. 8 árdegis næsta virkan dag. Þó skulu þær undantekningar, er nú skal greina.

Afgreiðslur vöruskipa eru undanþegnar þessum ákvæðum, meðan ferming eða afferming stendur yfir, en að öðru leyti gilda ákvæði samþykktar þessarar þær, sem sölustaði jafnt og sölubúðir.



97

5. júlí

Almenna helgidaga þjóðkirkjunnar, sumardaginn fyrsta, 1. maí, 17. júní, fyrsta mánudag í ágúst og 1. desember, mega engar sölubúðir vera opnar.

4. gr.

Ef skortur er á eldsneyti í kaupþúninu, eða útlit fyrir að skortur geti orðið á því, er hreppsnefndinni heimilt að ákveða, að sölubúðum skuli um stundarsakir lokað fyrr en kl. 7 síðdegis eða þær opnaðar síðar en kl. 8 árdegis á virkum dögum.

5. gr.

Heimilt skal að afgreiða til skipa og báta, er sjó stunda, salt, kol, olíu, benzín og matvæli eftir lokunartíma, ef svo stendur á, að skipið eða báturinn hefur komið inn eftir lokunartíma og ætlar aftur út fyrir opnunartíma sölubúða.

6. gr.

Heimilt er að taka við afla skipa og báta, og sömuleiðis sláturvörum að hausti eftir lokunartíma sölubúða. Enn fremur ull yfir sumartímamann, eftir ákvæðum ullarmatsmanns.

7. gr.

Eftir lokunartíma sölubúða er óheimilt að selja á götum eða torgum eða annarsstaðar utan sölubúða kaupmanna eða kaupfélaga nokkurn þann varning, sem ekki má selja nema samkvæmt verzlunarleyfi.

8. gr.

Þá, sem komnir eru í verzlun fyrir lokunartíma, er heimilt að afgreiða eftir að lokað er.

9. gr.

Lögreglustjóra er heimilt, eftir tillögum hreppsnefndar, þegar sérstaklega stendur á, að veita undanþágu frá samþykkt þessari einstaka tilgreinda daga, og til þess að sala fari fram í góðgerðarskyni eða til ágóða fyrir félög, stofnanir og fyrirtæki, sem að dómi lögreglustjóra horfa til almenningsheilla.

10. gr.

Brot á samþykkt þessari varðar sektum frá 20 til 500 krónum og renna sektirnar í sveitarsjóð. Mál út af brotum á samþykkt þessari skal reka sem almenn lögglumál.

Samþykkt þessi, sem gerð er af hreppsnefnd Sauðanesshrepps, samkvæmt lögum nr. 17 1. febrúar 1936, staðfestist hér með til þess að öðlast gildi þegar í stað, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

*Félagsmálaráðuneytið, 5. júlí 1941.*

**Stefán Jóh. Stefánsson.**

*Páll Pálmason.*

## REGLUGERÐ

98

15. júlí

fyrir Austur-Húnavatnssýslu um fjallskil og fleira.

### I. KAFLI

#### Um stjórn fjallskilamála.

##### 1. gr.

Samkvæmt sveitarstjórnarlögunum, nr. 12 31. maí 1927, hefur sýslunefndin yfirstjórn allra fjallskilamála, en hreppsnefndir eða fjallskilastjórnir, kosnar af hreppsnefndum innan viðkomandi upprekstrarfélaga, annast alla stjórn og framkvæmd á þeim hver á sínu svæði. Þó mega ákvarðanir þessara aðila aldrei brjóta í bága við ákvæði þessarar reglugerðar og skal sýslunefnd og hreppsnefndir gæta þess, að farið sé í öllum atriðum eftir ákvæðum hennar.

##### 2. gr.

Þessi eru upprekstrarfélög í Austur-Húnavatnssýslu:

1. Upprekstrarfélag Vindhælishrepps hins forna og Engilhliðarhrepps.
2. Upprekstrarfélag Bólstaðarhliðarhrepps.
3. Upprekstrarfélag Auðkúluheiðar.
4. Upprekstrarfélag Áss- og Sveinsstaðahreppa.

Hvert upprekstrarfélag sér um leitir og önnur fjallskil innan sinna takmarka.

Samningar milli hreppa eða upprekstrarfélaga skulu í fullu gildi, þó þeir fari að einhverju leyti í bága við þessa skipan, enda hafi þeir verið samþykktir af sýslunefndinni. Slikum samningum má ekki breyta nema með samþykki sýslunefndar.

Allir slíkir samningar skulu skráðir í sérstaka bók, er oddviti sýslunefndar geymir og sér um færslu á.

### II. KAFLI

#### Um smölun og fjárgeymslu á vorum.

##### 3. gr.

Allir þeir, sem jörð hafa til ábúðar, eru skyldir að smala heimalönd sín á vorum eftir því, sem hreppsnefnd ákveður. Þar, sem heimalönd eru víðáttumikil hálsa- og fjallalönd, er búast má við að margir eigi fjárvon á, mega hreppsnefndir skipa fyrir um, að nágrannar og aðrir, sem þar eiga fjárvon, hjálpi til við smölunina eftir því, sem hreppsnefnd þykir sanngjarnt vera, og má jafna slíkum kostnaði niður með fjallskilum.

Hreppsnefndir hafa vald til að láta fara fram göngur á afrétti ef þörf gerist. Komi fé utansveitarmanna í leitum þessum, þá er hreppsnefnd heimilt að ákveða gjald fyrir það fé, sem ekki má þó vera hærra en 1 króna fyrir á með ómörkuðu lambi og fimmtíu aurar fyrir aðrar órúnar kindur. Hreppsnefnd skal sjá um, að fé þetta sé rúið og lömb mörkuð, sbr. 5. gr., ef það er ekki hirt, þegar leit er lokið. Skulu eigendur greiða þennan kostnað og er heimilt að selja ullina til lúkn-ingar honum. Fjallskilastjórnir, þar sem eigendur eiga heima, geta þó ákveðið að greiða slíkan kostnað af sjóði hlutaðeigandi upprekstrarfélags.

##### 4. gr.

Verði einhver ber að því, að smala illa eða alls ekki heimaland sitt ákveðinn smölunardag, hefur fjallskilastjórn vald til að setja umsjónarmann við smölun hans eða láta framkvæma hana, hvort tveggja á hans kostnað.

98

15. júlí

Það sauðfé, sem sloppið hefur úr löndum eiganda, eða kemur fyrir svo fjærri eigendum, þegar rúning fer fram eða er afstaðin, að það getur ekki komið til skila í bæjarrekstrum, er finnandi skyldur að hirða ef unnt er. Skal hann rýja fé og marka ómörkuð lömb í votta viðurvist ef hægt er. Geri hann eiganda skil á ullinni og grein fyrir marki, kyni og öðrum einkennum á hverri kind, sem hann rýir eða markar. Fyrir ómak sitt ber finnanda borgun, sem eigi má þó vera hærri en fimmtíu aurar fyrir að rýja kind og fimmtíu aurar fyrir að marka lamb.

5. gr.

### III. KAFLI

#### Um rekstur á afrétt.

6. gr.

Mönnum er skylt að reka sauðfé og stóðhross á afrétt og skal fjallskilastjórn sjá um að það sé gert svo tímanlega að vorinu, sem árferði og aðrar kringumstæður leyfa.

Reka skal á miðjan afrétt, nema fjallskilastjórn hafi ákveðið annað.

Séu viðlend heimalönd notuð til upprekstrar, skal reka þangað, sem búsmali sízt gengur, enda komi leyfi landeiganda til.

Þannig skal reka í gegnum heimalönd manna að sem minnstur bagi verði að og er fjallskilastjórn heimilt að ákveða hvaða leiðir skuli reka á afrétt.

Aldrei má án leyfis eiganda reka annarra manna fénað á afrétt, nema víst sé að á afrétt eigi að vera.

Nú eru stóðhross ekki rekin á afrétt eftir skipun hreppsnefndar eða fjallskilastjórnar, skal þá láta reka þau á kostnað eiganda.

7. gr.

Hver, sem heimildarlaust rekur fénað, sem á afrétt á að fara, í land annars manns til beitar um sumar, hvort heldur er heimaland eða afréttur, skal greiða hagatoll til landeiganda, kr. 3.00 fyrir hvert hross og kr. 0.25 fyrir hverja sauðkind.

Nú tekur einhver hross eða sauðfé í sameiginlegt upprekstrarland, af þeim, sem ekki er í því upprekstrarfélagi, og skal hann þá svara upprekstrarfélaginu sama hagatolli og fyrir segir ef krafizt er.

8. gr.

Heimilt er landráðanda, sem verður fyrir ágangi af afréttarpeningi að sumrinu, að gera umkvörtun um það til hlutaðeigandi fjallskilastjórnar. Skal hún þá láta reka fénaðinn á afrétt. Hafi hún ekki látið framkvæma rekstur þennan innan tveggja sólarhringa, hefur sá, sem fyrir áganginum verður, heimild til að reka fénaðinn á afrétt. Kostnaður við þessa rekstra greiðist að  $\frac{1}{4}$  af landráðanda, en  $\frac{3}{4}$  skulu teljast með sameiginlegum fjallskilakostnaði upprekstrarfélagsins. Láti ágangspoli framkvæma reksturinn, ákveður hreppsnefnd greiðslu fyrir hann. Þó getur ágangspoli skotið ágreiningi um þetta atriði til sýslunefndar til úrskurðar.

Enginn má reka fénað þann, sem úr afrétt gengur, til sveitar eða á nágretta.

9. gr.

Eigi má ónáða fénað á afrétt og eigi heldur nema með leyfi hreppsnefndar taka þaðan fé eða hross, nema málnytupeningur sé, tamin hross eða söluhross.

#### IV. KAFLI

##### Um fjallskil.

98

15. júlí

##### 10. gr.

Fjallskilaskyldur er hver fjáreigandi og hver, sem á hross, sem skylt er að reka á afrétt. Skal hver leggja til fjallskila á þann hátt, er hreppsnefnd ákveður. Fjallskilastjórn metur allan fjallskilakostnað upprekstrarfélagsins til peningaverðs og jafnar honum á alla sauðfjár- og hrossaeigendur upprekstrarfélagsins. Skal þá jafnt auratal lagt á hvert hross og 3 kindur og hverjar 2 ær skulu taldar sem 3 geld-kindur.

Þeir fjáreigendur, sem hafa að minnsta kosti meiri hluta fénaðar síns í fjárheldum girðingum að sumrinu, skulu losna við að greiða  $\frac{1}{4}$  fjallskilakostnaðar af þeim fénaði móts við aðra fjáreigendur upprekstrarfélagsins.

Skyldur er hver húsbóndi að inna af hendi fjallskil fyrir heimamenn sína og aðra, er eiga hjá honum fjallskilaskyldan fénað, gegn endurgjaldi frá fénaðareiganda.

##### 11. gr.

Skyldur er hver maður að gera fjallskil í því upprekstrarfélagi, sem hann á heimili í. Þó skal maður greiða full fjallskil í því upprekstrarfélagi, sem fénaði er framfleytt í árlangt, þó hann eigi þar ekki lögheimili, enda er maðurinn þá ekki fjallskilaskyldur af þeim fénaði, þar sem hann á lögheimili.

Nú notar einhver til uppreksturs annan afrétt eða heimaland en þar, sem honum ber upprekstur, skal hann þá gera þar fjallskil að hálfu móts við fjallskil annarra í því upprekstrarfélagi. Auk þess skal hann eftir sömu reglu vera fjallskilaskyldur í því upprekstrarfélagi, þar sem hann er búsettur.

Ef eitthvert upprekstrarfélag eða einhver maður á og notar afréttarland, sem öðru upprekstrarfélagi ber að leita, skal það eða hann gera þar full fjallskil eftir fénaðarfjöldi þeim, er rekinn er á afréttarlandið samkvæmt sömu reglum og fénaðareigendur upprekstrarfélags þess, er leita ber. Þó hafa hlutaðeigandi upprekstrarfélög heimild til að gera um þetta sérstaka samninga. Sá, sem notar land utan upprekstrarfélags síns, skal hafa tilkynnt það hreppsnefnd í þeim hreppi, sem hann á heima í, áður en 12 vikur eru af sumri. Í tilkynningu þessari sé fénaður greinilega sundurliðaður.

##### 12. gr.

Þar, sem tveir eða fleiri hreppar nota sama afrétt, skulu hlutaðeigandi hreppsnefndir eða fjallskilastjórn eiga fund með sér eigi síðar en í 17. viku sumars til að semja um, hvernig fjallgöngum skuli haga. Oddviti í þeim hreppi, þar sem skilarétt stendur, kveður til þessa fundar. Skal þá hver hreppsnefnd leggja fram skýrslu um tölu fjár og stóðhrossa í hreppnum að vorinu, staðfesta af hreppstjóra, og fer eftir því, hvernig fjallskilin skiptast milli hreppa.

##### 13. gr.

Nú eiga nokkrir fjáreigendur að gera fjallskil í öðrum hreppi en þeim, er þeir eru búsettir í, skal þá hreppstjóri, þar sem þeir eru búsettir, senda hreppsnefnd, sem hlut á að máli, skýrslu um fjáreign manna eftir vorframtali, áður en 14 vikur eru af sumri.

##### 14. gr.

Fjallgöngur skulu hvert haust þrennar. Jafnframt afréttum skal í fyrri og seinni göngum smala til réttar viðlend heimalönd, er afréttarfénaður gengur í að jafnaði. Þriðju göngum skal lokið fyrir fjárskiladag. Fjallskilastjórnnum er heimilt að láta fara fram eftirleitir á afréttarlönd og fjalllönd.

98

15. júlí

## 15. gr.

Allri skylduvinnu og öðrum kostnaði við fjallskil skal hreppsnefnd (fjallskilastjórn) jafna niður á fénaðareigendur í tæka tíð. Aðfinningar við niðurlögunina skal bera fram skriflega fyrir oddvita hreppsnefndar fyrir 20. okt. Náist ekki samkomulag, getur aðili skotið máli sínu til sýslunefndar.

Upprekstrarfélögin skulu hafa sérstakan fjallskilasjóð og renni í hann allar tekjur og úr honum greiðast öll gjöld, sem af fjallskilum stafa. Reikningar sjóðanna skulu fylgja sveitarsjóðsreikningum til endurskoðunar og úrskurðar.

## 16. gr.

Fjallskilastjórn eða þar til kjörinn maður, er nefnist fjallskilastjóri, kveður hreppsúía með gangnaboði til fjallskila nægum tíma áður en fjallgöngur byrja. Í gangnaboðinu skal nákvæmlega taka það fram, er hverjum ber að leggja til fjallskila það haust. Ef einhver vanrækir að gera fjallskil, sem honum ber, skal hann borga þau eins og kostar að inna þau af hendi. Auk þess varðar slíkt sektum, sem hækka ef brotin eru ítrekuð.

## 17. gr.

Fjallskilastjórnir skulu skipa einn duglegan gangnastjóra fyrir hvern gangnaflokk. Gangnastjórinn skal skipa fyrir um tilhögun gangna og hafa alla stjórn á þeim. Skal hann sjá um að fjársöfnin séu rekin með reglu til réttar og kveðja menn til að gæta safnsins þar til fénaður er kominn í náttuga eða vökumenn hafa tekið við honum. Hver gangnamaður er skyldur að hlýða gangnastjóra sínum. Öll óhlýðni við skipunum hans varða sektum.

Gangnastjóra skal greiða sanngjarna þóknun fyrir gangnastjórnina.

## 18. gr.

Gangnastjóri skal annast um, að farið sé svo vel sem unnt er með fé og hross í göngunum. Ef kindur koma fyrir, sem ekki verður komið lifandi til rétta, skal slátra þeim og taka úr þeim innfyli, en flytja þær að öðru leyti til réttar. Finnist dauð kind í göngunum, skal hún á sama hátt flutt til réttar ef nýtíleg er. Ef hross einhverra orsaka vegna ekki geta gengið til réttar eða ef hross drepst í göngunum eða finnst fyrir skömmu dautt og er nýtílegt, þá skal fjallskilastjórn tilkynnt það, þegar komið er til byggða. Lætur hún þá sækja það og flytja til réttar. Sama ákvæði gildir um kindur, er finnast dauðar margar saman og gangnamenn geta ekki flutt til réttar.

## 19. gr.

Nú hafa fjáreigendur ráð á fleiri mönnum, hefur þá hreppsnefnd eða fjallskilastjórn vald til að kveðja til gangna þann, sem hæfastur er, svo og til hvers annars starfa, er þarf til góðra fjallskila. Ef einhver sendir mann í göngur, sem gangnaforingi sannar með vottorðum tveggja gangnamanna, að reynzt hafi óhæfur eða ófullnægjandi gangnamaður, þá er hann skyldur að borga gangnaskilin að nokkru eða öllu leyti. — Sama gildir um önnur fjallskil.

## 20. gr.

Ef fjáreigandi hefur engan færan mann til fjallskila og getur eigi útvegað hann, skal hann tilkynna það hreppsnefnd skriflega eða fjallskilastjóra 6 dögum áður en skilin eiga að vinnast, en þessir aðilar útvega mann eða annað, sem vantar, svo sem hesta eða fæði, og borgar þá fjáreigandi sektalaust allan þann kostnað, sem af fjallskilunum leiðir án tillits til mats á þeim.

## 21. gr.

Fjallskilastjórnir skulu sjá um að koma upp hentugum skýlum fyrir gangnamenn á afréttum, þar sem þess er þörf og skal kostnaður sá, er leiðir af þessu, greiddast af sveitarsjóðum eða fjallskilasjóðum.

98

15. júlí

## V. KAFLI

## Um hreinsun heimalanda á haustum.

## 22. gr.

Hver búandi eða landráðandi er skyldur að hreinsa heimaland sitt á haustum svo oft, sem hreppsnefnd fyrirskipar, þótt hann eigi þar ekki fjárvon sjálfur og gilda um það fyrirmæli 3. greinar.

## 23. gr.

Fjallskilastjórn skal skipa fyrir um reglulegar smalanir heimalanda jafnframt hverjum fjallgöngum. Skulu smalanir þessar fara fram undir umsjón manns, sem hún skipar, með samlögum búenda eftir því, sem bezt hagar á hverjum stað og með samtökum við næstu sveitir þar sem það á við.

Allan óskilafénað, sem kemur fyrir, skal fara með samkvæmt ákvæðum fjallskilastjórnar.

## 24. gr.

Hreppsnefnd skal sjá um, að eftir réttir á haustum séu öll heimalönd rækilega smöluð sama dag viku, og að rekstrar gangi þá eftir töfludrætti bæ frá bæ eftir þeim rekstrarleiðum, er hún ákveður. Að öðru leyti eru menn skyldir að láta fé ganga í bæjarrekstrum eftir því, sem hreppsnefnd ákveður.

## 25. gr.

Ef enginn rekstrarfær maður er heima, er rekstur kemur á bæ, skal rekstrarmaður skilja úr fé það, er eftir á að verða, en reki svo reksturinn áfram til næsta rekstrarfærs manns. En skylt er þeim, er við rekstri skyldi taka, að greiða rekstrarmanni þóknun eftir mati hreppsnefndar.

## VI. KAFLI

## Um réttun sauðfjár og hrossa.

## 26. gr.

Skilaréttir eru:	Aukaréttir eru:
1. Skrapatungurétt.	1. Tjarnarrétt.
2. Mjóadalsrétt.	2. Landsendarétt.
3. Stafnsrétt.	3. Kirkjuskarðsrétt.
4. Auðkúlurétt.	4. Beinakeldurétt.
5. Vatsnaldalsrétt.	5. Hagarétt.
	6. Þórormstungurétt.

## 27. gr.

Stjórnir fjallskilafélaganna ákveða hver á sínu svæði hver lönd smala skuli til hveurrar réttar. Rísi ágreiningur út af þessu, sker sýslunefnd úr.

## 28. gr.

Fénaðareigendur eru skyldir til, hver að sínum hluta, að kosta byggingu rétta (almennings og dilka) og viðhald þeirra eftir því, sem hlutaðeigandi hreppsnefndir eða hreppsnefnd ákveða með samþykki lögmeets sveitarfundar.

98 Nú koma aðilar sér ekki saman um hvernig kostnaði við réttarbyggingu skal  
15. júlí jafna niður, sker þá sýslunefnd, úr.

Við hverja skilarétt skal byggður ómerkingadilkur og sérstakur dilkur fyrir sjúkt fé. Enn fremur skulu byggðir nægilega margir dilkar fyrir fé úr öðrum hreppum og mega fjallskilastjórnir taka gjald fyrir afnot dilkanna.

Við hverja skilarétt er hlutaðeigandi fjallskilastjórn heimilt að byggja sérstaka hrossarétt.

Heimilt er að jafna niður 2—5 aurum á kind (eða kinda í gildi) árlega auk venjulegra fjallskila, er leggist í sjóð, sem verja skal til byggingar og viðhalds rétta.

#### 29. gr.

Hreppsnefndir eru skyldar til að fela sérstökum manni eftirlit með viðhaldi rétta, dilka og nátthaga. Skal hann sjá um að rétt, dilkar og nátthagar séu í góðu lagi, þegar þarf að nota þá. Skal hann í samráði við fjallskilastjórnina sjá um viðhald rétta.

Á hverju vori skal eftirlitsmaður athuga rétt og dilka. Virðist honum dilkar ekki í viðunandi ástandi, skal hann tafarlaust tilkynna það hlutaðeiganda, eða ekki síðar en 1. júní ár hvert og skýra um leið frá, hvað hann telji nauðsynlegt að gera, enda séu allar slíkar endurbætur framkvæmdar í samráði við hann. Nú vanrækir einhver eða einhverjir slíka viðgerð eða gerir hana svo illa að umsjónarmaður telur hana ekki viðunandi, þá má hann láta framkvæma verkið á kostnað dilkeiganda eða dilkfélags og eru gjöld fyrir slík verk lögtakskräf.

#### 30. gr.

Hreppsnefndir skulu skipa duglegan réttarstjóra við hverja rétt og má réttastjórnin feljast með gagnaskilum. Réttarstjóri skal vera kominn til rétta í tæka tíð hvern réttardag. Skipar hann fyrir hvernig fjárdrætti skal hagað og heldur mönnum til starfs. Hann bannar stranglega alla óreglu, er veldur töf við réttarstörf. Sýni nokkur í réttinni óhlýðni gegn skipunum hans, varðar það sektum.

#### 31. gr.

Réttarstjóri skal skipa áreiðanlega menn til að rannsaka fé utansveitarmanna áður en það er rekið frá réttinni.

Hreppsnefnd eða fjallskilastjórn skal skipa 1 eða fleiri menn frá hverju dilksfélagi til að vera réttarstjóra til aðstoðar við töfludrátt og yfirleitt við réttarstörf.

#### 32. gr.

Réttarstjóri skal láta taka allar sjúkar kindur úr safninu eða réttinni strax og þeirra verður vart og einangra þær. Hann skal og annast um að ómörkuð lömb séu hirt í réttinni og dregin í dilk sér, svo eigendum gefist kostur á að láta lamba-mæður helga sér þau.

Enginn má helga sér marklausa kind af fjárbragði.

Að afloknum fjárdrætti selur hreppstjóri alla ómerkinga, er ekki hafa fundið mæður. Við aukarétt má engan ómerking selja. Þó nær ákvæði þetta ekki til Landsendaréttar.

Réttarstjóri kveður menn til að skoða úrtíning vandlega eftir markaskrá í fyrstu sem síðari réttum og mega þeir ekki yfirgefa þann starfa fyrr en lokið er, nema með leyfi réttarstjóra. Allir fjáreigendur skulu gæta þess, að fé þeirra verði ekki eftir í úrtíningi. Þegar búíð er að skoða úrtíning í fyrstu rétt, skal hreppsnefnd eða fjallskilastjórn í þeim hreppi, þar sem skilarétt stendur, koma honum í gæslu milli rétta og telst hún með gagnaskilum.

## 33. gr.

Frá hverri aukarétt skulu kvaddir menn til að reka úrtíning tafarlaust til skilaréttar, svo að hann sé þangað kominn áður en sundurdrætti er lokið.

98

15. júlí

## 34. gr.

Í réttum má enginn marka fénað, án þess hann jafnframt skýri réttarstjóra frá, hverja heimild hann hafi til mörkunarinnar. Réttarstjóri skal samstundis rita hjá sér mark skepnunnar, ef hún er áður mörkuð, og nafn eiganda þess marks, ef þekkest, og afhenda skýrsluna hreppstjóra.

## VII. KAFLI

## Um hirðing fjár og hrossa í utanhreppsréttum.

## 35. gr.

Hreppsnefnd eða fjallskilastjórn skal skipa hæfa menn til að fara í réttir, á fjárskil og vera við úrtíningssölu annarra sveita, þar sem helzt eru fénaðarsamgöngur, til að hirða þar fé og hross fyrir sveitunga sína. Hafi sá, sem gert er að skyldu að leggja til téðra starfa, engan hæfan mann til að inna þau af höndum, hefur hreppsnefnd eða fjallskilastjórn vald til að kveðja til þess hvern þann, er hæfastur er í hreppnum annað hvort í mannaskiptum eða gegn fullu endurgjaldi frá þeim, er skilin átti að vinna. Reynist sá, sem sendur er til að hirða fénað utanhrepps, ónýtur eða ófullnægjandi til þessa starfa, gilda um hann ákvæði 19. greinar um ófullkominn gangnamann.

## 36. gr.

Sá maður, sem sendur er til að hirða fénað í réttum, á fjárskilum og á öðrum samanrekstrardögum annarra sveita, má ekki fara þaðan fyrr en búíð er að skoða úrtíning vandlega eftir markaskrá og selja þar, sem sala fer fram. Sannist það, að hann láti verða eftir fé eða hross sveitunga sinna, sem er með glöggu, skrásettu marki, varðar það sektum og skaðabótum, nema málsbætur séu. Hreppsnefnd ákveður hvert reka skuli fénað þenna og hvernig haga skuli skilum á honum.

## VIII. KAFLI

## Um smölun og hirðing og réttun hrossa.

## 37. gr.

Í síðari göngum á haustum skal, ásamt fé, smala stóðhrossum af afréttum og heimalöndum og rétta þau í síðari rétt. Til Stafnsréttar og Auðkúluréttar skal þó smala hrossum í fyrri göngum og skulu þau hross, sem ekki eru hirt, seld að aflokinni stóðréttuninni og þá farið með þau sem óskilafénað í seinni rétt, sbr. 39. gr. Auk þess skal fara fram almenn smölun á hrossum fyrsta þriðjudag eftir 20. okt. og fyrsta þriðjudag í mánuðunum desember og janúar, en sé sá dagur helgur eða veður banni, skal smala næsta færan dag. Skal þá í hverjum hreppi fara fram sundurdráttur á öllum hrossum sem koma fyrir, á þeim stöðum, sem hreppsnefnd ákveður.

Þau hross, sem ekki þekkjast og enginn hirðir, skal fara með sem óskilafénað í seinni rétt, sbr. 39. gr.

Takist sala ekki og telji 2 menn, tilkvaddir af hreppstjóra, hross ekki fóðurtækt, má selja það án innlausnarfrests. Ella ber hreppsnefnd að annast geymslu og fóðrun slíkra hrossa næstu 8 vikur gegn fullu endurgjaldi frá eiganda. Eftir þann tíma má selja þau án innlausnarfrests.



98 Hreppsnefndir skulu sjá um, að almennar göngur fari fram í öllum heima-  
15. júlí löndum hreppanna, að minnsta kosti til hrossaréttunarinnar, í október.

## 38. gr.

Stóðhross skulu dregin í sundur í aukaréttum og skilaréttum, skal úrtíningur sá, er verður í aukaréttum, rekinn tafarlaust til skilaréttar.

Meðan á réttum stendur, skal réttarstjóri gæta þess, að hryssum gefist kostur á að helga sér folöld og skal hann kappkosta, að haga allri meðferð á hrossunum þannig, að ekki hljótist slys af.

## IX. KAFLI

## Um meðferð óskilafénaðar.

## 39. gr.

Eftir að töfludrætti er lokið í seinni rétt, skal úrtíningshross og sauðfé afhenda til sölu þegar í stað hreppstjóra í þeim hreppi, þar sem skilarétt stendur. Skal hreppstjóri skrásetja mark, lit, aldur og auðkenni hverrar skepnu, sem seld er, eftir lýsingu tveggja markglöggra manna, er hreppsnefnd hefur þar til kosið, svo rétt og ákveðið sem framast má verða. Ef marklýsingamenn greinir á, sker hreppstjóri úr ágreiningnum. Marklýsingamenn fá hæfilega þóknun fyrir starf sitt eftir mati hreppsnefndar. Enginn, sem ekki er öðrum háður, getur skorazt undan þeim starfa nema hann hafi forföll.

Við sölu hrossa sé 10 vikna innlausnarfrestur eftir söludag, nema ómarkaðra folalda, þá sé fresturinn aðeins 2 sólarhringar. Hrútar, sem, eftir áliði hreppstjóra og marklýsenda, eru hæfir til kynbóta, svo og forustufé, skal selt með 4 vikna innlausnarfresti. Að öðru leyti skal enginn innlausnarfrestur við sölu óskilafénaðar. Skepnur þær, sem seldar eru með innlausnarfresti, eru í vöktun kaupanda, en ekki í ábyrgð hans fyrr en að innlausnarfrestinum liðnum. Borgun fyrir geymslu og haga þessa fénaðar, ber eiganda að greiða ef innleystur er. Þó ekki yfir 10 aura fyrir hvert hross og 5 aura fyrir kind um sólarhringinn. Hreppsnefndir annast innheimtu á verði alls óskilafénaðar, sem selt er, og gera skilagrein fyrir því, sem fylgi sveitarreikningunum.

## 40. gr.

Óskilakindur þær, sem koma fyrir eftir réttir og ekki finnst eigandi að eða komast ekki til eiganda sökum fjarlægðar, skal hreppsnefnd annast um að séu geymdar til þriðjudags í 25. viku sumars, sem skal vera almennur fjárskiladagur fyrir alla sýsluna. Þær kindur, sem ekki eru hirtar þennan dag, skulu þá seldar sem óskilafé.

Þær óskilakindur, sem koma fyrir eftir fjárskiladag, skal hreppsnefnd sjá um að eigendum gefist kostur á að hirða, séu þeir í næstu hreppum, annars skulu þær seldar sem óskilafénaður, en auglýsa þær þau uppboð með minnst viku fyrirvara.

Finnist óskilakind í fé manna eftir að fé er almennt tekið til hýsingar, skal eiganda kindarinnar gert aðvart um að vitja hennar, sé hann í næstu hreppum. Verði að selja slíka kind, borgast ekkert gæzlukaup fyrir hana og ber sá, er kindin fannst hjá, sölukostnaðinn, nema málsbætur séu.

## 41. gr.

Komi óskilahross fyrir eftir smölun í janúar, skal landráðandi gera hreppsnefnd tafarlaust aðvart er hrossin finnast. Lætur hún síðan skoða mörk þeirra og skrifa upp lýsingu af þeim. Ef þörf gerist, sendir hún lýsingarnar til allra hreppsnefnda hér í sýslu og næstliggjandi hreppa utan sýslu og auglýsir um leið, að upp-

boð á hrossunum fari fram eftir hálfan mánuð. Skal landráðanda skylt að annast hrossin til söludags án endurgjalds nema hann þurfi að taka þau á gjöf, þá gegn hæfilega borgun fyrir fóður. Þetta gildir þó ekki ef landráðandi getur sannað, að hrossin hafi ekki verið í landi hans við janúarsmölun. Tekur hreppsfélagið þá við skyldum landráðanda, nema sannað verði, að þau hafi verið í annars manns landi, sem þá ber kostnaðinn.

Takist sala ekki, fer um hrossin eins og segir í 37. gr., næst síðustu málsgrein.

Þegar óskilafénaður er seldur með innlausnarfresti, skal hreppsnefnd, eigi síðar en með næstu pósthferð á eftir, senda nákvæma lýsingu til allra hreppsnefnda innan sýslu og næstliggjandi hreppa utan sýslu. Skulu hreppsnefndir strax nákvæmlega yfirfara lýsingar þessar og láta hreppsbúa sína vita ef líkur eru til, að þeir eigi nokkuð af hinum seldu skepnum. Hross skal þó einnig auglýst í útvarpi og tilgreina kyn, mark, aldur, lit og önnur auðkenni, ásamt innlausnarfresti.

#### 42. gr.

Óskilafénaður skal seldur á uppboði, þó er hreppsnefnd heimilt að koma óskilakindum í verð með því að slátra þeim í sláturhúsi, ef hún telur það eigendum hagkvæmara.

#### 43. gr.

Fyrir lok hvers árs skal hreppsnefnd senda manni, sem er kosinn af sýslunefnd, greinilega lýsingu á öllum óskilafénaði, er seldur hefur verið í hreppnum og eigendur hafa ekki helgað sér. Hinn kosni maður sendir endurrit af lýsingum þessum til birtingar í Lögbirtingablaðinu. Í ómakslaun og prentunarkostnað ber honum kr. 1.50 fyrir hverja kind og kr. 2.00 fyrir hvert hross og skal hreppsnefnd senda honum gjaldið með marklýsingunum.

#### 44. gr.

Af andvirði óskilafénaðar, sem seldur er, greiðist:

1. gæslukostnaður,
2. sölukostnaður (sölulaun og vottalaun),
3. auglýsingakostnaður,
4. fundarlaun eða björgunarlaun.

Að öðru leyti greiðist andvirði fénaðarins til eigenda, ef þeir innan septemberloka næst á eftir sanna eignarrétt sinn. Annars fellur verðið í sveitarsjóð eða sveitar-sjóði innan upprekstrarfélagsins, að tiltölu við sameiginlegan fjallskilakostnað.

## X. KAFLI

### Um eftirleitir einstakra manna.

#### 45. gr.

Þegar hinum fyrirskipuðu fjárleitum er lokið, skal einstökum mönnum heimilt með samþykki hreppsnefndar í þeim hreppi, er næst liggur afrétt, að gera eftirleitir á afréttarlöndum upprekstrarfélagsins. Borgun fyrir þessar leitir fer eftir samningi og greiðist af fjallskilasjóðum upprekstrarfélagsins að tiltölu eftir sameiginlegum fjallskilakostnaði. Komi fyrir í leitum þessum fé eða hross úr öðrum sýslum, geta hreppsnefndir eftir atvikum metið sanngjörn fundarlaun fyrir þessar skepnur, sem borgist af eigendum.

Finnist hross eða sauðfé óheimt á afréttum eftir að eftirleitir hafa farið fram, skulu fjallskilasjóðir upprekstrarfélagsins greiða sanngjörn björgunarlaun fyrir skepnur þessar eftir mati fjallskilastjórnar. — Björgunarlaun þess fjár, sem næst úr ógöngum á hvaða tíma árs sem er, ákveðst og greiðist af sömu aðilum.

## XI. KAFLI

## Um fjármörk og hrossamörk.

## 46. gr.

Fé skal draga eftir mörkum. Það er skylda hvers fjáreiganda að hafa glögg mark á öllu sínu fé og sýslu- og hreppsþrennismörk á öllu hyrdu fé. Sýslunefndin skal svo oft sem þurfa þykir, og að minnsta kosti 5. hvert ár, láta prenta markaskrá fyrir alla sýsluna. Skal sérhver markeigandi koma marki sínu í hana og borga fyrir það eftir því, sem sýslunefnd ákveður, en hvert heimili skal fá ókeypis eitt eintak af markaskránni.

Mark helgar markeiganda kind, sem markið ber, nema full sönnun komi fyrir að annar eigi. Kind, sem ekki ber rétt mark manns, er heimildarlaust að draga sér þótt lítið vanti á fullt mark.

Ef kind hefur eyrnamark eins manns en hornamark eða þrennismark annars, þá skal sá talinn eigandi, sem á hornamarkið eða þrennismarkið, og skal hann þá, ef eigandi eyrnarmarksins krefst, gera grein fyrir hvernig hann hafi eignast kindina. Kind, sem hefur eyrnamark eins eins manns, hornamark annars og þrennismark hins þriðja, skal talin eign þess sem þrennismarkið á, þó geta eigendur hinna markanna krafist þess, að hann geri grein fyrir, hvernig hann hefur eignast kindina.

Nú er kind ómörkuð eða með óglöggu marki og vill einhver eignast hana af líkum, þá skal hann skýra hlutaðeigandi hreppstjóra frá. Hreppstjóri kveður þá til fjóra skynsama og óvilhalla menn, er skulu, ásamt honum, skoða kindina og meta líkur þær og ástæður, er hann hefur til síns máls. Ef þeir þá allir í einu hljóði kveða upp þann úrskurð, að það séu miklu meiri líkur að hlutaðeigandi eigi kindina heldur en hann eigi hana ekki, þá má hann hirða hana sem sína eign, ella telzt hún sem óskilakind. Þessi ákvæði ná ekki til ómerkinga, sem ær helga sér.

Rétt er að forustufé, sem á afrétt gengur, hafi bjöllu eða bjöllumeng í horni.

Hross skulu eins og fé hafa glögg markeinkenni, er skráð sé í markaskrá sýslunnar. Komi hross fyrir með óglöggu marki eða skemmdum eyrum, sem einhver vill helga sér, þá gilda um það sömu reglur og fyrir er mælt í grein þessari um sauðfé með óglöggu marki.

## 47. gr.

Enginn má taka upp mark, er líkist svo mörkum, sem eru í markaskrá sýslunnar eða nærliggjandi sýslna, að ætla megi, að valdi misdrætti. Séríngarmörk mikil má ekki upp taka né heldur þau mörk, sem vandkvæði er á að marka svo glögg sé. Fleiri en tvær undirbenjar má ekki hafa sama megin á eyra.

## 48. gr.

Ef menn nota mörk, sem eigi eru prentuð í markaskrá sýslunnar, t. d. þeir, er flutzt hafa úr öðrum sýslum, skulu þeir lýsa mörkum sínum fyrir hreppsnefndinni þar sem þeir eru búsettir. Mörk þessi skal hreppsnefnd skrifa upp og senda áður 10 vikur eru af sumri til hreppstjóra í nálægum hreppum innan sýslu og utan, þar sem helzt eru fjársamgöngur. Þeir, sem vanrækja þetta, mega búast við að farið sé með fé þeirra sem óskilafé og sæti þar að auki sektum.

## 49. gr.

Brennimörk hreppanna eru:

- |                                |                            |
|--------------------------------|----------------------------|
| 1. Vindhælishreppur H 1—2.     | 6. Svinavatnshreppur H 4.  |
| 2. Höfðahreppur H 1 a.         | 7. Torfalækjarhreppur H 5. |
| 3. Skagahreppur H 1 b.         | 8. Blönduóshreppur Blós.   |
| 4. Engihlíðarhreppur H 2.      | 9. Sveinstaðahreppur H 6.  |
| 5. Bólstaðarhlíðarhreppur H 3. | 10. Áshreppur H 7.         |

## XII. KAFLI

## Um eftirlit og rekstur slátrunar- og sölufénaðar.

## 50. gr.

Eftirlit skal hafa með sölu sauðfjár og hrossa eins og hér segir:

Þegar sauðfé er keypt á mörkuðum, skal hreppstjóri í þeim hreppum, þar sem markaðir eru haldnir, sjá um að gæfinn og markglöggur maður fylgi markaðs-höldurum eftir og skoði mörk á öllu fé, sem selt er.

Í kauptúnnum skulu þeir, sem fé taka til slátrunar, hafa sérstakan mann, gæfinn og markglöggan til þess að skoða mörk á öllu fé, sem slátrað er hjá þeim. Komi fyrir kindur við þessar skoðanir, sem vafi er um hver á, skal farið með þær sem óskilafé. Hefur hreppsnefnd þess hrepps, sem kindin er komin úr, ráðstöfunarréttinn.

Hreppstjóri skoði eða láti skoða mark á öllum þeim hrossum, sem seld eru á markaði í hreppnum og er seljandi og kaupandi skyldir að veita aðstoð við það. Komi upp vafi um eyrnamark eða eignarrétt, skal fara með það eins og fyrir er mælt um sauðfé, sbr. 46. gr.

Oddviti sýslunefndar lætur hreppstjórum og slátruhúsum í té löggiltar bækur, er þeir skrifa í athuganir sínar í þessum málum, samkvæmt nánari fyrirmælum oddvita.

Enn fremur skulu þeir, sem hross kaupa til sölu í önnur héruð, skrá nafn seljanda og mörk, lit, aldur hrossanna og hreppstjóra þess hrepps, þar sem hrossin eru keypt.

Borgum til þeirra manna, er skoða fjármörk í sveitum, greiðist úr hlutaðeigandi sveitarsjóði, en til þeirra, er skoða hrossamörk, úr sýslusjóði. Þeir, sem fé taka til slátrunar, kosti sjálfir þann mann, sem skoðar mörkin.

## 51. gr.

Allt fé í sölufjárrekstrum skal vera með skýru rekstrarmerki, er sé svo glögg, að það sjáist tilsýndar í björtu og svo traust, að það máist ekki af þótt votviðri gangi.

## 52. gr.

Svo skal rekstrum haga, að sem minnstur bagi verði að, þeim er lönd eiga, sem um er rekið eða í er að. Varast skal að rekstrar lendi saman við annað fé. Eigi má halda áfram með rekstra úr því farið er að skyggja, nema brýn nauðsyn beri til. Eigi má leggja upp með rekstra fyrr en markljóst er orðið.

## 53. gr.

Nú ber við að öðru fé lendir saman við rekstur, skal þá strax á næsta bæ við það, er rekstrarmenn eða aðrir hafa orðið þess varir, draga það fé úr rekstrinum og gæta þess vandlega, að engin kind verði eftir, er eigi á í honum að vera. Skal þá, sem endranær, þegar viðstaða verður og rekstrarféð dreifir sér til muna, telja rekstrarféð. Enginn, sem á bænum er viðstaddur og til þess er fær, má skorast undan að kanna rekstur með rekstrarmönnum, og ber yfirmanni rekstursins að greiða þóknun eftir úrskurði oddvita sýslunefndar, ef á greinir, en aðgang á hann að eigendum fjárens með borgun, ef honum hefur ekki verið sjálfum um að kenna. Sjá skulu rekstrarmenn um að það fé, sem komið hefur saman við, komist til áthaga sinna eigendum kostnaðarlaust.

## 54. gr.

Verði rekstrarmenn sannir að því, að hafa tekið fé annarra í rekstur heimildarlaust, skal rekstrarstjóri bæta eigendum það að fullu eftir samkomulagi eða eftir mati óvilhallra manna, sem sýslumaður kveður til ef með þarf. Sannist það, að slíkt hafi verið af skeytingarleysi, varðar það einnig sektum.

98

15. júlí

Hvort sem rekstrarmenn eru fleiri eða færri, skal ávallt einn vera yfirmaður. Annast hann um að þessum rekstrarreglum sé hlýtt og ber ábyrgð á því gagnvart þeim, er kynnu að kæra, en hann á aftur aðgang að rekstraröðnum sínum, ef þeim er um að kenna.

55. gr.

## XIII. KAFLI

## Almenn ákvæði.

56. gr.

Eigi má svelta fénað við réttir eða í rekstrum frekar en minnst verður hjá komizt. Eigi má heldur misþyrma honum á nokkurn hátt í fjallgöngum, rekstrum til heiðar, bæjarrekstrum eða heimalandasmölun. Sérstaklega er bannað að hundbeita fénað í rekstri eða smölun að óþörfu.

57. gr.

Brot gegn reglugerð þessari varða 10—200 króna sektum nema þyngri refsing liggji við eftir lögum. Skal uppljósturamaður, ef nokkur er, hljóta helming sektarfjárins, en að öðru leyti falli sektarféð í hlutaðeigandi fjallskilasjóði.

58. gr.

Með mál, er rísa út af brotum á reglugerð þessari, skal farið sem almenn lögreglumál. Þó má, ef hlutaðeigendur koma sér saman um það, skjóta einstökum ágreiningsatriðum til úrskurðar sýslunefndar.

59. gr.

Með reglugerð þessari er úr gildi numin reglugerð fyrir Húnavatnssýslu um fjallskil og fleira frá 2. nóvember 1917 og þær breytingar, er síðar hafa verið á henni gerðar.

Reglugerð þessi, sem sýslunefnd Austur-Húnavatnssýslu hefur samið og samþykkt, staðfestist hér með samkvæmt 41. gr. sveitarstjórnarlaganna, nr. 12 31. maí 1927, til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

*Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 15. júlí 1941.*

**Hermann Jónasson.**

*Páll Pálmason.*

**REIKNINGUR**

99

yfir tekjur og gjöld Minningarsjóðs Kristjáns læknis Jónssonar árið 1940.

## Tekjur:

1. Eftirstöðvar frá fyrra ári:	
a. 2 jarðræktarbréf, hvert á kr. 1000.00, nafnverð ....	kr. 2000.00
b. 3 veðdeildarbréf, hvert á kr. 1000.00, nafnverð .....	— 3000.00
c. 4 veðdeildarbréf, hvert á kr. 500.00, nafnverð .....	— 2000.00
d. Peningar í innlánsbók nr. 4415 í Útvegsb. Ísl. ...	— 766.21
	<u>kr. 7766.21</u>
2. Vextir:	
a. Af jarðræktarbréfum .....	kr. 110.00
b. — veðdeildarbréfum .....	— 250.00
c. — innlögum í Útvegsbanka Íslands .....	— 29.30
	<u>— 389.30</u>
	Kr. 8155.51

## Gjöld:

1. Geymsluhólfleiga nr. 54 í Landsbanka Íslands .....	kr. 15.00
2. Eftirstöðvar til næsta árs:	
a. 2 jarðræktarbréf, hvert á kr. 1000.00, nafnverð ....	kr. 2000.00
b. 3 veðdeildarbréf, hvert á kr. 1000.00, nafnverð ....	— 3000.00
c. 4 veðdeildarbréf, hvert á kr. 500, nafnverð .....	— 2000.00
d. Peningar í innlánsbók nr. 4415 í Útvegsb. Ísl. ...	— 1140.51
	<u>— 8140.51</u>
	Kr. 8155.51

Reykjavík, 23. janúar 1941.

Sigurgeir Sigurðsson.

Sigurjón Jónsson.

Helgi Ingvarsson.

**STYRKTARSJÓÐUR TIL SVÍPJÓÐARFERÐA** 100

## Ársreikningur 1940.

## Höfuðstóll:

Eign frá fyrra ári, samkvæmt birtum reikningi ..... kr. 6459.90

## Tekjur:

Vextir 1940 af bankainnstæðu ..... kr. 250.30

Kr. 6710.20

Eign í árslok 1940 ..... Kr. 6710.20

Forsætisráðherrann, 11. janúar 1941.

**Hermann Jónasson.**

# VERÐLAGSSKRÁ

sem gildir fyrir

Norður-Múlasýslu og Seyðisfjarðarkaupstað

frá 16. maímánaðar 1941 til jafnlangdar 1942.

		Í peningum		Hundrað á		Alin
		kr.	aur.	kr.	aur.	aur.
<i>A. Friður peningur.</i>						
1.	1 hndr., 1 kýr, 3 til 8 vetra, sem beri frá miðjum október til nóvembermánaðarloka, í fard. .... á	280	83	280	83	234
2.	— 6 ær, 2 til 6 vetra, loðnar og lembdar, í fard. hver á	51	08	306	48	255
3.	— 6 sauðir, 3 til 5 vetra, á hausti ..... hver á	»	»	»	»	»
4.	— 8 sauðir, tvævetrir, á hausti ..... hver á	»	»	»	»	»
5.	— 12 sauðir, veturgamfir, á hausti ..... hver á	36	67	440	04	367
6.	— 8 ær geldar á hausti ..... hver á	39	67	317	36	264
7.	— 10 ær mylkar á hausti ..... hver á	28	25	282	50	235
8.	— 1 áburðarhestur, taminn, 5 til 12 vetra, í fard. á	276	25	276	25	230
9.	— 1½ hryssu, á sama aldri ..... hver á	278	33	371	11	309
<i>B. Ull, smjör og tólg.</i>						
10.	1 hndr., 120 pd. af hvítri ullu, vel þveginni .... pd. á	1	60	192	00	160
11.	— 120 pd. af mislitri ullu, vel þveginni ..... pd. á	1	19	142	80	119
12.	— 120 pd. af smjöri, vel verkuðu ..... pd. á	2	05	246	00	205
13.	— 120 pd. af tólg, vel bræddri ..... pd. á	1	16	139	20	116
<i>C. Tóvara af ullu.</i>						
14.	1 hndr., 30 pd. hespugarns, 3 til 6 hespur í pundi, haldi hver hespa 11 skreppur, en hver skreppa 44 þræði ..... pundið á	»	»	»	»	»
15.	— 60 pör eingirnissokka ..... parið á	»	»	»	»	»
16.	— 30 pör tvíbandsgjaldssokka ..... parið á	»	»	»	»	»
17.	— 180 pör sjóvetlinga ..... parið á	»	»	»	»	»
18.	— 20 eingirnispeysur ..... hver á	»	»	»	»	»
19.	— 15 tvíbandsgjaldpeysur ..... hver á	»	»	»	»	»
20.	— 120 álnir gjaldvoðarvaðmáls, áln. breiðs, 1 al. á	»	»	»	»	»
21.	— 120 álnir einskeftu, 1 al. til 5 kv. breiðrar 1 al. á	»	»	»	»	»
<i>D. Fiskur.</i>						
22.	1 hndr., 6 vættir af saltfiski, vel verkuðum vættin á	34	75	208	50	174
23.	— 6 vættir af harðfiski, vel verkuðum ... vættin á	»	»	»	»	»
24.	— 6 vættir af þyrsklingi, vel verkuðum .. vættin á	»	»	»	»	»
25.	— 6 vættir af ýsu, hertri ..... vættin á	»	»	»	»	»
26.	— 6 vættir af hákarli, hertum ..... vættin á	»	»	»	»	»

	Í peningum		Hundrað á		Alin	
	kr.	aur.	kr.	aur.	aur.	
<i>E. Lýsi.</i>						
27.	1 hndr., 1 tunna (120 pt.) hvalslýsis	8	pottar á	»	»	»
28.	— 1 tunna (120 pt.) hákarlalýsis	8	pottar á	»	»	»
29.	— 1 tunna (120 pt.) selslýsis	8	pottar á	»	»	»
30.	— 1 tunna (120 pt.) þorskalýsis	8	96	134	40	112
<i>F. Skinnavara.</i>						
31.	1 hndr., 4 fjórðungar nautsskinns	8	94	35	76	30
32.	— 6 fjórðungar kýrskinn	7	50	45	00	37
33.	— 6 fjórðungar hrossskinn	6	36	38	16	32
34.	— 8 fjórð. sauðskinn, af tvæv. og eldri	6	90	55	20	46
35.	— 12 fjórð. sauðskinn, af veturg. og ám	5	60	67	20	56
36.	— 6 fjórðungar selskinns	»	»	»	»	»
37.	— 240 lambskinn (vorlamba), einlit	»	»	»	»	»
<i>G. Ýmislegt.</i>						
38.	1 hndr., 6 pd. af æðardún, vel hreinsuðum	»	»	»	»	»
39.	— 40 pd. af æðardún, óhreinsuðum	»	»	»	»	»
40.	— 120 pd. af fuglafiðri	»	»	»	»	»
41.	— 480 pd. af fjallagrösom	»	»	»	»	»
42.	5 álnir, 1 dagsverk um heyannir	10	24	245	76	205
43.	— 1 lambsfóður	11	08	265	92	222
Meðalverð á hverju hundraði og hverri alin í fyrirtöldum landaurum verður:						
	Eftir A. eða í friðu			324	94	271
	Eftir B. eða í ullu, smjöri og tólg			180	00	150
	Eftir C. eða í ullartóvöru			»	»	»
	Eftir D. eða í fiski			208	50	174
	Eftir E. eða í lýsi			134	40	112
	Eftir F. eða í skinnavöru			48	26	40
	En meðalverð allra landaura samantalið			896	10	747
	og skipt með 5 sýnir:					
	Meðalverð allra meðalverða			179	22	149

Skrifstofu Norður-Múlasýslu og Seyðisfjarðarkaupstaðar, 15. marz 1941.

*Hjálmar Vilhjálmsson.*

Framanrituð verðlagsskrá staðfestist hér með.

Fjármálaráðuneytið, 7. apríl 1941.

F. h. r.

Magnús Gíslason.

*Einar Bjarnason.*



## VERÐLAGSSKRÁ

sem gildir fyrir

Suður-Múlasýslu og Neskaupstað

frá 16. maímánaðar 1941 til jafnlengdar 1942.

		í peningum		Hundrað á		Alin
		kr.	aur.	kr.	aur.	aur.
<i>A. Friður peningur.</i>						
1.	1 hndr., 1 kýr, 3 til 8 vetra, sem beri frá miðjum október til nóvembermánaðarloka, í fard. .... á	275	62	275	62	230
2.	--- 6 ær, 2 til 6 vetra, loðnar og lembdar, í fard. hver á	40	88	245	28	204
3.	--- 6 sauðir, 3 til 5 vetra, á hausti .... hver á	46	60	279	60	233
4.	--- 8 sauðir, tvævetrir, á hausti .... hver á	37	18	297	44	248
5.	--- 12 sauðir, veturgamlir, á hausti .... hver á	32	50	390	00	325
6.	--- 8 ær geldar á hausti .... hver á	35	81	286	48	239
7.	--- 10 ær mylkar á hausti .... hver á	21	81	218	10	182
8.	--- 1 áburðarhestur, taminn, 5 til 12 vetra, í fard. á	275	31	275	31	229
9.	--- 1½ hryssu, á sama aldri .... hver á	240	00	320	00	267
<i>B. Ull, smjör og tólg.</i>						
10.	1 hndr., 120 pd. af hvítri ullu, vel þveginni .... pd. á	1	65	198	00	165
11.	--- 120 pd. af mislitri ullu, vel þveginni .... pd. á	1	16	139	20	116
12.	--- 120 pd. af smjöri, vel verkuðu .... pd. á	2	02	242	40	202
13.	--- 120 pd. af tólg, vel bræddri .... pd. á	1	24	148	80	124
<i>C. Tóvara af ullu.</i>						
14.	1 hndr., 30 pd. hespugarns, 3 til 6 hespur í pundi, haldi hver hespa 11 skreppur, en hver skreppa 44 þræði .... pundið á	»	»	»	»	»
15.	--- 60 pör eingirnissokka .... parið á	»	»	»	»	»
16.	--- 30 pör tvíbandsgjaldssokka .... parið á	»	»	»	»	»
17.	--- 180 pör sjóvetlinga .... parið á	»	»	»	»	»
18.	--- 20 eingirnispeysur .... hver á	»	»	»	»	»
19.	--- 15 tvíbandsgjaldpeysur .... hver á	»	»	»	»	»
20.	--- 120 álnir gjaldvoðarvaðmáls, áln. breiðs, 1 al. á	»	»	»	»	»
21.	--- 120 álnir einskeftu, 1 al. til 5 kv. breiðrar 1 al. á	»	»	»	»	»
<i>D. Fiskur.</i>						
22.	1 hndr., 6 vættir af saltfiski, vel verkuðum vættin á	30	70	184	20	153
23.	--- 6 vættir af harðfiski, vel verkuðum ... vættin á	»	»	»	»	»
24.	--- 6 vættir af þyrsklingi, vel verkuðum .. vættin á	»	»	»	»	»
25.	--- 6 vættir af ýsu, hertri .... vættin á	»	»	»	»	»
26.	--- 6 vættir af hákarli, hertum .... vættin á	»	»	»	»	»

		Í peningum		Hundrað á		Alin
		kr.	aur.	kr.	aur.	aur.
<i>E. Lýsi.</i>						
27.	1 hndr., 1 tunna (120 pt.) hvalslýsis ....	8	pottar á	»	»	»
28.	— 1 tunna (120 pt.) hákarlalýsis .....	8	pottar á	»	»	»
29.	— 1 tunna (120 pt.) selslýsis .....	8	pottar á	»	»	»
30.	— 1 tunna (120 pt.) þorskalýsis .....	8	pottar á	»	»	»
<i>F. Skinnavara.</i>						
31.	1 hndr., 4 fjórðungar nautsskinns .....	10	pund á	11	42	45 68 38
32.	— 6 fjórðungar kýrskinnns .....	10	pund á	»	»	»
33.	— 6 fjórðungar hrossskinnns .....	10	pund á	»	»	»
34.	— 8 fjórð. sauðskinnns, af tvæv. og eldri	10	pund á	»	»	»
35.	— 12 fjórð. sauðskinnns, af veturg. og ám	10	pund á	»	»	»
36.	— 6 fjórðungar selskinns .....	10	pund á	»	»	»
37.	— 240 lambskinn (vorlamba), einlit .....		hvert á	»	»	»
<i>G. Ýmislegt.</i>						
38.	1 hndr., 6 pd. af æðardún, vel hreinsuðum ..	pundið á		33	75	202 50 169
39.	— 40 pd. af æðardún, óhreinsuðum .....	pundið á		»	»	»
40.	— 120 pd. af fuglafiðri .....	10	pund á	»	»	»
41.	— 480 pd. af fjallagrösom .....	10	pund á	»	»	»
42.	5 álnir, 1 dagsverk um heyannir .....	á		11	00	» » 220
43.	— 1 lambsfóður .....	á		11	03	» » 221
Meðalverð á hverju hundraði og hverri alin í fyrirtöldum landaurum verður:						
	Eftir A. eða í friðu .....			287	54	240
	Eftir B. eða í ullu, smjöri og tólg .....			182	10	152
	Eftir C. eða í ullartóvöru .....			»	»	»
	Eftir D. eða í fiski .....			184	20	153
	Eftir E. eða í lýsi .....			»	»	»
	Eftir F. eða í skinnavöru .....			45	68	38
	En meðalverð allra landaura samantalið .....			699	52	583
	og skipt með 4 sýnir:					
	Meðalverð allra meðalverða .....			174	88	146

Skrifstofu Suður-Múlasýslu og Neskaupstaðar, 13. marz 1941.

Lúðvík Ingvarsson,  
— settur. —

Framanrituð verðlagsskrá staðfestist hér með.

Fjármálaráðuneytið, 16. apríl 1941.

F. h. r.

Magnús Gíslason.

Einar Bjarnason.

## VERÐLAGSSKRÁ

sem gildir fyrir

Austur-Skaftafellssýslu

frá 16. maímánaðar 1941 til jafnlengdar 1942.

		Í peningum		Hundrað á		Alin
		kr.	aur.	kr.	aur.	aur.
<i>A. Friður peningur.</i>						
1.	1 hndr., 1 kýr, 3 til 8 vetra, sem beri frá miðjum október til nóvembermánaðarloka, í fard. .... á	244	00	244	00	203
2.	— 6 ær, 2 til 6 vetra, loðnar og lembdar, í fard. hver á	27	40	164	40	137
3.	— 6 sauðir, 3 til 5 vetra, á hausti .... hver á	32	40	194	40	162
4.	— 8 sauðir, tvævetrir, á hausti .... hver á	24	00	192	00	160
5.	— 12 sauðir, veturgamlir, á hausti .... hver á	20	20	242	40	202
6.	— 8 ær geldar á hausti .... hver á	21	80	174	40	145
7.	— 10 ær mylkar á hausti .... hver á	11	60	116	00	97
8.	— 1 áburðarhestur, taminn, 5 til 12 vetra, í fard. á	258	00	258	00	215
9.	— 1½ hryssu, á sama aldri .... hver á	201	00	268	00	223
<i>B. Ull, smjör og tólg.</i>						
10.	1 hndr., 120 pd. af hvítri ullu, vel þveginni .... pd. á	1	72	206	40	172
11.	— 120 pd. af mislitri ullu, vel þveginni .... pd. á	1	18	141	60	118
12.	— 120 pd. af smjöri, vel verkuðu .... pd. á	1	34	160	80	134
13.	— 120 pd. af tólg, vel bræddri .... pd. á	0	94	112	80	94
<i>C. Tóvara af ullu.</i>						
14.	1 hndr., 30 pd. hespugarns, 3 til 6 hespur í pundi, haldi hver hespa 11 skreppur, en hver skreppa 44 þræði .... pundið á	»	»	»	»	»
15.	— 60 pör eingirnissokka .... parið á	»	»	»	»	»
16.	— 30 pör tvíbandsgjaldssokka .... parið á	»	»	»	»	»
17.	— 180 pör sjóvetlinga .... parið á	»	»	»	»	»
18.	— 20 eingirnispesur .... hver á	»	»	»	»	»
19.	— 15 tvíbandsgjaldpesur .... hver á	»	»	»	»	»
20.	— 120 álnir gjaldvoðarvaðmáls, áln. breiðs, 1 al. á	»	»	»	»	»
21.	— 120 álnir einskeftu, 1 al. til 5 kv. breiðrar 1 al. á	»	»	»	»	»
<i>D. Fiskur.</i>						
22.	1 hndr., 6 vættir af saltfiski, vel verkuðum vættin á	»	»	»	»	»
23.	— 6 vættir af harðfiski, vel verkuðum ... vættin á	»	»	»	»	»
24.	— 6 vættir af þyrsklingi, vel verkuðum .. vættin á	»	»	»	»	»
25.	— 6 vættir af ýsu, hertri .... vættin á	»	»	»	»	»
26.	— 6 vættir af hákarli, hertum .... vættin á	»	»	»	»	»

		Í peningum		Hundrað á		Alin
		kr.	aur.	kr.	aur.	aur.
<i>E. Lýsi.</i>						
27.	1 hndr., 1 tunna (120 pt.) hvalslýsis ....	8	pottar á	»	»	»
28.	— 1 tunna (120 pt.) hákarlalýsis .....	8	pottar á	»	»	»
29.	— 1 tunna (120 pt.) selslýsis .....	8	pottar á	»	»	»
30.	— 1 tunna (120 pt.) þorskalýsis .....	8	pottar á	»	»	»
<i>F. Skinnavara.</i>						
31.	1 hndr., 4 fjórðungar nautsskinns .....	10	pund á	7	50	30 00 25
32.	— 6 fjórðungar kýrskinnns .....	10	pund á	5	57	33 42 28
33.	— 6 fjórðungar þrossskinnns .....	10	pund á	4	00	24 00 20
34.	— 8 fjórð. sauðskinnns, af tvæv. og eldri	10	pund á	4	00	32 00 27
35.	— 12 fjórð. sauðskinnns, af veturg. og ám	10	pund á	3	00	36 00 30
36.	— 6 fjórðungar selskinns .....	10	pund á	20	00	120 00 100
37.	— 240 lambskinn (vorlamba), einlit .....		hvert á	0	65	156 00 130
<i>G. Ýmislegt.</i>						
38.	1 hndr., 6 pd. af æðardún, vel hreinsuðum ..		pundið á	»	»	»
39.	— 40 pd. af æðardún, óhreinsuðum .....		pundið á	»	»	»
40.	— 120 pd. af fuglafiðri .....		10 pund á	»	»	»
41.	— 480 pd. af fjallagrösnum .....		10 pund á	»	»	»
42.	5 álnir, 1 dagsverk um heyannir .....		á	7	80	» » 156
43.	— 1 lambsfóður .....		á	6	80	» » 136
Meðalverð á hverju hundraði og hverri alin í fyrirtöldum landaurum verður:						
Eftir A. eða í friðu .....				205	96	172
Eftir B. eða í ullu, smjöri og tólg .....				155	40	129
Eftir C. eða í ullartövöru .....				»	»	»
Eftir D. eða í fiski .....				»	»	»
Eftir E. eða í lýsi .....				»	»	»
Eftir F. eða í skinnavöru .....				61	63	51
En meðalverð allra landaura samantalið .....				222	99	352
og skipt með 3 sýnir:						
Meðalverð allra meðalverða .....				141	00	117

Skrifstofu Skaftafellssýslu, 16. janúar 1941.

*Gísli Sveinsson.*

Framanrituð verðlagsskrá staðfestist hér með.

Fjármálaráðuneytið, 21. marz 1941.

F. h. r.

**Magnús Gíslason.**

*Einar Bjarnason.*

## VERÐLAGSSKRÁ

sem gildir fyrir

Vestur-Skaftafellssýslu

frá 16. maímánaðar 1941 til jafnlengdar 1942.

		Í peningum		Hundrað á		Alin
		kr.	aur.	kr.	aur.	aur.
<i>A. Friður peningur.</i>						
1.	1 hndr., 1 kýr, 3 til 8 vetra, sem beri frá miðjum október til nóvembermánaðarloka, í fard. .... á	244	29	244	29	204
2.	— 6 ær, 2 til 6 vetra, loðnar og lembdar, í fard. hver á	31	29	187	74	156
3.	— 6 sauðir, 3 til 5 vetra, á hausti .... hver á	39	29	235	74	196
4.	— 8 sauðir, tvævetrir, á hausti .... hver á	30	86	246	88	206
5.	— 12 sauðir, veturgamlir, á hausti .... hver á	23	71	284	52	237
6.	— 8 ær geldar á hausti .... hver á	29	86	238	88	199
7.	— 10 ær mylkar á hausti .... hver á	15	00	150	00	125
8.	— 1 áburðarhestur, taminn, 5 til 12 vetra, í fard. á	254	29	254	29	212
9.	— 1½ hryssu, á sama aldri .... hver á	169	29	225	72	188
<i>B. Ull, smjör og tólg.</i>						
10.	1 hndr., 120 pd. af hvítri ullu, vel þveginni .... pd. á	1	41	169	20	141
11.	— 120 pd. af mislitri ullu, vel þveginni .... pd. á	0	95	114	00	95
12.	— 120 pd. af smjöri, vel verkuðu .... pd. á	1	96	235	20	196
13.	— 120 pd. af tólg, vel bræddri .... pd. á	1	39	166	80	139
<i>C. Tóvara af ullu.</i>						
14.	1 hndr., 30 pd. hespugarns, 3 til 6 hespur í pundi, haldi hver hespa 11 skreppur, en hver skreppa 44 þræði .... pundið á	»	»	»	»	»
15.	— 60 pör eingirnissokka .... parið á	»	»	»	»	»
16.	— 30 pör tvíbandsgjaldssokka .... parið á	»	»	»	»	»
17.	— 180 pör sjóvetlinga .... parið á	»	»	»	»	»
18.	— 20 eingirnipeysur .... hver á	»	»	»	»	»
19.	— 15 tvíbandsgjaldpeysur .... hver á	»	»	»	»	»
20.	— 120 álnir gjaldvoðarvaðmáls, áln. breiðs, 1 al. á	»	»	»	»	»
21.	— 120 álnir einskeftu, 1 al. til 5 kv. breiðrar 1 al. á	»	»	»	»	»
<i>D. Fiskur.</i>						
22.	1 hndr., 6 vættir af saltfiski, vel verkuðum vættin á	»	»	»	»	»
23.	— 6 vættir af harðfiski, vel verkuðum ... vættin á	»	»	»	»	»
24.	— 6 vættir af þyrsklingi, vel verkuðum .. vættin á	»	»	»	»	»
25.	— 6 vættir af ýsu, hertri .... vættin á	»	»	»	»	»
26.	— 6 vættir af hákarli, hertum .... vættin á	»	»	»	»	»

		Í peningum		Hundrað á		Alin	
		kr.	aur.	kr.	aur.	aur.	
<i>E. Lýsi.</i>							
27.	1 hndr., 1 tunna (120 pt.) hvalslýsis ....	8	pottar	á	»	»	»
28.	— 1 tunna (120 pt.) hákarlalýsis .....	8	pottar	á	»	»	»
29.	— 1 tunna (120 pt.) selslýsis .....	8	pottar	á	»	»	»
30.	— 1 tunna (120 pt.) þorskalýsis .....	8	pottar	á	»	»	»
<i>F. Skinnavara.</i>							
31.	1 hndr., 4 fjórðungar nautsskinns .....	10	pund	á	»	»	»
32.	— 6 fjórðungar kýrskinns .....	10	pund	á	»	»	»
33.	— 6 fjórðungar hrossskinns .....	10	pund	á	»	»	»
34.	— 8 fjórð. sauðskinns, af tvæv. og eldri	10	pund	á	»	»	»
23.	— 6 vættir af harðfiski, vel verkuðum ... vættin á	59	33	355	98	297
24.	— 6 vættir af þyrsklingi, vel verkuðum .. vættin á	»	»	»	»	»
25.	— 6 vættir af ýsu, hertri ..... vættin á	»	»	»	»	»
26.	— 6 vættir af hákarli, hertum ..... vættin á	»	»	»	»	»

		Í peningum		Hundrað á		Alin	
		kr.	aur.	kr.	aur.	aur.	
<i>E. Lýsi.</i>							
27.	1 hndr., 1 tunna (120 pt.) hvalslýsis ....	8	pottar	á	»	»	»
28.	— 1 tunna (120 pt.) hákarlálýsis .....	8	pottar	á	»	»	»
29.	— 1 tunna (120 pt.) selslýsis .....	8	pottar	á	»	»	»
30.	— 1 tunna (120 pt.) þorskalýsis .....	8	pottar	á	»	»	»
<i>F. Skinnavara.</i>							
31.	1 hndr., 4 fjórðungar nautsskinns .....	10	pund	á	12	30	49 20 41
32.	— 6 fjórðungar kýrskinns .....	10	pund	á	9	95	59 70 50
33.	-- 6 fjórðungar hrossskinns .....	10	pund	á	7	68	46 08 38
34.	— 8 fjórð. sauðskinns, af tvæv. og eldri	10	pund	á	10	29	82 32 69
35.	— 12 fjórð. sauðskinns, af veturg. og ám	10	pund	á	8	75	105 00 87
36.	— 6 fjórðungar selskinns .....	10	pund	á	»	»	»
37.	— 240 lambskinn (vorlambda), einlit .....		hvert	á	0	57	136 80 114
<i>G. Ýmislegt.</i>							
38.	1 hndr., 6 pd. af æðardún, vel hreinsuðum ..	pundið	á		30	17	181 02 151
39.	-- 40 pd. af æðardún, óhreinsuðum .....	pundið	á		»	»	»
40.	— 120 pd. af fuglafiðri .....	10	pund	á	»	»	»
41.	— 480 pd. af fjallagrösum .....	10	pund	á	»	»	»
42.	5 álnir, 1 dagsverk um heyannir .....		á		9	35	» » 187
43.	— 1 lambsfóður .....		á		11	15	» » 223
Meðalverð á hverju hundraði og hverri alin í fyrirtöldum landaaurum verður:							
	Eftir A. eða í friðu .....				269	03	224
	Eftir B. eða í ullu, smjöri og tólg .....				165	30	138
	Eftir C. eða í ullartóvöru .....				»	»	»
	Eftir D. eða í fiski .....				355	98	297
	Eftir E. eða í lýsi .....				»	»	»
	Eftir F. eða í skinnavöru .....				79	85	66
En meðalverð allra landaura samantalið .....							
	og skipt með 4 sýnir:				870	16	725
Meðalverð allra meðalverða .....							
					217	54	181

Skrifstofu Skagafjarðarsýslu, 24. marz 1941.

*Sigurður Sigurðsson.*

Framanrituð verðlagsskrá staðfestist hér með.

Fjármálaráðuneytið, 7. apríl 1941.

F. h. r.

**Magnús Gíslason.**

*Einar Bjarnason.*



## VERÐLAGSSKRÁ

sem gildir fyrir

Eyjafjarðarsýslu, Akureyri og Siglufjarðarkaupstað

frá 16. maímánaðar 1941 til jafnlengdar 1942.

		f peningum		Hundrað á		Alin
		kr.	aur.	kr.	aur.	aur.
<i>A. Friður peningur.</i>						
1.	1 hndr., 1 kýr, 3 til 8 vetra, sem beri frá miðjum október til nóvembermánaðarloka, í fard. .... á	335	38	335	38	279
2.	— 6 ær, 2 til 6 vetra, loðnar og lembdar, í fard. hver á	51	54	309	24	258
3.	— 6 sauðir, 3 til 5 vetra, á hausti .... hver á	»	»	»	»	»
4.	— 8 sauðir, tvævetrir, á hausti .... hver á	»	»	»	»	»
5.	— 12 sauðir, veturgamlir, á hausti .... hver á	38	55	462	60	385
6.	— 8 ær geldar á hausti .... hver á	45	62	364	96	304
7.	— 10 ær mylkar á hausti .... hver á	30	54	305	40	254
8.	— 1 áburðarhestur, taminn, 5 til 12 vetra, í fard. á	325	77	325	77	271
9.	— 1½ hryssu, á sama aldri .... hver á	259	61	346	15	288
<i>B. Ull, smjör og tólg.</i>						
10.	1 hndr., 120 pd. af hvíttri ullu, vel þveginni .... pd. á	1	82	218	40	182
11.	— 120 pd. af mislitri ullu, vel þveginni .... pd. á	1	38	165	60	138
12.	— 120 pd. af smjöri, vel verkuðu .... pd. á	2	02	242	40	202
13.	— 120 pd. af tólg, vel bræddri .... pd. á	1	26	151	20	126
<i>C. Tóvara af ullu.</i>						
14.	1 hndr., 30 pd. hespugarns, 3 til 6 hespur í pundi, haldi hver hespa 11 skreppur, en hver skreppa 44 þræði .... pundið á	»	»	»	»	»
15.	— 60 pör eingirnissokka .... parið á	»	»	»	»	»
16.	— 30 pör tvíbandsgjaldssokka .... parið á	»	»	»	»	»
17.	— 180 pör sjóvetlinga .... parið á	1	41	253	80	211
18.	— 20 eingirnispeysur .... hver á	»	»	»	»	»
19.	— 15 tvíbandsgjaldpeysur .... hver á	»	»	»	»	»
20.	— 120 álnir gjaldvoðarvaðmáls, áln. breiðs, 1 al. á	»	»	»	»	»
21.	— 120 álnir einskeftu, 1 al. til 5 kv. breiðrar 1 al. á	»	»	»	»	»
<i>D. Fiskur.</i>						
22.	1 hndr., 6 vættir af saltfiski, vel verkuðum vættin á	40	97	245	82	205
23.	— 6 vættir af harðfiski, vel verkuðum ... vættin á	70	67	424	02	353
24.	— 6 vættir af þyrsklingi, vel verkuðum .. vættin á	»	»	»	»	»
25.	— 6 vættir af ýsu, hertri .... vættin á	»	»	»	»	»
26.	— 6 vættir af hákarli, hertum .... vættin á	»	»	»	»	»

		Í peningum		Hundrað á		Alin	
		kr.	aur.	kr.	aur.	aur.	
<i>E. Lýsi.</i>							
27.	1 hndr., 1 tunna (120 pt.) hvalslýsis ....	8	pottar	á	»	»	»
28.	— 1 tunna (120 pt.) hákarlalýsis .....	8	pottar	á	»	»	»
29.	— 1 tunna (120 pt.) selslýsis .....	8	pottar	á	»	»	»
30.	— 1 tunna (120 pt.) þorskalýsis .....	8	pottar	á	10	54	158 10 132
<i>F. Skinnavara.</i>							
31.	1 hndr., 4 fjórðungar nautsskinns .....	10	pund	á	12	56	50 24 42
32.	— 6 fjórðungar kýrskinns .....	10	pund	á	11	75	70 50 59
33.	— 6 fjórðungar hrossskinns .....	10	pund	á	9	25	55 50 46
34.	— 8 fjórð. sauðskinns, af tvæv. og eldri	10	pund	á	»	»	»
35.	— 12 fjórð. sauðskinns, af veturg. og ám	10	pund	á	»	»	»
36.	— 6 fjórðungar selskinns .....	10	pund	á	»	»	»
37.	— 240 lambskinn (vorlamba), einlit .....		hvert	á	0	68	163 20 136
<i>G. Ýmislegt.</i>							
38.	1 hndr., 6 pd. af æðardún, vel hreinsuðum ..	pundið	á	»	»	»	»
39.	— 40 pd. af æðardún, óhreinsuðum .....	pundið	á	»	»	»	»
40.	— 120 pd. af fuglafiðri .....	10	pund	á	»	»	»
41.	— 480 pd. af fjallagrösnum .....	10	pund	á	»	»	»
42.	5 álnir, 1 dagsverk um heyannir .....	á			12	15	»
43.	— 1 lambsfóður .....	á			16	31	»
Meðalverð á hverju hundraði og hverri alin í fyrirtöldum landaurum verður:							
Eftir A. eða í friðu .....				349	93	291	
Eftir B. eða í ullu, smjöri og tólg .....				194	40	162	
Eftir C. eða í ullartóvöru .....				253	80	211	
Eftir D. eða í fiski .....				334	92	279	
Eftir E. eða í lýsi .....				158	10	132	
Eftir F. eða í skinnavöru .....				84	86	71	
En meðalverð allra landaura samantalið .....				1376	01	1146	
og skipt með 6 sýnir:							
Meðalverð allra meðalverða .....				229	33	191	

Skrifstofu Eyjafjarðarsýslu, 15. marz 1941.

G. Eggerz,  
— settur. —

Framanrituð verðlagsskrá staðfestist hér með.

Fjármálaráðuneytið, 28. marz 1941.

F. h. r.  
Magnús Gíslason.

Einar Bjarnason.

# VERÐLAGSSKRÁ

sem gildir fyrir

Pingeyjarsýslu

frá 16. maímánaðar 1941 til jafnlengdar 1942.

		Í peningum		Hundrað á		Alin
		kr.	aur.	kr.	aur.	aur.
<i>A. Friður peningur.</i>						
1.	1 hndr., 1 kýr, 3 til 8 vetra, sem beri frá miðjum október til nóvembermánaðarloka, í fard. .... á	300	00	300	00	250
2.	— 6 ær, 2 til 6 vetra, loðnar og lembdar, í fard. hver á	48	83	292	98	244
3.	— 6 sauðir, 3 til 5 vetra, á hausti ..... hver á	»	»	»	»	»
4.	— 8 sauðir, tvævetrir, á hausti ..... hver á	45	29	362	32	302
5.	— 12 sauðir, veturgamlir, á hausti ..... hver á	37	94	455	28	379
6.	— 8 ær geldar á hausti ..... hver á	40	69	325	52	272
7.	— 10 ær mylkar á hausti ..... hver á	26	44	264	40	220
8.	— 1 áburðarhestur, taminn, 5 til 12 vetra, í fard. á	308	90	308	90	257
9.	— 1½ hryssu, á sama aldri ..... hver á	285	36	380	48	317
<i>B. Ull, smjör og tólg.</i>						
10.	1 hndr., 120 pd. af hvítri ullu, vel þveginni .... pd. á	1	80	216	00	180
11.	— 120 pd. af mislitri ullu, vel þveginni ..... pd. á	1	40	168	00	170
12.	— 120 pd. af smjöri, vel verkuðu ..... pd. á	1	85	222	00	185
13.	— 120 pd. af tólg, vel bræddri ..... pd. á	1	08	129	60	108
<i>C. Tóvara af ullu.</i>						
14.	1 hndr., 30 pd. hespugarns, 3 til 6 hespur í pundi, haldi hver hespa 11 skreppur, en hver skreppa 44 þræði ..... pundið á	»	»	»	»	»
15.	— 60 pör eingirnissokka ..... parið á	»	»	»	»	»
16.	— 30 pör tvíbandsgjaldssokka ..... parið á	»	»	»	»	»
17.	— 180 pör sjóvetlinga ..... parið á	»	»	»	»	»
18.	— 20 eingirnispeysur ..... hver á	»	»	»	»	»
19.	— 15 tvíbandsgjaldpeysur ..... hver á	»	»	»	»	»
20.	— 120 álnir gjaldvoðarvaðmáls, áln. breiðs, 1 al. á	»	»	»	»	»
21.	— 120 álnir einskeftu, 1 al. til 5 kv. breiðrar 1 al. á	»	»	»	»	»
<i>D. Fiskur.</i>						
22.	1 hndr., 6 vættir af saltfiski, vel verkuðum vættin á	»	»	»	»	»
23.	— 6 vættir af harðfiski, vel verkuðum ... vættin á	»	»	»	»	»
24.	— 6 vættir af þyrsklingi, vel verkuðum .. vættin á	»	»	»	»	»
25.	— 6 vættir af ýsu, hertri ..... vættin á	»	»	»	»	»
26.	— 6 vættir af hákarli, hertum ..... vættin á	»	»	»	»	»

	Í peningum		Hundrað á		Alin
	kr.	aur.	kr.	aur.	aur.
<i>E. Lýsi.</i>					
27.	1 hndr., 1 tunna (120 pt.) hvalslýsis ....	8 pottar á	»	»	»
28.	— 1 tunna (120 pt.) hákarlalýsis .....	8 pottar á	»	»	»
29.	— 1 tunna (120 pt.) selslýsis .....	8 pottar á	»	»	»
30.	— 1 tunna (120 pt.) þorskalýsis .....	8 pottar á	»	»	»
<i>F. Skinnavara.</i>					
31.	1 hndr., 4 fjórðungar nautsskinns .....	10 pund á	9 72	38 88	32
32.	— 6 fjórðungar kýrskinns .....	10 pund á	9 81	58 86	49
33.	— 6 fjórðungar hrossskinns .....	10 pund á	7 37	44 22	37
34.	— 8 fjórð. sauðskinns, af tvæv. og eldri	10 pund á	»	»	»
35.	— 12 fjórð. sauðskinns, af veturg. og ám	10 pund á	»	»	»
36.	— 6 fjórðungar selskinns .....	10 pund á	»	»	»
37.	— 240 lambskinn (vorlamba), einlit .....	hvert á	0 75	180 00	150
<i>G. Ýmislegt.</i>					
38.	1 hndr., 6 pd. af æðardún, vel hreinsuðum ..	pundið á	31 50	189 00	157
39.	— 40 pd. af æðardún, óhreinsuðum .....	pundið á	»	»	»
40.	— 120 pd. af fuglafiðri .....	10 pund á	»	»	»
41.	— 480 pd. af fjallagrösnum .....	10 pund á	»	»	»
42.	5 álnir, 1 dagsverk um heyannir .....	á	10 28	»	206
43.	— 1 lambsfóður .....	á	13 82	»	276
Meðalverð á hverju hundraði og hverri alin í fyrirtöldum landaurum verður:					
Eftir A. eða í friðu .....			336	23	280
Eftir B. eða í ullu, smjöri og tólg .....			183	90	153
Eftir C. eða í ullartóvöru .....			»	»	»
Eftir D. eða í fiski .....			»	»	»
Eftir E. eða í lýsi .....			»	»	»
Eftir F. eða í skinnavöru .....			80	49	67
En meðalverð allra landaura samantalið .....			600	62	500
og skipt með 3 sýnir:					
Meðalverð allra meðalverða .....			200	21	167

Skrifstofu Þingeyjarsýslu, 28. febrúar 1941.

Júl. Havsteen.

Framanrituð verðlagsskrá staðfestist hér með.

Fjármálaráðuneytið, 31. marz 1941.

F. h. r.

Magnús Gíslason.

Einar Bjarnason.

## REIKNINGUR

yfir tekjur og gjöld Minningarsjóðs Herdísar og Ingileifar Benedictsen  
fyrir árið 1938.

### Tekjur:

1. Sjóður í ársbyrjun:			
a. Fasteignaveðslán	.....	kr. 79650.00	
b. Lán Biskupstungnahrepps	.....	— 7500.00	
c. Veðdeildarbréf	.....	— 7100.00	
d. Bankainnstæða	.....	— 441.18	
			kr. 94691.18
2. Vextir:			
a. Af fasteignaveðslánnum	.....	kr. 3979.73	
b. — láni Biskupstungnahrepps	.....	— 375.00	
c. — veðdeildarbréfum	.....	— 319.50	
d. — bankainnstæðu	.....	— 97.59	
e. Afgjald af Staðarfalli o. fl.	.....	— 2208.40	
f. Ríkissjóðsstyrkur	.....	— 3000.00	
g. Ógreiddir vextir	.....	— 975.00	
			kr. 10955.22
			Kr. 105646.40

### Gjöld:

1. Viðhalds- og rekstrarkostnaður Staðarfallsskóla	.....		kr. 11373.14
2. Sjóður til næsta árs:			
a. Fasteignaveðslán	.....	kr. 73550.00	
b. Lán Biskupstungnahrepps	.....	— 7500.00	
c. Bankavaxtabréf	.....	— 7100.00	
d. Önnur verðbréf	.....	— 2000.00	
e. Bankainnstæða	.....	— 3148.26	
f. Ógreiddir vextir	.....	— 975.00	
			kr. 94273.26
			Kr. 105646.40

*Í dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 1. september 1939.*

Friðgeir Bjarnarson.

## Útkomið í A-deild Stjórnartíðindanna 1941.

*Auglýsing um kosning ríkisstjóra*, undirskrifuð af ráðuneyti Íslands, handhafa konungsvalds, 17. júní 1941, nr. 104.

*Reglugerð fyrir veðdeild Landsbanka Íslands um útgáfu á 13. flokki bankavaxtabréfa, samkvæmt lögum nr. 94 9. júlí 1941, um heimild fyrir veðdeild Landsbanka Íslands til að gefa út nýja flokka bankavaxtabréfa*, undirskrifuð af viðskiptamálaráðherra 12. ágúst 1941, nr. 105.

*Lög um húsaleigu*, undirskrifuð af ríkisstjóra 8. september 1941, nr. 106.

*Bráðabirgðalög um viðauka við og breyting á lögum 8. sept. 1941, um húsaleigu*, undirskrifuð af ríkisstjóra sama dag, nr. 107.

*Lög um byggingar- og landnámssjóð*, undirskrifuð af ríkisstjóra 9. október 1941, nr. 108.

*Lög um heimild fyrir dómsmálaráðherra til þess að veita leyfi til veðmála-starfsemi í sambandi við kappreiðar og kappróður*, undirskrifuð af ríkisstjóra sama dag, nr. 109.

*Lög um fiskveiðasjóð Íslands*, undirskrifuð af ríkisstjóra sama dag, nr. 110.

*Lög um eftirlit með opinberum sjóðum*, undirskrifuð af ríkisstjóra sama dag, nr. 111.

*Lög um lax- og silungsveiði*, undirskrifuð af ríkisstjóra sama dag, nr. 112.

*Opið bréf, er stefnir saman Alþingi til aukafundar mánudaginn 13. október 1941*, undirskrifað af ríkisstjóra sama dag, nr. 113.

*Reglugerð um viðauka við reglugerð fyrir Háskóla Íslands nr. 8 frá 9. okt. 1912*, undirskrifuð af ríkisstjóra 18. október 1941, nr. 114.

### **Auglýsing frá ríkisstjórninni, birt í 37. tbl. Lögbirtingablaðsins 1941, um siglingabann brezku herstjórnarinnar í Hvalfirði.**

121  
15. júlí

Brezka herstjórnin hefur tilkynnt, að allar singlingar um Hvalfjörð skuli bannaðar fyrir innan línu, sem hugsast dregin milli Innra-Hólms (64° 18' 16" N, 21° 55' 52" V) og Kjalarness (64° 13' 52" N, 21° 54' 47" V).

Ef óskað er eftir að sigla skipum inn fyrir ofangreinda línu, verður að leita aðstoðar brezku flotayfirvaldanna í Reykjavík um leiðsögu.


Jafnframt afturkallast tilkynning ríkisstjórnarinnar, dags. 23. desember 1940, birt í 71. tölublaði Lögbirtingablaðsins 1940, og tilkynning, dags. 6. febrúar 1941, birt í 9. tölublaði Lögbirtingablaðsins 1941, að því er varðar tálmanir á siglingaleið um Hvalfjörð.

### **Auglýsing frá ríkisstjórninni, birt í 40. tbl. Lögbirtingablaðsins 1941, um umferðatálmanir vegna hernaðaraðgerða brezka setuliðsins í Hvalfirði.**

122  
30. júlí

Vegna hernaðaraðgerða brezka setuliðsins hefur herstjórnin sett eftirfarandi umferðatálmanir við Hvalfjörð:

1. Bannað er að hafa meðferðis ljósmyndavélar og taka ljósmyndir á svæðinu innan hugsaðrar línu frá Saurbæ á Kjalarnesi að 574 m hæðamerki á Akrafjalli, þaðan

122  
30. júlí

að vegamótum vestan Lambhaga og þaðan meðfram Laxá sunnanverðri að Þórisstöðum til 585 m hæðamerkis á Veggjum og þaðan að 848 m hæðamerki á Hvalfelli að 787 m hæðamerki á Kili, en frá Kili að 771 m hæðamerki á Skálafelli og þaðan að 909 m. hæðamerki á Esju og þaðan til Saurbæjar á Kjalarnesi.

Sjá meðfylgjandi upprátt.

Á svæði þessu mega menn búast við að þurfa að gera grein fyrir sér og erindi sínu.

2. Bannað er að koma inn á svæði þau, sem herinn hefur bækistöðvar á að Saurbæ, Hálssnesi, Hvammsvík, Hvítanesi, Þyrilsnesi og Hrafneyri. Þar sem svæði þessi skera þjóðveginn verða reistir staurar málaðir með breiðum rauðum og hvítum röndum. 122  
30. júlí

Á þjóðveginum innan þessarra svæða mega engin farartæki nema staðar, en umferð um veginn er heimil.

3. Íslenzkar flugvélar mega ekki fljúga nær Hvalfirði en annars vegar frá Reykjavík lágt yfir Akranes, lágt norður eftir Borgarfirði norðan Hvítárvalla unz komið er austur fyrir 21. gr. 7 m v.l. og hins vegar frá Reykjavík sunnan Þingvallavegar að Þingvöllum og svo austan Þingvalla unz komið er norður fyrir 64. gr. 36 m n.br.

Er hér með alvarlega brýnt fyrir þeim, er þessar leiðir fara, að brjóta ekki gegn banni þessu.

**Auglýsing frá ríkisstjórninni, birt í 42. tbl. Lögbirtingablaðsins 1941, um bann brezka setuliðsins gegn því að varpa akkerum nálægt sæsíma suður af Engey.** 123  
5. ágúst

Brezka herstjórnin hefur tilkynnt, að talsímaþráður liggi um 160—170 metra fyrir austan hólmann suður af Engey, til staðar, sem er um 230 metra í 258° stefnu frá Laugarnesspítala.

Bannað er að varpa akkerum í námunda við þetta svæði.

**Auglýsing frá ríkisstjórninni, birt í 48. tbl. Lögbirtingablaðsins 1941, um endurnýjun ferðaskírteina skipa hjá brezku flotastjórninni.** 124  
5. sept.

Brezka flotastjórnin hefur tilkynnt íslensku ríkisstjórninni, að nauðsynlegt sé, að öll íslensk skip, 10 til 750 smál. að stærð, fái endurnýjuð, eins fljótt og hægt er, ferðaskírteini þau, sem um ræðir í tilkynningu ríkisstjórnarinnar, dags. 7. marz 1941.

Skírteini þessi fást hjá brezku flotastjórninni í Reykjavík, Akureyri, Seyðisfirði og Vestmannaeyjum.

**Auglýsing frá ríkisstjórninni, birt í 50. tbl. Lögbirtingablaðsins 1941, um afgreiðslu ferðaskírteina skipa.** 125  
23. sept.

Samkvæmt ósk brezku hernaðaryfirvaldanna tilkynnist hér með, að ferðaskírteini skipa 10—750 smálestit, sem um ræðir í tilkynningu ríkisstjórnarinnar, dags. 7. marz og 5. sept. 1941, verða afgreidd sem hér segir:

Í Reykjavík hjá brezka aðalkonsúlnum.

Á Akureyri frá brezka vice-konsúlnum.

Á Seyðisfirði hjá brezku flotastjórninni.

Í Vestmannaeyjum hjá brezku hernaðaryfirvöldunum.



## REGLUR

## um skrár í skipum, sem flytja vörur til Íslands.

Í öllum skipum, sem flytja til Íslands vörur, sem eiga að flytjast þar úr skipunum, skulu vera minnst 3 eintök af skráum yfir þessar vörur, og auk þess sérstakar skrár yfir þær vörur, sem eiga að affermast á hverri einstakri affermingarhöfn. Skrár þessar eru kallaðar hér farmskrár skipanna. Tvö af fyrrgreindum farmskráreintökum og skrárnar fyrir hverja einstaka affermingarhöfn skulu ætlaðar tollstjórninni á Íslandi.

Farmskrár frá hverri fermingarhöfn skulu vélritaðar eða svo greinilega skrifaðar, að auðvelt sé að lesa þær. Á skránum, sem skulu vera í samræmi við farmskirteini þau eða fylgibréf, sem eru gefin út fyrir vörum þeim, sem skipin flytja, skulu eftirgreind atriði vera greinilega tilgreind:

1. Nafn skips.
2. Nafn skipstjóra.
3. Fermingarhöfn.
4. Affermingarhöfn.
5. Brottfarardagur frá fermingarhöfn.
6. Númer á farmskirteini eða fylgibréfi.
7. Sendandi vöru.
8. Viðtakandi vöru. Ef farmskirteini er stílað „að tilvisun“, er þó nægilegt að tilgreina nafn þess, sem tilkynna skal komu sendingarinnar. Óheimilt er með öllu að tilgreina aðeins „að tilvisun“.
9. Merkin og númerin á hverri vörusendingu.
10. Tölu og tegund stykkja.
11. Vörutegund.
12. Þunga hverrar vörutegundar, og ef um óunninn eða lauslega unninn trjávið er að ræða, rúmmál hans.
13. Flutningsgjald hverrar vörusendingar og hvort flutningsgjaldið sé greitt eða ógreitt. Tilgreina skal flutningsgjald samkvæmt gjaldskrá eða almennt gildandi taxa án sérstaks afsláttar.

Farmskrár skulu gerðar þannig, að á sama blaði verði aðeins vörur til sömu affermingarhafnar. Sendingar til sömu affermingarhafnar skulu skráðar í óslitinni töluröð og skal þyngd þessara sendinga til sömu affermingarhafnar lögð saman og heildarniðurstaðan tilgreind. Ef sending er útstrikuð eða þyngd er leiðrétt, ber að breyta heildarniðurstöðunni af samanlagðri þyngd sendinganna til sömu affermingarhafnar í samræmi við það.

Ónaúðsynlegt er, að skráðar séu á farmskrár skipanna:

1. Venjulegar nauðsynjar til skipanna sjálfra, sem eiga að vera áfram um borð, en þegar meta skal hvað séu venjulegar nauðsynjar ber að taka tillit til stærðar skipanna, hvaða ferðum þau eru í og um hvaða nauðsynjar er að ræða. Við komu skipanna til fyrstu afgreiðsluhafnar á Íslandi skulu skipstjórar afhenda tolleftirlitinu skrá yfir vistaforðann og aðrar skipsnauðsynjar, sem hér um ræðir.
2. Hluti, sem farþegar, sem eru með skipunum, hafa meðferðis í ferðatöskum og umbúðum, þar sem föt þeirra eru geymd og almennt er ekki greitt sérstakt flutningsgjald fyrir. Hafi hlutir þessir verið settir til geymslu í hinum eiginlegu vörurúmum skipanna með vörum, sem eiga að vera á farmskrám, ber skipstjórum að afhenda tolleftirlitinu á fyrstu afgreiðsluhöfn skrá yfir þessa hluti, ef þeir eru ekki skráðir á farmskrá skipanna.

3. Hluti, sem skipverjar — skipstjóri talinn með — hafa í skápum sínum, skipskistum, fatapokum og þess háttar, ef hlutir þessir eru skráðir á skrá þá yfir skipverja og vörur þeim tilheyrandi um borð, sem skipstjórum ber að afhenda tolleftirlitinu við komu skipa til fyrstu afgreiðsluhafnar.

Tvö eintökin af farmskránum — og skal annað þeirra vera frumrit skrána — yfir allar þær vörur, sem eiga að flytjast til Íslands, skulu vera tölusett með blaðsíðutali og hinum einstöku blöðum raðað eftir affermingarhöfnum í þeirri röð, sem þær eru taldar hér á eftir í skránni yfir tollhafnir á Íslandi. Þá skulu þessi tvö eintök samheft eða gegnumdregin og við þær fest yfirlýsing skipstjóra eða afgreiðslumanns skips fyrir hans hönd, að hann viti ekki til þess, að á hlutaðeigandi fermingarhöfn hafi verið fermdar í skipið aðrar eða fleiri vörur, sem eigi að vera á farmskrám, en þær, sem skráðar séu á viðfestar farmskrár, og hann viti ekki annað en að allar aðrar upplýsingar, sem á skránum eru, séu í alla staði réttar. Undirskrift þessi skal vera staðfest af sendiherra eða sendifulltrúa eða ræðismanni Íslands á fermingarstaðnum, ef hann er þar, en ella af tollyfirvaldinu þar. Þegar þannig hefur verið gengið frá farmskráreintökum þessum skulu þau sett í umslag merkt tollstjórninni á Íslandi, en skipstjóra ber að afhenda það á fyrstu afgreiðsluhöfn skipsins þar.

Nú eru í skipi, sem hefur viðkomu á Íslandi, vörur, sem óaffermdar eiga að fylgja skipinu áfram til útlanda, og skal þá skipstjóri hafa meðferðis sérstaka skrá yfir þessar vörur og skal tolleftirlitið hafa aðgang að þessari skrá.

Ef farmskrár fylgja ekki skipi, samdar eins og mælt er fyrir, eða ef vanrækt er að afhenda tolleftirlitinu farmskrár, varðar það skipstjóra sektum, allt að 5000 kr. Auk þess ber skipseigandi kostnað við talningu úr skipum, ef farmskrár reynast rangar við talningu eða rannsókn. Loks getur tolleftirlitið bannað affermingu skips þar til farmskrár hafa verið afhentar í fyrirskipuðu formi.

#### Skrá yfir tollhafnir á Íslandi,

en aðeins á tollhöfnum er heimilt án sérstaks leyfis tollstjórnarinnar að afferma úr skipi vörur, sem það skip hefur flutt til landsins.

- |                               |                                      |
|-------------------------------|--------------------------------------|
| 1. <u>Reykjavík.</u>          | 22. Blönduós.                        |
| 2. Akranes.                   | 23. Skagaströnd.                     |
| 3. Borgarnes.                 | 24. Sauðárkrókur.                    |
| 4. Sandur.                    | 25. Hofsó.                           |
| 5. Ólafsvík.                  | 26. <u>Siglufjörður.</u>             |
| 6. Stykkishólmur.             | 27. Ólafsfjörður.                    |
| 7. Búðardalur.                | 28. Dalvík.                          |
| 8. Salthólmavík.              | 29. Hrísey.                          |
| 9. Flatey á Breiðafirði.      | 30. Hjalteyri.                       |
| 10. Patreksfjörður.           | 31. <u>Akureyri.</u>                 |
| 11. Bíldudalur.               | 32. Húsavík.                         |
| 12. Þingeyri í Dýrafirði.     | 33. Kópasker.                        |
| 13. Flateyri í Önundarfirði.  | 34. Raufarhöfn.                      |
| 14. Suðureyri í Súgandafirði. | 35. Þórshöfn.                        |
| 15. Bolungarvík.              | 36. Höfn í Bakkafirði.               |
| 16. Ísafjörður.               | 37. Vopnafjörður.                    |
| 17. Norðurfjörður.            | 38. Bakkagerði í Borgarfirði eystra. |
| 18. Djúpavík í Reykjarfirði.  | 39. <u>Seyðisfjörður.</u>            |
| 19. Hólmavík.                 | 40. Nes í Norðfirði.                 |
| 20. Borðeyri.                 | 41. Eskifjörður.                     |
| 21. Hvammstangi.              |                                      |

126  
1. maí

42. Búðareyri í Reyðarfirði.
43. Búðir í Fáskrúðsfirði.
44. Stöðvarfjörður.
45. Breiðdalsvík.
46. Djúpivogur.
47. Höfn í Hornafirði.
48. Vík í Mýrdal.

49. Vestmannaeyjar.
50. Stokkseyri.
51. Eyrarbakki.
52. Þorlákshöfn.
53. Keflavík.
54. Hafnarfjörður.

Öll skip, sem koma til Íslands frá útlöndum og koma ætla á aðrar hafnir en ofangreindar hafnir nr. 1, 26, 31, 39 og 49, skulu á leiðinni frá útlöndum taka höfn í einhverri þessarra hafna til þess að fá þar fyrstu afgreiðslu, nema þau þurfi að leita annarra hafna í neyð, enda sannist það í sjóprófi, að um neyðarhöfn hafi verið að ræða.

*Fjármálaráðuneytið, 1. maí 1941.*

F. h. r.

**Magnús Gíslason.**

*Einar Bjarnason.*

127  
28. júní

## GJALDSKRÁ OG REGLUR

um leigukjör á talstöðvum (gerð F), sem landssíminn lætur á leigu í íslensk skip.

### 1. gr.

Skipseigandi eða útgerðarfélag, sem óskar að fá talstöð í íslenskt skip, sendi skriflega umsókn til póst- og símamálastjórnarinnar, sem gefur út leyfisbréf fyrir stöðina og önnur skirteini.

### 2. gr.

Landssíminn leggur til senditæki og viðtæki með lömpum. Eru tækin eign landsímans og leigir hann skipseiganda þau. Landssíminn annast uppsetningu tækjanna, en skipseigandi kosti loftnetsbúnað stöðvarinnar (loftnet og jarðnet), sem haga skal samkvæmt fyrirmælum landssímans, einnig kaupir hann rafgeyma og hleðslutöflu fyrir stöðina og kosti lögn frá geymunum til hleðslutöflu.

Leigutíminn er minnst 1 ár í senn. Að skemmstum leigutíma liðnum má segja leigu stöðvarinnar upp til áramóta með minnst þriggja mánaða fyrirvara.

### 3. gr.

Áður en leigutaki fær stöðina afhenta, skal hann tilkynna póst- og símamálastjórninni skriflega, hverjum hann felur vörzlu stöðvarinnar, enda verði sá maður að hafa fengið skirteini talstöðvarvarðar. Enginn annar en sá, sem hefur slíkt skirteini, má starfrækja stöðina en þó er hún ávallt undir yfirumsjón skipstjóra.

### 4. gr.

Bæði talstöðvarverði og skipstjóra er skylt að undirrita þagnarheit og haga starfrækslunni í einu og öllu eftir fyrirmælum landssímans og hlýða þeim ákvæðum og reglum, sem settar eru eða settar kunna að verða. Verði misbrestur á þessu, getur póst- og símamálastjórnin afturkallað starfræksluskirteini talstöðvarinnar, lokað stöðinni eða tekið hana úr skipinu.

### 5. gr.

Talstöð af gerð F felur í sér:

1 lampasendi með ca. 10 watta orku og má á venjulegum tímum stilla hann á

sex mismunandi öldulengdir á öldusviðinu frá 1560—1900 krð/s (155—192 m). 127  
 Sendirinn er smíðaður fyrir 12 volta rafgeymi og hefur innbyggðan spennubreyti 28. júní  
 fyrir háspennuraforku sendisins. Spennubreytirinn kemur í stað háspennuraf-  
 hlaðna. Með sendinum fylgir heyrntalfæri.

1 næmt superviðtæki (gerð VF) fyrir öldusvið bátatalstöðva og útvarpsstöðv-  
 arinnar (TFU). Tækið hefur fast innbyggðar spólur og er skipt milli mismunandi  
 öldusviða með einu handfangi. Tækið hefur innbyggðan gelli.

#### 6. gr.

Leigutaki greiði fyrir talstöð af gerð F 200 krónur í stofngjald og 320 krónur  
 í leigu á ári, sem greiðist fyrirfram og er gjalddagi 1. janúar. Stofngjald og leiga til  
 næstu áramóta greiðist áður en uppsetningu er lokið.

Þó geta þeir, er þess óska, fengið annaðhvort talsendinn sér eða viðtækið sér og  
 eru þá gjöldin, sem hér segir:

a. Fyrir talsendi af gerð F greiði leigutaki 120 krónur í stofngjald og 240 krónur í  
 ársleigu, er greiðist fyrirfram 1. jan. ár hvert. Stofngjald og leiga til næstu ára-  
 móta greiðist áður en uppsetningu er lokið.

b. Fyrir viðtæki af gerð VF greiði leigutaki 80 krónur í stofngjald og 80 krónur  
 í ársleigu fyrirfram, 1. janúar ár hvert. Stofngjald og leiga til næstu áramóta  
 greiðist áður en uppsetningu er lokið.

Gjaldskrá þessari getur ráðherra breytt. Lögtaksréttur er á gjöldum þessum.

Landssíminn annast viðhald vegna eðlilegs slits sendi- og viðtækja, að undan-  
 skildu viðhaldi loftnets, rafgeyma, hleðslubúnaðar og endurnýjun lampa, en kostnað  
 af því ber leigutaki.

#### 7. gr.

Leigutaki er skyldur að hafa tækin vátryggð á sinn kostnað gegn hvers konar  
 tjóni. Talstöð af gerð F skal vátryggð fyrir kr. 2500.00, talsendir (án viðtækis) fyrir  
 kr. 1800.00, en viðtæki (án sendis) fyrir kr. 700.00, og ber leigutaka að greiða lands-  
 símanum þessa upphæð, ef tækin eyðileggjast og hlutfallslega fyrir skemmdir, enda  
 á landssíminn beinan rétt til vátryggingarfjárins.

#### 8. gr.

Leigutaki er skyldur að koma tækjunum til skoðunar og eftirlits, að minnsta  
 kosti einu sinni á ári til landssímans í Reykjavík. Aðgerð á skemmdum, sem að dómi  
 póst- og símamálastjórnarinnar ekki teljast stafa af eðlilegu sliti, greiði leigutaki  
 eigi síðar en um leið og honum eru afhent tækin aftur.

#### 9. gr.

Talstöðvar þær, sem landssíminn lætur þannig á leigu, eru að sjálfsögðu háðar  
 hinum almennu reglum, innlendum og alþjóðlegum, sem gilda um slíkar stöðvar og  
 rekstur þeirra á hverjum tíma.

#### 10. gr.

Ef settar reglur eru ekki haldnar, getur landssíminn afturkallað leyfisbréf  
 stöðvarinnar, lokað stöðinni eða látið taka hana úr skipinu.

Gjaldskrá þessi og reglur eru settar samkvæmt 12. gr. laga 27. júní 1941, um  
 fjarskipti.

*Atvinnumálaráðherra, 28. júní 1941.*

**Ólafur Thors.**

*Guðmundur Hlíðdal.*

## AUGLÝSING

## um verðlagsákvæði.

Samkvæmt heimild í 1. gr. laga um verðlag nr. 118 2. júlí 1940, hefur ráðuneytið, að fengnum tillögum verðlagsnefndar, sett eftirfarandi ákvæði um hámarksálagningu á þeim vörum, er nú skal greina:

## Kornvörur, kaffi og sykur.

1. Í heildsölu:
  - a. Rúgmjöl, hveiti, heilhveiti, hrisgrjón, haframjöl og hafragrjón, baunir, hæsnafóður, maís, maísmjöl, kaffi (óbrennt), molasykur, strásykur, púðursykur og kandís ..... 7,5%
  - b. Kartöflumjöl, hrismjöl, semulugrjón og sagogrjón ..... 10%
2. Í smásölu: Á vörutegundum þeim, sem tilgreindar eru í a- og b-lið hér að ofan ..... 30%

## Vefnaðarvara.

1. Karlmannafataefni, frakkaefni, dragtaefni, rykfrakkar, regnkápur, húsgagnaáklæði, gólfteppi og gólfdeglar.
  - Í heildsölu ..... 13%
  - Í smásölu:
    - a. Þegar keypt er af innlendum heildsölubirgðum ..... 35%
    - b. Þegar keypt er beint frá útlöndum ..... 45%
2. Léreft, sængurveraefni, flónel, sirs, tvisttau, lastingur, vasafóður, ermafóður, millifóður, hárdúkur, boldang, skyrtuefni, flauel, kjólatau, kvenkápatau, blússuefni, nankin, khaki, handklæði og handklæðadreglar, borðdúkar og borðdúkadreglar, serviettur, gluggatjöld og gluggatjaldaefni, manchetskyrtur og aðrar milliskyrtur karla, flibbar, hálsbindi, hálsklútar, treflar, nærfatnaður karla og kvenna, náttföt, peysur, prjónagarn, tvinni, sundskýlur, sundbolir, axlabönd, sokkar (aðrir en silkisokkar), sokkabönd, sokkabelti, corset, corselet, svuntur, sloppar, hanzkar, vinnuveltingar, húfur og hattar karla og kvenna, regnhlífar, gólfklútar, þurrkur, vasaklútar.
  - Í heildsölu ..... 13%
  - Í smásölu:
    - a. Þegar keypt er af innlendum heildsölubirgðum ..... 42%
    - b. Þegar keypt er beint frá útlöndum ..... 53%
3. Silkisokkar:
  - Í heildsölu ..... 20%
  - Í smásölu:
    - a. Þegar keypt er af innlendum heildsölubirgðum ..... 50%
    - b. Þegar keypt er beint frá útlöndum ..... 65%

## Byggingavörur.

1. Cement, steypustyrktarjárn, þakjárn (bárujárn og slétt járn) og steypumótavir ..... 19%
2. Miðstöðvarofnar, miðstöðvarkatlar, haðvatnsgeymar, eldavélar, vatnsleiðslurör, þakplötur og þakhellur, gólfhlisar, einangrunarplötur (kork), húsastrigi (í heilum rúllum), þakpappi, filtpappi, loftpappi, veggjapappi, maskínupappír ..... 27%

3. Þvottapottar, baðker og vaskar (steyptir), skolprör (úr potti), veggflísar .....	30%	128	23. júlí
4. Baðker, vaskar og salerni (fajance) .....	36%		
5. Vatnskranar .....	40%		
6. Fittings .....	45%		
7. Linoleum og gúmmí á gólf, ganga og stiga:			
a. Í heilum rúllum .....	20%		
b. Bútað .....	27%		
8. Saumur:			
Í heildsölu .....	15%		
Í smásölu:			
a. Þegar keypt er af innlendum heildsölubirgðum .....	30%		
b. Þegar keypt er beint frá útlöndum .....	35%		

Ef byggingavöruverzlun kemur fram sem heildsali gagnvart annarri verzlun, og þurfi af þeim ástæðum að skipta álagningunni, má heildsöluverzlunin (innflytjandinn) reikna 3% umboðslaun umfram ofangreinda hámarksálagningu, og láta þannig koma til skipta þeim mun hærri álagningu á milli hlutaðeigandi verzlana. Þessa aukaálagningu má innflytjandi því aðeins reikna, að varan sé seld í annað verzlunarumdæmi, og vitað sé, að sá aðili, sem kaupir, hafi þar opna verzlun með byggingavörur.

#### Málning og málningarvörur.

1. Kritt .....	30%
2. Ólíurifin málning, ryðvarnarmálning, löguð oliumálning, lökk lituð og litlaus, distemper, terpintína, þurrkefni, kitti, tjara, blackfernis, lím (perlulím), málningarpenslar .....	35%
3. Fernisolia:	
a. Í heilum tunnum .....	15%
b. Í lausri vigt .....	40%

#### Búsáhöld.

1. Leir-, postulíns- og glervörur:	
Í heildsölu .....	27%
Í smásölu:	
a. Þegar keypt er af innlendum heildsölubirgðum .....	47%
b. Þegar keypt er beint frá útlöndum .....	64%
2. Emailleruð mataráhöld og búsáhöld, önnur en hitunartæki fyrir rafmagnseldavélar:	
Í heildsölu .....	18%
Í smásölu:	
a. Þegar keypt er af innlendum heildsölubirgðum .....	45%
b. Þegar keypt er beint frá útlöndum .....	55%
3. Alúmin- og emailleruð suðuáhöld fyrir rafmagnseldavélar:	
Í heildsölu .....	15%
Í smásölu:	
a. Þegar keypt er af innlendum heildsölubirgðum .....	30%
b. Þegar keypt er beint frá útlöndum .....	40%
4. Önnur alúmin-, bús- og mataráhöld:	
Í heildsölu .....	20%
Í smásölu:	
a. Þegar keypt er af innlendum heildsölubirgðum .....	40%
b. Þegar keypt er beint frá útlöndum .....	55%

128  
23. júlí

- |  |     |
|--|-----|
| 5. Borðbúnaður og ýmis eldhúsáhöld og búsaðöld, svo sem: Borðhnífar, gafflar, matskeiðar, teskeiðar, búrhnífar, brauðhnífar, kaffikvarnir, pönnur (járni), vöfflujárni, kolaausur, þvottabalar og fötur, kókuform, bollabakkar (úr öðru en silfri eða pletti), eldhúsvogir, gormvogir: |     |
| Í heildsölu .....  | 16% |
| Í smásölu:   |     |
| a. Þegar keypt er af innlendum heildsölubirgðum .....  | 38% |
| b. Þegar keypt er beint frá útlöndum .....   | 50% |
| 6. Þvottavindur og kjötkvarnir:  |     |
| Í heildsölu .....  | 13% |
| Í smásölu:   |     |
| a. Þegar keypt er af innlendum heildsölubirgðum .....  | 28% |
| b. Þegar keypt er beint frá útlöndum .....   | 35% |
| 7. Handverkfæri og ýmsar járnvörur, svo sem: Sagir, sagarblöð, hamrar, axir, þjalir, skruflyklar, naglbítar, hjólsveifar, hófjárn, sporjárn, rör-tengur, heflar og hefiltennur, glerskerar, vasahnífar, skæri, hurðar-handföng, lamir, skrár, hengilásar, smekklásar:                  |     |
| Í heildsölu .....  | 16% |
| Í smásölu:   |     |
| a. Þegar keypt er af innlendum heildsölubirgðum .....  | 35% |
| b. Þegar keypt er beint frá útlöndum .....   | 50% |

#### Undanþága.

Undanþegin frá framangreindum ákvæðum eru búsaðöld og vefnaðarvörur, verðlagðar fyrir 15. júlí 1941, enda skulu fyrri ákvæði gilda áfram um þær vörur.

Dagsetning tollreiknings eða reiknings innlendar verksmiðju eða heildsölu skal skera úr um það, hvort vara hefur verið verðlögð fyrir 15. júlí eða ekki.

#### Reglur um verðlagningu vara, sem verðlagsnefnd hefur sett eða setur hámarks- álagningu á:

- Verð vöru, sem álagning reiknast af, kallast kostnaðarverð. Í kostnaðarverðinu mega teljast, ef fyrir koma, eftirgreindir kostnaðarliðir, auk innkaupsverðs:
  - Flutningsgjald (þar með talin flutningsmiðlun (spedition)).
  - Sjóvátrygging og stríðsvátrygging.
  - Bankakostnaður annar en vextir. Þó má reikna nauðsynlega vexti vegna bankatryggingar (rembours).
  - Póstskoðun og leyfisgjald.
  - Tollar.
  - Hafnargjald (bryggjugjald).
  - Uppskipun.
  - Pakkhúsleiga (ef áfallin hjá skipaafgreiðslu, annars ekki).
  - Heimflutningur á sölustað.
  - Brunatrygging.
- Ofangreinda kostnaðarliði má því aðeins leggja við innkaupsverð vöru, áður en álagning er reiknuð, að sannanlegt sé, að þeir falli raunverulega, eins og þeir eru tilfærðir, á það innkaupsverð, sem álagning er reiknuð af. Enga aðra kostnaðarliði, en að ofan greinir, skal heimilt að leggja við innkaupsverð vöru áður en álagning er reiknuð, nema með skriflegu leyfi verðlagsnefndar.
- Geti verzlun sannað, að hún hafi fastan umboðsmann eða útibú á fjarlægum stað, til þess að annast þar vöruinnkaup fyrir sig, og greiði umboðslaun

í því sambandi, má verzlunin, að fyrir fram fengnu skriflegu samþykki verð- 128  
lagsnefndar á hæð umboðslaunanna, reikna þau með í kostnaðarverði vör- 23. júlí  
unnar.

4. Hámarksálagningu í heilðsölu og smásölu má aðeins leggja einu sinni á sömu  
vöru. Þó er verzlunum heimilt að skipta sín á milli álagningunni, en aldrei  
má hin samanlagða álagning fara fram úr hámarksálagningu þeirri, sem  
heimiluð er.

Þegar skipta þarf álagningunni, er sú verzlun, sem annarri selur, skyld  
til þess að sýna á sölureikningi sínum eða láta verzlunina, sem kaupir, vita  
skriflega á annan hátt, hvað hámarksútsöluverðið sé samkvæmt verðlags-  
ákvæðunum.

5. Framangreindar reglur um verðreikning skulu gilda fyrst um sinn, þar til  
öðruvísi verður ákveðið, um verðreikning allra þeirra vara, sem hámarks-  
álagning hefur verið sett á eða kann að verða sett á.

Með auglýsingu þessari eru úr gildi numin öll eldri ákvæði um álagningu á  
framangreindum vörum.

*Viðskiptamálaráðuneytið, 23. júlí 1941.*

**Eysteinn Jónsson.**

*Jón Guðmundsson.*

## REGLUGERÐ

129

23. júlí

### um stimpilgjald af stríðstryggingarskírteinum.

#### 1. gr.

Stríðstryggingarskírteini, sem gilda eiga í eitt ár eða lengur, skal stimpla með  
10 aorum af þúsundi eða broti úr þúsundi.

Stríðstryggingarskírteini, sem gilda eiga í einn mánuð eða skemmri tíma, skal  
stimpla með  $\frac{1}{2}$  þess, sem skírteini til árs skal stimpla, þau sem gilda í 2 mánuði  
með  $\frac{1}{2}$  o. s. frv. og telst brot úr mánuði sem heill mánuður.

#### 2. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkv. 38. gr. laga nr. 75 27. júní 1921, um stimpil-  
gjald, öðlast þegar gildi.

*Fjármálaráðuneytið, 23. júlí 1941.*

F. h. r.

**Magnús Gíslason.**

*Einar Bjarnason.*



130  
24. júlí

## AUGLÝSING

er varðar tekjuskatt og eignarskatt 1941.

Ákveðið hefur verið að nota heimild 6. gr. laga frá 9. júlí 1941, um heimild fyrir ríkisstjórnina til ráðstafana og tekjuöflunar vegna dýrtíðar og erfiðleika atvinnuveganna, og innheimta tekjuskatt og eignarskatt álagðan á þessu ári með 10% viðauka.

*Fjármálaráðuneytið, 24. júlí 1941.*

**Jakob Möller.**

*Einar Bjarnason.*

131  
25. júlí

## REGLUGERÐ

fyrir vatnsveitu Siglufjarðarkaupstaðar.

1. gr.

Bæjarstjórn Siglufjarðar hefur einkarétt til vatnssölu í kaupstaðnum og á höfninni.

Óheimilt er skipum á Siglufjarðarhöfn að taka vatn annars staðar í Siglufirði en úr æðum vatnsveitu Siglufjarðar, og eingöngu á þeim stöðum, sem vatnssölu- maður eða vatnsveitustjóri ákveða.

2. gr.

Enginn má leggja vatnsæð frá vatnsveitu kaupstaðarins, annar en sá, sem bæjarstjórn felur það starf.

3. gr.

Hver sá, er komast vill í samband við vatnsveitu Siglufjarðar, skal senda vatnsveitunefnd skriflega umsókn þar um. Umsókninni fylgi nákvæmar upplýsingar um hve mikið vatn viðkomandi telur sig þurfa, og til hvers það skuli notað.

Vatnsveitan leggur æðar sínar að stopphana, en vatnsnotandi annast lagningu vatnsæða og viðhald þeirra innan stopphana.

4. gr.

Skýlt er hverjum húseiganda og löðareiganda að halda vatnsæðum sínum frá stopphana vel við, og láta tafarlaust gera við þær ef leki kemur að þeim eða aðrar bilanir. Hann skal sérstaklega gæta þess, að ekki frjósi í æðunum. Enginn má eyða vatni að óþörfu. Enginn má setja aflvélar í samband við vatnsveituna. Enginn má hafa hitaleiðslur eða aðrar leiðslur í sambandi við vatnsveituna, nema með samþykki vatnsveitustjóra, og með þeim útbúnaði, sem hann telur tryggan.

5. gr.

Vatnsveitusjóra, í samráði við bæjarsjóra, er heimilt að loka vatnsæðum kaupstaðarins fyrir þeim, sem eftir itrekaða áminningu eyða vatni að óþörfu, vanrækja að gera við leka eða aðrar bilanir á leiðslum sínum, eða nota vatn þannig, eða hafa vatnsæðum þannig fyrir komið, að óþrif hljótist af.

## 6. gr.

131

Bæjarstjórn getur fyrirskipað takmörkun á vatnsnotkun og jafnvel lokað fyrir vatn ákveðinn tíma, til þess að tryggja fyrirtækjum, sem ekki geta án þess verið, nægilegt vatn. Þegar þannig stendur á, getur vatnsnotandi ekki krafizt lækkunar á eftirgjaldi sínu eftir vatnið.

25. júlí

## 7. gr.

Vatnsveitustjóri getur lokað fyrir vatn í öllum bænum eða nokkrum hluta hans til hreinsunar á vatnsgeymi og til viðgerða á vatnsgeymum og vatnsæðum. Slík lokun skal þó tilkynnt fyrir fram, ef nokkur tök eru á. Er nægilegt, að auglýsingar séu settar á auglýsingastaði víðs vegar í bænum.

## 8. gr.

Vatnsskattur skal greiddur af öllum húsum með  $2\frac{1}{2}\%$  af fasteignamatsverði húsanna.

Af verksmiðjum eða húsum, þar sem fram fer atvinnurekstur, sem mikið vatn útheimtir, skal greiða  $5\%$  af fasteignamatsverði.

## 9. gr.

Af hverri tunnu sildar greiðist 5 aurar í vatnsgjald.

Fyrir hverja tunnu af flakaðri síld 25 aurar.

Af hverjum 100 kg af söltuðum, frystum eða ísuðum fiski greiðist 3 aurar.

Af hverri tunnu af söltuðum, flökuðum fiski greiðist 10 aurar.

Af hverjum 100 kg af hraðfrystum fiskflökum greiðist 15 aurar.

Vatnsskattsskylda framleiðslu má eigi flytja burt af framleiðslustaðnum, fyrr en vatnsskattur af henni er greiddur, að viðlögðum sektum, samkvæmt 16. og 18. gr. reglugerðarinnar, ef út af bregður.

## 10. gr.

Þegar um fyrirtæki er að ræða, sem nota mikið vatn, s. s. sildarverksmiðjur, getur bæjarstjóri ákveðið að selja því vatn um mæli og kostar þá smálestin 15 aura.

Þegar ákveðið hefur verið að selja vatn um mæli, ber notanda að útvega sér mæli og annast sjálfur viðhald hans. Vanræki vatnsnotandi að fá sér mæli, skal vatnsveitustjóri meta vatnsnotkunina.

Ef vatnsnotandi óskar þess, skal vatnsveitan kaupa fyrir hann vatnsmæli.

## 11. gr.

Húseigandi ber ábyrgð á greiðslu vatnsskatts húsa. Atvinnurekandi eða útflytjandi ber ábyrgð gagnvart vatnsveitunni á greiðslu vatnsskatts af síld og fiski. Eigandi framleiðslustöðvar ber ábyrgð á, að vatnsskattur af vatnsskattsskyldri verkun eða framleiðslu á stöð hans verði greiddur á gjalddaga.

## 12. gr.

Fyrir vatn til skipa skal gjalda 3 kr. smálestina eða hluta úr smálest. Taki skip yfir 5 smálestir, lækkar verðið niður í kr. 1.75. Ef um vatnskaup í stórum stíl er að ræða, er bæjarstjóra heimilt að veita afslátt, þó aldrei meira en 50%. Minnsta gjald fyrir öll skip önnur en fiskiskip og fyrir gufuskip eru kr. 5.00.

Skip undir 20 smálestum, sem taka vatn hér eigi sjaldnar en 10 sinnum, getur bæjarstjóri veitt rétt til þess að greiða 30 krónur fast gjald yfir árið, enda greiðist gjaldið fyrir fram.

Skip, sem vatnsveitan hefur afhent vatn, má ekki, að viðlögðum sektum, fara af höfninni fyrr en vatnið er greitt, nema gjaldfrestur hafi verið veittur.

131

25. júlí

Gjaldár vatnsveitunnar er almanaksárið. Gjaldldagi vatnsskatts húsa er 1. júlí ár hvert og greiðist vatnsskatturinn í einu lagi fyrir líðandi ár. Vatnsskattur samkvæmt 9. gr. fellur í gjalddaga um leið og varan er framleidd eða flutt á skipsfjöl til útflutnings. Vatnsskattur samkv. 10. gr. fellur í gjalddaga mánaðarlega eftir á, eða þegar verksmiðjureksturinn hættir ár hvert. Vatnsskattur samkv. 12. gr. fellur í gjalddaga þegar krafizt er.

14. gr.

Heimilt er bæjarstjórn, fyrir eitt ár í senn, að hækka eða lækka vatnsskattinn um allt að 50%.

15. gr.

Hver sá, er verður sannur að sök um að taka vatn án heimildar eða á annan hátt en ráð er fyrir gert, í þeim tilgangi að losna við að greiða lögmæt gjöld fyrir, skal sæta sektum, nema þyngri refsing liggji við samkvæmt hegningarlögunum. Auk þess er honum skylt að greiða fyrir vatnið eftir mati vatnsveitustjóra.

16. gr.

Hver, sem skemmir eða saurgar vatnsæðar vatnsveitunnar, vatnsþróna, brunahana eða önnur mannvirki, sem heyra vatnsveitunni til, skal greiða fullar bætur samkv. mati tveggja dómkvaddra manna, og sæta sektum.

17. gr.

Vatnsveitustjóra og öðrum starfsmönnum vatnsveitunnar er heimilt að fara um hús manna, þar sem vatnsæðar liggja, til athugunar og aðgerðar. Ef útbúnaði er að einhverju leyti ábótavant skal tafarlaust bæta úr því á kostnað húseiganda.

18. gr.

Brot á reglugerð þessari varðar sektum allt að 500 kr. Með mál út af brotum á reglugerð þessari skal farið sem almenn lögreglumál.

19. gr.

Reglugerðin öðlast þegar gildi.

20. gr.

Með reglugerð þessari er úr gildi felld reglugerð um niðurjöfnun og innheimtu vatnsskatts í Siglufjarðarkaupstað frá 28. júlí 1931, ásamt öllum breytingum, sem á henni hafa verið gerðar.

Reglugerð þessi, sem bæjarstjórn Siglufjarðarkaupstaðar hefur samið og samþykkt, staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum, nr. 15 20. júní 1923, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

*Félagsmálaráðuneytið, 25. júlí 1941.*

**Stefán Jóh. Stefánsson.**

*Páll Pálmason.*

Staðfesting ríkisstjóra Íslands á skipulagsskrá fyrir „Gjafasjóð Guðna Brynjólfssonar“, útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dóms- og kirkjumálaráð- 1. ágúst herra 1. ágúst 1941.

Skipulagsskráin er þannig:

## SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Gjafasjóð Guðna Brynjólfssonar.

### 1. gr.

Sjóðurinn er stofnaður samkvæmt gjöf Guðna Brynjólfssonar, og er 1. janúar 1941 að upphæð kr. 3158.65.

### 2. gr.

Tilgangur sjóðsins er að styrkja sjúklinga á Vífilsstaðahæli, og til að styrkja þurfandi sjúklinga, er þeir útskrifast af hælínu.

### 3. gr.

Sjóðurinn skal ávaxtaður í Söfnunarsjóði Íslands, Landsbanka Íslands, eða á öðrum jafntryggum stað, á þann hátt, er arðvænlegast þykir.

Árlega leggist  $\frac{1}{4}$  hluti vaxta við höfuðstólinn, en  $\frac{3}{4}$  hlutum sé úthlutað til sjúklinga Vífilsstaðahælis, og skal að minnsta kosti helming þess fjár úthlutað í júní- eða júlímánuði ár hvert.

### 4. gr.

Stjórn sjóðsins skipa 3 menn: Yfirlæknir hælisisins, einn skipaður af dóms- og kirkjumálaráðuneytinu og formaður félagsins „Sjálfsvörn“ á Vífilsstöðum. Hætti félagið „Sjálfsvörn“ störfum, kjósa sjúklingar einn mann úr sínum hópi í stjórn sjóðsins.

### 5. gr.

Stjórn sjóðsins ber að halda gerðabók fyrir sjóðinn, og færa í hana skipulagsskrá, fundarsamþykktir og annað, sem varðar hag og rekstur sjóðsins. Sjóðstjórninni ber enn fremur að halda bók yfir eignir sjóðsins, tekjur hans og gjöld, og færa í hana ársreikninga sjóðsins.

### 6. gr.

Sjóðurinn stendur undir umsjón dóms- og kirkjumálaráðuneytisins. Skipar ráðuneytið ár hvert 2 endurskoðendur, úrskurðar reikninga sjóðsins, og gerir allar nauðsynlegar ráðstafanir til þess að úrskurði þess sé framfylgt.

Reikningsár sjóðsins er almanaksárið. Stjórn sjóðsins skal árlega birta reikning hans í Lögbirtingablaðinu.

### 7. gr.

Nú verður Vífilsstaðahæli lagt niður, eða hættir að starfa sem berklahæli, og ráðstafar þá dóms- og kirkjumálaráðuneytið sjóðnum, í sem fyllstu samræmi við vilja stofnandans.

### 8. gr.

Leita skal staðfestingar á skipulagsskrá þessari, og hún birt í B-deild Stjórnartíðindanna.

- 133 Staðfesting ríkisstjóra Íslands á skipulagsskrá fyrir „Gjafasjóð Lenu Brandson“,  
1. ágúst útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dóms- og kirkjumálaráðherra 1. ágúst  
1941.

Skipulagsskráin er þannig:

## SKIPULAGSSKRÁ

### fyrir Gjafasjóð Lenu Brandson.

#### 1. gr.

Sjóðurinn er stofnaður samkvæmt gjöf Lenu Brandson, og er 1. janúar 1941 að upphæð kr. 11424.09.

#### 2. gr.

Tilgangur sjóðsins er að gleðja sjúklinga með jólagjöfum.

#### 3. gr.

Sjóðurinn skal ávaxtaður í Söfnunarsjóði Íslands, Landsbanka Íslands, eða á öðrum jafntryggum stað, á þann hátt, er arðvænlegast þykir.

Árlega leggist helmingur vaxta við höfuðstólinn. Hinum helmingnum skal varið til jólagjafa handa börnum á Vífilsstaðahæli.

#### 4. gr.

Stjórn sjóðsins skipa 3 menn: Yfirlæknir hælisis, einn skipaður af dóms- og kirkjumálaráðuneytinu og formaður félagsins „Sjálfsvörn“ á Vífilsstöðum. Hætti félagið „Sjálfsvörn“ störfum, kjósa sjúklingar einn mann úr sínum hópi í stjórn sjóðsins.

#### 5. gr.

Stjórn sjóðsins ber að halda gerðabók fyrir sjóðinn, og færa í hana skipulagsskrá, fundarsamþykktir, og annað, sem varðar hag og rekstur sjóðsins. Sjóðstjórninni ber enn fremur að halda bók yfir eignir sjóðsins, tekjur hans og gjöld, og færa í hana ársreikninga sjóðsins.

#### 6. gr.

Sjóðurinn stendur undir umsjón dóms- og kirkjumálaráðuneytisins. Skipar ráðuneytið ár hvert 2 endurskoðendur, úrskurðar reikninga sjóðsins, og gerir allar nauðsynlegar ráðstafanir til þess að úrskurði þess sé framfylgt.

Reikningsár sjóðsins er almanaksárið. Stjórn sjóðsins skal árlega birta reikning hans í Lögbirtingablaðinu.

#### 7. gr.

Nú verður Vífilsstaðahæli lagt niður, eða hættir að starfa sem berklahæli, og ráðstafar þá dóms- og kirkjumálaráðuneytið sjóðnum í sem fyllstu samræmi við vilja stofnandans.

#### 8. gr.

Leita skal staðfestingar á skipulagsskrá þessari, og hún birt í B-deild Stjórnartíðindanna.

**Staðfesting ríkisstjóra Íslands á skipulagsskrá fyrir „Gjafasjóð Sigurðar Erlendssonar“**, útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dóms- og kirkjumálaráðherra 1. ágúst 1941.

Skipulagsskráin er þannig:

## SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Gjafasjóð Sigurðar Erlendssonar.

### 1. gr.

Sjóðurinn er stofnaður samkvæmt gjöf Sigurðar Erlendssonar, og er 1. janúar 1941 að upphæð kr. 20794.31.

### 2. gr.

Tilgangur sjóðsins er að styrkja sjúklinga á Vífilsstaðahæli, og til að styrkja þurfandi sjúklinga, er þeir útskrifast af hælínu.

### 3. gr.

Sjóðurinn skal ávaxtaður í Söfnunarsjóði Íslands, Landsbanka Íslands, eða á öðrum jafntryggum stað, á þann hátt, er arðvænlegast þykir.

Árlega leggist  $\frac{1}{4}$  hluti vaxta við höfuðstólinn, en  $\frac{3}{4}$  hlutum sé úthlutað til sjúklinga á Vífilsstaðahæli, og skal að minnsta kosti helming þess fjár úthlutað í júní- eða júlímánuði ár hvert.

### 4. gr.

Stjórn sjóðsins skipa 3 menn: Yfirlæknir hælisins, einn skipaður af dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, og formaður félagsins „Sjálfsvörn“ á Vífilsstöðum. Hætti félagið „Sjálfsvörn“ störfum, kjósa sjúklingar einn mann úr sínum hópi í stjórn sjóðsins.

### 5. gr.

Stjórn sjóðsins ber að halda gerðabók fyrir sjóðinn, og færa í hana skipulagsskrá, fundarsamþykktir og annað, sem varðar hag og rekstur sjóðsins. Sjóðstjórninni ber enn fremur að halda bók yfir reikninga sjóðsins.

### 6. gr.

Sjóðurinn stendur undir umsjón dóms- og kirkjumálaráðuneytisins. Skipar ráðuneytið ár hvert 2 endurskoðendur, úrskurðar reikninga sjóðsins, og gerir allar nauðsynlegar ráðstafanir til þess að úrskurði þess sé framfylgt.

Reikningsár sjóðsins er almanaksárið. Stjórn sjóðsins skal árlega birta reikninga hans í Lögbirtingablaðinu.

### 7. gr.

Nú verður Vífilsstaðahæli lagt niður, eða hættir að starfa sem berklahæli, og ráðstafar þá dóms- og kirkjumálaráðuneytið sjóðnum, í sem fyllstu samræmi við vilja stofnandans.

### 8. gr.

Leita skal staðfestingar á skipulagsskrá þessari, og hún birt í B-deild Stjórnartíðindanna.

135 Staðfesting ríkisstjóra Íslands á skipulagsskrá fyrir „Gjafasjóð G. Aubertin“,  
1. ágúst útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dóms- og kirkjumálaráðherra 1. ágúst  
1941.

Skipulagsskráin er þannig:

## SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Gjafasjóð G. Aubertin.

### 1. gr.

Sjóðurinn er stofnaður samkvæmt gjöf G. Aubertin, og er 1. janúar 1941 að upphæð kr. 5860.88.

### 2. gr.

Tilgangur sjóðsins er að styrkja sjúklinga á Vífilsstaðahæli og til að styrkja þurfandi sjúklinga, er þeir útskrifast af hælínu.

### 3. gr.

Sjóðurinn skal ávaxtaður í Söfnunarsjóði Íslands, Landsbanka Íslands, eða á öðrum jafntryggum stað, á þann hátt, er arðvænlegast þykir.

Árlega leggist  $\frac{1}{4}$  hluti vaxta við höfuðstólinn, en  $\frac{3}{4}$  hlutum sé úthlutað til sjúklinga Vífilsstaðahælis, og skal að minnsta kosti helming þess fjár úthlutað í júní- eða júlímánuði ár hvert.

### 4. gr.

Stjórn sjóðsins skipa 3 menn: Yfirlæknir hælisis, einn skipaður af dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, og formaður félagsins „Sjálfsvörn“ á Vífilsstöðum. Hætti félagið „Sjálfsvörn“ störfum, kjósa sjúklingar einn mann úr sínum hópi í stjórn sjóðsins.

### 5. gr.

Stjórn sjóðsins ber að halda gerðabók fyrir sjóðinn, og færa í hana skipulags- skrá, fundarsamþykktir og annað, sem varðar hag og eignir sjóðsins, tekjur hans og gjöld, og færa í hana ársreikninga sjóðsins.

Reikningur sjóðsins er almanaksárið.

### 6. gr.

Sjóðurinn stendur undir umsjón dóms- og kirkjumálaráðuneytisins. Skipar ráðuneytið ár hvert 2 endurskoðendur, úrskurðar reikninga sjóðsins, og gerir allar nauðsynlegar ráðstafanir til þess að úrskurði þess sé framfylgt.

### 7. gr.

Nú verður Vífilsstaðahæli lagt niður, eða hættir að starfa sem berklahæli, og ráðstafar þá dóms- og kirkjumálaráðuneytið sjóðnum í sem fyllstu samræmi við vilja stofnandans.

### 8. gr.

Leita skal staðfestingar á skipulagsskrá þessari, og hún birt í B-deild Stjórnar- tíðindanna.

Staðfesting ríkisstjóra Íslands á skipulagsskrá fyrir „Barnaeildarsjóð Vífilsstaða“, útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dóms- og kirkjumálaráðherra 1. ágúst 1941. 136

Skipulagsskráin er þannig:

## SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Barnaeildarsjóð Vífilsstaða.

### 1. gr.

Sjóðurinn er stofnaður samkvæmt gjöf ónafngreinds barnavinar, og er 1. janúar 1941 að upphæð kr. 332.99.

### 2. gr.

Tilgangur sjóðsins er að styrkja sjúklinga á Vífilsstaðahæli, innan 16 ára aldurs.

### 3. gr.

Sjóðurinn skal ávaxtaður í Söfnunarsjóði Íslands, Landsbanka Íslands, eða á öðrum jafn tryggum stað, á þann hátt, er arðvænlegast þykir.

Árlega leggist  $\frac{1}{4}$  hluti vaxta við höfuðstólinn, en  $\frac{3}{4}$  hlutum sé úthlutað til sjúklinga Vífilsstaðahælis, og skal að minnsta kosti helming þess fjár úthlutað í júní- eða júlímánuði ár hvert.

### 4. gr.

Stjórn sjóðsins skipa 3 menn: Yfirlæknir hælisins, einn skipaður af dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, og formaður félagsins „Sjálfsvörn“ á Vífilsstöðum. Hætti félagið „Sjálfsvörn“ störfum, kjósa sjúklingar einn mann úr sínum hópi í stjórn sjóðsins.

### 5. gr.

Stjórn sjóðsins ber að halda gerðabók fyrir sjóðinn, og færa í hana skipulagsskrá, fundarsamþykktir og annað sem varðar hag og rekstur sjóðsins. Sjóðstjórninni ber enn fremur að halda bók yfir eignir sjóðsins, tekjur hans og gjöld, og færa í hana ársreikninga sjóðsins.

### 6. gr.

Sjóðurinn stendur undir umsjón dóms- og kirkjumálaráðuneytisins. Skipar ráðuneytið ár hvert 2 endurskoðendur, úrskurðar reikninga sjóðsins, og gerir allar nauðsynlegar ráðstafanir til þess að úrskurði þess sé framfylgt.

Reikningsár sjóðsins er almanaksárið. Stjórn sjóðsins skal árlega birta reikning hans í Lögbirtingablaðinu.

### 7. gr.

Nú verður Vífilsstaðahæli lagt niður, eða hættir að starfa sem berklahæli, og ráðstafar þá dóms- og kirkjumálaráðuneytið sjóðnum, í sem fyllstu samræmi við vilja stofnandans.

### 8. gr.

Leita skal staðfestingar á skipulagsskrá þessari, og hún birt í B-deild Stjórnartíðindanna.



- 137 Staðfesting ríkisstjóra Íslands á skipulagsskrá fyrir „Gjöf Þórðar Sigmundssonar“, útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dóms- og kirkjumálaráðherra 1. ágúst 1941.

Skipulagsskráin er þannig:

## SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Gjöf Þórðar Sigmundssonar.

### 1. gr.

Sjóðurinn er stofnaður samkvæmt gjöf Þórðar Sigmundssonar, og er 1. janúar 1941 að upphæð kr. 25174.85

### 2. gr.

Tilgangur sjóðsins er að styrkja sjúklinga á Vífilsstaðahæli, og til að styrkja þurfandi sjúklinga, er þeir útskrifast af hælínu.

### 3. gr.

Sjóðurinn skal ávaxtaður í Söfnunarsjóði Íslands, Landsbanka Íslands eða á öðrum jafntryggum stað, á þann hátt, er arðvænlegast þykir.

Árlega leggist  $\frac{1}{4}$  hluti vaxta við höfuðstólinn, en  $\frac{3}{4}$  hlutum sé úthlutað til sjúklinga Vífilsstaðahælis, og skal að minnsta kosti helming þess fjár úthlutað í júní- eða júlímánuði ár hvert.

### 4. gr.

Stjórn sjóðsins skipa 3 menn: Yfirlæknir hælisis, einn skipaður af dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, og formaður félagsins „Sjálfsvörn“ á Vífilsstöðum. Hætti félagið „Sjálfsvörn“ störfum, kjósa sjúklingar einn mann úr sínum hópi í stjórn sjóðsins.

### 5. gr.

Stjórn sjóðsins ber að halda gerðabók fyrir sjóðinn, og færa í hana skipulagsskrá, fundarsamþykktir og annað, sem varðar hag og rekstur sjóðsins. Sjóðstjórninni ber enn fremur að halda bók yfir eignir sjóðsins, tekjur hans og gjöld, og færa í hana ársreikninga sjóðsins.

### 6. gr.

Sjóðurinn stendur undir umsjón dóms- og kirkjumálaráðuneytisins. Skipar ráðuneytið ár hvert 2 endurskoðendur, úrskurðar reikninga sjóðsins, og gerir allar nauðsynlegar ráðstafanir til þess að úrskurði þess sé framfylgt.

Reikningsár sjóðsins er almanaksárið. Stjórn sjóðsins skal árlega birta reikning hans í Lögbirtingablaðinu.

### 7. gr.

Nú verður Vífilsstaðahæli lagt niður, eða hættir að starfa sem berklahæli, og ráðstafar þá dóms- og kirkjumálaráðuneytið sjóðnum, í sem fyllstu samræmi við vilja stofnandans.

### 8. gr.

Leita skal staðfestingar á skipulagsskrá þessari, og hún birt í B-deild Stjórnartíðindanna.

Staðfesting ríkisstjóra Íslands á viðaukaskipulagsskrá fyrir „Minningarsjóð 138 Jórunnar ljósmóður Jónsdóttur frá Rauðanesi“, útgefin á venjulegan hátt að mandat- 25. júlí um af dóms- og kirkjumálaráðherra 25. júlí 1941.

Skipulagsskráin er þannig:

## VIÐAUKASKIPULAGSSKRÁ

fyrir Minningarsjóð Jórunnar ljósmóður Jónsdóttur frá Rauðanesi.

Samkvæmt samþykkt og ósk kvenfélagsins „Líknaðhöndin“ er hér með gerð þessi viðbótarskipun um meðferð Minningarsjóðs Jórunnar ljósmóður Jónsdóttur frá Rauðanesi og breytist að því leyti skipulagsskrá sjóðs þessa, er staðfest var 21. júní 1928, sbr. Stjórnartíðindi 1928, B-deild nr. 54.

1. gr.

Styrktarfé því, sem úthlutað er úr sjóðnum, skal ávallt skipt í tvo jafna hluta. Skal annar hlutinn ganga til styrktarstarfsemi samkvæmt 3. gr. skipulagsskrárinnar frá 21. júní 1928 í Borgarhreppi, en hinn hlutinn til sams konar styrktarstarfsemi í Borgarneshreppi. Sé eitthvert ár úthlutað hærri styrk í öðrum hreppum en hinum, skal þeim hreppi, er minna fær það árið, geymdur sinn hluti til úthlutunar síðar, svo að fullur jöfnuður náist milli hreppanna.

Guðrún Pétursdóttir,  
formaður.

Elínborg I. Sigurðardóttir,  
gjaldkeri.

Hólmfríður Erlendsdóttir,  
ritari.

Stjórn Jórunnarsjóðsins.

Ragnhildur Erlendsdóttir,  
formaður.

Elínborg I. Sigurðardóttir,  
meðstjórnendur.

Guðfríður Jóhannesdóttir,  
meðstjórnendur.

## REGLUGERÐ

um sjóváttryggingu afla og veiðarfæra.

139

5. ágúst

Samkvæmt lögum nr. 38 27. júní 1941 um breyting á lögum nr. 27 13. jan. 1938, um váttryggingarfélög fyrir vélbáta, eru hér með sett eftirfarandi ákvæði:

1. gr.

Vélbátaábyrgðarfélögum er heimilt að váttryggja afla og veiðarfæri á þeim skipum, sem þau hafa í sjóváttryggingu.

2. gr.

Sá, sem beiðist váttryggingar á afla og veiðarfærum, öðruhvorum eða hvorutveggja, skal gera það skriflega. Beiðninni skal fylgja nákvæm skrá yfir hluti þá, sem beiðst er váttryggingar á, og skal verðleggja hvað fyrir sig, svo sem fiskilínur, dragnætur, botnvörpur, herpinætur, niðristöður og upphöld, nótabáta, spil, bjóð o. s. frv. Afli skal einnig tryggður fyrir tilgreinda upphæð.

139

5. ágúst

Tilgreina skal hvaða dag tryggingin hefst og hvaða dag henni lýkur. Gildir hún frá kl. 12 á hádegi þann dag, er hún hefst, til kl. 12 á miðnætti þann dag, er henni lýkur.

3. gr.

4. gr.

Tryggingin nær aðeins til muna, er farast að fullu, er um algerðan skiptapa er að ræða, og hvort sem það verður af sjóskaða, ásiglingu eða strandi, og skal þá bæta það, sem sannanlega hefur farizt með skipinu. Enn fremur nær tryggingin til sam-eiginlegs sjóttjóns.

5. gr.

Hið vátryggða er tryggt aðeins í því skipi, sem veiðarfærin tilheyra og veitt hefur aflann, sem tryggður var. Tryggingin gildir við fiskveiðar og siglingar við strendur landsins og á höfnum inni.

6. gr.

Vátryggingariðgjöldin ákveðast af vátryggjanda í samráði við Samábyrgð Íslands á fiskiskipum. Þau greiðast fyrirfram um leið og vátryggingar er beiðst.

7. gr.

Vátryggingarféð greiðist þegar er sannað er, að skipið og munirnir hafi farizt. Ef ekki spyrst til skips í 3 mánuði má krefjast vátryggingarfjárins, þó skiptapinn sé eigi sannaður á annan hátt. Komi síðar í ljós, að hið tryggða hefur bjargazt að nokkru eða öllu leyti verður það eign vátryggjenda.

Reglugerð þessi öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni þeim, sem hlut eiga að máli.

*Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 5. ágúst 1941.*

**Ólafur Thors.**

*Vigfús Einarsson.*

140

5. ágúst

## REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð um notkun bátabryggjunnar í Ólafsfirði,  
nr. 138 25. júlí 1939.

1. gr.

7. gr. reglugerðarinnar orðist þannig::

Bryggjugjald greiðist af öllum uppskipuðum og útskipuðum vörum, sem hér segir:

1.	Fyrir hver 50 kg fiskjar (saltaður, pressaður, fryst fiskflök) .....	kr. 0.20
2.	— hver 100 kg fiskjar, blautum upp úr sjó .....	— 0.15
3.	— hverja sildartunnu (fulla) .....	— 0.15
4.	— — — (tóma) .....	— 0.05
5.	— — smálest salts .....	— 1.00
6.	— — — kola .....	— 1.00
7.	— — — sements .....	— 1.00
8.	— — — þurr bein .....	— 1.00
9.	— — — ís .....	— 1.00
10.	— hvert teningsfet timburs .....	— 0.02

11. Fyrir hvert fat af lifur eða lýsi .....	kr. 0.30	140
12. — hverja lýsistunnu .....	— 0.20	5. ágúst
13. — hvert seinoliufat .....	— 0.30	
14. — aðrar aðfluttar vörur: 25 aurar á hver 100 kg, þó ekki minna en 15 aurar á hvert stykki.		
15. — hvern stórgrip .....	— 1.00	
16. — hverja sauðkind eða geit .....	— 0.20	
17. Af hverjum heimilisföstum vélbát, sem að bryggjunni leggur, greiðist af hverri smálest árgjald .....	— 3.00	
Brot úr smálest telst sem heil smálest ef brotið er stærra en ½. Annars skal því sleppt.		
18. Fyrir aðkomuskip, sem ferma eða afferma við bryggjuna, skal greiða auk stykkjagjaldsins í hvert skipti af hverri brúttó-smálest .....	— 0.10	

## 2. gr.

Frá því að reglugerðarbreyting þessi öðlast gildi, skulu innheimt með 50% viðauka öll bryggjugjöld samkvæmt reglugerð um notkun bátabryggjunnar í Ólafsfirði nr. 138 15. júlí 1939, eða síðari reglugerðum um það efni. Þó skal ekki hækkað lestagjald af bátum til bryggjunnar frá því sem nú er.

Sérstök reikningsskil skulu gerð fyrir tekjum bryggjunnar samkvæmt viðauka þessum. Skal tekjum þessum varið til þess að standa straum af kostnaði við hafnarbætur eða hafnarmannvirki í Ólafsfirði eða undirbúning slíkra mannvirkja og má ekki festa þær í öðrum fyrirtækjum hreppsins. Skal ávaxta sjóðinn á tryggum stað.

Reglugerð þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 76 14. nóvember 1917, til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

*Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 5. ágúst 1941.*

**Ólafur Thors.**

*Páll Pálmason.*

Staðfesting ríkisstjóra Íslands á skipulagsskrá fyrir „Minningarsjóð Jóns Lárusar Hanssonar frá Þóreyjarnúpi“, útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dóms- og kirkjumálaráðherra 6. ágúst 1941.

Skipulagsskráin er þannig:

## SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Minningarsjóð Jóns Lárusar Hanssonar frá Þóreyjarnúpi.

## 1. gr.

Jón heitinn Hansson átti hugmyndina að sjóðstofnun þessari, en honum entist ekki líf til þess að koma henni að fullu í framkvæmd, en lét þó eftir sig nokkurt fé í hann. Nú hafa nánustu ættingjar og nokkrir vinir hins látna aukið við og stofnað sjóðinn á 77. afmælisdegi hans, 24. júní 1941.

## 2. gr.

Sjóðurinn heitir Minningarsjóður Jóns Lárusar Hanssonar frá Þóreyjarnúpi.

141  
6. ágúst

3. gr.  
Stofnfé sjóðsins er kr. 1250.00 — tólf hundruð og fimmtíu krónur.

4. gr.  
Sjóðurinn skal ávaxta í tryggum opinberum sjóðum eða í veðdeildarbréfum Landsbanka Íslands.

5. gr.  
Höfuðstól sjóðsins má aldrei skerða. Leggja skal alla vexti við höfuðstólinn þar til þeir nema 500 kr. Þá má veita helming þeirra. Þegar sjóðurinn er orðinn 75000 kr. má veita  $\frac{3}{4}$  vaxtanna. Öllum vöxtum sjóðsins má ekki úthluta fyrr en hann er orðinn 200000 kr.

6. gr.  
Tilgangur sjóðsins er að styrkja efnilega unglunga í Kirkjuhvammshreppi í Vestur-Húnavatnssýslu til náms í alþýðu- og gagnfræðaskólum. Ekki skal styrkur veittur sama unglungi lengur en þrjú ár. Skilyrði fyrir styrkveitingu er að unglingurinn sé að dómi stjórnar sjóðsins góðum námsgáfum gæddur og efnahagur svo þröngur, að hann fái ekki risið undir kostnaði námsins á eigin spýtur. — Ef svo skyldi fara að efnahagur yrði svo góður í hreppnum, að unglingar þyrftu ekki á styrk að halda eða vextir orðnir svo háir, að ekki er þörf á að úthluta þeim öllum til unglunga í lægri skólum, má styrkja einn eða fleiri menn til náms í æðri skólum innan lands og utan.

7. gr.  
Stjórn sjóðsins skipa: Sóknarpresturinn í Melstaðarprestakalli, hreppstjóri, hreppsnefndaroddiviti, sýslunefndarmaður og skólanefndarformaður Kirkjuhvammshrepps og sé hreppstjóri formaður stjórnarinnar. Ef sami maður gegnir tveimur eða fleiri nefndum störfum, kys hreppsnefnd einhvern eða einhverja af bændum hreppsins, svo að stjórnin sé æ skipuð 5 mönnum.

Það er von stofnendanna, að stjórnin láti sér annt um að efla sjóðinn, t. d. með því að hvetja menn til þess að gefa til hans, halda samkomur honum til styrktar o. s. frv.

8. gr.  
Umsóknir um styrk úr sjóðnum sendist formanni stjórnarinnar og fylgi henni barnaskóla-prófvottorð og umsögn kennara um unglinginn. Stjórnin athugar síðan hvort skilyrði 6. gr. fyrir styrkveitingu séu fyrir hendi, því að aldrei má leggja annað til grundvallar styrkveitingu en námsgáfu og efnahag. Ef engin umsókn kemur, eða styrkveiting er synjað, leggjast að sjálfsögðu allir vextir við höfuðstólinn.

9. gr.  
Stjórn sjóðsins ber að halda gerðabók fyrir sjóðinn og færa í hann skipulagskrána, fundarsamþykktir, umsóknir um styrk úr sjóðnum, styrkveitingar og annað, sem varðar hag og rekstur sjóðsins. Stjórninni ber enn fremur að færa bók yfir eignir sjóðsins, tekjur og gjöld hans og færa í hana ársreikninga sjóðsins.

10. gr.  
Stjórn sjóðsins ber að varðveita verðbréf sjóðsins, bækur hans og önnur skilríki á tryggum og eldtraustum stað.

11. gr.  
Reikningsár sjóðsins skal vera almanaksárið.

## 12. gr.

Ársreikning sjóðsins skal birta í Lögbirtingablaðinu.

## 13. gr.

Leita skal staðfestingar ríkisstjóra á skipulagsskrá þessari.

## 14. gr.

Skipulagsskráin óskast birt í B-deild Stjórnartíðindanna.

141

6. ágúst

Staðfesting ríkisstjóra Íslands á skipulagsskrá fyrir „Skógræktarsjóð Ásbyrgis“, 142  
úttefin á venjulegan hátt að mandatum af dóms- og kirkjumálaráðherra 6. ágúst 1941. 6. ágúst  
Skipulagsskráin er þannig:

## SKIPULAGSSKRÁ

### fyrir Skógræktarsjóð Ásbyrgis.

## 1. gr.

Sjóðurinn heitir Skógræktarsjóður Ásbyrgis.

## 2. gr.

Sjóðurinn er stofnaður af sýslunefnd Norður-Þingeyjarsýslu 17. júní 1940 með kr. 300.00, er greiddist á næstu þrem árum úr sýslusjóði.

## 3. gr.

Tilgangur sjóðsins er að efla skógrækt í Ásbyrgi. Skulu allar tilraunir, er að því lúta, gerðar í samráði við skógræktarstjóra ríkisins.

## 4. gr.

Höfuðstól sjóðsins má aldrei skerða og skulu vextir leggjast við hann óskiptir þar til sjóðurinn er orðinn kr. 10000.00. Eftir það má stjórn sjóðsins verja árlega allt að  $\frac{3}{4}$  vaxtanna til skógræktar í Ásbyrgi.

## 5. gr.

Tekjur sjóðsins eru:

- a. vextir af höfuðstól;
- b. hvers konar gjafir, áheiti og tillög, sem sjóðnum kann að hlotnast.

## 6. gr.

Handbært fé sjóðsins skal ávaxta í Sparisjóði Norður-Þingeyinga eða annarri jafn tryggri lánsstofnun.

## 7. gr.

Stjórn sjóðsins hafa á hendi: umsjónarmaður Ásbyrgis og tveir menn, er sýslunefnd kys til fjöggra ára í senn. Í fyrsta sinn er kosning fer fram, skal þó annar fulltrúinn aðeins kosinn til tveggja ára og fari kosning síðan fram á einum fulltrúa á tveggja ára fresti. Stjórn sjóðsins geymir sparisjóðsbók sjóðsins og verðbréf og gerir árlega reikningsskil. Skulu reikningar sjóðsins endurskoðaðir af endurskoðanda sýslunnar og lagðir fyrir aðalfund sýslunefndar ár hvert til samþykktar.

142

6. ágúst

Ákvæðum skipulagsskrár þessarar má breyta ef  $\frac{3}{4}$  sýslunefndarmanna Norður-Þingeyinga á aðalfundi samþykkja breytinguna. 1.—3. grein skulu þó ávallt haldast óbreyttar.

Þannig samþ. á aðalfundi sýslunefndar Norður-Þingeyjarsýslu 14. júlí 1941.

J. Havsteen,

sýslumaður í Þingeyjarsýslu.

143

7. ágúst

Staðfesting ríkisstjóra Íslands á skipulagsskrá fyrir „Minningarsjóð Benedikts Blöndal á Hallormsstað“, útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dóms- og kirkjumálaráðherra 7. ágúst 1941.

Skipulagsskráin er þannig:

## SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Minningarsjóð Benedikts Blöndal á Hallormsstað.

### 1. gr.

Sjóðurinn heitir Minningarsjóður Benedikts Blöndal.

Stofnendur sjóðsins eru:

Kaupfélag Héraðsbúa á Reyðarfirði, Búnaðarsamband Austurlands og búnaðarfélagin á sambandssvæðinu.

Sjóðurinn er stofnaður á aðalfundum Kaupfélags Héraðsbúa og Búnaðarsambands Austurlands árið 1939, dánarári Benedikts Blöndals.

Stofnfé sjóðsins er 3000 krónur frá Kaupfélagi Héraðsbúa, 1000 krónur frá Búnaðarsambandi Austurlands og 2000 krónur frá búnaðarfélagunum, samtals 6000 krónur.

Stofnendur sjóðsins fólu forstöðukonu Húsmæðraskólans á Hallormsstað, skólaráði þess skóla, framkvæmdarstjóra Kaupfélags Héraðsbúa og formanni Búnaðarsambands Austurlands að ákveða sjóðnum verkefni, er væri í anda Benedikts Blöndal og geymdi sem bezt minningu hans.

### 2. gr.

Sjóðurinn er afhentur Húsmæðraskólanum á Hallormsstað til fullrar eignar og umráða innan þeirra takmarka, sem skipulagsskrá þessi ákveður.

Sjóðurinn er afhentur í peningum.

Hann skal ávaxta á öruggan hátt, svo sem stjórn hans telur hagkvæmast.

Höfuðstól sjóðsins má aldrei skerða.

Næstu 10 árin skal  $\frac{1}{4}$  vaxtanna árlega lagður við höfuðstólinn.

Að 10 árum liðnum skal skipulagsskráin endurskoðuð og þá ákveðin meðferð höfuðstóls og vaxta eftir því, sem henta þykir, sjá þó 3. gr. Skal skipulagsskráin endurskoðuð af sömu aðilum er sömdu hana.

### 3. gr.

Starfsvið sjóðsins skal ávallt vera að prýða, rækta og bæta umhverfi Húsmæðraskólans á Hallormsstað.

Árlega skal verja  $\frac{3}{4}$  vaxta sjóðsins á þenna hátt næstu 10 árin (sjá 2. gr.).

Fyrsta vaxtaúthlutun fer fram árið 1941 af vöxtum sjóðsins fyrir árið 1940.

## 4. gr.

Skólaráð Húsmæðraskólans á Hallormsstað hefur á hendi yfirstjórn sjóðsins, en að öðru leyti hefur forstöðukona skólans ráðsmennsku hans og reikningshald á hendi.

## 5. gr.

Verði Húsmæðraskólinn á Hallormsstað lagður niður, skal stjórn skólans, um leið og búi hans verður ráðstafað, ákveða sjóðnum verksvið, er sé til eflingar ræktun og menningarmálum á Fljótsdalshéraði.

## 6. gr.

Leita skal konunglegrar staðfestingar á skipulagsskrá þessari.

**Staðfesting ríkisstjóra Íslands á skipulagsskrá fyrir „Gjafasjóð Sigríðar Ásgeirs- dóttur“, útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dóms- og kirkjumálaráðherra 1. ágúst 1941.**

Skipulagsskráin er þannig:

## SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Gjafasjóð Sigríðar Ásgeirsdóttur.

## 1. gr.

Sjóðurinn er stofnaður samkvæmt gjöf Sigríðar Ásgeirsdóttur, og er 1. janúar 1941 að upphæð kr. 3691.14.

## 2. gr.

Tilgangur sjóðsins er að styrkja sjúklinga á Vífilsstaðahæli, og til þess að styrkja þurfandi sjúklinga, er þeir útskrifast af hælínu.

## 3. gr.

Sjóðurinn skal ávaxtaður í Söfnunarsjóði Íslands, Landsbanka Íslands, eða á öðrum jafntryggum stað, á þann hátt, er arðvænlegast þykir.

Árlega leggist  $\frac{1}{4}$  hluti vaxta við höfuðstólinn, en  $\frac{3}{4}$  hlutum sé úthlutað til sjúklinga Vífilsstaðahælis, og skal að minnsta kosti helming þess fjár úthlutað í júní- eða júlímánuði ár hvert.

## 4. gr.

Stjórn sjóðsins skipa 3 menn: Yfirlæknir hælisisins, einn skipaður af dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, og formaður félagsins „Sjálfsvörn“ á Vífilsstöðum. Hætti félagið „Sjálfsvörn“ störfum, kjósa sjúklingar einn mann úr sínum hópi í stjórn sjóðsins.

## 5. gr.

Stjórn sjóðsins ber að halda gerðabók fyrir sjóðinn, og færa í hana skipulagsskrá, fundarsamþykktir, og annað, sem varðar hag og rekstur sjóðsins. Sjóðstjórninni ber enn fremur að halda bók yfir eignir sjóðsins, tekjur hans og gjöld, og færa í hana ársreikninga sjóðsins.

## 6. gr.

Sjóðurinn stendur undir umsjón dóms- og kirkjumálaráðuneytisins, er skipar 2 endurskoðendur, úrskurðar reikninga sjóðsins og gerir allar nauðsynlegar ráðstafanir til þess að úrskurði þess sé framfylgt.



- 144 Reikningsár sjóðsins er almanaksárið. Stjórn sjóðsins skal árlega birta reikning hans í Lögbirtingablaðinu.

7. gr.

Nú verður Vífilsstaðahæli lagt niður, eða hættir að starfa sem berklahæli, og ráðstafar þá dóms- og kirkjumálaráðuneytið sjóðnum í sem fyllstu samræmi við vilja stofnandans.

8. gr.

Leita skal staðfestingar á skipulagsskrá þessari og hún birt í B-deild Stjórnartíðindanna.

- 145 Staðfesting ríkisstjóra Íslands á skipulagsskrá fyrir „Afmælisgjöf styrktarsjóðs verzlunarmanna á Ísafirði“, útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dóms- og kirkjumálaráðherra 7. ágúst 1941.
7. ágúst
- Skipulagsskráin er þannig:

## SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Afmælisgjöf styrktarsjóðs verzlunarmanna á Ísafirði.

1. gr.

Heiti sjóðsins skal vera: Afmælisgjöf styrktarsjóðs verzlunarmanna á Ísafirði.

2. gr.

Stofnfé sjóðsins er 10000 — tíu þúsund — króna gjöf frá Styrktarsjóði verzlunarmanna á Ísafirði til Háskóla Íslands. Sjóður þessi er gefinn til að minnast hálfrair aldar afmælis félagsins 29. nóvember 1940.

3. gr.

Tilgangur sjóðsins er að styrkja námsmenn frá Ísafirði, er stunda nám við væntanlega viðskipta- eða verzlunarmáladeild Háskóla Íslands. Í lögum Styrktarsjóðs verzlunarmanna á Ísafirði segir, að tilgangur félagsins sé m. a. að styrkja sameiginleg velferðarmál félagsmanna og að þeim tilgangi hyggist félagið m. a. að ná með því, að veita efnilegum félagsmönnum, eða þeim, er þeir hafa á framfæri sínu, styrk til náms, aðallega verzlunarnáms við frjálsa verzlunarskóla.

Félagið telur að óeðlileg höft, hvort sem þau eru af hálfu ríkisvaldsins eða annars, séu verzlun landsmanna og þar með þjóðinni til tjóns og vill í samræmi við anda laga sinna leggja áherzlu á, að fé þessu sé varið til styrktar námsmönnum, er með námi sínu hafa þann tilgang að gera sig hæfari einstaklinga til að efla frjálsa verzlun eða til að starfa að slíkri verzlun.

4. gr.

Fé sjóðsins skal vaxtað á hinn tryggilegasta hátt, annaðhvort á sama hátt og fé ófjárráða eða í skuldabréfum með ríkistryggingu.

5. gr.

Sjóðurinn skal vera í vörslum Háskóla Íslands og skal háskólaráð veita úr honum fé eftir tillögum stjórnar þeirrar deildar, er viðskipta- eða verzlunarmálanám heyrir undir. Þar til slík deild verður stofnuð, skulu vextir lagðir við höfuðstólinn.

## 6. gr.

Úr sjóðnum má veita árlega  $\frac{3}{5}$  — þrjá fimmtu hluta — af vaxtatekjum hans. Svo er til ætlast að styrkur sá, er nemandanna er veittur úr sjóði þessum, verði. er stundir líða, það riflegur að nemandann muni verulega um hann. Fyrir því skal styrkur fyrst um sinn aðeins veittur einum nemandanna á ári, eða þar til upphæð sú, er veita má, nemur 1000 — eitt þúsund — krónum. Eftir það má veita fleiri nemendum styrk, en þó svo, að aldrei fái einn nemandi lægri styrk en 800 — átta hundruð — krónur á ári. Heimilt skal að auka sjóðinn með gjöfum eða á annan hátt.

145

7. ágúst

## 7. gr.

Aðnjótandi styrks úr sjóðnum geta aðeins orðið þeir, er annaðhvort eru fæddir eða uppaldir á Ísafirði. Líði þó svo fimm ár, eftir að veita má úr sjóðnum, að enginn styrkhæfur nemandi frá Ísafirði stundi nám við háskólann, má veita um þriggja ára bil styrk nemandanna, sem fæddur er eða uppalinn í Ísafjarðarsýslum. Sé að þeim þremur árum liðnum enginn styrkhæfur nemandi frá Ísafirði við háskólann, skulu líða þrjú ár svo að ekki sé veitt úr sjóðnum, en að þeim tíma liðnum má á sama hátt veita styrk námsmanni frá Ísafjarðarsýslum, og svo áfram með þriggja ára millibili.

## 8. gr.

Standi sérstaklega á, svo sem að enginn styrkhæfur nemandi sé á þeim tíma í háskólanum eða að stjórn sjóðsins telji mjög æskilegt að styrkja til framhaldsnámsmann, er fæddur er eða uppalinn í Ísafirði eða Ísafjarðarsýslum og lokið hefur námi í viðskipta- eða verzlunarmáladeild háskólans, þá skal heimilt að veita slíkum manni styrk um 1—2 ára skeið til framhaldsnáms erlendis.

## 9. gr.

Leggist Háskóli Íslands niður sem sérstök stofnun eða verði deild, sem nám í viðskipta- eða verzlunarfræðum heyrir undir, ekki stofnuð fyrir árið 1965, eða verði slík deild lögð niður eftir að hafa starfað nokkuð, þá skal fé sjóðsins renna aftur til gefandans, Styrktarsjóðs verzlunarmanna á Ísafirði, verði það félag enn starfandi. Verði félagið ekki þá til, skal bæjarstjórn Ísafjarðar ákveða hvernig vöxtum úr sjóðnum skuli varið til þess að styrkja námsmenn í verzlunarskólum á Íslandi eða erlendis, er húa sig undir sjálfstæð verzlunar- eða viðskiptastörf og skal, eftir því, sem við verður komið, farið eftir reglum þeim um styrkveitingar, er greindar hafa verið.

## 10. gr.

Reikningar sjóðsins skulu birtir í Árbók háskólans eða Stjórnartíðindum, ekki sjaldnar en á fimm ára fresti.

## 11. gr.

Leita skal konungsstaðfestingar á skipulagsskrá þessari.

**L Ö G R E G L U S A M Þ Y K K T**

fyrir Kjósarsýslu.

**I. KAFLI.****Um reglu og velsæmi á almannafæri.****1. gr.**

Á almannafæri mega upptot og óspektir ekki eiga sér stað. Ekki mega menn safnast saman á almannafæri, svo að til tálmunar sé fyrir umferð.

Þegar talað er um almannafæri í samþykkt þessari, er átt við götur, vegi og svæði, sem almenningur fer um eða ætluð eru til almennings afnota, svo sem leikvelli, torg, bryggjur o. s. frv.

**2. gr.**

Þegar fjölmenni safnast saman á almannafæri, þar á meðal við dyr sölubúða eða samkomuhúsa eða annars staðar, þar sem almenningur kemur saman, skulu menn haga sér eftir þeim fyrirmælum, sem lögreglan setur til þess að varðveita góða reglu.

**3. gr.**

Allir, sem fara um götur og vegi sýslunnar, hvort heldur er gangandi, riðandi, á vagni, í bifreið, á hjólum eða öðrum fararkosti, skulu, þá er þeir mæta einhverjum, eða einhver vill komast fram fyrir þá, halda sér, gripum sínum og farartækjum á vinstri helmingi vegarins svo nærri götubrún, sem auðið er. Sá, sem vill komast fram fyrir vegfarendur, skal víkja til hægri handar, svo sem nauðsyn krefur. Við vegamót skal, ef þörf gerist, sá biða, sem hefur farartæki á vinstri hönd.

**4. gr.**

Á almannafæri má ekki fljúgast á, æpa eða hafa í frammi annan hávaða, ofsalegt eða móðgandi athæfi, sem raskar allsherjar reglu, ónáða vegfarendur eða þá, sem í nágrenninu búa.

**5. gr.**

Bannað er að hafast að óþörfu nokkuð það að, sem raskar næturró manna, og enginn má að ástæðulausu berja á dyr eða glugga, hringja dyrabjöllu eða aðhafast nokkuð það, er ónáðar eða móðgar húsbúendur.

**6. gr.**

Á fjölförnum götum og vegum er bannað að leika nokkra þá leiki, er hindrað geta umferð eða hætta getur stafað af. Sömuleiðis er bannað að hanga utan á vögnum, sleðum eða bifreiðum, sem eru á ferð um götur eða vegi, eða festa við þessi farartæki sleða, handvagna eða annað, sem til óþæginda getur orðið.

**7. gr.**

Ekki má skjóta úr byssu, riffli eða skammybyssu, af boga eða öðrum skotvopnum, á eða yfir fjölfarnar götur og vegi, né heldur kveikja þar í púðri, olíu, benzíni eða öðrum eldfimum efnum eða sprengiefnum. Eigi má heldur kasta á götur eða vegi glerbrotum, sorpi, slori eða nokkru öðru því, er til tjóns eða óþæginda getur orðið fyrir umfarendur. Nauðsynlegar sprengingar við eða nálægt almannafæri má aðeins gera með leyfi lögreglustjóra og skal ætíð er um slíkt leyfi er sótt, tilgreina hver framkvæmi verkið og ber bæði verkstjóri og sá, sem verkið er unnið

fyrir, ábyrgð á, að allrar varúðar sé gætt. Sprengiefni og önnur slík eldfim efni má hvorki geyma í íbúðarhúsum né annars staðar, þar sem hættu getur stafað af. 20. ágúst

## 8. gr.

Enginn má vera dulklæddur á almannaferi, nema hann sé á leið af eða á grimudansleik eða álfadans. Ekki heldur í búningi, sem misbýður velsæmi. Einnig er bannað að hafa í frammi hneykslanlegt athæfi á almannaferi, svo sem með orðum eða látbragði, með því að fletta sig klæðum, eða gera þarfir sínar á hneykslanlegan hátt. Enginn má baða sig eða synda nakinn svo nærri umferð eða manna bústöðum, að hneyksli valdi.

## 9. gr.

Druknum mönnum, sem finnast ósjálfhjarga eða eru með óspektir á almannaferi, skal ráðstafa á tryggilegan hátt, þar til þeir eru komnir til sjálfs sín aftur. Þeim mönnum, sem sökum ölæðis hafa í frammi hávaða eða ósæmilegt athæfi eða látbragð á almannaferi, skal ráðstafa á sama hátt, þar til þeir koma til sjálfs sín aftur og skulu þeir þá enn fremur sæta sektum eftir samþykkt þessari, fyrir röskun á allsherjar friði og reglu, er þeir kunna að hafa valdið með drykkjuæði sínu.

## 10. gr.

Hver sá, sem staddur er á almannaferi, er skyldur til þess að segja til nafns síns ef lögregluvaldið krefst þess.

## 11. gr.

Almenningi er skylt að hlýða öllum skipunum lögregluvaldsins. Ef nauðsyn ber til, getur lögregluvaldið krafist sér til aðstoðar hvern fulltíða karlmann, sem viðstaddur er, til þess að afstýra óreglu eða óspektum bæði á almannaferi og annars staðar, en heimtingu eiga þeir menn, er til slíks eru kvaddir, á fullum bótum úr hreppssjóði fyrir tjóni, er þeir kunna að bíða við það á fatnaði eða limum, en hreppssjóður á kröfu á hendur hinum seku.

## II. KAFLI.

## Ákvarðanir til þess að afstýra tálmunum og hættum fyrir umferð.

## 12. gr.

Enginn ótilskyldur má slökkva né kveikja á götuljósum. Enginn má án leyfis lögregluvaldsins selja vörur eða reka aðra atvinnu á almannaferi. Börnum og unglingum er þó leyfilegt að selja þar fréttablöð, aðgöngumiða, merki og þess háttar, að fengnu samþykki barnaverndarnefndar.

## 13. gr.

Á alfaravegi má ekki leggja eða setja neitt það, er torveldar umferð frekar en nauðsyn krefur. Bifreiðar, vagnar, hjólbörur eða sleðar mega ekki standa á götum eða vegum lengur en nauðsynlegt er til þess að fylla þá eða tæma. Hreppsnefndir hafa, í samráði við lögreglustjóra, heimild til að ákveða, hvar á götum eða torgum vagnar og bifreiðar mega standa. Geta hreppsnefndir, þegar þeim þykir ástæða til þess, sett reglur þar að lútandi.

## 14. gr.

Á alfaravegi má ekki vinna neina þá vinnu, sem tálmar umferð eða gerir hana hættulega. Enginn má gera skurð í götur, alfaravegi eða borg, nema fengið sé þar til leyfi lögregluvaldsins. Þeirra varúðarráðstafana sé þá einnig gætt, að ekki geti af því slys hlotizt, enda verði tafarlaust unnið að endurbótum slíks farartálma.

146

20. ágúst

Verði brýr á vegum í sýslunni, bryggjur eða pallar á almannafæri svo hrörlegt og úr sér gengið, að talist geti að vegfarendum stafi hætta af, þá ber lögreglustjóra að krefjast þess af eigendum mannvirkjanna, að úr sé bætt svo að hættulaust sé.

15. gr.

16. gr.

Allir þeir, sem riða eða aka á almannafæri, skulu gæta allrar varúðar, hægja ferð um vegamót eða þegar farið er fram hjá húshornum eða um skarpar vegabeygjur og einnig varast að tálma ferð annarra vegfarenda. Bifreiðarstjórum og hjólreiðamönnum ber að hafa tendruð ljós á farartækjum sínum frá því að birtu bregður að kvöldi, unz bjart er orðið að morgni, þegar þeir eru á ferð á farartækjunum á þeim tíma. Hjólreiðamönnum ber einnig að hafa bjöllu á hjólum sínum.

17. gr.

Það er bannað að riða eða aka á móti líkfylgdum og skrudgöngum eða fram hjá þeim. Skal annað hvort vikja úr vegi eða nema staðar meðan þær fara fram hjá.

18. gr.

Slökkviliðið er undanskilið umferðarákvæðum þessarar reglugerðar. Allir eru skyldir að vikja úr vegi fyrir því, svo fljótt sem auðið er. Sama er um sjúkravagna.

### III. KAFLI

#### Um friðun almenningsigna og annarra eigna í sýslunni.

19. gr.

Enginn má skemma, lýta eða óhreinka, né á annan hátt spilla almenningsignum, hvort heldur eru vegir, vatnsból, vatnsveitumannvirki, byggingar, rafmagnsáhöld, rafmagnspræðir, ljósker, eða annað það, er ætlað er til almenningsnota. Sama gildir um loftnetaútbúnað einstakra manna.

20. gr.

Enginn má hafast við, án leyfis hlutaðeigandi umráðamanns, á umgirtu svæði eða öðrum stöðum, þar sem gengið er inn í hús eða garða, né fara inn í hús manna í óleyfi.

21. gr.

Enginn má rita, rispa, tjarga, teikna né mála á hús manna eða girðingar nokkuð það, er óprýði, skemmdum eða hneyksli geti valdið. Enginn má heldur skemma girðingar um hús, garða, reiti tún eða önnur mannvirki. Bannað er að klifra yfir girðingar eða fara gegnum þær, nema með leyfi eiganda eða umráðamanns. Enginn má á nokkurn hátt spilla nokkrum eignum í sýslunni, hver sem eigandinn er. Komi slíkt fyrir, skal sá er veldur, bæta fullum bótum þann skaða, er af hlýzt, auk þess sem hann sæti sektum samkvæmt ákvæðum reglugerðar þessarar.

22. gr.

Bönnuð er öll umferð óviðkomandi manna að nauðsynjalausu um lönd í sýslunni annars staðar en þar, sem vegir liggja, nema með leyfi landráðanda. Án leyfis landráðanda má og eigi tjalda né setjast að til verzlunar í sýslunni. Girðingum má eigi spilla né skilja eftir opin hlið, sem lokað verður.

## 23. gr.

146

Enginn óviðkomandi maður má hagnýta eða tileinka sér nokkrar nytjar í löndum né í landhelgi í sýslunni, svo sem beit, berjatöku, egg, veiði fugla eða fiska, tjaldstæði eða annað, án leyfis landráðanda.

## 24. gr.

Öllum er skylt að ganga vel og þrifalega um áningastaði sína og tjaldstæði, eða þar sem þeir á annan hátt koma saman á víðavangi, hvar sem er innan sýslunnar. Ber að ræsta vel og vandlega slíka staði af öllum óhroða og rusli, svo sem dósum, flöskum, bréfum og matarleifum og öðru þvilíku, áður en staðurinn er yfirgefinn, og hylja ruslið í gjótu eða flytja burtu. Flöskur má aldrei brjóta á víðavangi. Bannað er að eyða eða spilla gróðri með lyng- eða hrisrifi eða á annan hátt.

## 25. gr.

Um rekstur búpenings til afrétta, hirðingu hans og fjallskil, fer eftir ákvæðum fjallskilamálareglugerðar fyrir Kjósarsýslu, eins og þau nú eru eða síðar kunna að verða.

Að öðru leyti eru allir skyldir að gæta svo sauðfénaðar síns, geitpenings, hrossa og annarra gripa og alifugla, að ekki gangi og valdi skemmdum á varplöndum, engjum, túnum, ökrum og matjurtagörðum annarra. Bæti eigandi eða umráðamaður peningsins skaða þann, er slíkur ágangur kann að valda, eftir því hvort eignar- eða leigupeningur hefur valdið. Um ákvörðun skaðabóta skal fara eftir mati úttektarmanna, nema öðruvísi sé ákveðið í fjallskilareglugerðinni.

## IV. KAFLI

## Um húsabyggingar og önnur mannvirki í sýslunni.

## 26. gr.

Enginn má byggja innan takmarka sýslunnar nokkurs konar hús, hvorki til íbúðar, atvinnu, geymslu eða fyrir skepnur, hvorki á lóðum einstakra manna, hvort sem lóðarhafi vill sjálfur byggja eða annar, né á leigðum lóðum, nema með leyfi hreppsnefndar og eftir fyrirætlum hennar. Sama gildir um fiskreiti, girðingar og önnur mannvirki. Þegar byggingarnefnd verður starfandi í hreppnum, falla þessi mál undir starfsvið hennar.

## V. KAFLI

## Um veitingastaði, samkomuhús og skemmtanir.

## 27. gr.

Allir staðir, þar sem höfð eru á hendi almenn veitingasala matar og drykkjar, og gististaðir fyrir almenning, skulu háðir sérstöku eftirliti lögregluvaldsins og skal því heimill gangur um húsakynni þau, sem notuð eru í sambandi við veitingarnar. Á gistihúsum skal haldin nákvæm gestaskrá.

## 28. gr.

Sérhverjum, sem hefur veitingasölu, hverju nafni sem nefnist, er skylt að gera allt, sem í hans valdi stendur, til þess að afstýra því, að nokkuð það fari fram í húsum hans, sem kemur í bága við velsæmi og góða reglu.

## 29. gr.

Á veitingastað má enginn sýna af sér ofsalegt athæfi eða látbragð, hávaða eða nokkra ósæmilega hegðun eða hafa áhættuspil um hönd.

## 146

20. ágúst

**30. gr.** Allir almennir veitingastaðir og somkomustaðir skulu vera lokaðir frá kl. 11 að kvöldi til kl. 6 að morgni og allir gestir, sem ekki eiga náttstað þar, skulu hafa farið út, ekki síðar en hálfri stundu eftir að lokað var. Þó má selja ferðamönnum greiða á hvaða tíma sem er. Heimilt er félögum að halda þar samkvæmi, dansleiki og aðrar skemmtanir, sem ekki eru bundnar við neinn sérstakan lokunartíma, ef ekki taka þátt í þeim aðrir en félagsmenn og gestir þeirra. Sama gildir um brúðkaup og samsæti einstakra manna.

**31. gr.**

Við hvert veitingahús eða almennt samkomuhús skal eigandinn láta gera salerni, sem gestum sé heimilt til notkunar. Skal veitingamaður, húsráðandi eða umsjónarmaður samkomustaðarins sjá um, að því sé ávallt haldið vel hreinu.

**32. gr.**

Vilji nokkur, einstaklingur eða félög, halda almenna samkomu, svo sem dansskemmtun, sjónleiki, söngskemmtun, myndasýningu o. s. frv., er almenningi sé boðið til eða seldur aðgangur, eða til að hafa veitingar á staðnum, skal hann til þess fá leyfi hreppstjóra. Um leið og hreppstjóri veitir slíkt leyfi, ákveður hann gjald fyrir það lögum samkvæmt, er rennur í sveitarsjóð. Leyfishafa er skylt að hlýða þeim fyrirmælum, sem lögregluvaldið setur til þess að varðveita góða reglu, velsæmi og hreinlæti. Honum er skylt að hlýða heilbrigðisfyrirmælum um ræstingu og hreinlæti í húsrúminu, enda skal það ávallt nýræst, er samkoma byrjar og nægileg hrákailát til staðar.

Sé samkomu ætlað að standa fram á nótt (milli kl. 11 að kvöldi til kl. 6 að morgni) skal hreppstjóri því aðeins veita leyfið, að hann treysti umsækjanda til að gæta í hvívetna góðrar reglu og velsæmis á samkomunni, enda hafi umsækjandi á sinn kostnað tryggt sér menn, er hreppstjóra geti verið til aðstoðar við eftirlit í þessu efni allan samkomutímann.

Fari nokkuð fram, er brýtur í bága við góða reglu og velsæmi, er lögregluvaldinu heimilt að slíta slíkri samkomu.

Almennar útisamkomur eru að öllu leyti háðar fyrirmælum þessa kafla, að svo miklu leyti, sem því verður við komið.

**33. gr.**

Sérhverjum, er sjúkling hefur á heimili sínu, er heimilt að fá bannað að almenningar samkomur, sem háreisti geta valdið, séu haldnar svo nærri húsi hans, að hætta geti stafað af vegna ónæðis.

**34. gr.**

Föst kvikmyndahús má ekki starfrækja í sýslunni, nema með leyfi viðkomandi hreppsnefndar og lögreglustjóra og með þeim skilyrðum, sem nefndin tiltekur að því er snertir öryggisútbúnað og loftrými. Hreppsnefndin ákveður, hve mikið gjald skuli greiða í sveitarsjóð fyrir slíkt leyfi annaðhvort árlega eða fyrir hverja sýningu. Leyfi til einstakra kvikmyndasýninga getur hreppsnefndin veitt og ákveður þá um leið gjald fyrir þær til sveitarsjóðs.

Um leið og leyfið yrði veitt til þess að starfrækja kvikmyndahús í sýslunni, skal í leyfinu kveða á um, á hvern hátt verði fyrirbyggt, að nokkrar þær myndir verði sýndar, er brjóta í bág við siðgæði og velsæmi, enda hefur lögregluvaldið fulla heimild til að banna sýningu slíkra mynda.

## VI. KAFLI

## Um almennt hreinlæti og þrifnað.

146

20. ágúst

## 35. gr.

Enginn má á nokkurn hátt saurga eða spilla neyzluvatni manna, hvort heldur er rennandi vatn í ám, lækjum eða lindum, í vatnsleiðslum, þróm eða brunnum. Vatnsból skulu vel varin fyrir öllum óþrifnaði, og þess stranglega gætt, að skólpi eða öðru, er óþrifnaði veldur, sé ekki hellt þannig, að runnið geti að þeim.

Fatahreinsun eða önnur skarnhreinsun má ekki eiga sér stað svo nálægt brunnum, að nokkur hætta sé á, að neyzluvatn saurgist af.

## 36. gr.

Ekki má kasta á almannafæri hræjum, dauðum fiski, matarleifum eða fiskúrgangi. Eigi má heldur láta standa þar stampa, tunnur né önnur ílát með for, grút, slori eða öðrum óþverra, né heldur skilja þar eftir nokkurt sorp, ösku, járnarust, víra, bréf eða nokkuð það, er valdið getur óheilnæmi, óþrifnaði, tálmunum eða óþrýði.

Í ræsi má ekki fleygja neinu því, er stíflað getur vatnsrásina.

## 37. gr.

Þegar for eða slor er flutt um götur og alfaravegi, skal það flutt í heldum ílátum eða vögnum, og skal sá, er flytur, hreinsa upp ef niður á veginn fer. Sama máli gegnir, ef eitthvað annað slæðist eða fellur niður á alfaravegi við flutning, svo að óþrifnaður eða farartálmi geti af stafað, þá skal sá hreinsa allt slíkt burtu, er sök átti á, að niður féll.

## 38. gr.

Sorphauga, áburðarhauga, salerni, forir eða annað því um líkt má eigi hafa í nánd við almannafæri. Safngryfjur, forir og grútarþrær skulu vera þaktar, svo að engan ódaun leggi af þeim, og svo vel umgirtar, að engin hætta geti af þeim stafað fyrir menn eða skepnur. Lifrabræðslu eða aðra vinnu, sem óþrifnaði veldur eða óhollustu, má ekki hafa á öðrum stöðum en þeim, sem viðkomandi hreppsnefnd ákveður.

## 39. gr.

Skylt er lóðar- og húseigendum að hafa hreinlegt og þrifalegt í kringum hús sín, hreinsa burtu sorp og skran, lagfæra rústir, svo að hvorki stafi af þeim hætta né séu til lýta, viðhalda sæmilega girðingum og ástunda í hvívetna þrifnað og góða umgengni.

Enginn má fleygja sorpi, ösku eða öðrum óhreinindum inn á lóð annars manns, eða orsaka að þetta berist þangað. Hver, sem gerist sekur um slíkt, skal sæta sektum og flytja óhreinindin tafarlaust burt á sinn kostnað og gera ráðstafanir til þess að aftra því, að óhreinindin berist af lóð hans á lóð annars manns.

## VII. KAFLI

## Hundahald.

## 40. gr.

Hundar allir í sýslunni skulu bera merki eða mark, er glögglega sýni heimilisfang þeirra, annaðhvort á hálsbandi eða á eyrum (fjármark, ef lítið er). Allir hvatir hundar skulu vera geltir ½ árs eða eldri, nema leyfi til undanþágu sé fengið hjá hreppsnefnd.



146 Ógeltir hundar skulu bera sérstakt, auðsætt merki þess leyfis. Eftir árslok 1941  
20. ágúst skulu aðrir ógeltir og allir ómerktir hundar vera réttlausir í sýslunni.

### VIII. KAFLI

#### Um hegningarákvæði, kostnað, staðgildi samþykktarinnar o. fl.

##### 41. gr.

Með mál, sem rísa út af brotum á samþykkt þessari, skal farið sem almenn lögreglumál.

##### 42. gr.

Brot gegn samþykkt þessari varða sektum allt að 1000 krónum, ef ekki liggur við þyngri hegning að lögum. Ef kenna má yfirsjón, er barn yngra en 14 ára drýgir, skorti á hæfilegri umsjón foreldra eða annarra, sem barninu ganga í foreldra stað, þá skal refsa þeim fyrir yfirsjónina, en ekki barninu.

Hagnaður sá, er sökudólgur kann að hafa haft af broti sínu og enginn einstakur maður á löglega kröfu til, skal upptækur ger og renna í hreppssjóð, auk sekta.

##### 43. gr.

Hreppstjórar skulu, hver í sínum hreppi, hafa gætur á, að fyrirmælum samþykktar þessarar sé hlýtt og ástunda að koma í veg fyrir brot á henni. Komist hreppstjóri að því, að brot sé framið, skal hann jafnskjótt kynna sér málavöxtu og senda lögreglustjóra skýrslu um málið án tafar.

##### 44. gr.

Ef einhver lætur það ógert, sem skylda hans er samkvæmt samþykktinni, má lögregluvaldið láta framkvæma það, eða gera nauðsynlegar ráðstafanir til að hindra, að vanrækslan valdi tjóni. Kostnað, er af þessu leiðir og þeim ráðstöfunum, sem lögregluvaldið gerir til þess að hindra brot gegn samþykktinni, greiðir hreppssjóður, en skyldur er hinn seki að endurgreiða hreppnum kostnaðinn að fullu.

##### 45. gr.

Kostnað, sem leiðir af framkvæmd á samþykkt þessari, er eigi verður krafizt af öðrum, greiðir hreppssjóður hvers sveitarfélags sýslunnar innan takmarka þess.

Leiði kostnað af ráðstöfunum er varða lögsagnarumdæmið í heild, greiðist hann úr sýslusjóði.

Jafnframt því að úr gildi er felld lögreglusamþykkt fyrir Mosfellshrepp frá 29. marz 1932, staðfestist lögreglusamþykkt þessi hér með samkvæmt lögum nr. 107 frá 8. maí 1935, um lögreglusamþykktir utan kaupstaðanna, til þess að öðlast gildi þegar í stað, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

*Í dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 20. ágúst 1941.*

**Hermann Jónasson.**

*Ragnar Bjarkan.*

## AUGLÝSING

147

1. sept.

um breyting á tímaákvörðunum og kærufrestum, er um ræðir í IV. kafla laga nr. 6 9. jan. 1935, um tekjuskatt og eignarskatt.

Samkvæmt heimild í k.-lið 4. gr. laga frá 5. maí 1941, um breyting á lögum nr. 6 9. jan. 1935, um tekjuskatt og eignarskatt, hefur ráðuneytið ákveðið, að tímaákvörðanir og frestir samkvæmt 36., 37. og 38. gr. laga nr. 6 9. jan. 1935 skuli breytast sem hér segir við álagningu tekju- og eignarskatts árið 1941.

### Í Reykjavík.

Kærufrestur til rikisskattanefndar skal vera til 15. september þ. á.

### Utan Reykjavíkur.

Kærufrestur til rikisskattanefndar skal vera til 1. október þ. á.

*Fjármálaráðuneytið, 1. september 1941.*

F. h. r.

Magnús Gíslason.

*Einar Bjarnason.*

## ERINDISBRÉF

148

6. sept.

fyrir bankaráð Búnaðarbanka Íslands.

### 1. gr.

Yfirstjórn bankans er í höndum ráðherra þess, er fer með landbúnaðarmál. Að öðru leyti annast bankaráð og bankastjóri stjórn bankans.

### 2. gr.

Bankaráðið skipar bankastjóra og kemur það þá fyrst til framkvæmda, er núverandi bankastjóri lætur af störfum. Enn fremur skipar það, að fengnum tillögum bankastjóra, bókara og féhirði við aðalbankann og stjórnendur útibúa bankans, setur þeim erindisbréf og vikur þeim frá.

### 3. gr.

Bankaráð skal að jafnaði halda reglulega fundi einu sinni í mánuði, — en annars svo oft sem formaður bankaráðs, meiri hluti bankaráðs eða bankastjóri óskar þess.

Til þess að gerð verði gild ályktun, verða að taka þátt í atkvæðagreiðslu eigi færri en tveir bankaráðsmenn. Þegar jöfn eru atkvæði sker atkvæði formanns úr. Svo skal og vera þegar jöfn eru atkvæði, er bankaráð og bankastjóri gera ályktun um þau mál, sem þeim ber að ráða fram úr sameiginlega.

Bankastjóri á rétt á að sitja fundi bankaráðs, taka þátt í umræðum og bera fram tillögur, nema í málum, er snerta hann sjálfan persónulega.

Á hverjum reglulegum fundi skal bankastjóri leggja fram þau skjöl og skilríki um hag og rekstur bankans, er bankaráð telur nauðsynleg til þess að geta haft fullkomið eftirlit með starfsemi hans.

6. sept.

Bankaráðinu ber auk þess, sem áður segir:

- a. að koma fram fyrir bankans hönd gagnvart dómstólum, yfirvöldum og gagnvart þriðja aðila;
- b. að hafa umsjón og eftirlit með eignum bankans og starfsemi hans, þar á meðal því, að fé bankans, skjöl og bækur sé tryggilega geymt, að húsum bankans sé vel við haldið og að vel sé farið með eignir hans að öðru leyti;
- c. að ákveða laun starfsmanna bankans, að fengnum tillögum bankastjóra. Ráðherra ákveður þó laun hans. Enn fremur skal bankaráð ákveða hversu hátt veð féhirðir skuli setja;
- d. að ákveða hvar bankinn skuli hafa útibú, að fengnum tillögum bankastjóra;
- e. að ákveða ásamt bankastjóra hve mikið af starfsfé bankans skuli bundið í hverri atvinnugrein og setja aðrar almennar reglur um starfrækslu bankans;
- f. að ákveða ásamt bankastjóra almenna innlánsvexti og útlánsvexti;
- g. að taka ákvarðanir ásamt bankastjóra um eftirlit skulda án gjaldþrotaskipta;
- h. að ákveða hverjir starfsmenn bankans skuli ásamt bankastjóra geta skuldbundið bankann. Svo og hverjir starfsmenn bankans geta skuldbundið hann með undirskrift sinni í tilteknum málum, hvort tveggja að fengnum tillögum bankastjóra;
- i. að úrskurða í deilum, er upp kunna að koma milli starfsmanna bankans og bankastjóra;
- j. að ákveða ásamt bankastjóra hvenær bankinn og útibú hans skuli vera opin til afgreiðslu fyrir almenning;
- k. að ákveða hve mikið starfsfé bankans skuli fengið hverju útibúi til umræða, enda komi samþykki bankastjóra til;
- l. að gera ályktanir um þau mál, er bankastjóri leggur fyrir bankaráðið.

## 5. gr.

Bankaráðið ákveður í samráði við bankastjóra hversu hagað skuli bókfærslu og reikningsskilum bankans, og skal séð um að ætíð sé auðvelt að kynna sér hag hans.

## 6. gr.

Bankaráðsmenn skulu undirrita drengskaparheit um það, að þeir skuli ynna störf sín af hendi með árvekni og samvirkusemi og eigi gera neinum óviðkomandi kunnugt um málefni bankans né viðskipti einstakra manna við hann.

Erindisbréf þetta er hér með sett samkvæmt lögum nr. 32 27. júní 1941, um breyting á lögum nr. 31 14. júní 1929, um Búnaðarbanka Íslands og á lögum nr. 20 13. janúar 1938, um breyting á þeim lögum, til þess að öðlast þegar gildi.

*Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 6. september 1941.*

**Hermann Jónasson.**

*Páll Pálmason.*

**AUGLÝSING**

149

6. sept.

um breyting á gjaldskrá fyrir rafveitu Austur-Húnavatnssýslu, frá 31. ágúst. 1940.

Í e.-lið 1. gr. gjaldskrárinnar komi allt að 20%, í stað „10%“.

Gjaldskrárbreyting þessi staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum, nr. 15 20. júní 1923, til þess að öðlast þegar gildi, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

*Félagsmálaráðuneytið, 6. september 1941.*

**Stefán Jóh. Stefánsson.**

*Páll Pálmason.*

**REGLUGERÐ**

150

9. sept.

um gjaldeyrisverzlun.

Samkvæmt heimild í lögum nr. 99 frá 9. júlí 1941 er hér með sett eftirfarandi reglugerð um gjaldeyrisverzlun.

1. gr.

Allir þeir, sem eiga eða eignast erlendan gjaldeyri, á hvern þann hátt sem þeir kunna að hafa eignast hann, eru skyldir að skila honum til Landsbanka Íslands eða Útvegsbanka Íslands h.f. fyrir skráð kaupgengi.

2. gr.

Reglugerð nr. 50 14. júní 1938, um gjaldeyrisverzlun o. fl., og reglugerð um breyting á henni, nr. 71 20. maí 1941, eru áfram í gildi.

3. gr.

Brot gegn 1. gr. reglugerðar þessarar varðar sektum allt að kr. 50000.00, og skal farið með mál út af þeim sem almenn lögglumál.

4. gr.

Reglugerð þessi öðlast þegar gildi.

*Viðskiptamálaráðuneytið, 9. september 1941.*

**Eysteinn Jónsson.**

*Torfi Jóhannsson.*

151  
12. sept.

## AUGLÝSING

### um verðlagsákvæði.

Verðlagsnefnd hefur, samkvæmt heimild í lögum nr. 118 2. júlí 1940, ákveðið hámarksálagningu á vörur þær, er hér segir:

#### Timbur.

1. Allur algengur húsa- og skipaviður, svo sem fura, greni, eik (skipaeik), pitch pine og oregon pine ..... 35 %
2. Krossviður, gabon og masonite ..... 35 %
3. Allur annar viður ..... 40 %
4. Sé viður úr 1. flokki keyptur hingað fullþurrkaður, skal gilda sama álagning, en sé hann þurrkaður hér má reikna 10 % aukaálagningu eða samtals 45 %  
Ef timburverzlun kemur fram sem heildsali gagnvart annarri timburverzlun og þurfi af þeim ástæðum að skipta álagningunni, skulu gilda sömu reglur og birtar eru aftan við 8. gr. byggingarvöruflokks í auglýsingu í 39. tbl. Lögbirtingablaðsins 25. júlí þ. á.

#### Umbúðapappír.

Í heildsölu ..... 14 %

Þetta birtist hér með öllum þeim, er hlut eiga að máli.

*Viðskiptamálaráðuneytið, 12. september 1941.*

**Eysteinn Jónsson.**

*Torfi Jóhannsson.*

152  
12. sept.

## LÖGREGLUSAMÞYKKT

### fyrir Austur-Húnavatnssýslu.

#### I. ÞÁTTUR

Ákvæði, er taka bæði til kaupúna og sveita.

#### I. KAFLI

Um reglur og velsæmi á almannafæri.

##### 1. gr.

Á almannafæri mega uppbot og óspektir ekki eiga sér stað. Ekki mega menn safnast saman á almannafæri, svo að til tálma sé fyrir umferðina. Þegar talað er um almannafæri í samþykkt þessari er átt við götur, vegi og svæði, sem almenn-ingur fer um, eða ætluð eru til almennings afnota, svo sem leikvelli, torg, bryggjur, bólvirki, svo og um veitingastaði, algreiðslustaði bifreiða o. þ. h. Um kvikmynda-hús og önnur samkomuhús, brýr, skeiðvelli og fjárréttir, gilda ákvæði samþykktar þessarar um almannafæri eftir því sem við á.

## 2. gr.

Þegar fjölmenni safnast saman á almannafæri, þar á meðal við dyr kirkna, sölubúða, leikhúsa eða annarra samkomuhúsa eða annars staðar þar, sem almenn-  
ingur kemur saman, skulu menn haga sér eftir þeim fyrirmælum, sem lögreglan  
setur til þess að varðveita góða reglu.

## 3. gr.

Á almannafæri má ekki fljúgast á, æpa, blístra, syngja hátt, eða hafa í frammi  
annan hávaða eða ofsalegt eða móðgandi athæfi, sem raskar allsherjarreglu eða  
ónáðar vegfarendur eða þá, sem búa í nágrenninu.

## 4. gr.

Bannað er að aðhafast, að óþörfu, nokkuð það, sem raskar næturro manna  
og enginn má að ástæðulausu berja á dyr eða glugga, hringja dyrabjöllu eða að-  
hafast neitt það, er ónáðar eða móðgar húsbúendur.

## 5. gr.

Á fjölförnum götum og vegum eða þar, sem hætta getur stafað af, má ekki hafa  
leiki um hönd, ekki gera rennibrautir, renna sér á skautum eða sleðum, eða hafa  
um hönd aðrar skemmtanir, sem hindra umferðina. Sömuleiðis er bannað að hanga  
utan á vögnum, sleðum eða bifreiðum, sem eru á ferð um götur eða vegi, eða festa  
við þá sleða, handvagna eða annað, sem til óþæginda getur orðið.

## 6. gr.

Ekki má skjóta úr byssu, riffli eða skammbyssu, af boga eða öðrum skotvopn-  
um á eða yfir fjölfarnar götur eða vegi né heldur kveikja í púðri, oliu, benzini eða  
öðrum eldfimum efnum eða sprengiefnum og ekki kasta frá sér steinum, glerbrotum,  
snjóköggjum, slori, vatni eða öðru, er tjóni getur valdið eða óþægindum þeim, er um  
fara.

Nauðsynlegar sprengingar við götur, torg eða á almannafæri, má aðeins gera með  
leyfi lögreglustjóra og skal ætíð, þegar sótt er um leyfi til slíks, tilgreina hver fram-  
kvæmi verkið, og ber bæði verkstjóri og sá, sem verkið er unnið fyrir, ábyrgð á, að  
allrar varúðar sé gætt. Sprengiefni og önnur slík eldfim efni, má hvorki geyma í  
íbúðarhúsum né annars staðar, þar sem hætta stafar af.

## 7. gr.

Enginn má ganga dulklæddur á almannafæri, nema hann sé á leið af eða á grimu-  
dansleik eða álfadans. Ekki heldur í búningi, sem misbýður velsæmi eða raskar al-  
mennri reglu. Einnig er bannað að hafa í frammi hneykslanlegt athæfi á almanna-  
færi, svo sem með ósæmilegum orðum eða látbragði, með því að fletta sig klæðum,  
eða gera þarfir sínar á hneykslanlegan hátt.

## 8. gr.

Druknum mönnum, sem finnast ósjálfbjarga á almannafæri, skal ráðstafað á  
tryggilegan hátt þar til þeir koma til sjálfs sín aftur, og skulu þeir greiða kostnað  
þann, sem af því leiðir. Þeim mönnum öðrum, sem sökum ölæðis hafa í frammi  
hávaða eða ósæmilegt athæfi eða látbragð á almannafæri, skal ráðstafað á sama hátt,  
þar til þeir koma til sjálfs sín aftur, og skulu þeir þá auk áfallins kostnaðar enn  
fremur sæta sektum eftir samþykkt þessari fyrir röskun á allsherjar friði, er þeir  
kunna að hafa valdið með drykkjuskap sínum og ólátum.

Ölvuðum mönnum er bannað að draga fé í réttum.

152

12. sept.

Enginn má baða sig eða synda nakinn á opinberum baðstöðum eða í sundlaugum fyrir almenning.

9. gr.

10. gr.

Hver sá, sem staddur er á almannaferi, er skyldur að segja til nafns síns og heimilis, ef lögreglan krefst þess.

11. gr.

Almenningi er skylt að hlýða öllum skipunum lögregluvaldsins. Ef nauðsyn ber til, getur lögregluvaldið krafist sér til aðstoðar hvern fulltíða karlmann, sem viðstaddur er, til þess að afstýra óreglu eða óspektum á almannaferi, en heimtingu eiga slíkir menn á fullum bótum úr hreppssjóði fyrir tjón, er þeir kunna að biða við það á fatnaði eða limum, en hreppssjóður á aðgang að hinum seka.

## II. KAFLI

### Ákvarðanir til að afstýra tálmunum og hættum fyrir umferðina.

12. gr.

Enginn má, án leyfis hlutaðeigandi umráðamanns, láta fyrirberast í umgirtu svæði eða öðrum stöðum, þar sem gengið er inn í hús eða garða, né fara inn í hús manna í óleyfi.

13. gr.

Hlaðna byssu má ekki bera á götum eða vegum. Byssu skal ávallt bera þannig, að opið viti upp. Gaddhrifur, ljái og aðra slíka hluti, sem tjón getur hlotizt af, má ekki flytja eftir götum eða vegum nema svo sé um búid, að engin hætta geti stafað af.

14. gr.

Á alfaraveg má ekki leggja eða setja neitt það, er tálmar umferðina, frekar en nauðsynlegt er vegna vöruflutninga, og skal þess ætíð gætt, að það geri sem minnstan farartálma. Að flutningi loknum, skal vandlega hreinsa svæðið, sem notað var. Bifreiðar, vagnar, hjólbörur og sleðar mega ekki standa á götum eða vegum lengur en nauðsynlegt er til að fylla þá eða tæma, og aldrei mega þeir standa á gangstéttum. Hreppsnefnd ákveður, í samráði við lögreglustjóra, hvar á götum eða torgum vagnar eða bifreiðar meg standa, og setur sérstakar reglur þar að lútandi.

15. gr.

Á alfaravegi má ekki vinna neina vinnu, sem tálmar umferð manna, eða gerir hana hættulega, svo sem höggva eða sprengja grjót, tegla tré, járna hesta eða því um líkt, nema leyfi lögreglustjóra komi til.

16. gr.

Enginn má gera skurði í götur eða vegi, nema hann hafi til þess leyfi hlutaðeigandi stjórnarvalds. Fáist slíkt leyfi, skal verkið unnið þannig, að sem minnstur farartálmi sé að, og ætíð skal þess gætt, að vegfarendur séu aðvaraðir um farartálmanir, með nægilega greinilegum ljósum, frá því að fer að skyggja að kveldi og þar til albjart er orðið að morgni. Að öðru leyti gerir hlutaðeigandi stjórnarvald og lögreglustjóri þær ráðstafanir, er þurfa þykir til þess að afstýra hættu fyrir vegfarendur. Ef slíkt verk dragast úr hófi fram, getur hlutaðeigandi hreppsnefnd eða lögreglustjóri eða bæði í sameiningu, látið ljúka verkinu og sett götur eða vegi í samt lag aftur á kostnað þess, er verkið átti að framkvæma.

## 17. gr.

Nú er hús svo hrörlegt, að hætt er við að það hrynji, eða einhver hluti þess, og getur lögreglustjóri þá bannað að nota húsið, og lagt fyrir eigandann að rífa það eða endurbæta það svo sem þörf gerist, til þess að afstýra hættu, innan tiltekins tíma. Enn fremur getur lögreglustjóri á kostnað eigandans gert aðrar ráðstafanir, sem hann telur nauðsynlegar til þess að afstýra hættu fyrir vegfarendur og aðra. Ákvæði þetta nær einnig til þess, þegar steinvegg, trévegg eða annarri girðingu liggur við falli eða hruni.

Nú er bryggjum, pöllum eða öðrum mannvirkjum svo áfátt, að hætta getur af því stafað fyrir þá, sem um fara, t. d. þegar göt eru á pöllum eða mannvirki fúin, og getur lögreglustjóri þá krafizt þess af eigendum mannvirkjanna, að þeir gangi svo frá heim að hættulaust sé.

Nú brennur hús eða mannvirki, eða það er flutt burtu, án þess að annað sé byggt í staðinn, þá er eiganda eða umboðsmanni hans skylt að ganga svo frá rústunum, að ekki stafi hætta, óþrifnaður eða óþrýði af.

## 18. gr.

Áhöld, sem notuð eru til að hefja upp eða renna niður vörum eða öðru við bryggjur eða hús, sem liggja við alfaraveg, skulu vera nægilega traust, og þeir sem þau nota, skulu vera áreiðanlegir menn.

Lausir stigar mega ekki standa við húsveggi eða önnur mannvirki við alfaravegi eftir að dimmt er orðið. Brot gegn ákvæðum þessarar greinar eða fyrirskipunar lögreglunnar hér að lútandi, eru á ábyrgð þess, sem verkið vinnur eða annast, eða ef hann er ekki tilgreindur, þá á ábyrgð eiganda eða umráðamanns.

## 19. gr.

Hvarvetna þar, sem girðingahlið eru á vegum, götum eða stígum, er liggja heim að byggðum býlum, er bannað að hafa yfir þeim þverslár eða strengi, nema svo sé hátt undir, að öruggt sé að riðandi maður reki sig ekki upp undir. Er það á ábyrgð landsseta að þessa sé gætt. Um girðingarhlið á vegum og girðingar meðfram vegum skal að öðru leyti fara samkvæmt ákvæðum gildandi vegalaga.

## III. KAFLI

## Umferð um vegi.

## 20. gr.

Allir, sem fara um vegi, hvort heldur er gangandi, riðandi, á vagni, í bifreið, á hjólum eða öðrum farkosti, skulu, þá er þeir mæta einhverjum, eða einhver vill komast fram fyrir þá, halda sér, gripum sínum og farartækjum á vinstri helmingi akbrautarinnar eingöngu og svo nærri götubrún eða gangstéttarbrún sem auðið er. Sá, sem vill komast fram fyrir vegfarendur, skal víkja til hægri handar, þó ekki meira en nauðsyn krefur. Við vegamót skal, ef þörf gerist, sá bíða, sem hefur farartæki á vinstri hönd. Þeir, sem fara um gangstéttir, skulu jafnan víkja til vinstri handar, en eru þó ekki skyldir til að víkja út á akbraut, sé hún til vinstri handar.

## 21. gr.

Þeir, sem riða eða aka á almannafæri, skulu gæta allrar varúðar. Vagnar eða sleðar með hesti fyrir mega aldrei standa á almannafæri, nema ökumaður eða annar vel hæfur maður gæti hestsins.



152

12. sept.

Það er með öllu bannað að riða, beita fyrir vagn eða flytja farangur á höltum eða meiddum hestum, horuðum eða sem af öðrum ástæðum eru svo illa á sig komnir, að þeir hafa ekki fullan þrótt.

22. gr.

Ríðandi mönnum, lestamönnum og öðrum, er farangur flytja á áburðarhestum, er skylt að víkja úr vegi, og jafnvel út af götum eða vegum fyrir vögnum, er þeir mæta, ef vagninn kemst ekki leiðar sinnar að öðrum kosti.

24. gr.

Það er bannað að riða eða aka á móti skrudgöngum og líkfylgdum eða fram hjá þeim. Skal víkja úr vegi fyrir þeim, ef unnt er, eða nema staðar meðan þær fara fram hjá.

25. gr.

Slökkviliðið er undanskilið ákvæðum þessarar samþykktar um vagna. Allir eru skyldir að víkja úr vegi fyrir því svo fljótt sem unnt er. Sama gildir um sjúkragagna.

26. gr.

Lögreglustjóri getur takmarkað eða bannað umferð bifreiða á vegum, ef slík umferð álýzt hættuleg, eða til sérstakra óþæginda fyrir umferð, og á vorin meðan klaka leysir úr jörðu.

27. gr.

Um gerð bifreiða fer eftir lögum um notkun bifreiða, nr. 70 8. sept. 1931, reglugerð nr. 132 28. des. 1936 og reglugerð frá 24. júní 1937, eða þeim lögum og reglugerðum, er síðar kunna að verða settar þar að lútandi.

Ljós skal jafnan tendra á bifreiðum, þegar skyggja tekur, og ávallt hafa þau tendruð, er þær eru á ferð, frá því birtu bregður að kvöldi og þangað til albjart er orðið að morgni.

Lögreglustjóri ákveður nánar um ljósnotkun bifreiða og reiðhjóla, ef þurfa þykir, og auglýsir það á venjulegan hátt.

28. gr.

Ef bifreið mætir vögnum á stað, þar sem hvorugir komast fram hjá öðrum, skal bifreiðin aka til baka og nema staðar, þar til hinir komast fram hjá henni.

Ef gangandi eða ríðandi menn eru á leið yfir brú, er bifreið ekur að, skal bifreiðin nema staðar á veginum við brúarendann og bíða þar til mennirnir eru komnir fram hjá eða yfir brúna, enda skulu þeir ekki tefja för sina að óþörfu.

29. gr.

Bifreiðarstjóri skal gefa hljóðmerki með horni sínu í tæka tíð, þegar umferðin gefur tilefni til. Hætta skal hann að gefa hljóðmerki, ef hestar hræðast eða verða óróir, og ekki má hann gefa hljóðmerki um leið og bifreiðin fer fram hjá hestum. Bifreiðarstjórar skulu gæta þess, einkum að næturlagi, að gera eigi hávaða um nauðsyn fram með hljóðmerkjum. Þeir bera ábyrgð á því, að farþegar í vögnum þeirra hafi ekki um hönd söng eða hávaða, er raski næturró manna.

30. gr.

Ef bifreiðarstjóri verður þess var, að laus hross eða annar búpeningur eru á vegi þeim, er hann ekur um, skal hann hægja á bifreiðinni og eigi aka hraðar en á 20 km hraða, þar til hann er kominn fram hjá. Ef gripirnir hlaupa á undan bif-

reiðinni eftir veginum, má bifreiðin ekki aka á eftir þeim með meiri hraða en 15 km og eigi lengri leið en hálfan kílómetra í einu.

152  
12. sept.

### 31. gr.

Þegar bifreið mætir fjárrekstri á vegi, skal bifreiðarstjóri stöðva bifreiðina meðan reksturinn er rekinn fram hjá. Komi bifreið á eftir fjárrekstri á vegi, skal bifreiðarstjóri gera rekstrarmönnum aðvart um, að hann óski að komast fram hjá rekstrinum og er rekstrarmönnum þá skylt að vikja rekstrinum til hliðar á veginum svo fljótt sem unnt er og svigrúm leyfir.

### 32. gr.

Að öðru leyti skal fara eftir ákvæðum bifreiðalaganna, og reglugerðum þeim, sem settar eru eða settar verða samkvæmt þeim lögum um notkun bifreiða.

### 33. gr.

Á hverju reiðhjóli, sem notað er, skal vera hjalla, er gefur hveltt hljóð, og skulu hjólreiðamenn láta til hennar heyra, ef hætt er við árekstri og ætíð áður en þeir fara fyrir húsdyr, horn eða gatnamót. Skylt er þeim að hafa ljósker á reiðhjólunum, er snúi fram og lýsi fram undan sér, og hafa þau tendruð, er þeir eru á ferð, frá því skyggja tekur að kveldi og þar til hjart er orðið að morgni.

Þar, sem gæta þarf sérstakrar varúðar, má aldrei aka hraðar en svo, að stöðva megi hjólið þegar í stað. Á hjólum mega aldrei vera fleiri menn en hjólin eru gerð fyrir. Skylt er hjólreiðamanni að nema staðar, ef reið hans veldur því, að hestur fælist eða gerist órór.

Ef slys vill til, sem stafar af eða stendur í sambandi við notkun hjóla, skal hjólreiðamaður þegar nema staðar, skýra frá nafni sínu og heimilisfangi, ef þess er krafizt, og hjálpa þeim, sem slasast hefur, ef þörf gerist. Hjólreiðamaður skal þegar nema staðar, ef lögreglan gefur honum merki um það. Eigandi hjóla ber ábyrgð á brotum á samþykkt þessari, ef hann lánar þeim, sem er yngri en 14 ára.

Sé for eða bleyta á götunni skal aka svo að ekki slettist á aðra vegfarendur.

## IV. KAFLI

### Almenn ákvæði um fjallskil og ágang búpenings.

#### 34. gr.

Um rekstur búpenings til afrétta, hirðingu hans og fjallskil fer eftir ákvæðum fjallskilareglugerðar fyrir Austur-Húnavatnssýslu eins og þau nú eru eða síðar kunna að verða.

Að öðru leyti eru allir skyldir að gæta, svo sem við verður komið, búpenings síns og alifugla að ekki gangi til skemmda á varplönd, engjar, tún, akra eða matjurtagarða annarra manna. Valdi búpeningur slíku tjóni þann veg að saknæmt þyki, skal bæta það samkvæmt ákvæðum þeim, er á hverjum tíma gilda um uslagjöld.

Enginn má siga hundum á annan mann, eða láta fyrirfarast að aftra því, ef hann verður var við, að hundur ræðst á mann, ef honum er það unnt, án þess að stofna sér í háska. Hundar, sem ráðast á menn eða elta skepnur út um hagann, eru rétt-dræpir, hvar sem þeir sjást úti. Flækingshunda, sem ekki eru í eign eða umsjá neins manns, getur lögreglan látið handsama og auglýsa. Gefi enginn sig fram innan þriggja sólarhringa, og borgi áfallinn kostnað, skal lóga slíkum hundum, ef enginn vill taka þá að sér.

## V. KAFLI

## Um friðun almenningsseigna o. fl.

## 35. gr.

Enginn má skemma, lýta eða óhreinka, né á annan hátt spilla almenningsseignum, hvort heldur eru vegir, vatnsból, vatnsveitumannvirki, byggingar, rafáhöld, rafþræðir, ljósker, bryggjur, bryggjuáhöld, símar, brunaboðar, björgunartæki eða annað, sem ætlað er til almennings nota.

## 36. gr.

Enginn má rita, rispa, tjarga, teikna né mála á hús manna eða girðingar neitt það, sem hneyksli getur valdið, skemmdum eða óþrýði. Enginn má heldur skemma girðingar þær, er standa um afgirta garða, reiti, tún eða mannvirki. Það er bannað að klifra yfir þær eða fara í gegnum þær, nema með leyfi eiganda eða umráðamanns. Aðgangur að loðdýragörðum er bannaður óviðkomandi mönnum nema með leyfi eiganda eða gæzlumanns. Bannað er að hafa í frammi að nauðsynjalausu, í nánd við loðdýragarða, hávaða eða annað athæfi, er styggt getur dýrin, einkum um fengitíma og gottíma.

Enginn má á nokkurn hátt visvitandi spilla nokkrum eignum sýslubúa. Komi slíkt fyrir, skal sá er veldur, bæta fullum bótum þann skaða, sem hann gerir.

## 37. gr.

Enginn má skemma, troða eða spilla á annan hátt ræktuðum blettum, túnum, engjum, matjurtagörðum eða skrudgörðum manna, hvort sem er girt eða ógirt. Ekki má heldur skemma plöntur, né á nokkurn hátt spilla neinu í grafreitum eða saurga þá á nokkurn hátt. Girðingum má ekki spilla, né skilja eftir opin hlið, sem lokað verður, enda eigi þau að vera lokuð.

## 38. gr.

Enginn óviðkomandi maður má hagnýta eða tileinka sér neinar nytjar, svo sem beit, berjatöku, egg, veiði, fugla, fiska eða annað, án leyfis landráðanda.

Þó mega ferðamenn hagnýta sér hagabeit í óræktuðu landi og berjatöku til neyzlu á staðnum meðan á áning stendur.

## 39. gr.

Öllum er skylt að ganga vel og þrifalega um áningarstaði sína og tjaldstæði, eða þar sem þeir á annan hátt koma saman á víðavangi, hvar sem er innan sýslunnar. Ber að ræsta vandlega slíka staði af öllum óhroða og rusli, svo sem dósum, flöskum, bréfum og matarleifum og öðru þvílíku, áður en staðurinn er yfirgefinn, og hylja ruslið í gröf eða gjótu eða flytja það burt.

Flöskur má aldrei brjóta á víðavangi. Bannað er að eyða eða spilla gróðri með lyng- eða hrisrífi eða á annan hátt.

## 40. gr.

Hreppsnefnd ákveður hvar festa skuli upp auglýsingar frá yfirvöldum og öðrum stjórnarvöldum, og skal hún á kostnað sveitarsjóðs útvega í því skyni spjöld, svo mörg, sem þurfa þykir.

Auglýsingar um sjónleiki, sýningar, söngva og aðrar skemmtanir, sem leyft er að halda, svo og aðrar auglýsingar, má festa upp hvar sem er, með samþykki hlutaðeigandi húsráðanda.

## 41. gr.

Uppfestar auglýsingar skulu hlutaðeigendur taka niður, þegar þær hafa fullnægt tilgangi sínum. Löglega uppfestar auglýsingar má enginn rífa niður, rissa eða skrifa neitt á þær þeim óviðkomandi, óhreinna eða gera ólæsilegar á annan hátt.

152

12. sept.

## VI. KAFLI

## Um veitingastaði, samkomuhús og skemmtanir.

## 42. gr.

Allir staðir, þar sem höfð er á hendi almenn veitingasala matar og drykkjar og gististaðir fyrir almenning, skulu háðir sérstöku eftirliti lögreglustjóra og skal lögreglunni heimill umgangur um húsakynni þau, sem notuð eru í sambandi við veitingarnar.

Á öllum gistihúsum skal haldin nákvæm gestaskrá.

## 43. gr.

Hverjum, sem hefur veitingasölu, hverju nafni sem nefnist, er skylt að gera allt, sem í hans valdi stendur, til að afstýra því, að nokkuð það fari fram í húsi hans, sem kemur í bága við velsæmi og góða reglu.

## 44. gr.

Á veitingastað má enginn sýna af sér ofsalegt athæfi eða látbragð, hávaða eða nokkra ósæmilega hegðun eða hafa áhættuspil um hönd.

## 45. gr.

Allir almennir veitingastaðir og samkomustaðir skulu vera lokaðir frá kl. 11½ að kvöldi til kl. 6 að morgni og allir gestir, sem ekki eiga náttstað þar, skulu hafa farið út, ekki síðar en ½ stundu eftir að lokað er. Þó má selja ferðamönnum greiða á hvaða tíma sem er. Heimilt er lögreglustjóra að leyfa félögum að halda þar samkvæmi, dansleiki og aðrar skemmtanir, sem ekki eru bundnar við neinn sérstakan lokunartíma, ef ekki taka þátt í þeim aðrir en félagsmenn og gestir þeirra. Sama gildir um brúðkaup og samsæti einstakra tiltekinna manna.

## 46. gr.

Við hvert veitingahús eða almennt samkomuhús skal eigandinn láta gera náðhús og salerni, sem gestum er heimill aðgangur að. Skal veitingamaður eða húsráðandi sjá um, að því sé ávallt haldið vel hreinu.

## 47. gr.

Vilji nokkur halda almenna samkomu, svo sem dansskemmtun, sjónleiki, söngskemmtun, íþróttasýningu, myndasýningu o. s. frv., er almenningi sé boðið til eða seldur aðgangur að, eða til að hafa veitingar á staðnum, skal hann til þess leita leyfis lögreglunnar. Lögreglustjóri veitir slíkt leyfi, þó getur hann falið hreppstjórum að veita leyfin hverjum í sínum hreppi, og skal tekið fram um leið og leyfið er veitt, hvenær samkomunni skuli vera lokið.

Leyfishafa skal skylt að hlýða þeim fyrirmælum, sem lögregluvaldið setur til þess að varðveita góða reglu, velsæmi og hreinlæti. Honum er skylt að hlýða fyrirmælum heilbrigðisnefndar um ræsting og hreinlæti í húsrúminu, enda skal það ávallt nýræst er samkoman byrjar og nægileg hrákallát til staðar.

Lögreglustjóri eða hreppstjóri getur krafizt þess, að þeir, er fá leyfi til að halda samkomur, hafi á sinn kostnað tryggt sér menn, er hreppstjóra geti verið

152 til aðstoðar við eftirlit allan samkomutímann. Fari nokkuð það fram, er brýtur í 12. sept. bága við reglu og velsæmi, er lögregluvaldinu heimilt að láta slita samkomunni.

Almennar útisamkomur eru sömu reglum háðar, að svo miklu leyti, sem því verður við komið.

#### 48. gr.

Ef læknir telur að sjúklingi stafi hættu af háreisti, er samkoma geti valdið í nánd við heimili hans, er heimilt að banna hana á þeim stað.

#### 49. gr.

Föst kvikmyndahús má ekki starfrækja í sýslunni nema með leyfi hlutaðeigandi hreppsnefndar og lögreglustjóra, og með þeim skilyrðum, að því er útbúnað og loftrými snertir, sem hún tiltekur. Hreppsnefnd ákveður hve mikið gjald skuli greiða í sveitarsjóð fyrir leyfið, annaðhvort árlega eða fyrir hverja sýningu.

Lögreglustjóri getur veitt leyfi til að halda einstakar kvikmyndasýningar, og ákveður hann þá gjaldið í sveitarsjóð.

#### 50. gr.

Ef sýndar eru myndir, sem að dómi lögreglustjóra eru siðspillandi, hvort sem þið eru skuggamyndir eða kvikmyndir, getur lögreglustjóri bannað að sýna þær. Barnaverndarnefnd getur og bannað, ef henni sýnist ástæða til, að láta börn horfa á myndir, sem geta haft óheppileg áhrif á þau.

## VII. KAFLI

### Almenn ákvæði um hreinlæti og þrifnað.

#### 51. gr.

Enginn má saurga eða á nokkurn hátt spilla neyzluvatni manna, hvort heldur er rennandi vatn í ám, lækjum eða lindum eða vatnsleiðslum eða í þróm eða brunnum.

Vatnsból skulu vel varin fyrir öllum óþrifnaði, og þess stranglega gætt að skolpi eða öðru, er óþrifnaði veldur, sé eigi hellt þann veg, að runnið geti að þeim.

Fataþvottur eða önnur skarnhreinun má ekki eiga sér stað svo nálægt brunnum að nokkur hættu sé á, að neyzluvatn saurgist af.

#### 52. gr.

Stampa, opnar tunnur, fót eða önnur ílát með lifur, grút eða slori eða því um líku, má ekki láta standa á almannafæri, né hafa nokkuð laust eða í ílátum, sem ódaun leggur af eða óþrifnaði veldur. Bannað er að hengja fisk, þorskhausa eða fiskúrgang á girðingar eða hús meðfram vegum, svo og að láta fiskúrgang liggja á túnum eða í görðum nálægt alfaraleið um maðkatímann. Slor, sem borið er í garða, skal þegar grafið eða herfað niður í moldina.

Safngryfjur og forir skulu vera þaktar, svo að engan ódaun leggi af þeim, og svo vel umgirtar, að engin hættu geti af stafað fyrir menn eða skepnur.

Skylt er að hafa salerni á hverju býli í sveitum og íbúðarhúsi í kauptúnum, enn fremur skal skylt að hafa þvaghús við hvert samkomuhús.

#### 53. gr.

Bannað er að hella skolpi, sem fiskur eða annað hefur verið þvegið úr, á götu eða almannafæri, ekki má heldur hella þar eða skilja eftir neitt það, er óþrifnaði veldur.

For, slor, gor, mykju og annað því um líkt skal flytja í heldum ílátum um alfaravegi, og skal sá, er á, eða sá, er flytur, hreinsa upp, ef niður á götuna fer. 152  
12. sept.

## 54. gr.

Skepnur má ekki slátra á eða við götu eða á almannafæri yfirleitt, heldur skal það gert að húsabaki eða innan girðingar, og skal þess vandlega gætt, að skepnur sjái ekki blóðvöllinn, og að hann sé hreinsaður undir eins að slátrun lokinni.

Bannað er að láta hunda komast á blóðvöll, þegar slátrað er sauðfénaði. Brot gegn banni þessu er á ábyrgð hlutaðeigandi hús- eða landráðanda. Bannað er að leggja dauðar skepnur eða hálskornar á vegi eða nærri alfaraleiðum. Sama gildir og um flegna skrokka, limi eða slátur, nema vel hulið sé.

Bannað er einnig að flytja dauða dýraskrokka á opnum bifreiðapöllum nema vandlega sé breytt yfir.

## 55. gr.

Við hvert sláturhús skulu vera nægilega mörg ílát undir innanmein og þannig fyrir komið, að öruggt sé að hundar nái ekki að éta úr þeim. Við heimaslátrun skal hafa á blóðvöllinum ílát með loki undir sulli og innanmein. Að lokinni hverri slátrun skal annaðhvort brenna þessi sollnu líffæri eða grafa þau, minnst fullan metra í jörð niður. Annars skulu sláturhússtjórar og aðrir, sem við slátrun fást, fara eftir fyrirskipunum héraðslækna og reglum þeim, er þeir kunna að setja um þessi efni.

## 56. gr.

Bannað er að hafa hunda með sér að óþörfu á mannamót. Í sambandi við sláturhús skal hafa sérstaka klefa til að geyma hunda í og öllum eigendum hunda skylt að geyma þá þar meðan þeir dvelja í kaupstaðnum í sláturtíð.

## 57. gr.

Heilbrigðisnefndir hafa hver í sínum hreppi eftirlit með því sem að almennum þrifnaði lýtur. Fer um þetta efni eftir þeim heilbrigðissamþykktum, sem nú gilda fyrir einstaka hreppa sýslunnar eða þeim, er síðar kunna að verða settar.

## ANNAR ÞÁTTUR

## Viðauki, er taki til Blönduóss- og Skagastrandarkauptúna.

## VIII. KAFLI

## Umferðarákvæði.

## 58. gr.

Án leyfis lögreglunnar má enginn setjast að á götu eða almannafæri til að selja vörur eða reka aðra atvinnu.

## 59. gr.

Stéttir meðfram götu skulu eingöngu ætlaðar gangandi mönnum. Bannað er að riða um götur kauptúnanna hraðar en á hægu brokki. Lausa hesta skal jafnan reka hægt og gætilega um götur kauptúnsins, og aldrei má siga hundum á skepnur nærri götu.

Með áburðarhesta má ekki hafa lengri viðdvöl á götunni en nauðsynlegt er til að taka ofan af þeim eða láta upp klyfjar.

Hestar, sem staddir eru í kauptúninu, skulu ávallt hýstir um nætur á vetrum.

152

12. sept.

Á almannafæri má ekki taka beizli af hesti, sem beitt er fyrir vagn eða annað ökutæki. Láti nokkur hest standa fyrir hlöðnum sleða, vagni eða undir klyfjum, lengur en brýn nauðsyn krefur, getur lögreglan látið taka hest frá vagni og undan klyfjum, og komið þeim til varðveizlu á kostnað þess, er flutningnum stýrir.

Hesta má aldrei binda úti við í kaupúnunum, né láta þá standa í köldu veðri eða óhæfilega lengi að dómi lögreglunnar, þó að gott veður sé. Getur lögreglan tekið slika hesta til varðveizlu á kostnað umráðamanna eða eiganda.

Ferðamenn með hesta, sem viðvöl hafa í kaupúnunum, skulu tafarlaust koma hestum sínum í rétt, hús eða haga eftir tilvísun lögreglunnar nema þeir hafi leyfi til að geyma þá á afgirtum túnlóðum einstakra manna.

## IX. KAFLI

## Um skepnuhald o. fl.

61. gr.

Rekstur búpenings til afréttar, hirðing hans í réttum og fjallskil er undir umsjón hreppsnefnda kaupúnanna og fer eftir fjallskilareglugerð Austur-Húnavatns-sýslu eins og hún er eða verða kann.

62. gr.

Skytt er öllum að hlýða fyrirmælum hreppsnefndar um hagabeit í landi hreppanna, bæði hvernig hagabeit skuli hagað og gjöldum fyrir hana. Reglur um haga-beitagjöld skulu samín af hreppsnefndum.

Enn fremur er öllum skytt, sem hafa til umráða eða nytja, um langan eða skamm-an tíma, kartöflugarða, túnstykki eða önnur nytjalönd, sem hrepparnir eiga og leigja út eða lána einstökum mönnum eða félögum, að hliða fyrirmælum hreppsnefnda eða umboðsmanna hennar, um notkun og umgengi á slíkum eignum. Gjöld fyrir nytjar þessara verðmæta ákveða hreppsnefndir.

Gjöld þau er um ræðir í þessari grein má taka lögtaki.

63. gr.

Enginn má, án samþykkis hreppsnefndanna, hafa sauðfé heima í löndum hreppanna eða innan kaupúnanna á tímabilinu frá 20. maí til 20. sept. ár hvert, nema í fjárheldri girðingu eða svo öruggri gæzlu að ágangur á land annarra geti eigi af hlotizt.

Enginn má láta hross ganga laus í landi hreppanna nema í gripheldri girðingu sé. Sama gildir um nautpening.

Hænsni og aðrir alifuglar skulu jafnan byrgð í heldum girðingum, eða vera í tryggri gæzlu á tímabilinu frá 1. apríl til 1. október ár hvert.

64. gr.

Ef búpeningur skriður eða stekkur fullgildar girðingar, skal sá er fyrir tjóni verður aðvara eiganda eða umráðamann slíks ágangspenings um að gæta hans. Ef ágangspeningur gengur þannig til skemmda á girt land oftast en tvisvar, þrátt fyrir aðvaranir til umráðamanns peningsins, má selja peninginn á opinberu uppboði, og greiðist af uppboðsandvirðinu allur kostnaður og bætur fyrir tjón, sem af ágangi hefur hlotizt, samkv. reikningi landráðanda, en verði ágreiningur um hann, skulu úttektarmenn meta tjónið.

Gildar skulu þær girðingar teljast, sem eru styrkhæfar samkvæmt reglum Bún- aðarfélags Íslands að öllum frágangi. Ef ágreiningur rís um það, hvort girðing sé fullgild, skulu úttektarmenn hreppsins meta hvort hún sé það.

## 65. gr.

152

12. sept.

Hesta, nautpening, sauðfé og alifugla, sem gengur laus í kaupúninu á þeim tíma, sem óheimilt er að hafa það þar samkvæmt framanskráðu, má lögreglan handsama. Sömuleiðis má sá, er fyrir ágengni þess verður, handsama gripina til bráðabirgða, og skal hann þá þegar skýra hreppstjóra (lögreglustjóra) frá því og öðrum mála-vöxtum.

Allan kostnað við handsömun og varðveislu slíks flækingsfénaðar greiðir eigandi þess.

## 66. gr.

Um sauðfjárrekstra og hrossarekstra, sem koma til kaupúnanna til útflutnings eða slátrunar, gerir lögreglustjóri þær fyrirskipanir, sem nauðsynlegar þykja til að afstýra farartálma, hættu fyrir börn og aðra vegfarendur.

Naut, sem farið er með um göturnar, skulu ætíð leidd í nægilega traustu bandi, og að minnsta kosti tveir menn fylgja hverju nauti ársögömlu eða eldra.

Ekki mega naut standa úti á götu gæzlulaus. Naut hálfis árs eða eldri mega ekki ganga saman við kýr kaupúnanna.

## 67. gr.

Hreppsnefnd skal hafa eftirlit með því, að hundar þeir, sem leyft er að hafa í kaupúnunum, séu hreinsaðir á hausti hverju.

## X. KAFLI

## Um mannvirki og lóðir í kaupúnunum.

## 68. gr.

Enginn má byggja í landi kaupúnanna neins konar hús, hvorki til íbúðar, atvinnu, geymslu eða fyrir skepnur, hvorki á lóðum einstakra manna, — hvort sem lóðarhafi sjálfur vill byggja eða annar — né á leigðum lóðum, nema með leyfi hreppsnefnda eða bygginganefnda, þá þær verða skipaðar, og verða hlutaðeigendur í öllu að hlýta fyrirmælum þeirra. Sama gildir um fiskreiti, girðingar eða önnur mannvirki.

Mannvirki við hafnirnar má ekki gera nema eftir tillögum hafnarnefndar og bryggjunefndar og með leyfi hreppsnefnda.

## 69. gr.

Enginn má í löndum kaupúnanna rista torf eða strengi, stinga hnausa, rífa hrís eða lyng, nytja slægjur eða taka grjót, sand eða mól án leyfis og tilvísan hreppsnefndar.

Bannað er að kveikja í sinu eða öðrum gróðri í landi kaupúnanna nema með leyfi hreppsnefndar.

## 70. gr.

Skylt er hverjum sem tekur mó í löndum kaupúnanna, að ganga svo frá gröfum og haga greftri svo, að ekki stafi hætta af, enda má enginn taka mó í landi kaupúnanna nema með leyfi og eftir tilvísan hreppsnefndar eða umboðsmanns hennar.



152

12. sept.

## XI. KAFLI

### Ýms ákvæði.

71. gr.

Foreldrum og öðrum hlutaðeigendum er skylt að annast um að tilhlýðilegt eftirlit sé haft með börnum, sem eru á þeirra vegum þegar þau eru á almannafæri. Börn yngri en 13 ára mega ekki vera á almannafæri eftir kl. 9 á kvöldin á tímabilinu 14. september til 14. apríl og ekki seinna en kl. 10 á tímabilinu frá 14. apríl til 14. september, nema þau séu í fylgd með fullorðnum.

Lögreglan getur bannað börnum, sem ekki ganga þar til vinnu, að vera á bryggjum kaupþúnanna.

Á dansleikjum mega börn innan 14 ára ekki vera lengur en til kl. 12 að kvöldi.

72. gr.

Knattborðsstofur (Billiard) eða stofur, þar sem mönnum er seldur aðgangur til að kasta kúlum, teningum eða þess háttar, má ekki starfrækja í kaupþúnunum nema með leyfi hreppsnefndar.

73. gr.

Þá er samkomur standa yfir fram á nótt, skulu þeir eða sá, er fyrir henni stendur, láta gæta allrar varúðar við eldhættu, og ef enginn býr í húsinu, skal hann eða þeir fullvissa sig um, áður en skilið er við húsið, að ekki sé neins staðar í því óslökktur eldur.

Í húsum þeim, sem opinberar samkomur eru haldnar í, skulu vera að minnsta kosti tvennar dyr til útgöngu og skulu hurðir falla út.

74. gr.

Bannað er að hengja þvott til þerris fast við götur eða torg í kaupþúnunum, þar sem það er til óþrifnaðar eða lýta að dómi lögreglunnar.

## ÞRIÐJI ÞÁTTUR

### Almenn ákvæði.

## XII. KAFLI

### Um staðgildi samþykktarinnar og hvernig henni skuli beitt.

75. gr.

Samþykkt þessi gildir fyrir lögsagnarumdæmi Austur-Húnavatnssýslu.

76. gr.

Hreppstjórar skulu, hver í sínum hreppi, hafa gætur á, að fyrirmælum samþykktar þessarar sé hlýtt, og ástunda að koma í veg fyrir brot á henni.

Komist hreppstjóri að því, að brot sé framið, skal hann jafnskjótt kynna sér málavöxtu, og senda lögreglustjóra skýrslu um málið án tafar.

## XIII. KAFLI

152

## Um hegningarákvæði, kostnað o. fl.

12. sept.

## 77. gr.

Með mál, sem rísa út af brotum á samþykkt þessari, skal farið sem almenn lög-  
reglumál.

## 78. gr.

Brot gegn samþykkt þessari varða sektum allt að 1000 krónum, ef ekki liggur  
við þyngri refsing að lögum.

Ef kenna má yfirsjón, er barn yngra en 14 ára drýgir, skorti á hæfilegri umsjón  
foreldra eða annarra, sem barninu ganga í foreldra stað, þá skal refsa þeim fyrir yfir-  
sjónina, en ekki barninu.

Hagnaður sá, er sökudólgur kann að hafa haft af broti sinu og enginn einstakur  
maður á tilkall til, skal upptækur ger og renna auk sekta í sveitarsjóð þess hrepps,  
þar sem brotið er framið. Nú hefur maður drýgt brot í fleirum en einum hreppi, sem  
refsað er fyrir í sama máli, og rennur þá sekt hans og upptækur hagnaður í sýslusjóð.

## 79. gr.

Ef einhver lætur það ógert, sem er skylda hans samkvæmt samþykkt þessari eða  
fyrirskipunum lögreglustjóra samkvæmt henni, getur lögreglustjóri látið framkvæma  
það. Kostnað við þetta og kostnað, sem leiðir af þeim ráðstöfunum, sem lögreglu-  
stjóri gerir, eða lætur gera til að hindra brot á samþykktinni, greiðir sveitarsjóður  
þess hrepps, þar sem ráðstöfunin er framkvæmd, en skyldur er hinn seki að endur-  
greiða kostnaðinn að fullu.

## 80. gr.

Kostnaður, sem leiðir af samþykkt þessari, og ekki verður krafizt af einstökum  
mönnum, greiðist úr sveitarsjóði þess hrepps, þar sem til hefur verið kostað.

Leiði kostnað af ráðstöfunum, er varða lögsagnarumdæmið í heild, greiðist hann  
úr sýslusjóði.

**Bráðabirgðaákvæði,**

sem gilda meðan erlent setulið er í landinu.

Skemmtisamkomur mega ekki standa lengur en til kl. 12 á miðnætti.

Heimilt er félögum og einstaklingum, er halda skemmtisamkomur, að leyfa ein-  
ungis Íslendingum aðgöngu að þeim.

Lögreglusamþykkt þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 107 frá 8. maí  
1935, um lögreglusamþykktir utan kaupstaðanna, til þess að öðlast gildi þegar í stað,  
og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

*Í dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 12. september 1941.*

**Hermann Jónasson.**

*Gústav A. Jónasson.*

# L Ö G R E G L U S A M Þ Y K K T

fyrir Seyðisfjarðarkaupstað.

## I. KAFLI

Um reglur og velsæmi á almannafæri.

### 1. gr.

Á almannafæri mega uppbot eða óspektir ekki eiga sér stað. Ekki mega menn þyrpast saman á almannafæri, svo að umferð tálmi. Þegar talað er um almannafæri í samþykkt þessari, er átt við götur, vegi eða svæði, sem almenningur fer um, eða ætluð eru til almenningsafnota, svo sem leikvellir, aðrir almennir samkomustaðir, sölutorg, bryggjur, hólvirki o. s. frv.

### 2. gr.

Þegar fjölmenni safnast á almannafæri, þar á meðal við dyr kirkna, sölubúða, leikhúsa eða annarra samkomuhúsa, og annars staðar, þar sem almenningur kemur saman, skulu menn haga sér eftir fyrirmælum lögregluvaldsins til varðveislu góðri reglu.

### 3. gr.

Allir, sem fara um götur bæjarins, hvort heldur gangandi, riðandi, í vagni, í bifreið, á hjólum eða öðrum farkostum, skulu gæta þess að haga sér eftir gildandi umferðareglum.

### 4. gr.

Á almannafæri má ekki fljúgast á, æpa, kalla, blistra, syngja hátt, eða hafa í frammi annan hávaða, eða ofsalegt eða móðgandi háttalag, sem raskar allsherjarreglu, eða ónáðar vegfarendur eða þá, sem í grennd búa.

### 5. gr.

Enginn má að ófyrirsynju berja á dyr eða glugga, hringja dyrabjöllum eða hafast neitt það að, sem ónáðar húsbúendur.

### 6. gr.

Á fjölförnum götum eða þar, sem hættu getur af stafað, má enginn vera að leikum, ekki gera rennibrautir né hafa um hönd aðrar skemmtanir, sem hindrað geta umferðina. Sömuleiðis er bannað að hanga utan á vögnum, sleðum eða bifreiðum, sem eru á ferð um göturnar, eða festa við þá sleða, handvagna eða annað, sem valdið getur óþægindum eða hættu.

### 7. gr.

Ekki má skjóta af byssum, skammbyssum, lyklabyssum, örvabogum eða öðrum skotvopnum, hvorki á eða yfir almannafæri né höfninni. Á almannafæri má ekki heldur kveikja í púðri, skoteldum eða sprengiefnum, nema með leyfi lögreglustjóra. Nauðsynlegar sprengingar vegna mannvirkja má aðeins gera með sérstöku samþykki lögreglustjóra, og ber bæði verkstjóri og sá, sem vinna lætur, ábyrgð á, að allrar varúðar sé gætt.

### 8. gr.

Bannað er að sýna af sér hneykslanlega hegðun á almannafæri, svo sem með því að viðhafa þar ölæðislæti eða vera ósjálfbjarga fyrir drykkjuskap, viðhafa ósæmileg orð eða látbragð, ganga dulklæddur eða í búningi, sem misbýður velsæmi, fletta sig klæðum, gera þarfir sínar á hneykslanlegan hátt o. s. frv.

## 9. gr.

153

Enginn má baða sig eða synda nakinn svo nærri bústöðum manna, bryggjum eða skipum á höfninni, að hneyksli valdi. 12. sept.

## 10. gr.

Hver sá, sem staddur er á almannafæri, er skyldur að segja til nafns síns og heimilis, þegar lögreglan krefst þess.

## 11. gr.

Til þess að afstýra óspektum og hvers konar óreglu á almannafæri, getur lögreglan krafði sér til aðstoðar hvern fulltíða karlmann. Skulu þeir sektum sæta, sem undan skorast, en verði menn fyrir tjóni á fatnaði eða limum við að aðstoða lögregluna, skal það að fullu bætt úr bæjarsjóði, en bæjarsjóður á aðgang að hinum seku.

## II. KAFLI

## Ákvarðanir til að afstýra tálmunum og hættum fyrir umferðina.

## 12. gr.

Enginn má ótilkvaddur slökkva eða kveikja á götuljóskerum bæjarins.

Enginn má taka vatn úr brunahönum bæjarins, eða hreyfa við þeim að neinu leyti, nema slökkviliðsstjóri hafi gefið leyfi til þess.

Enginn má snerta við brunaboðum bæjarins, nema vart þurfi að gera um eldsvoða.

## 13. gr.

Án leyfis lögreglustjóra má enginn setjast að á almannafæri til þess að selja vörur eða reka aðra atvinnu, og sé slíkt leyfi veitt, þá aðeins á þeim stað, sem leyfið tiltekur.

## 14. gr.

Án leyfis hlutaðeigandi húsráðanda má enginn láta fyrirberast á húslóðum, á húsríðum, í garðshliðum eða á öðrum stöðum, þar sem inn er gengið í hús eða á húslóðir, né fara inn í hliði hans í söluerindum.

## 15. gr.

Ljái, kvíslar, skotvopn eða aðra hluti, sem tjón getur hlotið af, má að eins flytja eftir götunni sjálfri, og skal svo um þá bótið, að engin hætta stafi af þeim. Hlaðnar byssur má ekki bera á götum bæjarins eða annars staðar á almannafæri. Byssur skal ætíð bera þannig, að hlaupið viti upp.

## 16. gr.

Á almannafæri má ekki leggja eða setja neitt það, sem tálmar umferðinni. Þó mega þeir, sem flytja að sér vörur, eldivið, hey eða annað slíkt, og ekki geta lagt það frá sér á sjálfs síns lóð, leggja það á torg og götur meðan á flutningnum stendur, en gæta skal þess, að það geri sem minnstan farartálma. Að flutningnum loknum skulu þeir hreinsa vandlega götuna eða torgið, sem notað var. Bifreiðar, vagnar, hjólbörur og sleðar mega ekki standa á götum lengur en nauðsynlegt er til að tæma þá og fylla, og aldrei mega slík tæki standa á gangstéttum. Bæjarstjórn og lögreglustjóri ákveða, hvar á götum eða torgum megi standa vagnar eða bifreiðar og setur reglur þar að lútandi.

## 17. gr.

Bannað er að aka eða riða á móti sknúðgöngum og líkfyldum eða fram hjá þeim. Skal vikja úr vegi, ef unnt er, ella nema staðar, meðan þær fara fram hjá.

153 Sé for eða bleyta á götum, má ekki aka eða ríða svo hratt, að slettum valdi á  
12. sept. vegfarendur. Skyllt er ökutæki að nema staðar, ef umferð þess veldur hestum fælni eða óróa.

## 18. gr.

Á miðri götu má ekki nema staðar með hesta eða vagna, heldur skal það gert sem næst götujaðri eða gangstétt, og skal þá snúa vagninum þannig, að jafnhliða sé götujaðri eða gangstétt. Bannað er að nema staðar með hest eða vagn á gatnamótum eða fast við þau. Ekki má nema staðar þar, sem hestur eða vagn heldur kyrru fyrir hinum megin á götunni.

## 19. gr.

Lögreglustjóri getur takmarkað eða bannað umferð bifreiða á einstökum götum, ef slík umferð telst hættuleg eða til sérlegra óþæginda. Sömu leiðis getur lögreglustjóri bannað eða takmarkað bifreiðaferðir innanbæjar að næturlagi, ef nauðsyn krefur.

## 20. gr.

Á almannafæri má ekki vinna neitt, sem hindrar umferð eða gerir hana hættulega, t. d. telgja við, höggva grjót, járna hesta eða því um líkt. Á götum og strætum eða á veggsvölum, gluggum eða dyrum, sem vita að götu eða stræti, má ekki heldur hrista gólfteppi, viðra sængurföt, hengja föt til þerris o. s. frv.

## 21. gr.

Vöruskápa, sjálfsala, gluggaskýlur, auglýsingaspjöld eða annað þess háttar má ekki hengja utan á hús þannig, að óþægindum valdi á almannafæri að dómi lögreglunnar. Í opnum gluggum, sem vita að almannafæri, má ekki láta standa jurtaþotta eða neitt það, sem fallið getur niður og valdið tjóni.

## 22. gr.

Ekki má fleygja glerbrotum, steinum, nöglum, hálmi, ávaxtahýði, pappírsrusli eða öðru þess konar á almannafæri, né heldur skvetta þar vatni eða öðru, sem valdið getur hættu eða óþægindum fyrir vegfarendur.

## 23. gr.

Foreldrum og öðrum hlutaðeigendum er skylt að annast um, að tilhlýðilegt eftirlit sé haft með óstálpuðum börnum, sem eru á þeirra vegum, þegar þau eru á almannafæri.

## 24. gr.

Enginn má gera skurð í gangstéttir, götur eða torg bæjarins, né raska þeim á neinn hátt, nema hann hafi til þess leyfi veganeftndar og lögreglustjóra. Slík verk skulu unnin þannig, að sem minnstur farartálmi sé að, og ætíð skal þess gætt, að vegfarendur séu aðvaraðir um farartálmann með nægilega greinilegum ljósum, sem loka skulu frá því er dimma fer að kvöldi, unz hjart er að morgni. Að öðru leyti gerir lögreglustjóri þær ráðstafanir, sem honum þykir þurfa, til að afstýra hættu fyrir vegfarendur. Getur hann bannað umferð um götuna að nokkru eða öllu leyti meðan á verkinu stendur eða skipað fyrir um, hvernig umferðinni skuli hagað. Ef slíkt verk dregst úr hófi fram, eftir að byrjað er á því, getur lögreglustjóri látið ljúka verkinu eða setja götuna í samt lag aftur á kostnað þess, sem verkið átti að framkvæma.

## 25. gr.

Þegar nýtt hús er byggt eða eldra hús rifið og byggt upp að nokkru eða öllu leyti, er eiganda þess, ef húsið liggur við almannafæri, skylt að skýra lögreglustjóra frá, áður en verkið byrjar, og sanna fyrir honum heimild sína til verksins. Hann skal

haga sér eftir þeim fyrirmælum, sem lögreglustjóri setur, til að afstýra farartálma og hættu eða óþægindum fyrir vegfarendur. Verkfæri og verkefni má ekki leggja hjá sér á almannafæri, nema þar sem lögreglustjóri leyfir og ekki má það liggja þar lengur, en nauðsyn krefur. Mold, mól, leyfar af verkefni og annað, sem frá byggingunni stafar, skal eigandi færa burtu, er húsagerðinni er svo langt komið, að því verði við komið. Girðingar, sem kunna að hafa verið reistar til að afstýra hættu eða farartálma, skal taka burtu þegar í stað, ef lögreglan krefst þess.

Nú brennur hús eða mannvirki, eða það er tekið burtu, án þess að annað sé gert í staðinn, og er þá eiganda skylt að ganga svo frá hússtæðinu, að ekki stafi hætta, óþrifnaður eða óprýði af.

#### 26. gr.

Pallar, stoðir og annar umbúnaður þess konar, sem notaður er við húsasmíðar og aðrar byggingar eða viðgerðir á húsum, skal vera nægilega traustur. Á slíkum pöllum utanverðum skal vera a. m. k. 20 cm há brík og handrið eða reipi í brjósthæð. Lausir stigar, sem notaðir eru við byggingar eða viðgerðir á húsum, málun, gluggaþvott eða annað þess konar, skulu vera nægilega traustir og kjálkarnir búnir járn-góddum að neðan, ef stiginn er meira en fjöggra metra langur.

Lausir stigar mega ekki standa við húsvegg á almannafæri eftir að dimmt er orðið.

Brot á þessari grein er á ábyrgð þess, sem verkið annast, eða ef hann er ekki tilgreindur, þá á ábyrgð húseiganda.

#### 27. gr.

Nú er hús eða hluti af húsi, svo hrörlegt að hætt er við hruni, og getur lögreglustjóri þá bannað að nota húsið og lagt fyrir eiganda að rífa það eða endurbæta svo, sem þörf gerist til að afstýra hættu. Enn fremur getur lögreglustjóri á kostnað eigandans gert aðrar ráðstafanir, sem hann telur nauðsynlegar til að afstýra hættu fyrir vegfarendur og aðra. Ákvæði þessi ná einnig til þess, ef grjóttgarði, skíðgarði eða öðrum girðingum liggur við falli eða hruni.

#### 28. gr.

Nú telur lögreglustjóri, að umferð sé hættuleg vegna fúa eða annarra skemmda um bryggjur, palla eða önnur þess háttar mannvirki, sem almenningur þarf að fara um, og getur hann þá bannað umferð um slíka staði og heimtað af eigendum, að þeir lagfæri það, sem áfátt er. Ef ekki fæst bót á ráðin innan þess tíma, sem lögreglustjóri ákveður, getur hann látið gera við skemmdirnar eða loka svæðinu með girðingu.

#### 29. gr.

Lyftur og önnur áhöld, sem notuð eru til að hefja upp eða renna niður vörum eða öðru úr húsum, skulu vera nægilega traust, og ekki má fela öðrum meðferð þeirra en gætnum og áreiðanlegum mönnum.

#### 30. gr.

Nú liggur kjallaraop út að almannafæri og lengra fram en húshlið, og skal þá vera traust handrið beggja megin við það. Auk þess getur lögreglustjóri krafizt, að kjallaraopið sé byrgt með hlemm eða hlera frá því dimmir að kvöldi, þar til birtir að morgni.

Í kringum birtugrófir við stétt eða götu, skal setja handrið úr járn eða öðrum málm, eða nægilega sterkar járngrindur yfir, jafnhátt stéttinni eða götunni. Handrið samkvæmt þessari grein mega ekki vera lægri en 60 centimetrar.

153

12. sept.

Um þakrennur og rennsli frá húsum, göturæsi eða rennur, skal svo um bóúð, sem fyrir er mælt í byggingarsamþykkt kaupstaðarins.

31. gr.

32. gr.

Stórt grjót, járnarusl eða annað, sem til tálmunar er skipum, bátum eða fyrir-dráttum, má ekki leggja viðs vegar um fjörur. Sé það gert, skulu þeir, sem það eiga, flytja það brott eða saman eftir fyrirsögn lögreglustjóra.

33. gr.

Þegar ís leggur á Fjarðará, Garðarstjörnina eða höfnina, má enginn fara út á hann fyrir en orðinn er vel heldur, og getur lögreglustjóri bannað alla umferð um hann. Enginn má taka ís af Garðarstjörninni né höggva í hann vakir, án leyfis bæjarstjóra.

34. gr.

Í fjörunni má ekki skilja eftir eða kasta seglfestugrjóti eða neinu öðru, sem tjóni getur valdið skipum eða bátum, eða á nokkurn hátt hindrað umferð.

### III. KAFLI

#### Um húsdýrahald í kaupstaðnum.

35. gr.

Enginn má byggja hús fyrir alidýr í landi bæjarins, nema að fengnu leyfi bæjarstjórnar og byggingarnefndar.

36. gr.

Enginn má láta hæns eða aðra alifugla gæzlulausa, svo að þeir geti gert óskunda, ráfað um götur kaupstaðarins eða farið inn á umgirt svæði manna.

37. gr.

Geitfé má ekki hafa í bænum, nema að fengnu leyfi bæjarstjórnar.

38. gr.

Kýr mega ekki hafast við á götum eða opnum svæðum í kaupstaðnum, nema eftir því sem þörf krefur vegna rekstrar úr og í haga.

39. gr.

Naut, sem farið er með um göturnar, skulu ætíð leidd í nægilega traustu bandi og að minnsta kosti tveir menn fylgja hverju nauti, árgömlu eða eldra.

Ekki mega naut standa úti á götu eða stræti gæzlulaus.

40. gr.

Enginn má láta hesta sína ganga lausa um götur kaupstaðarins. Lausa hesta á flækingi um göturnar getur lögreglan handsamað og ráðstafað á kostnað eiganda.

Ferðamenn, sem hafa viðdvöl með hesta í kaupstaðnum, skulu tafarlaust koma hestum sínum í hús eða í haga, nema þeir hafi fengið leyfi til að geyma þá á afgirtum túnlóðum einstakra manna.

41. gr.

Gripaeigendum ber að halda til haga gripum sínum, þar sem bæjarstjórn vísar til, eða á eigin landi.

Það er á ábyrgð eiganda, að sauðfé, geitfé, svín eða önnur húsdýr þeirra geri engan skaða eða óskunda í kaupstaðnum, hvorki skemmi neitt né fari inn á umgirt svæði, tún-, matjurta- eða skrudgarða, enda getur tjónþoli handsamað slíka gripi til bráðabirgða, en þá skal hann strax skýra lögreglustjóra frá handsömuninni og öðrum málavöxtum. 153  
12. sept.

Ef sauðkindur stökkva yfir eða smjúga gegnum girðingar um tún og garða, sem að dómi lögreglustjóra eru sæmilegar og löglegar að frágangi samkvæmt girðingalögum, þá getur hann fyrirskipað eigendum að slátra þeim kindum.

Bæjarstjórn er heimilt að láta reka sauðfé burt, svo langt til fjalls sem þurfa þykir, á tímabilinu frá 15. júní til þess er fjallskil byrja að hausti ár hvert. Bannað er að hafa heimaalningslömb í bænum.

#### 42. gr.

Um hrossarekstra og sauðfjárrekstra, sem koma til bæjarins til útflutnings eða slátrunar, gerir lögreglustjóri þær fyrirskipanir, sem nauðsynlegar þykja, til þess að afstýra farartálma eða hættu fyrir vegfarendur.

### IV. KAFLI

#### Um hunda.

#### 43. gr.

Enginn má eiga hund í bænum, nema hann hafi fengið til þess leyfi lögreglustjóra og bæjarstjóra. Hver sem fær þetta leyfi, skal láta hund sinn bera merkið Sfk og tölu, sem lögreglustjóri selur um leið og leyfið er veitt. Réttdrapur er hver sá hundur, sem að ófyrirsynju raskar ró manna eða gripa, enn fremur flækingshundar.

#### 44. gr.

Grimma hunda og hunda, sem hafa þann vana að gelta að farartækjum og skepnum, ónáða menn og hræða með glepsi, urri eða galti eða hlaupa í hesta, sem riðið er um götur bæjarins, ber eigendum að binda eða mýla forsvaranlega, að viðlagðri sekt.

#### 45. gr.

Enginn má siga hundi á mann eða láta farast fyrir að aftra hundi sínum, þegar hann verður var við, að hann ræðst á menn. Hver, sem brýtur á móti þessu, skal sæta sektum, þótt ekkert tjón hafi hlotizt af. Það er og bannað að egna hunda eða siga þeim saman.

#### 46. gr.

Blóðhunda eða grimma hunda má ekki nota til vörzlu, hvorki utan húss né innan.

#### 47. gr.

Skylt er lögreglustjórninni að hafa sérstakt eftirlit með því, að hundaeigendur komi hundum sínum til lækninga, samkvæmt því, sem mælt er fyrir í reglugerð bæjarins um lækning hunda af bandormum.



## V. KAFLI

## Um friðun almenningsigna og einstakra manna.

48. gr.

Mannvirki og hlutir, hverju nafni sem nefnast, sem ætlaðir eru til almenningsafnota, eða til prýðis á almannafæri, svo sem minnisvarða, vatnsból, brunahana, brunaboða, síma, rafleiðslutæki, götuljósker, nafnspjöld og töluspjöld á götum og húsum, bekkir, girðingar og annað þess háttar, má enginn skemma eða færa úr stað, ekki heldur ata eða saurga, rita, rispa, tjarga, mála eða teikna á þá. Þetta á einnig við um þann hluta af húsum, múr- og trégirðingum og annað, sem liggur að almannafæri.

49. gr.

Enginn má skemma né taka niður girðingar í landi bæjarins, klifra upp á eða yfir girðingar, sem settar eru fram með götum, strætum eða kringum tún og garða.

Enginn má skemma eða troða ræktaða bletti, grasreiti eða trjágarða, hvort sem eru girtir eða ógirtir.

50. gr.

Í kirkjugarðinum mega engir leikir eða önnur ótilhlýðileg hegðun eiga sér stað. Tré eða jurtir, sem gróðursett eru á grafreitum eða leiðum, má enginn rífa upp eða færa burtu né spilla eða saurga grafreitina á nokkurn hátt. Enginn má hafa með sér hund inn í kirkjugarðinn. Skepnum má ekki beita í kirkjugarðinum.

Börn yngri en 14 ára mega ekki vera í kirkjugarðinum, nema í fylgd með fullorðnum, sem ber ábyrgð á framferði þeirra.

## VI. KAFLI

## Um götuspjöld, húsnúmer og uppfestar auglýsingar.

51. gr.

Bæjarstjórnin ákveður nöfn á götum og lætur festa upp nafnspjöld eða mála götunöfnin á götuhornum, þar sem þurfa þykir.

Töluspjöldum, sem bæjarstjórn lætur festa á hús til að tákna húsaröð, skulu húseigendur halda við á sinn kostnað og endurnýja, ef á þarf að halda, enda annast bæjarstjórn um útvegum þeirra.

52. gr.

Bæjarstjórnin ákveður, hvar festa skuli upp auglýsingar frá yfirvöldunum. Bæjarsjóður kostar spjöld eða kassa í því skyni.

Auglýsingar um sjónleiki og aðrar skemmtanir og samkomur, sem leyft er að halda, má festa upp hvar sem er, með samþykki hlutaðeigandi húsráðanda.

Aðrar auglýsingar má festa upp á sama hátt, þegar lögreglustjóra hafa verið sendar þær, samkvæmt prentfrelsislögnum.

53. gr.

Uppfestar auglýsingar skulu hlutaðeigendur taka niður, þegar þær hafa fullnægt tilgangi sínum.

Löglega uppfestar auglýsingar má enginn rífa niður, saurga eða breyta eða gera ólæsilegar á annan hátt.

## VII. KAFLI

## Um veitingahús, skemmtistaði og almennar skemmtanir.

153

12. sept.

## 54. gr.

Allir staðir, þar sem höfð er á hendi almenn veitingasala matar og drykkjar, eða gististaðir fyrir almenning, skulu háðir sérstöku eftirliti lögreglunnar, og skal henni heimill umgangur um húsakynni þau, sem notuð eru í sambandi við veitingar.

Veitinga- og greiðasölu má að eins hafa um hönd í húsnæði, sem að dómi heilbrigðisnefndar er til þess hæft og bæjarstjórnin hefur samþykkt. Þetta ákvæði nær einnig til þeirra veitinga- og greiðasöluhúsa, sem eru eldri en þessi samþykkt.

Á öllum gistihúsum skal haldin nákvæm gestaskrá.

## 55. gr.

Á almennum veitingastöðum eða samkomustöðum má enginn hafa í frammi ofsalegt atferli eða hávaða, svo að aðrir gestir, húsbóndi eða heimilisfólk eða nágrannar hafi ónæði af. Þar má heldur ekki sýna af sér ósæmilega eða hneykslalega hegðun, eða hafa áhættuspil um hönd. Óheimilt er að láta drukknun manni í té neins konar veitingar umfram lífsnauðsynjar á almennum veitinga- eða samkomustað.

Hverjum þeim, sem hefur á hendi veitingasölu matar og drykkja, eða selur gistingar, er skylt að gera það, sem í hans valdi stendur til að afstýra því, að neitt það fari fram í hibýlum hans, sem er á móti góðri reglu og velsæmi.

## 56. gr.

Allir veitingastaðir skulu vera lokaðir frá kl. 23½ til kl. 6, og allir gestir, sem ekki hafa þar náttstað, skulu hafa farið út ekki síðar en ½ stundu eftir að lokað er. Þó má selja ferðamönnum beina á hvaða tíma sem er, og heimilt skal félögum að halda samkvæmi, dansleiki eða aðrar skemmtanir fram yfir lokunartíma, ef ekki taka þátt í því aðrir en félagsmenn og gestir þeirra. Enn fremur mega brúðkaup og önnur boð standa fram yfir hinn tiltekna tíma. Lögreglustjóra er heimilt að skipa svo fyrir, að hibýlum þeim, sem skemmtun fer fram í, sé lokað kl. 23½, og hvorki gestum né félagsmönnum veittur aðgangur eftir þann tíma.

Unglingum innan 16 ára aldurs er óheimill aðgangur að almennum knattborðstofum, og ber eigendum og umsjónarmönnum stofanna að sjá um, að þeir fái ekki aðgang né hafist þar við.

## 57. gr.

Enginn má halda sjónleiki fyrir borgun, nema hann fái til þess leyfi lögreglustjóra, sem ákveður í samráði við bæjarstjórn, hve mikið skuli greiða í bæjarsjóð fyrir hverja sýningu. Leyfi lögreglustjóra þarf einnig til að halda sjónleiki borgunarlaust eða í velgerðarskyni eða til að styrkja fyrirtæki í almenningsþarfir, en fyrir slíka sjónleiki skal ekkert gjald greiða í bæjarsjóð. Íþróttasýningar, myndasýningar, töfrásýningar o. s. frv. eru sömu reglum háðar sem sjónleikir.

## 58. gr.

Föst kvikmyndaleikhús má ekki reka í bænum, nema með leyfi lögreglustjóra og bæjarstjórnar og með þeim skilyrðum, að því er útbúnað snertir og loftrými, sem hún til tekur. Ákveður bæjarstjórn, hve mikið gjald skuli greiða í bæjarsjóð, annaðhvort árlega eða fyrir hverja sýningu. Lögreglustjóri getur veitt leyfi til að halda eina og eina sýningu, og ákveður þá, í samráði við bæjarstjóra, gjaldið í bæjarsjóð.

153

12. sept.

59. gr.

Enginn má, fyrir borgun, halda opinbera samsöngva eða aðrar söngskemmtanir né heldur dansleiki, án leyfis lögreglustjóra, sem ákveður í samráði við bæjarstjóra, hvert gjald skuli greiða í bæjarsjóð. Gjald þetta má þó ekki fara fram úr 10 krónum fyrir hverja skemmtun. Án leyfis lögreglustjóra má og ekki kveikja skotelda né ganga með blys logandi.

Auk gjalds þess í bæjarsjóð, fyrir skemmtanir, sem getur í þessum kafla, skal greiða skemmtanaskatt, sem ákveðinn kann að verða með reglugerð samkvæmt lögum 22. nóvember 1918, um skemmtanaskatt.

60. gr.

Hver sá, sem samkvæmt framanskráðu hefur fengið leyfi til að halda sjónleik, samsöng eða einhverja þá skemmtun eða sýningu, sem talin er hér að framan, er skyldur til að sjá um, að ekkert það fari þar fram, sem brýtur í bág við reglu eða velsæmi. Ef brestur verður á þessu, er lögreglunni heimilt að slíta samkomunni og skipa áhorfendum og öðrum, sem við eru staddir, að fara í burtu. Lögreglustjóri getur og fyrirskipað skoðun á kvikmyndum og bannað sýningar, sem hann telur skaðlegar eða siðspillandi.

61. gr.

Húseigendur og húsráðendur geta bannað að sá, sem leyfi hefur fengið til að halda skemmtanir samkvæmt 57. og 59. gr., noti það á þeirra lóð. Sömuleiðis er hverjum, sem hefur sjúkling á heimili sínu, eða ef aðrar gildar ástæður eru fyrir hendi, heimilt að krefjast þess, að engar almennar skemmtanir, sem háreisti er að, séu hafðar svo nærri húsi hans, að hætta eða tjón geti af hlotizt.

62. gr.

Við hvert veitingahús eða almennt samkomuhús skal eigandinn láta gera örnahús, sem gestum er heimill aðgangur að. Skal veitingamaður eða húseigandi sjá um, að því sé haldið vel hreinu.

## VIII. KAFLI

### Eftirlit umferðar við höfnina.

63. gr.

Öll umferð við höfnina og um innlend og útlend skip, sem á henni liggja, skal háð sérstöku eftirliti lögreglunnar, og skal henni jafnan heimil umganga um skipin, þar á meðal íveruklefa.

64. gr.

Lögreglustjóra er heimilt að banna alla umferð óviðkomandi fólks um bryggjur og út í skip, sem verið er að afgreiða, ef hann telur að slík umferð geti valdið töfum á afgreiðslu eða verið farþegum óþægileg. Þegar svo stendur á, er hverjum manni skylt að svara lögreglunni afdráttarlaust, ef hún spyr um erindi hans.

65. gr.

Við höfnina eða í skipum á henni má enginn hafa í frammi neitt það atferli, sem farþegum eða skipshöfn stafi ónæði af. Hafi lögregla grun um, að fólk sé úti í skipum að erindisleysu eða í ósiðsömum tilgangi, er henni heimilt að vísa í land öllum þeim, sem að hennar dómi eiga þar ekki erindi.

66. gr.

Heimilt er lögreglustjóra með samþykki bæjarstjórnar að láta loka höfninni eða vissum hlutum hennar að næturlagi með mannheldri girðingu.

## IX. KAFLI

## Um almennt hreinlæti og þrifnað o. s. frv.

## 67. gr.

Á almannafæri má enginn fleygja hræjum, rusli eða öðrum óhreinindum. Í ræsi má ekki kasta neinu því, sem stíflað getur. Ekki má heldur kasta neinum óhreinindum á annars manns lóð.

Sorpi, slori, ösku eða öðrum óhreinindum, má ekki kasta í fjöruna ofar en svo, að sjór taki það út. Innýfli úr skepnum, sem ekki eru notuð, skal láta í safngryfjur eða grafa þau í jörðu.

Skyldur er hver húsráðandi við götur bæjarins að láta sópa allan lausan hroða af götunni fyrir sinni lóð, er lögreglustjóri fyrirskipar.

Hey, svörð eða áburð eða annað þess konar, sem slæðist við flutning, skal sá, sem flutningnum ræður, skyldur að hreinsa samdægurs.

Mold, leyfar og rusl, sem af húsbyggingu eða viðgerð á húsi stafar, skal færa jafnóðum burtu, svo langt ofan í fjöru, að sjór taki það út samdægurs.

Nú eru settar safngryfjur eða safnkassar á ýmsum stöðum í bænum, og eru menn þá skyldir til, ef bæjarstjóri ákveður svo, að setja slor og annan fiskúrgang í safngryfjur eða safnkassa þessa, ef þeir nota það ekki sjálfir.

## 68. gr.

Áburður og annað slíkt, sem óþef leggur af, má aðeins flytja um götur bæjarins í vel þéttum vögnum. Má ekki fylla þá svo, að neitt hrynji eða renni úr þeim, meðan á flutningnum stendur.

## 69. gr.

Sorphauga, áburðarhauga, örnahús, forir eða því um líkt, má ekki hafa í nánd við götur eða stræti né annars staðar þar, sem almenningur fer um, nema í gryfjum, nægilega byrgðum, og þarf þó til þess leyfi heilbrigðisnefndar, sem ákveður þeim stað. Örnahús skal vera við hvert hús þar, sem heilbrigðisnefnd ákveður.

## 70. gr.

Á húshliðum eða göflum, sem vita að götum, strætum eða torgum, má ekki hengja, negla eða festa á annan hátt neins konar fiskföng, né annað, sem óþefur er af eða óþrifnaður, og ekki má heldur hafa fisktrönur á almannafæri.

## 71. gr.

Skepnum má ekki slátra á eða við götur bæjarins eða á almannafæri, heldur skal það gert á lokuðum svæðum, innan húss eða að húsabaki. Bannað er að láta hunda koma á blóðvöll, þegar slátrað er. Börn innan 14 ára aldurs mega ekki vera viðstödd slátrun eða vinna að henni.

## 72. gr.

Þeir, sem saurrennur hafa frá húsum sínum, skulu hafa svo um húið, að lokræsi sé. Allar saurrennur skulu hreinsaðar fjórum sinnum á ári, eða oftar, ef heilbrigðisnefnd telur nauðsynlegt.

## 73. gr.

Bræðsla á fiskafurðum má ekki fara fram á lóð kaupstaðarins, nema þar sem heilbrigðisnefnd tilvísar. Skal við atvinnu þessa hlýða fyrirskipunum lögreglustjóra og heilbrigðisnefndar, sem að því lúta, að hættu sé afstýrt og allur þrifnaður viðhafður.

153

12. sept.

Stampa, opnar tunnur eða föt með lifur, grút eða áburði, má alls ekki hafa á almannaferi, eða neitt það, sem ódaun leggur af eða er til óþrifnaðar í bænum.

74. gr.

Heilbrigðisnefnd og lögreglustjóri ákveða, hvar síldar- og fiskverkun megi fram fara í bænum.

75. gr.

## X. KAFLI

## Um staðgildi samþykktarinnar, hegningarákvæði, kostnað o. fl.

76. gr.

Samþykkt þessi gildir fyrir allt lögsagnarumdæmi Seyðisfjarðarkaupstaðar, en skal, nema hitt sé beint tekið fram, því aðeins beitt utan verzlunarlóðarinnar, að það þyki við eiga og því verði við komið.

77. gr.

Með mál, sem rísa út af samþykkt þessari, skal farið sem almenn lögreglumál.

78. gr.

Brot gegn samþykkt þessari varða sektum allt að 1000 krónum, ef ekki liggur við þyngri hegning að lögum. Hagnaður sá, sem sökunautur kann að hafa haft af brotinu, og enginn einstakur maður á löglegt tilkall til, skal upptækur ger og renna í bæjarsjóð. Ef kenna má yfirsjón, sem barn yngra en 14 ára drýgir, skorti á hæfilegri umsjón foreldra eða annarra, sem barninu ganga í foreldrastað, þá skal refsa þeim fyrir yfirsjónina, en ekki barninu.

79. gr.

Ef einhver lætur það ógert, sem er skylda hans samkvæmt samþykktinni, má lögreglustjóri láta framkvæma það, eða gera nauðsynlegar ráðstafanir til að hindra, að vanrækslan valdi tjóni. Kostnað við þetta, og kostnað, sem leiðir af þeim ráðstöfunum, sem lögreglustjóri gerir til að hindra brot gegn samþykktinni, greiðir bæjarsjóður, en skyldur er hinn seki að endurgreiða kostnaðinn að fullu.

80. gr.

Allan kostnað, sem leiðir af framkvæmd á samþykkt þessari og ekki verður krafizt af einstökum mönnum, greiðir bæjarsjóður.

81. gr.

Sektir eftir samþykkt þessari renna í bæjarsjóð.

82. gr.

Með samþykkt þessari er úr gildi numin lögreglusamþykkt fyrir Seyðisfjarðarkaupstað, 31. maí 1932, svo og öll önnur ákvæði, sem kunna að koma í bág við samþykkt þessa.

Lögreglusamþykkt þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 1 3. jan. 1890, sbr. lög nr. 67 23. nóvember 1919, um lögreglusamþykktir fyrir kaupstaðina, til þess að öðlast gildi þegar í stað, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

*Í dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 12. september 1941.*

**Hermann Jónasson.**

*Gústav A. Jónasson.*

# L Ö G R E G L U S A M Þ Y K K T

154

12. sept.

## fyrir Rangárvallasýslu.

### I. KAFLI

#### Um velsæmi og hegðun.

##### 1. gr.

Á almannafæri, svo sem á vegum, samkomustöðum, veitingahúsum og í réttum, mega uppþot eða óspektir eigi eiga sér stað. Ekki mega menn þyrpast saman á almannafæri, svo að til tálma sé fyrir umferðina.

##### 2. gr.

Bannað er að hafast að, að óþörfu, nokkuð það, sem raskar næturró manna og enginn má að ástæðulausu berja á dyr eða glugga eða aðhafast nokkuð það, sem ónáðar eða móðgar húsbúendur.

##### 3. gr.

Á fjölförnum götum og vegum eða þar, sem hætta getur stafað af, má ekki hafa leiki um hönd, ekki gera rennibrautir, renna sér á skautum eða sleðum eða hafa um hönd aðrar skemmtanir, sem hindra umferðina. Sömuleiðis er bannað að hanga utan á vögnum, sleðum eða bifreiðum, sem eru á ferð um götur eða vegi eða festa við þá sleða, handvagna eða annað, sem til óþæginda getur orðið.

##### 4. gr.

Ekki má skjóta úr byssu, riffli eða skammbyssu, af boga eða öðrum skotvopnum á eða yfir fjölfarna vegi, né heldur kveikja í púðri, olíu, benzíni eða öðrum eldfimnum efnum eða sprengiefnum, og ekki má kasta frá sér steinum, glerbrotum, snjókögglum, slori, vatni eða öðru, er tjóni getur valdið eða óþægindum þeim, sem um fara. Nauðsynlegar sprengingar á almannafæri má aðeins gera með leyfi lögreglustjóra og skal ætíð, þegar sótt er um leyfi til slíks, tilgreina hver framkvæmi verkið og bera bæði verkstjóri og sá, sem verkið er unnið fyrir, ábyrgð á, að allrar varúðar sé gætt. Sprengiefni og önnur slík eldfim efni má hvorki geyma í íbúðarhúsum né annars staðar, þar sem hætta stafar af.

##### 5. gr.

Enginn má ganga dulklæddur á almannafæri, nema hann sé á leið af eða á grímu-dansleik eða álfadans. Ekki heldur í búningi, sem mishýður velsæmi eða raskar almennt reglu. Einnig er bannað að hafa í frammi hneykslanlegt athæfi á almannafæri, svo sem með ósæmlegum orðum eða látbragði.

##### 6. gr.

Drukknun mönnum, sem finnast ósjálfbjarga eða eru með óspektir á almannafæri, skal ráðstafa á tryggilegan hátt, þar til þeir eru komnir til sjálfs sín aftur. Þeim mönnum, sem sökum ölæðis hafa í frammi hávaða eða ósæmlegt athæfi eða látbragð á almannafæri, skal ráðstafa á sama hátt, þar til þeir eru komnir til sjálfs sín aftur, og skulu þeir þá enn fremur sæta sektum eftir samþykkt þessari fyrir röskun á allsherjarfriði og reglu, er þeir kunna að hafa valdið með drykkjuskap sínum og ólátum.

##### 7. gr.

Hver sá, sem staddur er á almannafæri, er skyldur til að segja til nafns síns og heimilis, þegar lögreglan krefst þess.

154

12. sept.

Almenningi er skylt að hlýða öllum skipunum lögregluvaldsins. Ef nauðsyn ber til, getur lögregluvaldið krafði sér til aðstoðar hvern fulltíða karlmann, sem viðstaddur er, til þess að afstýra óreglu eða óspektum á almannafæri, en heimtingu eiga slíkir menn á fullum bótum úr hreppsjóði fyrir tjóni, er þeir kunna að bíða við það á fatnaði, en hreppsjóður á aðgang að hinum seka.

8. gr.

## II. KAFLI

### Ákvarðanir til að afstýra tálmunum og hættum fyrir umferðina.

9. gr.

Án leyfis lögreglustjóra má enginn setjast að á almannafæri til að selja vörur eða reka aðra atvinnu. Börn innan 14 ára aldurs mega alls ekki selja vörur á almannafæri.

10. gr.

Enginn má, án leyfis hlutaðeigandi umráðamanns, láta fyrirberast í umgirtu svæði eða öðrum stöðum, þar sem gengið er inn í hús eða garða, né fara inn í hús manna í óleyfi.

11. gr.

Hlaðna byssu má ekki bera á götum eða vegum. Byssu skal ætíð bera þannig, að opið viti upp. Gaddhrifur, ljái og aðra slíka hluti, sem tjón getur hlotizt af, má eigi flytja eftir vegum, nema svo sé um húið, að engin hætta geti hlotizt af.

12. gr.

Á alfaravegi má ekki leggja eða setja neitt það, sem hindrar umferðina, frekar en nauðsynlegt er vegna vöruf lutninga, og skal þess ætíð gætt, að það geri sem minnstan farartálma. Að flutningi loknum skal vandlega hreinsa svæðið, sem notað var. Bifreiðar, vagnar, hjólbörur og sleðar mega aldrei standa á götum eða vegum lengur en nauðsynlegt er til að fylla þá eða tæma og aldrei mega þeir standa á gangstéttum. Hreppsnefnd ákveður í samráði við lögreglustjóra, hvar á götum eða torgum vagnar eða bifreiðar mega standa og setur sérstakar reglur þar að lútandi.

13. gr.

Hvarvetna þar, sem girðingarhlið eru á vegum, er liggja heim að byggðum býlum, er bannað að hafa yfir þeim þverslár eða strengi, nema svo sé hátt undir, að öruggt sé, að ríðandi maður reki sig ekki upp undir. Er það á ábyrgð landseta að þessa sé gætt. Um girðingarhlið á vegum og girðingar með fram vegum, skal að öðru leyti fara samkvæmt ákvæðum gildandi laga.

## III. KAFLI

### Umferð um vegi.

14. gr.

Allir, sem fara um vegi, hvort heldur eru gangandi, ríðandi, á vagni, í bifreið, á hjólum eða öðrum farkosti, skulu þá er þeir mæta einhverjum eða einhver vill komast fram fyrir þá, halda sér, gripum sínum og farartækjum á vinstra helmingi akbrautarinnar eingöngu og svo nærri götubrún sem auðið er. Sá, sem vill komast fram fyrir vegfarendur, skal víkja til hægri handar, þó ekki meira en nauðsyn krefur. Við vegamót skal, ef þörf gerist, sá bíða, sem hefur farartæki á vinstri hönd. Þeir, sem fara um gangstéttir, skulu jafnan víkja til vinstri handar, en eru þó ekki skyldir til

að víkja út á akbraut, sé hún til vinstri handar. Þessi regla leysir vegfarendur þó ekki undan þeirri skyldu að sýna fyllstu nærgætni og varkárni við vegamót, þótt þeir eigi umferðaréttinn. 154 12. sept.

Annars fer um umferðareglur þessar eftir því, sem lög ákveða á hverjum tíma.

#### 15. gr.

Þeir, sem ríða eða aka á almannafæri, skulu gæta allrar varúðar. Vagnar eða sleðar með hesti fyrir mega ekki standa á almannafæri, nema ökumaður eða annar vel hæfur maður gæti hestsins.

#### 16. gr.

Það er bannað með öllu að ríða, beita fyrir vagn eða flytja farangur á höltum eða meiddum hestum, horuðum eða sem af öðrum ástæðum eru svo illa á sig komnir, að ekki hafa fullan þrótt.

#### 17. gr.

Það er bannað að ríða eða aka móti sknúðgöngum og líkfylgdum eða fram hjá þeim. Skal víkja úr vegi fyrir þeim, ef unnt er, eða nema staðar meðan þær fara fram hjá.

#### 18. gr.

Ríðandi mönnum, lestamönnum og öðrum, er farangur flytja á áburðarhestum, er skylt að víkja úr vegi, og jafnvel út af götum eða vegum fyrir vögnum, er þeir mæta, ef vagninn kemst ekki leiðar sinnar að öðrum kosti.

#### 19. gr.

Slökkviliðið er undanþegið ákvæðum þessarar samþykktar um vagna. Allir eru skyldir að víkja úr vegi fyrir því svo fljótt, sem auðið er. Sama gildir um sjúkra vagna.

#### 20. gr.

Lögreglustjóri getur takmarkað eða bannað umferð bifreiða á vegum, ef slík umferð álizt hættuleg eða til sérstakra óþæginda fyrir umferð og á vorin, meðan klaka leysir úr jörðu.

#### 21. gr.

Enginn má aka bifreið eða reiðhjóli um vegi, þegar dimmt er, án þess að hafa ljós tendruð á þeim.

#### 22. gr.

Ef bifreið mætir vögnum á stað, þar sem hvorugir komast fram hjá öðrum, skal bifreiðin aka til baka og nema staðar þar til hinir komast fram hjá henni.

#### 23. gr.

Bifreiðarstjóri skal gefa hljóðmerki með horni sínu í tæka tíð, þegar hætt er við árekstri, og ávallt áður en farið er fyrir götuhorn eða yfir gatnamót, og er hann ekur bifreiðinni aftur á bak. Hætta skal hann að gefa hljóðmerki, ef hestar hræðast eða verða óróir og ekki má hann gefa hljóðmerki um leið og bifreiðin fer fram hjá hestum. Bifreiðarstjórar skulu gæta þess, einkum að næturlagi, að gera eigi hávaða um nauðsyn fram með hljóðmerkjum. Þeir bera ábyrgð á því, að farþegar í vögnum þeirra hafi ekki um hönd söng eða hávaða, er raski næturró manna.

#### 24. gr.

Ef bifreiðarstjóri verður þess var, að laus hross eða annar búpeningur er á vegi þeim, er hann ekur um, skal hann hægja á bifreiðinni og eigi aka hraðar en á 20 km



154 hraða, þar til hann er kominn fram hjá. Ef gripirnir hlaupa undan bifreiðinni eftir 12. sept. veginum, má bifreiðin ekki aka á eftir þeim með meiri hraða en 15 km og eigi lengri leið en  $\frac{1}{2}$  km í einu.

25. gr.

Þegar bifreið mætir fjárrekstri á vegi, skal bifreiðarstjóri stöðva bifreiðina, meðan reksturinn er rekinn hjá. Komi bifreið á eftir fjárrekstri á vegi, skal bifreiðarstjóri gera rekstrarmönnum aðvart um, að hann óski að komast fram hjá rekstrinum og er rekstrarmönnum þá skylt að vika rekstrinum til hliðar á veginum, svo bifreiðin geti komizt fram hjá.

26. gr.

Ef slys vill til, sem stafar af eða stendur í sambandi við notkun bifreiða, skal bifreiðarstjóri þegar stöðva bifreiðina, skýra frá nafni sínu og heimilisfangi, ef þess er krafizt og hjálpa þeim, sem slasast hefur, ef þörf gerist.

27. gr.

Á hverju reiðhjólí, sem notað er, skal vera þjalla, sem gefur hveltt hljóð, og skulu hjólreiðamenn láta til hennar heyra, ef hætt er við árekstri, og ætíð áður en þeir fara fyrir húsdyr, horn eða gatnamót.

#### IV. KAFLI

##### Almenn ákvæði um fjallskil, ágang búpenings o. fl.

28. gr.

Um rekstur búpenings til afrétta, hirðingu hans og fjallskil, fer eftir ákvæðum fjallskilareglugerða fyrir Rangárvallasýslu, eins og þau nú eru eða síðar kunna að verða.

Að öðru leyti eru allir skyldir að gæta svo sauðfénaðar síns, geitpenings, hrossa og annarra gripa og alflugla, að ekki gangi og valdi skemmdum á varplöndum, engjum, túnnum, ökrum og matjurtagörðum annarra. Bæti eigandi eða umráðamaður skaðann, ásamt áföllnum kostnaði, eftir því hvort eignar- eða leigupeningur hefur valdið honum. Þannig, að þar sem löggirðing er um varplönd, engi, tún, akra eða matjurtagarða, ber eigandi eða umráðamaður fjárens ábyrgð á öllum skaðanum, en þar sem ógirt er, að hálfu leyti. Um ákvörðun skaðabóta skal fara eftir mati úttektarmanna, nema öðruvísi sé ákveðið í fjallskilareglugerðum eða lögum.

Hundar, sem ráðast á menn eða elta skepnur út um hagann, eru rétttræpir, hvar sem þeir sjást úti. Flækingshunda, sem ekki eru í eign eða umsjá neins manns, getur lögreglan látið handsama og auglýsa. Gefi enginn sig fram innan þriggja sólarhringa og borgi áfallinn kostnað, skal lóga slíkum ef enginn vill hirða þá.

Óheimilt er mönnum að hafa með sér hunda til kirkna eða annarra mannfunda.

#### V. KAFLI

##### Um friðun almenningsigna o. fl.

29. gr.

Enginn má skemma, lýta eða óhreinka, né á annan hátt spilla almenningsignum, hvort heldur eru vegir, vatnsból, hverir, laugar, ölkeldur, vatnsveitumannvirki, byggingar, rafáhöld, rafþræðir, ljósker, símar, brunaboðar, björgunartæki eða annað, sem ætlað er til almenningsnota. Sama gildir um viðvarpsútbúnað einstakra manna.

## 30. gr.

Enginn má rita, rispa, tjarga, teikna né mála á hús manna eða girðingar neitt það, sem hneyksli getur valdið, skemmdum eða óprýði. Enginn má heldur skemma girðingar þær, sem standa um afgirta garða, reiti, tún eða önnur mannvirki. Það er bannað að klifra yfir þær eða fara í gegnum þær, nema með leyfi eiganda eða umráðamanns. Enginn má á nokkurn hátt visvitandi spilla nokkrum eignum sýslubúa. Komi slíkt fyrir, skal sá er veldur, bæta fullum bótum þann skaða, sem hann gerir.

154

12. sept.

## 31. gr.

Enginn má skemma, troða eða spilla á annan hátt ræktuðum blettum, tünnum, engjum, matjurtagörðum eða skruðgörðum manna, hvort sem girt er eða ógirt. Ekki má heldur skemma plöntur né á nokkurn hátt spilla neinu í grafreitum eða saurga þá á nokkurn hátt.

Girðingum má ekki spilla né skilja eftir opin hlið, sem lokað verður.

## 32. gr.

Enginn óviðkomandi maður má hagnýta sér eða tileinka neinar nytjar í löndum einstakra manna, svo sem beit, berjatöku, egg, veiði, fugla, fiska eða annað, án leyfis lándráðanda.

Þó mega ferðamenn hagnýta sér hagabeit og berjatöku, utan túns og engja, til neylu á staðnum um stundarsakir, meðan á áning eða hvíld stendur.

## 33. gr.

Öllum er skylt að ganga vel og þrifalega um áningarstaði sína og tjaldstæði eða þar, sem þeir á annan hátt koma saman á víðavangi, hvar sem er innan sýslunnar. Ber að ræsta vandlega slíka staði af öllum óhroða og rusli, svo sem dósnum, flöskum, bréfum og matarleyfum og öðru sliku, áður en staðurinn er yfirgefinn og hylja ruslið í gröf eða gjótu eða flytja það burt.

Flöskur má aldrei brjóta á víðavangi. Bannað er að eyða eða spilla gróðri með lyng- eða hrísrífi eða á annan hátt.

## 34. gr.

Hreppsnefnd ákveður hvar festa skuli upp auglýsingar frá yfirvöldum og öðrum stjórnarvöldum og skal hún á kostnað sveitarsjóðs útvega í því skyni spjöld, svo mörg sem þurfa þykir.

Auglýsingar um sjónleiki, sýningar, samsöngva og aðrar skemmtanir, sem leyft er að halda, svo og aðrar auglýsingar, má festa upp hvar sem er með samþykki hlut-eigandi húsráðanda.

## 35. gr.

Uppfestar auglýsingar skulu hlutaðeigendur taka niður, þegar þær hafa fullnægt tilgangi sínum. Löglega uppfestar auglýsingar má enginn rífa niður, rissa eða skrifa neitt á þær þeim óviðkomandi, óhreinka eða gera ólæsilegar á annan hátt.

## 36. gr.

Enginn má kveikja í sinu nema fyrri hluta dags og með samþykki þeirra, sem hlut geta átt að máli.

## VI. KAFLI

## Um veitingastaði, samkomuhús og skemmtanir.

## 37. gr.

Allir staðir, þar sem höfð er á hendi almenn veitingasala matar og drykkjar og gististaðir fyrir almenning, skulu háðir sérstöku eftirliti lögreglustjóra og skal lögreglunni heimill umgangur um húsakynni þau, sem notuð eru í sambandi við veitingar.

Á öllum gistihúsum skal haldin nákvæm gestabók.

## 38. gr.

Hverjum, sem hefur veitingasölu, hverju nafni sem nefnist, er skylt að gera allt, sem í hans valdi stendur til að afstýra því, að nokkuð það fari fram í húsi hans, sem kemur í bága við velsæmi og góða reglu.

## 39. gr.

Á veitinga- og samkomuhúsum má enginn hafa í frammi ofsalegt athæfi eða látbragð, hávaða eða nokkra ósæmilega hegðun eða hafa áhættuspil um hönd.

## 40. gr.

Þeir, sem hafa á hendi gistihúshald eða hafa fengið leyfi til veitinga almennt, skulu hafa lokað kl. 11 á kvöldin og gestir, sem hafa þar ekki næturstað, skulu vera farnir burt kl. 11½ að kvöldi. Þó má selja ferðamönnum greiða á hvaða tíma sem er. Fyrirnefndum tímatakmörkunum getur lögreglustjóri breytt í einstökum tilfellum, þegar sérstaklega stendur á.

## 41. gr.

Við hvert veitingahús eða almenn samkomuhús skal eigandinn láta gera salerni, sem gestum er heimill aðgangur að. Skal veitingamaður eða húsráðandi sjá um, að því sé ávallt haldið vel hreinu.

## 42. gr.

Vilji nokkur halda almenna samkomu, svo sem dansskemmtun, sjónleiki, söngskemmtun, íþróttasýningu, myndasýningu o. s. frv., er almenningi sé boðið til eða seldur aðgangur að, eða til að hafa veitingar á staðnum, skal hann til þess leita leyfis lögreglunnar. Lögreglustjóri veitir slík leyfi, en hann getur falið hreppsstjórum að veita leyfin, hverjum í sínum hreppi. Leyfishafi skal greiða til þess, sem leyfi veitir, gjald í viðkomandi sveitarsjóð, 5—50 kr. Upphæðin í hvert sinn fer eftir ákvörðun leyfisveitanda.

Leyfishafa skal skylt að hlýða fyrirmælum, sem lögregluvaldið setur til þess að varðveita góða reglu, velsæmi og hreinlæti. Honum er skylt að hlýða fyrirmælum heilbrigðisnefndar um ræsting og hreinlæti í húsrúminu, enda skal það ávallt ræst að samkomu lokinni og hreint þegar samkoma byrjar.

Lögreglustjóri eða hreppsstjóri getur — og skal jafnan gera það, ef ástæða þykir til — krafist þess, að þeir, sem fá leyfi til að halda samkomu, hafi á sinn kostnað tryggt sér menn er lögreglustjóri eða hreppsstjóri tekur gilda, til eftirlits allan samkomutímam.

Þeim samkomum, sem haldnar eru á tímabilinu frá 1. júlí til 15. september, skal ljúka eigi síðar en kl. 11 að kvöldi og ber leyfishafi ábyrgð á því, ef út af er brugðið og lögregla er ekki til staðar.

Umsóknir um skemmtanaleyfi og veitingaleyfi skulu jafnan skrifleg vera.

Fari nokkuð það fram á samkomum, sem brýtur í bága við reglu og velsæmi, er lögregluvaldinu heimilt að slíta samkomunni. 154

12. sept.

Almennar útisamkomur eru sömu reglum háðar, að svo miklu leyti sem því verður við komið. Þó skal hreppsstjóra skylt að vera sjálfur eða hafa fulltrúa á hverri slíkri samkomu í hreppnum og gæta þar reglu.

## 43. gr.

Við störf, sem lögregla, ber hreppstjórum að bera einkennishúfu hreppstjóra.

## 44. gr.

Lögreglustjóri (eða barnaverndarnefndir þar sem þær eru) getur bannað börnum innan ákveðins aldurs að sækja samkomur, sem ætla má að geti haft vond áhrif á þau.

## VII. KAFLI

## Ákvæði um hreinlæti og þrifnað.

## 45. gr.

Enginn má á nokkurn hátt spilla neyzluvatni manna, hvort heldur er rennandi vatn í ám, lækjum, lindum eða vatnsleiðslum eða í þróm eða brunnum. Vatnsból skulu vel varin fyrir öllum óþrifnaði og þess stranglega gætt, að skólpi eða öðru, er óþrifnaði veldur, sé eigi hellt þann veg, að runnið geti að þeim.

## 46. gr.

Safngryfjur og forir skulu vera vel þaktar, svo ódaun leggi eigi af þeim og svo vel umgirtar, að engin hætta geti stafað af fyrir menn eða skepnur.

Skylt er að hafa salerni við hvert íbúðarhús í þorpum og á hverju býli í sveitum, enn fremur við hvert samkomuhús og hvern verzlunarstað.

## 47. gr.

Skepnur má ekki slátra á eða við götu eða á almannafæri yfirleitt, heldur skal það gert að húsabaki eða innan girðingar, og skal þess vandlega gætt, að skepnur sjái ekki blóðvöllinn, og að hann sé hreinsaður undir eins og slátrun er lokið.

Bannað er að láta hunda komast á blóðvöll, þegar slátrað er sauðfénaði. Brot gegn banni þessu er á ábyrgð hlutaðeigandi hús- eða landráðanda.

## 48. gr.

Við hvert slátruhús skulu vera nægilega mörg ílát undir innanmeið og þannig fyrir komið, að öruggt sé, að hundar nái ekki að éta úr þeim. Við heimaslátrun skal hafa á blóðvöllinum ílát með loki undir sullu og innanmeið. Að lokinni hverri slátrun, skal annaðhvort brenna þessi sollnu líffæri eða grafa þau, minnst fullan metra í jörð niður. Annars akulu slátruhússtjórar og aðrir, sem við slátrun fást, fara eftir fyrirskipunum héraðslækna og reglum þeim, er þeir kunna að setja um þessi efni.

## 49. gr.

Heilbrigðisnefndir hafa hver í sínum hreppi eftirlit með öllu því, sem að almennum þrifnaði lítur. Fer um þetta efni eftir þeim heilbrigðissamþykktum, sem nú gilda fyrir einstaka hreppa sýslunnar eða þeim heilbrigðissamþykktum, er síðar kunna að verða settar fyrir hreppa sýslunnar.

## VIII. KAFLI

## Um staðgildi samþykktarinnar o. fl.

50. gr.

Samþykkt þessi gildir fyrir lögsagnarumdæmi Rangárvallasýslu.

51. gr.

Þar, sem heilbrigðisnefnd og fleiri nefndir, sem um getur í þessari samþykkt, eru ekki til, kemur hreppsnefnd í þeirra stað.

52. gr.

Hreppsstjórar skulu, hver í sínum hreppi, hafa glöggar gætur á að fyrirmælum samþykktarinnar sé hlýtt, og ástunda að koma í veg fyrir brot á henni.

Komist hreppsstjóri að því, að brot sé framið, skal hann jafnskjótt kynna sér málavöxtu og senda lögreglustjóra skýrslu um málið án tafar.

## IX. KAFLI

## Um hegningarákvæði, kostnað o. fl.

53. gr.

Með mál, sem rísa út af samþykkt þessari, skal farið sem almenn lögreglumál.

54. gr.

Brot gegn samþykkt þessari varða sektum allt að 1000 krónum, ef ekki liggur þyngrri refsing við að lögum.

Ef kenna má yfirsjón, er barn yngra en 15 ára drýgir, skorti á hæfilegri umsjón foreldra eða annarra, sem barninu ganga í foreldra stað, þá skal refsa þeim fyrir yfirsjónina, en ekki barninu. Hagnaður sá, sem sökudólgur kann að hafa haft af broti sínu og enginn einstakur maður á tilkall til, skal upptækur ger og renna auk sekta í sveitarsjóð þess hrepps, þar sem brot er framið. Nú hefur maður drýgt brot í fleirum en einum hreppi, sem refsað er fyrir í sama máli, og rennur þá sekt hans og upptækur hagnaður í sýslusjóð.

55. gr.

Ef einhver lætur það ógert, sem er skylda hans samkvæmt samþykkt þessari eða fyrirskipunum lögreglustjóra samkvæmt henni, getur lögreglustjóri látið framkvæma það. Kostnað við þetta og kostnað, sem leiðir af ráðstöfunum, sem lögreglustjóri gerir eða lætur gera til að hindra brot gegn samþykktinni, greiðir sveitarsjóður þess hrepps, þar sem ráðstöfunin er framkvæmd, en skyldur er hinn seki að endurgreiða kostnaðinn að fullu.

56. gr.

Kostnaður, sem leiðir af samþykkt þessari og ekki verður krafizt af einstökum mönnum, greiðist úr sveitarsjóði þess hrepps, þar sem til hefur verið kostað.

Leiði kostnað af ráðstöfunum, er varða lögsagnarumdæmið í heild, greiðist hann úr sýslusjóði.

Lögreglusamþykkt þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 107 frá 8. maí 1935, um lögreglusamþykktir utan kaupstaðanna, til þess að öðlast gildi þegar í stað, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

*Í dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 12. september 1941.*

**Hermann Jónasson.**

*Gústav A. Jónasson.*

## AUGLÝSING

155

17. sept.

um meðalmeðgjöf af hálfu barnsfeðra með óskilgetnum börnum, fyrir tímabilið frá 1. ágúst 1941 til 31. júlí 1942, samkvæmt lögum nr. 61 27. júní 1941.

## Reykjavíkurborg.

Til fullra 4 ára aldurs	....	kr. 876.00
— — 7 — —	....	— 732.00
— — 15 — —	....	— 876.00
— — 16 — —	....	— 432.00

## Hafnarfjarðarkaupstaður.

Til fullra 4 ára aldurs	....	kr. 730.00
— — 7 — —	....	— 590.00
— — 15 — —	....	— 730.00
— — 16 — —	....	— 370.00

## Gullbringusýsla.

Til fullra 4 ára aldurs	....	kr. 695.00
— — 7 — —	....	— 555.00
— — 15 — —	....	— 695.00
— — 16 — —	....	— 350.00

## Kjósarsýsla.

Til fullra 4 ára aldurs	....	kr. 525.00
— — 7 — —	....	— 425.00
— — 15 — —	....	— 525.00
— — 16 — —	....	— 260.00

## Borgarfjarðarsýsla.

Til fullra 4 ára aldurs	....	kr. 470.00
— — 7 — —	....	— 380.00
— — 15 — —	....	— 470.00
— — 16 — —	....	— 235.00

## Mýrasýsla.

Til fullra 4 ára aldurs	....	kr. 470.00
— — 7 — —	....	— 380.00
— — 15 — —	....	— 470.00
— — 16 — —	....	— 235.00

## Snæfellsness- og Hnappadalssýsla.

Til fullra 4 ára aldurs	....	kr. 470.00
— — 7 — —	....	— 380.00
— — 15 — —	....	— 470.00
— — 16 — —	....	— 235.00

## Dalasýsla.

Til fullra 4 ára aldurs	....	kr. 470.00
— — 7 — —	....	— 380.00
— — 15 — —	....	— 470.00
— — 16 — —	....	— 235.00

## Austur-Barðastrandarsýsla.

Til fullra 4 ára aldurs	....	kr. 470.00
— — 7 — —	....	— 380.00
— — 15 — —	....	— 470.00
— — 16 — —	....	— 235.00

## Vestur-Barðastrandarsýsla.

Til fullra 4 ára aldurs	....	kr. 470.00
— — 7 — —	....	— 380.00
— — 15 — —	....	— 470.00
— — 16 — —	....	— 235.00

## Norður-Ísafjarðarsýsla.

Til fullra 4 ára aldurs	....	kr. 470.00
— — 7 — —	....	— 380.00
— — 15 — —	....	— 470.00
— — 16 — —	....	— 235.00

## Vestur-Ísafjarðarsýsla.

Til fullra 4 ára aldurs	....	kr. 470.00
— — 7 — —	....	— 380.00
— — 15 — —	....	— 470.00
— — 16 — —	....	— 235.00

## Ísafjarðarkaupstaður.

Til fullra 4 ára aldurs	....	kr. 730.00
— — 7 — —	....	— 590.00
— — 15 — —	....	— 730.00
— — 16 — —	....	— 370.00

## Strandasýsla.

Til fullra 4 ára aldurs	....	kr. 470.00
— — 7 — —	....	— 380.00
— — 15 — —	....	— 470.00
— — 16 — —	....	— 235.00

## Vestur-Húnavatnssýsla.

Til fullra 4 ára aldurs	....	kr. 470.00
— — 7 — —	....	— 380.00
— — 15 — —	....	— 470.00
— — 16 — —	....	— 235.00

## Austur-Húnavatnssýsla.

Til fullra 4 ára aldurs	....	kr. 470.00
— — 7 — —	....	— 380.00
— — 15 — —	....	— 470.00
— — 16 — —	....	— 235.00

155

## Skagafjarðarsýsla.

17. sept.	Til fullra 4 ára aldurs	....	kr. 470.00
—	— 7 — —	....	— 380.00
—	— 15 — —	....	— 470.00
—	— 16 — —	....	— 235.00

## Eyjafjarðarsýsla.

Til fullra 4 ára aldurs	....	kr. 470.00
— — 7 — —	....	— 380.00
— — 15 — —	....	— 470.00
— — 16 — —	....	— 235.00

## Akureyrarkaupstaður.

Til fullra 4 ára aldurs	....	kr. 610.00
— — 7 — —	....	— 525.00
— — 15 — —	....	— 610.00
— — 16 — —	....	— 305.00

## Siglufjarðarkaupstaður.

Til fullra 4 ára aldurs	....	kr. 730.00
— — 7 — —	....	— 590.00
— — 15 — —	....	— 730.00
— — 16 — —	....	— 370.00

## Norður-Þingeyjarsýsla.

Til fullra 4 ára aldurs	....	kr. 470.00
— — 7 — —	....	— 380.00
— — 15 — —	....	— 470.00
— — 16 — —	....	— 235.00

## Suður-Þingeyjarsýsla.

Til fullra 4 ára aldurs	....	kr. 470.00
— — 7 — —	....	— 380.00
— — 15 — —	....	— 470.00
— — 16 — —	....	— 235.00

## Norður-Múlasýsla.

Til fullra 4 ára aldurs	....	kr. 470.00
— — 7 — —	....	— 380.00
— — 15 — —	....	— 470.00
— — 16 — —	....	— 235.00

## Seyðisfjarðarkaupstaður.

Til fullra 4 ára aldurs	....	kr. 555.00
— — 7 — —	....	— 470.00
— — 15 — —	....	— 555.00
— — 16 — —	....	— 280.00

## Suður-Múlasýsla.

Til fullra 4 ára aldurs	....	kr. 470.00
— — 7 — —	....	— 380.00
— — 15 — —	....	— 470.00
— — 16 — —	....	— 235.00

## Neskaupstaður.

Til fullra 4 ára aldurs	....	kr. 555.00
— — 7 — —	....	— 470.00
— — 15 — —	....	— 555.00
— — 16 — —	....	— 280.00

## Austur-Skaftafellssýsla.

Til fullra 4 ára aldurs	....	kr. 470.00
— — 7 — —	....	— 380.00
— — 15 — —	....	— 470.00
— — 16 — —	....	— 235.00

## Vestur-Skaftafellssýsla.

Til fullra 4 ára aldurs	....	kr. 470.00
— — 7 — —	....	— 380.00
— — 15 — —	....	— 470.00
— — 16 — —	....	— 235.00

## Rangárvallasýsla.

Til fullra 4 ára aldurs	....	kr. 470.00
— — 7 — —	....	— 380.00
— — 15 — —	....	— 470.00
— — 16 — —	....	— 235.00

## Vestmannaeyjakaupstaður.

Til fullra 4 ára aldurs	....	kr. 730.00
— — 7 — —	....	— 590.00
— — 15 — —	....	— 730.00
— — 16 — —	....	— 370.00

## Árnessýsla.

Til fullra 4 ára aldurs	....	kr. 525.00
— — 7 — —	....	— 425.00
— — 15 — —	....	— 525.00
— — 16 — —	....	— 260.00

Félagsmálaráðuneytið, 17. september 1941.

Stefán Jóh. Stefánsson.

Vigfús Einarsson.

## AUGLÝSING

um breyting á kjötskoðunargjaldi samkvæmt auglýsingu nr. 140 29. júlí 1939.

Aftan við 5. gr. fyrirmæla nr. 81 27. júlí 1933, um kjötskoðun, merkingu á kjöti o. fl., komi ný málsgrein, svo hljóðandi:

Auk þeirrar þóknunar, sem greiða skal lækni þeim, sem kjötskoðunina annast, samkvæmt framanskráðu, ber honum verðlagsuppbót eins og hún er ákveðin á hverjum tíma.

*Landbúnaðarráðuneytið, 20. september 1941.*

**Hermann Jónasson.**

*Vigfús Einarsson.*

## HAFNARREGLUGERÐ

157

20. sept.

fyrir Ólafsvíkurkaupún.

### I. KAFLI

#### Takmörk hafnarinnar.

##### 1. gr.

Ólafsvíkurhöfn takmarkast af línu, er hugsast dregin frá Sjávarfossi í Fossá í Bullusker, og þaðan lína, er hugsast dregin í vestur í stefnu á Rif, og línu frá Loðnugjá í Ólafsvíkurenni hornrétt í fyrrnefnda línu.

### II. KAFLI

#### Stjórn hafnarinnar.

##### 2. gr.

Gjöld þau, sem ákveðin eru í reglugerð þessari, skulu renna í hafnarsjóð Ólafsvíkur, og skal honum varið til þess að gera umbætur á höfninni og mannvirkjum, er henni heyra til, svo og til leiðbeininga við innsiglingu á höfnina.

Hreppsnefnd Ólafsvíkurhrepps kýs 5 manna hafnarnefnd til eins árs í senn, og hefur hún, undir yfirstjórn hreppsnefndar, framkvæmd hafnarmála og eftirlit með höfninni, sér um viðhald og umbætur á eignum hennar, stýrir öllum framkvæmdum, er þar að lúta, og annast fjárhald hafnarinnar, innheimtu og reikningsskil fyrir hönd hreppsnefndar.

Hreppsnefndin kýs hafnarnefnd á fyrsta fundi sínum í febrúarmánuði ár hvert.

Hafnarnefndarmenn skulu kosnir þannig: Einn úr hópi kaupmanna í Ólafsvík, tveir úr hópi sjómanna og tveir úr hreppsnefnd Ólafsvíkurhrepps.

Varamenn í hafnarnefnd kýs hreppsnefnd eftir sömu reglum.

Hreppsnefndin veitir fé úr hafnarsjóði til framkvæmda við höfnina eftir tillögum hafnarnefndar og ákveður, hvernig fé sjóðsins er ávaxtað, enda ber hún ábyrgð á eignum hans eins og öðrum eignum hreppsfélagsins.

Reikningar hafnarsjóðs skulu fylgja hreppsreikningnum og endurskoðast og úrskurðast með honum.



157 Reikningar um alla vinnu og framkvæmdir, ber, samkvæmt hafnarlögum Ólafs-  
20. sept. vikur, að senda vitamálastjóra ásamt fylgiskjölum, og hefur hann fullnaðarúrskurð um slíka reikninga.

3. gr.

Daglegar framkvæmdir og eftirlit annast hafnarnefndin eða umboðsmaður hennar. Til aðstoðar hafnarnefnd skulu vera svo margir starfsmenn, sem þurfa þykir. Hreppsnefnd skipar fasta starfsmenn eftir tillögu hafnarnefndar og setur þeim starfsreglur.

III. KAFLI

Um reglu við höfnina.

4. gr.

Hafnarnefndin sér um, að gætt sé reglu í höfninni og á landi hennar. Er öllum skylt að hlýða boði hennar og banni og enn fremur þeirra starfsmanna, er hafnarnefnd setur til að gæta reglu. Þyki einhverjum sér óréttur ger af starfsmönnum hafnarinnar, getur hann kært það fyrir hafnarnefnd, en skipun starfsmannsins ber að hlýða þegar í stað.

Starfsmenn hafnarinnar skulu gæta allrar kurteisi í starfi sínu.

5. gr.

Þeim, sem ekkert lögmætt erindi eiga, er bannað að dvelja á landi hafnarinnar, ef þeir með því tálma fermingu og affermingu skipa og báta eða öðrum störfum, sem þar eru framkvæmd.

6. gr.

Skylt er að gæta allrar varúðar í meðferð elds og ljósa á höfninni. Í skipum og bátum, sem flytja eldfim efni, má ekki kveikja eld eða ljós, nema í eldavél skipsins og lögboðnum ljóskerum. Tóbaksreykingar eru bannaðar í þeim skipum og bátum á því svæði, sem unnið er að fermingu eða affermingu.

Áliti hafnarnefnd eða starfsmaður hennar, að hætta geti stafað af fermingu eða affermingu eldfimrar vöru, er heimilt að stöðva verkið, unz gerðar hafa verið nauðsynlegar ráðstafanir.

7. gr.

Á landi hafnarinnar má ekki smíða nýja báta eða gera við eldri báta, nema með leyfi starfsmanns hafnarnefndar og með þeim skilmálum, sem hann ákveður. Bannað er að leggja bátum upp í hafnarfjöruna, nema með leyfi hafnarnefndar eða umsjónarmanns.

8. gr.

Ekki má kasta útbyrðis seglfestu, ösku, kolum eða neinu öðru, er valdið getur skemmdum á höfninni, frá skipum, er þar liggja, né flytja það úr landi út í höfnina.

Á svæðinu milli hafnargarðanna, er bannað að kasta í höfnina hvers konar fiskúrgangi og öllu öðru, er óþrifum kann að valda.

Hafnarnefnd eða umsjónarmaður hennar getur látið hreinsa allan fiskúrgang og annað það, sem kastað er í höfnina, á kostnað þess báts eða skips, sem slíku hefur í höfnina kastað.

Innan hafnartakmarkanna má ekki heldur gera nein hafnarmannvirki, né breyta þeim mannvirkjum, sem nú eru, ekki fylla upp né dýpka út frá landi, nema leyfi hafnarnefndar og hreppsnefndar komi til.

## IV. KAFLI

157

## Um legu skipa og báta og umferð þeirra í höfninni.

20. sept.

## 9. gr.

Fiskiskip og bátar, er ekki ferma eða afferma, mega aldrei leggjast svo í höfninni, að það tálmi fermingu eða affermingu annarra skipa, og skulu þau í hvert skipti skyld að hlýða boði hafnarnefndar eða umboðsmanns hennar um það, hvar þau skuli leggjast, ef slík skipun er gefin. Skip eða bátar mega aldrei leggja svo frá sér strengi eða festar, að tálmi umferð. Festar skipa eða báta mega aldrei liggja yfir alfaraleið.

## 10. gr.

Skipum eða bátum má ekki leggja við akkeri eða festar innan hafnargarða, þannig að það hindri eða tefji umferð um höfnina. Hafnarnefnd getur ákveðið, hvar og hvernig legutækjum báta og skipa verður lagt í höfnina.

Nú tregðast eigandi eða skipstjóri við að hlýða boðum hafnarnefndar eða starfsmanna hafnarinnar um að flytja skip sitt, bát eða strengi á höfninni, og getur þá hafnarnefnd látið gera það á ábyrgð og kostnað eiganda.

## 11. gr.

Í sérhverju skipi eða bát, sem er yfir 10 smálestir (að undanskildum skipum eða bátum, sem hafa leyfi hafnarnefndar til að liggja mannlaus í lægi á höfninni) skal jafnan vera einn maður að minnsta kosti, er tekið getur á móti skipunum starfsmanna hafnarinnar og framkvæmt þær, hvort heldur á að færa skipið eða gera eitt-hvað annað samkvæmt reglugerð þessari.

## 12. gr.

Eigi má festa skipum eða bátum við norðurgarð eða bryggju hafnarinnar nema við festarhringa. Festum skal þannig fyrir komið, að þær hindri sem minnst umferð á bryggjunni. Þyki þess ekki nægilega gætt, má krefjast, að bætt verði úr því tafarlaust. Skyld er að hafa tryggar hlífar milli skips og hafnargarðs eða bryggju, ef krafizt er.

## 13. gr.

Vélskip og vélbátar mega ekki láta vélar ganga af svo miklu afli, að öðrum skipum eða bátum í höfninni stafi hætta af.

## 14. gr.

Ef skip eða bátur lendir á grynningu eða sekkur, þar sem það að áliti hafnarnefndar tálmar greiðri notkun hafnarinnar, skal færa það burt, svo fljótt sem auðið er. Verði minnsti dráttur á því, má hafnarnefnd láta færa skipið eða bátinn á kostnað eigenda, og er henni heimilt að láta selja skipið eða bátinn til lúkningar kostnaðinum, ef nauðsyn krefur.

## V. KAFLI

## Um notkun hafnarbryggjunnar.

## 15. gr.

Meðan hafnarnefnd ákveður ekki annað, er skipum og bátum heimilt að leggjast við bryggju hafnarinnar í þeirri röð, er þeir koma.

Þó skulu bátar, sem ferma eða afferma, hafa forgangsrétt til notkunar bryggjunnar, fram yfir þá báta, sem ekkert á að vinna við.

Uppskipunarskip og bátar, sem skipa upp eða út vörum í skip, er liggja úti á höfninni, hafa rétt til þess að nota bryggjuna þar, sem upp- og útskipun er auðveldust.

157 Opnir vélbátar og uppskipunarskip skulu liggja svo ofarlega við bryggjuna, sem  
20. sept. frekast er unnt, til þess að tálma því eigi, að stærri bátar geti lagzt frammar við bryggjuna.

Hafnarnefnd eða umboðsmaður hennar ákveður, hvar bátur skuli liggja við bryggju.

Ef nauðsynlegt telst, veðurs vegna, getur umboðsmaður hafnarnefndar fyrirskipað þeim bátaeignendum eða formönnum, sem hafa umráð yfir opnum bátum og uppskipunarbátum, að setja báta sína upp í fjöru, á stað þann, er hann tiltekur.

Sé fyrirskipunum hafnarnefndar eða umboðsmanns hennar ekki hlýtt í þessu efni, þá getur hann látið framkvæma þessar fyrirskipanir á kostnað og ábyrgð eigenda bátanna.

#### 16. gr.

Ef nauðsyn ber til að skipum eða bátum, sem ferma eða afferma við bryggjuna, sé lagt hvort við hliðina á öðru, er heimilt að flytja farm þeirra skipa eða báta, er utar liggja, yfir þilför hinna. Svo er og skipshöfn og farþegum þeirra skipa eða báta, er utar liggja, heimil umferð um þilför þeirra, er nær liggja.

#### 17. gr.

Bannað er að gera að fiski á bryggjunni eða láta neinn fiskúrgang á bryggjuna. Ef það er gert, varðar það sektum samkvæmt 41. gr.

#### 18. gr.

Pegar lokið er fermingu eða affermingu skips eða báts, skal skipstjóri, formaður eða afgreiðslumaður, ef þörf gerist, láta ræsta bryggjuna, þar sem hún hefur verið notuð. Farist það fyrir, skal hafnarnefnd eða umboðsmaður hennar sjá um, að það sé gert, en afgreiðslumaður, skipstjóri eða formaður greiðir allan kostnað, sem af því leiðir.

#### 19. gr.

Bannað er að láta vörur eða muni standa eða vera þar á bryggjunni, sem þeir geta tálmað greiðri umferð um bryggjuna. Allar vörur eða muni skal flytja burt af bryggjunni samstundis og umboðsmaður hafnarnefndar krefst þess.

## VI. KAFLI

### Um skip og báta, sem geymd eru í höfninni.

#### 20. gr.

Sérstakt leyfi hafnarnefndar eða umsjónarmanns hennar þarf til þess að geyma bát í höfninni. Skal hann þá geymdur þar, sem hann getur ekki hindrað umferð annarra báta, og á þeim stað, er umsjónarmaður hafnarnefndar tiltekur.

#### 21. gr.

Eigi ber hafnarsjóður neina ábyrgð á bátum, sem geymdir eru í höfninni.

VII. KAFLI  
Um lestargjald.

157  
20. sept.

22. gr.

Öll skip, 5 smálestir brúttó og þar yfir, skulu greiða lestargjöld, er þau koma á Ólafsvíkurhöfn og hafa eitthvert samband við land.

Undanþegin lestargjaldi eru herskip, varðskip, björgunarskip, skip, sem hafa skírteini sem skemmtiferðaskip, skip, sem gerð eru út til vísindarannsóknna, skip, sem leita hafnar vegna sjóskemmda og skip, er leita hafnar vegna óveðurs en hafa ekkert samband við land.

Lestargjald greiðist af nettóstærð skipa og reiknast í heilum tölum, en brotum skal sleppa.

23. gr.

- A. Innlend veiðiskip greiði 10 aura fyrir hverja smálest, í hvert sinn er þau koma til hafnar, en þó aldrei minna en 5 krónur, en þó ekki oftari en 7 sinnum á ári.
- B. Öll önnur skip, er til hafnarinnar koma, skulu greiða 10 aura fyrir hverja smálest, í fyrsta sinn er þau koma til hafnar á árinu, en 5 aura í hvert sinn er þau koma síðar á sama ári.

VIII. KAFLI

Bryggjugjald fyrir báta.

24. gr.

Hvert skip eða bátur, sem leggst við norðurgarð hafnarinnar eða bryggju eða skip eða bát, sem við bryggju liggur, skal greiða bryggjugjald af nettóstærð skipsins, talið í heilum smálestum, en brotum skal sleppa. Gjaldið skal greiða fyrir hverjar 72 klukkustundir eða minna.

Varðbátar og björgunarbátar eru undanþeginir bryggjugjaldi.

Gjöldin greiðast sem hér segir:

- A. Bátar, sem heima eiga utan Ólafsvíkur greiða:

2— 5 smálesta	.....	2 kr.
5— 12	—	4 —
12— 40	—	5 —
40— 60	—	8 —
60—100	—	10 —

Þó má hafnarnefnd gefa aðkomubátum ívilnun á gjaldi þessu, en þó má gjaldið aldrei vera lægra en það, að samsvaraði því, að hann hefði komið 10 sinnum.

- B. Bátar, heimilisfastir í Ólafsvík, og bátar, sem að staðaldri leggja aflla sinn á land í Ólafsvík, 15 smálestir brúttó eða stærri, greiða 50 krónur á ári, 10—15 smálestir 35 kr., 5—10 smálestir 25 kr., en minni vélbátar og uppskipunarbátar 10 krónur.

Af róðrabátum greiðast 2 krónur.

Gjalddagi á gjaldi þessu er 1. júlí ár hvert.

IX. KAFLI  
Um vörugjald.

25. gr.

Vörugjald skal greiða af öllum vörum, svo og af skepnum, lifandi og dauðum, sem fermdar eru eða affermdar á höfninni, með þeim undantekningum, er um getur í næstu greinum.

26. gr.

Fyrir vörur, sem samkvæmt farmskrá skips eru ákveðnar til umhleðslu, og eiga því ekki að leggjast á land nema um stundarsakir, greiðist aðeins hálf gjald.

Af vörum, sem settar eru á land, og fara aftur með sama skipi, greiðist ekkert gjald, svo framarlega sem þær eru ekki á farmskrá skipsins ákvarðaðar til Ólafs-víkur.

27. gr.

Þessar vörur eru algerlega undanþegnar vörugjaldi:

- A. Vistir og aðrar nauðsynjar skipa og báta til eigin nota, sem fluttar eru úr landi.
- B. Póstflutningur og venjulegur farþegaflutningur.

28. gr.

Vörugjaldið skal reikna eftir máli eða þyngd vörunnar með umbúðum. Brot úr gjaldeiningu telst heil gjaldeining. Fara skal eftir farmskrá skips við útreikning vörugjalds, og er skipstjóri skyldur til að láta hafnarnefnd eða umboðsmanni hennar í té eftirrit af farmskrá skips hans. Sé engin farmskrá skal skipstjóri eða formaður báts, að viðlögðum sektum, gefa drengskaparvottorð um vörumagn það, er skip hans hefur fermt eða affermt. Þyki hafnarnefnd eða umboðsmanni hennar ástæða til, getur hún hvenær sem er, látið ákveða vörumagnið á þann hátt, sem hentugast þykir. Reynist vörumagnið meira, en upp var gefið, greiðir skipið eða báturinn kostnaðinn. Ef ýmsar vörutegundir eru í sendingu skal reikna vörugjaldið eftir þeirri tegund, sem hæst gjald skal greiða af samkvæmt eftirfarandi gjaldskrá.

29. gr.

Vörugjaldskrá.

Vörugjald skal greiða sem hér segir:

- |   |                               |                                   |
|---|-------------------------------|-----------------------------------|
| 1. Af salti, kolum og tómum umbúðum   | 20                            | aura fyrir hver 100 kg eða minna. |
| 2. Af óverkuðum saltfiski, bolfiski óslægðum, hertum fiskbeinum .....           | 25                            | — — — — —                         |
| 3. Af sementi, útlendum áburði, og bolfiski slægðum með haus og hrygg ..        | 30                            | — — — — —                         |
| 4. Af frystum fiski og frystum hrognum  | 40                            | — — — — —                         |
| 5. Af fullverkuðum saltfiski, bolfiski, flöttum, frystri og ófrystri síld ..... | 45                            | — — — — —                         |
| 6. Af steinolíu og benzíni .....  | 60                            | — — — — —                         |
| 7. Af flatfiski slægðum og öllum öðrum vörum, sem reiknast eftir þyngd ....     | 90                            | — — — — —                         |
| 8. Af tómum tunnum  | 25 aura fyrir hverja tunnu.   |                                   |
| 9. Af búslóð og öðrum vörum en timbri, sem reiknast í teningsfetum              | 10 aura af tenf.              |                                   |
| 10. Af timbri   | 25 aura af teningsfeti.       |                                   |
| 11. Af sauðkindum   | 75 aura af sauðkind.          |                                   |
| 12. Af hestum og nautgripum   | 4 kr. fyrir hvern grip.       |                                   |
| 13. Af bátum og bifreiðum   | 10 kr. fyrir bát eða bifreið. |                                   |

## X. KAFLI

## Um ýmis gjöld til hafnarinnar.

## 30. gr.

Fyrir að leggja skipi eða báti upp í fjöru hafnarinnar til hreinsunar eða aðgerðar skal greiða 5 aura af hverri smálest af nettóstærð skipsins eða bátsins fyrir hvern sólarhring eða hluta úr sólarhring, en þó aldrei minna en 2 krónur.

Undanþegnir þessu gjaldi eru skip og bátar, sem eiga heima í Ólafsvík.

## 31. gr.

Fyrir að geyma skip eða bát mannlaut í höfninni, hvort heldur dregið á land eða bundið við bryggju, skal eigandi greiða 50 aura árgjald af hverri brúttó smálest.

Undanþegnir þessu gjaldi eru bátar og skip, sem heima eiga í Ólafsvík.

## 32. gr.

Ef menn fá útmældar lóðir til bráðabirgðanotkunar, af lóðum þeim, sem höfnin hefur umráð yfir, þá greiðir sá, sem afnot slíkrar lóðar fær, 35 aura fyrir hvern fermetra á ári.

## 33. gr.

Þeir, sem þegar hafa fengið útmældar lóðir undir bráðabirgðaskúra eða byggingar, greiða hið umsamda gjald fyrir afnot lóðanna, á meðan samningur sá, sem þeir hafa fengið, er í gildi, en eftir það greiða þeir gjöldin samkvæmt 32. gr. Þeir, sem hafa afnot af lóðum undir skúrum en hafa enga samninga um lóðarnotkun, greiða samkvæmt 32. gr., en þó aldrei minna en 15 kr. á ári í lóðargjald eftir skúrinn. Gjöld þessi falla í gjalddaga 1. júní ár hvert.

## XI. KAFLI

## Um innheimtu og greiðslu hafnargjalda.

## 34. gr.

Hafnargjaldkeri sér um innheimtu allra hafnargjalda.

## 35. gr.

Skipstjóri eða formaður ber ábyrgð á greiðslu allra gjalda, sem innheimta skal samkvæmt reglugerð þessari. Ef enginn formaður eða skipstjóri er á báti eða skipi, ber eigandi ábyrgð á greiðslu gjaldanna.

Hafnarsjóður hefur haldsrétt á skipi eða báti þar til gjöldin eru greidd. Að svo miklu leyti, sem ekki eru í reglugerð þessari ákveðnir fastir gjalddagar á gjöldunum, skal greiða þau áður en skip eða bátur fer hurt úr höfninni.

## 36. gr.

Gjald fyrir vörur þær, sem um getur í 29. gr., greiði eigandi eða umboðsmaður hans, og hefur hafnarsjóður haldsrétt á vörunum, unz gjaldið er greitt.

Ef margir eiga vörur með sama skipi eða báti, skal afgreiðslumaður skips eða báts standa skil á greiðslum. Ef skip eða bátur hefur ekki farm sinn skráðan, ber skipstjóri eða formaður ábyrgð á greiðslu vörugjaldanna. Vörugjald fellur í gjalddaga við fermingu eða affermingu vörunnar. Útgerð hvers báts, er fiskveiðar stundar í Ólafsvík, ber ábyrgð á vörugjaldinu af fiski þeim, er báturinn leggur á land.

## 37. gr.

Öll gjöld samkvæmt reglugerð þessari má taka lögtaki.

## XII. KAFLI

### Ýmis ákvæði.

#### 38. gr.

Um skaðabótaskyldu fyrir skemmdir á höfninni, mannvirkjum hennar eða áhöldum, fer eftir almennum lagareglum. Ef samningum verður ekki viðkomið um skaðabætur fyrir skemmdir á höfninni, mannvirkjum hennar eða áhöldum, skulu þær ákveðnar af þremur óvilhöllum, dómkvöddum mönnum. Hvorum aðilja um sig er heimilt að krefjast yfirmats, en gera skal það, áður en einn mánuður er liðinn frá því, er matsgerð var lokið. Yfirmat skal framkvæmt af fimm óvilhöllum, dómkvöddum mönnum. Kostnaðinn við yfirmat greiðir sá, er þess hefur krafizt, ef matsupphæðinni verður ekki breytt meir krefjanda í vil en sem svarar 10% af hinni ákveðnu endurgjaldsupphæð.

Að öðrum kosti greiðir hinn aðili kostnaðinn.

#### 39. gr.

Enginn, sem bakað hefur sér refsingu eða skaðabótaskyldu fyrir brot á reglugerð þessari, má fara burt úr höfninni, meðan mál hans er óútkljáð, nema hann setji tryggingu, sem hafnarnefnd tekur gilda.

#### 40. gr.

Hverja þá skipun, sem hafnarnefnd eða umsjónarmaður hafnarnefndar má gefa skipi eða báti samkvæmt reglugerð þessari, skal gefa skipstjóra eða formanni, en stýrimanni, ef skipstjóri eða formaður er eigi við.

Ef enginn er stýrimaður, eða hann er fjarverandi, má gefa einhverjum af skipshöfninni fyrirskipunina, og er það jafngilt, sem skipstjóri eða formaður hefði sjálfur fengið skipunina.

#### 41. gr.

Brot á reglugerð þessari varða sektum til hafnarsjóðs frá 10—500 kr., nema þyngri refsing liggja við að lögum.

#### 42. gr.

Með mál út af brotum á reglugerð þessari skal farið sem almenn lögglumál.

Reglugerð þessi er hér með sett samkvæmt hafnarlögum Ólafsvíkur, nr. 60 frá 28. nóv. 1919, til að öðlast gildi 1. október 1941, og er þá um leið numin úr gildi hafnarreglugerð fyrir Ólafsvíkurkaupþún frá 1936, svo og öll önnur ákvæði, sem kunna að koma í bága við reglugerð þessa.

Þetta birtist til leiðbeiningar og eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

*Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 20. september 1941.*

**Ólafur Thors.**

*Páll Pálmason.*

**AUGLÝSING**

158

26. sept.

**um breytingu á gjaldskrá rafveitu Hafnarfjarðar.****1. gr.**

Fyrir notkun í september og þar til annað verður ákveðið innheimtist allir rafmagnsreikningar með 10% álagi.

Undantekin er þó notkun samkv. gjaldskrárlið D 1 um fulla húshitun.

**2. gr.**

Aftan við gjaldskrárlið D 1 c, um rafmagn til fullrar húshitunar, bætist eftirfarandi málsgrein:

Verð þetta er miðað við útsöluverð kola 80 kr. pr. tonn, en heimilt er að breyta því hlutfallslega við útsöluverð kola í hverjum mánuði.

Aðrir taxtar til fullrar húshitunar breytast þannig:

Taxti D 1 a skal ávallt vera 40% hærri en D 1 c.

Taxti D 1 b skal ávallt vera 20% hærri en D 1 c.

Taxti D 1 d skal ávallt vera 10% hærri en D 1 c að degi til, en 20% lægri en D 1 c að nóttu til.

Taxti D 1 e falli úr gildi.

Taxti D 1 f skal ávallt vera 50% lægri en D 1 c

**3. gr.**

Heimilt er að hækka hið lægra gjald samkv. töxtum B 2 og B 3 um meir en 10%, þannig að það verði jafnhátt breyttum taxta D 1 a.

Gjaldskrárbreyting þessi staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum, nr. 15 20. júní 1923, til þess að öðlast gildi þegar í stað, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

*Félagsmálaráðuneytið, 26. september 1941.*

**Stefán Jóh. Stefánsson.**

*Páll Pálmason.*

**REGLUGERÐ**

159

27. sept.

**um flutning líka.****1. gr.**

Enginn má taka til flutnings eða flytja lík milli sókna hér á landi utan Reykjavíkur, hvort sem er með skipi, bifreið eða öðrum flutningatækjum, né veita viðtöku líkum úr öðrum sóknum, nema gætt sé fyrirmæla þessarar reglugerðar.

**2. gr.**

Búa skal um lík, sem flutt er á milli sókna, sem hér segir (sbr. þó 3. gr.): Líkið skal vera í hæfilega sterkri og endingargóðri loft- og lagarheldri málmkistu, en þar utan yfir sé traust og vönduð trékista og svo um búið, að málmkistan haggist ekki innan í trékistunni. Í botni trékistunnar sé að minnsta kosti 5 cm þykkt lag smárra hefilspóna, muldra viðarkola, mómoldar eða annars þess háttar, og



159 vel vætt i kresólvatni (5%) eða öðrum álika virkum sóttvarnarlegi. Ef um lík manns  
27. sept. er að ræða, sem dáíð hefur úr næmum sjúkdómi þess háttar, að sóttþætta geti stafað af líkinu, skal trékistan vera svo lagarheld sem unnt er: tjörguð að innan og bik í samskeytum. Líkinu skal fylgja greinilegt vottorð héraðslæknis um umbúnað þess og sérstaklega tekið fram, hvort um næman sjúkdóm sé að ræða, er sóttþætta geti stafað af.

## 3. gr.

Héraðslæknir má veita undanþágu frá ákvæðum 2. gr., þegar um mjög stuttar ferðir er að ræða, lík aðeins fárra daga gamalt og sóttþætta kemur ekki til greina. Undanþágu þessa veitir héraðslæknir skriflega.

## 4. gr.

Nú óskar maður að grafa upp lík til að flytja það í burtu, og skal þá leita heimildar ráðherra. Ef ráðherra heimilar uppgröftinn, segir hann nánar fyrir um, hverjar varúðarráðstafanir skuli við hafðar.

## 5. gr.

Reglur þessar hagma ekki almennum ákvæðum sóttvarnarlaga um frekari öryggisráðstafanir gegn útbreiðslu næmra sjúkdóma.

## 6. gr.

Brot gegn ákvæðum reglugerðar þessarar varða sektum 50—500 kr., nema þyngri refsingu varði samkvæmt almennum lögum.

Reglugerð þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 28 27. júní 1941, til þess að öðlast gildi þegar í stað, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

*Heilbrigðismálaráðuneytið, 27. september 1941.*

**Stefán Jóh. Stefánsson.**

*Gústav A. Jónasson.*

160 Staðfesting ríkisstjóra Íslands á skipulagsskrá fyrir „Minningarsjóð Soffíu  
29. sept. Skúladóttur frá Odda“, útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dóms- og kirkju-  
málaráðherra 29. september 1941.

Skipulagsskráin er þannig:

## SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Minningarsjóð Soffíu Skúladóttur frá Odda.

## 1. gr.

Minningarsjóður Soffíu Skúladóttur er stofnaður af nemendum hennar á Akra-  
nesi, og er höfuðstóllinn í aðaldeild Söfnunarsjóðs Íslands, að upphæð kr. 330.00 —  
þrjú hundruð og þrjátíu krónur —.

## 2. gr.

Sjóðinn skal varðveita í Söfnunarsjóði Íslands, ásamt því er bætast kann við  
höfuðstólinn. Skulu allir vextir leggjast við höfuðstól, þangað til árið 1957. Frá þeim

tíma skulu  $\frac{3}{4}$  — þrjú fjórðu hlutar — vaxta leggjast við höfuðstól árlega, en  $\frac{1}{4}$  — einn fjórði hluti — vaxta greiðast stjórn sjóðsins. Skal hún þannig skipuð, að aðal- 160  
nefnd sú, er hefur með höndum fjársöfnun til byggingar húsmæðraskóla á Akranesi, 29. sept.  
annist og stjórn sjóðs þessa, unz húsmæðraskóli tekur til starfa á Akranesi. Eftir þann tíma tekur stjórn húsmæðraskólans við stjórn sjóðsins.

## 3. gr.

Útborguðum vöxtum sjóðsins skal varið til verðlauna handa þeim stúlkum, er skara fram úr við nám í húsmæðraskóla Akraness. Þá er fjárhagur sjóðsins leyfir, má og verja fé þessu til þess að styrkja til framhaldsnáms efnilegar stúlkur, er lokið hafa námi við húsmæðraskóla á Akranesi.

## 4. gr.

Reikningsár sjóðsins er almanaksárið og skulu endurskoðendur reikninga Ytri-Akraneshrepps (Akraneskaupstaðar) jafnan eiga aðgang að reikningum og bókom sjóðsins til yfirskoðunar.

## 5. gr.

Leita skal staðfestingar ríkisstjóra Íslands á skipulagsskrá þessari.

## 6. gr.

Skipulagsskráin óskast birt í B-deild Stjórnartíðindanna.

## REGLUGERÐ

### um skipun slökkviliðs og brunamála í Búðakauptúni.

161

29. sept.

## I. KAFLI

#### Um skipun brunamálanefndar og verksvið hennar.

## 1. gr.

Yfirstjórn brunamála í Búðakauptúni skal falin þriggja manna nefnd, og eiga sæti í henni oddviti hreppsnefndar, slökkviliðsstjóri og einn maður, er hreppsnefnd kys til þriggja ára í senn.

## 2. gr.

Brunamálanefnd hefur á hendi stjórn brunamála í Búðakauptúni, að svo miklu leyti, sem starfið heyrir ekki beinlínis undir slökkviliðsstjóra.

Hún skal hafa eftirlit með því, að ákvæðum brunamálaganna og reglugerðar þessarar sé í öllu framfylgt.

## II. KAFLI

#### Hver slökkvitæki kaupúnið skuli eiga, og viðhald þeirra.

## 3. gr.

Búðakauptúni er skylt að eiga, auk slökkvistöðvar í nothæfu ástandi, að minnsta kosti þessi slökkvitæki og áhöld: 1 véldælu, 400 metra slöngur með tilheyrandi tengslum og stútum, 1 björgunarstiga, 1 áhalda- og slönguvagn, eldvarnasegl, 2 reykgímur, 2 krókstjaka, 15 hjálma ásamt öðrum smærri áhöldum.

161 Áhöldum þessum skal á kostnað hreppssjóðs vel við haldið, svo þau séu ávallt í 29. sept. nothæfu ástandi.

Ef brunamálanefnd þykir ástæða til að auka eða fullkomna slökkvitækin, skal hún leggja það til við hreppsnefnd, að svo verði gert.

4. gr.

Slökkvitæki hreppsins skulu geymd í sérstöku húsi. Lykill að því skal vera í vörzlum slökkviliðsstjóra, varaslökkviliðsstjóra og svo margra úr slökkviliðinu, sem þurfa þykir.

5. gr.

Slökkviliðsstjóri hefur, undir umsjón brunamálanefndar, eftirlit með slökkvitækjunum, ber ábyrgð á því, að þau séu fyrir hendi, og að þeim sé vel við haldið. Við hver árslok sendir hann brunamálanefnd skrá yfir slökkvitæki þau, sem til eru, og skal jafnframt getið um, hver slökkvitæki hafi verið keypt á árinu og hver hafi gengið úr sér.

### III. KAFLI

#### Skipun slökkviliðs.

6. gr.

Allir karlmenn í kaupþúninu, sem til þess eru álitnir færir, eru skyldir til þjónustu í slökkviliðinu, frá því þeir eru 20 ára til 60 ára, nema sjúkleiki hamli. Frá þessu ákvæði eru þó sóknarprestar, læknir og símastjóri undanskildir.

7. gr.

Í slökkviliði kaupþúnsins skulu vera þessir menn: Slökkviliðsstjóri, 16 liðsmenn og 2 brunaboðar. Við þessa tölu má bæta ef þörf krefur.

8. gr.

Slökkviliðsstjórinn, og í forföllum hans varaslökkviliðsstjórinn, er yfirmaður og stjórnari alls slökkviliðsins. Auglýsa skal árlega á ákveðnum stað, hver er slökkviliðsstjóri og hverjir séu honum næstir yfirmenn í slökkviliðinu.

Slökkviliðsstjóri og varaslökkviliðsstjóri mega aldrei vera á brottu úr hreppnum í senn, nema þeir hafi leyfi oddvita eða lögreglustjóra til fjarverunnar.

9. gr.

Hreppsnefnd skipar slökkviliðsstjóra og varaslökkviliðsstjóra til þriggja ára í senn eftir tillögum brunamálanefndar, en brunamálanefnd ræður aðra starfsmenn slökkviliðsins eftir tillögum slökkviliðsstjóra.

Slökkviliðsstjóri getur sagt upp liðsmönnum slökkviliðsins án nokkurs fyrirvara, ef hann finnur ástæðu til, og ráðið aðra í þeirra stað til bráðabirgða, en allir liðsmenn í slökkviliðinu eru skyldir til að tilkynna slökkviliðsstjóra með viku fyrirvara, ef þeir af gildum ástæðum geta ekki gegnt starfi sínu í slökkviliðinu. Flokksstjórar skulu skyldir að tilkynna slökkviliðsstjóra, ef þeir fara burt úr hreppnum daglangt, og liggur sekt við, ef það er vanrækt.

10. gr.

Slökkviliðsstjóri og varaslökkviliðsstjóri hafa þóknun fyrir starfa sinn eftir ákvæðum sveitarstjórnar. Aðrir liðsmenn slökkviliðsins fá greiðslu fyrir hverja klukkustund, er þeir vinna í þjónustu þess, eftir gjaldskrá, er hreppsnefndin setur í janúar ár hvert. Þeir, sem skemma fót sín í þágu brunaliðsins við bruna, eiga rétt á því að fá skemmdirnar endurgreiddar úr hreppssjóði.

## 11. gr.

161

Hreppsnefnd ákveður, eftir tillögum brunamálanefndar, hver einkenni slökkviliðið skal bera, þegar það er að starfi sínu.

29. sept.

## 12. gr.

Slökkviliðsstjóri stjórnar æfingum slökkviliðsins og ber ábyrgð á því, að ávallt séu nógu margir í slökkviliðinu og það sé vel æft. Þegar eldsvoða ber að höndum, ákveður hann, hvernig slökkviliðinu skuli fyrir komið, og allt, hvað gera skuli til að slökkva eld og varna útbreiðslu. Þó má ekki rífa niður hús til varnar útbreiðslu eldsins, nema með samþykki lögreglustjóra eða hreppsstjóra.

Ef slökkviliðsstjóri er forfallaður, gengur varaslökkviliðsstjóri í hans stað. Og sé hann ekki viðstaddur, þá hefur yfirstjórnina á hendi sá af liðsmönnum, er slökkviliðsstjóri hefur fyrirfram ákveðið til þess.

## 13. gr.

Sérhver slökkviliðsmaður er, að viðlagðri sekt, skyldur til að mæta til æfinga og til að slökkva eld, þegar hann er til þess kvaddur, hvar sem er innan kaupsins, og hlýða í öllu því, sem yfirmaður hans skipar honum. Enginn má heldur án leyfis yfirmanna yfirgefa eldsvoða áður en slökkt er, eða slökkviliðsæfingar áður en þeim er lokið.

## 14. gr.

Hreppsstjóri er yfirmaður lögreglusveitar þeirrar, er viðhalda skal góðri reglu við eldsvoða. Auk hans eru í lögreglusveitinni menn, er hreppsstjóri ákveður til þess, og skal hún gæta þess að viðhalda góðri reglu við eldsvoða og sjá slökkviliðsmönnum fyrir greiðum gangi að eldinum og annast um, að enginn óviðkomandi gangi of nærri húsi því, er brennur, eða flytji þaðan neitt í burt.

## 15. gr.

Það er skylda hvers eins, sem viðstaddur er eldsvoða, hvort sem hann er í slökkviliðinu eða ekki, að láta í té alla þá aðstoð, sem hann getur, ef slökkviliðsstjóri krefst þess, og hlýða í öllu fyrirskipunum hans.

## IV. KAFLI

## Um vatnstöku.

## 16. gr.

Heimilt er að taka vatn til að slökkva eld, hvar sem slökkviliðsstjóri álitur hagkvæmast að ná því.

Skylt er sérhverjum húseiganda, þar sem vatnsleiðsla er, að leyfa að vatn sé tekið úr vatnshönum í húsi hans til að slökkva með eld, og má enginn leggja tálmanir í veg fyrir, að slökkviliðið hafi greiðan aðgang að vatnshönum í húsinu, á meðan verið er að slökkva eldinn.

## V. KAFLI

## Um skoðun eldfæra og reykháfa.

## 17. gr.

Brunamálanefnd skal á hverju ári láta skoða eldfæri og reykháfa í hverju húsi kaupsinsins og líta eftir, að reykháfar hafi verið tilhlýðilega vel hreinsaðir, svo og að aðgæta, hvort eldfim efni séu geymd svo sem vera ber, samkvæmt lögum um

- 161 brunamál nr. 85 28. nóv. 1907. Komi það í ljós við skoðun, að einhverju sé ábótavant í þessu, skal nefndin gera þær ráðstafanir, er hún álitur fulltryggar, og skulu hlutaðeigendur bæta úr því, eins og þeim er lagt fyrir, eftir hæfilegan frest, ella kærðir fyrir lögreglustjóra.

## VI. KAFLI

### Ýmsar varúðarreglur til að fyrirbyggja eldsvoða.

#### 18. gr.

Það er skylda hvers og eins, er verður eldsvoða var, að tilkynna það slökkviliðinu þegar í stað.

#### 19. gr.

Á götum, milli húsa, görðum eða annars staðar á almannafæri, má ekki setja opnar hlóðir til eldunar, nema með leyfi slökkviliðsstjóra, og ákveður hann þá, hvernig eldstæðið skuli útbúið og hverra varúðarreglna sé gætt.

#### 20. gr.

Eldivið, steinkol, mó og timbur má ekki hafa fyrir utan hús, nema með samþykki brunamálanefndar, og þá aðeins, að ekki stafi veruleg eldhætta af því.

Birgðir af steinolíu, benzíni og öðrum eldfimum vökvum skulu geymdar í húsum inni eða mannheldum girðingum á þeim stað, er hreppsnefnd samþykkir. Um undanþágu frá þessu fer eftir lögum um brunamál.

#### 21. gr.

Þar, sem geymdar eru birgðir af eldfimum vökvum í smíðahúsum og verkstæðum, setur brunamálanefnd í samráði við hreppsnefnd, þær varúðarreglur um meðferð elds, er hún telur fulltryggar.

#### 22. gr.

Bannað er að halda opinberar jólatrésskemmtanir, nema leyfi lögreglustjóra komi til. Ekki má halda þær í öðrum húsum en þeim, sem teljast vel útbúin til þess, meðal annars um tilhögun dyra og önnur skilyrði til útgöngu.

## VII. KAFLI

### Um slökkviliðið.

#### 23. gr.

Slökkviliði kaupsins skal skipt þannig:

1. Björgunarflokkur .....	2 menn
2. Húsrífsflokkur .....	2 —
3. Vatnsslönguflokkur .....	4 —
4. Dæluflokkur .....	4 —
5. Stigaflokkur .....	4 —
6. Brunaboðar .....	2 —

Slökkviliðsstjóri skipar flokksstjóra fyrir ofangreinda flokka.

1. Björgunarflokknum er skylt að mæta, þá er bruna ber að höndum, á brunastaðnum, svo fljótt sem unnt er. Fyrsta verk hans skal vera að bjarga fólki, þá lifandi skepnum og síðan dauðum munum öllum, hverju nafni sem nefnast, undantekningarlaust. Öllu, sem bjargað er, skal koma á öruggan stað og fara svo vel með, sem unnt er.

2. Húsrífsflokkur skal rífa það, er þurfa þykir, eftir skipun slökkviliðsstjóra. Skal flokkurinn ávallt hafa með sér hin ákveðnu verkfæri á brunastaðinn. 161  
29. sept.
3. Vatnsslönguflokkur skal koma svo slöngum fyrir, að sem þægilegast sé að slökkva eldinn.
4. Dæluflokkur skal þegar mæta við slökkvistöðina, er eldsvoða ber að höndum, og hafa dælurnar í góðu standi, flytja þær þangað sem slökkviliðsstjóri skipar fyrir og sjá um, að þær komi að sem beztum notum. Einnig skal hann aðstoða vatnsslönguflokkinn við samsetningu slanganna.
5. Stigaflokkur skal sjá um að hafa stiga eftir þörfum, sjá um að þeir séu tryggilega útbúnir, og reisa þá upp, þar sem fyrirskipað er. Enn fremur skal hann aðstoða björgunarflokkinn eftir fyrirskipun slökkviliðsstjóra.
6. Brunaboðar skulu, þá er eldsvoða verður vart, gera slökkviliðinu aðvart með því að þeyta brunalúður. Sé það að næturlagi, skal annar fara með lúðurinn að húsi hvers liðsmanns og blása í hann þar, þar til hann verður þess var, að fólk í húsinu hefur orðið hans vart. Ekki mega þeir tala við nokkurn mann, nema segja frá hvar eldurinn er. Skulu þeir að loknum útblæstri mæta á brunastaðnum. Loks skulu þeir skyldir til að tilkynna slökkviæfingar eftir fyrirskipun slökkviliðsstjóra.  
Allir liðsmenn eru skyldir að hlýða slökkviliðsstjóri í starfi sínu.

#### 24. gr.

Allir liðsmenn skulu, er þeir eru að verki, forðast allan óþarfa hávaða og tal, gera sér sérstaklega far um að taka öllu með gætni og stillingu og vera fljótir og liðugir að framkvæma skipanir yfirmanna sinna.

#### 25. gr.

Allir liðsmenn skulu, ef þeir verða varir við, að óvarlega er farið með eld eða á annan hátt brotið á móti brunamála-reglugerð þessari, vanda um við þá, er gera sig seka í því, og ef þeir hlýða ekki aðvörun þeirra, gera slökkviliðsstjóra aðvart svo fljótt sem unnt er.

Engin forföll liðsmanna eru tekin gild, nema veikindi eða fjarvera úr hreppnum.

### VIII. KAFLI

#### Sektarákvæði.

#### 26. gr.

Með brot gegn reglugerð þessari skal fara sem opinber lögreglumál, og greiði hinu seki 5—1000 kr. sekt fyrir brot sitt, er renni í sveitarsjóð Búðahrepps, ef ekki liggur þyngrri sekt við samkvæmt lögum.

Reglugerð þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 85 22. nóvember 1907, til þess að öðlast gildi 15. október 1941, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

*Félagsmálaráðuneytið, 29. september 1941.*

**Stefán Jóh. Stefánsson.**

*Páll Pálmason.*

162  
30. sept.

## LÖGREGLUSAMÞYKKT

fyrir Suður-Múlasýslu.

### FYRSTI ÞÁTTUR

Ákvæði, er taka til bæði kaupþúna og sveita.

#### I. KAFLI

##### 1. gr.

Á almannafæri mega uppþot og óspektir ekki eiga sér stað. Ekki mega menn safnast saman á almannafæri, svo að til tálma sé fyrir umferðina.

Þegar talað er um almannafæri í samþykkt þessari, er átt við götur, vegi og svæði, sem almenningur fer um, eða ætluð eru til almennings afnota, svo sem leikvelli, torg, bryggjur, bólvirki, svo og um veitingastaði, afgreiðslustaði bifreiða o. þ. h. Um kvikmyndahús og önnur samkomuhús, brýr, skeiðvelli og fjárréttir, gilda ákvæði samþykktar þessarar um almannafæri, eftir því sem við á.

##### 2. gr.

Þegar fjölmenni safnast saman á almannafæri, þar á meðal við dyr kirkna, söluhúða, leikhúsa eða annarra samkomuhúsa eða annars staðar, þar sem almenningur kemur saman, skulu menn haga sér eftir þeim fyrirmælum, sem lögreglan setur til þess að varðveita góða reglu.

##### 3. gr.

Á almannafæri má ekki fljúgast á, æpa, blístra, syngja hátt, eða hafa í frammi annan hávaða eða ofsalegt eða móðgandi athæfi, sem raskar allsherjarreglu eða ónáðar vegfarendur eða þá, sem búa í nágrenninu

##### 4. gr.

Bannað er að hafast að, að óþörfu, nokkuð það, sem raskar næturró manna, og enginn má að ástæðulausu berja á dyr eða glugga, hringja dyrabjöllum eða aðhafast neitt það, sem ónáðar eða móðgar húsbúendur.

##### 5. gr.

Á fjölförnum götum og vegum eða þar, sem hætta getur stafað af, má ekki hafa leiki um hönd, ekki gera rennibrautir, renna sér á skautum eða sleðum, eða hafa um hönd aðrar skemmtanir, sem hindra umferðina. Sömuleiðis er bannað að hanga utan í vögnum, sleðum eða bifreiðum, sem eru á ferð um götur eða vegi, eða festa við þá sleða, handvagna eða annað, sem til óþæginda getur orðið.

##### 6. gr.

Ekki má skjóta úr byssu, riffli eða skammbyssu, af boga eða öðrum skotvopnum á eða yfir fjölfarnar götur eða vegi né heldur kveikja í púðri, olíu, benzíni eða öðrum eldfimum efnnum eða sprengiefnum, og ekki kasta frá sér steinum, glerbrotum, snjóköggjum, slori, vatni eða öðru, er tjóni getur valdið eða óþægindum þeim, er um fara. — Nauðsynlegar sprengingar við götur, torg eða á almannafæri má aðeins gera með leyfi lögreglustjóra, og skal ætíð, þegar sótt er um leyfi til slíks, tilgreina hver framkvæmi verkið, og ber bæði verkstjóri og sá, sem verkið er unnið fyrir, ábyrgð á að allrar varúðar sé gætt. Sprengiefni og önnur slík eldfim efni má hvorki geyma í íbúðarhúsum né annars staðar, þar sem hætta stafar af.

## 7. gr.

Enginn má ganga dulklæddur á almannaferi nema hann sé á leið af eða á grímudansleik eða álfadans. Ekki heldur í búningi sem misbýður velsæmi eða raskar almennri reglu. Einnig er hannað að hafa í frammi hneykslanlegt athæfi á almannaferi, svo sem með ósæmilegum orðum eða látbragði, með því að fletta sig klæðum eða gera þarfir sínar á hneykslanlegan hátt.

## 8. gr.

Drukknun mönnum, sem finnast ósjálfbjarga eða eru með óspektir á almannaferi, skal ráðstafa á tryggilegan hátt þar til þeir eru komnir til sjálfs sín aftur. Þeim mönnum, sem sökum ölæðis hafa í frammi hávaða eða ósæmilegt athæfi eða látbragð á almannaferi skal ráðstafa á sama hátt, þar til þeir koma til sjálfs sín aftur, og skulu þeir þá enn fremur sæta sektum eftir samþykkt þessari fyrir röskun á allsherjar friði og reglu, er þeir kunna að hafa valdið með drykkjuskap sínum og ólátum.

## 9. gr.

Enginn má baða sig eða synda nakinn á opinberum baðstöðum eða í sundlaugum fyrir almenning, við bryggjur kaupþúna eða annars staðar svo nærri landi eða skipum á höfnum, að hneyksli valdi.

## 10. gr.

Hver sá, sem staddur er á almannaferi, er skyldur til að segja til nafns síns og heimilis ef lögreglan krefst þess.

## 11. gr.

Almenningi er skylt að hlýða öllum skipunum lögregluvaldsins. Ef nauðsyn ber til, getur lögregluvaldið krafist sér til aðstoðar hvern fulltíða karlmann, sem viðstaddur er, til þess að afstýra óreglu eða óspektum á almannaferi, en heimtingu eiga slíkir menn á fullum bótum úr hreppssjóði hlutaðeigandi hrepps fyrir tjón, er þeir kunna að biða fyrir það á fatnaði eða limum, en hreppssjóður á aðgang að hinum seka.

## II. KAFLI

## Ákvarðanir til að afstýra tálmunum og hættum fyrir umferðina.

## 12. gr.

Enginn maður má ótilkvaddur slökkva eða kveikja á götuljóskerum kaupþúnanna eða snerta á brunaboðum, nema hann þurfi að gera vart við eldsvoða.

## 13. gr.

Án leyfis lögreglustjóra má enginn setjast að á almannaferi til að selja vörur eða reka aðra atvinnu. Börn yngri en 14 ára mega alls ekki selja vörur á almannaferi. Þó skal börnum 8 ára eða eldri heimilað að selja dagblöð og fréttablöð og sömuleiðis aðgöngumiða að íþróttasýningum, dagskrár og merki, er gilda fyrir sérstaka hátíðisdaga.

## 14. gr.

Enginn má, án leyfis hlutaðeigandi umráðamanns, láta fyrirberast í umgirtu svæði eða öðrum stöðum, þar sem gengið er inn í hús eða garða né fara inn í hús manna í óleyfi.

## 15. gr.

Hlaðna byssu má ekki bera á götum eða vegum kaupþúnanna. Byssu skal ávallt bera þannig, að opið viti upp. Gaddhrifur, ljái og aðra slíka hluti, sem tjón getur



162 hlotizt af, má ekki flytja eftir götum eða vegum kaupúnanna nema svo sé um húið, 30. sept. að engin hætta geti stafað af.

## 16. gr.

Á alfaraveg má ekki leggja eða setja neitt það, er tálmar umferðina, frekar en nauðsynlegt er vegna vöruflutninga og skal þess ætíð gætt, að það geri sem minnstan farartálma. Að flutningi loknum, skal vandlega hreinsa svæðið, sem notað var. Bifreiðar, vagnar, hjólbörur og sleðar mega ekki standa á götum eða vegum lengur en nauðsynlegt er til að fylla þá og tæma, og aldrei mega þeir standa á gangstéttum. Hreppsnefnd ákveður, í samráði við lögreglustjóra, hvar á götum eða torgum vagnar eða bifreiðar megi standa, og setur sérstakar reglur þar að lútandi.

## 17. gr.

Á alfaravegi má ekki vinna neina vinnu, sem tálmar umferð manna, eða gerir hana hættulega, svo sem höggva eða sprengja grjót, telgja tré, járna hesta eða því um líkt, nema leyfi lögreglustjóra komi til.

## 18. gr.

Ekkert má hafa það í opnum gluggum, sem niður getur fallið á vegi eða götur og valdið skaða á þeim, er um fara, og ekki má heldur leggja eða hengja neitt það upp á hús eða hafa laust á húsum uppi, er skaða getur valdið vegfarendum, og bera umráðamenn og eigendur húsanna ábyrgð á þeim skaða, er stafar af hirðuleysi þeirra í þessu efni.

## 19. gr.

Enginn má gera skurði í götur eða torg kaupúnanna eða alfaravegi, hvar sem er, nema hann hafi til þess leyfi hlutaðeigandi stjórnarvalds. Fáist slíkt leyfi, skal verkið unnið þannig, að sem minnstur farartálmi sé að, og ætíð skal gæta þess, að vegfarendur séu aðvaraðir um farartálmanir, með nægilega greinilegum ljósum, frá því að fer að skyggja að kvöldi og þar til albjart er orðið að morgni. Að öðru leyti gerir hlutaðeigandi stjórnarvald og lögreglustjóri þær ráðstafanir, er þurfa þykir til þess, að afstýra hættum fyrir vegfarendur. Ef slíkt verk dragast úr hófi fram, getur hlutaðeigandi hreppsnefnd eða lögreglustjóri, eða bæði í sameiningu, látið ljúka verkinu og sett götur, torg eða vegi í samt lag aftur á kostnað þess, er verkið átti að framkvæma.

## 20. gr.

Nú er hús svo hrörlegt, að hætt er við að það hrynji, eða einhver hluti þess, og getur lögreglustjóri þá bannað að nota húsið, og lagt fyrir eigandann að rífa það, eða endurbæta það svo sem þörf gerist til þess að afstýra hættu, innan tiltekins tíma. Enn fremur getur lögreglustjóri á kostnað eigandans, gert aðrar ráðstafanir, sem hann telur nauðsynlegar til þess að afstýra hættu fyrir vegfarendur og aðra. Ákvæði þetta nær einnig til þess þegar steinvegg, trévegg eða annari girðingu liggur við falli eða hruni.

Nú er bryggjum, pöllum eða öðrum mannvirkjum svo áfátt, að hætta getur af því stafað fyrir þá, sem um fara, t. d. þegar göt eru á pöllum eða mannvirki fúin, og getur þá lögreglustjóri krafizt þess af eigendum mannvirkjanna, að þeir gangi svo frá þeim, að hættulaust sé.

## 21. gr.

Áhöld, sem notuð eru til að hefja upp eða renna niður vörum eða öðru við bryggjur eða hús, sem liggja við alfaraveg, skulu vera nægilega traust, og þeir, sem þau nota, skulu vera áreiðanlegir menn. Lausir stigar mega ekki standa við húsveggi eða önnur mannvirki við alfaravegi eftir að dimmt er orðið. Brot gegn ákvæðum þess-

arar greinar eða fyrirskipunum lögreglunnar hér að lútandi, eru á ábyrgð þess, sem 162  
verkið vinnur eða annast, eða ef hann er ekki tilgreindur, þá á ábyrgð eiganda eða 30. sept.  
umráðamanns.

#### 22. gr.

Hvarvetna, þar sem girðingarhlið eru á vegum, götum eða stígum, er liggja heim  
að byggðum býlum, er bannað að hafa yfir þeim þverslár eða strengi, nema svo sé  
hátt undir, að öruggt sé að riðandi maður eða yfirbyggðar bifreiðar reki sig ekki upp  
undir. Er það á ábyrgð landseta, að þessa sé gætt. Um girðingarhlið á vegum, skal að  
öðru leyti fara samkvæmt ákvæðum gildandi vegalaga.

### III. KAFLI

#### Umferð um vegi.

#### 23. gr.

Allir, sem fara um vegi, hvort heldur eru gangandi, riðandi, á vagni, í bifreið, á  
hjólum eða öðrum farkosti, skulu, þá er þeir mæta einhverjum eða einhver vill kom-  
ast fram fyrir þá, helda sér, gripum sínum og farartækjum á vinstri helmingi ak-  
brautarinnar eingöngu og svo nærri vegarbrún eða gangstéttarbrún, sem auðið er. Sá,  
sem vill komast fram fyrir vegfarendur, skal víkja til hægri handar, þó ekki meira  
en nauðsyn krefur. Við vegamót skal, ef þörf gerist, sá bíða, sem hefur farartæki á  
vinstri hönd. Þeir, sem fara um gangstéttir, skulu jafnan víkja til vinstri handar, en  
eru þó ekki skyldir til að víkja út á akbraut sé hún til vinstri handar.

#### 24. gr.

Þeir, sem riða eða aka á almannafæri, skulu gæta allrar varúðar. Vagnar eða  
sleðar með hesti mega aldrei standa á almannafæri, nema ökumaður eða annar  
vel hæfur maður gæti hestsins. Riðandi mönnum, lestamönnum og öðrum, er far-  
angur flytja, er skylt að víkja úr vegi, og jafnvel út af götum eða vegum fyrir  
vögnum, er þeir mæta, ef vagninn kemst ekki leiðar sinnar að öðrum kosti.

#### 25. gr.

Það er með öllu bannað að riða, beita fyrir vagn eða flytja farangur á höltum  
eða meiddum hestum, horuðum eða, sem af öðrum ástæðum eru svo illa á sig  
kominir, að ekki hafa fullan þrótt, t. d. eru illa járnaðir. — Hesta eða aðra gripí  
má ekki slá með öðru en þar til gerðum keyrum eða ólasvipum. Vírsvipur, píska  
eða annað, sem sakað getur hestana, má ekki nota. Aldrei má slá hesta í höfuð,  
fætur eða nára.

#### 26. gr.

Það er bannað að riða eða aka móti skrudgöngum og líkfylgdum eða fram hjá  
þeim. Skal víkja úr vegi fyrir þeim, ef unnt er, eða nema staðar meðan þær fara  
fram hjá.

#### 27. gr.

Slökkvilið eru undanskilin ákvæðum þessarar samþykktar um vagna. Allir  
eru skyldir til að víkja úr vegi fyrir þeim svo fljótt, sem auðið er. Sama gildir  
um sjúkragagna.

## IV. KAFLI

## Um bifreiðar og reiðhjól.

## 28. gr.

Bifreið nefnist í þessari samþykkt hvert það ökutæki, sem knúð er áfram af aflvél í ökutækinu sjálfu og ætlað er til þess að flytja fólk eða varning. Samþykktin nær þó ekki til vagna, sem renna á spori, eða ökutækja, sem notuð eru eingöngu af slökkviliði.

## 29. gr.

Lögreglustjóri getur takmarkað eða bannað umferð bifreiða á vegum og einstökum götum ef slík umferð álizt hættuleg, eða til sérstakra óþæginda fyrir umferð og á vorin, meðan klaka leysir úr jörðu.

## 30. gr.

Um gerð bifreiða fer eftir lögum um notkun bifreiða, nr. 70 8. sept. 1931, reglugerð nr. 132 28. des. 1936 og reglugerð frá 24. júní 1937 eða þeim lögum og reglugerðum, er síðar kunna að verða settar þar að lútandi.

Ljós skal jafnan tendra á bifreiðum þegar skyggja tekur, og ávallt hafa þau tendruð, er þær eru á ferð, frá því birtu bregður að kvöldi og þangað til albjart er orðið að morgni.

Lögreglustjóri ákveður nánar um ljósanotkun bifreiða ef þurfa þykir.

## 31. gr.

Ef bifreið mætir vögnum á stað, þar sem hvorugir komast fram hjá öðrum, skal bifreiðin aka til baka og nema staðar þar til hinir komast fram hjá henni.

## 32. gr.

Bifreiðarstjóri skal gefa hljóðmerki með horni sínu í tæka tíð, þegar hætt er við árekstri, og ávallt áður en farið er fyrir götuhorn eða yfir gatnamót, og er hann ekur bifreiðinni aftur á bak. Hætta skal hann að gefa hljóðmerki ef hestar hræðast eða verða órólegir, og ekki má hann gefa hljóðmerki um leið og bifreiðin fer fram hjá hestum. Bifreiðarstjórar skulu gæta þess, einkum að næturlagi, að gera eigi hávaða um nauðsyn fram með hljóðmerkjum. Þeir hera ábyrgð á því, að farþegar í vögnum þeirra hafi ekki um hönd söng eða hávaða, er raski næturró manna.

## 33. gr.

Ef bifreiðarstjóri verður þess var, að laus hross eða annar búpeningur eru á vegi þeim, er hann ekur um, skal hann hægja á bifreiðinni og eigi aka hraðar en á 20 km hraða, þar til hann er kominn fram hjá. Ef gripirnir hlaupa á undan bifreiðinni eftir veginum, má bifreiðin ekki aka á eftir þeim með meiri hraða en 15 km og eigi lengri leið en hálfan km í einu.

## 34. gr.

Þegar bifreið mætir fjárrekstri á vegi, skal bifreiðarstjóri stöðva bifreiðina, meðan reksturinn er rekinn fram hjá. Komi bifreið á eftir fjárrekstri á vegi, skal bifreiðarstjóri gera fjárrekstamönnum aðvart um að hann óski að komast fram hjá rekstrinum, og er rekstrarmönnum þá skylt að víkja rekstrinum til hliðar á veginum, svo bifreiðin geti komizt fram hjá. Ef rekstur kemst eigi fram hjá bifreið vegna þrengsla, skal bifreiðin aka til baka, þangað til nægilegt svigrúm fæst.

## 35. gr.

162

Að öðru leyti skal fara eftir ákvæðum bifreiðalaganna og reglugerðum þeim, sem settar eru eða settar verða samkvæmt þeim lögum um notkun bifreiða. 30. sept.

## 36. gr.

Á hverju reiðhjólí, sem notað er, skal vera bjalla, sem gefur hveltt hljóð, og skulu hjólreiðarmenn láta til hennar heyra, ef hætt er við árekstri og ætíð áður en þeir fara fyrir húsdýr, horn eða gatnamót.

Skylt er hjólreiðamönnum að hafa ljósker, er snúi fram á reiðhjólunum og lýsi fram undan sér, og hafa þau tendruð, er þeir eru á ferð, frá því skyggja tekur að kvöldi og þar til hjart er orðið að morgni.

Þar, sem gæta þarf sérstakrar varúðar, má aldrei aka hraðar en svo, að stöðva megi hjólin þegar í stað. Sé for eða bleyta á götunni, skal aka svo að ekki slettist á aðra vegfarendur. Á hjóli mega aldrei vera fleiri menn en hjólin eru gerð fyrir. Skylt er hjólreiðamanni að nema staðar, ef reið hans veldur því, að hestur fælist eða gerist óró. Ef slys vill til, sem stafar af, eða stendur í sambandi við notkun hjóla, skal hjólreiðamaður þegar nema staðar, skýra frá nafni sínu og heimilisfangi, ef þess er krafizt, og hjálpa þeim, sem slasazt hefur, ef þörf gerist. Hjólreiðamaður skal nema staðar þegar, er lögreglan gefur honum merki um það. Eigandi hjóla ber ábyrgð á brotum á samþykkt þessari, ef hann lánar þeim, sem yngri er en 14 ára.

## V. KAFLI

## Almenn ákvæði um fjallskil og ágang búpenings.

## 37. gr.

Um rekstur búpenings til afrétta, hirðingu hans og fjallskil, fer eftir ákvæðum fjallskilareglugerðar fyrir Suður-Múlasýslu, nr. 81 1936, eins og þau nú eru eða síðar kunna að verða.

Að öðru leyti eru allir skyldir að gæta svo sauðfénaðar sins, geitpenings, hrossa og annarra gripa og alifugla, að ekki gangi og valdi skemmdum á varplöndum, engjum, túnum, ökrum og matjurtagörðum annarra. Bæti eigandi eða umráðamaður penings skaðann, ásamt áföllnum kostnaði, eftir því sem eignar- eða leigupeningur hefur valdið honum. Um ákvörðun skaðabóta skal fara eftir mati úttektarmanna, nema öðruvisi sé ákveðið í fjallskilareglugerðinni eða lögum.

Hundar, sem ráðast á menn eða elta skepnur úti um hagann, eru réttdræpir hvar sem þeir sjást úti. Flækningshunda og ketti, sem ekki eru í eign eða umsjá neins manns, getur lögreglan látið handsama og auglýsa. Gefi enginn sig fram innan þriggja sólarhringa og borgi áfallinn kostnað, skal lóga slíkum hundum eða köttum ef enginn vill hirða þá.

Skylt er mönnum að sjá um, að hundar fylgi ekki til kirkju né til heimila, þar sem jarðarfararathöfn fer fram.

## VI. KAFLI

## Um friðun almenningsigna og fleira.

## 38. gr.

Enginn má skemma, lýta eða óhreinka, né á annan hátt spilla almenningsignum, hvort heldur eru vegir, vatnsból, vatnsveitumannvirki, byggingar, rafáhöld, rafþræðir, ljósker, bryggjur, bryggjuáhöld, símar, brunaboðar, björgunarteki eða annað, sem ætlað er til almenningsnota. Sama gildir um viðvarpsbúnað einstakra manna.

162

30. sept.

Enginn má rita, rispa, tjarga, teikna né mála á hús manna eða girðingar neitt það, sem hneyksli getur valdið, skemmdum eða óþrýði. Enginn má heldur skemma girðingar þær, er standa um afgirta garða, reiti, tún, eða önnur mannvirki. Það er hannað að klifra yfir þær eða fara í gegnum þær, nema með leyfi eiganda eða umráðamanns. Enginn má á nokkurn hátt vísvitandi spilla nokkrum eigum sýslubúa. Komi slíkt fyrir, skal sá, er veldur, bæta fullum bótum þann skaða, sem hann gerir.

40. gr.

Enginn má skemma, troða eða spilla á annan hátt ræktuðum blettum, túnum, engjum, matjurtagörðum eða skrudgörðum manna, hvort sem girt er eða ógirt. Ekki má heldur skemma plöntur, né á nokkurn hátt spilla neinu í grafreitum eða saurga þá á nokkurn hátt. Girðingum má ekki spilla, né skilja eftir opin hlið, sem lokað verður.

41. gr.

Enginn óviðkomandi maður má hagnýta sér eða tileinka sér neinar nytjar, svo sem beit, berjatöku, egg, veiði, fugla, fiska eða annað, án leyfis landeiganda. Þó mega ferðamenn hagnýta sér hagabeit og berjatöku til neyzlu á staðnum um stundarsakir, meðan á áning eða hvíld stendur.

42. gr.

Öllum er skylt að ganga vel og þrifalega um áningarstaði sína og tjaldstaði, eða þar, sem þeir á annan hátt koma saman á viðavangi, hvar sem er innan sýslunnar. Ber að ræsta vandlega slíka staði af öllum óhroða og rusli, svo sem dósum, flöskum, bréfum og matarleifum og öðru þvilíku, áður en staðurinn er yfirgefinn, og hylja ruslið í gröf eða gjótu eða flytja það burt.

Flöskur má aldrei brjóta á viðavangi. Bannað er að eyða eða spilla gróðri með lyngi eða hrisrifi eða á annan hátt.

## VII. KAFLI

### Um uppfestar auglýsingar.

43. gr.

Hreppsnefnd ákveður hvar festa skuli upp auglýsingar frá yfirvöldum og öðrum stjórnarvöldum, og skal hún á kostnað sveitarsjóðs útvega í því skyni spjöld, svo mörg sem þurfa þykir.

Auglýsingar um sjónleiki, sýningar, samsöngva og aðrar skemmtanir, sem leyft er að halda, svo og aðrar auglýsingar, má festa upp hvar sem er með samþykki hlutaðeigandi húsráðanda.

44. gr.

Uppfestar auglýsingar skulu hlutaðeigendur taka niður, þegar þær hafa fullnægt tilgangi sínum. Löglega uppfestar auglýsingar má enginn rífa niður, rissa eða skrifa neitt á þær þeim óviðkomandi, óhreinka eða gera ólæsilegar á annan hátt.

## VIII. KAFLI

## Um veitingastaði, samkomuhús og skemmtanir.

162

30. sept.

## 45. gr.

Allir staðir, þar sem höfð er á hendi almenn veitingasala matar og drykkjar og gístaðir fyrir almenning, skulu háðir sérstöku eftirliti lögreglustjóra og skal lögreglunni heimill umgangur um húsakynni þau, sem notuð eru í sambandi við veitingarnar.

Á öllum gístaðum skal halda nákvæma gestaskrá.

## 46. gr.

Hverjum sem hefur veitingasölu, hverju nafni sem nefnist, er skylt að gera allt, sem í hans valdi stendur til að afstýra því, að nokkuð það fari fram í húsi hans, sem kemur í bága við velsæmi og góða reglu.

## 47. gr.

Á veitingastað má enginn sýna af sér ofsalegt athæfi eða látbragð, hávaða eða nokkra ósæmilega hegðun eða hafa áhættuspil um hönd.

## 48. gr.

Allir almennir veitingastaðir og samkomustaðir skulu vera lokaðir frá kl. 11½ að kvöldi til kl. 6 að morgni, og allir gestir, sem ekki eiga náttstað þar, skulu hafa farið út ekki síðar en ½ stundu eftir að lokað er. Þó má selja ferðamönnum greiða á hvaða tíma sem er. — Heimilt er félögum að halda þar samkvæmi, dansleiki og aðrar skemmtanir, sem ekki eru bundnar við neinn sérstakan lokunartíma, ef ekki taka þátt í þeim aðrir en félagsmenn og gestir þeirra. Sama gildir um brúðkaup og samsæti einstakra tiltekinna manna.

## 49. gr.

Við hvert veitingahús eða almenn samkomuhús skal eigandinn láta gera salerni, sem gestum er heimill aðgangur að. Skal veitingamaður eða húsráðandi sjá um, að því sé ávallt haldið vel hreinu.

## 50. gr.

Vilji nokkur halda almenna samkomu, svo sem dansskemmtun, sjónleiki, söngskemmtun, íþróttasýningu, myndasýningu o. s. frv., er almenningi sé boðið til eða seldur aðgangur að, eða til að hafa veitingar á staðnum, skal hann til þess leita leyfis lögreglunnar. Lögreglustjóri veitir slík leyfi. Þó getur hann falið hreppsstjórum að veita leyfin, hverjum í sínum hreppi.

Leyfishafa skal skylt að hlýða þeim fyrirmælum, sem lögregluvaldið setur til þess að varðveita góða reglu, velsæmi og hreinlæti. Honum er skylt að hlýða fyrirmælum heilbrigðisnefndar um ræsting og hreinlæti í húsrúminu, enda skal það ávallt nýræst, er samkoma byrjar.

Lögreglustjóri eða hreppsstjóri getur krafizt þess, að þeir, er fá leyfi til að halda samkomur, hafi á sinn kostnað tryggt sér menn er hreppsstjóra geti verið til aðstoðar við eftirlit allan samkomutímann.

Fari nokkuð það fram, er brýtur í bág við reglur og velsæmi, er lögregluvaldinu heimilt að láta slíta samkomunni.

Almennar útisamkomur eru sömu reglum háðar, að svo miklu leyti sem því verður við komið.

162

30. sept.

Sérhverjum, er sjúkling hefur á heimili sínu, er heimilt að fá bannað, að almennar samkomur, sem háreysti geta valdið, séu haldnar svo nærri húsi hans, að ónæði geti stafað af.

51. gr.

52. gr.

Föst kvikmyndahús má ekki starfrækja í sýslunni nema með leyfi hlutaðeigandi hreppsnefndar og lögreglustjóra, og með þeim skilyrðum, að því er útbúnað og loft-rými snertir, sem hún tiltekur. Hreppsnefnd ákveður hve mikið gjald skuli greiða í sveitarsjóð fyrir leyfið, annaðhvort árlega eða fyrir hverja sýningu. — Lögreglustjóri getur veitt leyfi til einstakra sýninga og ákveður hann þá gjaldið í sveitarsjóð.

53. gr.

Ef sýndar eru myndir, sem að dómi lögreglustjóra eru siðspillandi, hvort sem það eru skuggamyndir eða kvikmyndir, getur lögreglustjóri bannað að sýna þær. Barnaverndarnefnd getur og bannað, ef henni sýnist ástæða til, að láta börn horfa á myndir, sem geta haft vond áhrif á þau.

## IX. KAFLI

## Samgöngur við skip.

54. gr.

Lögreglustjóra er heimilt, ef hann telur þess þörf, til þess að halda uppi velsæmi og góðri reglu, að banna samgöngur við erlend skip.

## X. KAFLI

## Almenn ákvæði um hreinlæti og þrifnað.

55. gr.

Enginn má saurga eða á nokkurn hátt spilla neyzluvatni manna, hvort heldur er rennandi vatn í ám, lækjum eða lindum eða vatnsleiðslum eða í þróm eða brunnum.

Vatnsból skulu vel varin fyrir öllum óþrifnaði, og þess stranglega gætt, að skólpi eða öðru, er óþrifnaði veldur, sé eigi hellt þann veg, að runnið geti að þeim.

Fatabvottur eða önnur skarnhreinsun má ekki eiga sér stað svo nálægt brunnum að nokkur hætta sé á, að neyzluvatn saurgist af

56. gr.

Stampa, opnar tunnur, föt eða önnur ílát með lifur, grút eða slori eða því um líku, má ekki láta standa á almannafæri, né hafa nokkuð laust eða í ílátum, sem ódaun leggur af eða óþrifnaði veldur.

Safngryfjur og forir skulu vera þaktar, svo engan ódaun leggi af þeim og svo vel umgirtar, að engin hætta geti af stafað fyrir menn eða skepnur.

Skýlt er að hafa salerni við hvert íbúðarhús innan kauptúna og á hverju býli í sveitum, enn fremur skal skýlt að hafa þvaghús við hvert samkomuhús.

57. gr.

Bannað er að hella skólpi á götu eða almannafæri, ekki má heldur hella þar eða skilja eftir neitt það, er óþrifnaði veldur.

For, slor og annað þvilíkt, skal jafnan flytja í heldum ílátum eða vögnum um götur og alfaravegi, og skal sá, er á, eða sá, sem flytur, hreinsa upp, ef niður á götuna fer.

## 58. gr.

Skepnum má ekki slátra á eða við götu eða á almannafæri yfirleitt, heldur skal það gert að húsabaki eða innan girðingar, og skal þess vandlega gætt, að skepnur sjái ekki blóðvöllinn, og hann sé hreinsaður strax að slátrun lokinni.

Bannað er að láta hunda komast á blóðvöll, þegar slátrað er sauðfénaði. Brot gegn banni þessu er á ábyrgð hlutaðeigandi hús- eða landráðanda.

## 59. gr.

Við hvert sláturhús skulu vera nægilega mörg ilát undir innanmeið og þannig fyrir komið, að öruggt sé, að hundar nái ekki til að éta úr þeim. Við heimaslátrun skal hafa á blóðvellinum ilát með loki undir sullu og innanmeið. Að lokinni hverri slátrun skal annaðhvort brenna þessi sollnu líffæri eða grafa þau, minnst fullan metra niður í jörðu. Annars skulu sláturhússtjórar og aðrir, sem við slátrun fást, fara eftir fyrirskipunum héraðslækna og reglum þeim, er þeir kunna að setja um þessi efni.

## 60. gr.

Heilbrigðisnefndir hafa hver í sínum hreppi eftirlit með öllu því, sem að almennum þrifnaði lýtur. Fer um þetta efni eftir þeim heilbrigðissamþykktum, sem nú gilda fyrir einstaka hreppa sýslunnar, eða þeim heilbrigðissamþykktum, er síðar kunna að verða settar fyrir hreppa sýslunnar.

## ANNAR ÞÁTTUR

**Viðaukaákvæði, er taka til Eskifjarðarkauptúns, Búðareyrarkauptúns og Búðakauptúns.**

## XI. KAFLI

**Sérákvæði um umferðina innan kauptúnanna.**

## 61. gr.

Stéttir meðfram götum skulu eingöngu ætlaðar gangandi mönnum. Þeir, sem fara um gangstéttir eða götur, skulu jafnan vikja til vinstri handar, en eru þó ekki skyldir til að vikja af gangstétt á akbraut, þó hún sé til vinstri. Við krossgötur skal, ef þörf gerist, sá biða, sem er til vinstri handar.

## 62. gr.

Eigi má fleygja glerbrotum, steinum, nöglum, hálmi, ávaxtahýði, pappírsrusli eða öðru þess konar á almannafæri eða í opin göturæsi, né heldur skvætta þar skólpi eða öðru, er valdið getur hættu eða óþægindum fyrir vegfarendur. Bannað er að hrista gólfábreiður, víðra sængurföt eða hengja þvott eða annað til þerris á götu, torg eða almannafæri.

## 63. gr.

Þegar hús eru byggð að nýju, eða eldri hús rifin og byggð upp að nokkru eða öllu leyti, skal eigandanum, ef húsið liggur við götu eða svæði, sem almenningur fer um, skylt að skýra lögreglustjóra frá, áður en verkið byrjar, og sanna fyrir honum heimild sína til verksins. Hann skal haga sér eftir þeim fyrirmælum, sem lögreglustjóri setur til að afstýra hættu, farartálmum eða óþægindum fyrir vegfarendur. Verkfæri og verkefni má ekki leggja frá sér á almannafæri, nema þar sem lögreglustjóri leyfir, og má ekki liggja þar lengur en nauðsyn krefur. Mold, mól, leifar af



- 162 30. sept. verkefni og annað, sem af byggingunni stafar, skal eigandinn færa burtu, þegar húsgerðinni er svo langt komið eða verki því, sem unnið er að, að því verði við komið. Nú brennur hús eða mannvirki, eða það er flutt í burtu, án þess að annað sé gert í staðinn, þá er eiganda eða umboðsmanni hans skylt að ganga svo frá rústunum, að ekki stafi hættu, óþrífnaður eða óþrýði af.

## 64. gr.

Palla, stoðir og annan útbúnað við húsasmíðar eða önnur mannvirki, eða viðgerðir á þeim, skal gera nægilega traust. Heimilt er lögreglunni að gera ráðstafanir hér að lútandi. Lausir stigar, sem notaðir eru við aðgerðir á húsum, málun, gluggaþvott eða þess konar, skulu vera nægilega traustir.

## 65. gr.

Nú gengur kjallaragangrið út að stétt eða götu og lengra fram en húshlið, og skal þá vera traust handrið beggja megin við það. Auk þess getur lögreglustjóri krafizt, að kjallaraopið sé byrgt með hlemm eða hlera, frá því að dimmir að kvöldi og þar til birtir að morgni. Í kringum birtugrófir við stétt eða götu, skal setja handrið úr járn eða öðrum málm, eða nægilega sterkar járngrindur yfir, jafnhátt stéttinni eða götunni. Handrið samkvæmt þessari grein mega ekki vera lægri en 60 cm.

## 66. gr.

Bannað er að hafa þakjárn, eða parta af þakjárn, laust úti, og hafa eigendur ábyrgð á, að slíkt ekki fjúki öðrum til tjóns eða meiðsla. Sama gildir og um spýtnarusl og annað þess háttar, sem meiðslum eða skemmdum getur valdið, ef fýkur.

## 67. gr.

Báta eða aðra slíka hluti, sem tálmað geta umferðinni, má aldrei setja á vegi, stræti eða annan alfaraveg eða svo nærri, að nokkur hluti þess gangi inn á veginn eða yfir hann, og getur hreppsnefnd og lögreglustjóri, eða hvort um sig, látið færa slíka muni burtu á kostnað umráðamanns, ef hann ekki gerir það sjálfur, eftir að hafa verið aðvaraður.

## 68. gr.

Í fjöru má ekki skilja eftir eða kasta seglfestu, grjóti eða neinu öðru, er tjóni getur valdið skipum eða bátum, eða á nokkurn hátt hindrað umferð.

## XII. KAFLI

## Um umferð á götum kaupúnanna.

## 69. gr.

Það er stranglega bannað að ríða hraðar en hægt brokk á götum kaupúnanna.

## 70. gr.

Lausa hesta skal jafnan reka hægt og gætilega um götur kaupúnanna, og aldrei má siga hundum á skepnur nærri götu.

Með áburðarhesta má ekki hafa lengri viðdvöl á götunni en nauðsynlegt er til að taka ofan af þeim eða láta upp klyfjar.

Hestar í kaupúnunum, ef þeir eru þar staddir, skulu ávallt hýstir um nætur á vetrum.

## 71. gr.

Með vagna og hesta skal fara svo nærri vegarbrún eða gangstétt til vinstri handar, sem auðið er. Um götuhorn skal ekið í kröppum boga ef snúið er til vinstri handar,

en í löngum boga, ef snúið er til hægri. Á götuhornum og gatnamótum er bannað 162  
að aka fram fyrir vagn eða hest, sem á undan fer. Sömu leiðis er bannað að nema 30. sept.  
staðar með hest eða vagn á gatnamótum eða fast við þau, eða nema staðar þar, sem  
hestur eða vagn heldur kyrru fyrir beint á móti, hinum megin á götunni.

## 72. gr.

Á almannafæri má ekki taka beizli af hesti, sem beitt er fyrir vagn eða annað  
ökutæki. Láti nokkur hest standa fyrir hlöðnum sleða, vagni eða undir klyfjum,  
lengur en brún nauðsyn krefur, getur lögreglan látið taka hest frá vagni og undan  
klyfjum, og komið þeim til varðveislu á kostnað þess, er flutningnum stýrir.

Hest má aldrei binda úti við í kaupúnunum, né láta þá standa í réttum í köldu  
veðri, eða óhæfilega lengi, að dómi lögreglunnar, þó að gott veður sé. Getur lögreglan  
tekið slíka hesta til varðveislu á kostnað umráðamanns.

Ferðamenn með hesta, sem viðdvöl hafa í kaupúnunum, skulu tafarlaust koma  
hestum sínum í hús eða haga, eftir tilvisun lögreglunnar, nema þeir hafi leyfi til að  
geyma þá á túnlóðum einstakra manna.

## XIII. KAFLI

## Um skepnuhöld o. fl. í kaupúnunum.

## 73. gr.

Hæns eða aðra alifugla má ekki hafa nema þeir séu í tryggilega afgirtu svæði  
á tímabilinu 10. maí til 30. september, svo að þeir geti ekki gert öðrum óskunda.

## 74. gr.

Það er á ábyrgð eiganda, að sauðfé, geitfé eða aðrir gripir þeirra geri engan  
óskunda eða skaða í kaupúnunum eða grennd þeirra, hvorki skemmi neitt eða fari  
inn í löggirt svæði, tún, matjurtagarða, skrúðgarða eða trúfli svefnfrið manna með  
hávaða, enda getur sá, sem fyrir ágangi verður, handsamað slíka gripi til bráðabirgða,  
en þá skal hann undir eins skýra lögreglustjóra frá því og öðrum málavöxtum. Sér-  
staklega ber að hafa strangt eftirlit með þessu frá 20. maí til 20. sept. árlega. Á þeim  
tíma má hífenaður ekki ganga laus í kaupúnunum, eða um þau, nema maður fylgi  
til að gæta hans, eða hann sé í öruggri vörzlu.

Eftir almennan rúningstíma að vorinu má ekki láta sauðfé eða hross ganga laus  
innan takmarka verzlunarlóða kaupúnanna. Ef út af þessu er brugðið, varðar það  
eigandann sektum, og enn fremur ber honum að greiða allan kostnað við hand-  
sömun og varðveislu fénaðarins. Selja má fénaðinn til lúkningar þessum kostnaði,  
ef eigandinn greiðir hann ekki. Frá þessu ákvæði geta þó hreppsnefndir veitt undan-  
þágu.

## 75. gr.

Enginn má láta hesta sína ganga lausa um götur kaupúnanna. Lausa hesta á  
flækingi um göturnar ber lögrglunni að handsama og ráðstafa á kostnað eiganda.

## 76. gr.

Naut, sem farið er með um göturnar, skulu ætíð leidd í nægilega traustu bandi,  
og minnsta kosti tveir menn fylgi hverju nauti, árgömlu eða eldra. Ekki mega naut  
standa úti á götu eða stræti gæzlulaus. Naut hálfis árs eða eldri mega alls ekki ganga  
saman við kyr kaupúnanna.

## 77. gr.

Samkv. reglugerð nr. 87 31. des. 1925, er hundahald bannað í Eskifjarðarkaup-  
túni. Hver hundur, sem fyrirfinnast kann í kauptúni þessu, sem ekki fylgir aðkomu-

162 manni, er réttdræpur. Hið sama gildir í öðrum kaптúnunum ef hundahald verður bann-  
30. sept. að þar.

78. gr.

Enginn maður má siga hundum á annan mann eða láta fyrirfarast að aftra því, ef hann verður var við, að hundur ræðst á mann ef honum er það unnt, án þess að stofna sér í háska. Hundar, sem ráðast á menn eða elta skepnur eru réttdræpir. Hundar mega ekki vera lausir um nætur svo nokkru ónæði valdi íbúum kaптúnanna. Flækingshunda, sem ekki eru í eign eða umsjá neins manns, getur lögreglan látið handsama og auglýsa. Gefi enginn sig fram innan þriggja sólarhringa og borgi áfallinn kostnað, skal lóga slíkum hundum ef enginn vill taka þá að sér.

79. gr.

Skylt er öllum að hlýða fyrirmaelum hreppsnefndar um hagbeit í landi kaптúnanna, bæði hvernig hagbeit skuli hagað og gjöldum fyrir hana. Á slíkum gjöldum er lögtaksréttur.

80. gr.

Um sauðfjárrekstra og hrossarekstra, sem koma til kaптúnanna til útflutnings eða til slátrunar, gerir lögreglustjóri þær fyrirskipanir sem nauðsynlegar þykja til að afstýra farartálma eða hættu fyrir börn og aðra vegfarendur.

#### XIV. KAFLI

##### Um eftirlit með börnum í kaптúnunum.

81. gr.

Foreldrum og öðrum hlutaðeigendum er skylt að annast um, að tilhlýðilegt eftirlit sé haft með óstálpuðum börnum, sem eru á þeirra vegum, þegar þau eru á almannafæri.

Börn yngri en 12 ára mega ekki vera á almannafæri síðar en kl. 8 á kvöldin á tímabilinu frá 1. okt. til 1. marz, ekki seinna en kl. 9 frá 1. marz til 30. apríl og ekki seinna en kl. 10 frá 1. maí til 30. september, nema þau séu í fylgd með fullorðnum.

Lögreglan getur bannað börnum, sem ekki ganga þar til vinnu, né eiga erindi, að vera á bryggjum kaптúnanna.

Á dansleikum mega börn innan 14 ára ekki vera lengur en til kl. 12 að kvöldi.

Barnaverndarnefndum er skylt að vera lögreglunni til aðstoðar við að sjá um að ákvæðum þessum sé hlýtt.

#### XV. KAFLI

##### Um almennt hreinlæti í kaптúnunum.

82. gr.

Á almannafæri má ekki kasta hræjum, slógi, ösku, sorpi, skólpi eða öðrum óhreinindum. Allt slíkt, svo sem innfyli úr skepnum, sem eigi eru notuð, skal láta í gryfjur þær, sem mykja og annar áburður er látinn í.

Skyldur er hver húsráðandi, við götur bæjarins, að sjá um, að haldið sé hreinum portum og annarri óbyggðri lóð kringum hús hans. Enginn má fleygja sorpi eða öðrum óhreinindum inn á lóð annars manns, eða orsaka að slíkt berist á lóðina.

Hey, mó eða áburð eða annað þess konar, sem slæðist eða hrynur af flutningi á göturnar, skal sá, er flutningnum ræður, skyldur að hreinsa samdægurs.

Nú eru settar safngryfjur eða safnkassar á ýmsum stöðum í kaптúnunum, og eru menn þá skyldir til, ef hreppsnefnd ákveður svo, að setja slor eða annan fiskúrgang í safngryfjur eða safnkassa þessa, ef þeir eigi nota það sjálfir.

## 83. gr.

Áburð og annað slíkt, sem óþef leggur af, má aðeins flytja um göturnar í lokuðum vögnum, vel þéttum. Má eigi fylla þá svo, að úr þeim hrynji, meðan á flutningnum stendur.

## 84. gr.

Sorphauga, áburðarhauga, salerni, forir eða því um líkt, má ekki hafa í nánd við götur, stræti eða svæði, sem almenningur fer um, nema í gryfjum nægilega byrgðum, og skal þá hafa til þess leyfi heilbrigðisnefndar.

## 85. gr.

Á húshliðum eða göflum, sem vita að götu, strætum eða torgum, má ekki hengja á nagla eða festa á annan hátt neins konar fiskiföng eða annað, sem óprífnaður er að eða óþefur, og ekki má heldur hafa fisktrönur á almannafæri.

## 86. gr.

Í opin ræsi má ekki kasta neinu því, sem óhollustu getur valdið, eða stíflað rennar.

## ÞRIÐJI ÞÁTTUR

## Almenn ákvæði.

## XVI. KAFLI

## Um staðgildi samþykktarinnar og hvernig henni skuli beitt.

## 87. gr.

Samþykkt þessi gildir fyrir lögsagnarumdæmi Suður-Múlasýslu. Þó gilda ákvæði II. þáttar aðeins um Eskifjarðarkauptún, Reyðarfjarðarkauptún og Búðakauptún.

## 88. gr.

Hreppstjórar skulu, hver í sínum hreppi, hafa gætur á að fyrirmælum samþykktar þessarar sé hlýtt, og ástunda að koma í veg fyrir brot á henni.

Komist hreppstjóri að því, að brot sé framið, skal hann jafnskjótt kynna sér málavöxtu og senda lögreglustjóra skýrslu um málið án tafar.

## XVII. KAFLI

## Um hegningarákvæði, kostnað o. fl.

## 89. gr.

Með mál, sem rísa út af brotum á samþykkt þessari, skal farið sem almenn lög-reglumál.

## 90. gr.

Brot gegn samþykkt þessari varða sektum allt að 1000 krónum ef ekki liggur við þyngri refsing að lögum.

Hagnaður sá, er sökudólgur kann að hafa haft af broti sínu og enginn einstakur maður á tilkall til, skal upptækur ger og renna, auk sekta, í sveitarsjóð þess hrepps, þar sem brot er framið. Nú hefur maður drýgt brot í fleirum en einum hreppi, sem refsað er fyrir í sama máli, og rennur þá sekt hans og upptækur hagnaður í sýslusjóð.

162

30. sept.

91. gr.

Ef einhver lætur það ógert, sem er skylda hans samkvæmt samþykkt þessari eða fyrirskipunum lögreglustjóra samkvæmt henni, getur lögreglustjóri látið framkvæma það. Kostnað við þetta og kostnað, sem leiðir af þeim ráðstöfunum, sem lögreglustjóri gerir, eða lætur gera til að hindra brot gegn samþykktinni, greiðir sveitarsjóður þess hrepps, þar sem ráðstöfunin er framkvæmd, en skyldur er hinn seki að endurgreiða kostnaðinn að fullu.

92. gr.

Kostnaður, sem leiðir af samþykkt þessari, og ekki verður krafizt af einstökum mönnum, greiðist úr sveitarsjóði þess hrepps, þar sem til hefur verið kostað.

Leiði kostnað af ráðstöfunum, er varða lögsagnarumdæmið í heild, greiðist hann úr sýslusjóði.

93. gr.

Með samþykkt þessari er úr gildi numin lögreglusamþykkt fyrir Eskifjarðar-kauptún nr. 87 frá 16. ágúst 1933.

Lögrglusamþykkt þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 107 frá 8. maí 1935, um lögreglusamþykktir utan kaupstaðanna, til þess að öðlast gildi þegar í stað, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

*Í dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 30. september 1941.*

**Hermann Jónasson.**

*Gústav A. Jónasson.*

163

15. okt.

## AUGLÝSING

### um nýja lyfsöluskrá I.

Með deginum í dag gengur í gildi ný lyfsöluskrá I, útgefin af þessu ráðuneyti 8. október 1941, og falla jafnframt úr gildi lyfsöluskrá I, útgefin 8. október 1940, ásamt breytingu á þeirri lyfsöluskrá, útgefinni 18. febrúar 1941.

*Í heilbrigðismálaráðuneytinu, 15. október 1941.*

**Stefán Jóh. Stefánsson.**

*Gústav A. Jónasson.*

## Útkomið í A-deild Stjórnartíðindanna 1941.

*Lög um Búnaðarbanka Íslands*, undirskrifuð af ríkisstjóra 7. nóvember 1941, nr. 115.

*Lög um útgáfu krónuseðla*, undirskrifuð af ríkisstjóra sama dag, nr. 116.

*Opið bréf ríkisstjóra Íslands um þingslit*, undirskrifað af ríkisstjóra 21. nóvember 1941, nr. 117.

*Reglugerð um viðauka við reglugerð fyrir Háskóla Íslands nr. 8 frá 9. okt. 1912*, undirskrifuð af ríkisstjóra 9. desember 1941, nr. 118.

### **Bréf dóms- og kirkjumálaráðuneytisins til sýslumannsins í Rang- árvallasýslu, um flutning þingstaðar.** 164 26. sept.

Samkvæmt tillögu yðar, herra sýslumaður, og beiðni hreppsnefndarinnar í Vestur-Eyjafjallahreppi, veitir ráðuneytið hér með samþykki sitt til þess að þingstaður hreppsins verði fluttur frá Yzta-Skála í samkomuhúsið að Heimalandi, enda annist hreppsnefndin um að jafnan verði til á hinum nýja þingstað hæfilegt hús til þinghaldanna.

Þetta er yður hér með til vitundar gefið til leiðbeiningar og til frekari birtingar.

### **Bréf fjármálaráðuneytisins til tollstjórans í Reykjavík, um toll af efni til að vatnspétta með steinsteypu.** 165 28. okt.

Hér með er yður tjáð, herra tollstjóri, að ráðuneytið hefur ákveðið að fyrst um sinn, þar til er öðruvísi verður ákveðið, skuli tolla efni til að vatnspétta steinsteypu með 7 auru vörumagnstolli á kg og 8% verðtolli.

## REGLUGERÐ

### um breyting á reglugerð Kennaraskólans í Reykjavík nr. 82 frá 19. júlí 1934

166  
1. okt.

#### 4. gr.

Önnur lína gr. orðist svo: Að nemandi, sem tekinn er í fyrsta bekk, sé að jafnaði fullra 18 ára ...

#### 10. gr.

Framan við 16. lið bætist:

Nemendur skulu geta sungið og leikið eftir nótum einrödduð algeng lög á eitt-hvert hljóðfæri og hafa numið undirstöðuatriði almennrar söngfræði. Undanþágu frá þessu námi getur skólastjóri veitt í samráði við söngkennarann, ef nemandi telst ekki hæfur til námsins.

#### 11. gr.

Fjórða málsg. byrji svo: Auk æfingastundanna sjálfra skal hver nemandi þriðja bekkjar, þegar þess er kostur, kenna og stjórna ...

166

1. okt.

Þriðja málsgr. orðist svo: Í kennslufræði skal vera skriflegt próf. Skólastjóri velur ritgerðarefni í samráði við æfingakennarana og skulu nemendur fá að velja á milli þriggja verkefna, sem þeir fá að vita um með sólarhrings fyrirvara að minnsta kosti.

18. gr.

Greinin orðist svo: Kennarar skulu gefa nemendum vetrareinkunnir hver í sínum greinum um það leyti, er kennslu lýkur að vorinu. Einkunnir þessar skulu birtar nemendum. Meðaltal þeirrar prófseinkunnar, er prófdómandi gefur og kennari, og vetrareinkunnar, verður fullnaðareinkunn í hverri grein fyrir sig.

21. gr.

Upphafið orðist svo: Til þess að standast inntökupróf og árspróf þarf að minnsta kosti 5 í meðaleinkunn.

25. gr.

Á eftir orðunum: „Kristnum fræðum“ í upphafi fjórðu línu komi: heilsufræði og teiknun.

Reglugerð þessi staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, er hlut eiga að máli.

*Í dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 1. október 1941.*

**Hermann Jónasson.**

*Gústav A. Jónasson.*

167

1. okt.

## REGLUR

### um viðskipti talstöðva og loftskæptastöðva í íslenskum skipum.

Með tilliti til þess ástands, er nú ríkir, og samkvæmt reglugerð frá 28. desember 1940, um notkun loftskæptastöðva og talstöðva í íslenskum skipum, eru hér með settar eftirfarandi reglur um viðskipti talstöðva og loftskæptastöðva í íslenskum skipum:

1. Öll samtöl við einstaklinga í landi eru bönnuð.
2. Öll viðskipti við land, hvort sem er frá talstöðvum eða loftskæptastöðvum, fari fram í skæptaformi, og afrit af skæptunum sendist póst- og símamálastjórninni strax eftir hver mánaðarmót.
3. Öll samtöl milli skipa fari aðeins fram á 188 metra öldulengd, en þó skal 181,8 metra öldulengd notuð til þess, og einungis til þess, að kalla upp aðrar stöðvar og til neyðarþjónustu.
4. Samtöl milli skipa mega aðeins innihalda nauðsynlegustu tilkynningar, er varða beinlínis fiskveiðarnar. Er stranglega bannað að gefa nokkrar upplýsingar um veður gegnum talstöðvar skipanna, hvort heldur er í viðskiptum milli skipa eða við strandarstöð. Enn fremur er óheimilt, að samtöl milli skipa eða skæpti milli skipa og strandarstöðva, innihaldi nokkrar upplýsingar um ferðir, fyrirhugaðar ferðir eða dvalarstað skipa, sem sigla í millilandaferðum, t. d. hvenær þau komi í eða láti úr brezkri höfn, hvenær þau búist við að landa eða selja fisk o. s. frv.

- Ef skip verður vart við tundurdufl utan hinna auglýstu bannsvæða og veit um náleg skip, er þó heimilt að aðvara þau gegnum talstöð skipsins með orðunum: „Fiskveiðar eru hættulegar“ á hinu tiltekna svæði, en bannað er að ræða þetta efni frekar við skipin. Hins vegar skal skipið tafarlaust tilkynna einhverri af strandarstöðvum landssímans um tundurduflið gegnum talstöð sína og geta þess, hvenær og hvar duflið sást, með svo nákvæmri staðarákvörðun, sem tók eru á, og lýsa duflinu, svo sem stærð þess og lit, hornafjölda, taka fram, hvort það hafi verið á reki eða marað í kafi o. s. frv.
5. Samtöl, sem fela í sér dulmál, eru stranglega bönnuð, svo og samtöl á öðrum tungumálum en íslenzku.
  6. Dulmál og símnafni í loftskeytum og talskeytum eru bönnuð.
  7. Fullt nafn sendanda skal vera undir hverju skeyti.
  8. Öll innbyrðis loftskeytaviðskipti, nema neyðarþjónusta og uppköllun annarra stöðva, skal fara fram á 800 metra öldulengd, en talskeytaviðskipti á 188 metra öldulengd. Hins vegar á að nota 600 metra öldulengd og 181,8 metra öldulengd til neyðarþjónustu og til þess að kalla upp aðrar stöðvar, en einungis til þess. Í viðskiptum við strandarstöðvar ákveður strandarstöðin, hvaða öldulengd skipið skuli nota í hverju einstöku tilfalli. Loftskeytaviðskipti koma þó aðeins til greina hjá þeim skipum, er fengið hafa undanþágu frá því að loftskeytasendirinn sé undir lokunarinnisgli, sbr. 1. gr. reglugerðar frá 28. des. 1940, um notkun loftskeytastöðva og talstöðva í íslenzkum skipum.
  9. Í hvert skipti, sem skipatalstöð kallar á annað skip eða strandarstöð, skal hún nefna greinilega nafn skipsins, sem hún er í og umdæmisbókstafi og tölu.
  10. Talstöðina má ekki nota nema í neyð í höfnum inni, þar sem er símasamband í landi.
  11. Óheimilt er öðrum að tala í talstöð skipsins en þeim, sem hafa talstöðvarvarðarskirteini, útgefið af póst- og símamálastjórninni.
  12. Sé innsigli rofið, skal það tafarlaust tilkynnt póst- og símamálastjórninni við komu skipsins til fyrstu íslenzkrar hafnar.
  13. Brot gegn þessum reglum varða sektum allt að 10000 krónum, nema þyngri refsing liggir við samkvæmt lögum. Enn fremur getur sá, er brotlegur hefur reynzt, átt á hættu endurköllun leyfisbréfs og starfsskirteinis, og synjun til siglinga til útlanda.
  14. Framangreindar reglur ganga þegar í stað í gildi. Jafnframt falla úr gildi reglur um viðskipti talstöðva og loftskeytastöðva í íslenzkum skipum, útgefnar af póst- og símamálastjórninni 28. des. 1940

Póst- og símamálastjórnin, 1. október 1941.

Guðmundur Hlíðdal.

Friðbjörn Aðalsteinsson.



168

11. okt.

## AUGLÝSING

um breyting á reglum um fjörefnablöndun smjörlikis frá 27. apríl 1935.

Meðan fjörefni til smjörlikisgerðar eru ófáanleg er smjörlikisframleiðendum heimilt að láta úti fjörefnalaust smjörliki, enda verði stimplað á umbúðirnar orðið: „Fjörefnalaust“.

*Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 11. október 1941.*

**Jakob Möller.**

*Páll Pálmason.*

169

11. okt.

Staðfesting ríkisstjóra Íslands á skipulagsskrá fyrir „Minningarsjóð Steingríms Einarssonar sjúkrahússlækni“, útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dóms- og kirkjumálaráðherra 11. október 1941.

Skipulagsskráin er þannig:

## SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Minningarsjóð Steingríms Einarssonar sjúkrahússlækni.

1. gr.

Sjóðurinn heitir Minningarsjóður Steingríms Einarssonar sjúkrahússlækni.

2. gr.

Sjóður þessi er stofnaður til minningar um fyrsta lækni sjúkrahúss Siglufjarðar, Steingrím Einarsson, með 3000 kr., af nokkrum konum í Siglufirði, sem hafa undanfarin ár, undir nafninu Styrktarnefnd spítalans, aflað ýmsra læknatækja fyrir sjúkrahúsið.

3. gr.

Stjórn sjóðsins skulu skipa: bæjarfógetinn, Siglufirði, sem formaður, héraðslækni-irinn og spítalalæknir Siglufjarðar, sem meðstjórnendur, en að öðru leyti skiptir stjórnin með sér verkum.

4. gr.

Endurskoðendur bæjarreikninga Siglufjarðar endurskoða í byrjun hvers árs fjárhald sjóðsins.

5. gr.

Sjóðurinn tekur við gjöfum og áheitum þeirra, er vilja styrkja sjóðinn.

6. gr.

Tilgangur sjóðsins er að afla sjúkrahúsi Siglufjarðar sem fullkomnastra læknatækja, er stundir líða fram og sjóðurinn verður þess megnugur, eftir skipulagsskránni.

7. gr.

Sjóðinn skal jafnan ávaxta í peningastofnun, er ríkið ber ábyrgð á.

## 8. gr.

169

Dangað til sjóðurinn er orðinn 50000 — fimmtíu þúsund — krónur skal jafnan leggja alla vöxtu sjóðsins við höfuðstólinn, en úr því má verja hálfum vöxtum til kaupa á læknaáhöldum handa sjúkrahúsínu unz sjóðurinn er orðinn 100000 — eitt hundrað þúsund — krónur, en úr því má verja  $\frac{3}{4}$  vöxtum til kaupa slíkra áhald. Aldrei má skerða höfuðstól sjóðsins, innlög hans né  $\frac{1}{4}$  vaxtanna.

## 9. gr.

Leita skal konungsstaðfestingar á skipulagsskrá þessari.

## AUGLÝSING

170

13. okt.

## um sérstaka friðun rjúpna.

Með því að rjúpum hefur fækkað í landinu að undanförmu, verður ekki hjá því komizt að friða rjúpur alveg þetta ár.

Samkvæmt heimild í lögum nr. 27 frá 1924 skipar ráðuneytið svo fyrir, að rjúpur, sem annars eru að lögum friðaðar ár hvert á tímabilinu frá 1. janúar til 15. október, skuli á þessu ári einnig vera friðaðar frá 15. október til ársloka.

Þetta er hér með birt til eftirbreytni öllum þeim, er hlut eiga að máli.

*Í dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 13. október 1941.*

**Hermann Jónasson.**

*Gústav A. Jónasson.*

## REGLUGERÐ

171

14. okt.

## um sérstakan tímareikning.

Samkvæmt lögum nr. 8 16. febrúar 1917, um heimild handa ráðuneytinu til ákvörðunar sérstaks tímareiknings, eru hér með sett eftirfarandi ákvæði:

Tímareikningur sá, sem gilt hefur á Íslandi frá 2. marz s. l., samkvæmt reglugerð dóms- og kirkjumálaráðuneytisins, frá 25. febrúar 1941, breytist aftur í íslenzkan meðaltíma kl. 2 eftir miðnætti 2. nóvember næstkomandi, þannig, að kl. 2 eftir núgildandi tímareikningi færist klukkan aftur um eina klukkustund og verður 1.

*Í dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 14. október 1941.*

**Hermann Jónasson.**

*Gústav A. Jónasson.*

172  
16. okt.

## AUGLÝSING

### um verðlagsákvæði.

Verðlagsnefnd hefur samkvæmt heimild í lögum nr. 118 2. júlí 1940, ákveðið hámarksálagningu á vörur þær, er hér eru taldar, svo sem hér segir:

1. **Gúmmískófatnaður**, að undanskildum kvensnjóhlífum (bomsum), kven-skóhlífum og strigaskóm með gúmmibotnum, sem falla undir 3. flokk.
 

Í heildsölu .....	12%
Í smásölu:	
a. Þegar keypt er af innlendum heildsölubirgðum .....	27%
b. Þegar keypt er beint frá útlöndum .....	37%
2. **Götu- og samkvæmisskór kvenna.**

Í heildsölu .....	12%
Í smásölu:	
a. Þegar keypt er af innlendum heildsölubirgðum .....	37%
b. Þegar keypt er beint frá útlöndum .....	47%
3. **Allur annar skófatnaður.**

Í heildsölu .....	12%
Í smásölu:	
a. Þegar keypt er af innlendum heildsölubirgðum .....	32%
b. Þegar keypt er beint frá útlöndum .....	42%

Þetta birtist hér með öllum þeim, sem það varðar.

*Viðskiptamálaráðuneytið, 16. október 1941.*

**Eysteinn Jónsson.**

*Torfi Jóhannsson*

173  
16. okt.

## SAMPYKKT

### um lokunartíma rakarastofa á Akureyri.

#### 1. gr.

Rakarastofur á Akureyri skulu aðeins opnar virka daga: Mánudaga, þriðjudaga, miðvikudaga og fimmtudaga frá kl. 8½ f. h. til kl. 6 e. h., föstudaga frá kl. 8½ f. h. til kl. 8 e. h. og laugardaga frá kl. 8½ f. h. til kl. 7 e. h., — þó með þeim undantekningum, sem segir í 2. gr.

#### 2. gr.

Á miðvikudögum fyrir skírdag og uppstigningardag skal heimilt að hafa opið til kl. 8 e. h.

Á annan dag páska, hvítasunnu og jóla skal heimilt að hafa opið til kl. 12 á hádegi.

Á frídegi verzlunarmanna skal lokað allan daginn.

Á Þorláksmessu (23. des.) skal heimilt að hafa opið til kl. 11 e. h.

Laugardagana fyrir hvítasunnu og páska skal lokað kl. 5 e. h.

Á aðfangadag jóla og gamlaársdag skal lokað kl. 4 e. h.

Á tímabilinu frá 15. júní til 31. ágúst skal lokað á laugardögum kl. 4 e. h.

173

16. okt.

## 3. gr.

Þá, sem komnir eru inn á rakarastofur fyrir lokunartíma, er heimilt að afgreiða eftir að lokað er.

## 4. gr.

Lögreglustjóra er heimilt að veita undanþágu frá ákvæðum þessarar samþykktar, þegar sérstaklega stendur á.

## 5. gr.

Brot gegn samþykkt þessari varða sektum, 20—500 krónum, og renna sektirnar í bæjarsjóð.

Mál út af brotum á samþykktinni skal reka sem almenn lögreglumál.

Samþykkt þessi, sem gerð er af bæjarstjórn Akureyrar, samkvæmt lögum nr. 17 1. febrúar 1936, staðfestist hér með til þess að öðlast þegar gildi, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

*Félagsmálaráðuneytið, 16. október 1941.*

**Stefán Jóh. Stefánsson.**

*Páll Pálmason.*

## SAMÞYKKT

174

16. okt.

### fyrir Veidifélag Reykjakvísar.

## 1. gr.

Félagið heitir Veidifélag Reykjakvísar. Heimili þess og varnarþing er á Hveravöllum.

## 2. gr.

Markmið félagsins er:

- a. að gera fiskveg upp yfir fossa þá, er nú tálma fiskför í Reykjakvísl;
- b. að vinna að fiskrækt;
- c. að afla félagsmönnum tekna með því að leigja út til stangaveiða vötn þau, er félagið ræður yfir.

## 3. gr.

Félagið hefur umráð yfir öllum veiðirétti í þessum vötnum: Reykjakvísl frá upp-tökum fiskvegarins í Gljúfrum, Langavatni, Geitafellsá og Kringluvatni, ásamt þeim vötnum öðrum, sem í þessi renna.

Félagsmenn eru ábúendur þessara jarða: Þverár, Holtakots, Stóru-Reykja, Litlu-Reykja, Hveravalla, Laufahlíðar, Brekknakots, Klambarsels, Langavatns, Geitafells, Kasthvamms, Presthvamms, Klambra, Brekku, Yztahvamms, Ness og Árbótar.

## 4. gr.

Óheimilt er öllum öðrum en félaginu að stunda veiði í vötnum þeim, sem talin eru í 3. gr., nema með sérstöku og skriflegu leyfi félagsstjórnar. Skal þar tekið fram

147 um veiðitíma og veiðitæki og með hvaða kjörum leyfið er veitt. Heimilt er félagsmönnum silungsveiði, en skylt er þeim að hlíta þeim reglum, er félagið setur um þá veiði.

5. gr.

Heimilt er félagsstjórn að leigja veiðivötn félagsins til stangaveiði, ef sýnilegt þykir, að það sé hagur fyrir félagið. Þó má það leyfi eigi vera til lengri tíma en eins árs í senn, nema lögmætur félagsfundur samþykki.

6. gr.

Stjórn félagsins skipa 3 menn, formaður og tveir meðstjórnendur og 3 varamenn. Skulu þeir kosnir á aðalfundi til þriggja ára í senn, og gengur einn úr fyrsta og annað árið eftir hlutkesti, en síðan helzt sama röð. Enginn atkvæðisbær félagsmaður getur skorazt undan kosningu í stjórn nema lögleg forföll séu, eða hann hafi setið þar þrjú næstliðin ár.

7. gr.

Stjórnin hefur á hendi umsjón með öllum framkvæmdum félagsins. Formaður er fulltrúi félagsins út á við og hefur umsjón með störfum þess og fjárreiðum öllum. Stjórnin skiptir sjálf með sér verkum. Afl atkvæða ræður úrslitum mála á stjórnarfundum. Heimilt er stjórninni að taka lán til félagsþarfa, ef nauðsyn krefur, en leita skal hún samþykkis félagsfundar um lántökuna.

8. gr.

Aðalfundur heldur félagið í janúarmánuði ár hvert. Er aðalfundur lögmætur ef hann er boðaður skriflega og sé fundarefnis getið í fundarboði og fullur helmingur félagsmanna mættur. Á aðalfundi skýrir stjórnin frá störfum félagsins á liðnu ári og leggur fram áætlun og tillögur um starfsemi þess næsta ár. Þar leggur hún og fram reikninga félagsins endurskoðaða og úrskurðar fundurinn um þá.

Reikningsár félagsins er almanaksárið.

Aðalfundur kýs stjórn félagsins og varastjórn, tvo endurskoðendur félagsreikninga og tvo til vara. Kveður hann á um þóknun til félagsstjórnar fyrir störf hennar. Afl atkvæða ræður úrslitum mála á fundum félagsins, nema um breytingar á félagslögum og félagsslit.

9. gr.

Aðra félagsfundu heldur stjórnin þegar henni þykir ástæða til, eða ef  $\frac{1}{4}$  félagsmanna æskir þess og tilgreinir fundarefni.

10. gr.

Tekjur félagsins skiptast milli félagsmanna eftir arðskrá, er lögmætur félagsfundur samþykkir og  $\frac{2}{3}$  félagsmanna hafa undirritað. Gildir hún til 5 ára í senn. Þó er þeim, sem vanhaldinn telur sig um skiptingu arðs, heimilt að krefjast mats samkvæmt 83. gr. laga um lax- og silungsveiði. Náist ekki samkomulag um nýja arðskrá að liðnum 5 árum, gildir gamla arðskráin áfram, þar til ný arðskrá er samþykkt. Félagsmenn taka þátt í stofnkostnaði og greiða öll gjöld til félagsþarfa, í þeim hlutföllum, sem arðskrá ákveður.

11. gr.

Samþykktum þessum verður ekki breytt nema á aðalfundi og séu  $\frac{2}{3}$  atkvæða með breytingunni. Félaginu má slíta eða sameina það öðru félagi, ef félagsmenn samþykkja það á tveim fundum í röð með  $\frac{2}{3}$  mættra atkvæða.

12. gr.

174

Brot gegn samþykkingum þessum varða sektum frá 10—200 króna, og er veiði eða andvirði hennar upptækt og renni í félagssjóð. 16. okt.

Samþykkt þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 61 23. júní 1932 til þess að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

*Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 16. október 1941.*

**Hermann Jónasson.**

*Gunnl. E. Briem.*

## ARÐSKRÁ

175

16. okt.

fyrir Veiðifélag Reykjakvíslar.

Nöfn jarða:	Arðeiningar:	Nöfn jarða:	Arðeiningar:
Þverá .....	40	Geitafell .....	100
Holtakot .....	75	Kasthvammur .....	40
Stóru-Reykir .....	70	Árhvammur .....	40
Litlu-Reykir .....	60	Presthvammur .....	30
Hveravellir .....	60	Klömbur .....	75
Laufahlíð .....	30	Brekka .....	40
Brekknakot .....	45	Yztihvammur .....	60
Klambrasel .....	100	Nes .....	80
Langavatn .....	80	Árbót .....	75

Arðskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 61 23. júní 1932 til þess að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

*Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 16. október 1941.*

**Hermann Jónasson.**

*Gunnl. E. Briem.*

## REGLUGERÐ

176

17. okt.

um skipun slökkviliðs og brunamála í Seyðisfjarðarkaupstað.

### I. KAFLI

Um skipun brunamálanefndar og verksvið hennar.

#### 1. gr.

Brunamálanefnd er skipuð 3 bæjarfulltrúum og slökkviliðsstjóra. Auk þess á bæjarstjóri sæti í nefndinni og er hann formaður hennar. Um kosningu nefndarinnar fer með sama hætti og annarra fastra nefnda bæjarstjórnar, og skal hún kosin til sama tíma.

Brunamálanefnd hefur á hendi, undir umsjón bæjarstjórnar, stjórn brunamála kaupstaðarins, að svo miklu leyti, sem starfið heyrir ekki beinlínis undir slökkviliðsstjóra eða lögreglustjóra. Hún skal hafa eftirlit með því, að ákvæðum brunamálaaganna og reglugerðar þessarar sé í öllu fram fylgt.

176

17. okt.

## II. KAFLI

## Hver slökkvitæki kaupstaðurinn skuli eiga og viðhald þeirra.

2. gr.

Seyðisfjarðarkaupstað er skylt, auk slökkvistöðvar, að eiga í notfæru ástandi, að minnsta kosti þessi slökkvitæki og áhöld: 1 véldælu, 450 metra slöngur með tilheyrandi tengslum og stútum, 1 björgunarstiga, 1 áhald- og slönguvagn, 1 eldvarnarægl, 2 reykrímur, 2 krókstjaka, 26. hjálma, 8 regn- eða hlífðarkápur ásamt öðrum smærri áhöldum. Áhöld þessi skulu geymd í slökkvistöðinni og skal þeim á kostnað bæjarsjóðs haldið vel við, svo að þau séu ávallt í notfæru standi.

Ef brunamálanefnd þykir ástæða til að auka eða fullkomna slökkvitækin, skal hún leggja til við bæjarstjórn að svo verði gert.

Lykill að slökkvistöðinni skal vera í vörzlu slökkviliðsstjóra, varaslökkviliðsstjóra og svo margra úr slökkviliðinu, sem slökkviliðsstjóri telur nægilegt. Slökkvistöðinni skal haldið vel við á kostnað bæjarsjóðs.

3. gr.

Slökkviliðsstjóri hefur, undir umsjón brunamálanefndar, eftirlit með tækjunum og skal honum heimilt, að fengnu samþykki brunamálanefndar, að ráða sérstakan mann til gæzlu véldælu og annarra tækja. Þóknun til þessa gæzlumanns tækjanna greiðist úr bæjarsjóði, enda beri hann ábyrgð á því, að tækin séu fyrir hendi og að þeim sé vel við haldið. Við árslok hver sendir slökkviliðsstjóri brunamálanefnd skrá yfir slökkvitæki þau, sem til eru, og skal þess jafnframt getið, hver slökkvitæki hafi verið keypt á árinu og hver hafi gengið úr sér.

## III. KAFLI

## Skylda borgaranna til þess að gegna slökkviliðsstörfum og skipun slökkviliðs.

4. gr.

Slökkviliðsstjóri, og í forföllum hans varaslökkviliðsstjóri, er yfirmaður og stjórnandi alls slökkviliðsins. Auglýsa skal í janúarmánuði ár hvert í auglýsingakassa kaupstaðarins, hver sé slökkviliðsstjóri, hvar hann býr, hverjir séu honum næstir yfirmanna í slökkviliðinu og hvernig tilkynna skuli eldsvoða. Slökkviliðsstjóri og varaslökkviliðsstjóri mega ekki vera fjarverandi báðir í senn, nema sérstaklega standi á, og þó því aðeins, að bæjarstjóri samþykki, og að maður sé settur í þeirra stað.

5. gr.

Allir verkfærir karlmenn, 20—60 ára að aldri, sem heimilisfastir eru í kaupstaðnum, að undanskyldum þeim, sem með læknisvottorði sanna, að þeir fyrir heilsubilun séu ekki færir til vinnu, eru skyldir til þjónustu í slökkviliðinu. Frá þessu ákvæði eru þó læknir og sóknarprestur undanskildir.

6. gr.

Í slökkviliði kaupstaðarins skulu að minnsta kosti vera fastráðnir þessir menn: Slökkviliðsstjóri, varaslökkviliðsstjóri, 24 liðsmenn og 2 brunaboðar.

7. gr.

Bæjarstjórn skipar slökkviliðsstjóra og varaslökkviliðsstjóra til fjöggra ára í senn, eftir tillögum brunamálanefndar, en brunamálanefnd skipar aðra starfsmenn slökkviliðsins, eftir tillögum slökkviliðsstjóra. Slökkviliðsstjóri getur skipt um liðsmenn slökkviliðsins án nokkurs fyrirvara ef hann finnur ástæðu til, og látið skipa aðra í

þeirra stað til bráðabirgða. Allir liðsmenn í slökkviliðinu eru skyldir til að tilkynna slökkviliðsstjóra með viku fyrirvara, ef þeir af gildum ástæðum geta ekki sinnt starfi sínu í slökkviliðinu. 176 17. okt.

Flokksstjórar skulu skyldir til að tilkynna slökkviliðsstjóra, ef þeir fara burt úr kaupstaðnum daglangt, og liggur sekt við, ef út af er brugðið.

#### 8. gr.

Slökkviliðsstjóri og varaslökkviliðsstjóri hafa þóknun fyrir starfa sinn, eftir ákvörðun bæjarstjórnar. Aðrir liðsmenn slökkviliðsins fá greiðslu fyrir hverja klukkustund, sem þeir vinna í þjónustu þess við æfingar, við að slökkva eld eða við varðstöðu, eftir gjaldskrá, sem bæjarstjórn setur í janúar ár hvert.

Þeir, sem skemma fót sín í þágu slökkviliðsins, eiga rétt á því að fá skemmdirnar endurgoldnar úr bæjarsjóði, eftir mati eða samningi.

#### 9. gr.

Slökkviliðsstjóri stjórnar æfingum slökkviliðsins og ber ábyrgð á því, að ávallt séu nógu margir í slökkviliðinu og að það sé vel æft. Þegar eldsvoða ber að höndum, ákveður hann, hvernig slökkviliðinu skuli fyrir komið, og allt hvað gera skuli til þess, að slökkva eldinn og varna útbreiðslu hans. Þó má hann ekki rífa niður hús til varnar útbreiðslu elds, nema samþykki lögreglustjóra komi til, eða þess, sem fer með umboð hans við eldsvoðann. Ef slökkviliðsstjóri er forfallaður, gengur varaslökkviliðsstjóri í hans stað, og sé hann heldur ekki viðstaddur, þá hefur yfirstjórn á hendi sá af liðsmönnum, sem slökkviliðsstjóri hefur fyrir fram ákveðið til þess.

#### 10. gr.

Sérhver slökkviliðsmaður er, að viðlagðri sekt, skyldur til að mæta til æfinga og til þess að slökkva eld, þegar hann er til þess kallaður, hvar sem er innan lögsagnarumdæmis kaupstaðarins, og hlýða þá í öllu því, sem yfirmaður hans skipar honum. Enginn má heldur án leyfis yfirmanna, yfirgefa eldsvoða áður en slökkt er, né slökkviæfingu áður en henni er lokið.

#### 11. gr.

Lögreglustjóri er yfirmaður lögreglusveitar þeirrar, sem viðhalda skal góðri reglu við eldsvoða og slökkviæfingar. Auk hans eru í lögreglusveitinni lögregluþjónar kaupstaðarins og enn fremur þeir menn, sem lögreglustjóri kveður til úr flokki þeirra, sem skyldir eru til þess að vera í slökkviliðinu. Lögreglustjóri ákveður skipulag lögreglusveitarinnar og starfsvið hvers einstaks í henni. Skyllt er lögreglustjóra að halda uppi góðri reglu við eldsvoða og æfingar, sjá slökkviliðsmönnum fyrir greiðum gangi og annast um, að engir óviðkomandi gangi of nærri húsi því, sem brennur eða flytji þaðan neitt burt, nema með leyfi slökkviliðsstjóra. Lögreglusveitin sér enn fremur um hjargaða muni og annast brottflutning og aðhjúkrun þeirra, sem verða kynnu fyrir slysum, visar burtu og tekur fasta þá, sem sekir verða um brot og kærir þá.

Umferð má banna um götur, þar sem þess er þörf.

#### 12. gr.

Það er skylda hvers eins, sem viðstaddur er eldsvoða, hvort sem hann er í slökkviliðinu eða ekki, að láta í té alla þá aðstoð, sem hann getur, ef slökkviliðsstjóri krefst þess, og hlýða í öllu fyrirskipunum hans.



176

17. okt.

## IV. KAFLI

## Um vatnstöku.

13. gr.

Heimilt er að taka vatn til að slökkva eld hvar sem slökkviliðsstjóri telur hagkvæmast að ná því.

Skylt er sérhverjum húseiganda að leyfa, að vatn sé tekið úr vatnshönum í húsi hans til að slökkva með eld, gegn fullu endurgjaldi úr bæjarsjóði fyrir skemmdir á húsi og öðrum fjármunum, sem af því hlýzt, og má enginn, sem í húsinu er, leggja tálmanir fyrir að slökkviliðið hafi greiðan gang að vatnshönum í húsinu. Meðan verið er að slökkva, eru bæjarbúar skyldir að takmarka vatnsnotkun sína svo, að þeir noti vatn aðeins til nauðsynlegustu heimilisþarfa.

## V. KAFLI

## Um skoðun eldfæra og reykháfa.

14. gr.

Reykháfa alla skal hreinsa a. m. k. tvisvar sinnum á ári.

Brunamálanefnd skal ráða mann, sem hafi á hendi eftirlit og skoðun eldfæra og reykháfa í kaupstaðnum. Skal hann á ári hverju skoða eldfæri og reykháfa í hverju húsi kaupstaðarins og líta eftir, að reykháfar hafi verið tilhlýðilega hreinsaðir, svo og að aðgæta, hvort eldfim efni séu geymd, sem vera ber, samkvæmt lögum um brunamál nr. 85 frá 28. nóv. 1907. Skoðunarmaður skal gera skýrslu um skoðunina og afhenda hana brunamálanefnd.

Komi það í ljós við skoðunina, að einhverju sé ábótavant í þessu efni, skal það tafarlaust bætt, ef hægt er. Ella má veita húseiganda stuttan frest til að lagfæra gallana og ný skoðun fara fram að þeim fresti liðnum. Komi þá í ljós við hina síðari skoðun, að enn sé ekki búið að bæta úr því, sem að var fundið, skal tafarlaust kæra hlutaðeiganda fyrir lögreglustjóra, sem kemur fram ábyrgð á hendur þeim brotlega og lætur á hans kostnað færa í lag það, sem lagfæra þarf.

## VI. KAFLI

## Um brunaboðun.

15. gr.

Það er skylda hvers eins, sem verður var við eldsvoða, að tilkynna það slökkviliðinu þegar í stað.

Að öðru leyti skal, þar til önnur skipun verður gerð, slökkviliðið kallað saman með því að hefja brunakall um kaupstaðinn með brunalúðri.

## VII. KAFLI

## Ýmsar almennar varúðarreglur til að fyrirbyggja eldsvoða.

16. gr.

Á götum, stakkstæðum, torgum eða almannafæri, eða milli húsa eða í görðum, má ekki setja lausar eldstór eða hlóðir, nema leyfi sé veitt til þess af slökkviliðsstjóra, og ákveður hann þá, hvernig eldstæðið skuli búið út, og hverra varúðarreglna skuli gætt.

## 17. gr.

Eldivið, steinkol, mó og annað eldsneyti, má ekki láta liggja fyrir utan hús, nema með samþykki brunamálanefndar, og veitir hún því aðeins samþykki til þess, að ekki geti stafað af því eldshætta að marki.

Birgðir af steinolíu, benzíni og öðrum eldfimum vökvum skulu geymdar í húsum inni eða mannheldum girðingum, og hvergi nema þar, sem bæjarstjórn samþykkir. Um undanþágu frá þessu fer samkv. lögum um brunamál.

Hafi einhver sett birgðir af slíkum eldfimum vökvum á bersvæði eða annars staðar í óleyfi bæjarstjórnar, má lögreglustjóri láta flytja þær burtu á kostnað eigna.

## 18. gr.

Þar, sem geymdar eru birgðir af steinolíu, terpintínu, benzíni eða áþekktum eldfimum vökvum, setur brunamálanefnd, í samráði við bæjarstjórn, þær varúðarreglur um meðferð elds, sem hún telur fulltrýggar.

## 19. gr.

Bannað er að halda opinberar jólatrésskemmtanir, nema leyfi lögreglustjóra komi til. Ekki má halda þær í öðrum húsum en þeim, sem teljast vel útbúin til þess, meðal annars um tilhögun dyra og önnur skilyrði til útgöngu.

## VIII. KAFLI

## Um slökkviliðið.

## 20. gr.

Fastir starfsmenn slökkviliðsins skipast þannig niður:

Björgunarflokkur .....	8 menn
Vatnsslönguflokkur .....	8 —
Dæluflokkur .....	4 —
Húsrifs- og stigaflokkur .....	4 —
Brunaboðar .....	2 —

Slökkviliðsstjóri skiptir niður í flokka og skipar flokksstjóra eftir þörfum. Hann skal og árlega semja skrá yfir alla, sem skyldir eru að mæta samkvæmt 5. og 6. gr., og skal hverjum einum tilkynna, í hvaða flokki hann skuli vera. Að lokinni æfingu eða eldsvoða skal merkja á skránni við alla þá, sem hafa mætt.

## 21. gr.

- a. Björgunarflokkur. Tveimur ákveðnum mönnum úr björgunarflokknunum er skylt að mæta þegar eldsvoða ber að höndum, á brunastaðnum, svo fljótt, sem unnt er. Hinir sjá um flutning stiga og annarra björgunartækja á brunastaðinn. Fyrsta verk björgunarflokksins skal vera að bjarga fólki, þá lifandi skepnum og síðan öllum dauðum munum, hverju nafni sem nefnast, undantekningarlaust. Allt, sem hann bjargar, skal hann fara vel með. Enga björgun má hann framkvæma að undanskildu fólki og skepnum, nema eftir fyrirskipun slökkviliðsstjóra eða annars, sem gengur í hans stað. Slökkviliðsstjóri skipar úr flokki þessum flokksstjóra, sem hann getur snúið sér til með skipanir sínar, sem og til hinna annarra flokksstjóra, sem skipaðir kunna að vera.
- b. Húsrifsflokkur skal hafa á hendi að rifa það, sem þurfa þykir eftir skipun slökkviliðsstjóra. Skal hann ávallt vera með sin ákveðnu verkfæri á brunastaðnum og aðstoða björgunarflokkinn, eftir fyrirmælum slökkviliðsstjóra.
- c. Vatnsslönguflokkur skal sjá um, að allar slöngur og tilheyrandi áhöld komi á brunastaðinn og skal hann koma slöngunum þannig fyrir, að þægilegt sé að

176  
17. okt.

slökkva eldinn. Síðan skal flokkurinn starfa sem bunustjórar, eftir fyrirmælum slökkviliðsstjóra.

- d. Dæluflokkur skal mæta við slökkvistöðina, svo fljótt sem unnt er, þegar eldsvoða ber að höndum, og hafa dæluna í góðu standi, flytja hana þangað sem slökkviliðsstjóri skipar fyrir, setja véldæluna í gang og láta hana dæla.

Björgunarflokkur, vatnsslönguflokkur og dæluflokkur skulu aðstoða hver annan eftir föngum við að koma brunatækjum fyrir á brunastað og ganga frá þeim að eldsvoða loknum.

- e. Brunaboðar skulu, þegar eldsvoða verður vart, gera slökkviliðinu aðvart svo fljótt sem þeim er unnt, á þann hátt, sem fyrirskipað er af brunamálanefnd. Ekki mega þeir tala við nokkurn mann, nema segja götu og hústölu, þar sem eldurinn er. Skulu þeir að afloknu brunakalli skyldir til að mæta á brunastaðnum og vinna þar það, sem slökkviliðsstjóri leggur fyrir þá. Loks skulu þeir skyldir til að tilkynna slökkviafingar, eftir skipun slökkviliðsstjóra.

#### 22. gr.

Allir liðsmenn skulu, ef þeir verða varir við að óvarlega er farið með eld, eða á annan hátt brotið á móti brunamála­reglugerð kaupstaðarins, vanda um við þá, sem gera sig seka í því, og ef þeir hlýða ekki aðvörun þeirra, gera slökkviliðsstjóra aðvart svo fljótt, sem unnt er.

#### 23. gr.

Allir liðsmenn eru skyldir til þess að mæta á slökkvistöðinni þegar liðið er kallað saman, að undanskildum 2 mönnum úr björgunarflokki (sbr. 21. gr.), nema þeir séu þess fullvissir, að öll áhöld séu komin á brunastaðinn í notfæru ástandi.

Engin forföll eru tekin gild nema veikindi eða fjarvera úr lögsagnarumdæminu.

#### 24. gr.

Allir slökkviliðsmenn eða aðrir þeir, sem vinna að slökkvitraunum, æfingum eða björgun við eldsvoða, skulu slysatryggðir á kostnað bæjarsjóðs. Verði slökkviliðsmaður fyrir slysi, skal fyrir allt að 10 daga greiða úr bæjarsjóði bætur eftir sömu reglum og slysatryggingin greiðir eftir þann tíma.

### IX. KAFLI

#### Sektarákvæði o. fl.

#### 25. gr.

Með brot gegn reglugerð þessari skal fara sem opinber lögreglumál, og greiðir hinn seki 5—1000 kr. sekt fyrir afbrot sitt nema þyngri refsing liggja við að lögum. Sektin rennur í bæjarsjóð Seyðisfjarðarkaupstaðar.

#### 26. gr.

Með reglugerð þessari er úr gildi felld reglugerð fyrir eldvarna- og slökkviliðið á Seyðisfirði frá 9. maí 1910.

Reglugerð þessi, sem bæjarstjórn Seyðisfjarðarkaupstaðar hefur samið og samþykkt, staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 85 22. nóvember 1907, til þess að öðlast gildi 1. nóvember 1941, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

*Félagsmálaráðuneytið, 17. október 1941.*

**Stefán Jóh. Stefánsson.**

*Páll Palmason.*

## REGLUGERÐ

177

24. okt.

### um varnir gegn útbreiðslu hundapestar (distemper).

#### 1. gr.

Innflutningur á erlendum hundum er bannaður. Ef erlendir hundar koma hér á land skal þeim tafarlaust lógað, hvar sem þeirra verður vart.

#### 2. gr.

Allir hundar í Mýra- og Borgarfjarðarsýslu, Gullbringu- og Kjósarsýslu, Reykjavík, Hafnarfirði og Árnessýslu vestan Hvítár og Ölfusár skulu tafarlaust skotnir og grafnir. Lögreglustjórum og hreppstjórum ber að sjá um framkvæmd á þessu þegar í stað. Allur flutningur hunda á þessu svæði og út af því er bannaður.

#### 3. gr.

Utan þeirra svæðo, sem um getur í 2. gr., skulu hundaeigendur gæta þess, að halda hundum sínum á heimilum sínum og hafa þá aldrei með sér utan heimilis. Öllum flækingshundum skal lógað, hvar sem þeir finnast.

#### 4. gr.

Bannað er að koma með aðkomuhunda á staði, þar sem loðdýrabú eru. Eigendum slíkra búa er heimilt að skjóta alla aðkomuhunda, sem nálgast loðdýrabú þeirra.

#### 5. gr.

Lögreglustjórar í kaupstöðum og hreppstjórar í hreppum um land allt, skulu hver í sínu umdæmi, fylgjast eins nákvæmlega og frekast er unnt með því, hvort sýking kemur upp í hundum eða loðdýrum í þeirra umdæmi, og tilkynna tafarlaust til atvinnu- og samgöngumálaráðuneytisins ef grunur leikur á, að hundapest sé komin upp í umdæmi þeirra.

#### 6. gr.

Brot gegn ákvæðum þessarar reglugerðar varða allt að 5000 kr. sektum.

Reglugerð þessi er hér með sett samkvæmt lögum nr. 38 1937, um loðdýrarækt og loðdýralánadeild, til þess að öðlast gildi þegar í stað.

*Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 24. október 1941.*

**Hermann Jónasson.**

*Vígfús Einarsson.*

178

28. okt.

## AUGLYSING

um breyting á gjaldskrá fyrir rafveitu Ísafjarðar nr. 15 8. marz 1937.

1. gr.

C.-liður I. kafla (verð á raforku) orðist þannig.

Til matareldunar selur rafveitan orku á 10 auru hverja kwst. Til húsahtunar selur rafveitan orku á 5 auru hverja kwst., þegar nægilegt vatn og afl er fyrir hendi, að dómi rafveitustjórnar, en heimilt er rafveitustjórn að hækka verðið fyrirvaralaust allt að 30 auru á kwst. eða stöðva alveg sölu á raforku til húshitunar ef hún álitur það nauðsynlegt.

2. gr.

II. kafli (mælaleigur) orðist þannig:

## II. mælaleigur.

Fyrir venjulega einfasa mæla sé leigan 50 auru á mánuði, en 1 króna fyrir venjulega þrífasa mæla. Rafveitin á mælana og annast viðhald þeirra á sinn kostnað.

Gjaldskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum nr. 15 1932 til þess að öðlast þegar gildi.

*Félagsmálaráðuneytið, 28. október 1941.*

**Stefán Jóh. Stefánsson.**

*Páll Pálmason.*

179

29. okt.

## AUGLÝSING

um nýja lyfsöluskrá II.

Frá og með 1. nóvember næstkomandi gengur í gildi ný lyfsöluskrá II, útgefin af þessu ráðuneyti í dag, og falla jafnframt úr gildi lyfsöluskrá II, útgefin 15. sept. 1936, og breytingar á þeirri lyfsöluskrá, útgefnar 30. okt. 1937, og enn fremur breytingar, útgefnar 23. nóv. 1939 og breytingar, útgefnar 18. febr. 1941.

*Í heilbrigðismálaráðuneytinu, 29. október 1941.*

**Stefán Jóh. Stefánsson.**

*Gústav A. Jónasson.*

# LÖGREGLUSAMÞYKKT

fyrir Vestur-Barðastrandarsýslu.

180

4. nív.

## FYRSTI ÞÁTTUR

Ákvæði, er taka bæði til kaupsúna og sveita.

### I. KAFLI

Um reglur og velsæmi á almannafæri.

#### 1. gr.

Á almannafæri mega uppþot og óeirðir ekki eiga sér stað. Ekki mega menn safnast saman á almannafæri, svo að til tálmana sé fyrir umferðina.

Þegar talað er um almannafæri í samþykkt þessari, er átt við götur, vegi og svæði, þar sem almenningur fer um, eða ætluð eru til almennings afnota, svo sem leikvellir, torg, bryggjur, svo og um veitingastaði, afgreiðslustaði bifreiða o. þ. h. Um kvikmyndahús, samkomuhús, brýr, skeiðvelli og fjárréttir, gilda ákvæði samþykktar þessarar um almannafæri, eftir því sem við á.

#### 2. gr.

Þegar fjölmenni safnast saman á almannafæri, þar á meðal við dyr kirkna eða annarra samkomuhúsa eða annars staðar, þar sem almenningur kemur saman, skulu menn haga sér eftir þeim fyrirmælum, sem lögreglan setur til þess að varðveita góða reglu.

#### 3. gr.

Á almannafæri má ekki fljúgast á, æpa, blístra, syngja hátt, eða hafa í frammi annan hávaða eða ofsalegt eða móðgandi athæfi, sem raskar allsherjar reglu eða ónáðar vegfarendur eða þá, sem búa í nágrenninu.

#### 4. gr.

Bannað er að hafast að, að óþörfu, nokkuð það, sem raskar næturró manna, og enginn má að ástæðulausu berja á dyr eða glugga, hringja dyrabjöllu eða aðhafast neitt það, sem ónáðar eða móðgar húsbúendur.

#### 5. gr.

Á fjölförnum götum, eða þar sem hætta getur af stafað, má ekki leika knattleik, paradís, feluleik, „stikk“, eða „klink“, ekki gera rennibrautir, renna sér á skautum eða sleðum, eða hafa um hönd aðrar skemmtanir eða leiki, sem hindra umferðina. Sömuleiðis er bannað að hanga utan í vögnum, sleðum eða bifreiðum, sem eru á ferð um göturnar, eða festa við þá sleða, handvagna eða annað, sem til óþæginda getur orðið.

#### 6. gr.

Ekki má skjóta úr byssu, riffli eða skammbyssu, af boga eða öðrum skotvopnum á eða yfir fjölfarnar götur eða vegi, né heldur kveikja í púðri, olíu, benzíni eða öðrum eldfimum efnnum eða sprengiefnum, og ekki má kasta frá sér steinum, glerbrotum, snjóköggjum, slori, vatni eða öðru er tjóni getur valdið eða óþægindum þeim, er um fara. Nauðsynlegar sprengingar við götur, torg eða á almannafæri má aðeins gera með leyfi lögreglustjóra og skal ætíð, þegar sótt er um leyfi til slíks, tilgreina hver framkvæmir verkið, og ber bæði verkstjóri og sá, sem verkið er unnið fyrir,

180 ábyrgð á að allrar varúðar sé gætt. Sprengiefni og önnur slík eldfim efni má hvorki 4. nóv. geyma í íbúðarhúsum né annars staðar, þar sem hætta stafar af.

## 7. gr.

Enginn má ganga dulklæddur á almannafæri, nema hann sé á leið af eða á grímu-dansleik eða álfadans. Ekki heldur í búningi, sem misbýður velsæmi eða raskar al-mennri reglu. Einnig er bannað að hafa í frammi hneykslanlegt athæfi á almanna-færi, svo sem með ósæmilegum orðum eða láthragði, með því að fletta sig klæðum eða gera þarfir sínar á hneykslanlegan hátt.

## 8. gr.

Druknum mönnum, sem finnast ósjálfbjarga eða eru með óspektir á almanna-færi, skal ráðstafað á tryggilegan hátt þar til þeir eru komnir til sjálfs sín aftur. Þeim mönnum, sem sökum ölæðis hafa í frammi hávaða eða ósæmilegt athæfi eða látbragð á almannafæri, skal ráðstafað á sama hátt þar til þeir eru komnir til sjálfs sín aftur, og skulu þeir þá enn fremur sæta sektum eftir samþykkt þessari fyrir röskun á alls-herjarfriði og reglu, er þeir kunna að hafa valdið með drykkjuskap sínum og ólátum.

## 9. gr.

Enginn má baða sig eða synda nakinn á opinberum baðstöðum eða í sundlaug-um fyrir almenning, í ám eða vötnum nærri þjóðvegum, við bryggjur kauptúnanna eða annars staðar svo nærri landi, að hneyksli valdi.

## 10. gr.

Hver sá, sem staddur er á almannafæri, er skyldur að segja til nafns síns og heimilis, ef lögreglan krefst þess.

## 11. gr.

Almenningi er skylt að hlýða öllum skipunum lögregluvaldsins. Ef nauðsyn ber til, getur lögregluvaldið krafði sér til aðstoðar hvern fulltíða karlmann, sem við-staddur er, til þess að afstýra óreglu eða óspektum á almannafæri, en heimtingu eiga slíkir menn á fullum bótum úr hreppssjóði fyrir tjón, er þeir kunna að bíða við það á fatnaði eða limum, en hreppssjóður á aðgang að hinum seka.

## II. KAFLI

## Ákvæði til að afstýra tálmunum og hættum fyrir umferðina.

## 12. gr.

Án leyfis lögreglustjóra má enginn setjast að á almannafæri til að selja vörur eða reka aðra atvinnu. Börn innan 14 ára mega alls ekki selja vörur á almannafæri. Þó skal börnum 8 ára og eldri heimilað að selja dagblöð og fréttablöð og sömuleiðis aðgöngumiða að íþróttasýningum, dagskrár og merki, er gilda fyrir sérstaka hátíðis-daga.

## 13. gr.

Enginn má, án leyfis hlutaðeigandi umráðamanns, láta fyrirberast á umgirtu svæði eða öðrum stöðum, þar sem gengið er inn í hús eða garða, né fara inn í hús annarra í óleyfi.

## 14. gr.

Á alfaravegi má ekki leggja eða setja neitt það, sem hindrar umferðina, frekar en nauðsynlegt er vegna vöruflutninga og skal þess ætíð gætt, að það geri sem minnst-

an farartálma. Að flutningi loknum skal vandlega hreinsa svæðið, sem notað var. Bifreiðar, vagnar, hjólbörur og sleðar mega aldrei standa á götum eða vegum lengur en nauðsynlegt er til að fylla þá eða tæma og aldrei mega þeir standa á gangstéttum. Hreppsnefnd ákveður, í samráði við lögreglustjóra, hvar á götum eða torgum vagnar eða bifreiðar megi standa og setur sérstakar reglur þar að lútandi.

## 15. gr.

Á alfaravegi má ekki vinna neina vinnu, sem tálmar umferð manna eða gerir hana hættulega, svo sem höggva eða sprengja grjót, telgja tré, járna hesta eða því um líkt, nema leyfi lögreglustjóra komi til.

## 16. gr.

Enginn má gera skurði í götur eða torg kaptúnanna eða alfaravegi hvar sem er, nema hann hafi til þess leyfi hlutaðeigandi stjórnarvalds. Fáist slíkt leyfi, skal verkið unnið þannig, að sem minnstur farartálmi sé að, og ætíð skal gæta þess, að vegfarendur séu aðvaraðir um farartálmanir með nægilega greinulegum ljósum, frá því fer að skyggja að kvöldi og þar til hjart er orðið að morgni. Að öðru leyti gerir hlutaðeigandi stjórnarvald og lögreglustjóri þær ráðstafanir, er þurfa þykir til þess að afstýra hættu fyrir vegfarendur. Ef slíkt verk dragast úr hófi fram, getur hlutaðeigandi hreppsnefnd eða lögreglustjóri eða bæði í sameiningu, látið ljúka verkinu og sett götur, torg eða vegi í samt lag aftur á kostnað þess, er verkið átti að framkvæma.

## 17. gr.

Nú er hús svo hrörlegt, að hætt er við að það hrynji, eða einhver hluti þess, og getur lögreglustjóri þá bannað að nota húsið og lagt fyrir eigandann að rífa það, eða endurbæta það svo sem þörf gerist til þess að afstýra hættu, innan tiltekins tíma. Enn fremur getur lögreglustjóri, á kostnað eigandans, gert ráðstafanir, sem hann telur nauðsynlegar til þess að afstýra hættu fyrir vegfarendur og aðra. Ákvæði þetta nær einnig til þess, þegar steinvegg, trévegg eða annarri girðingu liggur við falli eða hruni.

## 18. gr.

Nú er bryggjum, pöllum eða öðrum mannvirkjum, svo áfátt, að hætta getur af því stafað fyrir þá, sem um fara, t. d. þegar göt eru á pöllum eða mannvirki fúin, og getur lögreglustjóri þá krafizt þess af eigendum mannvirkjanna, að þeir gangi svo frá þeim, að hættulaust sé.

## 19. gr.

Áhöld, sem notuð eru til að hefja upp eða renna niður vörum eða öðru við bryggjur eða hús, sem liggja við alfaraveg, skulu vera nægilega traust og þeir, sem þau nota, skulu vera áreiðanlegir menn. Lausir stigar mega ekki standa við húsveggi eða önnur mannvirki við alfaravegi, eftir að dimmt er orðið. Brot á ákvæðum þessarar greinar eða fyrirskipunum lögreglunnar, hér að lútandi, eru á ábyrgð þess, sem verkið vinnur eða annast, eða ef hann er ekki tilgreindur, þá á ábyrgð eiganda eða umráðamanns.

## 20. gr.

Hvarvetna þar, sem girðingarhlið eru á vegum, er liggja heim að byggðum býlum, er bannað að hafa yfir þeim þverslár eða strengi, nema svo hátt sé undir, að öruggt sé, að ríðandi maður reki sig ekki upp undir. Er það á ábyrgð landseta að þessa sé gætt. Um girðingarhlið á vegum og girðingar meðfram vegum, skal að öðru leyti fara samkvæmt ákvæðum gildandi laga.



III. KAFLI  
Umferð um vegi.

## 21. gr.

Allir, sem fara um vegi, hvort heldur eru gangandi, riðandi, á vagni, í bifreið, á hjólum eða öðru farartæki, skulu, þá er þeir mæta einhverjum eða einhver vill komast fram fyrir þá, halda sér, gripum sínum og farartækjum á vinstri helmingi akbrautarinnar eingöngu og svo nærri götubrún eða gangsettubrun, sem auðið er. Sá, sem vill komast fram fyrir vegfarendur, skal víkja til hægri handar, þó ekki meira en nauðsyn krefur. Við vegamót skal, ef þörf gerist, sá bíða, sem hefur farartæki á vinstri hönd. Þeir, sem fara um gangstéttir, skulu jafnan víkja til vinstri handar, en eru þó ekki skyldir til að víkja út á akbraut, sé hún til vinstri handar. Þessi regla leysir vegfarendur þó ekki undan þeirri skyldu, að sýna fyllstu nærgætni og varkárni við vegamót, þótt þeir eigi umferðarréttinn.

## 22. gr.

Þeir, sem riða eða aka á almannfæri, skulu gæta allrar varúðar. Vagnar eða sleðar með hesti fyrir mega aldrei standa á almannfæri, nema ökumaður eða annar vel hæfur maður gæti hestsins.

## 23. gr.

Það er með öllu bannað að riða, beita fyrir vagna eða flytja farangur á höltum eða meiddum hestum, horuðum eða sem af öðrum ástæðum eru svo illa á sig komnir, að ekki hafa fullan þrótt. Hesta má ekki slá með öðru en þar til gerðum keyrum eða ólarsvipum. Virsvipur, virpíska eða annað, sem skaðað getur hestana, má ekki nota. Aldrei má slá hest í höfuð, fætur eða nára.

## 24. gr.

Það er bannað að riða eða aka á móti skrúðgörðum og líkfylgdum eða fram hjá þeim. Skal víkja úr vegi fyrir þeim, ef unnt er, eða nema staðar meðan þær fara fram hjá.

## 25. gr.

Riðandi mönnum, lestamönnum og öðrum, er farangur flytja á áburðarhestum, er skylt að víkja úr vegi, og jafnvel út af götum eða vegum fyrir vögnum, ef vagninn kemst ekki leiðar sinnar að öðrum kosti.

## 26. gr.

Slökkviliðið er undanþegið ákvæðum þessarar samþykktar um vagna. Allir eru skyldir að víkja úr vegi fyrir því svo fljótt, sem auðið er. Sama gildir um sjúkragagna.

## 27. gr.

Lögreglustjóri getur takmarkað eða bannað umferð bifreiða á vegum og einstökum götum, ef slík umferð álízt hættuleg, eða til sérstakra óþæginda fyrir umferð og á vorin, meðan klaka leysir úr jörðu.

## 28. gr.

Ljós skal jafnan tendrað á bifreiðum, þegar skyggja tekur og ávallt hafa þau tendruð, er þær eru á ferð, frá því birtu bregður að kvöldi og þar til hjart er orðið að morgni.

Lögreglustjóri ákveður nánara um ljósanotkun bifreiða ef þurfa þykir.

## 29. gr.

180

Ef bifreið mætir vögnum á stað, þar sem hvorugir komast fram hjá öðrum, skal bifreiðin aka til baka og nema staðar þar til hinir komast fram hjá henni.

## 30. gr.

Bifreiðarstjóri skal gefa hljóðmerki með horni sínu í tæka tíð, þegar hætt er við árekstri, og ávallt áður en farið er fyrir götuhorn eða yfir gatnamót og er hann ekur bifreiðinni aftur á bak. Hætta skal hann að gefa hljóðmerki, ef hestar hræðast eða verða óróir og ekki má hann gefa hljóðmerki um leið og bifreiðin fer fram hjá hestum. Bifreiðarstjórar skulu gæta þess, einkum að næturlagi, að gera eigi hávaða um nauðsyn fram með hljóðmerkjum. Þeir bera ábyrgð á því, að farþegar í vögnum þeirra hafi ekki um hönd söng eða hávaða, er raski næturró manna.

## 31. gr.

Ef bifreiðarstjóri verður þess var, að laus hross eða annar búpeningur er á vegi þeim, er hann ekur um, skal hann hægja á bifreiðinni og eigi aka hraðara en á 20 km hraða, þar til hann er kominn fram hjá. Ef gripirnir hlaupa á undan bifreiðinni eftir veginum, má bifreiðin ekki aka á eftir þeim með meiri hraða en 15 km og eigi lengri leið en hálfan kílómetra í einu.

## 32. gr.

Þegar bifreið mætir fjárrekstri á vegi, skal bifreiðarstjóri stöðva bifreiðina, meðan reksturinn er rekinn fram hjá. Komi bifreið á eftir rekstri á vegi, skal bifreiðarstjóri gera rekstrarmönnum aðvart um, að hann óski að komast fram hjá rekstrinum, og er rekstrarmönnum þá skylt að vikja rekstrinum til hliðar á veginum, svo að bifreiðin geti komizt fram hjá.

## 33. gr.

Ef slys vill til, sem stafar af eða stendur í sambandi við notkun bifreiða, skal bifreiðarstjóri þegar stöðva bifreiðina, skýra frá nafni sínu og heimilisfangi, ef þess er krafizt, og hjálpa þeim, sem slasazt hefur, ef þörf gerist.

## 34. gr.

Að öðru leyti skal fara eftir ákvæðum bifreiðalaganna og reglugerðum þeim, sem settar eru eða settar verða, samkvæmt þeim lögum um notkun bifreiða.

## 35. gr.

Á hverju reiðhjóli, sem notað er, skal vera bjalla, sem gefur hveltt hljóð, og skulu hjólreiðamenn láta til hennar heyra, ef hætt er við árekstri og ætíð áður en þeir fara fyrir húsdýr, horn eða gatnamót.

Skylt er hjólreiðamönnum að hafa ljósker, er snúi fram á reiðhjólinu og lýsi fram undan sér, og hafa þau tendruð er þeir eru á ferð, frá því skyggja tekur að kvöldi og þar til bjart er orðið að morgni.

Þar, sem gæta þarf sérstakrar varúðar, má aldrei aka hraðar en svo, að stöðva megi hjólin þegar í stað. Á hjólum mega aldrei vera fleiri menn en hjólin eru gerð fyrir. Skylt er hjólreiðamanni að nema staðar, ef reið hans veldur því, að hestur fælist eða gerist órór. Ef slys vill til, sem stafar af eða stendur í sambandi við notkun hjóla, skal hjólreiðamaður þegar nema staðar, skýra frá nafni sínu og heimilisfangi, ef þess er krafizt, og hjálpa þeim, sem slasazt hefur, ef þörf gerist. Hjólreiðamaður skal þegar nema staðar, ef lögreglan gefur honum merki um það. Eigandi hjóla ber ábyrgð á brotum á samþykkt þessari, ef hann lánar þeim, sem er yngri en 14 ára.

## IV. KAFLI

## Almenn ákvæði um fjallskil, ágang búpenings o. fl.

## 36. gr.

Um rekstur búpenings til afrétta, hirðingu hans og fjallskil, fer eftir ákvæðum fjallskilareglugerðar fyrir Vestur-Barðastrandarsýslu, eins og þau nú eru eða síðar kynnu að verða.

Að öðru leyti eru allir skyldir að gæta svo sauðfénaðar sins, geitpenings, hrossa og annarra gripa og alifugla, að ekki gangi og valdi skemmdum á varplöndum, engjum, túnum, ökrum og matjurtagörðum annarra. Bæti eigandi eða umráðamaður skaðann, ásamt áföllnum kostnaði, eftir því hvort eignar- eða leigupeningur hefur veldið honum. Þannig, að þar sem löggirðing er um varplönd, engi, tún, akra eða matjurtagarða, ber eigandi eða umráðamaður fjárins ábyrgð á skaðanum öllum, en þar sem ógirt er, að hálfu leyti. Um ákvörðun skaðabóta skal farið eftir mati úttektarmanna, nema öðruvísi sé ákveðið í fjallskilareglugerð eða lögum.

Hundar, sem ráðast á menn eða elta búpening út um hagann, eru rétt dræpir, hvar sem þeir sjást úti. Flækings hunda, sem ekki eru í eign eða umsjá neins manns, getur lögreglan látið handsama og auglýsa. Gefi enginn sig fram innan þriggja sólarhringa og borgi áfallinn kostnað, skal lóga slíkum hundum, ef enginn vill hirða þá.

## V. KAFLI

## Um friðun almenningseigna o. fl.

## 37. gr.

Enginn má skemma, lýta eða óhreinka, né á annan hátt spilla almenningseignum, hvort heldur eru vegir, vatnsból, hverir, laugar, ölkeldur, vatnsveitumannvirki, byggingar, rafáhöld, rafþræðir, ljósker, bryggjur, bryggjuáhöld, símar, brunaboðar, björgunartæki eða annað, sem ætlað er til almennings nota. Sama gildir um útvarpsútbúnað einstakra manna.

## 38. gr.

Enginn má rita, rispa, tjarga, teikna né mála á hús manna eða girðingar, neitt það, sem hneyksli getur valdið, skemmdum eða óprýði. Enginn má heldur skemma girðingar þær, er standa um afgirta garða, reiti, tún eða önnur mannvirki. Það er bannað að klifra yfir þær eða fara í gegn um þær, nema með leyfi eiganda eða umráðamanns. Enginn má á nokkurn hátt vísvitandi spilla nokkrum eignum sýslubúa. Komi slíkt fyrir, skal sá, er veldur, bæta fullum bótum fyrir þann skaða, sem hann gerir.

## 39. gr.

Enginn má skemma, troða eða spilla á annan hátt ræktuðum blettum, túnum, engjum, matjurtagörðum eða skrudgörðum manna, hvort sem er girt eða ógirt. Ekki má heldur skemma plöntur, né á nokkurn hátt spilla neinu á grafreitum eða saurga þá á nokkurn hátt. Girðingum má ekki spilla, né skilja eftir opin hlið, sem lokað verður.

## 40. gr.

Enginn óviðkomandi maður má hagnýta eða tileinka sér neinar nytjar, svo sem beit, berjatöku, egg, veiði, fugla, fiska eða annað, án leyfis landráðanda.

Þó mega ferðamenn hagnýta sér hagabeit og berjatöku utan túns og engja, til neyzlu á staðnum um stundarsakir, meðan á áning eða hvíld stendur. 180  
4. nóv.

## 41. gr.

Öllum er skylt að ganga vel og þrifalega um áningastaði sína og tjaldstæði eða þar, sem þeir á annan hátt koma saman á víðavangi, hvar sem er innan sýslunnar. Ber að ræsta vandlega slíka staði af öllum óhroða og rusli, svo sem dósum, flöskum, bréfum og matarleifum og öðru slíku, áður en staðurinn er yfirgefinn, og hylja ruslið í gróf eða gjótu eða flytja það burt.

Flöskur má aldrei brjóta á víðavangi. Bannað er að eyða eða spilla gróðri með lyng- eða hrísrifi eða á annan hátt.

## 42. gr.

Hreppsnefnd ákveður hvar festa skuli upp auglýsingar frá yfirvöldum og öðrum stjórnarvöldum og skal hún á kostnað sveitarsjóðs útvega í því skyni spjöld, svo mörg sem þurfa þykir.

Auglýsingar um sjónleiki, sýningar, samsöngva og aðrar skemmtanir, sem leyft er að halda, svo og aðrar auglýsingar, má festa upp hvar sem er, með samþykki hlutaðeigandi húsráðanda.

## 43. gr.

Uppfestar auglýsingar skulu hlutaðeigendur taka niður þegar þær hafa fullnægt tilgangi sínum. Löglega uppfestar auglýsingar má enginn rífa niður, rissa eða skrifa neitt á þær þeim óviðkomandi, óhreinka eða gera ólæsilegar á annan hátt.

## VI. KAFLI

## Um veitingastaði, samkomuhús og skemmtanir.

## 44. gr.

Allir staðir, þar sem höfð er á hendi almenn veitingasala matar og drykkjar og gististaðir fyrir almenning, skulu háðir sérstöku eftirliti lögreglustjóra og skal lögreglunni heimill umgangur um húsakynni þau, sem notuð eru í sambandi við veitingarnar.

Á öllum gistihúsum skal haldin nákvæm gestaskrá.

## 45. gr.

Hverjum, sem hefur veitingasölu, hverju nafni sem nefnist, er skylt að gera allt, sem í hans valdi stendur, til að afstýra því, að nokkuð það fari fram í húsi hans, sem kemur í bága við velsæmi og góða reglu.

## 46. gr.

Á veitingastað má enginn sýna af sér ofsalegt athæfi eða látbragð, hávaða eða nokkra ósæmlega hegðun eða hafa áhættuspil um hönd.

## 47. gr.

Allir almennir veitingastaðir og samkomustaðir skulu vera lokaðir frá kl. 11½ að kvöldi til kl. 6 að morgni, og allir gestir, sem ekki eiga náttstað þar, skulu hafa farið út ekki síðar en ½ stundu eftir að lokað er. Þó má selja ferðamönnum greiða á hvaða tíma sem er. Heimilt er félögum að halda þar samkvæmi, dansleiki og aðrar skemmtanir, sem ekki eru bundnar við neinn sérstakan lokunartíma, ef ekki taka þátt í þeim aðrir en félagsmenn og gestir þeirra.

180

4. nív.

Við hvert veitingahús eða almenn samkomuhús skal eigandi láta gera salerni, sem gestum er heimill aðgangur að. Skal veitingamaður eða húsráðandi sjá um að því sé ávallt haldið vel hreinu.

48. gr.

Vilji nokkur halda almenna samkomu, svo sem dansskemmtun, sjónleiki, söngskemmtun, íþróttasýningu, myndasýningu o. s. frv., er almenningi sé boðið til eða seldur aðgangur að, eða til að hafa veitingar á staðnum, skal hann til þess leita leyfis lögreglunnar. Lögreglustjóri veitir slík leyfi. Þó getur hann falið hreppstjórum að veita leyfin, hverjum í sínum hreppi.

Leyfishafa skal skylt að hlýta þeim fyrirmælum, sem lögregluvaldið setur til þess að varðveita góða reglu, velsæmi og hreinlæti. Honum er skylt að hlýta fyrirmælum heilbrigðisnefndarinnar um ræstingu og hreinlæti í húsrúminu, enda skal það ávallt nýræst, er samkoman byrjar.

Lögreglustjóri eða hreppstjóri geta krafist þess, að þeir, sem fá leyfi til þess að halda samkomur, hafi á sinn kostnað tryggt sér menn, er lögreglustjóri tekur gilda, til eftirlits allan samkomutímann.

Fari nokkuð það fram, er brýtur í bág við reglur og velsæmi, er lögregluvaldinu heimilt að láta slíta samkomunni.

Almennar útiskemmtanir eru sömu reglum háðar, að svo miklu leyti, sem því verður við komið.

49. gr.

Sérhverjum, er sjúkling hefur á heimili sínu, er heimilt að fá bannað, að almenningar samkomur, sem háreisti geta valdið, séu haldnar svo nærri heimili hans að hætta geti stafað af vegna ónæðis.

50. gr.

Lögreglustjóri (eða barnaverndarnefndir þar sem þær eru) getur bannað börnum innan ákveðins aldurs að sækja samkomur, sem ætla má, að geti haft vond áhrif á þau.

51. gr.

Föst kvikmyndahús má ekki starfrækja í sýslunni nema með leyfi hlutaðeigandi hreppsnefndar og lögreglustjóra og með þeim skilyrðum, að því er útbúnað og loftrymi snertir, sem hún tiltekur. Hreppsnefnd ákveður hve mikið gjald skuli greiða í sveitarsjóð fyrir leyfið, annað hvort árlega eða fyrir hverja sýningu.

Lögreglustjóri getur veitt leyfi til að halda einstakar kvikmyndasýningar og ákveður hann þá gjaldið í sveitarsjóð.

52. gr.

Í húsum þeim, sem opinberar samkomur eru haldnar í, skulu vera að minnsta kosti tvennar dyr til útgöngu og skulu hurðir falla út.

## VII. KAFLI

### Almenn ákvæði um hreinlæti og þrifnað.

53. gr.

Enginn má á nokkurn hátt spilla neyzluvatni manna, hvort heldur er rennandi vatn í ám, lækjum eða lindum eða vatnsleiðslum eða í þróm eða brunnum.

Vatnsból skulu vera varin fyrir öllum óþrifnaði, og þess stranglega gætt, að skólpi eða öðru, er óþrifnaði veldur, sé eigi hellt þann veg, að runnið geti að þeim.

54. gr.

## 55. gr.

180

Stampa, opnar tunnur, föt eða önnur ílát með lifur, grút eða slori eða því um líku, má ekki láta standa á almannafæri né hafa nokkuð laust eða í ílátum, sem ódaun leggur af eða óþrifnaði veldur.

Safngryfjur og forir skulu vera þaktar, svo engan ódaun leggi af þeim og svo vel umgirtar, að engin hætta geti stafað af fyrir menn eða skepnur.

Skylt er að hafa salerni við hvert íbúðarhús innan kaupþúnanna og á hverju býli í sveitum, enn fremur við hvert samkomuhús.

## 56. gr.

Bannað er að hella skólpi, sem fiskur eða annað hefur verið þvegið úr, á götu eða almannafæri, ekki má heldur hella þar eða skilja eftir neitt það, er óþrifnaði veldur.

For, slor, þang, þara og annað því um líkt skal jafnan flytja í heldum ílátum eða vögnum um alfaravegi eða götur, og skal sá, er á eða sá, sem flytur, hreinsa upp ef niður á götuna fer.

## 57. gr.

Skepnur má ekki slátra á eða við götu eða á almannafæri yfirleitt, heldur skal það gert að húsabaki eða innan girðingar, og skal þess vandlega gætt, að skepnur sjái ekki blóðvöllinn, og að hann sé hreinsaður undir eins að slátrun lokinni.

Bannað er að láta hunda komast á blóðvöll, þegar slátrað er sauðfénaði.

Brot gegn banni þessu er á ábyrgð hlutaðeigandi hús- eða landráðanda.

## 58. gr.

Við hvert sláturhús skulu vera nægilega mörg ílát undir innanmeið og þannig fyrir komið, að öruggt sé, að hundar nái ekki að éta úr þeim. Við heimaslátrun skal hafa á blóðvöllinum ílát með loki undir sulli og innanmeið. Að lokinni hverri slátrun skal annað hvort brenna þessi sollnu líffæri eða grafa þau, minnst fullan metra í jörðu niður. Annars skulu sláturhússtjórar og aðrir, sem við slátrun fást, fara eftir fyrirskipunum héraðslækna og reglum þeim, er þeir kunna að setja um þessi efni.

## 59. gr.

Heilbrigðisnefndir hafa, hver í sínum hreppi, eftirlit með öllu því, sem að almennum þrifnaði lýtur. Fer um þetta efni eftir þeim heilbrigðissamþykktum, sem nú gilda fyrir einstaka hreppa sýslunnar eða þeim, er síðar kunna að verða settar fyrir hreppa sýslunnar.

## VIII. KAFLI

## Um samgöngur við skip.

## 60. gr.

Lögreglustjóri hefur heimild til, ef hann telur þess þörf til tryggingar góðri reglu og velsæmi, að gefa út fyrirskipanir og bönn gegn samgöngum við skip, er koma frá útlöndum eða eru útlend, en skýra skal hann þegar í stað stjórnarráðinu frá slíkum fyrirskipunum og bönnum.

## ANNAR ÞÁTTUR

## Viðaukaákvæði, er taka til Patreksfjarðar- og Bíldudalskaupþúna.

## IX. KAFLI

## Sérákvæði um umferðina innan þorpanna.

## 61. gr.

Stéttir meðfram götum skulu eingöngu ætlaðar gangandi mönnum. Þeir, sem fara um gangstéttir eða götur, skulu jafnan víkja til vinstri handar, en eru þó ekki skyldir til að víkja af gangstétt á akbraut, þótt hún sé til vinstri. Við krossgötur skal, ef þörf gerist, sá hiða, sem er til vinstri handar.

## 62. gr.

Eigi má fleygja glerbrotum, steinum, nöglum, hálmi, ávaxtahiði, pappírusrusli eða öðru þess konar á almannafæri eða í opin göturæsi, né heldur skvetta þar skolpi eða öðru, er valdið getur hættu eða óþægindum fyrir vegfarendur.

Bannað er að hrista gólfábreiður, viðra sængurföt eða hengja þvott eða annað til þerris á götu, torgi eða almannafæri.

## 63. gr.

Þegar hús eru byggð að nýju, eða eldri hús rifin og byggð upp, að nokkru eða öllu leyti, skal eigandanum, ef húsið liggur við götu eða svæði, sem almenningur fer um, skylt að skýra lögreglustjóra frá, áður en verkið byrjar og sanna fyrir honum heimild sína til verksins. Hann skal haga sér eftir þeim fyrirmælum, sem lögreglustjóri setur til að afstýra hættu, farartálman eða óþægindum fyrir vegfarendur. Verkfæri og verkefni má ekki leggja frá sér á almannafæri, nema þar sem lögreglustjóri leyfir og má ekki liggja þar lengur en nauðsyn krefur. Mold, mól, leifar af verkefni og annað, sem af byggingunni stafar, skal eigandinn færa burt, þegar húsgerðinni er svo langt komið eða verki því, sem unnið er að, að því verði við komið.

Nú brennur hús eða mannvirki, eða það er flutt í burtu, án þess að annað sé gert í staðinn, og er þá eiganda eða umboðsmanni hans skylt að ganga svo frá rústinum, að ekki stafi hætta, óþrifnaður eða óþrýði af.

## 64. gr.

Palla, stoðir og annan útbúnað við húsasmíðar eða önnur mannvirki eða viðgerðir á þeim, skal gera nægilega traust. Heimilt er lögreglunni að gera ráðstafanir hér að lútandi. Lausir stigar, sem notaðir eru við aðgerðir á húsum, málun, gluggaþvott eða þess konar, skulu vera nægilega traustir.

## 65. gr.

Nú gengur kjallaragangrið út að stétt eða götu og lengra fram en húshlið, og skal þá vera traust handrið beggja megin við það. Auk þess getur lögreglustjóri krafizt þess, að kjallaraopið sé byrgt með hlemm eða hlera, frá því að dimmir að kvöldi, þar til birtir að morgni. Í kring um birtugrófir við stétt eða götu, skal setja handrið úr járn eða öðrum málm eða nægilega sterkar járngrindur yfir, jafnhátt stéttinni eða götunni. Handrið samkvæmt þessari grein mega ekki vera lægri en 60 cm.

## 66. gr.

Bannað er að hafa þakjárn eða parta af þakjárn laust úti og hafa eigendur ábyrgð á, að slíkt fjúki ekki öðrum til tjóns eða meiðsla. Sama gildir og um spýtnarusl og annað þess háttar, sem meiðslum eða skemmdum geta valdið, ef fýkur.

## 67. gr.

Bannað er að nota gaddavirsgirðingar meðfram vegum í kaupúnum og hvergi nær íbúðarhúsum eða almannaferi en sex metra. 4. nóv.

## 68. gr.

Báta, eða aðra slíka hluti, sem tálmað geta umferðinni, má aldrei setja á vegi, stræti eða annan alfaraveg eða svo nærri, að nokkur hluti þess gangi inn á veginn eða yfir hann, og getur hreppsnefnd og lögreglustjóri, eða hvor um sig, látið færa slíka muni burtu á kostnað umráðamanns, ef hann ekki gerir það sjálfur, eftir að hafa verið aðvaraður.

## 69. gr.

Í fjöru má ekki skilja eftir eða kasta seglfestu, grjóti eða neinu öðru, er tjóni getur valdið skipum eða bátum, eða á nokkurn hátt hindrað umferð.

## X. KAFLI

## Um umferð á götum kaupúna og þorpa.

## 70. gr.

Það er bannað að riða hraðar en hægt brokk á götum kaupúnanna.

## 71. gr.

Lausa hesta skal jafnan reka hægt og gætilega um götur kaupúnanna, og aldrei má siga hundi á skepnur nærri götu.

Með áburðarhesta má ekki hafa lengri viðdvöl á götu en nauðsynlegt er til að taka ofan af þeim eða láta upp klyfjar.

Hestar í kaupúnum, ef þeir eru þar staddir, skulu ávallt hýstir um nætur á vetrum, nema hreppsnefnd veiti undanþágu.

## 72. gr.

Með vagna og hesta skal fara svo nærri vegbrún eða gangstétt, til vinstri handar, sem auðið er. Um götuhorn skal ekið í kröppum boga, ef snúið er til vinstri handar, en í löngum boga ef snúið er til hægri. Á götuhornum eða gatnamótum er bannað að aka fram fyrir vagn eða hest, sem á undan fer. Sömuleiðis er bannað að nema staðar með hest eða vagn á gatnamótum eða fast við þau, eða nema staðar þar, sem hestur eða vagn heldur kyrru fyrir hinum megin á götunni.

## 73. gr.

Á almannaferi má ekki taka beizli af hesti, sem beitt er fyrir vagn eða annað ökutæki. Láti nokkur hest standa fyrir hlöðnum sleða, vagni eða undir klyfjum, lengur en brýn nauðsyn krefur, getur lögreglan látið taka hest frá vagni og undan klyfjum, og komið til varðveislu á kostnað þess, er flutningnum stýrir.

Hest má ekki binda úti við í kaupúnunum og þorpunum, né láta þá standa í réttum í köldu veðri, eða óhæfilega lengi að dómi lögreglunnar, þó að gott sé veður. Getur lögreglan tekið slíka hesta til varðveislu á kostnað umráðamanns.

Ferðamenn með hesta, sem viðdvöl hafa í kaupúnunum, skulu tafarlaust koma hestum sínum í hús eða haga, eftir tilvísun lögreglunnar, nema þeir hafi leyfi til að geyma þá á afgirtum túnlóðum einstakra manna.



180

4. nóv.

Hlaðna byssu má ekki bera á götum eða vegum. Byssu skal ávallt bera þannig, að opið viti upp. Gaddhrifur, ljái og aðra slíka hluti, sem tjón getur hlotizt af, má eigi flytja eftir götum eða vegum, nema svo sé um búíð, að engin hættu geti hlotizt af.

74. gr.

## XI. KAFLI

## Um skepnuhald o. fl.

75. gr.

Hænsn eða aðra alifugla, má ekki hafa nema þeir séu á afgirtu svæði eða tryggri vörzlu, svo að þeir geti ekki gert öðrum óskunda.

76. gr.

Það er á ábyrgð eiganda, að sauðfé, geitfé, hænsn eða aðrir gripir þeirra, geri engan óskunda eða skaða í kaupúnunum eða grennd þeirra, hvorki skemmi neitt eða fari inn í afgirt svæði, tún, matjurtagarða, skrudgarða eða truflí svefnfrið manna með hávaða, enda getur sá, sem fyrir ágangi verður, handsamað slíka gripi til bráðabirgða, en þá skal hann undir eins skýra lögreglustjóra frá því og öðrum málavöxtum. Sérstaklega ber að hafa strangt eftirlit með þessu frá 20. maí til 20. september árlega. Á þeim tíma má búpeningur ekki ganga laus í kaupúnunum, nema maður fylgi til að gæta hans eða hann sé í öruggri vörzlu.

77. gr.

Nú finnst geitfé grindarlaust, án gæzlu, og valdi það ágangi, er lögreglunni þá rétt og skylt að láta handsama það og lóga því, sé um itrekað brot að ræða. Sama gildir um sauðfé, sem mjög er til skemmda í gördum eða öðrum ræktunarlöndum. Ef út af þessu er brugðið varðar það eigandann sektum, og enn fremur ber honum að greiða allan kostnað við handsömun og varðveizlu fénaðarins. Selja má fénaðinn til lúkningar þessum kostnaði, ef eigandi greiðir hann ekki.

78. gr.

Enginn má láta hesta sína ganga lausa um götur kaupúnanna. Lausa hesta á flækingsi um götur, ber lögreglunni að handsama og ráðstafa á kostnað eiganda. Sama gildir um nautpening.

79. gr.

Naut, sem farið er með um göturnar, skulu ætíð leidd í nægilega traustu bandi, og minnsta kosti tveir menn fylgja hverju nauti, ársögmlu eða eldra. Ekki mega naut standa úti á götu eða stræti gæzlulaus. Naut hálfis árs eða eldri mega alls ekki ganga saman við kýr kaupúnanna.

80. gr.

Enginn maður má siga hundi á annan mann eða láta fyrirfarast að afstýra því, þegar hann verður var við, að hundur ræðst á mann, ef honum er það unnt, án þess að stofna sér í háska. Hundar mega ekki vera lausir um nætur, svo nokkru ónæði valdi íbúum kaupúnanna.

81. gr.

Um sauðfjárrekstra og hrossarekstra, sem koma til kaupúnanna til slátrunar, gerir lögreglustjóri þær fyrirskipanir, sem nauðsynlegar þykja, til að afstýra fararálma eða hættu fyrir börn og aðra vegfarendur.

## XII. KAFLI

## Um eftirlit með börnum í kaптúnunum.

180

4. nóv.

## 82. gr.

Foreldrum og öðrum hlutaðeigendum er skylt að annast um, að tilhlýðilegt eftirlit sé haft með óstálpuðum börnum, sem eru á þeirra vegum, þegar þau eru á almannafæri.

Börn innan 12 ára mega ekki vera á almannafæri síðar en kl. 9 á kvöldin á tímabilinu frá 1. október til 1. marz, ekki seinna en kl. 10 frá 1. marz til 30. apríl og ekki seinna en kl. 11 frá 1. maí til 30. sept., nema þau séu í fylgd með fullorðnum.

Lögreglan getur bannað börnum, sem ekki ganga þar til vinnu né eiga erindi, að vera á bryggjum kaптúnanna.

Á dansleikjum mega börn innan 13 ára ekki vera lengur en til kl. 12 að kvöldi. Foreldrar barnanna bera ábyrgð á því að fyrirmælum þessarar greinar sé hlýtt.

## XIII. KAFLI

## Um almennt hreinlæti í kaптúnunum.

## 83. gr.

Á almannafæri má ekki kasta hræjum, slógi, ösku, sorpi, skólpi eða öðrum óhreinindum. Allt slíkt, svo sem innfyli úr skepnum, sem eigi eru notuð, skal láta í gryfjur þær, sem mykja og annar áburður er látinn í.

Skyldur er hver húsráðandi, við götur kaптúnanna, að sjá um, að haldið sé hreinum portum og annarri óbyggðri lóð kringum hús hans. Enginn má fleygja sorpi eða öðrum óhreinindum inn á lóð annars manns, eða orsaka að slíkt berist á lóðina.

Hey, mó, þang, þara eða áburð eða annað þess konar, sem slæðist eða hrynur af flutningi á götu, skal sá, er flutningum ræður, skyldur að hreinsa samdægurs.

Nú eru settar safngryfjur eða safnkassar á ýmsum stöðum í kaптúnunum og eru menn þá skyldir til, ef hreppsnefnd ákveður svo, að setja slor og annan fiskúr-gang í safngryfjur eða safnkassa þessa, ef þeir eigi nota það sjálfir.

## 84. gr.

Áburð og annað slíkt, sem óþef leggur af, má aðeins flytja um göturnar í lokuðum vögnum, vel þéttum. Má eigi fylla þá svo, að úr þeim hrynji á meðan á flutningunum stendur.

Safnforir má ekki tæma eða hreinsa á öðrum tíma en frá kl. 11 síðdegis til kl. 6 að morgni.

## 85. gr.

Sorphauga, áburðarhauga, salerni, forir eða því um líkt, má ekki hafa í nánd við götur eða svæði, sem almenningur fer um, nema í gryfjum nægilega byrgðum, og skal þá hafa til þess leyfi heilbrigðisnefndar.

## 86. gr.

Á húshliðum eða göflum, sem vita út að götu eða torgum, má ekki hengja á nagla eða festa á annan hátt neins konar fiskiföng eða annað, sem óþrifnaður er að eða óþefur, og ekki má heldur hafa fisktrönur á almannafæri.

## 87. gr.

Í opin ræsi má ekki kasta neinu því, sem óhollustu getur valdið eða stíflað rennurnar.

## 88. gr.

Salernaáburð má ekki hera á bletti nær íbúðarhúsum og götum en 100 metra.

ÞRIÐJI ÞÁTTUR  
Amenn ákvæði.

## XIV. KAFLI

Um staðgildi samþykktarinnar og hvernig henni skuli beitt.

89. gr.

Samþykkt þessi gildir fyrir lögsagnarumdæmi Vestur-Barðastrandarsýslu.

90. gr.

Þar sem heilbrigðisnefnd, byggingarnefnd og fleiri nefndir, sem um getur í þessari samþykkt, eru ekki til, kemur hreppsnefnd í þeirra stað.

91. gr.

Hreppstjórar skulu, hver í sínum hreppi, hafa gætur á, að fyrirmælum samþykktar þessarar sé hlýtt, og ástunda að koma í veg fyrir brot á henni.

Komist hreppstjóri að því, að brot sé framið, skal hann jafnskjótt kynna sér málavöxtu og senda lögreglustjóra skýrslu um málið án tafar.

## XV. KAFLI

Um hegningarákvæði, kostnað o. fl.

92. gr.

Með mál, sem rísa út af samþykkt þessari, skal farið sem almenn lögreglumál.

93. gr.

Brot gegn samþykkt þessari varða sektum allt að 1000 krónum, ef ekki liggur þyngrri refsing við að lögum.

Ef kenna má yfirsjón, er barn yngra en 14 ára drýgir, skorti á hæfilegri umsjón foreldra eða annarra, sem barninu ganga í foreldra stað, þá skal refsa þeim fyrir yfirsjónina, en ekki barninu.

Hagnaður sá, er sökudólgur kann að hafa haft af broti sínu og enginn einstakur maður á tilkall til, skal upptækur ger og renna, auk sekta, í sveitarsjóð þess hrepps, þar sem brot er framið.

Nú hefur maður drýgt brot í fleirum en einum hreppi, sem refsað er fyrir í sama máli, og rennur þá sekt hans og upptækur hagnaður í sýslusjóð.

94. gr.

Ef einhver lætur það ógert, sem er skylda hans samkvæmt samþykkt þessari eða fyrirskipunum lögreglustjóra samkvæmt henni, getur lögreglustjóri látið framkvæma það. Kostnað við þetta og kostnað, sem leiðir af þeim ráðstöfunum, sem lögreglustjóri gerir, eða lætur gera til að hindra brot gegn samþykktinni, greiðir sveitarsjóður þess hrepps, þar sem ráðstöfunin er framkvæmd, en skyldur er hinn seki að endurgreiða kostnaðinn að fullu.

95. gr.

Kostnaður, sem leiðir af samþykkt þessari, og ekki verður krafizt af einstökum mönnum, greiðist úr sveitarsjóði þess hrepps, þar sem til hefur verið kostað.

Leiði kostnað af ráðstöfunum, er varða lögsagnarumdæmið í heild, greiðist hann úr sýslusjóði.

96. gr.

180

Með samþykkt þessari er úr gildi felld lögreglusamþykkt fyrir Patrekshrepp frá 4. febr. 1929. 4. nóv.

Lögreglusamþykkt þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 107 frá 8. maí 1935, um lögreglusamþykktir utan kaupstaðanna, til þess að öðlast gildi þegar í stað, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

*Í dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 4. nóvember 1941.*

**Hermann Jónasson.**

*Gústav A. Jónasson.*

Staðfesting ríkisstjóra Íslands á skipulagsskrá fyrir „Styrktarsjóð síra Jens Pálssonar prófasts“, útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dóms- og kirkjumálaráðherra 6. nóv. 1941. 181 6. nóv.

Skipulagsskráin er þannig:

## SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Styrktarsjóð síra Jens Pálssonar prófasts.

1. gr.

Sjóðurinn heitir Styrktarsjóður síra Jens Pálssonar prófasts og er stofnaður samkvæmt erfðaskrá Guðrúnar Pétursdóttur, prófastsekkju frá Görðum, dags. 1. ágúst 1914.

2. gr.

Stofnfé sjóðsins er 2000 — tvö þúsund — krónur. Skal það ávaxtað í Söfnunar- sjóði Íslands. — Skulu vextirnir leggjast við höfuðstólinn, þar til ársvextirnir hafa náð upphæð, sem jafngildir 1000 — eitt þúsund — krónum, miðað við verðgildi krónunnar 1. ágúst 1914, að dómi Hagstofunnar.

3. gr.

Þegar vextirnir hafa náð framangreindri upphæð, má verja  $\frac{2}{3}$  — tveim þriðju hlutum árlegra vaxta til þess að styrkja efnileg tónlistamannaefni til framhaldsnáms erlendis. — Skal styrkurinn aðeins veittur einum umsækjanda í hvert skipti og engum oftari en fjórum sinnum.

Telji Hagstofan ekki fært að miða við það mark, sem um getur í 2. gr., má hefja styrkveitingar, þegar ætla má að styrkuppheðin nægi til að greiða að  $\frac{2}{3}$  hlutum námskostnaðs í eitt ár á einhverjum þeim stað, þar sem námsskilyrði þykja góð. — Til þessa þarf þó samþykki menntamálaráðuneytisins.

4. gr.

Þegar til kemur, skal styrkurinn að jafnaði veittur í ágústmánuði ár hvert. — Hafi engar umsóknir horizt, eða þyki enginn umsækjandi þeim kostum búinn, að verulegur ávinningur sé að því fyrir tónlistarlíf landsmanna, að hann njóti framhaldsmenntunar erlendis, skulu vextirnir það ár leggjast við höfuðstólinn.

181

6. nóv.

Verði sjóðurinn svo stór, að ársveftirnir nemi meiru en 4500 — fjögur þúsund og fimm hundruð — krónum, miðað við verðgildi 1. ágúst 1914, má með breytingu á skipulagsskrá þessari ákveða, að tveim þriðju hlutum þeirra vaxta, sem eru fram yfir þá upphæð, megi verja á annan hátt til eflingar tónlist landsmanna.

5. gr.

Stjórn sjóðsins skipa 3 menn, forstöðumaður tónlistaskóla tónlistafélagsins, eða þeirrar stofnunar, sem við kynni að taka af þeim skóla, skrifstofustjóri menntamálaráðuneytisins og sá karlmaður, sem elztur er afkomenda Péturs Guðjohnsen dómkirkjuorganista, búsettra í Reykjavík.

Verði tónlistaskólinn lagður niður án þess að önnur hliðstæð stofnun komi í hennar stað, eða verði ekki til að dreyfa neinum afkomenda Péturs Guðjohnsen, er sæti geti átt í stjórninni samkvæmt 1. mgr., skal ráðuneytið tilnefna mann eða menn í stjórnina eftir því sem til vantar.

6. gr.

Stjórninni ber að færa bók yfir eignir sjóðsins, tekjur og gjöld og færa í hana ársreikninga sjóðsins. — Stjórn sjóðsins ber enn fremur að halda gerðabók og færa í hana skipulagsskrána, styrkveitingar og ástæður fyrir þeim, fundarsamþykktir, og annað það, er varðar hag og rekstur sjóðsins.

7. gr.

Leita skal staðfestingar á skipulagsskrá þessari og hún birt í B-deild Stjórnartíðindanna.

182

6. nóv.

Staðfesting ríkisstjóra Íslands á skipulagsskrá fyrir „Minningarsjóð Páls Bjarnasonar“, útgefin á venjulegan hátt að mandatun af dóms- og kirkjumálaráðherra 6. nóv. 1941.

Skipulagsskráin er þannig:

## SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Minningarsjóð Páls Bjarnasonar, skólastjóra í Vestmannaeyjum,  
er andaðist 5. des. 1938.

1. gr.

Sjóðurinn heitir Minningarsjóður Páls Bjarnasonar, stofnaður af félögum og einstaklingum í Vestmannaeyjum, til minningar um farsælt starf hans þar í þágu skóla og menningarmála.

2. gr.

Stofnfé sjóðsins er krónur 1056.21.

3. gr.

Sjóðurinn skal vera undir stjórn Háskóla Íslands.

## 4. gr.

182

Háskóli Íslands skal, tíunda hvert ár, veita verðlaun úr sjóðnum til vísindalegra ritgerða náttúrufræðilegs efnis um Vestmannaeyjar eða vísindalegra rannsókna þar um sama efni, og má verja til þess vöxtum þeim, sem safnast hafa á tímabilinu, að frádregnum vaxtavöxtum, er leggist við höfuðstól.

Verðlaun skulu veitt í fyrsta sinni árið 1950. Þó er það skilyrði, að ritgerðin eða rannsóknin sé að álitni háskólans verðlauna verð. Sé svo ekki, leggjast vextirnir við höfuðstólinn, þar til skilyrðunum er fullnægt

## 5. gr.

Prófessorar í náttúrufræði við Háskóla Íslands skulu, þegar þar að kemur, gera tillögur um nánari tilhögun og veita verðlaunin þeim, sem til þeirra vinna.

Meðan ekki er stofnuð náttúrufræðideild við háskólann, annast háskólaráð úthlutunina.

## 6. gr.

Leita skal staðfestingar ríkisstjóra á skipulagsskránni.

## ARÐSKRÁ

183

12. nóv.

## fyrir Veiði- og fiskræktarfélag Víðidalssár.

Nöfn jarða	Arðeiningar
Þingeyrar .....	400
Leysingjastaðir .....	8
Hagi .....	28
Hólabak .....	28
Miðhóp .....	22
Gröf .....	4
Refsteinsstaðir .....	18
Titlingastaðir .....	32
Þorkelshóll, Nýpuk. Sólb. ....	45
Lækjamót .....	19
Þórukot .....	8
Stóra-Ásgeirsá .....	19
Litla-Ásgeirsá .....	4
Dæli .....	10
Hvarf .....	14
Kolugil .....	4
Bakkakot .....	8
Víðidalstunga .....	90
Valdsrás .....	4
Kambshóll .....	4
Neðri-Fitjar .....	4
Stóra-Hvarf .....	2
Fremri-Fitjar .....	5
Hrísar .....	5
Auðunnarstaðir .....	32
Galtarnes og Brautarl. ....	38

183	Nöfn jarða	Arðeiningar
12. nóv.	Síða .....	25
	Litla-Borg .....	32
	Stóra-Borg .....	33
	Gottorp .....	27
	Ásbjarnarnes .....	28
		Samtals 1000

Arðskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum frá 9. október 1941, um lax- og silungsveiði, til þess að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

*Landbúnaðarráðuneytið, 12. nóvember 1941.*

F. h. r.

**Vigfús Einarsson.**

*Páll Pálmason.*

184  
13. nóv.

## AUGLÝSING

um staðfesting dóms- og kirkjumálaráðuneytisins á reglugerð um barnavernd í Ólafsfjarðarkauptúni.

Samkvæmt 2. gr. laga nr. 76 frá 19. júní 1933 um breyting á lögum nr. 43 frá 1932, um barnavernd, er hér með staðfest eftirfarandi

### REGLUGERÐ

um barnavernd í Ólafsfjarðarkauptúni.

1. gr.

Í umdæmi barnaverndar Ólafsfjarðarkauptúns er bannað að selja eða afhenda börnum og unglingum innan 16 ára aldurs tóbak, hverju nefni sem nefnist, gefa þeim það eða láta þeim það í té á nokkurn hátt, eða stuðla að því, að þau neyti þess eða hafi það með höndum.

2. gr.

Bönnuð er sala á spýtubrjóstsykri (sleikjum) og brjóstsykurstöngum, svo og öðrum þeim sælgætisvörum, sem að áliti barnaverndarnefndar geta talizt á einhvern hátt hættulegar börnum og unglingum.

3. gr.

Engar leiksýningar eða opinberar skemmtanir, sem börnum og unglingum innan 16 ára aldurs er ætlaður aðgangur að, má halda, nema barnaverndarnefnd hafi verið gefinn kostur á að kynnast efni þeirra, og ákveður hún þá, að því athuguðu, hvort börnum og unglingum skuli leyfður aðgangur að þeim.

4. gr.

Börnum og unglingum innan 16 ára aldurs er bannaður aðgangur að almennum knattborðsstofum, dansstöðum og öldrykkjustofum. Þeim er bannaður aðgangur að almennum kaffistofum eftir kl. 8 síðd., nema með aðstandendum sínum.

Eigendum og umsjónarmönnum þessara stofnana ber að sjá um, að börn og unglingar fái þar ekki aðgang né hafist þar við. **184**

13. nóv.

Börnum innan 12 ára er bannað að vera á almannafæri eftir kl. 8 að kvöldi á tímabilinu frá 15. sept. til 15. apríl, og ekki seinna en kl. 10 á tímabilinu 15. apríl til 15. sept., nema í fylgd með aðstandendum sínum.

29. Við undirritaðir rekum smásöluverzlun hér í bænum með ótakmarkaðri ábyrgð undir nafninu verzlunin Blanda. Firmað ritum við tveir sameiginlega, þannig:

Verzlunin Blanda

Ernst Halsör. Sig. Pálmason.

Verzlunin Blanda

Ernst Halsör. E. Farestveit.

Verzlunin Blanda

Sig. Pálmason. E. Farestveit.

Framkvæmdarstjóri félagsins með prókúruumboði er meðundirritaður Ernst Halsör og ritar hann firmað þannig:

p. p. Verzlunin Blanda

Ernst Halsör.

Reykjavík, 1. marz 1941.

Ernst Halsör, Sigurður Pálmason, Einar Farestveit,  
Vesturgötu 17, Rvík. Hvammstanga. Hvammstanga.

30. Á hluthafafundi í H.f. „Laxinn“, hinn 22. júní 1940, var samþykkt að auka hlutafé félagsins um kr. 3000.00 eða upp í 12000 — tólf þúsundir króna, og er allt hlutaféð innborgað. Jafnframt var þeim hr. framkvædarstjóra Helga Lárus-

syni, Skeggjagötu 4 og hr. hagfræðingi Sveinbirni Finnssyni, Ásvallagötu 56, 233  
hvorum fyrir sig, veitt prókúruumboð fyrir félagið, og rita þeir firmað þannig:

p. p. H.f. Laxinn  
Sveinbjörn Finnsson  
p. p. H.f. Laxinn  
Helgi Lárusson

Reykjavík, 10. marz 1941.

Sveinbjörn Finnsson.

Skúli Pálsson.

Baldvin Kr. Sveinbjörnsson.

31. Við undirritaðir rekum minkabú hér í bænum, með ótakmarkaðri ábyrgð, undir nafninu Sameignarfélagið Quebec. Til þess að skuldbinda félagið þarf undirskrift tveggja, þannig:

s/e Quebec  
Daniel Kristinsson. Kristinn Óskarsson.  
s/e Quebec  
Daniel Kristinsson. Guðjón Þorgilsson.  
s/e Quebec  
Kristinn Óskarsson. Guðjón Þorgilsson.

Reykjavík, 11. marz 1941.

Kristinn Óskarsson,  
Bókhöðustíg 9.  
Guðjón Þorgilsson,  
Bókhöðustíg 9.  
Daniel Kristinsson,  
Bókhöðustíg 9.

32. Á aðalfundi Fiskv. h.f. Hængs, í Reykjavík, 13. febrúar s. l., gekk úr stjórn félagsins Sverrir Sverrisson, trésmiður, en í hans stað var kosinn Hafsteinn Bergþórsson, framkvæmdarstjóri, Marargötu 6 í Rvík.

Reykjavík, 14. marz 1941.

Vigfús Guðmundsson.

Þorgrímur Sigurðsson.

Hafsteinn Bergþórsson.

33. Ég undirritaður Sigurður E. Steindórsson, Sólvallagötu 66, Reykjavík, tilkynni hér með, að ég rek smásöluverzlun hér í bænum, með ótakmarkaðri ábyrgð, með bifreiðavarahluti og annað tilheyrandi bifreiðum, undir nafninu Bílasalan.

Firmað rita ég þannig:

Bílasalan  
Sig. E. Steindórsson.  
Reykjavík, 18. marz 1941.  
Sig. E. Steindórsson.

34. Á aðalfundi fiskiveiðahlutafélagsins Njáls, sem haldinn var mánudaginn 3. marz 1941, var samþykkt svofelld breyting á upphafi 14. gr. samþykktu félagsins og skal hún orðast þannig:

„Stjórn félagsins skal skipuð fjórum hluthöfum. Stjórnin skiptir með sér verkum.“

Þá var kosin ný stjórn og skipa hana: Gunnar Guðjónsson, skipamiðlari, Smáragötu 7, Gísli Jónsson forstjóri, Bárugötu 2, frú Hlín Þorsteinsdóttir, s. st.,



233

frú Unnur Magnúsdóttir, Smáragötu 7, öll til heimilis í Reykjavík. Framkvæmdarstjóri félagsins er Gunnar Guðjónsson og hefur hann prókúruumboð fyrir félagið, í stað Jóns heitins Ólafssonar, bankastjóra. Stjórnin ritar firmað þannig:

Fiskiveiðahlutafélagið Njáll  
 Gísli Jónsson. Hlín Þorsteinsdóttir.  
 Fiskiveiðahlutafélagið Njáll  
 Gísli Jónsson. G. Guðjónsson.  
 Fiskiveiðahlutafélagið Njáll  
 Gísli Jónsson. Unnur Magnúsd.  
 Fiskiveiðahlutafélagið Njáll  
 Hlín Þorsteinsdóttir. G. Guðjónsson.  
 Fiskiveiðahlutafélagið Njáll  
 Hlín Þorsteinsdóttir. Unnur Magnúsd.  
 Fiskiveiðahlutafélagið Njáll  
 G. Guðjónsson. Unnur Magnúsd.  
 Framkvæmdarstjóri og prókúruhafi undirritar þannig:  
 pr. pr. Fiskiveiðahlutafélagið Njáll  
 G. Guðjónsson.

Á framhaldsfundi þann 7. marz s.l., var samþykkt að flytja heimilisfang hlutafélagsins og varnarþing til Bildudals. Óskast því hlutafélagið afmáð úr hlutafélagaskrá Reykjavíkur.

Reykjavík, 18. marz 1941.

Í stjórn Fiskiveiðahlutafélagsins „Njáll“

Gísli Jónsson. Hlín Þorsteinsdóttir. Unnur Magnúsd.

35. Á aðalfundi í Veggfóðraranum h.f., sem haldinn var 8. þ. m., voru felld úr gildi þau ákvæði stofnsamnings félagsins og samþykkt, að aðeins þeir, sem hafi meistrararéttindi í veggfóðraraíðn, geti átt hluti í félaginu.

Reykjavík, 24. marz 1941.

Í stjórn h.f. Veggfóðrarans

Hallgr. Finnsson. Ágúst Markússon. Sveinbjörn Kr. Stefánsson.

36. Á hluthafafundi í Hrímfaxa h/f, hinn 9. des. s.l., var samþykkt að auka hlutafé félagsins um kr. 46000.00 upp í kr. 96000.00, og er allt hlutaféð innborgað.

Á aðalfundi sama félags hinn 2. marz s.l. var lögum félagsins breytt í þá átt, að í sjórn félagsins skyldu vera 5 menn í stað þriggja, eins og áður var.

Stjórn félagsins skipa nú þessir menn: Aðalsteinn Pálsson, Garðar Þorsteinsson, Guðmundur Kristjánsson, Ingvar Vilhjálmsson, Kristján Bergsson.

Reykjavík, 27. marz 1941.

Garðar Þorsteinsson. G. Kristjánsson. Kr. Bergsson.  
 Ingvar Vilhjálmsson. Aðalsteinn Pálsson.

37. Við undirritaðir rekum vefnaðar- og þrjónastofu hér í bænum með ótakmarkaðri ábyrgð undir nafninu Ullariðjan. Firmað ritum við hvor fyrir sig þannig:

Ullariðjan

Kristján Elíasson.

Ullariðjan

Erlingur Kristjánsson.

Reykjavík, 29. marz 1941.

Kristján Elíasson, Erlingur Kristjánsson,  
 Ránarg. 21, Rvík. Lindarg. 44 A., Rvík.

38. Ég undirritaður rek burstagerð og skyldan atvinnurekstur, hér í bænum, með ótakmarkaðri ábyrgð, undir firmanafninu Burstagerðin. Firmað rita ég þannig: 233

Burstagerðin  
Hróbj. Árnason.  
Reykjavík, 8. apríl 1941.  
Hróbjartur Árnason,  
Laugavegi 96, Rvík.

39. Á framhalds-aðalfundi h/f Bergs, 11. apríl 1940, var hlutfé félagsins aukið úr kr. 10000.00 upp í 18000.00 — átján þúsundir króna —, og hlutfé félagsins þá allt greitt.

Enn fremur var samþykkt, að í félagsstjórn skyldu vera 5 menn í stað þriggja áður. Úr stjórninni gekk Kristján Guðlaugsson, en 3 nýir stjórnarmeðlimir voru kosnir, þeir: Erlingur Pálsson, yfirlögregluþjónn, Bjargi við Sundlaugaveg, Rvík, Þórarinn Andrésson, verzlunarm., Laugavegi 3, Rvík, gjaldkeri, og Einar Kristjánsson, byggingameistari, Freyjug. 37, Rvík. Rita þeir nöfn sín þannig:

Erlingur Pálsson.  
Þórarinn Andrésson.  
Einar Kristjánsson.

Endurkosnir voru: Formaður félagsins, Finnbogi R. Þorvaldsson, verkfræðingur, Ásvallag. 79, Rvík og Guðmundur Jónsson, ritari. Varastjórnendur, í stað Guðmundar Einarssonar, voru kosnir: Kristján Guðlaugsson, ritstjóri, Hringbr. 114, Rvík, og Matthías Þórðarson, þjóðminjavörður, Vonarstræti 8, Rvík, og ritar hann nafn sitt:

Matthías Þórðarson.

40. Hér með afturkallast prókúruumboð það, sem Gesti Pálssyni, skrifstofustjóra, Amtmannsstíg 4, Reykjavík, var veitt fyrir tóbakseinkasölu ríkisins 13. febrúar 1936.

Fjármálaráðuneytið, 16. apríl 1941.

F. h. r.

Magnús Gíslason.

Einar Bjarnason.

41. Ég undirritaður hef í dag selt hr. Holger P. Clausen, Hverfisg. 28 í Rvík, verzlunina Eygló í Reykjavík, og eru því skuldbindingar firmans mér óviðkomandi frá þessum degi.

Reykjavík, 18. febrúar 1941.  
Fyrir hönd Magnúsar J. Skaffells  
samkvæmt umboði  
Óskar Magnússon,  
Njálsgötu 26.

Samkvæmt ofanrituðu hef ég undirritaður í dag keypt Verzlunina Eygló, og rek ég hana framvegis með ótakmarkaðri ábyrgð. Firmað rita ég einn, þannig:

Verzlunin „Eygló“  
H. P. Clausen.  
Reykjavík, 18. febrúar 1941.  
H. P. Clausen.

- 233 42. Ég undirritaður, Guðmundur Daníelsson, Óðinsg. 4, hef í dag gengið úr firmanu Nýju fornsöluinni, og eru fjárreiður þess og skuldbindingar mér óviðkomandi frá deginum í dag að telja.

Reykjavík, 4. apríl 1941.  
Guðmundur Daníelsson.

Samkvæmt ofanrituðu er ég einkaeigandi að Nýju fornsöluinni, Aðalstræti 4, og rek ég hana framvegis með ótakmarkaðri ábyrgð. Firmað rita ég þannig:

Nýja fornsalan  
Lúðvíg Eggertsson.  
Reykjavík, 18. apríl 1941.  
Lúðvíg Eggertsson,  
Grettisg. 16, Rvík.

43. Við undirritaðir rekum umboðs- og heildverzlun hér í bænum, með ótakmarkaðri ábyrgð, undir nafninu V. Thorsteinsson & Co. Firmað ritum við hvor fyrir sig, en þó þarf samþykki beggja, ef um sölu eða veðsetningu eigna félagsins er að ræða. Firmað ritum við þannig:

V. Thorsteinsson & Co.  
Viðar Thorsteinsson.  
V. Thorsteinsson & Co.  
Lúðvík Guðmundsson.  
Reykjavík, 18. apríl 1941.  
Viðar Thorsteinsson, Lúðvík Guðmundsson,  
Hringbr. 52. Laugav. 46, Rvík.

44. Á aðalfundi h/f Bergs, 30. marz 1941, gekk úr stjórninni Þórarinn Andrésón, verzl., Laugav. 3, Rvík. Í stað hans var kosinn Gísli J. Johnsen, stórkaupm., Öldug. 3, Rvík, og ritar hann nafn sitt þannig:

G. J. Johnsen.

Enn fremur tilkynnist, að á hluthafafundi félagsins þ. 15. apríl 1941, var hlutaféð aukið úr kr. 18000.00 upp í kr. 40000.00 — fjörutíu þúsundir króna. Af aukningunni eru greiddar kr. 2000.00, en eftirstöðvarnar greiðist þegar stjórnin krefst þess.

Reykjavík, 25. apríl 1941.  
Finnbogi R. Þorvaldsson. G. J. Johnsen. Guðm. Jónsson.  
Einar Kristjánsson. Erlingur Pálsson.

45. Ég undirritaður rek harðfisksölu hér í bænum, með ótakmarkaðri ábyrgð, undir firmanafninu Nýja Harðfisksalan.

Firmað rita ég þannig:

Nýja Harðfisksalan  
Sigfús Guðfinnsson.  
Reykjavík, 26. apríl 1941.  
Sigfús Guðfinnsson,  
Þvergötu 7, Rvík.

46. Á aðalfundi í h/f Hamri þ. 23. apríl 1937, voru endurkosnir í stjórn félagsins þeir Hjalti Jónsson, Bræðaborgarstig 8, Rvík, formaður, og Steindór Gunnarsson,

Suðurgötu 8. Úr stjórninni gekk Th. Krabbe, en í stað hans var kosinn Geir G. Zoëga, vegamálastj., Túngötu 20, Rvík. Varastjórnandi var kosinn Kristján Sigurgeirsson, Hverfisgötu 26, Rvík.

Reykjavík, 30. apríl 1941.

Hjalti Jónsson. Geir G. Zoëga.

47. Á aðalfundi í hlutafélaginu „Gisli Jónsson & Co.“, þann 21. marz 1941, var samþykkt að auka hlutafé félagsins upp í 50000 — fimmtíu þúsundir — króna, og er hlutaféð nú allt innborgað.

Reykjavík, 5. maí 1941.

Gisli Jónsson. Guðmundur Gíslason. Hlín Þorsteinsdóttir.

48. Við undirritaðir rekum sameiginlega, með ótakmarkaðri ábyrgð, firmað Icelandic and Foreign Trading, Reykjavík. Tilgangur firmans er að reka umboð fyrir simafélagið „Western Union“, London.

Til að skuldbinda firmað þarf undirskrift okkar beggja og ritum við nöfn okkar þannig:

Icelandic and Foreign Trading

Einar Kristjánsson. E. G. Ólafsson.

Reykjavík, 6. maí 1941.

Ebenezer Guðmundur Ólafsson. Einar Kristjánsson.

49. Ég undirrituð rek þrjónastofu hér í bænum, með ótakmarkaðri ábyrgð, undir nafninu Lopi & Garn. Firmað rita ég ein þannig:

Lopi & Garn

Vigdís Elíasard.

Reykjavík, 6. maí 1941.

Vigdís Elíasardóttir,

Skeggjagötu 23, Reykjavík.

50. Ég undirrituð rek smásöluverzlun hér í bænum undir nafninu Verzlunin Hlíf. Verzlunina rek ég með ótakmarkaðri ábyrgð og rita sjálf firmað þannig:

Verzl. Hlíf

Kristín Benediktsdóttir.

Reykjavík, 8. maí 1941.

Kristín Benediktsdóttir,

Framnesvegi 14, Reykjavík.

51. Við undirritaðir, Helgi Hallgrímsson, húsgagnaarkitekt, Bárug, 38, Rvík, og Davíð Ó. Grímsson, húsgagnasmíðameistari, Laufásvegi 50, Rvík, rekum húsgagna- og innréttingafirma á Vatnsstíg 3, hér í bænum, undir nafninu Innbú. Firmað rekum við með ótakmarkaðri ábyrgð, og ritum það hvor fyrir sig þannig:

Innbú

Helgi Hallgrímsson.

Innbú

D. Ó. Grímsson.

Reykjavík, 15. maí 1941.

Helgi Hallgrímsson. D. Ó. Grímsson.

- 233 52. Ég undirritaður rek umboðs- og heildverzlun hér í bænum, með ótakmarkaðri ábyrgð, undir firmanafninu Active, Umboðs- og heildverzlun.

Firmað rita ég þannig:

Active  
Umboðs- og heildverzlun  
Friðrik Sigurbjörnsson.  
Reykjavík, 15. maí 1941.  
Friðrik Baldur Sigurbjörnsson,  
Hringbraut 150, Rvík.

53. Á aðalfundi Slippfélagsins, hinn 12. þ. m., voru kosnir í stjórn félagsins til eins árs: Hjalti Jónsson, konsúll, Brbst. 8, formaður. Meðstjórnendur: Kristján Siggeirsson, kaupm., Hverfisg. 26, og Þórarinn Kristjánsson, hafnarstj., Hringbr. 120. Varamaður: Geir G. Zoëga, vegamálastj., Túng. 20, og er hann varaformaður stjórnarinnar.

Reykjavík, 17. maí 1941.  
Hjalti Jónsson. Kristján Siggeirsson.  
Þór. Kristjánsson. Geir G. Zoëga.

54. Á aðalfundi Tóbakshússins h/f í Reykjavík, þ. 23. maí 1941, gengu úr stjórninni Aðalheiður Gísladóttir og Gísli Jóhannsson. Í þeirra stað voru kosin Rannveig G. Hafberg, Viðey, og Magnús Magnússon, kaupm., Stykkishólmi. Formaður var endurkosinn Engilbert Hafberg, Viðey, og ráðinn jafnframt sem framkvæmdarstjóri með prókúrumboði fyrir félagið, í stað Aðalheiðar Gísladóttur, og ritar hann firmað þannig:

pr. pr. Tóbakshúsið h/f  
E. Hafberg.

Hinir nýju stjórnendur rita nöfn sín þannig:

Rannveig G. Hafberg.  
Magnús Magnússon.

Reykjavík, 23. maí 1941.  
Engilbert Hafberg. Rannveig G. Hafberg. Magnús Magnússon.

55. Frá og með deginum í dag veitist hr. Jean E. Claessen, Fjólugötu 13, prókúrumboð fyrir firmað O. Johnson & Kaaber h/f í Reykjavík, og hefur hann öll réttindi prókúruhafa samkvæmt lögum. Firmað ritar hann þannig:

pr. pr. O. Johnson & Kaaber h/f  
J. Claessen.

Reykjavík, 27. maí 1941.  
O. Johnson & Kaaber h/f  
A. Claessen.

56. Hlutfé hlutafélagsins Jarðar hefur verið hækkað upp í 12000 — tólf þúsundir — króna, og er hlutféð allt greitt.

Reykjavík, 27. maí 1941.  
Björn O. Björnsson. Páll Steingrímsson.

57. Við undirritaðar rekum smásöluverzlun og hannyrðastofu hér í bænum, með ótakmarkaðri ábyrgð, undir nafninu „Hannyrðastofan“.

Firmað ritum við sameiginlega þannig:

Hannyrðastofan

Kristrún Jónsdóttir. Anna Guðmundsdóttir.

Prókúruumboð hefur meðundirrituð, Kristrún Jónsdóttir, og ritar hún firmað þannig:

pr. pr. Hannyrðastofan

Kristrún Jónsdóttir.

Reykjavík, 29. maí 1941.

Kristrún Jónsdóttir, Anna Guðmundsdóttir,

Grettisg. 55 C, Rvík. Hverfisg. 119, Rvík.

58. Það tilkynnist hér með, að dánarbú Jóhannesar Þorsteinssonar er gengið úr firmanu Körfugerðinni sem fullábyrgur félagi frá 31. des. 1940, og eru því skuldbindingar firmans frá þeim tíma dánarbúinu óviðkomandi. Samtímis (31. des. 1940) leggur þó dánarbúið í fyrirtækið 6173 — sex þúsund eitt hundrað sjöttu og þrjár krónur, og miðast ábyrgð dánarbúsins aðeins við þessa fjárhæð.

Saurbæ, 5. júní 1941.

Anna Gísladóttir.

Samkvæmt ofanrituðu rek ég firmað Körfugerðina einn með ótakmarkaðri ábyrgð frá 31. des. 1941, og rita ég einn firmað.

Reykjavík, 9. júní 1941.

Þorsteinn Bjarnason.

59. Á aðalfundi h.f. Hlustandans, 26. apríl 1941, fór öll stjórnin frá, en í nýja stjórn félagsins voru kosnir: Gunnar M. Magnús, Vegamótum, Seltj., Jón úr Vör Jónsson, Ásvallag. 5, Rvík, og Hans P. Christiansen, Leifsg. 25, Rvík. Prókúruumboð hafa hvor fyrir sig, þeir Gunnar M. Magnús og Jón úr Vör Jónsson og rita þeir firmað þannig:

pr. pr. H/f Hlustandinn

Gunnar M. Magnús.

pr. pr. H/f Hlustandinn

Jón úr Vör Jónsson.

Frá sama tíma (26. apríl 1941) lét Kristján Friðriksson af framkvæmdastjórn fyrir félagið, og féll þá prókúruumboð hans jafnframt niður.

Reykjavík, 5. júní 1941.

Gunnar M. Magnús.

Jón úr Vör Jónsson.

Hans P. Christiansen.

60. Við undirritaðir Hallgrímur Axel Tulinius og Axel Valdemar Tulinius, báðir til heimilis Tjarnargötu 40, Rvík, rekum í félagi, og með ótakmarkaðri ábyrgð, heildsölu, umboðssölu, váttryggingarstarfsemi, iðnað, alls konar framleiðslu, hvers konar umboðs- og miðlarastarfsemi, svo og útgerð og siglingar, hér í bænum, undir firmanafninu H. A. Tulinius & Co. Hvor eigandi fyrir sig hefur rétt til að rita firmað. Hallgrímur A. Tulinius ritar firmað þannig:

H. A. Tulinius & Co.

H. A. Tulinius.

233

Axel V. Tulinius ritar firmað þannig:

H. A. Tulinius &amp; Co.

Axel V. Tulinius.

Reykjavík, 6. júní 1941.

H. A. Tulinius. Axel V. Tulinius.

61. Ég undirritaður gef út blað hér í bænnum, undir nafninu Þjóðólfur. Fyrirtækið rek ég með ótakmarkaðri ábyrgð og rita það þannig:

Þjóðólfur

Valdimar Jóhannsson.

Reykjavík, 6. júní 1941.

Valdimar Jóhannsson,

Laugaveg 18, Rvík.

62. Við undirritaðir rekum kústa- og burstagerð hér í bænnum, með ótakmarkaðri ábyrgð, undir nafninu Kústa- og burstagerðin. Firmað ritum við sameiginlega þannig:

pr. Kústa- og burstagerðin

Guðm. Jóhannsson.

Óskar G. Sigurðsson.

Sigurþór Sigurðsson.

Prókúruumboð hafa meðundirritaðir Óskar G. Sigurðsson og Sigurður Sigurðsson, hvor fyrir sig, og rita þeir firmað þannig:

pr. pr. Kústa- og burstagerðin

Óskar G. Sigurðsson.

pr. pr. Kústa- og burstagerðin

Sigurður Sigurðsson.

Reykjavík, 6. júní 1941.

Óskar G. Sigurðsson, Viðimel 59.

Guðmundur Jóhannsson, Njálsgötu 35.

Sigurþór Sigurðsson, Laugavegi 24 B.

63. Við undirritaðir rekum umboðs- og heildverzlun hér í bænnum, með ótakmarkaðri ábyrgð, undir nafninu: Sveinn Björnsson & Ásgeirsson. Firmað ritum við sameiginlega þannig:

Sveinn Björnsson &amp; Ásgeirsson

Sveinn Björnsson.

Björn Sveinsson.

Gunnar G. Ásgeirsson.

Prókúru fyrir firmað hafa meðundirritaðir Sveinn Björnsson og Gunnar G. Ásgeirsson, og rita þeir það þannig:

pr. pr. Sveinn Björnsson &amp; Ásgeirsson

Sveinn Björnsson.

pr. pr. Sveinn Björnsson &amp; Ásgeirsson

G. Ásgeirsson.

Jafnframt óskast firmað Sveinn Björnsson & Co. strikað út af firmaskrá Reykjavíkur.

Reykjavík, 7. júní 1941.

Sveinn Björnsson, Karlagötu 18.

Björn Sveinsson, Tjarnargötu 10 C.

Gunnar G. Ásgeirsson, Garðastræti 25.

64. Undirrituð, Ragnheiður Magnúsdóttir, hef selt minn hluta í verzluninni Þjórsá, 233 hér í bæ, meðeiganda mínum, fröken Guðrúnu Guðnadóttur, og eru mér skuldbindingar verzlunarinnar því framvegis óviðkomandi.

Reykjavík, 7. júní 1941.

Ragnheiður Magnúsdóttir.

Samþykkt ofanrituðu.

Guðrún Guðnadóttir.

D. u. s.

65. Auk áður tilkynntrar starfsemi firmans Icelandic and Foreign Trading, rekur það umboðs- og heildverzlun með hvers konar vörur. Nafn firmans ritast framvegis bæði á íslenzku og ensku, þannig: Íslenzk-Erlenda Verzlunarfélagið (Icelandic and Foreign Trading). Enn fremur tilkynnist, að hr. Óttarr Proppé, Viðimel 37, Rvík, hefur gengið inn í firmað, sem fullábyrgur félagi, frá og með 7. júní 1941, og er hann frá sama tíma ráðinn framkvæmdarstjóri félagsins, með prókúruumboði. Firmað ritar hann þannig:

pr. pr. Íslenzk-Erlenda Verzlunarfélagið

Óttarr Proppé.

Reykjavík, 9. júní 1941.

E. G. Ólafsson, Smáragötu 9, Rvík.

Einar Kristjánsson, Hávallagötu 37, Rvík.

66. Ég undirritaður lýsi því hér með yfir, að ég hef selt Sláturfélagi Suðurlands firma mitt, Ullarverksmiðjan „Framtíðin“ í Reykjavík, með samningi dags. 18. nóv. 1933, og eru skuldbindingar þess mér því óviðkomandi frá þeim degi.

Reykjavík, 10. júní 1941.

Bogi A. J. Þórðarson.

Samkvæmt ofanrituðu höfum vér keypt firmað Ullarverksmiðjan „Framtíðin“ í Reykjavík, og óskum eftir því, að það verði afskráð úr firmaskrá Reykjavíkur, þar sem verksmiðjan verður framvegis rekin sem útibú frá Sláturfélagi Suðurlands og skráð samkvæmt því.

Reykjavík, 10. júní 1941.

pr. pr. Sláturfélag Suðurlands

H. Bergs.

67. Ég undirritaður rek smásöluverzlun hér í bænum, með ótakmarkaðri ábyrgð, undir nafninu Dagsbrún. Firmað rita ég þannig:

Verzlunin Dagsbrún

Magnús G. Guðmundsson.

Reykjavík, 11. júní 1941.

Magnús G. Guðmundsson, Laugaveg 47, Reykjavík.

68. Á hluthafafundi í Skóverksmiðjunni Þór, h/f, sem haldinn var 14. júní 1941, var hlutafé félagsins aukið um 10000 kr., upp í 30000 — þrjátíu þúsundir — króna, og er nú innborgað af hlutafénu kr. 15000.00.

Reykjavík, 14. júní 1941.

Ólafur S. Guðjónsson,  
formaður.

Ingólfur Geirdal.

Ægir Ólafsson.



- 233 69. Sú breyting hefur orðið á samþykktum Rydenskaffis h/f, á hluthafafundi þ. 17. apríl 1941, að stjórn félagsins skuli skipuð fjórum hluthöfum, í stað þriggja áður, og þarf undirskrift formanns og tveggja meðstjórnenda til þess að skuldbinda félagið. Úr stjórn hafa gengið Björn Halldórsson og Sigurður Halldórsson og Guðrún Ryden, sem varastjórnandi. Stjórn félagsins skipa nú: Carl Ryden, Eiríksgötu 29, formaður, Gotfred Bernhöft, Víðimel 42, varaformaður, Emil G. Þorsteinsson, Grettisg. 13, ritari, og frú Guðrún Ryden, Eiríksgötu 29. Hinir nýju stjórnendur rita nöfn sín þannig:

Gotfred Bernhöft.

Emil G. Þorsteinsson.

Reykjavík, 19. júní 1941.

Carl Ryden. Guðrún Friðriksd. Ryden. Emil G. Þorsteinsson. Gotfred Bernhöft.

70. Með því að sameignarfélagið Vélsmiðjan Héðinn hefur selt samnefndu hlutfélagi (Vélsmiðjunni Héðinn, h.f.) allar eignir sínar, og hlutfélagið einnig tekur við rekstri vélsmiðjunnar hinn 1. júlí næstk., þá tilkynnist hér með, að ofangreint sameignarfélag hættir störfum hinn 30. júní n. k., og óskast það strikað út af firmaskránni frá þeim degi að telja.

Reykjavík, 25. júní 1941.

Vélsmiðjan Héðinn

Jóhanna Þorsteinsson. Markús Ívarsson.

71. Á aðalfundi h.f. Keilis, þ. 9. apríl 1941, breyttist stjórn hlutafélagsins þannig: Marteinn Kristjánsson gekk úr stjórninni, en í stað hans var kosinn Guðfinnur Þorbjörnsson, Víðimel 38, Rvík, og var hann jafnframt kosinn stjórnarformaður í stað Magnúsar Guðmundssonar. Varastjórnandi í stað Bóasar Pálssonar var kosinn Kristján Gíslason, Öldugötu 45. Framkvæmdastjórn og prókúruumboð er óbreytt. Hinir nýju stjórnendur rita nöfn sín þannig:

G. Þorbjörnsson. K. Gíslason.

Reykjavík, 25. júní 1941.

Jón Sveinbjörnsson.

G. Þorbjörnsson.

Magnús Guðmundsson.

72. Það tilkynnist hér með, að firmað Sig. Sigurz & Co., hefur tekið til starfa á ný í bænum, og er firmað rekið sem umboðs- og heildverzlun, eins og áður.

Jafnframt tilkynnist, að hr. Eiríkur Leifsson, kaupm., Ingólfsstræti 21 C, Rvík, er genginn úr firmanu, og er hr. Sigurður Sigurz, Ásvallagötu 31, Rvík, því einkaeigandi firmans frá deginum í dag að telja. Afturkallast því hér með prókúruumboð það, er hr. Eiríkur Leifsson hefur haft fyrir firmað.

Reykjavík, 28. júní 1941.

Sig. Sigurz. E. Leifsson.

73. S.f. Stálsmiðjan var stofnuð af h.f. Hamri og sameignarfélaginu Vélsmiðjunni Héðni, þ. 6. okt. 1933, til þess að vinna fyrir nefnd félög alla plötuvinnu við skip, smíði á geymum, og aðra plötuvinnu og pípusmíði, úr efni, yfir 2½ mm. á þykkt, prófiljárnsmiði, brúarsmiði, stálgrindasmíði, vitasmíði, ketilsmíði og viðgerðir á framangreindu. Með viðbótarsamningi, dags. 24. ág. 1940, var bætt við járn- og málmsteypu, svo og modelsmíði. Hinn 10. janúar 1941 var hlutur Vélsmiðjunnar Héðins seldur samnefndu hlutfélagi, sem tók að sér allar skuldbindingar sameignarfélagsins frá 1. janúar 1941. Stjórn s.f. Stálsmiðjunnar skipa tveir framkvæmdarstjórar. Skal annar vera forstjóri í h.f. Hamri, en hinn forstjóri í Vélsmiðjunni Héðni h.f. Í stjórn af hálfu h.f. Hamars: Benedikt Gröndal, Bergstaða-

stræti 79, Rvík, en af hálfu Vélsmiðjunnar Héðins: Markús Ívarsson, Sólvallag. 233  
6, Rvík. Rita þeir firmað sameiginlega og enga ráðstöfun má gera án samþykkis  
þeirra beggja. Firmað rita þeir þannig:

S.f. Stálsmiðjan

Makús Ívarsson. Ben. Gröndal.

Prókúru fyrir firmað hafa þeir sömu, sem hafa prókúru fyrir hlutafélögin,  
þeir: Benedikt Gröndal, Bergstaðastræti 79 fyrir h.f. Hamar, en Kristinn Guðjóns-  
son, Víðimel 55 og Sveinn Guðmundsson, s.st., fyrir Vélsmiðjuna Héðinn h.f., og  
rita tveir þeirra sameiginlega firmað sinn frá hvoru hlutafélagi þannig:

p. p. S.f. Stálsmiðjan

Ben. Gröndal. Kristinn Guðjónsson.

eða

p. p. S.f. Stálsmiðjan

Ben. Gröndal. Sveinn Guðmundsson.

Tillög hlutafélaganna eru kr. 75000.00 — sjötiu og fimm þúsundir kr. frá  
hvoru fyrir sig, og eiga þau sinn helminginn hvort í firmanu. Félögin ábyrgjast  
allar skuldir og skuldbindingar S.f. Stálsmiðjunnar, hvort fyrir sig og sameigin-  
lega, en félagsmenn eða hluthafar ábyrgjast ekkert persónulega. Birtingar varð-  
andi firmað þarf ekki að setja í opinber blöð.

Reykjavík, 30. júní 1941.

Hlutafélagið Hamar h.f.

Hjalti Jónsson.

Steindór Gunnarsson.

Geir G. Zoëga.

Vélsmiðjan Héðinn h.f.

Jóhanna Þorsteinsson. Markús Ívarsson.

Með því að S.f. Stálsmiðjan er nú C-deildar firma, óskast það afmáð úr A-deild  
verzlunarskrárinnar.

S.f. Stálsmiðjan

D.u.s.

Makús Ívarsson. Ben. Gröndal.

74. Á aðalfundi hlutafélagsins Magna, er haldinn var 14. júní 1941, var samþykkt að  
auka hlutafé félagsins úr kr. 15000.00, upp í 28000 — tuttugu og átta þúsundir  
króna, og er það allt innborgað.

Stjórn félagsins skipa nú:

Jóhann Karlsson, Gunnarsbraut 30, formaður. Meðstjórnendur: Pétur Hall-  
dórsson, Hávallagötu 48, og Ólafur Þorgrímsson, Njálsgötu 100. Varastjórn:  
Unnur Ólafsdóttir, Gunnarbraut 30 og Mabel Halldórsson, Hávallagötu 48.

Reykjavík, 30. júní 1941.

Jóh. Karlsson. Pétur Halldórsson.

75. Það tilkynnist hér með, að þeir: Markús Ívarsson, Sólvallagötu 6, Rvík, Krist-  
inn Guðjónsson, Víðimel 55, Rvík, og Sveinn Guðmundsson, Víðimel 55, Rvík,  
hafa hver fyrir sig prókúruumboð fyrir Vélsmiðjuna Héðinn h.f., og rita þeir  
firmað þannig:

p. p. Vélsmiðjan Héðinn h.f.  
Markús Ívarsson.

p. p. Vélsmiðjan Héðinn h.f.  
Kristinn Guðjónsson.

p. p. Vélsmiðjan Héðinn h.f.  
Sveinn Guðmundsson.

Reykjavík, 1. júlí 1941.

Vélsmiðjan Héðinn h.f.

Jóhanna Þorsteinsson. Markús Ívarsson.

- 233 76. Ég undirritaður rek hárgreiðslustofu hér í bænum, með ótakmarkaðri ábyrgð, undir nafninu Hárgreiðslustofan „Centrum“. Firmað rita ég þannig:  
 Hárgreiðslustofan Centrum  
 Eggert Gíslason.  
 Reykjavík, 2. júlí 1941.  
 Eggert Gíslason,  
 Hverfisgötu 39, Reykjavík.
77. Á aðalfundi 4. júlí þ. á. gekk úr stjórn Vikurfélagsins h.f. Einar Einarsson. Í hans stað var kosinn Karl Bergmann, Vegamótum, Seltjarnarnesi.  
 Reykjavík, 4. júlí 1941.  
 Jón Loftsson. Karl Bergmann.
78. Hér með gef ég undirritaður hr. Trausta Árnasyni, Hverfisgötu 16, hér í bæ, prókúruumboð fyrir firma mitt, Kristján G. Gíslason, og hefur hann öll réttindi prókúruhafa samkvæmt lögum nr. 42 13. nóv. 1903.  
 Trausti Árnason ritar firmað þannig:  
 pr. pr. Kristján G. Gíslason  
 Trausti Árnason.  
 Reykjavík, 10. júlí 1941.  
 K. G. Gíslason.
79. Á aðalfundi Prentsmiðjunnar Eddu, h.f., þ. 5. apríl 1941, gengu úr stjórn félagsins þeir Guðmundur Kr. Guðmundsson, skrifstofustjóri, Bergstaðastræti 82 og Guðbrandur Magnússon, forstjóri, Ásvallagötu 52, Rvík. Í þeirra stað voru kosnir í stjórnina: Hermann Jónasson, forsætisráðherra, Tjarnargötu 32, Rvík, og Magnús Torfason, fyrrv. sýslumaður, Amtmannsstíg 4, Reykjavík.  
 Reykjavík, 11. júlí 1941.  
 Stjórn Prentsmiðjunnar Eddu h.f.  
 Sigurður Jónasson. Hermann Jónasson. S. Kristinsson.  
 Magnús Torfason. E. P. Briem.
80. Á aðalfundi h.f. G. Helgason & Melsted, þ. 10. júlí 1941, voru þessir menn kjörnir í stjórn félagsins: Páll B. Melsted, Freyjugötu 42, formaður. Meðstjórnendur: Pétur Eggerz Stefánsson, Hánefsstöðum, Svarfaðardal, og Erlendur Blandon, Reynimel 43. Varastjórn: Elin Melsted, Freyjugötu 42, og Vigfús Helgason, Hólum, Hjaltadal  
 Reykjavík, 17. júlí 1941.  
 Páll B. Melsted. P. Eggerz Stefánsson. Erlendur Blandon. Elin Melsted.
81. Við undirritaðir rekum frá 1. júlí 1941 að telja, umboðsverzlun, verksmiðjurekstur, skipamiðlun og útgerð hér í bænum, með ótakmarkaðri ábyrgð, undir firmanafninu O. H. Helgason & Co. Firmað ritar Oddur Helgason ásamt einum með-eiganda, þannig:  
 O. H. Helgason & Co.  
 Sig. Þórðarson. Oddur Helgason.

O. H. Helgason & Co.

233

Oddur Helgason. Gunnar Guðmundsson.

Prókúruumboð hefur Oddur Helgason, og undirritar hann þannig:

pr. pr. O. H. Helgason & Co.

Oddur Helgason.

Reykjavík, 25. júlí 1941.

Oddur Helgason,

Þingholtsstræti 34.

Sig. Þórðarson, Hringbraut 30.

Gunnar Guðmundsson, Óðinsgötu 8 A.

82. Hinn 1. júlí 1941 hafa þeir Sigurður Þórðarson, verzlm., Hringbr. 30, og Gunnar Guðmundsson, verzlm., Óðinsg. 8, gerzt meðeigendur, ásamt Oddi Helgasyni, að Snýrtivöruverksmiðjunni Vera Simillon. Reka þeir framvegis firmað sem full-ábyrgir félagar. Til þess að skuldbinda firmað þarf undirskrift Odds Helgasonar ásamt undirskrift eins meðeiganda, þannig:

Snýrtivöruverksmiðjan Vera Simillon

Sig. Þórðarson. Oddur Helgason.

Snýrtivöruverksmiðjan Vera Simillon

Oddur Helgason. Gunnar Guðmundsson.

Prókúruumboð Odds Helgasonar helzt óbreytt.

Reykjavík, 25. júlí 1941.

Oddur Helgason. Sig. Þórðarson. Gunnar Guðmundsson.

83. Á aðalfundi Vikunnar h.f., þ. 23. þ. m., voru kosnir í stjórn: Steindór Gunnarsson, Suðurgötu 8 B, formaður. Meðstjórnendur: Einar Jónsson, Kirkjustr. 4 og Kristján A. Ágústsson, Öldugötu 2. Varastjórnandi: Eggert Kristjánsson, Túngötu 30. Framkvæmdastjóri fyrir félagið, með prókúruumboði, var Steindór Gunnarsson ráðinn, í stað Einars Kristjánssonar, Hávallagötu 37.

Reykjavík, 28. júlí 1941.

Vikan h/f

Steindór Gunnarsson. Kristján A. Ágústsson. Einar Jónsson.

Eggert Kristjánsson

(varastjórnandi).

84. Ég undirritaður rek smásöluverzlun hér í bænum með ótakmarkaðri ábyrgð undir nafninu „Framnes“.

Firmað rita ég þannig:

Verzlunin Framnes

Þorsteinn Jónsson.

Reykjavík, 30. júlí 1941.

Þorsteinn Jónsson,

Framnesvegi 44.

85. Með því að firmað Verksmiðjan Fram hefur verið selt samnefndu hlutafélagi, og er ekki lengur rekið sem sérstakt fyrirtæki, óskast það hér með strikað út af firmaskrá Reykjavíkur.

Reykjavík, 30. júlí 1941.

M. Víglundsson. Margrét Þórðardóttir. Sveinbjörg Þórðardóttir.

- 233 86. Á aðalfundi, sem haldinn var í Þórði Sveinssyni & Co. h/f, þann 31. júlí s.l., var samþykkt eftirfarandi breyting á tilgangi þess, samkvæmt 2. gr. félagslaganna:  
Tilgangur félagsins er að reka verzlun, iðnað, framleiðslu, miðlara- og tryggingarstarfsemi, kaup á verðbréfum og fasteignum, ásamt útlánastarfsemi.

Reykjavík, 31. júlí 1941.

Björn Ólafsson. Guðm. Elísson.

87. Við undirritaðir, Sveinbjörn Arinbjarnar, verzlunarmaður, Lindargötu 20, og Sigurgeir Sigurjónsson, hrm., Tjarnargötu 42, Reykjavík, tilkynna hér með til firmaskrár Reykjavíkur, að við rekum í félagi og með ótakmarkaðri ábyrgð bókaútgáfu og alls konar útgáfustarfsemi undir firmanafninu „Stjörnuútgáfan“. Firmað ritum við báðir sameiginlega þannig:

Stjörnuútgáfan

Sveinbj. Arinbjarnar. S. Sigurjónsson.

Reykjavík, 1. ágúst 1941.

Sveinbj. Arinbjarnar. Sigurgeir Sigurjónsson.

88. Eigendur firmans, Verzlunar Ingibjargar Johnson, Lækjargötu 4, Reykjavík, eru nú Kristín Bernhöft og Sverrir Bernhöft, bæði til heimilis á Kjartansgötu 6, Rvík. Nafn Áslaugar Blöndahl óskast því afmáð úr firmaskránni sem meðeiganda verzlunarinnar. Hvor eigenda fyrir sig hefur rétt til að skuldbinda firmað. Sverrir Bernhöft ritar firmað þannig:

Verzlun Ingibjargar Johnson

Sv. Bernhöft.

Það tilkynnist jafnframt, að prókúruumboð það, er Guido Bernhöft hefur haft fyrir félagið, er afturkallað.

Reykjavík, 6. ágúst 1941.

Sv. Bernhöft. Kristín Bernhöft.

89. Undirritaður Óttarr Proppé, Viðimel 57, er genginn úr firmanu „Íslenzk-Erlenda Verzlunarfélaginu“ (Icelandic- and Foreign Trading), og ber hann enga ábyrgð á skuldbindingum firmans frá deginum í dag að telja. Jafnframt hefur hann látið af störfum sem framkvæmdarstjóri firmans og fellur þá niður prókúruumboð hans.

Jafnframt tilkynnist, að hr. Bergur Vigfússon, Barónsst. 63, er genginn inn í firmað sem fullábyrgur félagi frá deginum í dag, og hefur hann jafnframt verið ráðinn framkvæmdarstjóri firmans með prókúruumboði. Firmað ritar hann þannig:

pr. pr. Íslenzk-Erlenda Verzlunarfélagið

Bergur Vigfússon.

Reykjavík, 25. ágúst 1941.

Einar Kristjánsson. E. G. Ólafsson. Óttarr Proppé.

Bergur Vigfússon.

90. Það tilkynnist hér með, að firmað „Verksmiðjan Vagninn“ er hætt störfum og óskast því afmáð úr firmaskránni.

Reykjavík, 26. ágúst 1941.

Ólafur Kristjánsson. Guðm. J. Breiðfjörð.

91. Ég undirritaður, Jóhann Eyjólfsson, kaupm., Sjafnargötu 8, Reykjavík, hef frá 233 og með þessum degi gangið úr firmanu Skúla Jóhannssyni & Co., Reykjavík, sem ábyrgur meðeigandi.

Verður firmað því framvegis rekið á einkaábyrgð meðundirritaðs Skúla Jóhannssonar, stórkaupmanns, Bárugötu 12 í Reykjavík.

Reykjavík, 28. ágúst 1941.

Jóhann Eyjólfsson. Skúli Jóhannsson.

92. Við, Ragnar Þórðarson, Öldugötu 2, Rvík, og Halldór Rafnar, Baldursgötu 11, Rvík, höfum stofnað samlagsfélag til rekstrar veitingastofu hér í bænum. Nafn firmans er „Gildaskálinn“. Ragnar Þórðarson er einn fullábyrgur félagi, og hefur hann einn rétt til að rita firmað og ritar hann það svo:

„Gildaskálinn“

Ragnar Þórðarson.

Meðundirritaður Halldór Rafnar er samlagsmaður með 1000 — þúsund króna tillagi.

Reykjavík, 5. sept. 1941.

Ragnar Þórðarson. Halldór S. Rafnar.

93. Við undirritaðir rekum smásöluverzlun hér í bænum með ótakmarkaðri ábyrgð undir nafninu „Verzlunin Hof“. Firmað ritum við sameiginlega þannig:

Verzlunin Hof

Wilhelm Norðfjörð. Friðrik P. Dungal.

Framkvæmdarstjóri með prókúruumboði er Wilhelm Norðfjörð, og ritar hann firmað þannig:

p. p. Verzlunin Hof

Wilhelm Norðfjörð.

Reykjavík, 8. sept. 1941.

Wilhelm Norðfjörð,

Karlagötu 19, Rvík.

Fr. P. Dungal,

Kaplaskjólsv. 3, Rvík.

94. Við undirritaðir rekum smásöluverzlun hér í bænum með ótakmarkaðri ábyrgð undir nafninu „Verzlunin Haf“. Firmað ritum við sameiginlega, þannig:

Verzlunin Haf

Wilhelm Norðfjörð. Friðrik P. Dungal.

Framkvæmdarstjóri með prókúruumboði er Wilhelm Norðfjörð, og ritar hann firmað þannig:

p. p. Verzlunin Haf

Wilhelm Norðfjörð.

Reykjavík, 8. sept. 1941.

Wilhelm Norðfjörð,

Karlagötu 19, Rvík.

Fr. P. Dungal,

Kaplaskjólsv. 3, Rvík.

95. Ég undirritaður hef selt þeim meðeigendum mínum, Jakobi J. Jakobssyni og Kristjáni Fr. Guðmundssyni, Auðarstr. 7, Rvík, minn hluta í Sportvörugerðinni,

- 233 hér í bænum, og eru mér því frá og með þessum degi að telja skuldbindingar firmans óviðkomandi.

Reykjavík, 8. sept. 1941.  
Helgi Guðlaugsson,  
Laugav. 55.

Samkvæmt ofanrituðu höfum við Kristján Fr. Guðmundsson og Jakob J. Jakobsson, keypt hluta Helga Guðlaugssonar í Sportvörugerðinni, og frá sama degi hefur hr. Sigurjón Narfason, Bergþórugötu 29, Rvík, gerzt meðeigandi í firmanu og rekur við firmað framvegis með ótakmarkaðri ábyrgð. Prókúruhafi er Sigurjón Narfason, Bergþórug. 29, og ritar hann firmað þannig:

pr. pr. Sportvörugerðin  
Sigurjón Narfason.

Reykjavík, 8. sept. 1941.

Jakob J. Jakobsson. Kristján Fr. Guðmundsson. Sigurjón Narfason.

96. Við undirritaðir rekur umboðs- og heildverzlun hér í bæ, með ótakmarkaðri ábyrgð, undir nafninu Geir Jónsson & S. Júlíusson. Hvor fyrir sig ritar firmað þannig:

Geir Jónsson & S. Júlíusson

Geir G. Jónsson.

Geir Jónsson & S. Júlíusson

Sverrir Júlíusson.

Reykjavík, 9. sept. 1941.

Geir G. Jónsson,  
Ljósvallagötu 26, Rvík.

Sverrir Júlíusson,  
Keflavík, Gullbrs.

97. Á aðalfundi í hlutafélaginu „B. P.“ á Íslandi, sem haldinn var í dag, voru kosnir í stjórn félagsins til næsta aðalfundar þessir menn:

Héðinn Valdimarsson, framkvæmdarstjóri, Reykjavík.

Pétur Magnússon, hæstaréttarmálaflutningsmaður, Reykjavík.

Gunnar Guðjónsson, skipamiðlari, Reykjavík.

Stjórnin hefur skipt með sér verkum þannig, að Héðinn Valdimarsson er formaður stjórnarinnar, Pétur Magnússon, varaformaður og Gunnar Guðjónsson ritari.

Reykjavík, 10. sept. 1941.

„B. P.“ á Íslandi h/1

Héðinn Valdimarsson.

Pétur Magnússon.

G. Guðjónsson.

98. Ég undirritað rek frá og með 10. sept. 1941 brauða- og kökugerð hér í bænum, með ótakmarkaðri ábyrgð, undir nafninu „Sveinabakariid“. Firmað rita ég þannig:

Sveinabakariid

Ólöf Markúsdóttir.

Reykjavík, 10. sept. 1941.

Ólöf Markúsdóttir,

Vesturgötu 14, Rvík.

99. Við undirritaðir, Þorkell Ingibergsson, Bragagötu 25, Rvík, og Ingibergur Þorkelsson, Bjarkargötu 10, Rvík, rekur verzlunar- og byggingarstarfsemi í Reykja-

vík, með ótakmarkaðri ábyrgð, undir nafninu „Verzlunar- og Byggingafélagið 233 Borgin“. Við höfum báðir jafnan rétt til að rita firmað, og ritum það þannig:

Verzlunar- og Byggingarfélagið Borgin

Porkell Ingibergsson.

Verzlunar- og Byggingarfélagið Borgin

Ingibergur Þorkelsson.

Reykjavík, 10. sept. 1941.

Porkell Ingibergsson. Ingibergur Þorkelsson.

100. Við undirritaðir, Jón Guðmann Jónsson, Laugarnesveg 81, Karl Jónsson, Flóka-götu 13 og Þórður Jónsson, Grettisg. 55 C, rekum í félagi bifreiðaviðgerðaverk-stæði í Reykjavík, með ótakmarkaðri ábyrgð, undir firmanafninu: Bifreiða-verkstæði Jóns G. Jónssonar & Co. Firmað rita tveir af okkur sameiginlega þannig:

Bifreiðaverkstæði Jóns G. Jónssonar & Co.

Jón G. Jónsson. Karl Jónsson.

Bifreiðaverkstæði Jóns G. Jónssonar & Co.

Jón G. Jónsson. Þórður Jónsson.

Bifreiðaverkstæði Jóns G. Jónssonar & Co.

Þórður Jónsson. Karl Jónsson.

Prókúruumboð hefur Þórður Jónsson, Grettisgötu 55 C, og ritar hann firm-að þannig:

pr. pr. Bifreiðaverkstæði Jóns G. Jónssonar & Co.

Þórður Jónsson.

Reykjavík, 10. sept. 1941.

Jón G. Jónsson. Karl Jónsson. Þórður Jónsson.

101. Ég undirritaður rek sítunarverksmiðju hér í bænum, með ótakmarkaðri ábyrgð, undir nafninu „Sítun Jóns J. Brynjólfssonar“. Firmað rita ég þannig:

Sítun Jóns J. Brynjólfsson

Jón J. Brynjólfsson

Reykjavík, 11. sept. 1941.

Jón J. Brynjólfsson,

Hverfisgötu 28, Rvík.

102. Á hluthafafundi í h.f. Hector, hinn 29. ágúst 1941, var samþykkt að auka hluta-fé félagsins um kr. 15000.00 eða upp í kr. 30000.00 — þrjátíu þúsund krónur. Hlutfjár aukningin er öll innborguð.

Reykjavík, 16. sept. 1941.

P. Þ. J. Gunnarsson. Kristján Guðlaugsson. S. Árnason.

103. Ég undirritaður hef í dag selt firma mitt „Pensillinn“, Gunnsteini Jóhannssyni, Sólvallagötu 34, Rvík, og Hafliða Jóhannssyni, Freyjugötu 45, Rvík, og ber ég enga ábyrgð á skuldbindingum firmans frá deginum í dag að telja.

Reykjavík, 16. sept. 1941.

August Hákansson,

Laufásvegi 19, Rvík.

Samkvæmt ofanrituðu höfum við undirritaðir í dag keypt firmað „Pensil-  
inn“ og rekum við það framvegis sem smásöluverzlun með málningarvörur,



233

veggfóður og aðrar skyldar vörur. Verzlunina rekum við með ótakmarkaðri ábyrgð frá deginum í dag að telja, en skuldbindingar firmans fyrir þann tíma eru okkur óviðkomandi.

Firmað ritar meðundirritaður, Gunnsteinn Jóhannsson, einn þannig:

„Pensillinn“

Gunnsteinn Jóhannsson.

Reykjavík, 16. sept. 1941.

Gunnsteinn Jóhannsson,

Sólvallagötu 34.

Hafliði Jóhannsson,

Freyjug. 45.

104. Við undirritaðir, Agnar Breiðfjörð, Hringbraut 161, og Guðmundur Jónsson, Hafnarstr. 11, höfum þann 31. desember 1940 eftirlátið herra Stefáni Runólfssyni, Gunnarsbraut 34, framleiðsluréttinn fyrir Ísland á Rafbylgjuofninum, ásamt firmaheitinu, og er okkur frá sama tíma óviðkomandi allar skuldbindingar firmans.

Reykjavík, 20. sept. 1941.

Agnar Breiðfjörð. Guðm. Jónsson.

Samkvæmt ofanrituðu hef ég einn framleiðsluréttinn fyrir Ísland á Rafbylgjuofninum, og rek fyrirtækið framvegis með ótakmarkaðri ábyrgð. Firmað rita ég þannig:

Rafbylgjuofninn

Stefán Runólfsson.

Reykjavík, 20. sept. 1941.

Stefán Runólfsson.

105. Ég undirritaður, Kristján Erlendsson, Skólavörðustíg 10, Rvík, rek einn, með ótakmarkaðri ábyrgð, trésmiðju og leikfangagerð hér í bænum með firmanafninu „Trésmiðjan og leikfangagerðin Eik“. Firmað rita ég þannig:

„Trésmiðjan & leikfangagerðin Eik“

Kristján Erlendsson.

Reykjavík, 22. sept. 1941.

Kristján Erlendsson.

106. Á fundi í „Hattabúðinni h.f.“, þ. 25. sept. 1941, gengu úr stjórninni Ingibjörg Guðjónsdóttir, Dagný Einarsson og varastjórnandinn Ragnheiður Jóhannsdóttir. Í stað þeirra voru kosnir:

Bjarni Andrésson, Vesturgötu 12, Rvík, Jason Sigurðsson, Framnesv. 15, Rvík, og Ellen Daniélsdóttir, Ránarg. 35, Rvík, sem varastjórnandi. Endurkosinn var formaður félagsins, Dagbjartur Sigurðsson, Vesturg. 12, Rvík.

Reykjavík, 25. sept. 1941.

Bjarni Andrésson. Dagbjartur Sigurðsson. Jason Sigurðsson.

Ellen Daniélsdóttir.

107. Ég undirrituð er nú einkaeigandi, með ótakmarkaðri ábyrgð, að Verzluninni „Alfa“, hér í bænum. Firmað rita ég þannig:

Verzlunin Alfa

Guðný Vilhjálmisdóttir.

Prókúruumboð fyrir verzlunina hefur Ingi Árdal, Lokastíg 7, hér í bæn- 233  
um, og ritar hann firmað þannig:

pr. pr. Verzlunin Alfa  
Ingi Árdal.  
Reykjavík, 27. sept. 1941.  
Guðný Vilhjálmsdóttir,  
Lokastíg 7.

108. Við undirritaðir, Holger Peter Gíslason, rifvirkjameistari, Bræðraborgarstíg 36, og Gísli Jóhann Sigurðsson, rafvirkjasveinn, Bræðraborgarstíg 38, Rvík, tilkynnum hér með til firmaskrár Reykjavíkur, að við rekum í félagi, með ótakmarkaðri ábyrgð, undir firmanafninu „Rafall“, alls konar rafvirkjun, höfum opna vinnustofu, tökum að okkur rafinnlagningar og innum af hendi öll störf er snerta iðn þessa og seljum í sambandi við það raftæki, raftækjahluta og annað tilheyrandi rafvirkjun.

Hvor um sig hefur rétt til að rita firmað og rita það þannig:

Rafall  
Holger P. Gíslason.  
Rafall  
Gísli Jóh. Sigurðsson.  
Reykjavík, 27. sept. 1941.  
Holger P. Gíslason. Gísli Jóh. Sigurðsson.

109. Vér höfum þann 25. sept. 1941 selt Kaupfélagi Reykjavíkur og nágrennis, verzlun vora, Kjötbúðin Herðubreið, og þar með talið firmanafnið.

Er því rekstur hennar allur frá 8. ágúst s.l., og skuldbindingar eftir þann tíma, oss óviðkomandi.

pt. Reykjavík, 25. sept. 1941.  
p. p. Kaupfélag Borgfirðinga.  
P. Pálmason.

Samkvæmt ofanrituðu höfum vér keypt Kjötbúðina Herðubreið af Kaupfélagi Borgfirðinga, Borgarnesi, og rekum hana framvegis undir nafninu Skipaverzlunin Herðubreið, en sem útibú frá oss. Firma útibúsins rita tveir úr framkvæmdastjórn, eða fimm úr félagsstjórn. Prókúruumboð fyrir útibúið hefur Alfons Pálmason, Lauganesvegi 36, og ritar hann firmað þannig:

pr. pr. Kron, Skipaverzlunin Herðubreið  
Á. A. Pálmason.  
Kaupfélag Reykjavíkur og nágrennis.  
Jens Figved. Árni Benediktsson. Vilm. Jónsson.

110. Ég undirritaður rek smásöluverzlun hér í bænum, með ótakmarkaðri ábyrgð, undir nafninu Perlubúðin. Firmað rita ég þannig:

Perlubúðin  
Hörður Gunnarsson.  
Reykjavík, 29. sept. 1941.  
Hörður Gunnarsson,  
Bergstaðastr. 42, Reykjavík.

- 233 111. Hér með gefum vér undirritaðir hr. Sigurjóni Péturssyni, Víðimel 47, Reykjavík, prókúruumboð fyrir Hraðfrystistöðina í Reykjavík h/f, og hefur hann öll réttindi prókúruhafa samkvæmt lögum nr. 42 13. nóv. 1903.

Sigurjón Pétursson ritar firmað þannig:

pr. pr. Hraðfrystistöðin í Reykjavík h/f

Sigurj. Pétursson.

Vestmannaeyjum, 29. sept. 1941.

Hraðfrystistöðin í Reykjavík h/f

Einar Sigurðsson. Jónas Jónsson. Agúst V. Matthíasson.

112. Hér með tilkynnist til firmaskrár Hafnarfjarðar, að undirrituð stjórn h/f Sviða hefur veitt fyrrv. fiskifélagsforseta, Kristjáni Bergssyni, prókúruumboð fyrir félagið, og ritar hann firmað þannig:

pr. pr. h/f Sviði

Kr. Bergsson.

Reykjavík, 29. sept. 1941.

Garðar Þorsteinsson. Sveinn Jónsson. Kr. Bergsson.

Ingvar Vilhjálmsson. Hafliði Halldórsson.

113. Ég undirritaður rek smásöluverzlun hér í bænum, með ótakmarkaðri ábyrgð, undir nafninu „Bláa Búðin“.

Firmað rita ég þannig:

„Bláa Búðin“.

Mekkinó Björnsson.

Reykjavík, 30. sept. 1941.

Mekkinó Björnsson,

Eiríksgötu 17, Reykjavík.

114. Vér undirritaðir höfum ráðið Hans Adolf Hjartarson, bókara, Laufásv. 19, Rvík, sem fulltrúa vörn með prókúruumboði. Hefur hann öll réttindi prókúruhafa samkvæmt lögum nr. 42 13. nóv. 1903. Firmað ritar hann þannig:

pr. pr. Klæðaverzlun Andrésar Andréssonar h.f.

Hans A. Hjartarson.

Reykjavík, 1. okt. 1941.

Klæðaverzlun Andrésar Andréssonar h.f.

Andrés Andrésson. Þórarinn Andrésson.

115. Ég undirritaður rek, með ótakmarkaðri ábyrgð, smásöluverzlun hér í bænum, með leirvörur og aðrar skyldar vörur, undir nafninu: Leðurverzlun Magnúsar Víglundssonar.

Firmað rita ég þannig:

Leðurverzlun Magnúsar Víglundssonar

M. Víglundsson.

Reykjavík, 14. okt. 1941.

Magnús Víglundsson,

Suðurgötu 8 B, Reykjavík.

116. Ég undirritaður rek smásöluverzlun hér í bænum, með ótakmarkaðri ábyrgð, 233 undir nafninu „Electron“. Firmað rita ég þannig:  
Electron  
Ó. H. Matthíasson.  
Reykjavík, 14. okt. 1941.  
Ólafur Haukur Matthíasson,  
Njálsgötu 92, Reykjavík.
117. Við undirritaðir rekum umboðs- og heildverzlun hér í bænum, með ótakmarkaðri ábyrgð, undir nafninu: Ewald Berndsen & Co. Firmað ritum við sameiginlega, þannig:  
Ewald Berndsen & Co.  
Ewald Berndsen. Magnús Helgason.  
Prókúruumboð hefur Ewald Berndsen og ritar hann firmað þannig:  
p. p. Ewald Berndsen & Co.  
Ewald Berndsen.  
Reykjavík, 21. okt. 1941.  
Ewald Berndsen. Magnús Helgason.
118. Ég undirrituð rek saumastofu hér í bænum, með ótakmarkaðri ábyrgð, undir nafninu Saumastofan „Delta“.  
Firmað rita ég þannig:  
Saumastofan Delta  
Sigríður Gottskálksdóttir.  
Reykjavík, 10. okt. 1941.  
Sigríður Gottskálksdóttir,  
Tjarnargötu 30, Reykjavík.
119. Ég undirritaður rek gólfreglagerð, og annan vefnað, og verzlun með þessa framleiðslu, hér í bænum, undir nafninu „Gólfreglagerðin“. Fyrirtækið rek ég með ótakmarkaðri ábyrgð, og rita ég firmað þannig:  
Gólfreglagerðin  
Gunnar Gunnarsson.  
Reykjavík, 17. okt. 1941.  
Gunnar Gunnarsson,  
Hávallagötu 25, Reykjavík.
120. Við undirritaðar rekum hárgreiðslustofu hér í bænum, með ótakmarkaðri ábyrgð, undir nafninu: Hárgreiðslustofan „Vogue“. Hvor okkar fyrir sig hefur rétt til að rita firmað, og ritum við það þannig:  
Hárgreiðslustofan Vogue  
Þrúður Gunnarsdóttir.  
Hárgreiðslustofan Vogue  
Torfhildur Baldvinsdóttir.  
Reykjavík, 17. okt. 1941.  
Þrúður Gunnarsdóttir,  
Hverfisgötu 39, Rvík.  
Torfhildur Baldvinsdóttir,  
Skólavörðustíg 5, Rvík.

- 233 121. Hér með tilkynnist, að ráðuneytið hefur frá og með 18 þ. m. veitt Ara Guðmundssyni, skrifstofustjóra, Laugavegi 13, Reykjavík, prókúruumboð fyrir tóbakseinkasölu ríkisins.

Undirskrift hans er sem hér segir:

pr. pr. Tóbakseinkasala ríkisins  
A. Guðmundsson.  
Fjármálaráðuneytið, 20. okt. 1941.  
F. h. r.  
Magnús Gíslason.

Einar Bjarnason.

122. Á aðalfundi Mjólkurfélags Reykjavíkur, er haldinn var 4. marz 1940, voru kosnir í stjórn félagsins til þriggja ára, þeir Gestur Andrésson, Hálsi og Stefán Jónsson, Eyvindarstöðum, í stað Þ. Magnúsar Þorlákssonar og Björns Birnir, er áttu að ganga úr stjórninni. Enn fremur var Jónas Magnússon, Stardal, kosinn í stjórn félagsins til 2-ja ára, í stað Kolbeins Högnasonar, er hafði gengið úr stjórninni. Varastjórnendur voru kosnir séra Eiríkur Brynjólfsson, Útskálum, og Björn Birnir, Grafarholti.

Stjórn félagsins er nú skipuð þannig: Formaður: Björn Ólaf, Mýrarhúsum. Meðstjórnendur: Ólafur Bjarnason, Brautarholti, Gestur Andrésson, Hálsi, Stefán Jónsson, Eyvindarstöðum, og Jónas Magnússon, Stardal. Varastjórnendur séra Eiríkur Brynjólfsson, Útskálum, og Björn Birnir, Grafarholti.

Reykjavík, 22. okt. 1941.

Björn Ólaf. Stefán Jónsson. Jónas Magnússon. Ólafur Bjarnason.  
Gestur Andrésson.

Það tilkynnist enn fremur, að aðalfundur Mjólkurfélags Reykjavíkur, er haldinn var 14. júní 1940, hefur samþykkt að breyta lögum félagsins þannig, að felld yrði niður hin ótakmarkaða ábyrgð félagsmanna á skuldum félagsins og skuldbindingum. Samkvæmt lagabreytingu þeirri, er samþykkt var, ber hver félagsmaður ábyrgð á öllum skuldum og skuldbindingum félagsins með allt að 300 krónum, auk stofnsjóðsinnstæðu.

Reykjavík, 22. okt. 1941.

